




Skýrsla forseta

um störf Alþýðusambands Íslands 2012

40. þing ASÍ • 17.-19. október 2012





SKÝRSLA FORSETA
um störf
Alþýðusambands Íslands
árið 2012

Skýrsla forseta ASÍ 2012

Skýrsla forseta um störf ASÍ er unnin af starfsfólki á skrifstofu ASÍ, á ábyrgð deildarstjóra. Nokkrir kaflar eru teknir saman með aðstoð samstarfsfólks úr verkalyðshreyfingunni, starfsfólki Mímis-símenntunar, Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Listasafns ASÍ.

Ritstjóri: *Snorri Már Skúlason*

Ábyrgðarmaður: *Gylfi Arnbjörnsson*

Útlitshönnun og prentvinnsla: *Ísafoldarprentsmiðja*

Myndir: *Lárus Karl og starfsfólk ASÍ*

Kápuhönnun: *Ennemm*

Skýrslan er lögð fyrir 40. þing ASÍ

17.- 19. október 2012.

Reykjavík, október 2012 - Ísafoldarprentsmiðja

Efnisyfirlit

| | |
|--|------------|
| Inngangur | 7 |
| Formannafundur ASÍ 2011 | 10 |
| Setning fundarins | 10 |
| Ávarp forseta | 10 |
| Ávarp forsætisráðherra | 18 |
| Horfur í efnahagsmálum | 24 |
| Tækifæri og ógnanir atvinnulífsins | 26 |
| Umræður um drög að ályktun um atvinnumál | 31 |
| Úrræði og atvinna | 34 |
| Umræður um drög að ályktun um stöðu og réttindi atvinnuleitenda | 37 |
| Afgreiðsla ályktanna formannafundar ASÍ | 40 |
| Fundarslit | 44 |
| Fulltrúar á formannafundi ASÍ 2011 | 45 |
| Af vettvangi miðstjórnar ASÍ | 47 |
| Ályktanir miðstjórnar | 57 |
| Efnahagsmál | 61 |
| Hagur heimilanna vænkast | 62 |
| Viðsnúningur í fjárfestingum | 63 |
| Aðhald í fjármálum ríkis og sveitarfélaga | 64 |
| Staða ríkissjóðs batnar | 64 |
| Halli sveitarfélaga minnkar | 65 |
| Viðskiptakjör rýrna | 65 |
| Dregur úr verðbólgu | 66 |
| Sveiflur á genginu | 67 |
| Stýrivextir hækka | 68 |
| Verðlagseftirlit ASÍ | 69 |
| Kjaramál | 71 |
| Endurskoðun kjarasamninga | 71 |
| Eftirfylgni kjarasamninga 2011 | 95 |
| Atvinnumál | 98 |
| Atvinnuleysi | 98 |
| Virkar vinnumarkaðsaðgerðir | 101 |
| Atvinnumál og ASÍ | 103 |
| Velferðarmál | 106 |
| Kaupmáttur | 106 |

| | |
|---|------------|
| Ráðstöfunartekjur | 107 |
| Velferðarkerfið | 110 |
| Húsnæðismál. | 112 |
| Fundarröð ASÍ um vexti og gjaldmiðilsmál. | 112 |
| Velferðarnefnd ASÍ | 114 |
| Lífeyrismál | 115 |
| Eftirfylgni kjarasamninga | 116 |
| Rannsóknarskýrsla um starfsemi lífeyrissjóðanna | 117 |
| Mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða. | 135 |
| Endurskoðun almannatrygginga | 136 |
| Ráðstefna um framtíð lífeyrismála á Íslandi. | 138 |
| Félags- og vinnumarkaðsmál. | 139 |
| Jafnréttismál | 140 |
| Staðall um jafnlaunakerfi | 141 |
| Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs | 142 |
| Fæðingar- og foreldraorlof | 144 |
| Mótun vinnumarkaðsstefnu. | 144 |
| Vinnuvernd | 145 |
| Framkvæmd atvinnuleysistrygginga, vinnumiðlunar og vinnumarkaðsaðgerða | 149 |
| Virkari aðkoma aðila vinnumarkaðarins að málefnum atvinnuleitenda | 156 |
| Starf | 157 |
| Vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit | 159 |
| Aðgerðir gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum viðskiptaháttum | 161 |
| Framkvæmd útboðsmála. | 165 |
| Iðnlöggjöfin og iðnréttindi | 169 |
| Framkvæmd EES-samningsins og Evrópusamvinnan | 171 |
| Breytingar á lögum um starfsmannaleigur | 172 |
| Innleiðing mismunatilskipana ESB. | 173 |
| Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. | 176 |
| Fræðslu- og menntamál | 179 |
| Félagsleg fræðsla. | 181 |
| Þjónusta fræðsludeildar og Félagsmálaskóla alþýðu | 181 |
| Genfarskólinn | 184 |
| Handbók trúnaðarmannsins. | 185 |
| Samþætting mennta- og atvinnustefnu | 186 |
| Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) | 188 |

| | |
|---|------------|
| Stjórn | 188 |
| Starfsmenn | 188 |
| Þjónustusamningur og starfsáætlun FA árið 2012 | 189 |
| Námskrár og námslýsingar | 189 |
| Fræðslusjóður | 191 |
| Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga | 192 |
| Öflun upplýsinga fyrir markhóp | 192 |
| Skilgreining á menntunarþörfum markhóps | 193 |
| Þróun aðferða í framhaldsfræðslu | 194 |
| Raunfærnimat | 196 |
| Náms- og starfsráðgjöf | 197 |
| Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðsluaðilum | 199 |
| Námsefnisgerð | 201 |
| Nýir hópar í framhaldsfræðslu | 202 |
| Fagråd verslunar- og þjónustugreina | 205 |
| Náms- og starfsráðgjöf | 209 |
| Raunfærnimat | 211 |
| Mímir-Símenntun | 214 |
| Nám fyrir atvinnulíf | 216 |
| Fjölmennning og frístundir | 218 |
| Stuðningur við einstaklinga sem hefja nám á ný | 222 |
| Þróunarverkefni | 223 |
| Erlent samstarf | 224 |
| Almennt um rekstur Mímis-símenntunar | 226 |
| Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar | 226 |
| Umsókn um aðild að Evrópusambandinu | 228 |
| Staðan í aðildarviðræðunum og afstaða ASÍ | 229 |
| Þróunarverkefni og tæknileg aðstoð | 231 |
| Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins og Íslands | 232 |
| Erlend samskipti | 233 |
| Norræna verkalýðssambandið – NFS | 233 |
| Samstarf norrænu alþýðusambandanna um samningamál | 234 |
| NFJS – Fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndunum | 235 |
| SAMAK | 235 |
| Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN) | 235 |
| Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC | 235 |
| Framkvæmdastjórn ETUC | 238 |
| NETLEX – Network of legal experts | 239 |

| | |
|---|------------|
| Fundur hagfræðinga hjá Alþýðusamböndum á Norðurlöndunum | 240 |
| Evrópusambandið | 240 |
| Vinnuvernd á Evrópuvísu | 241 |
| EFTA – EES | 242 |
| Alþjóðavinnuástandstofnunin – ILO | 243 |
| Forseti ASÍ ávarpar Aung San Suu Kyi | 249 |
| Lagabreytingar og skipulagsmál | 252 |
| Laganefnd | 252 |
| Skipulags- og starfsháttanefnd | 252 |
| Reglugerð fyrir Listasafn ASÍ | 257 |
| ASI-UNG | 261 |
| 2. þing ASI-UNG haldið 14. september 2012 | 263 |
| Fulltrúar á þingi ASI-UNG 2012 | 278 |
| Starfssemi og skipulag á skrifstofu ASÍ | 279 |
| VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður | 281 |
| Starfsmenn og ráðgjafar VIRK | 282 |
| Samstarfsaðilar | 282 |
| Fjöldi einstaklinga sem þiggja þjónustu | 284 |
| Framfærsla og aðstæður einstaklinga | 285 |
| Hvert fara einstaklingarnir? | 289 |
| Gæði og árangur | 290 |
| Þróun atvinnutengdraúræða | 292 |
| Til framtíðar | 293 |
| Umsagnir um þingmál | 295 |
| Fulltrúar ASÍ í nefndum, ráðum og á fundum | 318 |
| Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið | 318 |
| Fjármála- og efnahagsráðuneytið | 319 |
| Forsætisráðuneytið | 319 |
| Hagstofan | 320 |
| Mennta- og menningarmálaráðuneytið | 320 |
| Umhverfis- og auðlindaráðuneytið | 323 |
| Utánríkisráðuneytið | 323 |
| Velferðarráðuneytið | 325 |
| Fastanefndir miðstjórnar ASÍ – málefnanefndir | 333 |
| Listasafn ASÍ | 336 |
| Fundir og fundarsókn miðstjórnarmanna | 342 |
| Stjórnir landssambanda, aðildarfélaganna og deilda | 344 |
| Kynjabókhald 2012 | 362 |
| Reikningar ASÍ og stofnana | 372 |

Inngangur

Skýrsla forseta um störf ASÍ árið 2012 er hugsuð til afnota inni í verkalýðshreyfingunni sjálfri, fyrir félögin, forystumennina og starfsfólkið á skrifstofum verkalýðsfélaganna. Hún er uppflettirit þar sem finna má á einum stað allt það helsta sem fram hefur farið á vettvangi Alþýðusambandsins frá formannafundi sem haldinn var í október 2011 til september 2012. Skýrslan verður þannig mikilvæg heimild í framtíðinni.



Mikið álag hefur verið á skrifstofu sambandsins, m.a. vegna mannaskipta og leyfa, og eiga starfsmenn okkar mikinn heiður skilið fyrir það gríðarlega mikla og mikilvæga starf sem innt hefur verið af hendi. Hreyfingin getur verið stolt af þessum starfsmönnum sínum sem ávallt hafa verið reiðubúnir til að setja mikilvægi verkefnanna og lausn þeirra í forgang.

Eftirfylgni með kjarasamningunum, sem gerðir voru 5. maí 2011, hefur einkennt starf Alþýðusambandsins undanfarið ár. Framhald varð á samstarfi ASÍ, SA og Ríkisskattstjóra í baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi og öðrum skattsvikum. Verkefnið hófst í júní 2011 og var fram haldið árið 2012. Skýrsla um verkefnið, sem birt var í maí 2012, sýndi að verulega hafði dregið úr svartri atvinnustarfsemi á því ári sem verkefnið hefur staðið.

„Nám er vinnandi vegur“ er dæmi um annað átaksverkefni sem var afrakstur kjarasamninganna. Með því var tryggt að yfir þúsund atvinnuleitendur gátu hafið nám í skólum landsins veturinn 2011–12 og að framhaldsskólanemum var fjölgað um rúmlega 1.500 á milli ára. Átakið gekk vonum framar og var brottfall atvinnuleitenda úr námi vart mælanlegt. Vinnnumarkaðsverkefnið „Vinnandi vegur“ hófst á umfangsmikilli starfakynningu í Laugardalshöll 8. mars 2012 en talið er að átakið hafi skapað um eitt þúsund ný störf.

Alþýðusambandið hefur lagt mikla áherslu á aukna þjónustu við atvinnuleitendur og eflingu virkra vinnnumarkaðsaðgerða. Í tengslum við kjarasamningana í maí 2011 náðist samkomulag við stjórnvöld um að ASÍ og SA gætu sett af stað tilraunaverkefni í þjónustu við atvinnuleitendur þar sem stéttarfélögin verði þungamiðja ráðgjafar og vinnumiðlunar við félagsmenn sína. Var gengið frá sérstökum samningi um þetta í febrúar 2011 þar sem þessir aðilar taka við 25% af þeim sem eru í atvinnuleit. Stóð til að hrinda verkefninu í framkvæmd 1. maí en það dróst fram til 1. ágúst. Til að halda utan um verkefnið var Starf – vinnumiðlun og ráðgjöf ehf. sett á laggirnar og ber það félag ábyrgð á að skipuleggja verkefnið og samræma þjónustutilboð. Samhliða voru ráðnir ráðgjafar og vinnumiðlarar til félaganna á Austurlandi,

hjá VR og FIT/BYGGIÐN í höfuðborginni og félögum á Suðurnesjum að undanskildum verslunarmönnum. Var það mjög miður að stjórnvöld skyldu setja það sem skilyrði að félagsmenn Verslunarmannafélags Suðurnesja yrðu ekki aðilar að þessu tilraunaverkefni, einkum þar sem margra ára hefð er fyrir mjög nánu samstarfi félaganna á Suðurnesjum í ýmsum vinnumarkaðsmálum.

Alþýðusambandið hélt tvo opna fundi um krónuna og húsnæðisvexti í desember sem þóttu vel heppnaðir. Fyrri fundurinn bar yfirskriftina „Hvað kostar krónan heimilin í landinu?“ og hinn seinni „Eru háir vextir og verðtrygging náttúruleg mál á Íslandi?“ Forseti ASÍ og Ólafur Darri Andrason hagfræðingur voru framsögumenn á báðum fundunum. Framhald var á opnum fundum ASÍ í janúar en þá voru haldnir tveir morgunverðarfundir með gestafyrirlesurum og var efnið í anda fyrri fundanna. Sá fyrri bar yfirskriftina „Íslenska krónan – bölvun eða blessun?“ og hinn síðari „Hvað getum við lært af Dönum? Hvernig má lækka húsnæðisvexti heimilanna?“ Á þeim fundi talaði m.a. danskur sérfræðingur í húsnæðislandnum en íslenskir hagfræðingar á hinum fyrri. Eru þessi erindi og þau gögn, sem stuðst var við, aðgengileg á heimasíðu ASÍ.

Í vor lauk formlegri vinnu við setningu jafnlaunastaðals sem kynntur var sameiginlega af ASÍ, SA og stjórnvöldum í lok júní. Staðallinn er algjörlega ný nálgun í jafnlaunabaráttunni, þar sem fyrirtæki, sem nýta sér staðalinn, fá í hendurnar verkfæri sem auðveldar þeim að koma í veg fyrir að konum sé mismunað í launum eftir kyni. Vinna við setningu þessa jafnlaunastaðals byggir á bókun í kjarasamningi ASÍ og SA frá febrúar 2008. Fljótlega tókst ágætt samstarf við velferðarráðherra (áður félagsmálaráðherra) um þessa vinnu sem leidd hefur verið af Staðlaráði en fjármagnuð af þessum aðilum. Staðallinn er nú í umsagnarferli og verður vonandi gefinn út í haust.

Samskiptin við stjórnvöld hafa verið stíð og kom til mikilla deilna í lok ársins 2011 þegar ríkisstjórnin kynnti áform sín um sérstaka skattlagningu á samtryggingarsjóðina og verulega skerðingu hækkana á grunnfjárhæðum almannatrygginga og grunnbóta atvinnuleysistrygginga. Ljóst var að með þessum aðgerðum stjórnvalda brustu forsendur kjarasamninga í janúar en þær forsendur, sem voru milli samningsaðilanna beint, höfðu staðist. Ljóst var að gríðarleg óánægja var meðal stjórna aðildarfélaganna með svik ríkisstjórnarinnar. Engu að síður var mikill stuðningur við þá niðurstöðu samninganefndar ASÍ að framlengja kjarasamninga þrátt fyrir þessar vanefndir ríkisstjórnarinnar þótt ýmsir teldu að segja ætti upp kjarasamningum vegna þeirra. Ákveðið var að safna saman öllum ályktunum aðildarsamtaka ASÍ um vanefndir stjórnvalda og senda til þingmanna og ráðherra undir yfirskriftinni „Pacta sunt servanda“ (Samningar skulu standa).

Við frágang endurskoðunar kjarasamninga sendu oddvitar ríkisstjórnarinnar forseta ASÍ og framkvæmdastjóra SA bréf þar sem fram kom að leitað

yrði leiða til þess að fella úr gildi lögin um skattlagningu á lífeyrissjóðina. Samkomulag var síðan gert við lífeyrissjóðina um þátttöku þeirra í gjald-eyrisútboðum Seðlabanka Íslands á þessu ári og í framhaldi af þeim yrðu lögin felld úr gildi í haust. Ekki er útséð um hvort eða hvernig verði að þessu staðið en Alþýðusambandið hefur óskað eftir lögfræðilegu áliti sérfræðinga í mannréttindamálum um hvort umrædd lög brjóti í bága við stjórnarskrá landsins, einkum jafnræðisregluna, þar sem skatturinn leggst einhliða á launafólk á almennum vinnumarkaði þar sem ríkissjóður ábyrgist réttindi opinberra starfsmanna.

Forseti ASÍ fór um landið í ágúst og september og heimsótti stjórnir aðildarfélaganna til að ræða helstu verkefni og áherslur hreyfingarinnar á komandi vetri. Einkum var fjallað um stöðu efnahags- og atvinnumála og undirbúning að endurskoðun kjarasamninga. Líklegt má telja að verulega reyni á forsendur gildandi kjarasamninga – einkum er varðar verðlag, gengi og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við gerð kjarasamninganna 5. maí 2011 – og því mikilvægt að stjórnir og trúnaðarráð aðildarfélaganna ræði það ítarlega á vinnustöðum og á félagsfundum hvernig hreyfingin eigi að bregðast við þessari stöðu. Veik staða gjaldmiðils okkar og í kjölfar hennar mikil verðbólga er enn og aftur orðin örlagavaldur um afkomu okkar fólks. Þrátt fyrir að lögð hafi verið áhersla á það við gerð núgildandi kjarasamninga að náð yrði tókum á stöðu stöðu krónunnar hefur það ekki tekist og ekki sýnilegt að stjórnmalaflokkarnir, hvorki í ríkisstjórn né stjórnarandstöðu, telji það yfirhöfuð mikilvægt. Gera má ráð fyrir því að kosningar til Alþingis í apríl muni blandast inn í þessa umræðu og ljóst má vera að mikið framboð verður á skyndilausnum af hálfu stjórnmalamannanna – þó vera kunni að það skorti á raunhæfni þeirra. Okkar hlutverk hlýtur að vera að meta þessa kosti og tilboð á grundvelli hagsmuna launafólks og því tel ég afar mikilvægt að eiga samræðu við félagsmenn okkar um hver vilji þeirra sé.



Formannafundur ASÍ 2011

Setning fundarins

Formannafundur Alþýðusambands Íslands 2011 var haldinn í Rafiðnaðarskólanum, Stórhöfða 27, 26. október.

Fundurinn hófst kl. 09:30.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, setti fundinn með eftirfarandi ávarpi:

Ávarp forseta

„Forsætisráðherra, ágætu félagar.

Nú eru liðin þrjú ár frá einhverju mesta efnahagshruni sem þessi þjóð hefur mátt upplifa. Allt of margir félagar okkar hafa staðið frammi fyrir miklum vanda vegna atvinnu- og tekjumissis, rýrnandi kaupmáttar og gríðarlegrar skulda- og vaxtabyrði. Eins og fram kemur í nýrri hagspá Hagdeildar ASÍ má gera ráð fyrir að verstu afleiðingar hrunsins séu að baki og framundan sé hægur bati í efnahagslífinu. Það er hins vegar mikið áhyggjuefni hversu veikur þessi efnahagsbati er þannig að við blasir algjör dóði í hagkerfinu. Verði þessi spá að veruleika mun okkur hvorki takast að endurheimta fyrri lífskjör né að vinna bug á atvinnuleysinu á komandi árum.

Þau verkefni sem við settum okkur í þessum hrunadansi voru annars vegar að treysta stöðu þeirra tekjulægstu og verja hag heimilanna og hins vegar að leggja grunn að endurreisn líf skjara okkar með uppbyggingu atvinnulífsins til að skapa fleiri störf og auka tekjur. Þessi vegferð hefur ekki verið auðveld og við höfum mátt sitja undir hardri gagnrýni um ýmis þau mál sem við höfum staðið fyrir. Ég nefni þetta ekki vegna þess að ég vilji ekki fá gagnrýni; þvert á móti eigum við að fagna því að fá uppbyggilega og nauðsynlega gagnrýni á störf okkar bæði innan úr hreyfingunni og frá samfélaginu öllu. Við eigum hins vegar ekki að láta óbilgjarna spunataktík og útúrsnúninga hrekja okkur af leið. Við megum ekki láta slíkan málflutning aftra okkur frá því að krefjast þátttöku í mótun lausna, vera tilbúin til að axla ábyrgð á og taka þátt í samstarfi ef það má vera til þess að hafa jákvæð áhrif á hag og stöðu okkar félagsmanna.

Ég vil einnig leyfa mér að líta yfir þessi þrjú ár og haka við ýmislegt af því sem hefur verið áorkað. Okkur tókst að verja kaupmátt þeirra tekjulægstu í hruninu og með kjarasamningunum núna í vor höfum við þá vegferð að byggja upp kaupmátt hins almenna launamanns. Okkur hefur tekist að ná í gegn mikilvægum réttarbótum fyrir þá einstaklinga og fjölskyldur sem eru í miklum greiðsluferðileikum, bæði hvað varðar að verja þau fyrir ágangi og græðgi rúkkaranna og fá í gegn skýr lagaákvæði sem gera almenningi kleift að fá liðsinni dómstóla til að afskrifa endanlega ógreiðanlegar skuldir. Okkur tókst í samstarfi við ríkisstjórnina að verja viðkvæmstu hluta okkar heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfis, þótt óhjákvæmilegur niðurskurður hafi komið við okkur öll. Öfugt við félag okkar í nálægum löndum þá tókst okkur að lengja bótaréttinn í atvinnuleysistryggingum tímabundið í fjögur ár á meðan hann hefur verið stytur annars staðar.

En góðir félagar.

Það sem ekki hefur tekist á þessari vegferð er að koma gangverki atvinnulífsins í gang, að skapa störf og auka tekjur okkar félagsmanna. Alþýðusambandið hefur verið og er þeirrar skoðunar að affarasælast sé að mynda breiða samstöðu á vinnumarkaði og á vettvangi stjórnmálanna til að leiða þjóðina í gegnum þetta óveður. Það er engin launung á því að mikillar tortryggni gætti meðal fulltrúa í samninganefndum aðildarsamtaka ASÍ í garð ríkisstjórnarinnar eftir þær deilur sem urðu um framgöngu Stöðugleikasáttmálans frá júní 2009. ASÍ beitti sér fyrir því að fá fram skuldbindingar af hálfu ríkisstjórnarinnar; bæði um samstarf og samráð við stefnumótun í mikilvægum málaflökkum, og skýrar tímasetningar um hvenær stefnumótin lögju fyrir. Þannig átti að endurskoða efnahagsstefnuna þar sem áherslan í samstarfinu myndi færast yfir á önnur brýn úrlausnarefni. Þannig þarf að takast á við

mótun fjárfestingaráætlunar, sérstakrar hagvaxtaráætlunar og umfram allt stefnu stjórnvalda í vaxta-, gengis- og verðlagsmálum. Samkomulag var um að þetta ætti að liggja fyrir í lok maí og júní, áður en við tækjum endanlega afstöðu til gildistöku kjarasamninganna, en það hefur ekki ennþá séð dagsins ljós og lítið samráð hefur verið við okkur haft um innihaldið.

Upplegg ríkisstjórnarinnar í fjárlögnum olli vonbrigðum, forsendurnar veikar ef ekki beinlínis úreltar, og ekki stendur til að efna lofordin um hækkun bóta almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga. Ég ætla ekki hér að fara nánar út í fjárlögin, við munum setja fram rökstuddar athugasemdir við þau í nóvember, en leyfa mér að velta aðeins vöngum með ykkur yfir því hvernig þessi þjóð getur komist upp úr þeim hjólförum sem við höfum fest í. Að mínu mati erum við í kapphlaupi við tímann – við höfum klárlega fleiri tækifæri til hagvaxtar en margar aðrar þjóðir en gætum allt eins upplifað að þau sigli hjá ef við náum ekki breiðri samstöðu um leiðina fram á við.

Til að komast upp úr hjólförunum þurfum við í fyrsta lagi bæði djarfhug og breyttar forsendur til að lenda ekki í sömu pyttum og við erum að glíma við. Forystumenn þjóðarinnar, bæði á vettvangi stjórnmalanna, innan verkalýðshreyfingarinnar og meðal atvinnurekenda, gerðu sér grein fyrir því í upphafi síðustu aldar að til að auka lífskjör þessarar þjóðar urðum við að segja skilið við ofríki Dana og hasla okkur völl í alþjóðlegum viðskiptum og samskiptum á eigin forsendum. Það sama á við þegar við tókum ákvörðun um að segja skilið við áratuga ódaverðbólgu og víxlverkanir gengis og verðlags með gerð þjóðarsáttarsamninganna og gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu upp úr 1990. Í bæði þessi skipti leystum við úr læðingi mikla og varanlega lífskjarabyltingu.

Í öðru lagi þarf skýra framtíðarsýn um hvert við viljum fara og stefnufestu til þess að hrekjast ekki af leið. Þjóðin býr að fjölmörgum tækifærum og mannaudi en okkur skortir áráðni til að nýta þau.

Í þriðja lagi þarf að setja þarfir fólks og fyrirtækja í öndvegi, ekki pólitískar kreddur. Stóra spurningin, sem við stöndum frammi fyrir, er hvort við ætlum að falla til baka á tímabilið sem einkenndi þjóðfélagsþróunina á árunum fyrir 1990 með endurteknum átökum um meginmarkmið og með víxlverkunum gengis og verðlags eða rífa okkur upp úr hjólförunum og nýta þau tækifæri sem við búum að.

Ágætu félagar.

Hver eru viðfangsefnin og hvar eru tækifærin? Augljóslega er brýnasta úrlausnarefnið að auka hagvöxt og fjölga störfum. Samkomulagið frá því í vor var um mótn áætlunar til að auka fjárfestingar – sem eru í sögulegu lágmarki – sem leggja myndi grunn að meiri hagvexti og verðmætasköpun í framtíðinni. Bæði þarf að huga að bráðaaðgerðum til að skapa störf á borð

við fjárfestingar í samgöngumannvirkjum og viðhaldi og nýbyggingu fyrir hið opinbera, þar sem lífeyrissjóðirnir geta verið mikilvægir samstarfsaðilar um fjármögnun, og huga að langtímauppbyggingu og þróun. Það er mikill ábyrgðarhluti að einstaka ráðherrar slái einfaldlega samkomulag við okkur út af borðinu án þess að ríkisstjórnin bregðist við í heild sinni. Í nýrri hagspá Hagdeildarinnar kemur fram að litlar líkur eru á því að óbreyttu að markmiðið um umfang fjárfestinga náist á þessu samningstímabili. Þetta er mikið áhyggjuefni og það er mikilvægt að við sendum stjórnvöldum skýr skilaboð af þessum formannafundi um þessi atriði og hvað er í húfi.

Ég er staðfastlega þeirrar skoðunar að mestu tækifærin til hagvaxtar hér á landi liggja í að nýta þau tækifæri sem eru í okkar græna hagkerfi. Ísland gæti verið eitt af fyrstu löndunum sem byggja meirihluta efnahagsstarfseminnar á grænum gildum. Fyrir skemmstu kom niðurstaða af þverpólitískri vinnu flokkaanna um að auka vægi græna hagkerfisins og er það mikið fagnaðarefni. Það vakti engu að síður athygli mína að lítið var fjallað um eina af meginástæðum þess að þessi geiri hefur ekki tekið flugið hingað til og það er markaðsaðgangur fyrir okkar fullunnu grænu afurðir frá landbúnaði og sjávarútvegi. Þrátt fyrir að fullvinnsla hafi aukist töluvert í sjávarútvegi er allt of mikið um hráefnaútlutning og stór hluti af útlutningi á landbúnaðarafurðum er óunninn afurð. Fyrir utan þá kvóta, sem við fengum með EES-samningnum, er útlutningur þessara afurða annaðhvort bannaður með öllu eða tollaður sérstaklega. Þess vegna reka íslensku útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækin eigin starfsemi innan ESB til að forðast tollana en eftir sitjum við án þeirra tækifæra sem við ella hefðum. Þess vegna fara lömbin að mestu óunninn úr landi.

Við þessu eigum við að bregðast því við eigum ekki að láta bjóða okkur að stærstu atvinnugreinar verkafólks segi pass við þeim áskorunum sem þjóðin stendur frammi fyrir. Það gengur ekki að við látum þessi tækifæri sigla hjá án þess að það skili sér í fjölgun starfa og aukinni verðmætasköpun.

Við höfum einnig mikil tækifæri í endurnýjanlegri orku og verðum að sýna meiri áráðni í að nýta þau. Í samningunum í vor lögðum við mikla áherslu á að lögin um verndun og nýtingu jarðvarma og fallvatna yrðu afgreidd á vorþingi og sem betur fer var breið samstaða á Alþingi um þetta frumvarp – það auðveldar næsta leik sem er afgreiðsla rammaáætlunar um nýtinguna. Ef Alþingi tekst að mynda breiða samstöðu um rammaáætlunina ættu okkur að vera allir vegir færir að sækja fram á þessu sviði af meiri þrótti og þunga með áherslu á nýjar greinar eins og kísiljárn, sólarsellur, koltrefjar, gagnaver o.fl. Hér verða stjórnvöld hins vegar að leggja meiri þunga á vogarskálarnar. Heimurinn er enn einu sinni að glíma við erfiðleika á fjármálamörkuðum og erfitt er fyrir öll fyrirtæki að fjármagna verkefni. Þá getur skipt sköpum að hafa stjórnvöld í liði með sér í stað þess þau sýni af sér tómlæti, ef ekki

beinlínis þvælist fyrir. Hér þarf áráðni því mikið er í húfi að okkur takist að auka fjárfestingar og skapa meiri verðmæti.

Kæru félagar.

Lykilatriðið í uppbyggingu atvinnulífs og endurheimt okkar fyrri lífskjara er hins vegar stefnan í peninga- og gengismálum. Enn og aftur hefur krónan verið örlagavaldur gagnvart verðbólgu og kaupmætti. Enn og aftur hafa félagsmenn okkar mátt þola óviðunandi greiðslubyrði vegna hárra vaxta. Stjórnámálamenn verða að horfast í augu við þann kalda veruleika að við eigum svo langt í land með að ná jöfnuði í gjaldeyrishreyfingar að gjaldeyrishöftin eru komin til að vera um nokkuð langt skeið. Sedlabankinn hefur upplýst að hann telur mikilvægt að hækka eigi vexti á næstu misserum og AGS telur að mæta eigi hækkun raungengis vegna verðbólgu með gengisfellingum og halda þannig kaupmætti niðri næstu 10–15 árin. Það er mjög mikilvægt að stjórnvöld og Sedlabankinn geri sér grein fyrir því að um slíka stefnu verður ekkert samkomulag en slík áform gætu dæmt okkur í ástandið sem var á árunum fyrir 1990 með víxlverkunum gengis og verðlags. Þá voru gjaldeyrishöft og þá var gengið notað til þess að búa til gjaldeyri í stað þess að efla raunverulega verðmætasköpun í útflutningi vegna þess að stjórnámálamenn gátu ekki tekist á við hinar raunverulegu áskoranir. Þetta er ástand sem við viljum ekki en er ástand sem við kunnum að þurfa að glíma við enu að síður.

Á ársfundinum okkar í október 2008 var sú stefna ASÍ samþykkt að umsókn um aðild Íslands að ESB og upptaka evru væri eina færa leiðin út úr þeim ógöngum sem við værum í. Við vildum láta á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann skyldi lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu. Þessi afstaða hefur verið ítrekuð á öllum ársfundum síðan. Eftir að farið var í þessa vegferð hefur gengið ótrúlega hægt að móta samningsmarkmið okkar, ríkisstjórnin er innbyrðis ósammála um markmiðin með þessu ferli, landbúnaðarráðherra kemur kerfisbundið í veg fyrir að hægt sé að skilgreina og samræma hagsmuni okkar í landbúnaði. Stjórnarandstaðan hamrar á því að fallið verði frá þessari umsókn og vill geyma að fjalla um framtíðina þangað til síðar, fara stefnu- og markmiðslaus í gegnum endurreisnina og væntanlega enda á sama vonlausu staðnum og við erum nú á! Skýra forystu vantar hins vegar um það hvers vegna Íslendingar ættu að gerast aðilar að Evrópusambandinu og lítt verður vart við tilraun til þess að útskýra það fyrir þjóðinni og skilgreina hvaða mál það eru sem munu bera væntanlegan samning í gegnum atkvæðagreiðslu.

Í ljósi þess að krónan okkar á sér ekki viðreisnar von og við blasa gjaldeyrishöftum um ókomin ár er ég þeirrar skoðunar að mikilvægt sé að ræða milliliðalaust við pólitíska forystumenn helstu ríkja í Evrópu um beina aðstoð þeirra til að treysta stöðu gjaldmiðilsins, hugsanlega með því að tengja krónuna

beint við evruna með stuðningi bæði AGS, IMF og Norðurlandanna. Þannig gæti almenningur og fyrirtæki fyrr notið þeirra vaxtalækkana og stöðugleika sem við þurfum á að halda. Við eigum ekki að láta skammtímavanda evru, dollars og jens villa okkur sýn; evran er í fyrsta lagi eins og klettur í hafinu borið saman við þá krónu sem við búum við og í öðru lagi er vandi dollarsins enn meiri en evrunnar þar sem viðskiptahalli og halli á fjárlögum í Bandaríkjunum er töluvert meiri en í Evrópu.

Ég vil einnig leyfa mér að minna á að þing ASÍ árið 2000 samþykkti ályktun um að stjórnvöld ættu að hefja undirbúning að umsókn um aðild að ESB og upptöku evru í stað þess að hverfa frá fastgengisstefnunni og taka upp fljóttandi gjaldmiðil með verðbólguþröskulmíði. Okkur var og er sagt að það sé mikilvægt að halda í sveigjanleika krónunnar, sveigjanleika sem hefur verið notaður til þess að ræna okkur bæði eignum okkar og tekjum. Gegn þessu verðum við að leggjast en undanfarnar vikur höfum við unnið að úttekt á því hvaða afleiðingar þetta val á fyrirkomulagi gengismála hafði fyrir okkar félagsmenn sl. 10 ár. Málið verður kynnt sérstaklega síðar, e.t.v. á sérstöku málþingi, en ég vil hér segja að húsnæðisvextir hér á landi hafa verið allt að fimm til sex sinnum hærrí en á evrusvæði ESB sl. 10 ár. Í árslok 2010 greiddu evrópskir launamenn einungis 3,4% nafnvexti samanborið við þau ofurkjör sem okkur er gert að greiða. Ef horft er til kaupa á venjulegri þriggja herbergja íbúð árið 2000 hafa hjón á meðallaunum mátt leggja að meðaltali um 12% af ráðstöfunartekjum sínum á hverju einasta ári aukalega í greiðslubyrði lána. Ef litið er á þá skuldsetningu, sem landsmenn eru nú með, er þessi munur hvorki meira né minna en þriðjungur ráðstöfunartekna okkar – er nema furða að fólk sé reitt! Þar sem hér er um hreinan kaupmátt að tefla – kaupmátt sem það tæki okkur næstum áratug að byggja upp – er augljóslega eftir miklu að slæggjast að okkur takist að sjá brýnum hagsmunum okkar í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum borgið í aðildarviðræðunum þannig að af aðild geti orðið.

Við eigum ekki að hlusta á falsboðskap, við eigum ekki að fara úr öskunni í eldinn, við eigum einfaldlega að nota aðild að Evrópusambandinu til að draga okkur upp úr þeim hjólförum sem við erum í. Þannig getum við náð tökum á skuldavanda heimilanna því reynslan sýnir okkur að þau för, sem við erum í, geta ekki leitt okkur annað en á braut ófremdarástands sem eykur þann vanda sem við er að glíma.

Ágætu félagar.

Slakur árangur í atvinnumálum og viðvarandi og aukið langtímaatvinnuleysi hefur haft mikil áhrif á þá fjölmörgu féлага okkar sem hafa verið án atvinnu. Nú er svo komið að yfir 60% þeirra sem eru án atvinnu hafa verið það lengur en sex mánuði. Við höfum löngum lagt áherslu á mikilvægi virkra vinnumarkaðsaðgerða og höfum allar götur frá 1996, þegar framkvæmd

atvinnuleysisbótakerfisins var færð frá okkur, verið ósátt. Við endurskoðun kjarasamninga í nóvember árið 2005 náðum við samkomulagi um endurskoðun á bæði bótakerfinu og lögunum um virkar vinnumarkaðsaðgerðir. Væntingar okkar voru miklar og því voru vonbrigðin mikil yfir að þessi lög hafa nánast verið óvirk síðan. Með samningunum í vor náðum við mikilvægum árangri með ákvæði um stóraukin framlög til virkra vinnumarkaðsaðgerða, eða úr 600 millj. kr. í 2.500 millj. kr. Þegar hefur hluta verkefnisins verið ýtt úr vör undir yfirskriftinni „Nám er vinnandi vegur“. Krafa okkar hefur verið skýr; við viljum fá að yfirtaka aftur framkvæmd atvinnuleysisbótakerfisins, einkum skráningu og virka vinnumiðlun, ásamt þjónustu við þá atvinnulausu með áherslu á að fjárfesta í þekkingu og hæfni fólks til að koma því aftur í virka atvinnuþátttöku. Það var því ánægjulegt að samkomulag náðist um að aðilar vinnumarkaðarins gætu tekið yfir fjórðung kerfisins sem tilrauna-verkefni til að láta reyna á hugmyndir okkar og atvinnurekenda um breytta útfærslu og áherslur. Það er mikilvægt að við ræðum aðkomu okkar að þessu tilraunaverkefni og þau virkniúrræði sem við viljum leggja áherslu á á þessum fundi til að nesta fulltrúa okkar í verkefnisstjórninni.

Góðir félagar.

Þegar við horfum yfir þróun mála síðastliðinn áratug er ljóst að samstarfið innan raða Alþýðusambandsins hefur verið bæði djúpt og náíð. Við getum líka verið stolt af þeim árangri sem þessi samstaða hefur skilað á þessum áratug. Það er nefnilega þannig að fjármagnið og margir stjórnámálamenn eru afar skammsýn í sínum veruleika. Það er ýmist afkoman á árinu eða jafnvel ársfjórðungnum sem stýrir ákvörðunum stjórnenda fyrirtækja og næstu kosningar hafa gjarnan haft áhrif á stjórnámálamanninn. Verkalýðshreyfingin er hins vegar stöðugt að hugsa um stöðu launafólks til langs tíma, um hvernig félagar okkar geta sótt tækifærin í formi menntunar eða mætt óvissunni í formi réttinda og öryggis við afkomubrest. Þetta sáum við hvað einna best á árunum 2004–2008. Samstaðan innan okkar raða gerði okkur kleift á þessum árum að tryggja framlög til fullorðinsfræðslu með stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og eflingu símenntunarmiðstöðvanna. Jafnframt voru tryggð aukin framlög til starfsmenntunarsjóðanna okkar og nýverið til uppbyggingar VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs til að aðstoða þá féлага okkar sem búa við afleiðingar langvarandi veikinda og slysa. Loks skal minnt á að réttindi í atvinnuleysistryggingasjóði voru aukin og bætt og farið var í virkar vinnumarkaðsaðgerðir.

Í undangengnum kjarasamningum höfum við einnig náð að mynda traust samband og samstarf milli sambandanna okkar og félaganna með beina aðild með sérstökum samstarfssamningi þar sem opinskátt er kveðið á um forsendur

samstarfsins og hvernig tekið er á úrlausn mála. Hefur þetta verið aðildarfélagunum og samböndunum styrkur í glímu þeirra við atvinnurekendur og tryggt okkur sterkari stöðu við stjórnvöld. Um margt hefur samstarfið á vettvangi Alþýðusambandsins verið traustara og sterkara en það hefur verið um áratuga skeið og skilað félagsmönnum okkar árangri sem tekið er eftir.

Á þessa samstöðu mun vafalaust reyna áfram þegar við komum að endurskoðun kjarasamninga í janúar. Þótt allar líkur séu á því að kaupmáttarforsenda samninganna standist er ljóst að á gengis- og verðlagsforsenduna reynir og enn einu sinni stefnir í að á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar muni reyna. Þótt ríkisstjórnin hafi verið fylgin sér í glímunni við aðlögun ríkisfjármála verður henni ekki hrósað fyrir sömu eftirfylgni með öðrum stefnumiðum í efnahags- og atvinnumálum. Ný hagspá okkar bendir til þess að fjárfestingar- og hagvaxtarmarkmiðinu verði ekki náð, Seðlabankinn spáir því að hvorki gengis- eða verðbólgu-markmiðum samninganna verði náð í lok næsta árs og fullkomin óvissa er um fyrirkomulag peninga- og gengismálanna. Ekki verður maður var við að ríkisstjórn eða Seðlabanki hafi af þessu einhverjar sérstakar áhyggjur. Á þetta allt mun reyna í janúar en hér á þessum fundi ætlum við að staldra við atvinnumálin, bæði uppbygginguna og störfín en einnig þjónustu við þá sem hafa misst vinnuna til að auðvelda þeim að snúa aftur til virkrar þátttöku á vinnumarkaði.

Með þessum orðum segi ég þennan formannafund settan og býð forsætisráðherra að taka til máls.“



Ávarp forsætisráðherra

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra flutti eftirfarandi ræðu:

„Góðir fundarmenn!

Ég vil í upphafi máls míns þakka Alþýðusambandi Íslands fyrir gott samstarf að endurreisn samfélagsins.

Hið nýja tímatal er að verða: fyrir og eftir hrun. Þegar við horfum til baka til áranna í aðdraganda hrunsins og þess nýja Íslands, sem frjálshyggjuöflin seldu alltof mörgum, blasir við samfélag sem stjórnaðist af græðgi og nærðist á vaxandi ójöfnuði. Hér urðu meiri breytingar til ójafnaðar en nokkur dæmi eru um. Á níu ára tímabili jókst hluti eins prósentis þjóðarinnar úr 5% af heildartekjum í 20%. Einn hundraðasti þjóðarinnar tók til sín fimmtung af heildartekjunum. Ég fullyrði að á síðustu þremur árum hefur þessi ójöfnuður minnkað svo um munar.

Rösklega þrjú ár eru frá hruni. Það gætir óþreyju víða í samfélaginu og margir halda því fram að ekkert hafi verið gert síðan. Nóg er af framboði á töfralausnum og töframenn með kanínur í hatti á hverju strái. En hefur þá ekkert verið gert?

Staðreyndin er sú að fjölmargt hefur áunnist og annað er í góðum farvegi. Ég nefni ríkisfjármálin fyrst. Óumdeilt er að mikill árangur hefur náðst á því sviði. Við skulum hafa í huga að haustið 2008 og fram á vor 2009 var

kyrjað í erlendum fjölmiðlum að Ísland væri gjaldþrota eða því sem næst gjaldþrota.

Hallinn í heild á frumjöfnuði ríkissjóð á árinu 2008 var 222 milljarðar króna. Fjárlagafrumvarp fyrir 2012 gerir ráð fyrir afgangi á frumjöfnuði sem nemur 40 milljörðum króna. Hér er viðsnúningur upp á 260 milljarða króna eða sem nemur ríflega helmingi allra rekstrarútgjalda ríkissjóðs á árinu 2008. Þessum árangri hefur verið náð með blöndu af niðurskurði útgjalda og aukinni tekjuöflun. Meiri hluti aðlögunarinnar, eða um 57%, má rekja til aðgerða á útgjaldahlið. Það er hollt í þessu sambandi að ríffa hér upp að hið opinbera tekur minna í sinn hlut nú en þegar meint góðæri blómstraði. Árið 2006 námu tekjur hins opinbera 48% af landsframleiðslu en 41,5% árið 2010. Ef ekki hefði komið til gríðarlegur vaxtakostnaður vegna hrunsins væri 40 milljarða króna afgangur á fjárlögum næsta árs að öðru óbreyttu.

Vissulega hefur niðurskurður ríkisútgjalda verið sársaukafullur og erfiður. En stefnan hefur verið skýr í þessu efni: Velferðarþjónustunni, menntamállum og löggæslu hefur verið hlíft við niðurskurði eftir fremsta megni. Stærsti hluti niðurskurðarins hefur verið í rekstri stjórnsýslu ríkisins. Við höfum stefnt að fækkun stofnana ríkisins um 30–40% og erum komin vel áleiðis í þeim efnum.

Við höfum snúið taflinu við og jöfnuður hefur aukist í okkar samfélagi. Við höfum lagt á það áherslu að beita sköttum og bóttum til þess að ná markmiðum um aukinn jöfnuð. Róttækar breytingar hafa verið gerðar á tekjusköttum einstaklinga sem miða að því að dreifa byrðunum á réttlátan hátt án þess að meðalskatthlutföll hafi hækkað. Skatthlutföll um 37 þúsund hjóna, eða 60%, sem eru í neðri hluta tekjuskalans, hafa lækkað frá árinu 2008. Við erum hér að tala um hjón með sameiginlegar tekjur á mánuði allt að 780 þúsund krónur. Nú greiða 85.000 einstaklingar lægra hlutfall af tekjum sínum í skatt en þeir gerðu fyrir hrun, m.a. vegna hækkunar persónuafsláttar og lækkunar skatt- hlutfalls á lægstu tekjur.

Þeir sem meira bera úr bytjum greiða hins vegar hærra hlutfall tekna sinna til samfélagsins. Mestu skipta þar áhrif nýs fjölþrepaskattkerfis, hækkun fjármagnstekjuskatts og auðlegðarskattur. Ég nefni hér líka að við höfum staðið styrkan vörð um almannatryggingakerfið og vil geta þess að frá 2007 til 1. febrúar næstkomandi hefur framfærsluviðmið bóta hækkað um 61%. Nefni ég einnig að þrátt fyrir niðurskurð hefur ekki verið hróflað við því fyrirkomulagi, sem komið var á árið 2007, að tekjur maka skerði ekki bætur. Ég vil líka minna á að bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga hækkuðu þann 1. júní sl. um 8,1%, með hliðsjón af krónutöluhækkun lægstu launa í kjarasamningum. Í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að hækkun bóta á næsta ári verði 3,5% í samræmi við almenna prósentuhækkun í kjarasamningum á vinnumarkaði. Uppsöfnuð hækkun bóta verður þar með orðin nálægt 12% á

hálfis árs tímabili. En til samanburðar er almenn hækkun launa á samnings-tímabilinu 11,4%.

Stórum áföngum í endurreisn fjármálakerfisins er lokið. Þrátt fyrir að viðskiptabankarnir hafi sýnt árið 2007 hagnað í sínum reikningum blasir við að vanskil við lánastofnanir eru út úr öllu korti. Um 15% útlána eru í verulegum vanskilum og endurskipulagning skulda hlýtur því að vera forgangsverkefni. Þeirri vinnu þarf að hraða sem mest. Á grundvelli viljayfirlýsingar stjórnvalda og lánastofnana hafa skuldir heimila verið afskrifaðar og má ætla að sú afskrift muni nema um 200 milljörðum króna í árslok.

Þá skiptir einnig miklu máli að greiðslubyrði húsnæðislána hefur verið lækkuð umtalsvert, meðal annars með tvöföldun á vaxtabótum, en ríkissjóður niðurgreiðir nú um þriðjung alls vaxtakostnaðar heimila af fasteignalánnum. Með sama hætti hefur áhersla verið lögð á afskriftir lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stefnir í að aðrir 200 milljarðar króna verði afskrifaðir þar.

Það hefur margt áunnist en það blasa við stór verkefni, risavaxin verkefni sem ríkisstjórn mun takast á við í samráði við launþegahreyfinguna og aðra sem samleið eiga. Ríkisstjórnin hefur ráðist í stór umbótaverkefni og mér er til efs að nokkur ríkisstjórn í okkar sögu hafi tekist á við svo mörg umbóta-verkefni á jafn skömmum tíma og það ofan á þær stóru björgunaraðgerðir sem að baki eru.

Stærsta umbótaverkefnið er auðvitað umsóknin um aðild að Evrópusam-bandinu. Ótrauð höldum við áfram á þeirri vegferð. Þar liggja stór tækifæri á sviði efnahags- og atvinnumála. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka mikils-metinn stuðning ASÍ við aðildarumsóknina.

Ríkisstjórnin stefnir að því að leggja sem fyrst fram frumvarp til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða þar sem áréttað er að fiskistofnar eru sameiginleg auðlind þjóðarinnar og nýtingarleyfi á aflaheimildum verði tímabundin og myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila. Markmiðið er sem fyrr að afgangur vegna nýtingar renni til þjóðarinnar, fénýting aflaheim-ilda verði stöðvuð og eðlileg nýliðun verði í greininni. Nú er verið að vinna úr þeim athugasemdum sem fram komu á síðasta þingi og á grunni þeirra markmiða, sem ég hef hér lýst, verður samið nýtt frumvarp sem að er stefnt að verði lögfest á þessu þingi.

Góðir fundarmenn.

Í fjölmörgum málaflokkum, er tengjast efnahags – og atvinnumálum, liggur ýmist fyrir stefnumörkun eða hún er í mótn. Og samhliða þessu eru gerðar aðgerðaáætlanir til lengri og skemmri tíma.

Ég nefni hér fyrst ríkisfjármálaáætlun til ársins 2015 sem nýlega var lögð fram á Alþingi. Áætlunin miðar að því að fjárlög verði hallalaus árið 2014. Markmiðið er að ná niður ríkisskuldum þannig að þær verði komnar niður

fyrir 45–50% af landsframleiðslu. Sveitarfélögin þurfa einnig að lækka skuldir sínar og ekki er óraunsaett að þær geti lækkað úr 20% af landsframleiðslu í 12–15%. Þetta eru raunsaer markmið en forsendur eru að hagvöxtur verði hér hóflegur og aðhalds verði gætt í opinberum fjármálum. Með lækkun skulda sparast ekki bara fjálgur fjár í vaxtagreiðslum heldur skapast svigrúm til fjárfestinga einkaaðila og lánshæfismat verður bætt.

Heildstæð efnahagsáætlun verður kynnt innan skamms en með henni er brotið blað er varðar vinnubrögð. Áætlunin er afrakstur samráðs við fjölmarga aðila, þar á meðal ASÍ. Áætluninni er ætlað að vera tæki til stefnumörkunar og til eftirfylgni fyrir samstillta hagstjórn.

Framsækin atvinnustefna, sem reist er á þeim áherslum sem fram koma í Ísland 2020, er nú í mótnu í atvinnuvegaráðuneytnum. Atvinnustefnan verður mótuð í nánu samráði við aðila vinnuarkaðarins og fjölmarga aðra hagsmunaaðila. Þetta verður í fyrsta sinn sem íslensk ríkisstjórn markar sér heildstæða atvinnustefnu með þessum hætti, svo undarlegt sem það nú er. Þá mun ríkisstjórnin innan skamms kynna áherslur varðandi erlendar fjárfestingar og marka stefnu í þeim málaflökki. Enn er þar á ferð nýjung.

Nýja og trúverðuga peninga- og gengisstefnu þarf að móta og að því verki verða aðilar vinnuarkaðarins meðal annarra kallaðir. Nýrri peningastefnu þarf að fylgja aukin stjórnæki til að tryggja fjármálastöðugleika og verða þjóðhagsvarúðartæki kynnt snemma á næsta ári. Fyrir liggur áætlun um losun gjaldeyrishafsta. Ég tel að fara verði með gát við losun haftanna því sú hættu er augljós að óðagot í þeim efnu leiði til gengishraps með tilheyrandi verðbóluskoti.

Drög að heildstæðri orkustefnu fyrir Ísland var kynnt í vetur og almenningi og hagsmunaaðilum boðið að gera athugasemdir. Áformað er að endanleg orkustefna muni liggja fyrir á þessu ári. Drög að þingsályktunartillögu um nýtingu og vernd náttúrsvæða hefur verið kynnt en þar eru 69 virkjanahugmyndir metnar. Ályktunin er nú í umsagnarferli sem lýkur 11. nóvember en í kjölfarið verður endanleg tillaga til þingsályktunar lögð fyrir Alþingi. Þá er í undirbúningi að stofna auðlindasjóð og móta heildarstefnu í auðlindamálum til að tryggja hámarksað þjóðarinnar af sameiginlegum auðlindum.

Á miklu ríður að við náum sáttum í okkar samfélagi. Það er verkefni þjóðarinnar allrar að rjúfa vítahring óvissu og stöðnunar og skapa sameiginlega framtíðarsýn. Kjarasamningur ASÍ og SA, með verulegri aðkomu stjórnvalda, frá því í maí leggur þung lóð á þá vogarskál. Raunsaer og réttlátir kjarasamningar til þriggja ára eru mikilsverðir hornsteinar fyrir stöðugleika í samfélaginu.

Yfirgripsmikil yfirlýsing stjórnvalda í tengslum við kjarasamningana fól í sér metnaðarfulla framtíðarsýn, framtíðarsýn sem mörkuð var af stjórnvöldum

og aðilum vinnumarkaðarins í sameiningu. Í yfirlýsingunni eru gefin fyrirheit um margvísleg umbótaverkefni og ég fullyrði að mörg eru nú þegar í höfn og flest í góðum farvegi. Undantekning er þó á því – sem er vegagerð. Ástæða þess að þau áform hafa ekki gengið eftir eru að ekki hefur náðst sátt um veggjöld. Það hefur ætíð legið fyrir að vegna þröngrar stöðu í ríkisfjármálum verða samgönguframkvæmdir takmarkaðar á næstu árum nema samstaða verði um fjármögnunarleiðir.

Ég nefni að verðtrygging persónuafsláttar hefur verið lögfest, bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hafa verið hækkaðar. Ég nefni mjög vel heppnað átaksverkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að sporna gegn svartri atvinnustarfsemi.

Þá er ég stolt af því merka verkefni á sviði vinnumarkaðsaðgerða sem stjórnvöld hafa mótað í þétu og góðu samstarfi við ASÍ. Þúsund atvinnuleitendum hefur verið boðin skólavist í haust og næstu tvö árin. Framhaldsskólum hefur verið gert kleift að taka við öllum umsækjendum yngri en 25 ára sem uppfylla skilyrði fyrir skólavist. Þá er lögð áhersla á að fjölga starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur og stefnt að tvöföldun þessara úrræða. Þegar horft er til náinnar framtíðar skiptir mestu að sporna með öllum ráðum gegn því að atvinnuleysi festist hér í sessi. Mikilvægur liður í því er að auka fjárfestingu í mannaúdi. Staðreyndin er sú að í dag eru 60.000 manns á vinnumarkaði með grunnskólapróf sem hæstu prófgráðu og með menntunarátaki er stefnt að því að fækka í þeim hópi um 40.000 fyrir árið árið 2020.

Hrunið færði okkur atvinnuleysi langt umfram það sem við erum vön og langt umfram það sem við viljum þola. Góðu heilli hefur nú dregið úr atvinnuleysinu. Samkvæmt síðustu mælingu Vinnumálastofnunar hefur atvinnuleysi ekki verið lægra síðan í árslok 2008. Það vekur athygli að atvinnuleysi hefur allt frá hruni verið miklu hærra hér á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Á höfuðborgarsvæðinu er atvinnuleysi nú 7,6% en 4,9% á landsbyggðinni. Eins vekur athygli að hlutfallslega eru nú fleiri konur án atvinnu en karlar. Þessar staðreyndir sýna okkur að við þurfum á fjölbreyttum nýjum atvinnutækifærum að halda og sannarlega er stóriðjan því ekki eina svarið.

Störfum er tekið að fjölga. Markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins er að atvinnuleysi verði ekki yfir 4–5% í lok samningstímans árið 2013. Tiltækar spár Hagstofu, Seðlabanka og Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins benda til þess að atvinnuleysi verði á bilinu 4,3–5,8%. Við hljótum enn að stefna að því að markmið kjarasamninganna um atvinnuleysi náist.

Ég hef nefnt ýmis opinber og hálfopinber verkefni á vegum ríkisins, sem skilað geta um 7.000 störfum, og vil bæta við fjárfestingaráætlunum Reykjavíkurborgar sem gera ráð fyrir verulegri aukningu fjárfestinga á næstu þremur árum. Ég hlýt að heita á atvinnulífið að gera betur, miklu betur er

varðar fjárfestingu og nýta af framsýni þau miklu sóknarfæri sem okkar góða land býr yfir.

Hagvöxtur er nú jákvæður og eru horfur um að hann verði tæplega 3% á þessu ári en meiri óvissa er um þróun á næsta ári. Ef við horfum til fyrri helmings þessa árs er hagvöxtur hér á landi um 2,6% og aðeins 13 af 34 OECD-rikjum eru með meiri hagvöxt.

Í yfirlýsingu stjórnvalda er blásið til sóknar í orku- og iðnaðarmálum og sameiginlegt markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sett um að fjárfestingar aukist jafnt og þétt á samningstímanum og verði 20% í lok hans. Á miklu veltur að þetta takist en það er líka ljóst að stjórnvöld hafa þetta ekki ein í hendi.

Framkvæmdir eru víða í gangi. Í byggingu eru fjórar virkjanir, mislangt á veg komnar: Búðarhálsvirkjun, á Hellisheiði, í Bjarnarflag og á Þeystareykjum. Ég nefni líka að fjórir fjárfestingasamningar hafa verið gerðir vegna erlendra fjárfestinga og aðrir fjórir bíða endanlegrar samningagerðar. Í næsta skrefi áætlunar um losun hafta verður fjárfestum gert kleift að nýta aflandskrónur til langtímaffjárfestingarverkefna á Íslandi og reiknað er með að þessi möguleiki verði opnaður alveg á næstunni.

Margir horfa til álvers í Helguvík en örlög þess stóra verkefnis verða ekki ráðin við ríkisstjórnarborðið því enn er beðið niðurstöðu gerðardóms í Stokkhólmi. Þá er nú ljóst að Alcoa hefur hætt við áform um álver á Bakka og eru það mörgum vonbrigði. En við eigum marga aðra jafn góða eða betri kosti til nýtingar á orkulindum norðanmanna. Landsvirkjun hefur verið í viðuræðum við fjölmörg fyrirtæki um uppbyggingu nyrðra og ég vænti þess að brátt sjái fyrir endann á þeim viðuræðum. Við eigum fjölmarga aðra kosti en ál og nú er unnið að margvíslegum verkefnum á vegum Íslandsstofu og áhugi erlendra fjárfesta á margvíslegum fjárfestingarverkefnum hér á landi hefur aldrei verið meiri en nú. Viðurkennast verður þó að staðan í alþjóða-efnahagsmálum er vissulega mikið áhyggjuefni og kann að hafa áhrif á vilja og getu til fjárfestinga.

Tækifærin blasa við ferðaþjónustunni. Átak til að efla vetrarferðamennsku hér á landi, sem nefnt er í viljayfirlýsingunni, er komið í gang og við það eru bundnar miklar vonir. Ríkisstjórnin mun leggja árlega næstu þrjú árin fjármagn til þessa verkefnis alls um 900 milljónir króna auk þeirra 300 sem þegar hafa verið lagðar til verksins. Þá er mikil gróska í nýsköpun hér á landi og hugverkaiðnaður á mikilli siglingu. Á sviði grænnar atvinnusköpunar, eða græna hagkerfisins, eigum við Íslendingar mikil sóknarfæri og fyrir liggja metnaðarfull áform í þeim efnum í nýlegri skýrslu. Græn atvinnustarfsemi er lykilhugtak í atvinnumálum víða um heim og má þar nefna skýrar áherslur hinnar nýju ríkisstjórnar Helle Thorning-Schmidt í Danmörku .

Um leið og kjarasamningarnir voru undirritaðir spruttu fram dómsdagspámennt sem fundu samningunum flest til foráttu og spáðu mikilli verðbólgu. Því miður fór svo að verðbólga jókst og í skjóli þess hækkuðu mörg fyrirtæki verð.

Það er vitaskuld mikið áhyggjuefni að hér ríkir fákeppni á mörgum mörkuðum sem leiðir til vélrænnar verðlagningar. Þar á ég ekki síst við verðlagningu landbúnaðarafurða en þær hafa hækkað á síðastliðnum tólf mánuðum um tvöfalt meira en vísitalan í heild. Ég veit sem er að tollar á landbúnaðarafurðir koma hér við sögu og við því verður að bregðast og að því er nú unnið.

Þrátt fyrir allt stefnir nú í að verðbólgan verði umtalsvert lægri en meðal annars Seðlabankinn hefur spáð. Þetta skýrist af því að gengi krónunnar hefur styrkst að undanförmu eða um tæp 4% frá því um mitt sumar. Nýlegar spár benda til þess að verðbólgan muni hjaðna og í lok árs verði hún um 5,4% og 3,6% í lok næsta árs en í þessum spám er ekki gert ráð fyrir marktækri styrkingu krónunnar.

Kjarasamningarnir hafa skilað þeim mikla árangri að kaupmáttur lægstu launa hefur vaxið verulega og er næstum jafn mikill og var á fyrstu mánuðum 2008. Frá ársbyrjun 2009 nemur kaupmáttaraukningin um 9½% og um 12½% að teknu tilliti til eingreiðslna. Meðalkaupmáttur launa, eins og Hagstofan mælir, hefur vaxið um 1,4% frá ársbyrjun 2009 og um 2,6% á síðastliðnum 12 mánuðum.

Ágætu formenn.

Kjarasamningarnir frá því í vor mörkuðu tímamót og umbætur á mörgum sviðum. Í upphafi næsta árs verða forsendur samninganna metnar. Ég treysti því að við það mat verði fullrar sanngirni gætt og heildarmyndin höfð í huga. “**Gylfi Arnbjörnsson þakkaði forsætisráðherra fyrir ræðuna.**”

Horfur í efnahagsmálum

Ólafur Darri Andrasón, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, gerði grein fyrir spá hagdeildar um horfur í efnahagsmálum 2011–2014.

Í máli Ólafs Darra kom fram að bati í efnahagslífi landsins væri hægur og að við blasi doði í hagkerfinu, fjárfestingar væru í lágmarki og ekki í augnsýn aukning á því sviði. Hann sagði að mikil óvissa væri um mörg verkefni, t.d. álver í Helgúvík, staða verkefnisins væri einfaldlega of óljós ennþá og að búið væri að slá út af borðinu átak í vegamálum á Suðvesturlandi með sérstakri fjármögnun. Einnig valdi erfiðleikar á erlendum fjármálamörkuðum aukinni óvissu í fjárfestingum hér á landi. Það jákvæða í hagspánni sé að það dragi frekar hratt úr verðbólgu þegar líði á næsta ár og atvinnuleysi einnig.

Þá benti hann á að þjóðin væri að koma út úr miklum samdrætti þar sem á tveggja ára tímabili hafi tapast ein króna af hverri tíu í verðmætasköpun. Því væri hagvöxtur hér á landi of hægur. Hagvöxt upp á 1–1½% þurfi til að halda

við núverandi stöðu, enn meiri þurfi til að vinna bug á atvinnuleysi og ná aftur hluta af fyrri lífskjörum.

Fram kom að árið 2009 hafi einkaneysla dregist saman um 15%, verið óbreytt árið 2010 en að framundan væri hægur vöxtur einkaneyslu. Sama væri að segja um samneysluna, hún óx á árunum fyrir hrun en umsvif hins opinbera hafa á síðustu tveimur árum dregist saman um 5%. Telur hagdeild ASÍ því að samneysluútgjöld haldi áfram að dragast saman á þessu ári og á þeim næstu en gera má ráð fyrir hægum viðsnúningi á árinu 2014.

Varðandi fjárfestingar sem hlutfall af landsframleiðslu benti Ólafur Darri á að árið 2005 var varið 37% meira í fjárfestingar en árið áður. Í framhaldi hafi síðan dregið úr fjárfestingum og árin 2008/2009 komið með sínum hörmungum. Afleiðingin er að árið 2010 hefur aldrei svo lágt hlutfall af landsframleiðslu verið nýtt til fjárfestinga, eða aðeins 13%. Þegar horft er til baka hafa að meðaltali 25% af landsframleiðslu verið nýtt til fjárfestinga sem er grunnur að verðmætasköpun til framtíðar og því var lögd áhersla á í síðustu kjarasamningum að ná 20% markinu. Það miðar hægt að því markmiði, gert er ráð fyrir hægum vexti á næstu árum og er það áhyggjuefni.

Innflutningur dróst saman í takt við einkaneyslu og fjárfestingar, sagði Ólafur Darri, en er að vaxa á ný í takt við vöxt einkaneyslu og fjárfestinga. Hagspá hagdeildar ráð fyrir að útflutningur aukist m.a. vegna stækkunar álvera og jafnframt gerir hagdeildin ráð fyrir áframhaldandi vexti í ferðapjónustu en það verður ekki stórt stökk. Viðskiptajöfnuður er jákvæður ef horft er framhjá því að það eru bankar í slitameðferð og þar eru gríðarlega háar kröfur erlendra kröfuhafa sem eru líklega tapað fé. Þá er hægt skoða innlent hagkerfi sérstaklega og virðist vera sem viðskiptajöfnuður verði með lítilsháttar afgangi út spátímabilið.

Atvinnuleysið er mikið áhyggjuefni verkalýðshreyfingarinnar, sagði Ólafur Darri, það rauk upp í 8% á árunum 2009 og 2010 að ársmeðaltali, en á þessu ári dregur úr atvinnuleysi og fer það heldur minnkandi á komandi árum. Markmiðið er að í lok kjarasamningstímabilsins verði hlutfall atvinnuleysis komið niður í 5% á ársgrundvelli.

Ólafur Darri setti upp nokkur fráviksdæmi sem sýndu að ef tækist að auka fjárfestingar með því að ráðast í stórfjárfestingar á Reykjanesi og/eða Norðurlandi þá mun hagvöxtur aukast markvert. Að lokum sagði hann að ef tækist að vinna bug á yfirstandandi efnahagserfiðleikum gætum við litið með bjartsýni til framtíðar; við byggjum yfir mannauði og verðmætum til atvinnuuppbyggingar sem getur grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda og að við gætum byggt upp öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni sem tryggir okkur lífskjör í fremstu röð.

Tækifæri og ógnanir atvinnulífsins

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar

Hörður hóf mál sitt á að segja að þó svo að það væru 3 ár síðan hrunið varð þá væri það umhugsunarefni að við værum ennþá að kljást við fortíðina og vonbrigði hve hægt það miðaði og að væntingar um efnahagsbata hafi ekki gengið eftir. Væntingar okkar telur Hörður að hafi verið óraunhæfar, sérstaklega í ljósi þess að það varð efnahagskreppa í öllum heiminum, staðreynd sem vert er að hafa í huga þegar litið er til framtíðar. Hann sagði að um leið og hægfara vöxtur væri hafinn væri önnur efnahagslægd í uppsiglingu, benti á Bandaríkin máli sínu til stuðnings og bankaheiminn í Evrópu. Það sem gerist úti í heimi hefur áhrif á efnahagsuppbyggingu hér á landi, sagði Hörður, erlendir fjárfestar fjárfesta eingöngu þar sem er vöxtur þar sem þeir horfa til arðseminnar, þannig að ef það er samdráttur í íslensku efnahagslífi þá munu þeir fresta sínum ákvörðunum. Síðast en ekki síst hefur efnahagslægdin áhrif á fjármögnum. Bankar halda að sér höndum, mikið er um afskriftir, s.s. hjá Grikkjum og í fleiri Evrópulöndum, þetta á eftir að endurspeglast í uppgjöri bankanna sem í framhaldi eiga erfitt með að lána út fjármagn. Hörður sagði að þó svo að áhrifin verði mikil þá verði þau frekar skammvinn.

Hörður sagði langtímahorfur hér á landi mjög góðar, landið væri ríkt af náttúruauðlindum, sjávarfangi og endurnýjanlegri orku sem á síðustu árum hefur orðið mjög eftirsótt vara í heiminum. Hann sagði okkur eiga mikla orku ef miðað er við höfðatölu þó að heildarmagnið sé ekki mikið. Við verðum að hafa í huga, sagði hann, að eignarhald á náttúruauðlindum leiðir ekki nauðsynlega til efnahagslegrar velsældar; því væri mikilvægt að spila rétt úr þeim tækifærum sem lægju í auðlindunum. Hann sagði einnig að mikil reynsla og þekking væri hér á landi í að byggja upp þekkingariðnað og alþjóðleg fyrirtæki, s.s. Marel, Össur og CCP, þar lægi reynsla sem hægt væri að byggja á til framtíðar.

Þó væru blikur á lofti, sagði hann, þar sem höfuðstöðvar alþjóðlegu fyrirtækjanna væru að flytjast úr landi vegna núverandi rekstarumhverfis og þeir einstaklingar úr gömlu bönkunum, sem hefðu þó þekkingu á alþjóðapeningamörkuðum, nýtast ekki þar sem þeir eru flesti tengdir málum sem eru í rannsókn. Hörður sagði að nokkrar grunnforsendur þyrftu að vera til staðar til að alþjóðafyrirtæki geti starfað hér á landi og það væri stöðugleiki í gjaldeyrismálum, aðgengi að fjármagni, traust bankakerfi og samkeppnishæft skattakerfi. Ekki síður þyrftu að vera aðgengi að hæfu starfsfólki en það hefur vantað þann mannauð með þá menntun sem þekkingarfyrirtækin byggja á. Hörður sagði að þau fyrirtæki, sem byggðu á nýtingu náttúruauðlinda, myndu áfram starfa hér á landi.

Hann fjallaði um framtíðarsýn Landsvirkjunar en verið er að móta lang-

tímastefnu þar sem horft er fram til næstu 15–20 ára um hvernig staði verður að uppbyggingu raforkuframleiðslu hér á landi. Virkjunarframkvæmd er langtímaframkvæmd, sagði hann, og tækifærin öll drifin áfram af hagkvæmum kostum til aukningar raforkuframleiðslunnar og að hægt væri að tvöfalda raforkuframleiðslu á Íslandi og ekki síst að hægt væri að gera það í sátt við þjóðina. Nú liggur fyrir þinginu Rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem er sá grunnur sem Landsvirkjun mun vinna eftir; því sé beðið eftir niðurstöðum til að vinna að langtíma markmiðum fyrirtækisins. Virkjunarflokkurinn í áætluninni er í samræmi við þær hugmyndir sem Landsvirkjun hefur lagt fram en þar kemur fram að þetta eru takmarkaðar auðlindir sem við eigum, langt frá því að vera „ótakmarkaðar auðlindir“ eins og áður var haldið fram. Sérstaða okkar í auðlindaeign er hvað við erum fá, ekki að við eigum svo miklar auðlindir, sagði Hörður, en samkvæmt tillögum rammaáætlunarinnar er mjög mikið um friðun og verndum þannig að í raun er síðasta framkvæmda-tímabilið framundan sem mun drífa hagvöxt áfram. Hann sagði að hagkerfið yrði fyrir þrenns konar áhrifum af uppbyggingu raforkuframleiðslu: Fyrst er tímabil tímabundinna framkvæmdaáhrifa, það eru þau áhrif sem hvað mest er kallað eftir í núverandi ástandi hagkerfisins; síðan taka við tvö tímabil langtímaáhrifa, þ.e. rekstraráhrif og arðsemisáhrif. Sýn Landsvirkjunar byggir á öflugri uppbyggingu orkumannvirkja og iðnaðar þar sem hagvöxtur er drifinn áfram af þeirri uppbyggingu. Fjölbreytni í iðnaði byggir á öflugri þekkingu á endurnýjanlegri orkuvinnslu og raforkuvinnsla verði tvöfölduð á sjálfbæran hátt og í samræmi við rammaáætlun. Einnig kemur fram í framtíðarsýn Landsvirkjunar að arð- og skattgreiðslur munu nema 4–8% af landsframleiðslu en þar er gert ráð fyrir að raforkuverð til iðnaðar hafi hækkað í takt við verðþróun í Evrópu en sé um leið mjög samkeppnishæft.

Hörður fjallaði um verð á raforku, sagði að Landsvirkjun væri að selja á því verði sem markaðurinn ráði vel við, sem lýsi sér í því að verið væri að ræða við á annan tug kaupanda um orkukaup á suðvesturhorninu þannig að ýmislegt væri að gerast. Framkvæmdir við Búðarhálsvirkjun væru í fullum gangi sem tengist stækkun við Alcan og fleiri verkefni væru í framkvæmd, þannig að ekki væri algjör stöðnun.

Í dag er búið að virkja 17 TWst (teravattstundir), í Rammaáætluninni er gert ráð fyrir að milli 74–94 TWst séu tæknilega virkjanlegar, möguleg sátt er um 30–59 TWst þannig að 11 TWst er hugsanlega hægt að framleiða á næstu 15–20 árum. Gerð hefur verið greining á áhrifum virkjanaframkvæmda á hagkerfið ef framkvæmdir verða hafnar, þá muni hagkerfið „ofhitna“ 2015/16. En auðvelt er að fara hæggar og líklega skynsamlegt, sagði Hörður, en þetta á að hafa mjög jákvæð áhrif á hagkerfið næstu árin og hægt að stilla framkvæmdir af eftir því hvernig hagkerfið þróast. Einnig sagði hann að það væri hægt að

selja þessa orku á samkeppnishæfu verði því meiri eftirspurn væri eftir endurnýjanlegri orku en framboð. Hörður nefndi sérstaklega eftirspurnina eftir iðnmenntuðu starfsfólki, það væri áhyggjuefni að skortur á þekkingu og færni til að vinna verkin gæti verið hindrun. Til þess að framtíðarsýn Landsvirkjunar verði að raunveruleika þá þarf starfsfólk með þekkingu og reynslu en það virðist ekki vera fyrir hendi eins og er.

Að lokum sagði Hörður að langtímahorfur hér á landi væru góðar en skammtímahorfur ráðist fyrst og fremst af þróuninni á alþjóðamörkuðum. Við þyrftum að horfa til langs tíma, það væru engar skyndilausnir til, það hjálpaði okkur enginn. Við verðum sjálf að móta framtíðina, sagði hann, og jafnframt að Landsvirkjun muni á næstu árum standa fyrir öflugri uppbyggingu á Íslandi fái fyrirtækið tilskilin leyfi til þess. Því væri beðið eftir niðurstöðu Rammaáætlunarinnar.

Fundarstjóri opnaði fyrir fyrirspurnir til Harðar.

Kristján Gunnarsson, VSKF, spurði hvort Landsvirkjun ynni eftir þeirri eigendastefnu að selja ekki orku til Helguvíkur þó svo að í boði væri hátt verð fyrir orkuna?

Hörður Arnarson svaraði og sagði að Landsvirkjun ætti í viðræðum við Norðurál en staðfesti að það væri alrangt að verðið, sem Norðurál biði, væri hátt. Hann taldi þó að hægt væri að komast að samkomulagi um verð. En það þarf orku til að selja, Landsvirkjun hefur ekki orku á suðvesturhorninu til að selja, sagði hann. Það yrði háð niðurstöðu Rammaáætlunar hvað og hvar verður virkjað og ekki væri hægt að flytja orku frá Norðurlandi.

Hákon Hákonarson, Félagi málmiðnaðarmanna á Akureyri, óskaði eftir upplýsingum um hvað væri búið að virkja og selja og hvað væri eftir af virkjanlegri orku.

Hörður Arnarson svaraði því til að í dag væri framleitt milli 17– 18 TWst og af því væri Landsvirkjun að framleiða um 13 TWst og sú orka öll seld. Þess utan væri óseld orka sem kemur frá Hellisheiðavirkjun en það væri ekki há tala. Skiptar skoðanir væru á hvað ætti eftir að virkja, talað er um á bilinu 30–50 TWst en allt væri þetta háð niðurstöðu Rammaáætlunarinnar. Raunhæfar tölur, að mati Harðar, væru um 17 TWst en þó svo að allt verði virkjað, sem sett er fram í virkjanaflokk áætlunarinnar, þá næði sú orka ekki þessum 17 TWst.

Már Guðnason, Verkalýðsfélagi Suðurlands, sagði að fram hefði komið í máli Harðar að það væri gert ráð fyrir ótilgreindum virkjanakosti upp á 3,7 TWst. Óskaði hann eftir að fá upplýsingar um hvort þar væri um að ræða sjávarvirkjanir og ef svo væri – hvort raunhæf tækniþróun væri til staðar fyrir mismunandi virkjanakosti?

Hörður Arnarson svaraði að það væri rétt að í áætluninni væru ónafngreindir virkjanakostir upp á 3,7 TWst. Þessir virkjanakostir tengdust tækni-framþróun, t.d. væri verið að endurskoða allar virkjanir Landsvirkjunar með það að markmiði að auka afl þeirra. Landsvirkjun vilji einnig nýta tækniþróun til að skoða m.a. annars betri nýtingu jarðvarmans en aðeins er nýtt um 15% hans í orku. Hann taldi að með nýrri tækni ætti að vera mögulegt að nýta jarðvarmann betur. Landsvirkjun væri einnig að horfa til vindorkunnar, mælingar, sem hafa verið gerðar, lofi mjög góðu en það er lengra í sjávarfallavirkjanirnar, enn þá er tæknin ekki nægilega góð hvað þær varðar, sagði hann en hann er sannfærður um að vindorkan verði nýtt á næsta 10–15 ára tímabili.

Sigurður Besson, Eflingu-stéttarfélagi, sagði að nú væri svo komið að erfitt væri að manna störf við virkjanir, að verkþekking svokallaðra „fjallamanna“ væri að tapast og að búið væri að klippa á áratuga hefð stéttarfélaga og Landsvirkjunar með svokallaða „Landsvirkjunarsamninga“. Því taldi hann nauðsynlegt að Landsvirkjun kæmi aftur að því að koma á stöðugleika í sambandi við vinnuumhverfi, öryggi og aðbúnað á virkjunarsvæðum í samvinnu við verkalýðshreyfinguna.

Hörður Arnarson svaraði því til að Kárahnjúkavirkjun hefði verið ákveðið lærdómsferli varðandi öryggisaðbúnað og annað sem sneri að vinnuumhverfi. Það væri ekki í umræðunni að gera svokallaða „virkjanasamninga“ eins og gert hafi verið. Hörður sagði einnig að það væri ekki eingöngu í tengslum við virkjanir sem erfitt væri að fá starfsfólk, fyrirtæki eins og Marel ætti líka í erfiðleikum með að manna störf. Á hinn bóginn, sagði Hörður, að smærri og jafnari verkefni eins og Landsvirkjun gerir ráð fyrir hentuðu mjög vel íslenskum verktökum.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Afli-Starfsgreinafélagi, spurði um raforkuverð, hvort það raforkuverð, sem hann hefði nefnt í erindi sínu, væri orkuverð til orkufrekra fyrirtækja eða almennt orkuverð?

Hörður Arnarson svaraði því að það væru opnir raforkumarkaðir þar sem orka er keypt og seld. Einnig væru gerðir langtímasamningar við fyrirtæki á eitthvað lægra verði, svokallaðir „market based“-samningar. Nýjar verksmiðjur hér á landi yrðu að fá lægra verð, sagði Hörður, og ef Landsvirkjun seldi á því markaðsverði sem væri í Evrópu þá kæmu ekki fyrirtæki hingað til lands.

Halldór Grönvold, ASÍ, bar upp tvær spurningar til Harðar. Fyrri varðaði nýtanlega orku gufuafsvirkjana, t.d. hvort tækniörðugleikar væru í tengslum við Hellisheiðarvirkjun og þá hvort framtíðarplön Landsvirkjunar gætu raskast af þeim sökum? Í síðari spurningunni spurði Halldór hvernig ætti að halda hátæknifyrirtækjum í landinu og ekki síður að fá ný fyrirtæk, þar sem grunnurinn væri stöðugur gjaldmiðill, stöðugt efnahagslíf og menntað fólk, en ekkert af þessu væri til staðar?

Hörður Arnarson svaraði að hann teldi að allt að 70–75% af því sem við ættum í endurnýjanlegri orku framtíðar væri í formi jarðvarma. Hann sagði að það væri rétt að nýting jarðvarmans væri bæði óútreiknanleg og almennt komin tæknilega stutt. Einnig sagði Hörður að jarðvarmi skapaði vandamál. Sem dæmi nefndi hann að 5–6 virkjanir þyrftu til að uppfylla stóran orkusamning og fjórar af þeim virkjunum yrðu þá jarðvarmavirkjanir. Margs kyns tæknivandamál, sem við þekkjum í dag, t.d. útblásturinn, valdi erfiðleikum, verið væri að setja ýmsar reglugerðir varðandi umhverfismál sem gerir fyrirtækjum mjög erfitt fyrir – og ennþá er óljóst hvernig á að ganga frá þeim málum – og einnig væri affallsvatnið óleyst vandamál. Náttúruauðlindir eru óútreiknanlegar, sagði hann, og því erfitt að gera langtímasamninga; það að gera langtímasamning er meiri háttar skuldbinding, það getur kostað mikið fjármagn, hvað varðar tap, þegar ekki er staðið við skuldbindingar. Hörður sagði að farið yrði rólega í uppbyggingu þar sem mörg landsvæði eru ennþá órannsókuð og að uppbygging tæki a.m.k. 15 ár.

Varðandi síðari spurninguna þá sagði Hörður að Halldór hefði svarað henni sjálfur. Í upphafi var þekking okkar mest á sjávarafurðum en núna er mikið af ungu fólki sem þekkir hátækniíðnaðinn. Við eigum að halda því sem við höfum, sagði hann, það er auðveldast að stækka það sem við höfum og þekkjum.

Georg Páll Skúlason, Félagi bókagerðarmanna, spurði um þýðingu íslensku krónunnar í langtímaáætlunum Landsvirkjunar.

Hörður Arnarson svaraði því til að krónan skipti engu máli þar sem Landsvirkjun gerir allar sínar áætlanir í dollurum. Hann sagði fyrirtækið vera fyrir utan íslenskt hagkerfi. Öll fjármögnun fyrirtækisins væri í erlendri mynt og launakostnaður væri lítið hlutfall af heildarveltu og þar á móti kæmu innlendar tekjur.

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, spurði nokkurra spurninga með tilliti til fyrri umræðna á fundinum um Helguvík. Hvers væri óskað af Landsvirkjun varðandi samningaviðræður við Norðurál, einnig hvort ekki væri til orka til framkvæmda samkvæmt þeim tillögum, sem fram kæmu í Rammaáætlun, og þá í framhaldi – hver gæti verið mögulegur afhendingartími á orkunni og hvað með fjármögnun?

Hörður Arnarson svaraði því til að Landsvirkjun ræddi aldrei opinberlega um einstaka viðskiptavinum og/eða samningaviðræður. Hann sagðist þó geta haft eftir forráðamönnum Norðuráls úr fjölmiðlum að það vantaði 100–150 Mwt til að framkvæmdin gengi upp. Varðandi fjármögnum þá ætti alveg eftir að fjármagna þá 250 milljarða sem talið er að framkvæmdin muni kosta. Hann taldi að eins og staðan væri í dag, þá væri illmögulegt að fjármagna 250 milljarða. Tók hann sem dæmi að framkvæmd Búðarhálsvirkjunar kostaði 25 milljarða

og sú fjármögnun hefði tekið langan tíma. Hann lagði áherslu á að fimm aðilar kæmu að framkvæmdum við Helguvík og að ef einn aðili bregðist þá félli allt um sjálft sig. Þetta er flókið ferli og þarf samþykki fjölmargra aðila, sagði hann, og allt er þetta keðjuverkandi, fjármögnunin er erfiðust þegar horft er til þróunar fjármála í Evrópu. Varðandi afhendingartíma sagði Hörður að allt tæki þetta sinn tíma, t.d. hönnun, samningaferlið og leyfisveitingar tækju 1–2 ár, byggingartími u.þ.b. 4 ár, þannig að í allt væri verið að tala um 5–6 ár; en þetta er svar án ábyrgðar, tók Hörður sérstaklega fram.

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju, spurði hvort Landsvirkjun hefði kaupendur að þeirri orku, sem til væri á Norðurlandi, og þá hvort ástandið á fjármálamörkuðum í Evrópu stöðvaði framkvæmdirnar.

Hörður Arnarson svaraði því að það stöðvaði ekki framkvæmdir en ástand á fjármálamörkuðum í Evrópu hefði sannarlega áhrif. Landsvirkjun er búin að selja alla þá orku sem hún á í dag og það getur verið óheppileg staða, sagði hann, en það er einnig ljóst að ef ekki eru kaupendur til staðar þá dregur það úr framkvæmdum.

Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ, þakkaði Herði fyrir erindið og greið svör við fyrirspurnum úr sal. Hann ítrekaði afstöðu ASÍ að orkufyrirtæki eigi að vera í ríkiseign eða eign sveitarfélaga; því sé mikilvægt að fara með gát við alla fjármögnun framkvæmda.

Umræður um drög að ályktun um atvinnumál

Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ, gerði grein fyrir drögum að ályktun um atvinnumál.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Sigurður Bessason, Eflingu-stéttarfélagi, sagðist taka undir þá skoðun, sem fram hafi komið í umræðunni að það tæki tíma að komast upp úr þeirri efnahagslægd sem ríkt hefur hér á landi undanfarin ár. Hann sagði einnig að í dag væri mesta atvinnuleysið sem núverandi kynslóð hafi upplifað og einnig að atvinnuleysið væri mismunandi eftir því hvort fjallað væri um höfuðborgarsvæðið eða landsbyggðina. Á meðal félagsmanna Eflingar er atvinnuleysi 12–13%, sagði Sigurður, og á Suðurnesjum allt að 17–18%. Það segir okkur að staða ófaglærð fólks er ekki að breytast, því er nauðsynlegt að koma atvinnulífínu í gang, sagði Sigurður. Ef almenni vinnumarkaðurinn fer ekki að fara í gang er hættu á að störfum hjá hinu opinbera fækki enn meira. Sigurður sagðist hafa skoðað atvinnuleysistölur félaga Eflingar og þar komi fram sami fjöldi atvinnulausra í febrúar 2010 og júlí 2011, þ.e. yfir hábjargræðistímann hefur atvinnutækifærum ekki fjölgað. Niðurskurður hjá ríki og sveitarfélögum

er mikill og reynslan hefur sýnt að það eru fyrst almennu starfsmennirnir sem fara þegar sverfir að. Á Landspítalanum hafa tæplega 400 Eflingarfélagar misst vinnu frá því að niðurskurður hófst í heilbrigðiskerfinu. Það að búa við viðvarandi atvinnuleysi er það versta og brýtur fólk niður. Því fagnar Sigurður því að verkalýðshreyfingin skuli koma að málefnum atvinnulausra í formi fræðslu og vinnutengdra úrræða og ekki síst í sambandi við félagsleg úrræði. Hann sagði að um leið og kraftar hreyfingarinnar færu í að sinna þessum nýju verkefnum þá væri nauðsynlegt að halda áfram að vinna að endurreisn atvinnulífsins með því að hamra á ríki, sveitarfélögum og atvinnurekendum.

Finnbjörn A. Hermannsson, Fagfélaginu, hóf mál sitt á að vitna í upphafssetningu tillögunnar sem hann taldi vera einmitt það sem verkalýðshreyfingin þyrfti að leggja áherslu á. „...telur það forgangsverkefni að auka fjárfestingar til að vinna bug á atvinnuleysi og leggja grunn að verðmætasköpun til framtíðar.“ Því næst vísaði hann til erindis Harðar og benti á ákveðna stefnubreytingu hjá Landsvirkjun, þar sem áður fyrir hafi fyrirtækið lagt upp með fyrir fram ákveðið verð á orkunni en nú væri áhersla lögð á að horfa á markaðsaðstæður og stefnt að því að fá besta verð fyrir orkuna þó svo að samningar taki lengri tíma. Finnbjörn lýsti yfir ánægju sinni með þessa stefnubreytingu og hvatti Landsvirkjun til að slá ekki af kröfum sínum. Þá fjallaði hann um mismunandi sjónarmið aðila vinnumarkaðarins gagnvart því hvernig eigi að vinna bug á atvinnuleysinu og leggja grunn að verðmætasköpun til framtíðar. Verkalýðshreyfingin horfir til langs tíma sagði hann, stjórnmalamenn horfa á tímabilið milli kosninga og fyrirtæki milli ársfjórðunga. Til viðbótar við þessi mismunandi sjónarmið þá eru átök milli stjórnar- og stjórnarandstöðu sem auðvelda ekki vinnuna. Hann sagði að verkalýðshreyfingin þyrfti að endurskoða vinnubrögð sín, hún væri ekki þátttakandi í vinnuferlinu þegar tillögur og áætlanir varðandi vinnumarkaðinn væru í vinnslu, kallað væri á hreyfinguna í lok ferilsins. Hann sagði að hreyfingin ætti að hafa þann kjark að kalla á alla aðila, sem málið varðar, til að koma hjólum atvinnulífsins aftur af stað. Finnbjörn sagði það vera verkefni miðstjórnar að breyta vinnubrögðum þannig að verkalýðshreyfingin verði gerandi að málinu í samvinnu við stjórnvöld og atvinnurekendur.

Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ, tók undir orð Finnbjörns og benti á að í ályktuninni væri áhersla lögð á samstarf allra aðila. Gylfi kallaði eftir því að formenn kæmu í pontu og segðu meðal annars frá stöðu mála í heimabyggð.

Georg Páll Skúlason, Félagi bókagerðarmanna, lýsti því yfir að hann væri sammála ályktuninni í megindráttum en taldi nauðsynlegt að breyta niðurlagi hennar þannig að þar kæmu fram helstu áherslur hreyfingarinnar.

Ásgerður Pálsdóttir, stéttarfélaginu Samstöðu, hóf mál sitt á að lýsa því yfir að hún teldi ályktunina í góðu lagi. Í framhaldi vísaði hún í umræðuna um

atvinnumál og atvinnuleysi og sagði að hér áður fyrr hafi öll framleiðsla dregist saman en mikil aukning orðið á störfum í þjónustu hjá hinu opinbera og í fjármálageiranum. Eftir hrunið væri búið að skera mikið niður og nú væri staðan sú að það vantaði fleiri störf í framleiðslu og það væri verkefni verkalýðshreyfingarinnar að efla þessar greinar, sagði hún. Við ættum grænar auðlindir og tækifæri í úrvinnslu sjávar- og landbúnaðarafurða, sem hún taldi vera vanrækta og lagði til að verkalýðshreyfingin í samvinnu við t.d. bændasamtökin héldu málþing þar sem aukning atvinnutækifæra í framleiðslu væri rædd.

Guðbrandur Einarsson, Verslunarmannafélagi Suðurnesja, sagðist taka áskorun forseta ASÍ og fara yfir nokkur atriði varðandi stöðu mála í heimabyggð. Fyrst vildi hann nefna jákvætt atriði sem væri í farvatninu: ríkisstjórnin hafi heimilað byggingu nýs hjúkrunarheimilis með 60 hjúkrunarrýmum; sagði hann þetta skapa verulega vinnu á byggingartímanum og til viðbótar skapa umönnunarstörf til framtíðar. Því næst nefndi Guðbrandur Ásbrú, sem er heiti yfir gamla varnarsvæðið, þar sem háleitar hugmyndir voru í gangi um endurreisn svæðisins sem því miður hefur ekki gengið eftir, hann nefndi einnig Keili menntastofnun sem er virkur aðili í menntamálum en annað sem er þar í gangi hugnast honum ekki. Í ljós hefur komið spilling í sambandi við útteilingu á húsnæði, fjármagn, sem átti að koma inn á svæðið í formi fyrirtækja, hefur ekki skilað sér. Guðbrandur nefndi Landhelgisgæsluna, hún hefði átt að koma en síðan hefði húsnæðið ekki hentað gæslunni; skemmur, sem nýta átti undir kvikmyndaver, standi málaðar og uppgerðar en auðar. Á hinn bóginn sagði hann, hefur það gerst á svæðinu undanfarin misseri að fólk og/eða fjölskyldur í félagslega veikri stöðu, s.s. atvinnulausir, hafa flust þangað þar sem leiguhúsnæðið í Ásbrún er ódýrara en annars staðar á höfuðborgarsvæðinu. Vandamálið, sem þessu fylgir, er tvíþætt, að mati Guðbrandar. Þetta er sveitafélaginu mjög dýrt sem fyrir er í veikri stöðu og þetta ógnar húsnæðismarkaðinum í Keflavík þar sem leiguverð helst mjög lágt. Þess utan eru önnur félagsleg vandamál sem eru fylgifyiskur þessa sem hann hefur áhyggjur af því við núverandi aðstæður er ekki útlit fyrir að fjármagn fái til frekari uppbyggingar á svæðinu. Að lokum vildi hann nefna að ríkisstjórnin hefði ákveðið að skoða sérstaklega ástandið á Suðurnesjum, velferðarmálin og menntamálin. Rannsóknir sýna að brottfall úr skólum á svæðinu er meira en annars staðar á landinu. Allir þeir sem láta sig málið varða hafa boðað til ráðstefnu til að finna leiðir til úrbóta og taldi Guðbrandur það mikilvægt skref fram á við.

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félagi rafeindavirkja, sagði að um leið og hann vildi kynna sig sem nýr formaður RSÍ þá væri hann sáttur við ályktunina. Hann sagði að staðan innan RSÍ væri sú að um 3% félagsmanna væru atvinnulausir en að ríflega 400 félagsmenn hefðu komið til félagsins á undanförunum árum til að fá staðfestingu á menntun til að fara utan í vinnu.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Afli-Starfsgreinafélagi, sagðist vera sátt við þá ályktun sem fjallaði um atvinnumál. Varðandi ályktunina um stöðu og réttindi atvinnuleitenda þá fagnaði hún því sérstaklega að þjónusta við atvinnuleitendur færi yfir til stéttarfélaganna þar sem hún teldi að vinnumiðlanirnar virkuðu ekki sem skyldi, sérstaklega ekki fyrir þá sem hefðu verið lengi án atvinnu og þyrftu því meiri aðstoð. Því er það eitt af okkar forgangsverkefnum að færa þessa þjónustu yfir til stéttarfélaganna, sagði Hjördís að lokum.

Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ, tók undir orð Hjördísar og ítrekaði að aðstoð stéttarfélaganna við atvinnuleitendur hefði á sínum tíma verið tekin af hreyfingunni í óþökk hennar. Reynslan hefði verið misjöfn eftir landshlutum, sums staðar hefði það gengið vel en vinnumiðlunarkerfið sem slíkt hefði aldrei virkað og sérstaklega ekki fyrir þá sem eru langtímaatvinnulausir. Því geri hreyfingin þá kröfu að taka verkefnið að sér og atvinnurekendur treysti stéttarfélagum til þess.

Hjörtur S. Geirmundsson, Verslunarmannafélagi Skagafjarðar, lýsti yfir ánægju sinni með ályktunina. Hann sagðist taka áskorun Gylfa og færa fréttir úr héraði en eins og allir vissu væri Skagafjörður mikið matvælaframleiðsluhérað, bæði í sjávarútvegs- og landbúnaðarframleiðslu. Hjörtur sagði að störfum í framleiðslu hafi ekki fækkað mikið á síðustu árum, fjöldinn væri nokkuð stöðugur. Hann sagði einnig frá áhugaverðu verkefni, sem hefur verið í gangi sl. 4 ár og er að ljúka. Þar var áhersla á skóla- og menntamál. Stofnaður var sérstakur sjóður fjölmargra aðila með um 100 milljónir þar sem skólafólk á öllum skólastigum hefði getað sótt um fjármagn til mismunandi verkefna. Sérstaklega hefði verið lögð áhersla á að efla þátt verkmenntunar í Fjölbrotar-skólanum á Sauðárkróki. Þar hefðu skóli og atvinnulíf tekið höndum saman og tekið mið af þeim undirstöðuatvinnugreinum sem heimamenn byggðu á og þessi samvinna hefði reynst mjög vel. Því lagði Hjörtur áherslu á að aðfarasælast væri að vinna saman með þeim sem málið varðar.

Klukkan 12:35 var gert hádegishlé.

Klukkan 13:30 var fundi framhaldið.

Úrræði og atvinna

-hlutverk atvinnuleysistryggingasjóðs á samdráttar- og krepputímum

Runólfur Ágústsson, formaður stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Runólfur hóf mál sitt á að taka það fram að hann talaði ekki sem formaður Atvinnuleysistryggingasjóðs heldur kæmu fram hans skoðanir um málið. Hann sagði að aldrei í sögu sjóðsins hefði verið unnið verkefni af þeirri

stærðargráðu sem nú væri. Hlutfall atvinnulausra í dag endurspeglir þann vanda sem íslenskt efnahagskerfi eigi við að glíma og að ríkisstjórnin standi frammi fyrir því erfiða verkefni að þurfa að þrengja að flestum þeim grunnildum sem hún standi fyrir. Niðurskurður í velferðarmálum hefði verið mikill og nefndi hann þar sérstaklega skerðingu fæðingarorlofs sjóðs sem hefði komið illa niður á orlofstöku fedra sem hefði haft áhrif á framþróun í jafnréttismálum. Því væri endurreisn í anda jöfnunar mikilvæg, þegar horft er til framtíðar, og ekki síst þýðingarmikið að skapa ungu fólki og þeim sem eru með minni menntun tækifæri, tækifæri sem þessir hópar hefðu ekki í dag.

Þegar fjallað er um aðgengi að gæðum samfélagsins, þá er það menntun sem ræður mestu þar um, sagði Runólfur. Það væru bein tengsl á milli launa og menntunar samkvæmt tölulegum upplýsingum; þær starfsstéttir sem hafa meiri menntun njóta hærri launa. Vinnumarkaðurinn skiptist eftir menntun í þrjá nokkuð jafn stóra hluta þar sem um 60 þúsund hefðu grunnskólapróf, ríflega 69 þúsund framhaldsskólapróf og 51 þúsund háskólapróf. Einnig sagði hann að bein tengsl væru á milli atvinnuleysis og menntunar, helmingur atvinnuleitenda hefði einungis grunnskólapróf að baki á meðan 17% atvinnuleitenda eru háskólamenntaðir. Á meðan 1 af hverjum 10 þeirra sem einungis hafa grunnskólapróf eru án vinnu eru 4 af hverjum 100 háskólamenntaðra í sömu sporum. Atvinnuleysi bitni mismunandi á hópunum og sem dæmi nefndi hann að 70% þeirra sem eru yngri en 24 ára og án vinnu væru einungis með grunnskólamenntun.

Runólfur sagði að í heild væri varið meiru til menntamála hér á landi sem hlutfalli af landsframleiðslu en meðaltal OECD-ríkja en svo virðist sem við dreifum þessu fjármagni á annan hátt en önnur OECD-ríki. Fyrst er að nefna að íslenskt háskólakerfi er tiltölulega ódýrt miðað við nágrannaþjóðirnar, grunnskólakerfið er tiltölulega dýrt og framhaldsskólakerfið er mjög óhagkvæmt en þaðan kemur hæsta brottfall í allri norðanverðri Evrópu. Ísland er í næstneðsta sæti af öllum Evrópulöndum varðandi hlutfall þeirra sem lokið hafa prófi úr framhaldsskólum og þrátt fyrir að umtalsverður fjöldi fólks útskrifist seint úr framhaldsskóla þá nær 1/3 af hverjum árgangi, sem hefur nám, ekki því markmiði. Hér áður skipti þetta e.t.v. ekki máli, sagði hann, þar sem eftirspurn eftir vinnu var mikil en í dag, svo dæmi sé tekið, eru um 1800 yngri en 25 ára án atvinnu í Reykjavík og eru hlutfallstölur svipaðar í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Runólfur gagnrýndi íslenskt skólakerfi sem hann taldi ekki þjóna samfélaginu við núverandi aðstæður. Hann sagði skólakerfið taka allt of lítið mið af þörfum nemenda, samfélagsins og atvinnulífsins og að „Latínuskólanálgun“ sé of ríkjandi. Lítil áhersla sé á verknám en mikil á bóknám og að ekki hefði verið brugðist við fyrirséðum eða núverandi skorti á starfsfólki í verk- og

tæknigreinum, skapandi greinum og umönnunargreinum. Einnig sagði hann að misræmi væri á milli þess sem skólarnir vilja kenna og þess sem einstaklingar í íslensku samfélagi þurfi að læra.

Rannsóknir og kannanir, sem gerðar hafa verið, sýna mikla vanlíðan þeirra ungmenna sem fallið hafa úr námi og lifa á bótum. Allir vita að áhrif langtíma-atvinnuleysis á fólk eru mjög alvarleg og ekki síst á ungt fólk, sagði Runólfur. Hætta væri á að þessi hópur sætti sig við ástandið sem varanlegt og aðlagi líf sitt að opinberum bótum sem langtímaframfærslu. Það væri að koma fram kynslóð ungs fólks sem trúir ekki lengur á nám eða vinnu sem valkost og festist í fátæktargildrunni til framtíðar. Því þyrfti það að vera forgangsverkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að koma í veg fyrir að sama sagan endurtaki sig hér á landi og gerðist í Finnlandi; þar hefði þeirri kynslóð ungs fólks, sem varð hvað verst úti í kreppunni upp úr 1990, verið ýtt til hliðar af nýrri kynslóð þegar finnskt hagkerfi fór að rétta úr kútnum.

Runólfur setti fram glæru þar sem fram kemur þróun menntunar á vinnu-markaði sl. 20 ár, háskólamenntun hefur tekið stökk sem er jákvætt fyrir vinnu-markaðinn en ekkert hefur breyst varðandi grunn- og framhaldskólamenntun. Því væri nauðsynlegt að ná tókum á brotfallinu og snúa þróuninni við. Við þurfum, sagði Runólfur, að mennta og endurmennta 40 þúsund manns á næstu 9 árum til þess að ná því markmiði að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20–66 ára, sem ekki hafa hlotið formlega framhaldsmenntun, fari úr 30% niður í 10% árið 2020. Vinnan er þegar hafin, tillögur samráðshóps, sem skipaður var af forsætisráðherra, skilaði af sér tillögum í mars 2011 sem eru fjármagnaðar sameiginlega af stjórnvöldum og aðilum vinnumarkaðarins í tengslum við gerð kjarasamninga í maí sl. Í framhaldi var skipaður aðgerðahópur með ráðuneyti velferðar og menntamála ásamt aðilum vinnumarkaðarins með virkri aðkomu Atvinnuleysisstryggingasjóðs. Fjármögnun verkefnisins er tryggð með tæpum 8 milljarða króna framlagi á 3 árum til þeirra verkefna sem skilgreind hafa verið. Annars vegar er fjármagn flutt úr bótakerfinu yfir í menntakerfið og segja má að atvinnulífið fjármagni verkefnið, sagði hann. Nokkur forgangsatríði eru þegar komin til framkvæmda, s.s. með opnun framhaldskólanna í haust fyrir alla sem sóttu um og einnig eru atvinnuleitendum veitt tækifæri til að fara í nám á svokallaðan námssamning. Önnur verkefni eru í vinnslu og undirbúningi, s.s. aukið raunfærnimat og efling náms- og starfsráðgjafar fyrir hópinn. Einnig þarf að bjóða upp á styttri námsbrautir og gera skólann sveigjanlegri. Mikilvægur þáttur í þessu er samstarf fyrirtækja og skóla um eflingu starfstengds náms og tryggja að nemendur geti lokið verklegum þáttum innan tiltekens námstíma, sagði Runólfur.

Stærsta verkefnið framundan eru svokölluð „starfstengd úrræði“ en markmiðið er að þar skapist 1500 ný störf. Þetta verkefni þarf að nálgast út frá

tveimur hliðum, sagði Runólfur bæði út frá atvinnulífinu og þeim sem eru langtímaatvinnulausir. Stofnkostnaður fyrirtækja vegna nýráðninga af atvinnuleysisskrá verður niðurgreiddur, þannig að búinn er til hagrænn hvati fyrir fyrirtæki til að fjölga starfsmönnum og starfsþjálfun og menntun tryggð, m.a. með samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og aðra fræðsluaðila. Hér er mikilvægt að raunverulega sé verið að fjölga störfum en ekki verið að taka inn fólk af atvinnuleysiskrá og segja þeim upp sem fyrir eru.

Þegar skoðaðar eru tölur Vinnumálastofnunar um árangur þeirra úrræða, sem stofnunin hefur boðið fólki upp á, kemur í ljós að ríflega 60% þeirra sem hafa nýtt sér starfstengd úrræði eru hættir á bótum 3 mánuðum eftir að úrræði lýkur, sagði Runólfur. Virkt samstarf skóla og stjórnvalda við aðila vinnu- markaðarins er vænlegast til árangurs og staðfesta nýlegar rannsóknir það einnig.

Að lokum fjallaði Runólfur um framfærslu fólks í námi. Hann sagði að nauðsynlegt væri að samræma framfærslukerfi LÍN og framfærslu bótakerfa og ef horft væri til framtíðar þurfi nýtt framfærslukerfi fyrir fullorðið fólk í námi. Ef markmið Íslands 2020 um menntastig þjóðarinnar eiga að nást verður að gera fullorðnu fólki kleift að framfleyta sér meðan á námi stendur. Hann sagði að eitt mikilvægasta verkefnið í uppbyggingu landsins væri að gefa öllum tækifæri til að mennta sig því að aðgengi að menntun er aðgengi að því samfélagi sem við búum við.

Umræður um drög að ályktun um stöðu og réttindi atvinnuleitenda

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Félagi verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri, gerði grein fyrir drögum að ályktun um stöðu og réttindi atvinnuleitenda.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Georg Páll Skúlason, Félagi bókagerðarmanna, vísaði í ályktunina og taldi sannarlega mikilvægt að draga fram það sem miður færi í fjárlagafrumvarpinu en að hans mati væri of sterkt að orði kveðið að tala um „sveltistefnu“ og að hreyfingin ætti að vinna með – en ekki gegn – stjórnvöldum í þessum mála- flokki en samvinnan hefur verið nokkuð góð.

Guðmundur Gunnarsson, miðstjórn ASÍ, sagði að í mjög langan tíma hefði verkalýðshreyfingin lagt áherslu á mikilvægi þess að efla starfsmenntun fyrir atvinnulífið. Margt af því sem fram hefði komið í erindi Runólfs hefði verkalýðshreyfingin þegar unnið. Hann lýsti ánægju sinni yfir að aðilar legðu áherslur á mikilvægi sí- og endurmenntunar og að efla möguleika fullorðinna að fara aftur í nám. Ennfremur sagði hann að fram hefði komið, m.a. í máli Harðar, að það vantaði fagfólk í iðn- og tæknigreinum en um leið væri stór hópur fagfólks að flytja úr landi. Meðal rafiðnaðarmanna væru um 10% af

stéttinni farin til útlanda, þetta væru ekki aðilar sem hefðu verið án atvinnu heldur toppfólk með mikla þekkingu og reynslu sem bauðst betri kjör erlendis. Guðmundur sagði að þegar ungt fólk í dag veldi sér starfsvettvang horfði það til starfsþróunar og tækifæra. Meðan það er stöðnun og fjárskortur í tæknigeiranum, sagði hann, þá kemur ekki nýtt fólk þar inn og það er ekki lausn að niðurgreiða vinnuafli með opinberum styrkjum. Frekar ætti að byggja sí- og endurmenntunarkerfið þannig að þeir sem vildu fengju tækifæri til að fara í námsorlof og þá losnaði pláss fyrir aðra. Þannig myndaðist ákveðin hringrás á vinnumarkaði, sagði Guðmundur að lokum.

Sigurður Bessason, Eflingu-stéttarfélagi, sagði langtímaatvinnuleysi vera mjög erfitt og oft á tíðum brjóta einstaklinga algjörlega niður þannig að óttinn við að upplifa höfnun aftur gerði það að verkum að þeir væru tregir að taka vinnutilboðum. Hann sagði að á meðal sinna félagsmanna bætist við um 3% á hverjum mánuði við þann hóp sem verið hefur atvinnulaus í meira en eitt ár og að 63% af þeim sem eru án vinnu hafa verið atvinnulausir í meira en eitt ár. Einnig nefndi Sigurður að 43% félagsmanna Eflingar, sem eru án vinnu, séu af erlendum uppruna, einstaklingar sem hafi valið að fara frá sínu heimalandi til að leita vinnu annars staðar líkt og fjöldi Íslendinga gerir í dag. Sigurður sagði að okkur bæri skylda til sem samfélagi að huga að öllum hópum sem væru atvinnulausir; auðvitað væri mikilvægt að huga að því unga fólki sem væri langtímaatvinnulaust en við mættum ekki gleyma öðrum hópum. Handverksmenntun er það sem við þekkjum best og hefur fært okkur þangað sem við erum, sagði hann, og að mikilvægt sé að stéttarfélögin taki í ríkari mæli að sér þjónustu við atvinnuleitendur.

Jakob Tryggvason, Félagi tæknifólks í rafiðnaði, sagði að í sínu félagi væru um 900 manns og af þeim um 600 með sérhæfða starfseynslu og góða menntun en væru í þeim hópi sem samkvæmt tölum hjá Runólfi væru ekki með framhaldsskólamenntun. Hann sagði frá því að félagið hefði í samvinnu við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þróað raunfærnimatsferli út frá kröfum atvinnulífsins. Ennþá væri þetta kerfi ekki nógu virkt þar sem að það vantaði vottunaraðila en þetta væri nokkuð sem tæknifólk í rafiðnaði horfði á til framtíðar, sagði Jakob.

Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ, sagði raunfærnimatið mikilvægt. Það væru margir hópar sem hefðu farið í gegnum fjölbreytt starfstengd námskeið og nauðsynlegt að vinna að mati á þeirra þekkingu og reynslu. Því næst fjallaði hann um ályktunina, að gera orðalagsbreytingar í annarri setningu þriðju málsgreinar og síðan að breyta upphafi fjórðu málsgreinar.

Björn Snæbjörnsson, Einingu-Iðju, sagðist vera sáttur við ályktunina og samþykkur þeim breytingum sem fram hafi komið. Hann sagðist taka undir orð Sigurðar að mikilvægt væri að stéttarfélögin komi meira að málefnum lang-

tímaatvinnulausra. Hann gagnrýndi Vinnumálastofnun, þar sem hann taldi að þeir sem þangað leituðu fengju ekki nægjanlegar og réttar upplýsingar og ekki síst taldi hann að það vantaði mannlega þáttinn í þjónustu stofnunarinnar; því taldi hann að félögin gætu sinnt sínum félagsmönnum betur. Einnig sagðist hann – með vísan í erindi Runólfs – hafa áhyggjur að því að ef fyrirtæki fengju fólk af atvinnuleysiskrá þá væri þeim sem fyrir eru sagt upp starfi. Þetta er nokkuð sem þyrfti að skoða mög vel og fylgja eftir.

Jóhanna Rúnarsdóttir, VR, sagðist ekki hafa efnislegar athugasemdir við ályktunina en taldi hana nokkuð langa. Hún spurði hvort könnun hefði verið gerð á því hversu oft einstakir atvinnurekendur fengju vinnuafll af atvinnuleysiskrá og létu síðan fólk fara þegar ekki væri lengur veittur styrkur til þessara tímabundnu verkefna. Varðandi fjármögnun menntakerfisins þá var hún sammála því sem fram kom í máli Runólfs að það vantaði meira fjármagn til verklegra greina og taldi að leggja ætti ríkari áherslu strax í grunnskóla á mikilvægi verkmenntunar. Jóhanna sagði að stéttarfélögin stæðu sig vel í að þjónusta sína félagsmenn og sem dæmi nefndi hún að VR hefði gert sérstakt átak strax eftir hrunið til að aðstoða þá félagsmenn sem misstu vinnu og m.a. hefði hún notið góðs af því átaki. Hún var sammála því að stéttarfélögin ættu að taka hluta af þjónustu við atvinnuleitendur eins og fram hefði komið því félögin gætu sannarlega styrkt sína félagsmenn í atvinnuleit.

Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélagi Vesturlands, kom með tillögu um orðalagsbreytingar í ályktuninni um atvinnumál varðandi lokasetningu í síðustu málsgrein.

Már Guðnason, Verkalýðsfélagi Suðurlands, sagðist ekki taka undir þær breytingar sem lagðar væru til í þriðju málsgrein ályktunar um stöðu og réttindi atvinnuleitenda en gerði tillögu um að taka út fyrsta orð í annarri setningu í þriðju málsgreininni. Hann lýsti yfir áhyggjum sínum varðandi þróun vinnumarkaðarins, á hans félagssvæði væri atvinnuleysi að aukast þrátt fyrir að virkjunarframkvæmdir væru í gangi á svæðinu. Hann taldi mikilvægt að skilaboð til stjórnvalda væru skýr og verkalýðshreyfingin ætti að láta í sér heyra á tímum sem þessum.

Ásgerður Pálsdóttir, Stéttarfélaginu Samstöðu, sagði að á Norðurlandi vestra væri mun minna atvinnuleysi en á þéttbýlisstöðum þar sem fólk án atvinnu flytti í burtu. Stéttarfélag hennar væri með þjónustusamning við Vinnumálastofnun og því hefði hún samband við þá félagsmenn sem væru án atvinnu. Hún sagði að þau tengsl, sem stéttarfélagði hefði við sína félagsmenn, væri ómetanlegt og tók undir að margir hefðu kvartað undan ópersónulegu viðmóti Vinnumálastofnunar, sérstaklega væri það fólk af erlendum uppruna sem ætti erfitt með að fá upplýsingar á öðrum tungumálum en íslensku. Stéttarfélagið veitti aftur á móti túlkajónustu og aðra þá þjónustu sem

Þessi hópur félagsmanna hefði þörf fyrir. Einnig sagði hún að samstarf við símenntunarmiðstöðvar á svæðinu væri ekki nýtt sem skyldi en ef hluti af þeirri þjónustu, sem veitt væri fólki í atvinnuleit, færi yfir til stéttarfélaganna þá væri það heillaspor fyrir báða aðila. Að lokum sagði Ásgerður að hún væri samþykk þeim breytingum sem fram hafa komið varðandi ályktunina um stöðu og réttindi atvinnuleitenda en það ætti að láta verkin tala og spara stóryrðin.

Hilmar Harðarson, Félagi iðn- og tæknigreina, fjallaði um stöðu einyrkja og atvinnuleysi þeirra á meðal. Hann sagði að opinber fyrirtæki væru að segja upp ákveðnum stoðþáttum hjá sér og hvetja fólk til verktöku; þetta væru einstaklingar sem væru berskjaldaðir og margir leituðu til stéttarfélaganna til að fá upplýsingar. Stéttarfélögin reyndu hins vegar að hindra þessa gerviverktöku með kjarasamningum og þetta færi illa saman og því þyrfti að huga að þessum hópi. Hilmar sagðist muna eftir tilraunaverkefni, og setti spurningu við hvar það verkefni væri statt, en það fólst í því að farið var með færanlegar kennslustofur á milli grunnskóla með það að markmiði að efla veg verkmenntunar.

Gylfi Arnbjörnsson, ASÍ, sagði að það skipti máli að Atvinnuleysistryggingasjóður verði tekinn út úr ríkissjóði, að sjóðurinn fái að gegna sínu sveiflujöfnunarhlutverki þó svo að hann verði áfram með ríkisábyrgð, þannig hefði afkoma hans ekki jákvæð eða neikvæð áhrif á afkomu ríkissjóð. Aðra ástæðu þess að verkalýðshreyfingin vill sjóðinn út úr ríkissjóði og nær hreyfingunni sagði hann vera að verkalýðshreyfingin hefði strax fyrir tveimur árum getað í samvinnu við atvinnurekendur hafið virkar vinnumarkaðsaðgerðir en það hefði verið stoppað af pólitíkusum sem vildu nýta Atvinnuleysistryggingarsjóð til að sýna hagnað á ríkissjóði. Þriðja atriðið er að þriðjungur þeirra sem verður atvinnulaus velur að vera ekki í stéttarfélagi og þar með missa þessir einstaklingar mikil réttindi, sagði Gylfi; nauðsynlegt væri að stytta leiðina á milli þessa hóps og stéttarfélagsins, því væri mikilvægt að hreyfingin komi að málum atvinnuleitenda.

Klukkan 15:10 var gert kaffihlé.

Klukkan 15:30 var fundi framhaldið.

Afgreiðsla ályktanna formannafundar ASÍ

Signý Jóhannesdóttir, varaforseti ASÍ, kallaði eftir athugasemdum fundarmanna áður en drög að ályktun formannafundar ASÍ um atvinnumál og drög að ályktun um stöðu og réttindi atvinnuleitenda væru bornar upp til atkvæða. Engar athugasemdir komu.

Hún bar upp til atkvæða tillögu að ályktun formannafundar ASÍ um atvinnumál. Fyrst bar hún upp til atkvæða breytingar á síðustu málsgrein þar

sem bætt er við í lok málgreinarinnar „...því að óbreyttu blasir við kyrrstaða í hagkerfinu. Takist okkur að sigrast á yfirstandandi efnahagserfiðleikum getum við á fáum árum byggt upp lífskjör í fremstu röð.“ Hún var samþykkt án mótaskvæða.

Signý Jóhannesdóttir bar upp til atkvæða alla tillöguna með áorðnum breytingum. Hún var samþykkt án mótaskvæða. komin hingað

„Ályktun formannafundar ASÍ um atvinnumál

Fundur formanna aðildarféлага ASÍ telur það forgangsverkefni að auka fjárfestingar til að vinna bug á atvinnuleysi og leggja grunn að verðmætasköpun til framtíðar. Fundurinn krefst þess að ríkisstjórnin grípi þegar til bráðaaðgerða í atvinnumálum og sýni jafnframt fram á hvernig hún hyggst stuðla að auknum fjárfestingum með því að leggja fram nauðsynlegar efnahags- og fjárfestingaráætlanir í samræmi við gefin fyrirheit í síðustu kjarasamningum. Formannafundurinn telur að takist að ná þeim fjárfestingarmarkmiðum sem aðilar vinnumarkaðarins og stjórnvöld hafa í sameiningu sett sér getum við horft með aukinni hjartasýni til framtíðar.

Frá efnahagshruninu haustið 2008 hafa glatast yfir 20.000 störf á íslenskum vinnumarkaði og vinnutími þeirra sem hafa atvinnu hefur dregist saman. Þúsundir hafa flust úr landi og um 12.000 manns byggja afkomu sína á atvinnuleysisbótum. Meirihluti þeirra hefur verið án vinnu í meira en 6 mánuði. Staða atvinnumála er því grafalvarleg og minnir okkur, að þótt árangur hafi náðst í glímunni við ríkisfjármálin eigum við langt í land að takast á við efnahagsáföllin eftir hrunið. Við blasir stöðnun í hagkerfinu og ójafnvægi í afkomu fyrirtækja milli atvinnugreina. Verðbólga er mikil, gengi íslensku krónunnar er enn mjög veikt og fjárfestingar, sem leggja eiga grunn að framtíðarverðmætasköpun, eru í sögulegu lágmarki.

Meginviðfangsefni efnahagsstefnu stjórnvalda verða annars vegar að vera aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf og hins vegar að treysta gengi krónunnar og auka stöðugleika hennar. Við gerð kjarasamninganna í vor settu stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins sér það markmið að draga úr atvinnuleysi og örva hagvöxt á komandi árum með því að auka árlega fjárfestingu úr 200 milljörðum króna í 350 milljarða á ári en aukinn hagvöxtur er jafnframt forsenda þess að krónan styrkist.

Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins ætla sér í sameiningu að vinna að því að auka fjárfestingar um 150 milljarða á ári. Þetta er risavaxið verkefni en okkur verður að takast það ef við ætlum að vinna bug á atvinnuleysi og byggja upp viðunandi lífskjör. Tækifærin liggja víða því við búum yfir mannaúdi og miklum framtíðarmöguleikum við atvinnuuppbyggingu sem getur grundvallast á sjálfbærri nýtingu auðlinda okkar. Við höfum möguleika á því

að verða grænt hagkerfi sem byggir á grænum störfum með því að byggja upp öflugt atvinnulíf á sjálfbærum grunni sem tryggir okkur eftirsóknarverð lífskjör. Til þess að hægt verði að nýta þessi tækifæri verðum við að leggja aukna áherslu á fullvinnslu landbúnaðar- og sjávarafurða okkar í stað útflutnings hráefna eins og nú er. Það kallar á miklar fjárfestingar fyrirtækja í þekkingu, í vörubrúun og markaðssetningu, eðlilegum stuðningi af hálfu stjórnvalda en fyrst og fremst verða stjórnvöld að tryggja okkur frekari aðgang að mörkuðum fyrir fullunnar afurðir þessara undirstöðuatvinnugreina okkar.

Ljóst er að erfiðleikar á alþjóðlegum fjármálamörkuðum sníða okkur þrengri stakk en ella og kalla á frekara frumkvæði stjórnvalda. Leiðin að fjárfestingarmarkmiðunum var vörðuð með samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í vor og mikilvægt er að fylgja henni. Það verða allir að leggjast á árarar. Það gengur ekki að einstaka ráðherrar leggist gegn mikilvægum bráðaáðgerðum í atvinnumálum vegna þess að þær falli ekki að pólitískum rétttrúnaði viðkomandi. Það gengur heldur ekki að Samtök atvinnulífsins hlaupi frá samstarfi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins vegna óþolinmæði og pírings út í ríkisstjórnina. Það er of mikið í húfi til þess að menn geti leyft sér slíkt því að óbreyttu blasir við kyrrstaða í hagkerfinu. Takist okkur að sigrast á yfirstandandi efnahagsferfiðleikum getum við á fáum árum byggt upp lífskjör í fremstu röð.“

Signý Jóhannesdóttir bar upp til atkvæða tillögu að ályktun formannafundar ASÍ um stöðu og réttindi atvinnuleitenda. Fyrst bar hún upp til atkvæða breytingu á orðalagi í fyrstu setningu annarrar málsgreinar þar sem fjallað er um forystu ASÍ um að bæta kjör og réttarstöðu atvinnuleitenda. Hún var samþykkt án mótaskvæða.

Þá bar hún upp til atkvæða orðalagsbreytingu í annarri setningu þriðju málsgreinar þar sem fjallað er um úrræði ríkisstjórnarinnar. Hún var samþykkt án mótaskvæða.

Að lokum bar hún upp til atkvæða orðalagsbreytingu í fyrstu setningu fjórðu málsgreinar þar sem fjallað er um uppgjöf stjórnvalda. Hún var samþykkt án mótaskvæða.

Signý Jóhannesdóttir bar upp til atkvæða alla tillöguna með áorðnum breytingum. Hún var samþykkt án mótaskvæða.

„Ályktun formannafundar ASÍ um stöðu og réttindi atvinnuleitenda

Íslenskt samfélag tekst í dag á við alvarlegar afleiðingar efnahagshrunsins. Ein versta birtingarmynd þess er fækkun starfa og atvinnuleysið sem því fylgir. Heilar atvinnugreinar og landsvæði glíma við mikinn samdrátt á öllum sviðum. Langtímaatvinnuleysi fer vaxandi og bitnar verst á ungu fólki og fólki með litla formlega menntun.

Alþýðusamband Íslands hefur haft forystu um að bæta kjör og réttindi atvinnuleitenda, ásamt því að treysta stöðu þeirra á vinnumarkaði og í samfélaginu. Það hefur verið gert með lengingu bótatímabilsins, auknum sveigjanleika kerfisins og náms- og starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur. Þannig hefur ASÍ varið hag atvinnuleitenda um leið og þeim er gert kleift að búa sig undir virka þátttöku á vinnumarkaði. Samtímis þessu hefur Alþýðusambandið áréttað að forsenda þess að takast á við og uppræta atvinnuleysi er öflugt atvinnulíf sem skapar fjölbreytt og góð störf fyrir alla.

Eftir það sem þó hefur áunnist er sú sýn, sem birtist í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, einkar dapurleg. Úrræðin, sem ríkisstjórnin sjálf hefur fram að færa, eru svikin loford og sveltistefna. Atvinnuleysisbætur eiga ekki að hækka í samræmi við það sem um var samið í vor og í reynd lækka þær að raungildi. Nema á úr gildi bráðabirgðaákvæði um lengingu bótatímabils og setja atvinnuleitendum, sem hafa verið án atvinnu í þrjú ár, tímabundið afarkosti með því að taka af þeim bótaréttinn og vísa á takmarkaðan framfærslustuðning sveitarfélaganna þótt ljóst sé að aðeins hluti þeirra eigi þar einhvern rétt. Um þessa sveltistefnu ríkisstjórnarinnar getur aldrei orðið sátt.

Gegn svikum og uppgjöf stjórnvalda, eins og þau birtast í fjárlagafrumvarpinu, áréttar ASÍ að takast verður á við vandann af framsýni. Læra þarf af reynslunni, þróa og nýta þau úrræði sem gagnast hafa best.

Alþýðusamband Íslands krefst þess að stjórnvöld standi við hækkun atvinnuleysisbóta og lengingu bótatímabils sem lofað var í kjarasamningunum í maí sl. Jafnframt verði gerðar nauðsynlegar lagfæringar á lögnum til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og heimildir vegna úrræða fyrir atvinnuleitendur.

Alþýðusamband Íslands krefst þess að stjórnvöld kviki ekki frá þeirri braut, sem mörkuð var sl. vor og áréttuð var í kjarasamningunum, að efla þjónustu og úrræði fyrir atvinnuleitendur með samþættum aðgerðum á sviði menntunar, starfsþjálfunar og virkni af öðru tagi. Það á sérstaklega við um þann hóp sem farið hefur verst út úr samdrættinum á vinnumarkaði, langtímaatvinnulausa, ungt fólk og launafólk með litla formlega menntun. Þetta á einnig við um þá sem þurfa á endur- og viðbótarmenntun að halda til annarra starfa vegna breytinga í atvinnulífinu. Þá leggur ASÍ áherslu á mikilvægi virkrar og öflugrar vinnumiðlunar.

Það er krafa Alþýðusambandsins að nú þegar verði hrint af stað tilraunaverkefni sem miðar að því að stéttafélögin taki í ríkari mæli að sér framkvæmd atvinnuleysistrygginga, vinnumiðlunar og virkra vinnumarkaðsaðgerða líkt og gert hefur verið með góðum árangri í menntun á vinnumarkaði og starfsendurhæfingu.“

Fundarslit

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði að enginn hefði kveðið sér hljóðs undir liðnum „önnur mál“ og sleit formannafundinum með eftirfarandi hætti.

Hann þakkaði fundarmönnum og samstarfsfólki gott starf. Verkalýðshreyfingin vill axla meiri ábyrgð á og taka virkan þátt í að veita atvinnuleitendum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á, sagði hann. Hann sagði mikla óánægju í samfélaginu vegna hárra vaxta og verðtryggingarinnar og þar geta stjórnvöld haft áhrif og lagt sitt af mörkum til að bæta ástandið. Gylfi sagði að á þessum fyrsta formannafundi samkvæmt nýjum lögum ASÍ hafi verið ákveðið að leggja áherslu á atvinnumálin og því forgangsverkefni að efla fjárfestingar og atvinnu í landinu og bæta stöðu og réttindi atvinnuleitenda. Margir hefðu reyndar furðað sig á því að vextir og verðtrygging hafi ekki verið á dagskrá en það skýrist annars vegar af mikilvægi þess að ná árangri í uppbyggingu atvinnulífsins og hins vegar af því að unnið sé að því á vegum skrifstofunnar að gera viðamikla úttekt á þróun vaxta og verðlags, áhrifa krónunnar og hvaða leiðir séu raunhæfar til að létta undir með heimilunum. Það er mikilvægt að taka ákvarðanir sem eru fólki til hagsbóta, ekki skyndiákvarðanir sem geta einfaldlega farið með fólk úr öskunni í eldinn. Það verður viðfangsefni verkalýðshreyfingarinnar á næstu mánuðum að koma fram með greiningu og tillögur varðandi vexti og verðtryggingu og um það hvernig við getum náð þeim niður. Niðurstöðum þessarar greiningar verða gerð sérstaklega skil á opnum umræðufundum í nóvember eða byrjun desember. Að lokum sagði Gylfi að formenn yrðu boðaðir á fund í janúar í sambandi við endurskoðun kjarasamninga.

Fundi slitið kl. 15:45



Fulltrúar á formannafundi ASÍ 2011

Félag bókagerðarmanna

VM

MATVÍS

Mjólkurfræðingafélag Íslands

Félag hársnyrtisveina

VR

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Verslunarmannafélag Skagafjarðar

Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri

Verslunarmannafélag Suðurlands

Félag íslenskra símamanna

Félag íslenskra rafvirkja

Félag rafeindavirkja

Félag tæknifólks í rafíðnaði

Rafíðnaðarfélag Suðurnesja

Fagfélagið

Félag iðn- og tæknigreina

Georg Páll Skúlason

Guðmundur Þórður Ragnarsson

Níels S. Olgeirsson

Markús Betúel Jósefsson

Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir

Jóhanna Rúnarsdóttir

Guðbrandur Einarsson

Hjörtur S. Geirmundsson

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Guðmundur Gils Einarsson

Grétar B. Guðmundsson

Stefán Sveinsson

Kristján Þórður Snæbjarnarson

Jakob Tryggvason

Georg Grundfjörð Georgsson

Finnbjörn A. Hermannsson

Hilmar Harðarson

Iðnsveinafélag Skagafjarðar
ÞINGIÐN
Félag járníðnaðarmanna, Ísafirði
Félag málmíðnaðarmanna, Akureyri
Efling, stéttarfélag
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verkalýðs- og sjómannafélag
Keflavíkur og nágrennis
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis
Verkalýðsfélag Akraness
Stéttarfélag Vesturlands
Stéttarfélag Vesturlands – Deild LÍV
Stéttarfélag Vesturlands – Deild Samiðn
Stéttarfélagið Samstaða
Samstaða – Deild SSÍ
Verkalýðsfélag Snæfellinga
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Vlf. Vestfirðinga – Deild LÍV
Vlf. Vestfirðinga – Deild Samiðn
Vlf. Vestfirðinga – Deild SSÍ
Aldan, stéttarfélag
Aldan – Deild SSÍ
Eining – Iðja
Framsýn, stéttarfélag
AFL-Starfsgreinafélag
AFL – Deild Samiðn
Drífandi, stéttarfélag
Verkalýðsfélag Suðurlands
Báran, stéttarfélag
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
Miðstjórn ASÍ
ASÍ – UNG

Björgvin J. Sveinsson
Jónas Kristjánsson
Halldór Óli Hjálmarsson
Hákon Hákonarson
Sigurður Bessason
Kolbeinn Gunnarsson

Kristján G. Gunnarsson
Gunnar Vilbergsson
Magnús Sigfús Magnússon
Vilhjálmur E. Birgisson
Signý Jóhannesdóttir
Einar Oddur Pálsson
Guðbrandur Magnússon
Ásgerður Pálsdóttir
Guðmundur Finnbogason
Sigurður A. Guðmundsson
Finnbogi Sveinbjörnsson
Finnur Magnússon
Guðjón Kristinn Harðarson
Sævar Gestsson
Þórarinn Guðni Sverrisson
Ingólfur Arnarsson
Björn Snæbjörnsson
Kristbjörg Sigurðardóttir
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Sigurður Hólm Freysson
Arnar G. Hjaltalín
Már Guðnason
Örn Bragi Tryggvason
Gylfi Arnbjörnsson
Kristín María Björnsdóttir
Sævar Gunnarsson
Stefanía Magnúsdóttir
Guðmundur Gunnarsson
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Faney Helga Friðriksdóttir
Sverrir Mar Albertsson
Björn Ágúst Sigurjónsson
Helgi Einarsson



Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði ef frá er talið tímabilið frá miðjum júní fram í seinni hluta ágústmánaðar ár hvert. Miðstjórn stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga og reglulegra formannafunda eftir því sem við á. Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Á vettvangi miðstjórnar er fjallað um allt það helsta er varðar stefnumótun og starf Alþýðusambandsins og samskipti við aðildarsamtökin, samtök atvinnurekenda, stjórnvöld og aðra aðila er varða starf verkalyðshreyfingarinnar og hagsmuni launafólks. Ákvarðanir eru teknar um meginlínurnar í starfseminni með gerð starfs- og fjárhagsáætlunar sem samþykkt er í byrjun hvers árs. Þá eru áherslur og stefna ASÍ í þeim málum, sem hæst ber hverju sinni, mótaðar og útfærðar frekar á grundvelli samþykktu þinga og reglulegra formannafunda ASÍ.

Fjöldmörg mál komu til kasta miðstjórnar ASÍ á tímabilinu frá september 2011 til september 2012.

Í byrjun árs 2012 afgreiddi miðstjórn starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2012. Starfs- og fjárhagsáætlunin mótar þann ramma, sem starfsemin byggir á, og leggur stóru línurnar varðandi áherslur í starfinu og ráðstöfun

þeirra fjármuna sem Alþýðusambandið hefur til ráðstöfunar hverju sinni.

Eins og undangengin ár hafa efnahags-, atvinnu- og kjaramálin verið fyrirferðarmest í störfum miðstjórnar og verið á dagskrá hvers einasta fundar hennar á tímabilinu. Auk þess hefur ítrekað verið fjallað sérstaklega um málefni atvinnulausra, stöðuna á vinnumarkaði almennt og stöðu heimilanna í landinu í kjölfar hrunsins, lífeyrismálin og húsnæðismálin. Einnig hafa rammaáætlun um náttúrunýtingu, sjávarútvegsmálin og aðildarumsóknin að ESB verið til umfjöllunar svo fátt eitt sé nefnt af því sem miðstjórn hefur fjallað um á tímabilinu.

Miðstjórnin fjallaði um allar tilnefningar af hálfu ASÍ í opinberar nefndir og ráð og umboð fyrir fulltrúa Alþýðusambandsins.

Loks má nefna að undirbúningur fyrir sambandsþing ASÍ 2012 hefur verið á dagskrá miðstjórnar á seinni hluta tímabilsins.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir umfjöllun og ákvörðunum miðstjórnar ASÍ í nokkrum málum á því tímabili sem skýrslan tekur til. Á öðrum stöðum í skýrslunni eru ályktanir miðstjórnar birtar sérstaklega. Þar er einnig fjallað ítarlega um fjölmörg þeirra mála sem voru til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ.

Umfjöllun um efnahags- og atvinnumál og kjaramál

Eins og segir hér að framan var umfjöllun um efnahags-, atvinnu- og kjaramál helsta viðfangsefni miðstjórnar allt tímabilið. Ítrekað var ályktað um þessi mál eins og sjá má í kaflanum hér á eftir.

Umræðan haustið 2011 tengdist mjög fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram í byrjun október. Bent var á að það jákvæða í frumvarpinu væri að dregið væri úr niðurskurði og aðhaldsaðgerðum miðað við árið á undan og jafnframt að það sæist fyrir endann á því að jafnvægi næðist í ríkisbúskapnum. Þrjú atriði, sem komu fram í fjárlagafrumvarpinu, voru þó einkum talin gagnrýnisverð. Í fyrsta lagi tvísköttun á viðbótarlífeyrissparnað einstaklinga umfram 2%. Í öðru lagi 3,5% hækkun bóta samkvæmt frumvarpinu, sem ekki væri í samræmi við það sem samið var um í kjarasamningunum 2011, og jafnframt aðferðina sem boðuð er varðandi lengingu atvinnuleysisbótatímabilsins í 4 ár sem væri hrein sveltistefna. Í þriðja lagi skortur á framsækinni stefnu varðandi framkvæmdir og fjárfestingar sem væri mikilvægur grundvöllur varanlegs hagvaxtar og uppbyggingar atvinnulífsins. Í því sambandi var einnig fjallað um skort á framtíðarsýn varðandi afnám verðtryggingarinnar og lækkun vaxta. Þá kom fram á miðstjórnarfundum hörð gagnrýni á að ekki væri unnið eftir einni samræmdri efnahagsstefnu heldur væri ríkisstjórnin með eina og Seðlabankinn með aðra sem oft á tíðum gengi í öfuga átt. Einnig var efnahags- og viðskiptaráðherra gagnrýndur fyrir að leggja fram sína eigin efnahagsáætlun sem gengi þvert gegn þeim markmiðum sem kjarasamningarnir frá vorinu 2011 byggja á. Þá

var ákveðið að efna til tveggja opinna funda um vaxta- og gjaldmiðlamál þar sem greining og tillögur ASÍ yrðu kynntar. Þá var aðstoðarseðlabankastjóri fenginn á fund miðstjórnar vorið 2012 til að gera grein fyrir viðhorfum bankans til gjaldmiðils- og vaxtamála.

Frá ársbyrjun 2012 fór umræðan í miðstjórn í vaxandi mæli að hverfast um endurskoðun kjarasamninganna. Ákveðið var að kalla saman fund formanna aðildarfélaganna í byrjun árs til að fjalla um stöðuna varðandi endurskoðun samninganna og fá þannig viðhorf þeirra. Samninganefnd ASÍ gekk síðan frá endurskoðun kjarasamninganna síðar í mánuðinum á þeim grunni. Í framhaldinu varð stöðugt meiri þungi lagður á atvinnumálin og mikilvægi þess að tekið yrði á þeim málum af festu af hálfu stjórnvalda, sem voru gagnrýnd fyrir sundurlyndi og stefnuleysi í þessum málaflokki. Sérstök ályktun var samþykkt um þetta efni í mars undir yfyrskriftinni „Það er til mikils að vinna“. Þá var ákveðið að atvinnumálin, í víðasta skilningi, yrðu eitt af þremur meginviðfangsefnum sambandsþings ASÍ í október 2012.

Starfs- og fjárhagsáætlun ASÍ fyrir árið 2012

Starfs- og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2012 var til umfjöllunar á tveimur fundum miðstjórnar ASÍ, þ.e. í desember 2011 og janúar 2011, og staðfest á seinni fundinum. Samkvæmt henni voru þrjú atriði sérstaklega dregin fram:

- Í fyrsta lagi endurskoðun kjarasamninga og eftirfylgni með þeim.
- Í öðru lagi þátttaka í viðræðum um aðild að ESB.
- Í þriðja lagi að vinna með stjórn ASÍ-UNG að stöðu ungliðahreyfingarinnar innan ASÍ.

Málefni atvinnulausra, atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir

Staða atvinnulausra, lög um atvinnuleysistryggingar og virkar vinnumarkaðsaðgerðir hafa ítrekað verið til umfjöllunar í miðstjórn ASÍ. Í tengslum við fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2012 var harðlega gagnrýnd útfærsla á fjórða ári atvinnuleysisbótatímabilsins, sem miðstjórn kallaði „sveltistefnu“, og tókst að hrinda áformum stjórnvalda í þeim efnunum. Hins vegar var gagnrýnt að bætur ættu aðeins að hækka um 3,5% sem ekki var í samræmi við kjarasamningana frá vorinu 2011 að mati ASÍ. Ekki tókst að hrinda þeim fyrirætlunum. Þá var fjórða atvinnuleysisárið til umfjöllunar á fundi miðstjórnar í lok ágúst sl. Fram kom að fyrirhugað væri að fella niður bráðabirgðaákvæðið um fjórða árið um næstu áramót og var það gagnrýnt harðlega. Jafnframt var samþykkt umboð til fulltrúa ASÍ í viðræðum við stjórnvöld og atvinnurekendur um að styðja tímabundna framlengingu ákvæðisins með ákveðnum skilyrðum. Við það

tækifæri voru einnig samþykktar tillögur um frekari lagfæringar á lögum um atvinnuleysistryggingar.

Í skýrslu forseta fyrir árið 2011 er gerð ítarleg grein fyrir stefnumörkun stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í mars 2011, samkomulags sem náðist um þessi efni í tengslum við kjarasamningana í maí 2011 og verkefnið „Nám er vinnandi vegur“ sem hleypt var af stokkunum í framhaldinu. Á vettvangi miðstjórnar var ítarlega fylgst með framgangi verkefnisins og árangrinum af því fagnað. Þá var verkefnið „Vinnandi vegur“, sem gekk út á að afla sérstaklega starfa fyrir allt að 1.500 atvinnuleitendur, einkum langtímaatvinnulausa, til umfjöllunar í miðstjórn sem samþykkti það fyrir sitt leyti. Hins vegar kom fram ákveðin gagnrýni á framkvæmdina af hálfu miðstjórnar. Jafnframt lagði hún áherslu á að efla enn frekar virkar vinnumarkaðsaðgerðir og stuðning við atvinnuleitendur, einkum langtímaatvinnulausa.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninganna í maí 2011 var ákveðið að hrinda af stað sérstöku tilraunaverkefni sem fólst í þjónustu við atvinnulausa þar sem stéttarfélögin og samtök atvinnurekenda fengu ákveðnara og formlegra hlutverk í þeim efnum. Samningur var gerður á milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um nánari útfærslu á verkefninu og fjármögnun þess. Málið var ítrekað til umfjöllunar í miðstjórn og voru stjórnvöld gagnrýnd fyrir slóðaskap við samningsgerðina og fyrirstöðu í málinu. Í janúar náðist loks samkomulag á milli aðila um samning um verkefnið og var hann samþykktur í miðstjórn 25. janúar sl. Í framhaldinu var síðan unnið að stofnun félags til að halda utan um verkefnið af hálfu ASÍ og SA og fékk það heitið „STARF – vinnumiðlun og ráðgjöf“. Þá var í miðstjórn til umfjöllunar samningsgerðin á milli STARFs og stjórnvalda og síðan fyrstu skrefin í starfsemi STARFs eftir að hún fór í gang.

Norræna samfélagslíkanið

Í miðstjórn var fjallað um rannsókn á vegum norrænu verkalýðshreyfingarinnar á mikilvægi víðtæks gildis kjarasamninga og mögulegum áhrifum lögbindingar lágmarkslauna. Þá var á fundi miðstjórnar 7. desember 2011 til umfjöllunar tillaga að stóru norrænu rannsóknarverkefni um nýjar áskoranir og möguleika norræna líkansins sem áætlað er að SAMAK muni standa að. Fram kom að um væri að ræða mjög metnaðarfulla áætlun þar sem stefnt væri að endanlegum niðurstöðum árið 2014. Fyrirhugað er að norska rannsóknarstofnunin FAFO, sem styrkt er af norska alþýðusambandinu, vinni rannsóknina í samstarfi við sérfræðinga í hverju landi fyrir sig. Það var mat miðstjórnar að rannsókn af þessu tagi væri mjög gagnleg fyrir íslenska verkalýðshreyfingu og var samþykkt að ASÍ yrði þátttakandi í verkefninu.

Lífeyrismálin

Lífeyrismálin voru ítrekað til umfjöllunar á vettvangi ASÍ. Í tengslum við fjárlagagerðina var skattlagning á lífeyrissjóðina gagnrýnd harðlega og var m.a. ákveðið að kanna lögmati slíkrar ráðstöfunar. Þá var skýrsla nefndar um málefni lífeyrissjóðanna í aðdraganda og framhaldi af hruninu til ítarlegrar umfjöllunar í miðstjórn eftir útkomu hennar í febrúar 2012. Var af hálfu miðstjórnar lögð áhersla á að ítarlega yrði fjallað um tillögur nefndarinnar til úrbóta á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar og í lífeyrissjóðunum. Þá var fjallað um samræmingu lífeyrisréttinda í framhaldi af yfirlýsingum stjórnvalda og hvernig bæri að standa að því. Loks ákvað miðstjórn að lífeyrismálin yrðu eitt af helstu viðfangsefnum sambandsþings ASÍ haustið 2012 og var stefnumótunarskjal um það efni samþykkt til undirbúnings umræðu á þinginu í júní sl. og það sent út til aðildarfélaganna.

Húsnæðismálin

Húsnæðismálin og endurreisn húsnæðiskerfisins hafa verið eitt af helstu viðfangsefnum miðstjórnar eftir hrunið haustið 2008. Mikil gagnasöfnun og upplýsingavinna hefur farið fram á vettvangi Alþýðusambandsins í því samhengi. Í lok janúar hélt ASÍ morgunverðarfund undir yfirskriftinni „Hvað getum við lært af Dönum? Hvernig má lækka húsnæðisvexti heimilanna?“ Á fundinum var danska húsnæðiskerfið kynnt og fjallað um ýmis viðhorf og hugmyndir um þróun húsnæðiskerfisins hér á landi. Þá ákvað miðstjórn að húsnæðismálin yrðu eitt af helstu viðfangsefnum sambandsþingsins haustið 2012 og var samþykkt umræðuskjal um það efni fyrir þingið í júní sl. Loks má geta að miðstjórn fjallaði ítrekað um vinnu nefndar stjórnvalda sem hafði það hlutverk að gera tillögur um stuðning við einstaklinga vegna íbúðarhúsnæðis. Nefndin ákvað að gera tillögu um húsnæðisbætur, sem koma eiga í stað vaxtabóta og húsaleigubóta. Af hálfu miðstjórnar var lýst yfir stuðningi við tillögur nefndarinnar en þó með ákveðnum fyrirvörum varðandi útfærslu tillagnanna sem miklu skipta um raunveruleg áhrif fyrir einstaklinga.

Velferðarvaktin og fátækt

Á fundi miðstjórnar í byrjun mars var fjallað um starf Velferðarvaktarinnar sem sett var upp af stjórnvöldum í framhaldi af hruninu til að fjalla um afleiðingar þess á velferð einstaklinga og hópa í landinu og koma með tillögur til úrbóta. Lára Björnsdóttir sem stýrt hefur starfi Velferðarvaktarinnar, gerði grein fyrir starfi hennar, hvað það hefur leitt í ljós og tillögum til úrbóta. Fram kom að ákveðnir hópar hafa einkum farið illa út úr hruninu og nefndi Lára sérstaklega:

- Einstæða foreldra/einstæðar mæður
- Öryrkja og einhleyppt láglounafólk

- Fátæka/aldraða (fátækir ungir/fátækir gamlir)
- Innflytjendur sem hafa veikt stuðningskerfi
- Langtímaatvinnulausa

Niðurstaðan af starfi Velferðarvaktarinnar er að ákveðnir hópar búa við raunverulega fátækt og að mikilvægt er að aðstoða þessa hópa sérstaklega. Voru nefnd ýmis úrræði í þessu sambandi. Í lok umræðunnar á fundinum var samþykkt sérsök ályktun um fátækt, mikilvægi þess að viðurkenna tilvist hennar í samfélaginu og takast á við hana með öllum tiltækum ráðum.

1. maí 2012

Á fundi miðstjórnar ASÍ 11. apríl var staðfest að yfirskrift aðgerða verkalýðshreyfingarinnar 1. maí yrði *Vinna er velferð!*

Í ávarpi forseta ASÍ 1. maí gerði hann grein fyrir inntakinu á bak við yfirskrift aðgerðanna:

„Ég óska launafólki um allt land til hamingju með daginn. Fyrsti maí er baráttudagur launafólks og verkalýðshreyfingarinnar allrar. Á þessum degi er hollt að rifja upp elju þess mikla fjölda karla og kvenna sem um árabíl háði harða baráttu fyrir þeim réttindum á vinnumarkaði sem okkur finnst sjálfsögð í dag. Við njótum ósérhlífinnar baráttu þessa fólks í dag.

Á fjórða ár er nú liðið frá hruni bankanna. Þó að ástandið hafi batnað töluvert frá þessum manngerðu hamförum er fjöldi fólks enn í miklum erfiðleikum. Greiðslu- og skuldavandi liggur þungt á mörgum heimilum. Þó að margt hafi verið gert til að greiða úr skuldavandanum þá skiptir í þessu erfiða árferði mestu að hafa vinnu. Tæplega tólf þúsund Íslendingar eru í þeirri stöðu í dag að hafa ekki atvinnu. Við atvinnumissi hrynja eðlilegir afkomumöguleikar, félagsleg tengsl rofna og sjálfsmynd einstaklingsins skaðast. Ofan á þessar persónulegu hremmingar bætist að samfélagið fær ekki notið hæfileika og kunnáttu fjölda einstaklinga.

ASÍ hefur lagt mikla áherslu á það við stjórnvöld að þrátt fyrir erfiða stöðu ríkissjóðs væri brýnasta verkefnið að halda atvinnustiginu uppi. Með því að fólk héldi vinnunni væru líkur á persónulegu efnahagshruni takmarkaðar þótt efnahagslíf þjóðarinnar væri í lægð. ASÍ hefur komið fram með ýmsar hugmyndir í þessu sambandi. Ein var að fá lífeyrissjóði til að fjármagna samfélagslega mikilvægar og hagkvæmar framkvæmdir þar sem litið yrði til óhefðbundinna fjármögnunarleiða sem ekki myndu íþyngja ríkissjóði. Það voru mikil vonbrigði að stjórnarflokkarnir skyldu nálgast hugmyndir um einkaframkvæmdir með gamaldags viðhorfum. Afleiðingin er sú að mun minna hefur orðið úr framkvæmdum t.d. í veg- og jarðgangagerð en vonir okkar stóðu til.

Tillaga stjórnarflokkanna að Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða er sama merki brennd. Hún er forsenda fyrir því að hægt sé að gera

áætlanir um uppbyggingu orkufrekrar en umhverfisvænnar atvinnustarfsemi. Eftir að mikil og góð vinna hafði verið lögð í verkið var dapurlegt að sjá málið þynnast út í bakherbergjum stjórnarflokkanna með niðurstöðu sem er ekki í samræmi við þá faglegu vinnu sem áður hafði verið unnin.

Bankarnir hafa tekið sér alltof langan tíma að koma með kröftugri hætti að endurskipulagningu á skuldum heimila og fyrirtækja. Þessi seinagangur hefur orðið til þess að heimilin – sem kaupendur – og fyrirtækin – sem framleiðendur – eru lengur en ella að koma sér upp úr öldudalnum. Við erum því enn að glíma við sama vandann í atvinnumálum og frá því skömmu eftir hrún. Hér hefur engin fjölgun orðið á störfum frá 1. ársfjórðungi 2009 til 1. ársfjórðungs 2012.

Alþýðusambandið hefur barist fyrir því frá upphafi kreppunnar að fjárfest væri í því fólki sem misst hefur vinnuna. Það er best gert með því að efla þau menntunar- og starfsþjálfunarúræði sem standa atvinnuleitendum til boða. Þannig nýtist tíminn í atvinnuleit til uppbyggingar og líkurnar á að komast aftur til vinnu aukast. Á þessu sviði hefur náðst mikill árangur og til að mynda tókst ASÍ í kjarasamningum fyrir einu ári að sjöfalda þá upphæð sem fer til menntunar- og virkniúræða fyrir atvinnuleitendur. Og það verður haldið áfram á sömu braut því að nú í byrjun maí fer í gang tilraunaverkefni þar sem þjónusta við atvinnuleitendur verður færð nær stéttarfélagunum þegar nokkur þeirra taka að sér þjónustu við atvinnuleitendur sem hefur verið í höndum Vinnu- málafundunar. Markmiðið með verkefninu er að efla vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónustu við atvinnuleitendur með því að nýta tengslanet hreyfingarinnar við atvinnulífnið og auka þannig líkurnar á að fólk finni nýtt starf.

Ísland er land tækifæra. Hér er mikill mannauður og ríkulegar auðlindir af náttúrunnar hendi. Við höfum hugvít, hrein matvæli til lands og sjávar, endurnýjanlega orku og land sem er eftirsóknarvert að heimsækja. Hér eru því allar forsendur til að fjölga störfum verulega á næstu árum. En þá verða stjórnvöld og atvinnulífnið að hafa kjark til að nýta af skynsemi og hógværd þær auðlindir sem við eigum. Þau verða að hafa kjark til að fara nýjar leiðir þegar kemur að fjármögnun samfélagslega hagkvæmra framkvæmda. Til að innviðir samfélagsins styrkist og það öryggisnet, sem við viljum hafa, þéttist verðum við Íslendingar að nýta allar vinnufærar hendur. Velferð einstaklingsins er háð því að hafa vinnu til að sjá sér og sínum farborða. Eins er það vinna einstaklinganna sem er forsenda uppbyggingar samfélagsins sem við lifum í. *Vinna er velferð!*“

Stuðningur við ýmsa aðila

Alþýðusambandið styrkir líknar- og góðgerðarfélög á hverju ári um sem nemur rúmri einni milljón króna. Er leitast við að dreifa þessum styrkjum sem víðast. Auk þessa hefur ASÍ styrkt jólaúthlutun Hjálparstarfs kirkjunnar,



Samastarfssamningur við Jafningjafræðsluna undirritaður

Rauða krossins og Mæðrastyrksnefndar um hálf milljón króna fyrir jólin undanfarin ár. Aðstoðin fer fram um allt land m.a. með úthlutun á matvælum og fatnaði til þeirra sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum.

Alþýðusamband Íslands og Jafningjafræðslan hafa unnið saman undanfarin sumur. Samvinna ASÍ og Jafningjafræðslunnar hófst árið 2009 og hefur það tekist afar vel. Leiðbeinendur Jafningjafræðslunnar uppfræða 13-15 ára krakka í Vinnuskóla Reykjavíkur, Vinnuskóla Kópavogs og Vinnuskóla Sel-tjarnarness um verkalýðshreyfinguna og helstu réttindamál á vinnumarkaði. Í staðinn styrkir ASÍ starf Jafningjafræðslunnar fjárhagslega. Alþýðusambandinu er heiður að því að koma að því góða starfi sem Jafningjafræðslan ynnir af hendi en Jafningjafræðslan er forvarnarstarf unnið af ungu fólki þar sem fræðslan byggist á að bæta sjálfsmynd unga fólksins. Rætt er um vinnuréttindi, vímuefni, átraskanir, kynlíf, kynferðisofbeldi, samkynhneigð, einelti, fordóma og fleira forvarnartengt. Jafningjafræðslan nær til 3-4000 ungmenna á hverju sumri á aldrinum 13-15 ára.

Saga ASÍ

Á fundi miðstjórnar í janúar 2012 voru kynnt drög að útgáfusamningi á milli ASÍ og Forlagsins um útgáfu á sögu ASÍ í tveimur bindum síðar á árinu 2012.



Gylfi Arnbjörnsson og Egill Örn Jóhannsson framkvæmdastjóri Forlagsins undirrita útgáfusamning vegna sögu ASÍ.

Miðstjórn samþykkti samninginn fyrir sína hönd og var hann undirritaður skömmu síðar. Unnið hefur verið á grundvelli samningsins síðan og er verið að leggja lokahönd á verkið til prentunar.

Formannafundur ASÍ 2011

Á fundi miðstjórnar 7. september var staðfest að reglulegur formannafundur ASÍ 2011 samkvæmt lögum sambandsins yrði haldinn 26. október í Reykjavík. Jafnframt var ákveðið að meginviðfangsefni formannafundarins að þessu sinni yrðu atvinnumálin þar sem annars vegar yrði fjallað um stöðu atvinnumála og uppbyggingu til að auka atvinnu og hins vegar um aðgerðir og úrræði til að bæta stöðu og virkni atvinnulausra. Auk framlags af hálfu ASÍ yrði leitað til aðila utan sambandsins sem hefðu áhugaverða sýn á þróun atvinnumála. Þá var á fundinum fjallað um ýmis framkvæmdaatriði í tengslum við formannafundinn enda í fyrsta skipti sem slíkur fundur er haldinn samkvæmt nýsamþykktum lögum ASÍ.

Gerð er frekari grein fyrir formannafundinum á öðrum stað í skýrslunni.

Ólögmæt vinnustöðvun útvegsmanna

Á fundi miðstjórnar 13. júní sl. voru til umfjöllunar ólögmæt vinnustöðvun LÍÚ og viðbrögð ASÍ við henni. Á fundinum var lagt fram minnisblað um málið og aðkomu ASÍ og Starfsgreinasambands Íslands að því. Í niðurlagi minnisblaðsins segir um framhaldið: „Af hálfu Starfsgreinasambandsins hefur verið óskað eftir að aðildarfélög þess fylgist með launagreiðslum til félagsmanna sem starfa við fiskvinnslu. Komi í ljós að starfsmenn fyrirtækja, sem eiga aðild að LÍÚ, hafi orðið fyrir tekjutapi vegna aðgerða LÍÚ mun verða leitað allra leiða til að fá skaðann bættan og þá væntanlega á vettvangi Félagsdóms.“

Málefni útlendinga á vinnumarkaði

Á fundi miðstjórnar í lok ágúst sl. var lagt fram minnisblað þar sem gerð er grein fyrir vinnu sem innanríkisráðherra hefur sett í gang og gengur út á að samín verði heildstæð löggjöf um aðgengi 3ju ríkisborgara að íslensku samfélagi og vinnumarkaði. Niðurstaðan úr umræðum miðstjórnar var að Alþýðusambandið beiti sér af fullum þunga til að sú vinna, sem nú er farin í gang, verði stöðvuð sem fyrst og efni málsins metið frá grunni. Að öðrum kosti er hætta á að hér verði gerð afdrifarík mistök sem stórkostlega geta skaðað vinnumarkaðinn og launafólk sem þar starfar, bæði Íslendinga og útlendinga sem hingað koma til starfa. Þessi afstaða miðstjórnar byggði á að lýsa má megináherslum tillagnanna í tveimur setningum. Vikið er í mjög veigamiklum atriðum frá þeim vinnumarkaðssjónarmiðum, sem hafa verið megininntak laga um atvinnuréttindi útlendinga og hafa haft þann tilgang að tryggja ákveðinn stöðugleika og réttindi á vinnumarkaði. Þá er ekki gert ráð fyrir neinni aðkomu verkalyðshreyfingarinnar eða aðila vinnumarkaðarins að undirbúningi og framkvæmd löggjafarinnar.

Þing ASÍ 2012

Á fundi miðstjórnar 10. nóvember 2010 var samþykkt að stefna að því að þing ASÍ, samkvæmt breyttum lögum sambandsins, verði dagana 17.–19. október 2012. Í janúar 2012 var haldinn sérstakur hugarflugsfundur miðstjórnar um hver ættu að vera helstu viðfangsefni þingsins og hvaða skipulag ætti að hafa varðandi umræðuna og stefnumótun á þinginu. Á fundi miðstjórnar í seinni hluta febrúar var síðan ákveðið á grundvelli niðurstaðna hugarflugsfundarins að málefni, sem undirbúin yrðu til umfjöllunar á þinginu, yrðu atvinnumál í víðum skilningi, velferðarmálin með sérstakri áherslu á húsnæðismál og loks lífeyrismálin. Einnig var samþykkt gerð um verklagið í tengslum við þingið og undirbúning þess. Í júní voru síðan send út umræðuskjöl af hálfu miðstjórnar til umfjöllunar fyrir þingið.

Ályktanir miðstjórnar

Ályktun um réttindi almenns launafólks 23. nóvember 2011

Í maí átti ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna aðkomu að gerð kjarasamninga ASÍ og SA sem síðar urðu forskrift að flestöllum kjarasamningum á íslenskum vinnumarkaði. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 segir orðrétt:

Stjórnvöld munu endurskoða bætur almannatrygginga með hliðsjón af niðurstöðum kjarasamninga milli ASÍ og SA þannig að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjarabóta og um verður samið í kjarasamningum.

Það eru sjö mánuðir síðan ríkisstjórnin gaf þetta loforð. Samkvæmt fyrrenfdum kjarasamningum eiga lægstu laun og þar með bætur að hækka um 6,5% 1. febrúar 2012. Í bandormi ríkisstjórnarinnar, sem nú liggur fyrir Alþingi, kemur fram að ríkisstjórnin hefur ákveðið einhliða að bætur hækki aðeins um helming af því sem um var samið í kjarasamningunum. Það þýðir að atvinnuleysisbætur hækka aðeins um 3,5% eða 5.500 kr. en ekki 11.000 kr. Ríkisstjórnin, sem kennir sig við velferð, ætlar þannig ekki aðeins að svíkja eigin loforð heldur einnig snupra þá sem lökust hafa kjörin í okkar þjóðfélagi. Og þar með er ekki öll sagan sögð.

Þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir og mótmæli verkalýðshreyfingarinnar ætlar ríkisstjórnin að halda til streitu svokölluðu þriggja mánaða sveltímabili langtímaatvinnulausra. Það þýðir að þeir sem hafa verið atvinnulausir í þrjú og hálf t ár falla af bótum í þrjá mánuði áður en réttur þeirra endurnýjast og þá aðeins í 3 mánuði. Hvað fólk á að gera í þessa þrjá mánuði til að lifa af getur ríkisstjórnin ein svarað. Þetta er ómanneskjuleg framkoma sem minnir helst á hreppaflutninga fyrr á öldum. Ríkið fírrar sig ábyrgð og vísar atvinnuleitendum á framfærslu annarra.

Enn ein atлага ríkisstjórnarinnar að íslensku launafólki er fyrirhuguð skattlagning á lífeyrissjóði. Með slíkri aðgerð er ríkisstjórnin grímulaust að skerða lífeyrisréttindi launafólks á almennum markaði. Það er verið að lækka framfærslu þúsunda Íslendinga. En að sjálfsögðu bara þeirra sem hafa starfað á almennum markaði. Opinberir starfsmenn halda sínu að fullu, sem fyrr.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hafnar alfarið síendurteknum árásum ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur á íslenskt launafólk. Ef ríkisstjórnin fer fram með þær hugmyndir, sem hér hafa verið reifaðar, mun henni verða svarað af fullri hörku.

Ályktun um atvinnumál (rammaáætlun um orkunýtingu) 7. mars 2012

Miðstjórn ASÍ lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu atvinnumála. Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru 11.452 án atvinnu í janúar og horfur í efnahags- og atvinnumálum eru ekki góðar. Útlit er fyrir litlar fjárfestingar og takmarkaðan hagvöxt næstu árin sem ekki dugar til að vinna bug á því mikla atvinnuleysi sem við búum við, hvað þá að skapa störf fyrir þá sem hafa flutt af landi brott. Þá eru vaxandi líkur á því að fyrirtæki leggi aukna áherslu á hagræðingu og fækkun starfsmanna til að mæta erfiðri stöðu.

Miðstjórn ASÍ telur mikilvægt að stjórnvöld bregðist við þessari stöðu með öllum tiltækum ráðum. Mikilvægt er að nýta þau tækifæri, sem landsmenn búa að í formi vatnsorku og jarðhita, til að byggja upp fjölbreytt og samkeppnishæft atvinnulíf með aukna áherslu á „græn störf“. Slíkt ber að gera með sjálfbærum hætti í samræmi við niðurstöður verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði.

ASÍ styður þau drög að þingsályktun um rammaáætlun sem kynnt voru sl. haust enda byggðu þau á margra ára faglegru vinnu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar. Óhófleg töf hefur orðið á afgreiðslu málsins, þrátt fyrir að ríkisstjórnin hafi í yfirlýsingu frá því í maí 2011 heitið því að hún yrði afgreidd á haustþingi 2011. Niðurstöður verkefnisstjórnar lágu fyrir 6. júní 2011, drög að þingsályktun, sem byggði á faglegru vinnu verkefnisstjórnarinnar, lá fyrir 19. ágúst 2011 og umsagnarferli um drögin lauk 11. nóvember 2011. Síðan hefur ekkert gerst og er málið í sjálfheldu vegna togstreitu á milli stjórnarflokkanna. Þetta eru með öllu óásættanleg vinnubrögð.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að þingsályktun um rammaáætlun, sem byggir á faglegum niðurstöðum verkefnisstjórnarinnar, verði þegar lögð fyrir Alþingi. Miðstjórnin hvetur Alþingi til að afgreiða rammaáætlunina svo fljótt sem kostur er. Þannig geta stjórnvöld lagt orkufyrirtækjunum til nauðsynlegan grundvöll fyrir sínum fjárfestingaráformum og skapað raunhæfar forsendur fyrir fjölgun starfa, auknum tekjum og auknu innstreymi gjaldeyris. **Það er til mikils að vinna!**

Ályktun um fátækt 7. mars 2012

Miðstjórn ASÍ lýsir áhyggjum sínum yfir vaxandi fátækt á Íslandi. Það er skylda okkar að taka með afgerandi hætti á vanda þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem standa höllum fæti í samfélaginu.

Í umræðu um skuldamál heimilanna hefur gleymst að á Íslandi er ört stækkandi hópur fólks sem býr við fátækt. Í hópi öryrkja, meðal eldri borgara og þeirra sem hafa verið lengi atvinnulausir eru margir svo illa staddir fjárhagslega að þeir hafa vart ofan í sig né á, hvað þá að þeir geti leyft sér hluti sem

gerir þeim kleift að vera virkir þátttakendur í okkar samfélagi. Margar efnalítlar fjölskyldur búa í leiguhúsnæði þar sem húsaleiga hefur hækkað gríðarlega á meðan húsaleigubætur hafa staðið í stað síðan í maí 2008.

Rannsóknir sýna að fátækt meðal einstæðra foreldra er einnig mikil og fer vaxandi. Í þessum stóra hópi fátækra fjölskyldna elst nú upp mikill fjöldi barna. Við viljum byggja þjóðfélag þar sem öll íslensk börn eiga sömu möguleika til mennta og tólmstunda. Því er ekki að heilsa í dag.

Þetta er ekki það nýja Ísland sem við viljum sjá rísa úr efnahagshruninu. Vaxandi fátækt er smánarblettur sem þjóðin verður að má burt sem fyrst. Það á að vera forgangsmál að allir þegnar landsins geti lifað mannsæmandi lífi. Miðstjórn Alþýðusambandsins hvetur stjórnvöld til að grípa til markvissra aðgerða í baráttunni gegn fátækt á Íslandi.

Ályktun vegna fyrirhugaðrar opunar verslana 1. maí, 24. apríl 2012

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega fyrirætlunum verslanamiðstöðva og fleiri að hafa búðir opnar á 1. maí, baráttudegi verkalýðsins. Dagurinn er frídagur verslunarfólks eins og alls annars launafólks á Íslandi og hefur svo verið um áratugaskeið. Miðstjórnin hvarf allar tilraunir til að breyta þessu og hvetur neytendur til að sniðganga verslanir sem hafa opið þennan dag.

Ályktun um Framtakssjóð Íslands 24. apríl 2012

Miðstjórn ASÍ lýsir andstöðu sinni við þá ákvörðun ársfundar Framtakssjóðs Íslands að hækka stjórnarlaun sjóðsins úr 100 þús. kr. á mánuði í 180 þús. kr. Það er skoðun miðstjórnar að þessi ákvörðun sé ekki bara úr takti við þann veruleika sem almennt launafólk býr við heldur fer hún algerlega gegn þeim markmiðum sem Alþýðusamband Íslands hefur sett um siðferði og samfélagslega ábyrgð í ákvörðunum lífeyrissjóðanna.

Í kjölfar hrunsins 2008 hefur mikil umræða átt sér stað innan verkalýðshreyfingarinnar um ábyrgð lífeyrissjóðanna gagnvart almennum sjóðsfélögum þegar kemur að ákvörðunum um launakjör stjórnenda þeirra fyrirtækja sem sjóðirnir fjárfesta í. Ársfundir ASÍ hafa ítrekað ályktað í þá veru að sjóðirnir beiti sér gegn því að ofurlaunakerfið verði tekið upp aftur og er þessi ákvörðun því í andstöðu við þá stefnumörkun. Miðstjórn ASÍ studdi á sínum tíma stofnun Framtakssjóðs á þeirri forsendu að hann myndi gegna mikilvægu hlutverki í endurreisn atvinnulífsins. Undanfarið hafa einstakar ákvarðanir stjórnar sjóðsins ekki verið í samræmi við væntingar miðstjórnar ASÍ um ný og breytt vinnubrögð til að endurheimta traust almenns launafólks.

Miðstjórn ASÍ hvetur fulltrúa launafólks í stjórnnum þeirra lífeyrissjóða, sem starfa á grundvelli kjarasamnings ASÍ og SA, að krefjast þess að þessi ákvörðun um stjórnarlaun verði afturkölluð og jafnframt að sett verði fram skýr

hluthafastefna af hálfu Framtakssjóðsins varðandi aðkomu hans að ákvörðunum um laun stjórna og stjórnenda þeirra fyrirtækja sem fjárfest verður í. Aðeins þannig verður hægt að skapa nauðsynlega ró um starfsemi þessa mikilvæga sjóðs og leggja grunn að því að skapa traust og trúverðugleika launafólks og sjóðsfélaga gagnvart starfsemi lífeyrissjóðanna.

Ályktun um fjárlagafrumvarpið 26. september 2012

Miðstjórn ASÍ krefst þess að ríkisstjórn og Alþingi tryggi að kjör þeirra tekjulægstu dragist ekki aftur úr kjörum annarra hópa. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir að þeir sem hafa verið án atvinnu lengur en fjögur ár missi rétt til atvinnuleysisbóta og þurfi því að leita eftir fjárhagsaðstoð frá sínu sveitarfélagi, að atvinnuleysisbætur hækki einungis um rúmar 5.400 kr. Þegar almennir launataxtar hækka um 11.000 kr. Þá er hvorki gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga hækki til samræmis við hækkun almennra launataxta né heldur er gert ráð fyrir fjármagni til að draga verulega úr tekjutengingum milli lífeyrissjóða og almannatrygginga.

Miðstjórn ASÍ minnir á að ríkisstjórnin lofaði við gerð síðustu kjarasamninga að beita sér fyrir því að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hækkuðu til samræmis við almennar taxtahækkanir. Miðstjórnin skorar á ríkisstjórn og Alþingi að standa við gefin loford.



Efnahagsmál

Efnahagslífið er að taka við sér á ný eftir eitt mesta samdráttarskeið á síðari tímum. Landsframleiðsla jókst um 2,6% í fyrra eftir að hafa dregist saman um ríflega 10% frá hruni. Þjóðarbúið er að komast fyrir vind í mörgum veigamiklum málum, búið er að koma böndum á fjármál ríkisins og sveitarfélaganna, bankarnir komnir á legg á ný, staðan á vinnumarkaði fer hægt batnandi, verðbólga fer minnkandi og hjól atvinnulífsins eru byrjuð að snúast af meiri krafti en undanfarin ár. Stórverkefni bíða samt sem áður enn úrlausnar eins og aflétting gjaldeyrishafta og ICESAVE-deilan. Stefnt er að því að gjaldeyrishöftunum verði aflétt fyrir árslok 2013 og búist er að niðurstaða fáiast í ICESAVE í október.

Þrátt fyrir jákvæð teikn um bata í þjóðarbúinu er batinn byggður á viðkvæmum grunni, einkaneyslu og fjárfestingum, og lítið má bera út af til að bakslag verði. Fjárfestingar hafa vaxið hægar en vonir stóðu til auk þess sem vöxtur útflutnings hefur ekki staðist væntingar þrátt fyrir veika krónu og auknar veiðiheimildir.

Efnahags- og atvinnumál hafa eins og undangengin ár verið í brennidepli og hefur umfjöllun um þau verið drjúg á vettvangi miðstjórnar. Miðstjórn hefur margoft lýst yfir áhyggjum um þróun og stöðu efnahags- og atvinnumála og þá sérstaklega hversu hægt gangi að koma framkvæmdum á forræði ríkisins í gang.

Hagdeild ASÍ hefur einnig tekið virkan þátt í umræðunni eins og fyrri ár

og hefur m.a. gefið út skýrslur um horfur og þróun í efnahagsmálum. Í október 2011 var gefin út skýrslan „Horfur í efnahagsmálum 2011–2014“ sem innihélt m.a. spá um þróun helstu hagstærða. Deildin gaf síðan út tvær endurskoðanir á hagspánni, þá fyrri í janúar og þá seinni í maí 2012.

Á vetrarmánuðum stóð ASÍ fyrir fundaröð um íslensku krónuna, vexti og húsnæðiskerfið. Voru fundirnir vel sóttir og skapaðist góð og málefnaleg umræða í kjölfarið. Nánar er fjallað um fundaröðina í kaflanum um velferðarmál.

Hagur heimilanna vænkast

Staða heimilanna hefur batnað nokkuð frá því í fyrra en staða marga þeirra er þó enn þröng. Aðgerðir stjórnvalda til aðstoðar skuldugum heimilum, endurgreiðslur vegna ofgreiddra afborgana af gengistryggðum lánum og útgreiðsla á séreignarlífeyrissparnaði hafa létt undir með heimilum en miklar skuldir og erfitt atvinnuástand hafa vegið upp á móti. Endurskipulagning á fjármálum, niðurfærsla á skuldum og endurútreikningur á erlendum skuldum heimilanna hafa leitt til þess að skuldastaða heimila hefur lagast umtalsvert frá því árið 2009 þegar hún var einna verst. Í fyrra minnkuðu skuldir heimilanna um 6% eða um 118,7 milljarða króna samkvæmt tölum frá ríkisskattstjóra. Horfur eru á að staða heimilanna haldi áfram að vænkast með batnandi atvinnuástandi. Nánar er fjallað um stöðu heimilanna í kaflanum um velferðarmál.

Helstu kennitölur

| Hlutfallsleg magnbreyting | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011* |
|--------------------------------|------|-------|-------|-------|-------|-------|------|-------|
| Hagvöxtur | 7,8 | 7,2 | 4,7 | 6,0 | 1,2 | -6,6 | -4,0 | 2,6 |
| Verðbólga | 3,2 | 4,0 | 6,8 | 5,0 | 12,4 | 12,0 | 5,4 | 4,0 |
| Kaupmáttur launa | 1,4 | 2,6 | 2,6 | 3,8 | -3,7 | -7,3 | -0,6 | 2,6 |
| Atvinnuleysi ¹ | 3,1 | 2,1 | 1,3 | 1,0 | 1,6 | 8,0 | 8,1 | 7,4 |
| Einkaneysla | 7,0 | 12,7 | 3,6 | 5,7 | -7,8 | -15,0 | 0,0 | 2,7 |
| Samneysla | 2,2 | 3,5 | 4,0 | 4,1 | 4,6 | -1,7 | -3,4 | -0,9 |
| Fjármunamyndun | 28,7 | 34,4 | 24,4 | -12,2 | -20,4 | -51,4 | -8,6 | 12,8 |
| Útflutningur | 8,4 | 7,5 | -4,6 | 17,7 | 7,0 | 7,0 | 0,6 | 4,1 |
| Innflutningur | 14,5 | 29,3 | 11,3 | -1,5 | -18,4 | -24,0 | 4,5 | 6,8 |
| Víðskiptajöfnuður ² | -9,8 | -16,2 | -23,8 | -15,7 | -18,0 | -0,3 | -2,1 | -1,1 |
| Landsfr.á mann | 6,6 | 6 | 1,8 | 3,6 | -1,3 | -6,5 | -3,6 | 2,2 |

Heimild: ASÍ, Seðlabanki, Hagstofa, Vinnuálastofnun

¹ Hlutfall atvinnuleusra af heildarfjöldar á vinnumarkaði.

² Án banka í gjaldprotameðferð, hlutfall af landsframleiðslu

* Bráðabirgðatölur

Bætt staða heimilanna og aukin kaupmáttur þeirra endurspeglast í aukinni neyslu þeirra. Eftir samfelldan samdrátt frá hrúni tók neysla heimilanna að aukast á ný undir lok árs 2010 og hefur neysla heimilanna haldið áfram að aukast og var vöxturinn um 2,7% á síðasta ári. Flest bendir til þess að neysla heimilanna haldi áfram að vaxa á þessu ári þótt heldur hægi á vextinum.

Fasteigamarkaðurinn er að glæðast að nýju, íbúðaverð hefur hækkað og íbúðafjárfestingar hafa tekið við sér með bættri stöðu heimilanna. Í fyrra jukust íbúðafjárfestingar um 8,5%. Að mestu má rekja þann vöxt til endurnýjunar og endurbóta á eldra húsnæði en á yfirstandandi ári eru vísbendingar um að það séu nýbyggingar sem drífi vöxtinn áfram.

Viðsnúningur í fjárfestingum

Viðsnúningur varð í heildarfjárfestingum á síðasta ári og tóku þær að vaxa á ný eftir fjögurra ára samfelldan samdrátt.

Vöxtur fjárfestinganna var að mestu drifinn áfram af stóriðjuframkvæmdum og tengdum orkuframkvæmdum en framkvæmdir við endurbætur á álverinu í Straumsvík og tengdum orkuverum komust á fullt skrið í fyrra. Atvinnuvegafjárfestingar hafa tekið við sér að nýju eftir mikinn samdrátt og jukust atvinnuvegafjárfestingar um ríflega fjórðung í fyrra sem er nokkuð minni vöxtur en vonir stóður til. Fyrirhuguðum framkvæmdum við kísilver í Helguvík var ítrekað frestað uns þær voru slegnar út af borðinu. Þessu til viðbótar hafa orðið tafir á framkvæmdum við endurbætur á álverinu í Straumsvík og áfram ríkir mikil óvissa um framhald framkvæmda við álverið í Helguvík.

Mikill samdráttur hefur verið í fjárfestingum ríkis og sveitarfélaga á undan- gengnum árum og hafa þær dregist saman um ríflega helming. Fjárfestingar ríkis og sveitarfélaga héldu áfram að dragast saman í fyrra og drógust saman um 19%. Horfur eru á að fjárfestingar ríkisins taki að aukast á þessu ári og næsta ári, m.a. vegna Vaðlaheiðarganga og byggingar nýs fangelsis á Hólmsheiði.

Þrátt fyrir viðsnúning í fjárfestingum hefur það valdið vonbrigðum hvað hann hefur verið hægur. Sérstaklega hefur það valdið vonbrigðum hvað fjárfestingar á forræði ríkisins hafa látið á sér standa en ítrekaðar tafir hafa orðið á ýmsum þessara verkefna, svo sem á gerð Vaðlaheiðarganga, byggingu nýs fangelsis og byggingu nýs háskólasjúkrahúss. Þau virðast þó mörg vera að fara í gang og eru framkvæmdir við Vaðalheiðargöng byrjaðar. Auk þess sem nefnt hefur verið hér á undan ríkir óvissa um ýmsar stóriðjuframkvæmdir sem hafa verið í umræðunni. Vaxandi óvissa um þróun efnahagsmála í heiminum hefur breytt forsendum sumra þessara verkefna, tafið þær eða ýtt þeim út af borðinu.

Þessu til viðbótar hefur gengið illa að ná sátt um afgreiðslu Rammaáætlunar um nýtingu og verndun vatnsafls og jarðvarma og hefur það aukið á óvissuna um frekari virkjanaf framkvæmdir og uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Í tengslum við kjarasamninga vorið 2011 hétu stjórnvöld því að beita sér fyrir því að áætlunin yrði afgreidd frá Alþingi fyrir árslok 2011. Það gekk hins vegar ekki eftir og hefur áætlunin enn ekki verið afgreidd frá Alþingi en vonir standa til að hún verði kláruð nú á haustmánuðum.

Eftir mikinn samdrátt í kjölfar efnahagshrunsins var hlutfall fjárfestingar af

landsframleiðslu komið í sögulegt lágmark árið 2010 eða í 12,8%. Í tengslum við kjarasamninga vorið 2011 settu aðilar vinnumarkaðarins, SA og ASÍ, og stjórnvöld sér það markmið að koma fjárfestingarhlutfallinu upp í 20% fyrir lok samningstímans, árslok 2013. Nokkuð hefur þokast í rétta átt og var hlutfallið komið í 14% í fyrra. Það er þó enn nokkuð langt í land og þurfa fjárfestingar að aukast um 120 milljarða til ársloka 2013 til að markmiðið náist.

Aðhald í fjármálum ríkis og sveitarfélaga

Staða hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, fer hægt batnandi. Það hefur verið krefjandi verkefni að laga fjármál þeirra að breyttum aðstæðum eftir hrun en árangurinn er að koma í ljós. Halli hins opinbera hefur farið á skömmum tíma úr 200 milljörðum króna árið 2008, í tæplega 89 milljarða króna árið 2011 eða úr 13,5% af landsframleiðslu í 5,4% af landsframleiðslu. Umsvif ríkisins og sveitarfélaga hafa að sama skapi dregist mikið saman. Í fyrra héldu þau áfram að dragast saman en mun minna en undangengin ár. Útgjöld hins opinbera til samneyslu, þ.e. útgjöld ríkissjóð og sveitarfélaga vegna launagreiðslna og kaupa á vörum og þjónustu, drógust saman um 0,9% borið saman við 3,4% árið þar á undan. Ríkið skar niður um 3,6% (ríkið og almannatryggingar) en útgjöldin jukust á hinn bóginn hjá sveitarfélögunum um 4,3%. Skýrist þessi breyting að miklu leyti af yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Bætt afkoma ríkis og sveitarfélaga skýrist fyrst og fremst af auknum tekjum í kjölfar skattkerfisbreytingar sem gerðar hafa verið á undanföllum árum, batnandi atvinnuástands, lengri vinnutíma og hærri launa. Tekjur hins opinbera jukust nokkuð á síðasta ári eða um 6,6%. Einnig hefur tekist að koma böndum á útgjöldin en þau drógust saman um tæp 3% frá árinu 2010.

Staða ríkissjóðs batnar

Staða ríkisins hefur verið erfið undangengin ár en farið batnandi þrátt fyrir ýmis áföll. Í fyrra nam halli ríkissjóðs um 89 milljörðum króna eða um 5,4% af landsframleiðslu sem er umtalsvert betri afkoma samanborið við árið þar á undan en þá var hallinn 144 milljarðar eða sem nemur 9,4% af landsframleiðslu. Þrátt fyrir þetta var halli í fyrra nokkuð meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir árið 2011 en þar var gert ráð fyrir 37 milljarða halla. Að mestu skýrist munurinn af ófyrirsjáanlegum útgjöldum upp á 32 milljarða vegna Sparisjóðs Keflavíkur og niðurfærslum á eignarhlut ríkisins í Byggaðstofnun og Nýsköpunarsjóði.

Í fyrra námu heildartekjur ríkisins 486 milljörðum króna og hækkuðum um 5% á milli ára meðan heildarútgjöld drógust saman um 4% og voru 576 milljarðar í fyrra. Útgjöldin lækkuðu hins vegar meira eða um 10% ef horft er fram hjá ófyrirsjáanlegum útgjöldum. Hækkun tekna skýrist að mestu af auknum skatttekjum og tryggingagjöldum en þau hækkðu um 7,6% í fyrra.

Samkvæmt efnahagsáætlun stjórnvalda, sem var endurskoðuð í fyrrasumar er stefnt að því að ná jákvæðum frumjöfnuði, þ.e. jöfnuði þegar undan eru skilin vaxtagjöld og vaxtatekjur á yfirstandandi ári, og jákvæðum heildarjöfnuði árið 2014. Til þess að ná þessum markmiðum þarf áfram að gæta aðhalds í ríkisbúskapnum og halda vel á spöðunum þrátt fyrir batnandi efnahagslíf. Það gæti hins vegar reynst erfitt þar sem Alþingiskosningar eru næsta vor og sagan segir að oft slaknar á aðhaldi í ríkisbúskapnum á kosningarári.

Halli sveitarfélaga minnkar

Afkoma sveitarfélaganna í heild hefur batnað nokkuð á síðustu árum. Árið 2011 nam samanlagður halli sveitarfélaganna um 5 milljörðum eða 0,3% af landsframléiðslu samanborið við 13 milljarða halla árið 2010 eða 0,8% af landsframléiðslu. Staða sveitarfélaganna er hins vegar mjög misjöfn og skuldsetning margra þeirra mikil og greiðslubyrði lána há. Mörg sveitarfélög glíma því enn við að ná endum saman.

Heildartekjur sveitarfélaganna hækkuðu um 9% á síðasta ári og á sama tíma hækkuðu heildarútgjöld um 4,5%. Heildarskatttekjur sveitarfélaganna hækkuðu um tæpa 17 milljarða eða um 12%, en fjárframlög frá ríkinu drógust lítillega saman. Útsvarstekjur er stærsti einstaki tekjuliður sveitarfélaganna og hækkuðu þær um tæpa 18 milljarða í fyrra eða um 17%. Skýrist hækkunin að mestu leyti af 1,2 prósentustiga hækkun á útsvarsprósentu en útsvarsprósentan var hækkuð í fyrra vegna tilfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Á móti lækkaði tekjuskattsprósentan um 1,2 prósentustig. Fasteignaskattar lækkuðu hins vegar í fyrra eða um tæpan milljarð. Heildarútgjöld sveitarfélaganna jukust um 4,5% í fyrra og vega samneysluútgjöld sveitarfélaganna (þ.e. launaútgjöld og útgjöld vegna kaupa á vörum og þjónustu) þyngst og jukust þau um tæpa 11 milljarða eða um tæp 7%. Á sama tíma drógust heildarfjárfestingar sveitarfélaganna saman líkt og undangengin ár.

Viðskiptakjör rýrna

Undanfarin ár hefur veik króna og lágt raungengi stutt við samkeppnis- og útflutningsgreinarnar og bætt samkeppnisstöðu þeirra gagnvart erlendum keppinautum. Það hefur því valdið vonbrigðum hvað útflutningur hefur vaxið lítið. Í fyrra jókst útflutningur um ríflega 4,1%; þar af jókst vöruútflutningur um 1,3% en umtalsverður vöxtur var í þjónustuútflutningi eða 9,3%. Mikinn vöxt þjónustuútflutnings má eins og fyrri ár rekja til vaxtar í ferðaþjónustu.

Þrátt fyrir veika krónu þá hélt innflutningur áfram að aukast í fyrra. Jókst heildarinnflutningur um 6,8%; þar af jókst vöruinnflutningur um ríflega 5% og þjónustuinnflutningur um tæp 9%. Vaxandi kaupmáttur heimilanna og auknar fjárfestingar yta undir innflutning.

Þrátt fyrir að vöxtur í útflutningi hafi verið minni en vonir stóðu til var myndarlegur afgangur af viðskiptum við útlönd með vörur og þjónustu. Miklar fjármagnsgreiðslur til útlanda vógu hins vegar upp á móti og þegar upp var staðið var halli á heildarviðskiptum við útlönd, eða um 1%, ef horft var fram hjá fyrirtækjum í slitameðferð. Til samanburðar var hallinn á heildarviðskiptum við útlönd um 2% í fyrra mælt með sama hætti.

Undir lok síðasta árs dró heldur úr hagvexti í helstu viðskiptalöndum Íslands og hefur sú þróun haldið áfram á fyrri hluta þessa árs. Skuldavandi nokkurra ríkja í Evrópu hefur valdið vaxandi óvissu um þróun efnahagsmála í löndunum í kringum okkur og hefur það haft áhrif á þróun verðs á helstu útflutningsafurðum landsins. Til að mynda hefur álverð í erlendri mynt lækkað um fjórðung frá því í júlí í fyrra. Eins hefur dregið úr verðhækkunum á sjávarafurðum en verð á þeim hækkaði mikið fram til í nóvember í fyrra en hefur lækkað um 1,7% frá þeim tíma.

Verð á útflutningsafurðum landsins hefur mikil áhrif á viðskiptakjör, þ.e. kaupmátt útflutnings til kaupa á vörum og þjónustu frá útlöndum, svo og á verð á innfluttum vörum og þjónustu. Í fyrra rýrnuðu viðskiptakjör nokkuð eða um 1,7% samanborið við 6% viðskiptakjarabata árið á undan. Að mestu má rekja rýmun viðskiptakjara í fyrra til mikillar hækkunar á innflutningsverði fram yfir verðhækkun á útflutningsverði. Allt bendir til þess að viðskiptakjör haldi áfram að rýrna á yfirstandandi ári vegna mikillar lækkunar á álverði.


Dregur úr verðbólgu

Í upphafi síðast árs var verðbólga mjög lág eða 1,8% en hækkaði síðan og náði hámarki í apríl sl. í 6,4%. Heldur hefur dregið úr verðbólgunni síðan og mældist 12 mánaða verðbólgan 4,1% í ágúst 2012. Aukna verðbólgu í fyrra og framan af þessu ári má að miklu leyti rekja til veikingar krónunnar en krónan veiktist um 8% frá janúar 2011 til apríl 2012. Þegar krónan tók að styrkjast á ný í apríl hægði á verðbólgunni.

Síðustu 12 mánuði skýra verðhækkunar á opinberri þjónustu, annarri þjónustu, húsnæði, bensíni og búvörum án grænmetis stærsta hluta verðbólgunnar. Af þeim 4,1% hækkunum, sem orðið hafa á verðlagi frá því í ágúst í fyrra, má rekja tæpt 1 prósentustig til hækkunar á ýmsum þjónustuliðum og 0,75 prósentustig til hækkunar á opinberri þjónustu. Fasteignaverð hefur farið hækkandi undanfarna mánuði og skýra þær hækkunar um 0,6 prósentustig af hækkun verðbólgunnar. Verðhækkunar á bensíni og búvörum án grænmetis vega nokkuð minna en í fyrra en þær skýra hvor um sig ríflega 0,3 prósentustiga hækkun á verðbólgu.

Erfitt er að meta verðbólguhorfur á næstu mánuðum en þær ráðast mikið af þróun gengis krónunnar. Búast má við að gengi krónunnar veikist á ný á haust-

Verðbólga 2004-2012




og vetrarmánuðum þegar dregur úr gjaldeyrisinnstreymi vegna erlendra ferðamanna og verðbólga aukist í kjölfarið. Einnig má búast við að íbúðaverð haldi áfram að hækka á næstu misserum og ýti þannig undir verðbólguna. Mikil óvissa ríkir um innflutningsverð á olfu og öðrum hrávörum en verð þessara vara ræðst af efnahagsframvindu í löndunum í kringum okkur en vísbendingar eru um að matvæla-verð í heiminum muni hækka á næstu mánuðum m.a. vegna uppskerubrests víða í heiminum.

Sveiflur á genginu

Gengi krónunnar hefur sveiflast nokkuð síðustu misseri. Framan af síðasta ári styrktist gengið nokkuð en tók að veikjast á ný um mitt sumar. Hélt krónan áfram að veikjast fram á þetta ár og náði lágmarki í apríl sl. og fór gengisvísitalan, miðað við þrönga viðskiptavog, lægst í 230,4 stig. Frá þeim tíma hefur krónan styrkst verulega eða um tæp 10%; mest í júlí síðastliðnum. Þegar þetta er skrifað í ágúst 2012 stendur gengisvísitalan í tæpum 214 stigum og hefur krónan heldur gefið eftir nú undir lok ágústmánaðar. Má rekja það til þess að hægt hafi á innflæði gjaldeyris vegna erlendra ferðamanna.

Mikill afgangur af viðskiptum við útlönd og gjaldeyrihöft ættu að öllu jöfnu að skila sér í sterkari krónu en framan af vetri veiktist krónan mikið. Nokkrar ástæður hafa verið nefndar fyrir veikingu krónunnar, m.a. hafi íslensk fyrirtæki og opinberir aðilar greitt niður erlendar skuldir og Seðlabankinn hafi keypt á gjaldeyri, sem hvor tveggja hefur veikt krónuna. Þegar leið á árið dró aftur úr endurgreiðslum á erlendum lánnum og þrýstingur á krónuna minnkaði ásamt því að Seðlabankinn herti gjaldeyrihöftin í vor. Hefur hvor tveggja orðið til þess að dregið hefur úr útstreymi gjaldeyris frá landinu. Á

Gengisvísitala krónunnar 2004-2012



sama tíma jókst innstreymi á gjaldeyri vegna erlendra ferðamanna sem hefur stutt myndarlega við krónuna.

Eins og áður ríkir mikil óvissa um þróun gengis krónunnar. Efnahagsframvinda í löndunum í kringum okkur ræður miklu þar um svo og almenn efnahagsframvinda hér á landi.

Seðlabankinn hefur áfram tekið nokkur varfærin skref í átt að afléttingu gjaldeyrishafta. Hafa þau skref aðallega miðast að því að kanna áhuga erlendra krónueigenda á að hverfa með fjármuni sína úr landi eða binda fjármuni sína í langtímaverkefnum hér á landi. Nokkur umræða hefur átt sér stað um næstu skref í afléttingu haftanna sem – samkvæmt lögum sem sett voru á Alþingi um gjaldeyrismál í fyrrahaust – á að vera búið að aflétta þeim fyrir árslok 2013. Mörg verkefni eru enn óleyst og ljóst er að langur tími getur liðið þar til höftunum verður aflétt að fullu.

Stýrivextir hækka

Frá því í ágúst í fyrra hefur Seðlabanki Íslands hækkað stýrivexti fimm sinnum, samtals um 1,5 prósentustig, og eru stýrivextir nú 5,75%. Rökuðu Seðlabankans fyrir hækkunum hefur verið veik staða krónunnar og mikil verðbólga vegna vaxandi útstreymis gjaldeyris. Nauðsynlegt hafi verið að sporna gegn þessari þróun með hækkun vaxta og auknum vaxtamun milli Íslands og nágrennalandanna. ASÍ hefur gagnrýnt þessar aðgerðir harkalega og talið að þær vinni gegn markmiðum kjarasamninga frá því í maí 2011 og þeirri atvinnuuppbyggingu sem vonast var eftir.

Meðal annars gagnrýndi forseti ASÍ vaxtahækkun Seðlabankans í mars sl. Sagði hann vaxtahækkun Seðlabankans vera óskiljanlega þar sem mikill slaki væri enn í hagkerfinu, mikið atvinnuleysi, fjárfestingar í sögulegu lágmarki og lítil teikn um þenslu. Peningastefnunefnd Seðlabankans hefði við þessar aðstæður hins vegar talið rétt að slá á þenslu og hækka vexti. Með þessari aðgerð hefði bankinn beinlínis unnið gegn markmiðum kjarasamninga frá því í maí 2011, sem eru þau að slá á atvinnuleysi, auka verulega fjárfestingar og atvinnuuppbyggingu og auka hagvöxt á samningstímanum. Eftir þessa vaxtahækkun væru minni líkur en meiri á að unnt verði að ná markmiðum kjarasamninganna.

Það ræðst af þróun gengis íslensku krónunnar og hvort Seðlabankinn muni halda áfram að hækka stýrivexti sína á næstu mánuðum. Hratt lækkandi verðbóga og mikil styrking krónunnar á sumarmánuðum minnkar líkur á frekari vaxtahækkunum í bráð.

Verðlagseftirlit ASÍ

Verðlagseftirlit ASÍ er hluti af reglubundnu starfi skrifstofu Alþýðusambandsins og hefur það hlutverk að veita neytendum upplýsingar um verðlag og verðþróun á helstu neytendamörkuðum. Með þessu er skapað aðhald og samkeppni aukin til að koma í veg fyrir óhóflegar verðhækkningar.

Sem fyrr hefur verðlagseftirlitið lagt mesta áherslu að fylgjast með verðlagi og verðþróun á matvörumarkaði enda hefur sá liður mikil áhrif á útgjöld heimilanna. Í fyrra voru gerðar breytingar á reglum um verðmerkingar á kjötvörum og ostum sem fólust í að ekki má lengur forverðmerkja pakkningarnar. Verðlagseftirlitið hefur fylgst með verðþróun þeirra í yfir eitt ár og hefur ályktað að verðmunur þessara matvara sé að aukast. Verðlagseftirlitið hefur á starfsárinu gert verðkannanir í öllum helstu matvöruverslunum víða um land í samstarfi við aðildarfélög ASÍ.

Síðastliðið ár eða frá 1. september 2011 til 1. september 2012 hefur verðlagseftirlitið gert eftirfarandi kannanir:


10 kannanir á matvöruverði í lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum um allt land:

- 3 kannanir á vörukörfunni
- 2 kannanir á verðlagningu apóteka
- 2 kannanir á fiskmeti
- 2 kannanir á umfelgun
- 1 könnun á jólabókum
- 1 könnun á nýjum og notuðum skólabókum
- 1 könnun á þjónustu efnalauga

Þar fyrir utan hefur verðlagseftirlitið tekið saman breytingar á gjaldskrár hjá 15 stærstu sveitarfélögum landsins. Eftirfarandi gjaldskrár voru skoðaðar: leikskólagjöld, skóladaðgivistun, útsvar og fasteignagjöld. Einnig heldur verðlagseftirlitið utan um upplýsingar um raforkukostnað. Nýtt á árinu er að verðlagseftirlitið tók saman upplýsingar um gjaldskrá nokkurra sumarnámskeiða ungmenna í byrjun sumars og einnig um verð í sund hjá stærstu sveitarfélögum landsins.

Vörukarfa ASÍ

Verðlagseftirlitið mælir reglulega verð á vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunarkedjum landsins í þeim tilgangi að skoða hvernig verð þróast hjá einstaka verslunum. Verðlagseftirlitið birti í mars sl. niðurstöður mælinga frá upphafi mælinga, eða frá apríl 2008. Helstu niðurstöður samanburðarins er að vörukarfa ASÍ hefur hækkað um 21–55%. Karfan hefur hækkað meira hjá lágvöruverslunum en öðrum verslunum. Mesta hækkun á þessu tímabili er hjá Bónus um 55%, hjá Samkaupum-Strax um 53%, hjá Nettó um 50%, hjá 11/11 um 48%, hjá Krónunni um 46%, hjá 10/11 um 39%, hjá Samkaupum-Úrval um 37% og hjá Nóatúni um 23% en minnst hækkaði verslunin Hagkaup eða um 21%. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hækkaði verð á mat- og drykk í vísitölu neysluverðs um 38% á sama tímabili. Vörukarfan inniheldur allar almennar mat- og drykkjarvörur, t.d. brauðmeti, morgunkorn, pasta, kjöt, fisk, grænmeti, ávexti, pakkavörur, kaffi, gos, safa, auk hreinlætis- og snyrtivara.





Kjaramál

Líðið ár hefur lítið verið um gerð kjarasamninga en mikil vinna hefur farið í að fylgja eftir fjölmörgum ákvæðum og bókunum samninga og einnig hefur mikil vinna verið unnin í tengslum við endurskoðunarákvæði kjarasamninganna en á forsenduákvæðin reyndi í janúar 2012.

Endurskoðun kjarasamninga

Samkvæmt forsenduákvæði kjarasamninga á almennum vinnumarkaði skyldi sérstök forsendunefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá ASÍ og tveimur fulltrúum frá SA, koma saman í byrjun janúar 2012 og fjalla um hvort eftirfarandi forsendur kjarasamninganna hefðu gengið eftir fyrir tímabilið 1. mars 2011 til 31. desember 2011:

1. Kaupmáttur launa hafi aukist á tímabilinu desember 2010–desember 2011 og á tímabilinu desember 2011–desember 2012 samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
2. Verðlag hafi haldist stöðugt á samningstímanum og að verðbólga verði innan við 2,5% í desember 2012 m.v. sl. 12 mánuði.
3. Að gengi krónunnar hafi styrkst marktækt frá gildistöku samningsins til loka árs 2011 og að gengisvísitala íslensku krónunnar verði innan við gild-

ið 190 í desember 2012 miðað við meðalgengi Seðlabanka Íslands (þröng viðskiptavog).

4. Að stjórnvöld hafi staðið við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu- og félagsmálum, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana 5. maí 2011.

5.

Víðtækt samráð fór fram innan hreyfingarinnar um það hvernig standa ætti að endurskoðun kjarasamninganna. Boðað var til fundar formanna aðildarféлага ASÍ þann 5.1.2012 til að ræða forsendur kjarasamninga. Fram kom á fundinum að efnahagslegar forsendur stæðust ágætlega en þegar kom að loforðum ríkisstjórnarinnar, sem sett voru fram í sérstakri yfirlýsingu 5. maí í tengslum við gerð kjarasamninganna, vantaði mikið á efndir. Á fundinum var dreift meðfylgjandi minnisblaði um stöðu yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 5.5.2011.

Minnisblað um stöðu yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar við gerð kjarasamninga 5.5.2011

11.01.2012

| Verkefni | Lýsing á verkefni | Hvað hefur verið gert | Staða |
|---|--|--|------------------------------|
| I Efnahagsstefnan | | | |
| Efnahagsáætlun | Stefnt er að því að efnahagsáætlun, sem byggir á sameiginlegum áherslum aðila eins og þær koma fram m.a. í þessari yfirlýsingu, verði kynnt samhliða því sem endurskoðuð ríkisfjármálastefna verður lögð fram og áherslur í peningamálum verða skýrðar. | Lögð fram haust 2011 – samráð litið | Málinu lokið |
| Peningastefna | Boðað er samráð við aðila vinnurmarkaðarinnar um mótnu nýrri peningastefnu og við endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands. | Ekkert gerst í málinu og litið samráð | Ekki í samræmi við fyrirheit |
| Losun gjaldveyrifahta | Áætlunin kemur til framkvæmda eftir því sem fjármálastöðugleiki og aðrar aðstæður leyfa. Mikilvægt er að höfum verði ekki við haldið tengur en brýna nauðsyn ber til. | Málið gengið hægt og litið samráð | Í samræmi við fyrirheit |
| II Bætur almannatrygginga og persónuafsláttur | | | |
| Bætur lífeyrisþega og atvinnulausa hækki með hlöðstæðum hætti og karasamningar. | Bætur lífeyrisþega og atvinnulausa hækki með hlöðstæðum hætti og karasamningar. | Við þetta var staðið 1. Júní með 8,1% hækkun. Hækkun aðeins 3,5% um áramót í stað 6,5% | Ekki í samræmi við fyrirheit |
| Barna- og vaxtabætur | Tekju- og eignatenging vaxtabóta og barnabóta verður endurskoðuð í tengslum við framlagningu fjárlagafrumvarps fyrir árið 2012. | Ekki gert | Ekki í samræmi við fyrirheit |
| Breytingar á persónuafslátti | Persónuafsláttur verðtryggður frá ársbyrjun 2012. | Lögfest sl. umar að persónuafsláttar að nýju | Málinu lokið |
| Breytingar á persónuafslátti | Stjórnvöld lýsa sig reiðubúin til að skoða mögulega hækkun á krónutölu persónuafsláttar eða igildi hennar í formi lækkunar skatthlutfalls í lægsta skattþrepi frá árslokum 2013, sbr. fyrirheit þar um í fyrri yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga | Ekki reynt á málið | Ekki reynt á fyrirheit |
| III Starfskilyrði atvinnulífsins | | | |
| Tryggingagjald og atvinnutryggingagjald | Gjöldin lækkuð með minnkandi atvinnuleysi. | Gjöldin eru lækkuð í samræmi við fyrirheit | Málinu lokið |
| Atvinnuleysistryggingar – fyrirkomulag | Tilraunaverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur. | Starfshópur er að útfæra verkefnið en málið dregist úr hófi | Ekki í samræmi við fyrirheit |
| Svört atvinnustarfsemi | Átaksverkefni til að sporna gegn svartri atvinnustarfsemi. | Farið í verkefnið „Leggur þú bitt af mörkum?“ | Í samræmi við fyrirheit |
| Bættir viðskiptahættir | Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á lögum um félag til að stemma stigu við misnotkun félaga með takmarkaða abyrgð og fyrir breytingum á lögum um skráningu félaga í því skyni að koma í veg fyrir starfsemi aðila sem hafa ítrekað, af ásetningu eða vanrækslu, rekið félag í þrot. | Ekkert hefur komið fram um að verið sé að vinna í málinu | Ekki í samræmi við fyrirheit |
| Réttarstaða launafólks við aðilaskipti | Stjórnvöld beiti sér fyrir lagabreytingu. | Lög samþykkt í sept. | Í samræmi við fyrirheit |
| Framkvæmd útboðsmála | Stjórnvöld beiti sér fyrir breytingum á lögum um opinber innkaup til þess að tryggja betur eðlilegt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks. | Málið hefur dregist úr hófi | Ekki í samræmi við fyrirheit |
| IV Sókn í atvinnumálum – fjáræstingar | | | |
| Hagvaxtar- og fjáræstingaráætlun | Markmiðum um stíghækkandi fjáræstingarihlutfall verði fylgt eftir með sérstakri hagvaxtar- og fjáræstingaráætlun. | Ekkert hefur komið fram um að verið sé að vinna í málinu | Ekki í samræmi við fyrirheit |
| Opinberar framkvæmdir | Ráðist í allmörg verkefni 2011 og 2012. | Í eðlilegum farveg | Í samræmi við fyrirheit |
| | Unnið er útfærslu tillagna um vegframtakvæmdir á SV-landi með sérstakri fjármögnun. Skipaður verði starfshópur með fulltrúum ASÍ, SA, fjármála- og innanríkisráðuneytis. | Málamyndasamráð áður en málið var stegið út af borðinu | Ekki í samræmi við fyrirheit |
| Sókn í orku- og iðnaðarmá | Stefnt er að því að frumvarp til laga um verndar- og nýtingarætlun vegna virkjunar falvatna og háhitavæða verði afgreitt á vorþingi. | Lög samþykkt á vorþingi 2011 | Í samræmi við fyrirheit |

| | | | | |
|---|---------------------------------|--|--|-----------------------------|
| | | Rammaáætlun verður lögð fram á næstu vikum og fer í viðeigandi ferli. Stjórnvöld stefna að því að hún verði afgreidd á næsta haustþingi. | Drög að rammaáætlun komin fram til kynningar en hefur ekki verið lögð fyrir alþingi | Ekki í samræmi við fyrirlit |
| | | Stjórnvöld greiði götu þess að lífeyrissjóðir geti tekið beinan þátt í fjárfestingum og/eða fjármögnun orkuverkefna og skapi til þess viðeigandi umgjörð. | Frumvarp lagt fram í júní án samráðs og ágreiningur um innihald frumvarpsins. Málið ekki afgreitt. | Ekki í samræmi við fyrirlit |
| | Hvatt til fjárfestinga | Auka beina erlenda fjárfestingu hér á landi og ryðja burt hindrunum sem helst standa í vegi hennar og taka mið af niðurstöðum nefndar Iðnaðarráðherra um stefnumótun fyrir beinar erlendar fjárfestingar. | Ekki hefur komið fram um að verið sé að vinna í málinu | Ekki í samræmi við fyrirlit |
| | | Til greina kemur að framlegja Atakið <i>Allir vinna</i> | Endurgreiðsla VSK var framlengd en frádráttur frá tekjuskatti einstaklinga felður niður | Ekki í samræmi við fyrirlit |
| | Vinna úr skuldum fyrirtækja | Unnið verði hratt úr skuldum stórra sem smárra fyrirtækja. Hugað verði sérstaklega að endumati á regluverki fjármálamarkaðsins í þessu sambandi. Þá þarf að halda áfram umbótum á fjármálamarkaði með það að markmiði að laga stærð og uppbyggingu fjármálamarkaðsins að þörfum atvinnulífsins og stilla áhættu í hóf. | Unnið hefur verið að málinu og þrýst á bankana | Í samræmi við fyrirlit |
| | Nýsköpun | Átak til að fjölga ferðamönnum fyrir vetrartímann. | 300 mill.kr. framlag tryggt til næstu þrjúggja ára | Í samræmi við fyrirlit |
| | | Klasasamstarf og efling samkeppnisjóða á sviði menntamála, heilbrigðis- og velferðarmála, orku- og umhverfismála. | Málið hefur verið í skoðun, en engar ákvarðanir teknar | Ekki í samræmi við fyrirlit |
| | | Stjórnvöld munu leita leða til að efla Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins til fjárfestinga í sprotafyrirtækjum og gera Tæknipróunarsjóði kleift að aðstoða fyrirtæki í hugbúnaðar- og hátækni til að auka útflytningu á næstu þremur árum. | Ekki hefur komið fram um að verið sé að vinna í málinu | Ekki í samræmi við fyrirlit |
| V Menntamáli og vinnumarkaðsúrræði | | | | |
| | Bráðaaðgerðir | Framhaldsskólum verður gert kleift að taka inn haustið 2011 þúsund sjúklinga yngri en 25 ára sem uppfylla skilyrði. | Útfært vorið 2011 og hrint í framkvæmd | Málinu lokið |
| | | Tryggt verður að þeim sem hafa lokið raunfærnimati vorið 2011 gefist kostur á námi á framhaldsskólastigi haustið 2011. | Útfært vorið 2011 og hrint í framkvæmd | Málinu lokið |
| | | Þeim sem eru 25 ára og eldri verður gefinn kostur á úrræðum í framhaldsfræðslu. | Í vinnslu | Í samræmi við fyrirlit |
| | | Aukið raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf. | Í vinnslu | Í samræmi við fyrirlit |
| | | Heildstætt nám í fjarkennslu verður í boði á framhaldsskólastigi. | Í vinnslu | Í samræmi við fyrirlit |
| | | Sköpuð námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu tvö skólaár þar á eftir í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og í framhaldsfræðslu. | Útfært vorið 2011 og hrint í framkvæmd | Málinu lokið |
| | | Aðgengi atvinnuleitendur og fyrirtækja að starfstengdum úrræðum verði bætt og umsýsluferki einfaldað. Starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur fjölgað um 1.500. | Í vinnslu | Í samræmi við fyrirlit |
| | Aðgerðir til næstu þrjúggja ára | Vinna við vottun náms og við gerð gæðakerfis til að gera skil framhaldsskóla og framhaldsfræðslu verði sveigjanlegri þannig að nemendur geti með einfaldari hætti fengið metnaðfangna sem teknir eru innan framhaldsfræðslu og raunfærni til eininga. | Verkið ekki hafið | Ekki reynt á fyrirlit |
| | | Mennta- og menningarmálaráðuneytið er að hefja vinnu að endurskoðun laga um LÍN. Verður haft samráð við aðila vinnumarkaðsins um það verkefni. | Verkið ekki hafið, þ.e. eiginlegt samráð | Ekki reynt á fyrirlit |
| | | Stofnendur verður þróunarsjóður til að efla starfstengt nám á framhaldsskóla- og háskólastigi og þróa styttri námsbrautir. Í hann verði lagðar 300 milljónir á ári næstu þrjú árin. | Verkið ekki hafið, þ.e. eiginlegt samráð | Ekki reynt á fyrirlit |
| | | Jafnframt verður samstarf fyrirtækja og skóla um starfstengt nám aukið og tryggt að nemendur geti lokið verklegum þáttum náms innan tilskilins námstíma. | Í vinnslu | Ekki reynt á fyrirlit |
| | | Vinnustaðanámssjóði verða tryggðar 150 m.kr. á fjárlögum 2012 til að mæta kostnaði vegna starfsnáms á vinnustað. | Í fjárlögum | Málinu lokið |
| VI Lífeyrismál, starfsendurhæfing og húsnæðismál | | | | |
| | Lífeyrismál | Áfram verður unnið að samræmingu lífeyrirréttinda í starfshópi sem skipaður var á grundvelli stöðugleikasáttmáls með þátttöku allra aðila á vinnumarkaði. Þessu starfi hefur miðað vel og er stefnt að því að niðurstaða fáið fyrir 1. september nk. og að breytingar verði kynntar Alþingi fyrir þinglok. | Litið gerst í málinu | Ekki í samræmi við fyrirlit |
| | | Vandi opinberu lífeyrissjóðanna. Nýlega var skipaður samráðshópur samtaka opinberra starfsmanna og fjármálaráðherra til að gera tillögu um hvernig það verður gert. Haft verður samráð við ASÍ og sveitarfélögin um breytingar á réttindum þeirra félagsmanna sambandsins sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum. | Ekki gerst í málinu | Ekki í samræmi við fyrirlit |
| | | Jöfnun áunninna réttinda milli almenna og opinberra vinnumarkaðsins. Gæti t.a.m. falið í þátttöku ríkisins í ingreiddslum til að jafna uppávið lífeyrirréttindi í almenna kerfinu þegar aðstæður í ríkisfjármálum leyfa og þá á 10 – 15 ára tímabili. Stjórnvöld lýsa síuðubúin til skipa þegar í stað starfshóp með fulltrúum ASÍ, SA og fjármálaráðherra til að gera tillögu um hvernig það verði gert og skal hann skila niðurstöðum fyrir lok september 2011 sem verði lagðar fyrir Alþingi. | Litið er í málinu. Álogur á lífeyrissjóðina færa okkur fjar árangri | Ekki í samræmi við fyrirlit |
| | Starfsendurhæfing | Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því að lögfest verði skylda allra launagreiðenda til greiðslu 0,13% lögjalds til Starfsendurhæfingarsjóðs. Enn fremur komi til jafnhátt lögjald frá lífeyrissjóðunum. | Lög afgreidd í júní og framlengd í desember. | Í samræmi við fyrirlit. |
| | | Velferðarráðherra mun skipa samráðsnefnd aðila vinnumarkaðsins og stjórnvalda til að koma fram með nánnari tillögum um skipulag og samihæfingu starfsendurhæfingarmála fyrir 1. nóvember 2011 þar sem miðað verði við jafna kostnaðarskiptinguna í þrjú hluta. Útfæra þarf aðkomu ríkisvaldsins varðandi faglegar útfærslur og samskipti starfsendurhæfingar tengdri vinnumarkaði og þjónustu heilbrigðiskerfisins. | Unnið hefur verið að gerð frumvarps sem er langt komið. Ekki sýnilegur ágreiningur um efnið. | Í samræmi við fyrirlit. |
| | Húsnæðismál | Sérstakur starfshópur mun fá það hlutverk að útfæra tillögu um nýtt húsnæðisbótakerfi, þar sem horft verði til jafnræðis milli búsetuforma við skipting þeirra fjármuna sem varið er til vaxtabóta og húsaleigubóta. | Starfshópur að störfum | Í samræmi við fyrirlit. |

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, fór yfir stöðu mála á fundinum. Í máli hans kom fram að meginforsenda samninganna hefur staðist, þ.e. kaupmáttur hefði aukist. Há verðbólga væri hins vegar áhyggjuefni eins og lítil styrking krónunnar. Spár gerðu þó ráð fyrir að verðbólga lækkaði hratt með vorinu. Í máli Gylfa kom fram að sérstakt áhyggjuefni væri það sem sneri að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þar hallaði á stjórnvöld og vissulega tilefni til að segja upp kjarasamningum að mati forseta ASÍ. Báru þar hæst svik um að hækkun bóta almannatrygginga og atvinnuleysisbóta verði í takt við launahækkanir 1. febrúar nk. og skattlagning á lífeyrissjóði á almennum markaði sem þýðir að óbreyttu skerðingu lífeyris félagsmanna ASÍ. Taldi Gylfi að verkalýðshreyfingin yrði að fara í viðræður við ríkisstjórnina á næstu tveimur vikum og fá skýr svör við ýmsum spurningum. Í ræðum allra þeirra sem tóku til máls á fundinum kom fram mikil gremja í garð ríkisstjórnarinnar.

Boðað var til annars formannafundar þann 19.1.2012. Reiði í garð ríkisstjórnarinnar kom fram á fundinum þegar ræddar voru forsendur kjarasamninganna. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, sagði í upphafi fundar að það væri makalaus staða að það væri ríkisstjórnin sem ógnaði sátt á vinnumarkaðinum. Á fundinum kom hver formaðurinn á fætur öðrum í ræðustól og lýsti óánægju sinni með framgöngu ríkisstjórnar Jóhönnu Sigurðardóttur. Ljóst væri að ríkisstjórnin hefði ekki staðið við mörg af þeim ákvæðum sem hún skrifaði undir í tengslum við kjarasamningana 5. maí.

Forsendunefnd ASÍ og SA komst að þeirri niðurstöðu 20.1.2012 að fyrstu þrjár forsendur, sem settar voru fyrir samningunum, hefðu gengið eftir en að sú forsenda, sem fjallaði um efndir ríkisstjórnarinnar á þeim fyrirheitum sem hún gaf í sérstakri yfirlýsingu í tengslum við samningana, hafi ekki gengið eftir.

Málið fór þá frá forsendunefnd aðila yfir til samninganefndar ASÍ og framkvæmdastjórnar SA eða eins og segir í forsenduákvæðinu: „*Fari svo að ofangreindar forsendur standist ekki skal kalla saman fund samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar SA sem leita skulu samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiða samningsins, treysta forsendur hans og vinna að því að hann haldi gildi sínu.*

Náist samkomulag um viðbrögð vegna endurskoðunarinnar 2012 þá heldur samningurinn gildi til loka janúar 2013. Náist samkomulag um viðbrögð vegna endurskoðunarinnar 2013 þá heldur samningurinn gildi til loka janúar 2014.

Nú næst ekki samkomulag og skal þá sá ofangreindra aðila, sem ekki vill að samningurinn haldi gildi sínu, skýra frá þeirri ákvörðun og rökstyðja hana. Fellur samningurinn þá úr gildi frá lokum janúar 2012 m.v. tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 20.1 2012 vegna endurskoðunarinnar 2012 en frá lokum janúar 2013 m.v. tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 21.1 2013 vegna endurskoðunarinnar 2013.“

Samninganefnd ASÍ kom saman 20. janúar og samþykkti eftirfarandi yfirlýsingu:

„Samninganefnd ASÍ hefur í dag ákveðið að segja ekki upp gildandi kjarasamningum þrátt fyrir vanefndir stjórnvalda á þeim fyrirheitum sem gefin voru við gerð þeirra.

Ljóst er að mikill meirihluti aðildarfélaga Alþýðusambandsins telur að mikil verðmæti liggja í þeim launahækkunum, sem kjarasamningarnir tryggja, og að ekki sé forsvaranlegt að grípa til uppsagna þeirra við núverandi aðstæður. Þetta er niðurstaða umfangsmikillar umræðu sem átt hefur sér stað um forsendur kjarasamninga og framgang þeirra undanfarnar tvær vikur meðal samninganefnda rúmlega 50 aðildarfélaga ASÍ. Aðeins þrjú þeirra vildu segja upp samningum.

Þær forsendur, sem lúta að beinum samskiptum launafólks og fyrirtækja, á borð við kaupmáttaraukningu launa, stöðugu verðlagi og styrkingu krónunnar standast. Því er ekki ástæða til neinna sérstakra viðbragða af hálfu samninganefndarinnar gagnvart atvinnurekendum. Allar forsendur eru fyrir hendi að kaupmáttur almennra launa hækki þriðja árið í röð og mikilvægt að tryggja að af því verði. Fjórdá forsenda kjarasamninga snýr að efnudum ríkisstjórnarinnar á þeim fyrirheitum sem gefin voru með yfirlýsingu hennar frá 5. maí 2011.

Það er ekki ofsögum sagt að samskipti verkalýðshreyfingarinnar við ríkisstjórnina vegna vanefnda hennar á mikilvægum liðum yfirlýsingarinnar hafa verið með slíkum ólíkindum að hrikt hefur í stöðum. Í þeim erfiðleikum, sem þjóðin er í, hafa aðildarfélög Alþýðusambands Íslands lagt mikla áherslu á að skapa forsendur fyrir breiðri sátt á vinnumarkaði og við stjórnvöld, sátt sem lagt geti grunninn að öflugri sókn í efnahags-, kjara- og atvinnumálum. Mikilvægur liður í þessu var að tryggja frið á vinnumarkaði á sama tíma og sóttar hafa verið kjarabætur fyrir íslenskt launafólk. Með gerð kjarasamninganna á síðasta ári tókst þetta verkefni. Það er því makalaust að það skuli vera ríkisstjórn Íslands sem er sá aðili sem ógnar þeirri sátt sem náðst hefur á vinnumarkaði.

Þrátt fyrir mikla tregðu á stjórnarheimilinu hefur við þessa endurskoðun kjarasamninga tekist að þoka áfram mikilvægum málum. Má þar nefna tilraunaverkefni þar sem stéttarfélagin í samstarfi við atvinnurekendur koma í ríkari mæli að þjónustu við atvinnuleitendur einkum í formi ráðgjafar og vinnumiðlunar. Átak verður gert í baráttunni við félagsleg undirboð í tengslum við útboð þjónustu og verklegra framkvæmda og kennitölulflakk. Alþýðusambandið mun koma að endurskoðun laga um almannatryggingar sem miða m.a. að því að koma á frítekjumarki vegna greiðslna úr lífeyrissjóðum.

Þegar kemur að atvinnumálum stendur enn margt út af borðinu og fátt

verið gert. Sérstök vonbrigði vekur sá seinagangur sem er í afgreiðslu ramma-áætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sem átti að liggja fyrir í lok síðasta árs. Mikilvægt er að sú vinna við faglega forgangsöröðun virkjanakosta, sem átt hefur sér stað sl. 10 ár, verði lögð fram á Alþingi og að um hana geti verið breið sátt því með henni yrði lagður grunnur að 1015 ára uppbyggingu atvinnulífs í sátt við náttúruna.

Þrátt fyrir að tekist hafi að þoka málum áfram eru það mikil vonbrigði og að sama skapi ámælisvert að vinnubrögð ríkisstjórnarinnar séu með þeim hætti að málum er hleypt í farveg átaka um efnisatriði sem sátt hafði náðst um fyrir átta mánuðum. Innan raða Alþýðusambandsins ríkir mikil gremja í garð stjórnvalda vegna þessa. Það er ólíðandi að íslenskt launafólk skuli ekki geta treyst orðum oddvita ríkisstjórnarinnar.“

Sama dag, þann 20. janúar, sendu samninganefndir ASÍ og SA frá sér eftirfarandi yfirlýsingu:

Yfirlýsing

samninganefndar aðildarsamtaka Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins

vegna

opnunarákvæða kjarasamninga 20. janúar 2012

Í kjarasamningum sem undirritaðir voru af Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands og aðildarsamtökum þess 5. maí 2011 eru ákvæði um forsendur samninganna og uppsagnarmöguleika standist þær ekki. Þannig er unnt að segja upp samningum miðað við janúarlok 2012 enda hafi rökstudd ákvörðun um uppsögn verið tekin og hún tilkynnt í síðasta lagi fyrir kl. 16:00 hinn 20. janúar 2012. Í samningunum segir jafnframt að standist forsendur þeirra ekki skulu samningsaðilar leita sameiginlega viðbragða.


Forsendunefnd samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og SA hefur komist að þeirri niðurstöðu að þær fyrstu þrjár forsendur sem settar voru fyrir samningum þeirra hafi gengið eftir en að sú forsenda sem fjallar um efndir ríkisstjórnarinnar á þeim fyrirheitum sem hún gaf í sérstakri yfirlýsingu í tengslum við þá hafi ekki gengið eftir.

Samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórn SA hafa rætt um sameiginleg viðbrögð og komist að eftirfarandi niðurstöðu:


Þrátt fyrir að forsenda kjarasamninga 5. maí 2011 um efndir á fyrirheitum í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafi ekki gengið eftir mun hvorugur samningsaðila segja upp kjarasamningunum.

Reykjavík, 20. janúar 2012

Samtök atvinnulífsins


Hannes G. Sigurdsson

Alþýðusamband Íslands


Sigrún J. Jóhannsdóttir
Sigrún E. Jónsdóttir
Sigrún E. Jónsdóttir
Sigrún E. Jónsdóttir
Sigrún E. Jónsdóttir
Sigrún E. Jónsdóttir
Sigrún E. Jónsdóttir
Sigrún E. Jónsdóttir

Þann 31. janúar 2012 sendi forseti ASÍ fyrir hönd ASÍ öllum þingmönnum meðfylgjandi bréf. Með bréfinu fylgdu 18 yfirlýsingar og ályktanir frá samninganefnd ASÍ, verkalyðsfélögum og samböndum þar sem lýst var megnri óánægju með vanefndir ríkisstjórnarinnar á yfirlýsingu hennar frá 5.maí 2011.



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 31. janúar 2012

Ágæti þingmaður

Samninganefndir aðildarfélaga ASÍ tóku ákvörðun um það 20. janúar að framlengja gildandi kjarasamninga þrátt fyrir að ein fjögurra forsendna þeirra, um efndir á þeim fyrirheitum sem gefin voru í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, stæðist ekki.

Eins og sjá má af meðfylgjandi ályktunum og samþykktum samninganefnda og stjórnra landssambanda og félaga innan Alþýðusambands Íslands er megn óánægja með framgöngu ríkisstjórnarinnar vegna vanefnda á nokkrum mikilvægum atriðum sem samkomulag náðist um í tengslum við kjarasamningana 5. maí 2011.

Það er afstaða Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þeirra að samninga skuli virða. Alþýðusamband Íslands mun áfram leggja áherslu á að ríkisstjórn Íslands standi við þetta undirstöðuatriði siðaðra samfélaga.

Pacta Sunt Servanda – Samningar skulu standa.

Gylfi Arnbjörnsson,
forseti ASÍ



Alþýðuáhræðingur Íslands

PACTA SUNT SERVANDA (Samningar skulu standa)

Ályktanir aðildarsamtaka Aðl vegna vanaþenda ríkisstjórnar Íslands

Ályktun miðstjórnar Rafiðnaðarsambands Íslands vegna endurskoðunar kjarasamninga.

Í kjarasamningum sem undirritaðir voru 5. maí síðastliðinn er ákveðið um að samningsaðilar skuli meta forsendur kjarasamninganna í janúar 2012 og liggja þá eftirfarandi forsendur til grundvallar:

- Kaupmáttur launa hafi aukist á tímabilinu desember 2010 – desember 2011 samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands.
- Verðlag haldist stöðugt á samningstímanum og að verðbólga verði innan við 2,5% í desember 2012 m.v. sl. 12 mánuði.
- Að gengi krónunnar styrkist marktækt frá gildistöku samningsins til loka árs 2011.
- Að stjórnvöld hafi staðið við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu-, og félagsmálum, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamning þennan.

Fær svo að ofangreindar forsendur standist ekki skal kalla saman fund samninganefndar aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórnar SA sem leita skulu samkomulags um viðbrögð til að stuðla að framgangi markmiða samningsins, treysta forsendur hans og vinna að því að hann haldi gildi sínu.

Þau atriði er snúa að efnahagsmálum hafa staðist á þessum tímamótum í janúar 2012. Hins vegar hafa ótal atriði er snúa að efndum ríkisstjórnar ekki staðist sem skyldi. Ekki hefur verið unnið að jöfnun lífeyrisréttinda almennra og opinberra lífeyrissjóða auk þess hefur Alþingi samþykkt að skattleggja almenna lífeyrissjóði umfram þá opinberu. Við það verður ekki unað og hefur Miðstjórn RSÍ nú þegar boðað að sú skattlagning verði sótt til baka fyrir dómstólum verði ekki fallið frá þeirri skattlagningu og eignir sjóðsfélaga endurgreiddar nú þegar, hafi lífeyrissjóðir þegar staðið skil á þessum skatti.

Nú er tími aðgerða og betur má ef duga skal! Nú verður að ljúka gerð áætlunar um að leiðrétta réttindi sjóðsfélaga á almennum vinnumarkaði upp að þeim opinbera, eigna- og tekjutenging vaxtabóta þarf að endurskoða með það að markmiði að draga úr skerðingum. Tekið verði á kennitölufakki og útboðsmálum, unnið verði markvisst að því að fjárfesting í atvinnulífi verði aukin. Aukið verði samstarf við stéttarfélagin vegna reksturs og stjórnunar atvinnuleysisbótakerfisins.

Skipta verður úr stöðnun í vöxt!

Reykjavík, 18.1.2012
Kristján Þórður Snæbjarnarson
Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands



Samþykkt miðstjórnar vegna endurskoðunar á forsendum kjarasamninga

"Samkvæmt kjarasamningum sem undirritaðir voru 5.mai s.l. var kveðið á um að endurskoða ætli forsendur kjarasamninga fyrir 20.janúar 2012. Í slíku mati bæri að taka tillit til þróunar kaupmáttar og framgangs efnisþátta sem getið var í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hefur kaupmáttur launa almennt aukist á samningstímanum meðal iðnaðarmanna.

Varðandi framgang verkefna sem getið er í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hefur verið staðið við nokkur veigamikil atriði en verulega skortir á að staðið hafi verið við gefin fyrirheit varðandi eflingu atvinnulífs og jöfnun lífeyrisréttinda.

Þrátt fyrir alvarleika þess að ríkisstjórnin hefur ekki staðið við gefin fyrirheit sem voru forsendur þess að lagt væri til að kjarasamningar yrðu staðfestir, leggur miðstjórn Samiðnar til við samninganefnd ASÍ að kjarasamningunum verði ekki sagt upp að svo komnu máli.

Miðstjórn Samiðnar skorar á ríkisstjórnina að breyta orðum í athafnir og taka sér tak og standa við gefin fyrirheit um aðgerðir ekki síst hvað varðar jöfnun lífeyrisréttinda og eflingu atvinnulífsins.

Hafi ríkisstjórnin ekki pólitískan kraft og vilja til að takast á við jafn brýnt verkefni og eflingu atvinnulífsins ber henni að víkja og boða til kosninga sem fyrst. Núverandi stjórnarandstaða hefur ekki sýnt ábyrgð né pólitíska getu til að taka við landsstjórninni og þjóðin hefur ekki efni á að biða eftir aðgerðum fram á mitt næsta ár."



Fundur samninganefndar Flóafélaganna

Mikil óánægja með stjórnvöld á fundinum

Samninganefnd Flóafélaganna, Eflingar, Hlífar og VSFK samþykkti einróma ályktun þar sem umboð er veitt til framlengingar kjarasamninganna. Í ályktuninni eru stjórnvöld harðlega gagnrýnd fyrir að hafa ekki staðið við sinn hluta af fyrirheitum sem veitt voru við gerð kjarasamninganna. Á fundinum kom fram mikil gagnrýni á núverandi stjórnvöld vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar en fundurinn taldi engar forsendur til að slíta kjarasamningi við atvinnurekendur þar sem þeir hafa staðið við ákvæði samninganna.

Samninganefnd Eflingar-stettarfélags, Vlf. Hlífar og Verkaljós- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis útelur stjórnvöld harðlega fyrir að hafa ekki staðið við gefin fyrirheit í samræmi við loford sem fylgdu gildandi kjarasamningum.

Á félagssvæði félaganna þriggja er viðvarandi langtímaatvinnuleysi sem skrifust beint á máttleysislegar aðgerðir stjórnvalda í atvinnumálum. Stettarfélagin og ASÍ hafa allt frá hruninu haustið 2008 lagt megináherslu á að halda uppi atvinnu. Samkomulag aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda gekk út á að efla atvinnu og fjölga störfum í landinu. Það hefur stjórnvöldum mistekist.

Stettarfélagin minna á að félagin og Samsök atvinnulífsins hafa staðið að fullu við ákvæði kjarasamninganna þannig að ekki er tilefni til uppsagna samninganna gagnvart atvinnurekendum. Við ákvörðun um framlengingu þeirra er því mikilvæg krafa á ríkisvaldið að stjórnin standi við fyrirheitin sem gefin hafa verið.

- *Að atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga fylgi launahækkunum*
- *Að ríkið hverfi frá fyrirhugaðri skattlagningu á réttindi í almennu lífeyrissjóðunum*
- *Að ríkið standi við fyrirheit um endurskoðun á tekju- og eignatengingu vaxta- og barnabóta*

Samninganefnd Flóafélaganna minnr á að löng hefð er fyrir árangursríku samstarfi aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda. Á þessu samningstímabili hafa stjórnvöld gengið gegn markmiðum samninganna um stöðugleika og atvinnuuppbyggingu og þannig grafið undan mikilvægum undirstöðum þessa samstarfs. Það vantraust sem stjórnvöldin bera fulla ábyrgð á verður ríkjandi áfram þar til stjórnin standur að fullu við þau fyrirheit sem gefin voru við gerð síðustu kjarasamninga.



Yfirlýsing frá Trúnaðarráði VR

Trúnaðarráð VR lýsir miklum vonbrigðum með þær vanefndir sem orðið hafa á lofordum ríkisstjórnar Íslands, sem gefin voru í yfirlýsingu þennar frá 5. maí 2011, í tengslum við undirritan kjarasamninga. Á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins hafa staðið við öll ákvaði samninganna, vantar mikið upp á að ríkisstjórnin standi við loford sín. Er það í annað skiptið sem það gerist frá því að ríkisstjórnin gekk á bak orða sinn í kjölfar hins evokallaða stöðugleikasáttmála.

Það er óþolandi að fjölmennasta stéttarfélag landsins geti ekki treyst þeim yfirlýsingum sem ríkisstjórnin gefur frá sér. Það lýsir alvarlegum trúnaðarbresti sem ekki verður unað við.

Trúnaðarráð VR krefst þess að ríkisstjórn Íslands bregðist tafarlaust við og bæti úr augljósnum vanefndum sínum og að:

- Hækkun almannatryggingabóta haldist í hendur við hækkun lægstu launa, eins og lofað var.
- Horfið verði frá ósanngjarnri og vanhugsaðri skattlagningu á lífeyrissjóði fólksins í landinu upp á 2.800 milljónir króna, sem að öllum líkindum felur í sér brot á jafnræðisreglu stjórnaðskrárinnar.
- Endurskoðun fari fram á tekju- og eignatengingu vaxta- og barnabóta eins og lofað hafði verið í tengslum við framlagnings fjárlagafrumvarps fyrir árið 2012.
- Breytingar verði gerðar á lögum um opinber innkaup til þess að tryggja betur aðlægt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks og komið verði í veg fyrir kennitölufíkk.
- Hefja skuli við fyrsta tækifæri tileunaverkefni sem feli í sér aðkomu stéttarfélaga við þjónustu við atvinnuleitendur.

<http://www.vr.is/index.aspx?GroupID=476386&TabID=1738&NewsItemID=18910&ModulesTabID=4038> - #

Reykjavík 16. janúar 2012



17. janúar 2012

Ályktun fundar samninganefndar AFLs

Samninganefnd AFLs Starfsgreinafélag telur að með því að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttir hefur ítrekað rofið samkomulag og samninga við verkalyðshreyfinguna undanfarin ár og nú síðast með því að skattleggja félagsmenn Alþýðusambandsins sérstaklega með skatti á lífeyrissjóði þeirra, séu allar forsendur fyrir áframhaldandi samvinnu aðila vinnumarkaðarins við ríkisstjórnina brostnar.

Samninganefndin telur, að þrátt fyrir að kaupmáttarákveði kjarasamninga hafi haldið til þessa séu forsendur til aðhalda áfram þeim þriðliða kjarasamningi sem Alþýðusambandsfélögin gerðu við Samtök Atvinnulífsins og ríkisstjórnina brostnar. Þó að lítið sé framhjá svikum lofordum um atvinnuupphýggingu og fjárfestingar – vegur ósanngjörn skattlagning á hluta landsmanna í gegnum skattlagningu á lífeyrissjóði og lægri hækkun almannatryggingarþóta en lofað var, þyngra en sem nemur þeim verðmætum sem fólgin eru í gildandi kjarasamningi.

AFL Starfsgreinafélag telur fyrirhugaða skattlagningu á lífeyrissjóði almenns launafólks vera slíkt rof friðar sem ríkt hefur um fjóra áratugi á fyrirkomulagi lífeyrisréttinda launafólks að ekki verði við unað. Þessi skattlagning mun bitna einvörðungu á launafólki á almennum launamarkaði sem þegar hefur tekið á sig skerðingu lífeyris í kjölfar efnahagshrunsins – bæði þeir sem nú þiggja lífeyri svo og hafa réttindi fólks á vinnumarkaði verið skert.

Á sama tíma eru lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna varin og viðbótarfé sótt í ríkissjóð þegar lífeyrissjóðir þeirra eiga ekki fyrir skuldbindingum.

Þessi skattlagning gengur þvert á þann samning sem Alþýðusambandsfélögin gerðu við ríkisstjórnina um jöfnun lífeyrisréttinda.

Þá óttast félagsmenn AFLs Starfsgreinafélags að umi verkalyðshreyfingin því enn einu sinni að seilst verði eftir fjármagni með skattlagningu á lífeyrissjóði okkar, verði erfit að verja þá til framtíðar og því sé í raun verið að takast á um framtíðarskipan lífeyrismála okkar.

Stjórn og trúnaðarráð Óldunnar stéttarfélags gerir þá eðlilegu kröfu til stjórnálaganna að þeir virði samkomulag og samninga. Þeir alþingismenn sem samþykka lög sem mismuna þegnum þessa lands eins og skattlagning á lífeyrissjóðina hefur í för með sér, eru vanhæfir til að fara með löggjafavald landsins. Þegar við semjum við stjórnvöld um kjarabætur til handa atvinnulausum og óroku- og ellilífeyrisþegum ætlumst við til að orð og skriflegt samkomulag standi í þeim efnum. Þar sem sýnt virðist að enn og aftur eigi að svikja launafólk þá er mælinn fullur. Svona gera menn ekki.

Því er það einnema álit fundarins að segja þeri samningum upp þar sem mjög veigamiklar forsendur hans eru brostnar vegna vanefnda ríkistjórnar. Eins lýsir fundurinn yfir fullkomnu vantrausti á núverandi stjórnvöld og krefst þess að boðað verði til kosninga nú þegar svo starfhæft alþingi geti tekið við stjórn landsins sem fyrst.

10. janúar 2012

Stjórn og trúnaðarráð Óldunnar stéttarfélags



Svikin loforð

Sameiginlegur fundur samninganefndar Bárunnar, stéttarfélags og Verslunarmannafélags Suðurlands haldinn á Selfossi 11. janúar 2012 harmar vanefndir ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana sem undirritaðir voru í maí 2011.

Á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt á sig mikið erfiði og fórnir til að ná markmiðum samningsins þá hefur ríkisstjórn veiferðar, jöfnuðar og lýðræðis svikið mikilvæg loforð í þriðliða samkomulagi milli aðila

Flest loforð um bætt kjör til handa þeim sem minnst bera úr bytun hafa verið svikin og ekkert bólar á fjárfestingum eða aðgerðum sem væntingar voru uppi um við undirskrift samningsins. Atvinnuleysi er viðvarandi og álögur á almenning aukast jafnt og þétt. Ekkert bólar á marglofuðum störfum og ekki er enn farið að vinna að jöfnuði lífeyrisréttinda heldur þvert á móti er hert á snörum um háls almennu lífeyrissjóðanna.

Fundurinn minnir á að aftur og aftur hefur þessi ríkisstjórn, sem sótti umboð sitt til almennings, svikið loforð sín. Fundarmenn spyrja hvort ríkisstjórnin telji sig geta notið trausts í því ljósi?

Fundurinn krefst þess að nú þegar verði farið í þær atvinnuskapandi aðgerðir sem lofað var, svo koma megi atvinnuillinu af stað þannig hér fari að skapast hagvöxtur sem byggir á öðru en að sækja pening í vasa launafólks.

Fyrir hönd Bárunnar, stéttarfélags,

Halldóra Sigr. Sveinsdóttir s.8965724

Fyrir hönd Verslunarmannafélags,

Margrét Ingbórsdóttir, formaður s.6912774



Akureyri 18. janúar 2012

Eining-Iðja vill ekki segja upp samningum

Á fjölmennum fundi trúnaðarráðs og samninganefndar félagsins var samþykkt að segja ekki upp kjarasamningum en jafnframt var ríkisstjórnin harðlega gagnrýnd fyrir að efna ekki gefin loforð í tengslum við gerð kjarasamninga í maí í fyrra. Það er krafa Einingar-Iðju að ríkisstjórnin efni alla þætti yfirlýsingar sinnar.

Afýktun vegna vanefnda ríkisstjórnar

„Trúnaðarráð Einingar-Iðju og samninganefnd félagsins lýsa yfir miklum vonbrigðum með vanefndir ríkisstjórnarinnar á lofordum sem gefin voru í tengslum við undirritun kjarasamninga og skora á hana að efna alla þætti þeirra. Aðilar vinnumarkaðarins hafa staðið við öll ákvæði samninga en það vantar mikið upp á að ríkisstjórnin standi við loforð sín. Við slíkan trúnaðarbræst verður ekki unað. Það er ólíðandi með öllu og ámælisvert að ríkisstjórnin skuli einn ekki hafa staðið við fyrirheit sín og að stéttarfélag landsins geti ekki treyst yfirlýsingum hennar.“



Forsendur kjarasamninga halda

Á fundi trúnaðarráðs Félags bókagerðarmanna 17. janúar 2012 var fjallað um endurskoðunarákvæði kjarasamninga FBM og SA. Niðurstaða þeirrar umræðu var að forsendur kjarasamninga haldi gildi sínu.

Trúnaðarráð var hins vegar mjög ósátt við framgang mála sem snúa að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem hún gaf við undirritun kjarasamninga 5. maí 2011. Þar má nefna skatt á lífeyrissjóði sem bitnar fyrst og fremst á sjóðum almennra launamanna í ljósi þeirrar staðreyndar að lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna hafa ríkisábyrgð.

Einnig eru mikil vonbrigði með að ekki sé staðið við fyrri yfirlýsingu um að atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga hækki til samræmis við hækkun lægstu launa í kjarasamningum þ.e. kr. 11.000. Í stað þess hyggst ríkisstjórnin hækka bætur um 3,5%. Fleiri atriði er hægt að telja til sem ekki hafa gengið eftir og því liggur fyrir að vonbrigði með framgang ríkisstjórnarinnar eru mikil.

Trúnaðarráð Félags bókagerðarmanna



19. janúar 2012


Tilkynning frá VM

VM sá ekki tilgang með því að setja samann ályktun á fundum félagsins um þau málefni sem snúa að forsendum endurnýjunar kjarasamninga 20. janúar 2012.

Það er lýsandi dæmi um afstöðu félagsins til starfandi ríkisstjórnar að ekki er talið tilefni til að eyða tíma og pappír í að semja ályktun til stjórnvalda sem hvorki hlusta eða taka tillit til þess sem að þeim er beint.

VM telur það niðurlægjandi fyrir stjórnvöi að fjölmennt stéttarfélag telji sig ekki hafa lengur ástæðu til að reyna að hafa samskipti við þau.

f.h. Félags véstjóra og máltækirmanna.


Guðmundur Ragnarsson formaður VM

Fundur stjórnar og trúnaðarráðs Stéttarfélagssins Samstöðu haldinn 16 janúar 2012, telur ekki rétt að kjarasamningum verði sagt upp. Nauðsynlegt er að þær launahækkanir sem samið var um komi til framkvæmda.

Ályktun frá stjórn og trúnaðarráði Stéttarfélagssins Samstöðu

Stjórn og trúnaðarráð Stéttarfélagssins Samstöðu krefst þess að ríkisstjórn Íslands standi við gefin fyrirheit sem fram koma í yfirlýsingu sem ríkisstjórnin gerði við verkalýðshreyfinguna samhliða kjarasamningum 5. maí 2011. Það er harðlega gagnrýnt að greiðslur til atvinnulausra og öryrkja voru ekki hækkaðar eins og lofað var. Stjórnvöld gáfu fyrirheit um að vinna að jöfnun lífeyrisréttinda en ekkert hefur gerst í þeim efnum. Þvert á móti eru lagðar álögur á almennu lífeyrissjóðina, sem er spor í öfuga átt.



VERKALÝÐSFÉLAG AKRANESS

ÞURNHUBAÚT 12 - 200 AKRANESS
SMÍ 430 9900 - FAX 430 9901
KENNITALA 800066 6266 - www.vlfa.is

Ályktun

stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness

Stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélags Akraness krefst þess að ríkisstjórn Íslands standi við öll þau loforð sem fram koma yfirlýsingu sem ríkisstjórn gerði við verkalýðshreyfinguna samhliða kjarasamningum 5. maí 2011. Að öðrum kosti sér stjórn og trúnaðarráð Verkalýðsfélags Akraness sig knúin til að lýsa yfir algeru vantrausti á núverandi ríkisstjórn vegna siendartekiana svíka og vanefnda við íslenskt launafólk og krefst þess að stjórnin fari frá og boðað verði til kosninga við fyrsta tækifæri.

Það er þyngja en tíðum tóki að nú virðist núverandi ríkisstjórn eða að svíka íslenskt launafólk illilega þriðja skiptið í röð.

- Fyrra skiptið sem ríkisstjórn Íslands sveik verkalýðshreyfinguna var samkomulag sem gert var við þáverandi ríkisstjórn samhliða kjarasamningum 17. febrúar 2008 um verðtryggingu og krónuöðjuháttæknir persónuféllitar sem átti að koma til framkvæmda 2010 og 2011 og einnig 6.500 króna hekkun á atvinnuleysisbótum sem átti að taka gildi 1. júní 2010. Ef núverandi ríkisstjórn hefti staðið við þetta samkomulag þá væri persónuféllitarinn nú 7.000 kr. hærrí á mánuði en hann er í dag.
- Önnur svik núverandi ríkisstjórn voru vegna stöðugleikisáttmálans sem gerður var í júní 2009, enda sá verkalýðshreyfingin sig knúna til að segja sig frá þeim áttmála í júní 2010 vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar.
- Og nú síðast, í þriðja sinu, ætlar ríkisstjórnin að svíka stóran hluta þess samkomulags sem gerður var samhliða kjarasamningum 5. maí 2011, en í þeim svikum ræðst hún illilega á þá sem hvað lákast standa í íslensku samfélagi um þessar mundir, en það eru atvinnuleysis-, eili- og óeðkallýðisráðgjafar. En samkvæmt yfirlýsingunni eiga þessar til þessara hópa að hækka um 11.000 kr., en ríkisstjórnin hefur hins vegar tekið ákvörðun um að hækka þessar bætur einungis um 5.500 kr.

Hves hefti trúsh því að ríkisstjórn sem kemir sig við okkara velferð, flögsltyggju, jöfnað og réttláti skyldi ríðar jafn illilega á kjör íslensks launafólka eins og núverandi stjórn hefur ítrekað gert frá því hún komst til valda.

Það er ekki aðeins að þessi samkomulög hafi verið svikin, heldur hefur skjaldborgin gagnrær heimilunum einnig brugðar og í staðinu fyrir skjaldborg í kringum skuldbær heimili hefur verið slegin skjaldborg í kringum fjármálastofnanir og erlenda vagnarstöð. Atvinnuuppbygging og atvinnuaköpun hefur algerlega brugðist, enda er núnaat same atvinnuleysi í dag og var í janúar 2009. Alþýða þessa lands átti stóur en svo von á því að öllum vanða hrusins yrði varpað misakunnælaust og grimalust yfir á launafólk, sem birtist m.a. í skofjalnum skattahækkunum og gjaldskrárhækkunum sem þunú hafa á íslenskum launþegum á síðustu misserum.

Akranesi, 18. janúar 2012

F.ð. stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness,


Vilhjalmur Birgisson, formaður VLFA



Á fundi hjá Verkalýðsfélagi Snæfellinga 13/01 2012 um kjaramáli, var samþykkt að ekki beri að segja upp kjarasamningum, þó svo að forsenduákvæði gagnvart ríkisstjórninni hafi brostið. Enda mun þá ekki koma til framkvæmda 11.000,kr launahækkun 1 febrúar gagnvart launþegum.

Stjórn og trúnaðarmannaráð Verkalýðsfélags Snæfellinga, krefst þess að ríkisstjórn Íslands standi við þau loforð sem fram koma í yfirlýsingu hennar, frá 5 maí 2011.

Einnig mótmælir fundarinn skattalögum á líffeyrisjóði launafólks og minnir á tilgang með stofnun þeirra og hlutverki. Og hvetur verkalýðshreyfinguna að nota öll þau ráð sem hún getur til að hnekkja ákvæðun stjórnvalda.

Fundarinn telur að ef A.S.Í.fari í viðræður við ríkisstjórnina vegna kjarakerðingar almennings, verði einnig lögð áhersla á að laga eldsættis- og raforkuverð. Enn fremur að bæta í og lagafæra heilbrigðiskerfið í landinu. Því það komi öllum til góða.

F.h.stjórnar Verkalýðsfélags Snæfellinga



Fundur stjórnar og trúnaðarráðs Verk Vest haldinn 11 janúar 2012 hvetur stéttarfélag innan ASÍ til samstöðu til varnar launaþegum á Íslandi. Vinnuveitendur hafa staðið við sítt, því er nauðsynlegt að tryggja að þær hækkanir sem samið hefur verið um verði að veruleika 1. febrúar nk. Fundurinn telur ekki rétt að kjarasamningum verði sagt upp og setja þannig frið á vinnumarkaði í uppnám, þrátt fyrir að ríkisstjórnin standi ekki við gefin loforð. Hætta er á að slíkt stefni kjarasamningum og málefnum launþega í algjöra óvissu. Fundurinn lýsir fullri ábyrgð á hendur stjórnvalda korni til samningssalita og ófriðar á vinnumarkaði í kjölfar endurskoðunar forsenduákvæða kjarasamninga. Verkefni forustumanna samniðgjafefnda innan ASÍ og atvinnurekenda er að krefja ríkisstjórnina um efndir þeirra loforða sem þar voru gefin þann 5. maí 2011.



Ályktun Verslunarmannafélags Suðurlands.

Sameiginlegur fundur samninganefndar Bárunnar, stéttarfélags og Verslunarmannafélags Suðurlands haldinn á Selfossi 11. janúar 2012 harmar vanefndir ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana sem undirritaðir voru í maí 2011. Á sama tíma og aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt á sig mikið erfiði og fórnir til að ná markmiðum samningsins þá hefur ríkisstjórn velferðar, jöfnuðar og lýðræðis svikið mikilvæg loforð í þriðliða samkomulagi milli aðila

Flest loforð um bætt kjör til handa þeim sem minnst bera úr bytjum hafa verið svikin og ekkert bólar á fjárfestingum eða aðgerðum sem væntingar voru uppi um við undirskrift samningsins. Atvinnuleysi er viðvarandi og álögur á almenning aukast jafnt og þétt. Ekkert bólar á marglöfuðum störfum og ekki er enn farið að vinna að jöfnuði lífeyrisréttinda heldur þvert á móti er hert á snörunni um háls almennu lífeyrissjóðanna.

Fundurinn minnr á að aftur og aftur hefur þessi ríkisstjórn, sem sótti umboð sitt til almennings, svikið loforð sín. Fundarmenn spyrja hvortríkisstjórnin telji sig geta notið trausts í því ljósi?

Fundurinn krefst þess að nú þegar verði farið í þær atvinnuskapandi aðgerðir sem lofað var, svo koma megi atvinnulífnu af stað þannig hér fari að skapast hagvöxtur sem byggir á öðru en að sækja pening í vasa launafólks.

Eftirfylgni kjarasamninga 2011

Á liðnu ári hefur verið unnið að því að fylgja eftir ýmsum ákvæðum og bókunum í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði frá 5.5.2011. Hér á eftir verður fjallað um stöðu þeirrar vinnu.

Lokun vegna force major: Samkvæmt bókun er unnið að öflun gagna frá nágrannarþjóðum okkar um afleiðingar þess að vinna fellur niður af óviðráðanlegum ástæðum (force major). Vinnu er ekki lokið.

Læknisvottorð og komugjöld: Krafa um aukna greiðsluþátttöku atvinnurekenda vegna læknisvottorða og síhækkandi komugjalda var gerð í kjarasamningum en náði ekki fram að ganga. Í framhaldinu var velferðarráðherra ritað bréf og óskað eftir breytingum á reglugerð um læknisvottorð. Þar var það útskýrt að á undanföllum árum hafi komugjöld farið hækkandi og nú sé svo komið að gjald fyrir komu til læknis og gjald fyrir læknisvitjun sé orðið margfalt m.v. útgáfu vottorðsins. Það sé því orðið þungbært fyrir almennt launafólk að afla sér læknisvottorðs vegna fjarvista frá vinnu. Upphaflega hafi tilgangurinn með ákvæðum kjarasamninga um læknisvottorð verið sá að tryggja staðfestingu læknis á forföllum ef atvinnurekandi drægi yfirlýsingu launamanns þar um í efa. Gerði hann það skyldi hann bera kostnaðinn af því. Eins og nú er komið hafa orðið á þessu alger endaskipti sem ekkert hafa með innihald og ákvæði kjarasamninga að gera heldur þýði aukna þátttöku almennings í heilbrigðisþjónustu. Af þessum ástæðum fór ASÍ þess á leit við ráðuneytið að breytingar yrðu gerðar á reglugerð nr. 1042/2010 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Beiðninni var hafnað í desember 2011 en hún ítrekuð eftir það í tvígang þar sem svör ráðuneytisins virtust byggjast á misskilningi.

Tryggingar vegna starfa erlendis: Bókun var gerð um að unnið skyldi að umbótum sem tryggðu fullnægjandi tryggingavernd starfsmanna á ferðalögum. Vinnu er ekki lokið.

Tilkynning vinnuslysa: Samkvæmt bókun var samningsaðilum ætlað gera tillögu um lagabreytingar til Alþingis þannig að tilkynning atvinnurekanda um slys jafngilti tilkynningu tjonþola. Tillögur liggja fyrir um lagabreytingar og er stefnt að því að koma þeim fram við upphaf Alþingis í haust. Lagt er til (í drögum) að bótaskylda skv. atvinnuslysatryggingu launafólks verði virk hvort heldur tjonþoli tilkynni sjálfur slysið eða tryggingafélaginu berst vitneskja um það með öðrum hætti.

Vinnutímakaflí kjarasamninga: Stefnt var að því að hefja á samningstím anum vinnu við endurskoðun á vinnutímakafla kjarasamninga, þar sem fjallað er um vaktir, vinnu utan dagvinnutímabils og breytilegt dagvinnutímabil, með samræmingu og aukinn skýrleika að leiðarljósi. Gagnaöflun á vettvangi ASÍ er hafin en vinnu ekki lokið.

Kynningarefni um upplýsingar og samráð: Bókun var gerð um að unnið skyldi sameiginlegt kynningarefni með SA. Drög að kynningarefni eru tilbúin. Vinnu er ekki lokið.

Kynningarefni um persónuvernd starfsmanna: Bókun var gerð um að unnið skyldi sameiginlegt kynningarefni með SA. Vinnu er ekki lokið.

Evrópsk samstarfsráð: Bókun um upplýsingaöflun, kynningu o.fl. Talsverðra gagna hefur verið aflað. Vinnu er ekki lokið.

Veikindi og endurhæfingarmál: Stýrihópur á vegum VIRK með aðild aðila vinnumarkaðarins leiðir tilrauna/þróunarverkefni sem fengið hefur heitið „VIRKUR VINNUSTAÐUR“. Verkefnið er á áætlun.

Starfsmannaleigur: Í mars sl. var lagt fram frumvarp til laga á grundvelli bókunar ASÍ og SA. Málið náði ekki fram að ganga. Frumvarpið verður aftur lagt fram nú á haustþingi. (Sjá nánar kaflann um félags- og vinnumarkaðsmál).

Einnig hefur mikil vinna verið lögð í að fylgja eftir atriðum í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5.5.2011. Þar ber hæst eftirfarandi:

Atvinnuleysistryggingar – fyrirkomulag: 31. janúar sl. var staðfest í ríkisstjórn samkomulag á milli velferðarráðherra, ASÍ og SA um tilraunaverkefni til 3ja ára á grundvelli yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar. Verkefnið fór formlega af stað síðla sumars. (Sjá nánar kaflann um félags- og vinnumarkaðsmál).

Svört atvinnustarfsemi: Samstarfsverkefni ríkisskattstjóra, ASÍ og SA um átak gegn svartri atvinnustarfsemi og eflingu góðra atvinnuhátta undir yfirskriftinni „Leggur þú þitt af mörkum?“, sem hófst sumarið 2011, byggði á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Því hefur síðan tvisvar verið haldið áfram. (Sjá nánar kaflann um félags- og vinnumarkaðsmál).

Bættir viðskiptahættir: Starfshópur á forræði atvinnuvegaráðuneytisins með aðild fleiri ráðuneyta og aðila vinnumarkaðarins vinnur að tillögum um breytingar á löggjöf og framkvæmd þar sem sérstök áhersla hefur verið lögð á að sporna gegn kennitölflakki. Stefnt er að því að kynna fyrstu tillögur nú á haustþingi. (Sjá nánar kaflann um félags- og vinnumarkaðsmál).

Réttarstaða launafólks við aðilaskipti: Með samþykkt laga nr. 103/2011 í september 2011 var yfirlýsing ríkisstjórnarinnar efnd að fullu.

Framkvæmd útbodsmála: Starfshópur á vegum fjármálaráðuneytisins með aðild aðila vinnumarkaðarins hefur unnið að tillögum og aðgerðum á grundvelli yfirlýsingarinnar. Staðan er nú þessi:

- Fyrir vorþing 2011 var lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um opinber innkaup. Það náði ekki fram að ganga og verður aftur lagt fram við upphaf haustþings.
- Ekki er komin niðurstaða um það hvort og þá hvaða breytingar verða gerðar varðandi minni útbod sveitarfélaga.
- Efnislega liggur fyrir samkomulag um reglur er varða hæfi bjóðenda og

eru nokkur opinber fyrirtæki farin að vinna eftir þeim. Eftir er að ákveða formlega stöðu reglnanna.

- Varðandi útboðsskilmála og opinber þjónustuinnkaup liggur fyrir minnisblað um hvernig bæta megi úr þeim málum sem nú eru til skoðunar hjá aðilum.
- Alþýðusambandið hefur lagt áherslu á að umræða fari fram um keðju-ábyrgð/samábyrgð á verktakamarkaði. Sú vinna er skammt á veg komin og óvíst hvað út úr henni kemur.

Menntamál og vinnumarkaðsúrræði: Öllum bráðaaðgerðum, sem ákveðnar voru, hefur verið hrint í framkvæmd og þeim fylgt eftir. Þá er unnið að þeim verkefnum sem falla undir aðgerðir til þriggja ára í yfirlýsingunni. Þeirri vinnu miðar ágætlega. (Sjá nánar kaflann um félags- og vinnumarkaðsmál).

Kjarasamningar

Lítið hefur verið um nýja kjarasamninga á liðnu ári.

Samningar sjómanna við LÍÚ

Ekki hefur tekist að ganga frá kjarasamningi sjómanna við LÍÚ frá því að samningar sjómanna runnu út þann 1. janúar 2011. Þann 20. janúar 2012 skrifuðu sjómenn undir samning við LÍÚ um hækkun kauptryggingar og kaupliða um 3,5% frá 1. febrúar 2012. Þrátt fyrir að samið hafi verið um hækkun kaupliða þá eru kjarasamningar enn lausir.

Kjarasamningur fyrir sjómenn á smábátum undirritaður

Á fundi hjá ríkissáttasemjara þann 29. ágúst 2012 var undirritaður kjarasamningur milli samtaka sjómanna og Landssambands smábátaeigenda. Greidd verða atkvæði um samninginn í október. Verði samningurinn samþykktur verður það fyrsti kjarasamningurinn sem gildir á smábátum.



Atvinnumál

Í lok júlí 2012 var atvinnuleysi 4,7% skv. skýrslu Vinnumálastofnunar. Atvinnuleysi var 5,4% meðal kvenna og 4,1% hjá körlum. Atvinnuleysið var 5,4% á höfuðborgarsvæðinu en 3,5% á landsbyggðinni. Mest var atvinnuleysið á Suðurnesjum eða um 7,4%. Merkja má árstíðasveiflur á íslenska vinnumarkaðinum. Atvinnuástand er best á sumrin og fram eftir hausti en verst yfir hávetrartímann og fram eftir vori.

Atvinnuleysi

Dregið hefur úr atvinnuleysi undanfarin misseri en skráð atvinnuleysi mældist 4,7% í júlímánuði sem er lækkun upp á tæp 2% frá árinu áður. Sömu þróun má greina í gögnum Hagstofunnar sem mælir atvinnuleysi 4,4% í sama mánuði, eða 5,8% ef leiðrétt er fyrir árstíðasveiflum. Rétt er að nefna mun á aðferðafræði Vinnumálastofnunar og Hagstofunnar en sú fyrrnefnda telur þá atvinnulausa sem eiga bótarétt á meðan Hagstofan metur þá atvinnulausa sem eru í atvinnuleit og geta hafið störf innan tveggja vikna.




Heimild: Vinnuálastofnun

Taka verður tillit til þess að umtalsverða árstíðasveiflu er að finna í atvinnuleysisgögnum líkt og greina má á myndinni að ofan. Þó að þróunin liggji niður á við má þess vænta að atvinnuleysi komi til með að aukast með haustinu og geti nálgast 6%.

Samkvæmt tölum frá Vinnuálastofnun voru 8.704 á atvinnuleysissskrá í júlímánuði en þar af voru konur í meirihluta, þ.e. 4.618 og karlar 4.199. Atvinnuleysi mældist mest á Suðurnesjum eða 7,4% en að Suðurnesjum frá-töldum var atvinnuleysi almennt meira í höfuðborginni en á landsbyggðinni. Meirihluti atvinnulausra kemur úr verslunar- og þjónustugeirum en þar á eftir fylgja einstaklingar sem störfuðu í iðnaði og mannvirkjagerð. Einungis 7% atvinnulausra koma úr fiskveiðum og fiskvinnslu. Ef litið er á þróunina hefur atvinnuleysi dregist sama í flestum greinum milli ára en þó hefur fækkunin ekki verið merkjanleg í iðnaði og mannvirkjagerð. Úr atvinnuleysistöllum má einnig lesa að langstærstur hluti þeirra sem eru án vinnu hefur einungis grunn-skólanám að baki eða 48%.

Í júlímánuði voru 1.453 manns í svokölluðum vinnumarkaðsúrræðum og þar af 1.384 í átakinu Vinnandi vegur (sjá nánar kaflann um félags- og vinnumarkaðsmál). Ef atvinnuleysi er borið saman við Norðurlönd almennt er einungis að finna lægra hlutfall í Noregi en meðalatvinnuleysi árið 2011 var lægra á Íslandi heldur en í Danmörku og Svíþjóð. Hins vegar er langtíma-atvinnuleysi hér með því mesta á Norðurlöndum en af tölum Hagstofunnar má sjá að 21,2% af atvinnulausum höfðu verið án vinnu í ár eða lengur en




Heimild: Hagstofa Íslands

langtímaatvinnuleysi var að meðaltali 8,1% árið 2006. Neikvæðar afleiðingar langtímaatvinnuleysis eru vel þekktar og eftir því sem atvinnuleysi dregst á langinn þeim mun minni verða líkur á að einstaklingar komist aftur til starfa.

Lítillega virðist hafa dregið úr fjölda langtímaatvinnulausra milli ára en það gæti meðal annars bent til þess að atvinnulausir séu að falla af vinnumarkaði. Ef litið er á tölur yfir aðila utan vinnumarkaðar þá eru námsmenn og aldraðir sem fyrr stærsti hópurinn eða yfir helmingur. Meðalfjöldi einstaklinga utan vinnumarkaðar hefur vaxið milli ára og að sama skapi er atvinnuþátttaka minni en á sama tíma í fyrra ef borið er saman meðaltal fyrstu sex mánaða ársins.

Búferlaflutningar hafa verið umtalsverðir á síðastliðnum árum en brottflutningur íslenskra ríkisborgara er mikill í sögulegu samhengi þó hægt hafi verulega á þeim undanfarin misseri. Á síðasta ári fluttust 1.404 af landi brott umfram aðflutta en þar af voru 1.311 íslenskir ríkisborgarar. Á árunum 2008–2011 hafa því tæplega 6.000 Íslendingar flutt af landi brott sem er meira en samanlagður fjöldi brottfluttra á árunum 2000–2007. Sveigjanleiki íslensks vinnumarkaðar hefur því átt þátt í því að draga úr framboði vinnuafls, en með væntingum um efnahagsbata og rísandi kaupmátt launa má vænta þess að framboð vinnuafls fari að aukast á ný.



Heimild: Hagstofa Íslands

Á myndinni að ofan má sjá meðaltalshlutfall atvinnuþátttöku sem hefur ekki verið lægra síðan árið 2004. Sömu þróun má greina í fjölda starfandi sem hefur að jafnaði staðið í stað frá árinu 2009. Horfur í atvinnumálum og eftirspurn vinnuafns eru enn í þó nokkurri óvissu, meðal annars hraði efnahagsbatans, væntingar og fjárfestingar sem eru í sögulegu lágmarki.

Virkar vinnumarkaðsaðgerðir

Í skýrslu forseta ASÍ fyrir árið 2011 er gerð ítarleg grein fyrir tillögum samráðshóps fulltrúa stjórnvalda, stjórnmalaflokkanna og aðila vinnumarkaðarins sem skilaði af sér í lok mars 2011. Tillögurnar sem báru yfirskriftina „Í NÁM – TIL VINNU“ voru í aðalatriðum tvíþættar og var ætlað að skapa um 1.500 atvinnuleitendum tækifæri til starfstengdra úrræða og um 1.000 tækifæri til náms. Þar var einnig að finna ýmsar fleiri tillögur. Fulltrúar ASÍ tók virkan þátt í starfi hópsins og tillögugerð.

Í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 5. maí 2011 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem m.a. var að finna skuldbindingu varðandi menntamál og vinnumarkaðsúrræði. Yfirlýsingin var afrakstur samræðu og samkomulags stjórnvalda, ASÍ og SA um inntak, fjármögnun og framkvæmd. Þar var í meginatriðum stuðst við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál sem getið er hér að framan.

Átaksverkefnið *Nám er vinnandi vegur*: Áður en kjarasamningarnir í maí voru undirritaðir var hafin vinna við þann þátt verkefnisins sem laut að bráðaaðgerðum í menntamálum:

- a) Annars vegar að tryggja öllum yngri en 25 ára, sem eftir leita og uppfylla inntökuskilyrði, nám við hæfi í framhaldsskólum strax haustið 2011. Sama gilti um þá sem lokið hefðu raunfærnimati vorið 2011.
- b) Hins vegar að skapa ný námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu 2 ár þar á eftir í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og í framhaldsfræðslu.

Alls hófu 1.042 atvinnuleitendur nám haustið 2011. Þar af voru 950 á sérstökum námssamningi hjá Vinnumálastofnun og skiptust þeir með eftirfarandi hætti: 527 hófu nám í framhaldsskólum, 320 háskólanám, 103 í frumgreina-deildum og menntastoðum.

Alls innrituðust tæplega 1.500 nemendur í nám á framhaldsskólastigi haustið 2011 undir formerkjum átaksins „Nám er vinnandi vegur“. Nemendahópur átaksins er tvískiptur: annars vegar hópur atvinnuleitenda sem innritaðist í nám samhliða því að þiggja bætur hjá Vinnumálastofnun og hins vegar hópur nemenda sem framhaldsskólarnir innrituðu til viðbótar við hefðbundna ársnemendur og eru á aldrinum 18–24 ára.

Af hálfu stýrihópsins, sem leiðir „Nám er vinnandi vegur“, hefur verið lögð mikil áhersla á að fylgja verkefninu eftir, auka stuðning við nemendurna og greina ástæður að baki brotthvarfi úr námi. Geta má þess að af þeim atvinnuleitendum, sem hófu eitthvert nám á grundvelli verkefnisins haustið 2011, eru 130 á atvinnuleysisbótum í dag.

Vorið 2012 lá fyrir að um 400 námspláss væru laus vegna verkefnis og var ákveðið að auglýsa þau meðal atvinnuleitenda, þar sem sérstök áhersla var lögð á þann hóp sem hefur minnsta menntun og að beina þeim í undirbúningsnám og nám í verk- og tæknigreinum á framhaldsskólastigi.

Átaksverkefnið *Vinnandi vegur*: 16. desember 2011 var undirrituð samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnarinnar, samtaka sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um öflugar tímabundnar aðgerðir sem áttu að tryggja allt að 1.500 atvinnuleitendum störf eða starfstengd úrræði. Verkefnið fékk yfirskriftina „VINNANDI VEGUR“. Fram kom að aðgerðir í þágu langtímaatvinnulausra hefðu forgang í þessu tímabundna átaki. Þá var tekið fram að sérstaklega yrði gætt að því að aðgerðirnar leiði ekki til samkeppnisröskunar eða misnotkunar af hálfu fyrirtækja eða einstaklinga.

Sett voru eftirfarandi skilyrði:

1. Að ráðning viðkomandi atvinnuleitanda feli í sér fjölgun starfsmanna.
2. Að fyrir sé að minnsta kosti einn starfsmaður á launaskrá.
3. Að síðastliðna sex mánuði hafi ekki verið sagt upp starfsmönnum sem gegnt höfðu störfum sem fyrirhugað er að ráða atvinnuleitendur til að gegna.

4. Að ráðning viðkomandi atvinnuleitanda feli ekki í sér verulega röskun á samkeppni innan atvinnugreinarinnar á því svæði sem um ræðir hverju sinni.
5. Að staðfesting á launagreiðslu til viðkomandi atvinnuleitanda fylgi með reikningi hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar til Vinnumálastofnunar.

Mikilvægur þáttur í átakinu var að Atvinnuleysistryggingasjóður greiddi hluta stofnkostnaðar við ný störf fyrir atvinnuleitendur, þ.e. grunntatvinnuleysibætur auk 8% framlags í lífeyrissjóð. Áskilið var hins vegar að ráðningarkjör yrðu í samræmi við kjarasamninga. Tímalengd slíks styrks gat mest orðið tólf mánuðir þegar langtímaatvinnulausir væru ráðnir í ný störf.

Niðurstaðan úr átakinu var sú að gerðir voru um 1.384 ráðningarsamningar. Af þeim voru 898 á almennum vinnumarkaði, 413 hjá sveitarfélögum og 73 hjá félagasamtökum.

Áhrifa átaksins mun gæta fram á mitt árið 2013 þegar síðustu samningar, sem gerðir voru á grunni þess, renna út.

Önnur vinnumarkaðsúrræði. Auk þess sem að framan greinir voru í júlí sl. 69 í öðrum starfsþjálfunarverkefnum, reynsluráðningum og átaksverkefnum og 24 í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja/stofnana. Um er að ræða úrræði sem eru greidd af Atvinnuleysistryggingasjóði en viðkomandi einstaklingar teljast ekki með í atvinnuleysistölum.

Í grunnúrræðum og ýmsum námskeiðum voru 400 atvinnuleitendur í júlí, þar af 170 í ýmsum grunnúrræðum, í námsúrræðum og ýmsum námskeiðum voru 107 og í starfstengdum úrræðum (atvinnutengdri endurhæfingu, sjálfbodaliðastarfi og þróun eigin viðskiptahugmynda) voru 123.

Nánar er fjallað um vinnumarkaðsúrræðin í kaflanum um félags- og vinnumarkaðsmál.

Atvinnumál og ASÍ

Á vettvangi ASÍ var mikið fjallað um stór þingmál er varða atvinnumál: tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlun), frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og frumvarp til laga um veiðileyfagjald.

Sjávarútvegsfrumvörpin: Þann 3. apríl stóð ASÍ fyrir kynningarfundum fyrir formenn í verkálýðshreyfingunni um sjávarútvegsfrumvörpin tvö. Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, fór yfir frumvarpið um stjórn fiskveiða og Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, fjallaði um frumvarpið um veiðigjald. Fundurinn var vel sóttur og sköpuðust líflegar umræður á honum. Auk þess að kynna frumvörpin var ASÍ með þessum fundi að heyra sjónarmið sem víðast úr hreyfingunni og þar með að sækja sér veganesti fyrir umsögn ASÍ til atvinnuveganefndar Alþingis um frumvörpin.

ASÍ sendi eina umsögn um bæði sjávarútvegsfrumvörpin þann 16. apríl 2012. Í umsögninni voru dregnir fram helstu veikleikar frumvarpanna og bent á tillögur til úrbóta. Í niðurlagi umsagnarinnar sagði:

„ASÍ telur að verði tekið tillit til framangreindra tillagna um breytingar á frumvörpunum geti þau orðið grunnur að góðri sátt um sjávarútveginn og er afstaða ASÍ til þessara frumvarpa háð fyrirvara um framgang þessara tillagna. Jafnframt útrekar ASÍ mikilvægi þess að sátt náist um skipan sjávarútvegs mála, sátt sem byggir á því að nýliðun í greininni hafi verið auðvelduð, hagsmunir sjómanna, landverkafólks og hinna dreifðu byggða hafi verið styrktir, tryggt hafi verið að þjóðin fái notið hlutdeildar í þeim arði sem sjávarútvegurinn skapar og grunnur lagður að því að sjávarútvegurinn geti áfram verið sterk og arðsöm atvinnugrein.“ (Sjá nánar umsagnir um þingmálin í heild í kaflanum Umsagnir um þingmál.)

Frumvarpið um veiðileyfagjald var afgreitt sem lög frá Alþingi á vorþingi 2012 í nokkuð breyttri mynd þar sem m.a. var dregið úr áætlaðri gjaldtöku en frumvarpið um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða var ekki afgreitt.

Rammaáætlun: Samþykkt Rammaáætlunar getur skipt miklu fyrir atvinnuuppbyggingu. ASÍ hefur því lagt mikla áherslu á að því vandaða og faglega undirbúningsstarfi, sem staðið hefur árum saman, ljúki með því að Alþingi samþykki áætlunina. Ríkisstjórnin lýsti því yfir í tengslum við gerð kjarasamninga að stefnt væri að því að samþykkja Rammaáætlun á haustþingi 2011.

Mikil vinna fór í að undirbúa umsögn ASÍ um áætlunina. Svanfríður Jónasdóttir, formaður verkefnisstjórnar um Rammaáætlun, kom á fund hjá ASÍ og gerði grein fyrir þeirri faglegu niðurstöðu sem kom fram í drögum að þingsályktunartillögu og send var til umsagnar haustið 2011.

ASÍ sendi inn umsögn um drög að þingsályktunartillögunni til iðnaðarráðuneytisins þar sem sagði m.a.: *„Það er mat Alþýðusambandsins, eftir umræðu innan sinnan vébanda, að knýjandi þörf er á að ná breiðri samstöðu um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Því leggur ASÍ áherslu á að tillagan til þingsályktunar fari óbreytt til meðferðar hjá Alþingi þar sem leitast er við að koma til móts við mismunandi sjónarmið og viðhorf ólíkra hópa sem láta sig málið varða.“*

Drögin að þingsályktun fóru í frekara vinnsluferli þegar umsagnarferlinu lauk. Sú vinna skilaði sér í þingsályktunartillögu sem lögð var fyrir þingið. Veigamiklar breytingar höfðu verið gerðar frá drögunum og bar þar hæst að 6 virkjanakostir höfðu verið færðir úr nýtingarflokki í biðflokk án þess að því fylgdi nægilegur faglegur rökstuðningur.

ASÍ sendi umsögn um þingsályktunartillöguna þar sem sagði m.a.: *„ASÍ telur mikilvægt að Alþingi standi vörð um þau faglegu vinnubrögð sem*

einkennt hafa þá miklu og löngu undirbúningsvinnu sem að baki Rammaáætlunar liggur. Þá telur ASÍ mikilvægt að sú breiða sátt um fagleg vinnubrögð, sem einkennt hefur allt undirbúningsferlið, verði ekki rofin á lokametrum vinnunnar við áætlunina.

ASÍ mælist því til að umræddir sex virkjanakostir verði færðir úr biðflokki í nýtingarflokk í meðförum Alþingis.“ (Sjá nánar umsagnir um þingmálin í heild í kaflanum Umsagnir um þingmál.)

Pingsályktunartillagan var ekki samþykkt á vörþingi 2012.

Starf atvinnumálanefndar: Atvinnumálanefnd ASÍ heldur almennt utan um atvinnumálastefnu ASÍ og undirbýr stefnumótun sambandsins í atvinnu- og byggðamálum. Þá kemur nefndin að samskiptum ASÍ við ýmsar opinberar nefndir og ráð, þ. á m. við Vísinda- og tækniráð, Vinnumarkaðsráð og Landflutningaráð.

Helstu verkefni nefnarinnar á árinu voru að undirbúa umsögn ASÍ um sjávarútvegsfrumvörþin og umsögn ASÍ um Rammaáætlun í samráði við umhverfisnefnd ASÍ. Auk þess kom nefndin að undirbúningi 40. þings ASÍ.

Starf umhverfisnefndar: Umhverfisnefnd vinnur í samvinnu við atvinnumálanefnd ASÍ og einnig er gert ráð fyrir að umhverfisnefnd vinni í samvinnu og hafi samráð við þær málefnefndir sem málin varða hverju sinni.

Á árinu vann umhverfisnefnd í samvinnu við atvinnumálanefnd umsögn um drög að orkustefnu og í framhaldi aðra umsögn um tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landsvæða. Einnig var sameiginlegur fundur með atvinnumálanefnd þar sem fjallað var um undirbúning 40. þings ASÍ þar sem áhersla er á græna atvinnuuppbyggingu og grænt hagkerfi.




Velferðarmál

Kaupmáttur

Kaupmáttur launa hefur vaxið allt síðastliðið ár þrátt fyrir þráláta verðbólgu allt tímabilið. Kaupmáttur óx verulega í kjölfar kjarasamningsbundinna launa-hækkana í febrúar 2012 sem skiluðu launafólki 3,5% almennri kauphækkun auk 11.000 króna krónutöluhækkunar á kauptaxta og hækkun á lágmarks-tekjutryggingu í dagvinnu úr 182.000 í 193.000. Þá kom í desember 2011 til greiðslu sérstakt álags á desemberuppbót sem einnig var samið um í síðustu kjarasamningum í maí 2011. Verðlag hafði í júlí 2012 hækkað um 4,6% á síðustu 12 mánuðum en á sama tíma hækkuðu laun á vinnumarkaði um ríflega 6%. Kaupmáttur launa hefur því vaxið um 1,4% á tímabilinu og er nú svipaður og á síðari hluta árs 2005. Kaupmáttur er hins vegar enn tæpum 7% lægri en hann var þegar hann reis hæst í ársbyrjun 2008.

Samkvæmt launavísitölu hækkuðu regluleg laun að meðaltali um 6,7% á árinu 2011. Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu að meðaltali um 7,6% á árinu 2011 en hjá opinberum starfsmönnum nam hækkunin að meðaltali 4,4%. Þegar tekið er tillit til verðbólgu jókst kaupmáttur launa að meðaltali



um 3,5% á almennum vinnumarkaði en um 0,4% hjá opinberum starfsmönnum.

Í febrúar 2012 komu til framkvæmda kjarasamningsbundnar hækkanir sem samið var um í kjarasamningum vorið 2011. Á öðrum ársfjórðungi 2012 voru regluleg laun að meðaltali 1,4% hærri en ársfjórðunginn á undan. Á sama tímabili hækkðu laun á almennum vinnumarkaði um 1,3% en laun opinberra starfsmanna um 1,6% að meðaltali. Milli annars ársfjórðungs 2011 og 2012 hækkðu regluleg laun að meðaltali um 9,2%, þ.e. um 9,3% á almennum markaði en um 8,9% hjá opinberum starfsmönnum.

Á almennum vinnumarkaði hækkðu laun á öðrum ársfjórðungi 2012, samborið við sama tíma árið áður, mest hjá þjónustu,- sölu,- og afgreiðslufólki (14%), skrifstofufólki (10%) og verkafólki (9,2%). Hjá tæknum og sérmenntuðu starfsfólki hækkðu laun um 9% milli ára, iðnaðarmönnum um 8,7%, stjórnendum um 8,4% en minnst hækkðu laun sérfræðinga um 8,1%.

Ráðstöfunartekjur

Ráðstöfunartekjur heimilanna hafa nú tekið að vaxa á ný í kjölfar batnandi atvinnuástands, lengri vinnutíma og launahækkana í kjölfar kjarasamninga auk þess sem tímabundnar aðgerðir stjórnvalda til stuðnings skuldugum heimilum, hækkandi íbúðaverð og niðurfærsla skulda hafa jákvæð áhrif. Viðvarandi verðbólga hefur þó unnið á móti allt síðastliðið ár. Seðlabankinn áætlar að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi vaxið um 3,1% á árinu 2011 sem

er verulegur viðsnúningur eftir nær fjórðungsryrningun tvö árin þar á undan. Þá er gert ráð fyrir að hægi á vexti kaupmáttar ráðstöfunartekna á árinu 2012 en ætla má að dregið hafi úr áhrifum af aðgerðum til aðstoðar skuldugum heimilum og heimildar til útgreiðslu séreignarsparnaðar.

Skuldir og fjárhagur heimilanna

Greiðsluferfiðleikar og skuldavandi í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 hafa valdið erfiðleikum í fjárhag margra heimila á undanförunum árum. Viðfangsefni stjórnvalda og lánastofnana hefur á síðustu fjórum árum verið að leita leiða til þess að vinna úr þessum vanda og gera heimilunum kleift að endurskipuleggja fjárhagi sinn. Hægt hefur gengið að leysa vandann og staða margra heimila er enn óviðunandi.

Skuldir heimilanna eru miklar í alþjóðlegum samanburði en þær hafa á síðustu þremur árum farið lækkandi í kjölfar endurskipulagningar fjármála-fyrirtækja og dóma Hæstaréttar um ólögmæti gengisbundinna lána. Samkvæmt mati Seðlabanka Íslands voru skuldir heimila mestar á fyrri hluta árs 2009 eða um 132% af vergri landsframleiðslu en hafa lækkað nokkuð stöðugt síðan og námu í lok fyrsta ársfjórðungs 2012 um 110% af VLF. Enn eru mál fjölda heimila til úrvinnslu hjá fjármálafyrirtækjum og umboðsmanni skuldara auk þess sem lagaóvissa er enn nokkur um endurútreikning og uppgjör greiddra vaxta á gengistryggðum lánunum. Seðlabankinn áætlar að þegar þessum málum ljúki muni skuldir heimilanna enn fara lækkandi.

Skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafa nú einnig tekið að lækka en mikill samdráttur í ráðstöfunartekjum á árunum 2009 og 2010 olli því að þrátt fyrir lækkun skulda heimilanna óx skuldsetning þeirra sem hlutfall af ráðstöfunartekjum. Hlutfall skulda af árlegum ráðstöfunartekjum heimila fór hæst í um 274% á árinu 2010 en hefur síðan þá lækkað umtalsvert og verður á árinu 2012 um 234% að mati Seðlabankans.

Samsetning skulda heimilanna hefur einnig tekið nokkrum breytingum á liðnum árum. Óverðtryggðar skuldir hafa aukist nokkuð undanfarin misseri og frá ársbyrjun 2010 til loka fyrsta ársfjórðungs 2012 hafa óverðtryggðar skuldir heimilanna að yfirdáttarlánunum undanskildum vaxið úr 3,5% í 12,4% af VLF. Á sama tímabili hafa verðtryggðar skuldir lækkað úr 99% í 88% af VLF. Gengistryggum lánunum, sem dæmd voru ólögmætt hefur að mestu verið umbreytt í lán í íslenskum krónum. Aukning óverðtryggðra skulda má bæði rekja til umbreytinga á gengistryggðum lánunum og til aukinna óverðtryggðra húsnæðislána en hlutur þeirra hefur farið úr 0,1% af VLF í ríflega 5% á síðustu tveimur árum á sama tíma og hlutur verðtryggðra húsnæðislána hefur dregist saman. Á fyrri hluta árs 2012 var megnið af nýjum húsnæðislánunum bankanna óverðtryggt. Aðrar skuldir heimilanna en íbúðaskuldir hafa lækkað verulega undanfarin ár

sem rekja má að mestu til lækkunar á gengistryggðum bílalánum. Mestar voru þær um 54% af VLF á fyrri hluta árs 2009 en námu um 38% á fyrri hluta árs 2012.

Fjárhagserfiðleikar heimilanna endurspeglast í háum vanskilatölum einstaklinga undanfarin ár. Þótt staðan hafi heldur batnað eru vanskil enn veruleg og fjöldi einstaklinga á vanskilaskrá mikill. Hjá viðskiptabönkunum og Íbúðalánasjóði námu vanskil heimila um 17% af heildarútlánunum í mars 2012 að því er fram kemur í skýrslu Seðlabankans um fjármálastöðugleika í maí 2012. Hlutfallið hefur farið heldur lækkandi, var um 18% í lok árs 2011 og 22% í maí 2010. Til viðbótar við þetta hefur fjöldi heimila fengið greiðslujöfnun, frystingu og lengingu lána. Einstaklingum á vanskilaskrá heldur áfram að fjölga. Um mitt ár 2012 voru um 26.500 manns á vanskilaskrá en til samanburðar voru þar tæplega 25 þúsund einstaklingar í lok apríl 2011, rúmlega 20 þúsund manns í byrjun árs 2010 og um 17 þúsund í upphafi árs 2009.

Verulega hefur dregið úr tíðni árangurslausra fjárnáma undanfarið ár. Á tímabilinu frá september 2011 til apríl 2012 voru skráð ríflega 2.300 árangurslaus fjárnám en á sama tímabili árið áður voru þau tæplega 5.300. Gjaldþrotarárskurðum einstaklinga hefur hins vegar fjölgað nokkuð. Á tímabilinu frá september 2011 til apríl 2012 voru um 150 einstaklingar skráðir gjaldþrota en þeir voru um 88 á sama tímabili árið áður. Þetta er nokkur aukning frá árunum 2009 og 2010 en hins vegar umtalsvert færri gjaldþrotarárskurðir en í kringum árið 2000.

Mörg heimili upplifa stöðu sína erfiða. Samkvæmt lífskjararannsókn Hagstofu Íslands taldi nærri helmingur heimila erfitt að ná endum saman á árinu 2010 samanborið við 39% heimila árið 2009, 30% heimila árið 2008 og 46% árið 2004. Tæplega 36% heimila áttu erfitt með að mæta óvæntum útgjöldum að upphæð 140.000 á árinu 2010 sem er svipað hlutfall og á árinu 2004. Þá telja fleiri heimili húsnæðiskostnað vera þunga byrði en 16% heimila taldi svo vera á árinu 2010 samanborið við tæp 12% árið 2008 sem er svipað hlutfall og árið 2004. Þegar fjárhagsstaða er greind eftir fjölskyldugerð má sjá að einstæðir foreldrar eru sá hópur sem er í mestum fjárhagserfiðleikum. Líkt og áður á mikill meirihluti einstæðra foreldra erfitt með að ná endum saman, eða um 78%, og fjölgar þeim nokkuð milli ára. Einstæðir foreldrar telja einnig húsnæðiskostnað og önnur lán þunga byrði í meiri mæli en aðrir hópar auk þess sem vanskil þeirra eru meiri. Sé horft til meðalaldurs fullorðinna heimilismanna má sjá að fólk á aldrinum 30–39 ára á almennt í mestum fjárhagserfiðleikum.

Miðstjórn ASÍ lýsti áhyggjum sínum af vaxandi fátækt og fjárhagserfiðleikum fjölskyldna í ályktun þann 7. mars 2012:

Miðstjórn ASÍ lýsir áhyggjum sínum yfir vaxandi fátækt á Íslandi. Það er skylda okkar að taka með afgerandi hætti á vanda þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem standa höllum fæti í samfélaginu.

Í umræðu um skuldamál heimilanna hefur gleymst að á Íslandi er ört stækkandi hópur fólks sem býr við fátækt. Í hópi öryrkja, meðal eldri borgara og þeirra sem hafa verið lengi atvinnulausir eru margir svo illa staddir fjárhagslega að þeir hafa vart ofan í sig né á, hvað þá að þeir geti leyft sér hluti sem gerir þeim kleift að vera virkir þátttakendur í okkar samfélagi. Margar efnalítlar fjölskyldur búa í leiguhúsnæði þar sem húsaleiga hefur hækkað gríðarlega á meðan húsaleigubætur hafa staðið í stað síðan í maí 2008.

Rannsóknir sýna að fátækt meðal einstæðra foreldra er einnig mikil og fer vaxandi. Í þessum stóra hópi fátækra fjölskyldna elst nú upp mikill fjöldi barna. Við viljum byggja þjóðfélag þar sem öll íslensk börn eiga sömu möguleika til mennta og tómsunda. Því er ekki að heilsa í dag.

Þetta er ekki það nýja Ísland sem við viljum sjá rísa úr efnahagshruninu. Vaxandi fátækt er smánarblettur sem þjóðin verður að má burt sem fyrst. Það á að vera forgangsmál að allir þegnar landsins geti lifað mannsæm- andi lífi. Miðstjórn Alþýðusambandsins hvetur stjórnvöld til að grípa til markvissra aðgerða í baráttunni gegn fátækt á Íslandi.

Velferðarkerfið

Niðurskurður á nær öllum sviðum opinbers rekstrar á undanförunum fjórum árum hefur reynt verulega á innviði velferðar- og heilbrigðiskerfisins. Þrátt fyrir að niðurskurður liðins árs hafi verið nokkru minni en undanfarin þrjú ár er ljóst að víðast verður ekki lengra gengið í hagræðingaraðgerðum. Sveitarfélögin, sem mörg glíma við fjárhagsvanda og aukið álag á stoðþjónustu, s.s. fjárhagsaðstoð o.fl., hafa sömuleiðis skorið niður útgjöld og hækkað gjaldskrár sínar ítrekað á undanförunum árum.

Almannatryggingar

Í kjaraviðræðum á almennum vinnumarkaði á fyrri hluta árs 2011 var samið um að lífeyrisþegum og atvinnuleitendum yrðu tryggðar sambærilegar kjara- bætur og launafólki á lægstu launatöxtum og gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þess efnis í tengslum við kjarasamninga ASÍ og SA í maí 2011. Annar áfangi kjarasamningstengdra hækkana á vinnumarkaði kom til framkvæmda í febrúar 2012 en þá hækkuðu kauptaxtar um 11.000 krónur og lágmarkstekjutrygging um 5,5%. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2012 var hins vegar aðeins gert ráð fyrir að bætur almannatrygginga og atvinnuleysisbætur hækki um 3,5% eða sem samsvarar um 5.500 króna hækkun. Miðstjórn ASÍ gagnrýndi þessi

áform harkalega og segir m.a. í ályktun sinni um fjárlagafrumvarpið þann 6. október 2011:

Þá gagnrýnir miðstjórn harðlega áform um að elli- og örorkulífeyrisþegar og atvinnulausir fái aðeins um 5.500 króna hækkun á næsta ári á meðan lægstu laun hækka um 11.000 krónur. Minnt er á að þetta er ekki í samræmi við það sem samið var um við ríkisstjórnina í tengslum við gerð kjarasamninga í vor og furðar miðstjórnin sig á því að stjórnvöld ætli ekki að efna þá samninga. Þá hafnar miðstjórn ASÍ algerlega hugmyndum um að setja þá sem verið hafa atvinnulausir í þrjú ár á þriggja mánaða vergang eins og boðað er varðandi skerðingu á nýsamþykkttri lengingu atvinnuleysisbótatímabilsins í 4 ár. Slíkt er hrein sveltistefna.

Þann 1. janúar 2012 urðu eftirtaldar breytingar:

- **Fjárhæðir bóta almannatrygginga hækkuðu um 3,5%.** Sérstakt álag var sett á orlofs- og desemberuppbætur almannatrygginga fyrir árið 2011 til samræmis við kjarasamninga á vinnumarkaði en þær verða á árinu 2012 sambærilegar og fyrir árið 2011, þ.e. 20% af tekjutryggingu og heimilisuppbót og desemberuppbót 30% af tekjutryggingu og heimilisuppbót.
- **Grunnatvinnuleysisbætur hækka um 3,5%** og verða kr. 167.167.
- **Lágmarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði og fæðingastyrkur hækka um 3,5%** og eru nú kr. 127.437 en hámarksgreiðslur úr sjóðnum eru óbreyttar, kr. 300.000 líkt og undanfarin þrjú ár.

Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga

Fjárhagsaðstoð sveitafélaganna er sú lágmarksframfærsla sem sveitarfélögum ber að tryggja íbúum sínum. Fyrir þá einstaklinga, sem missa atvinnu og eiga engan eða lítinn rétt til atvinnuleysisbóta eða hafa fullnýtt bótarétt sinn, er fjárhagsaðstoð sveitafélaganna sú framfærsla sem þeir þurfa að reiða sig á. Samfara versnandi efnahags- og atvinnuástandi hefur fjölgað mjög í hópi þeirra sem þurft hafa að leita fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögunum. Velferðarráðherra gefur út leiðbeinandi grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og var hún í ársbyrjun 2011 kr.149.500 og er hún óbreytt á milli ára. Sveitarfélögum er í sjálfvald sett hvort þau fylgi viðmiðinu.

Skv. leiðbeinandi reglum ráðuneytisins skal miða fjárhagsaðstoð við hjón við 1,6-falda grunnfjárhæð eða tæpar 239.200 krónur á mánuði. Þeim sem fengið hafa fjárhagsaðstoð hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Á árinu 2010 fengu ríflega 6.900 heimili hér á landi fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögunum og fjölgaði þeim heimilum, sem fengu aðstoð, um 916 (15%) frá árinu 2009. Heildartölur fyrir árið 2011 liggja ekki fyrir en hjá Reykjavíkurborg fjölgaði þeim sem fengu fjárhagsaðstoð til framfærslu úr rúmlega 2.900 manns

á árinu 2010 í tæplega 3.300 manns á árinu 2011 eða um 12%. Að óbreyttu mun stór hópur atvinnulausra fullnýta atvinnuleysisbótarétt sinn á næstu mánuðum og ætla má að fjölmargir einstaklingar hafi ekki önnur úrræði til framfærslu en fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Áhyggjuefni er að skilyrði fjárhagsaðstoðar eru mjög þröng og taka mið af heimilistekjum viðkomandi og því mun að líkindum hluti hópsins falla utan allra kerfa og ekki eiga neina trygga framfærslu.

Húsnæðismál

Í samræmi við niðurstöður samráðshóps um húsnæðisstefnu, sem velferðarráðherra skipaði hausið 2010 og ASÍ átti fulltrúa í, var hausið 2011 skipaður vinnuhópur um húsnæðisbætur sem miðar að því að taka upp eitt samræmt kerfi húsnæðisbóta á forræði ríkisins í stað núvarandi húsaleigu- og vaxtabóta. Fulltrúi ASÍ starfaði með nefndinni en ASÍ hefur um árabíl haft þá sýn að taka bæri upp eitt húsnæðisbótakerfi sem tryggir jafnræði milli búsetuforma. Í ályktun ársfundar ASÍ frá árinu 2007 segir m.a.:

Að einfalda og efla núverandi kerfi húsaleigu- og vaxtabóta, t.d. með því að sameina húsaleigu- og vaxtabætur í eitt kerfi húsnæðisbóta, hækka bótaupphæðir og draga úr skerðingum. Jafnframt verði öryggi húsnæðisbótanna aukid þannig að fólk, sem tekst á hendur húsnæðisskuldbindingar til langs tíma, geti gert það með vissu um að forsendum bóta verði ekki skyndilega breytt.

Vinnuhópur um húsnæðisbætur skilaði velferðarráðherra tillögum sínum í maí 2012 og er í þeim lagt til að komið verði á húsnæðisstuðningskerfi sem sé óháð búsetuformi, hvort sem fólk kys að búa í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða búseturéttaríbúðum. Gert er ráð fyrir að húsnæðisbætur taki mið af fjölskyldustærð, óháð aldri fjölskyldumeðlima, og verði að fullu greiddar úr ríkissjóði, en í núverandi kerfi greiða sveitarfélög húsaleigubætur til fólks á leigumarkaði en ríkið vaxtabætur til þeirra sem búa í eigin húsnæði. Þá leggur hópurinn til að teknar verði upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig aðstoða skuli heimili sem þurfa meiri stuðning en felst í nýju húsnæðisbótakerfi. Miðað er við að húsnæðisbætur verði samtímagreiðslur líkt og húsaleigubætur eru nú.

Fundarröð ASÍ um vexti og gjaldmiðismál

Alþýðusambandið stóð í desember 2011 og janúar 2012 fyrir fjórum opnum fundum um vexti og gjaldmiðismál. Fundirnir voru vel sóttir og í tengslum við þá voru birtar greinar um efni þeirra í fjölmiðlum. Fyrsti fundurinn, sem haldinn var þann 1. desember, bar yfirskriftina: Erú háir vextir og verðtrygging náttúruleg mál á Íslandi? Þar fjölluðu Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og Ólafur Darri Andrason, hagræðingur ASÍ, um hvernig háir vextir hér á landi eru fylgifiskur fallvaltrar krónu og báru saman afleiðingar verðbólgu á greiðslubyrði og höfuðstól verðtryggðra og óverðtryggðra húsnæðislána. Á



fundi þann 8. desember var fjallað um: *Hvað krónan kostar heimilin í landinu?* Þar fjölluðu þeir Gylfi og Ólafur Darri um kostnað íslenskra heimilía af því að fleyta krónunni og taka upp verðbólguþröskulmörk sem kemur m.a. fram í mun hærri húsnæðisvöxtum hér á landi en í nágrannalöndunum. Þá ræddu þeir hvernig hægt er að lækka húsnæðisvexti heimilanna með krónuna sem gjaldmiðil og bentu m.a. á að skynsamlegt sé að auka vægi óverðtryggðra lána og gera nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi húsnæðislána þannig að þau verði hagstæðari en nú er. Þriðji fundurinn í fundaröðinni var haldinn þann 10. janúar 2012 undir yfirskriftinni *Íslenska krónan – blessun eða bölvun?* og héldu þar auk forseta ASÍ fulltrúar frá Seðlabankanum og tveimur háskólum erindi. Gylfi Arnbjörnsson ræddi í sínu erindi um nauðsyn á stöðugum og traustum gjaldmiðli til að tryggja bætt lífskjör hér á landi. Arnór Sighvatsson, aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, fjallaði um hvaða valkosti Íslendingar eiga í gjaldmiðilsmálum og Friðrik Már Baldursson, forseti Viðskiptadeildar HR, um muninn á því að taka upp gjaldmiðil einhliða og taka upp evru með aðild að ESB. Þá hélt Ragnar Árnason, prófessor við HÍ, erindi um kosti sveigjanlegs gjaldmiðils við hagstjórn. Fjórði og síðasti fundurinn var haldinn 24. janúar 2012 og bar yfirskriftina: *Hvað getum við lært af Dönum?* Á fundinum fjallaði Peter Jayaswal, aðstoðarframkvæmdastjóri samtaka húsnæðislánveitenda í Danmörku, um danska húsnæðislánakerfið auk þess sem

Gylfi Arnbjörnsson flutti erindi. Að loknum framsögum sátu Gylfi, Sigurður Erlingsson, framkvæmdastjóri Íbúðalánasjóðs, og Stefán Halldórsson, ráðgjafi Landsambands lífeyrissjóða í húsnæðismálum, í pallborði. Fundarstjóri á síðustui tveimur fundunum var Þóra Arnórsdóttir fréttamaður.

Velferðarnefnd ASÍ

Velferðarnefnd ASÍ hefur í störfum sínum á árinu fylgst með og tekið þátt í að móta breytingar á húsnæðiskerfinu. Henný Hinz, hagfræðingur og starfsmaður velferðarnefndar, tók sæti í vinnuhópi velferðarráðherra um húsnæðisbætur sem hafði það að markmiði að vinna að jafnari húsnæðisstuðningi hins opinbera milli ólíkra búsetuforma og stuðla að því að heimili eigi val á milli leigu-, búseturéttar- og eignaríbúða eða eins og segir í skipunarbréfi hópsins: „*Vinnuhópnum er ætlað að vinna að undirbúningi þess að taka upp húsnæðisbætur í stað vaxta- og húsaleigubóta. Þarf meðal annars að skoða hver aðlögunartími slíkra breytinga þurfi að vera svo raski ekki fjárhagsáætlunum heimila. Í samræmi við skýrslu samráðshópsins skal miða við að markmið húsnæðisbóta verði að jafna húsnæðisstuðning hins opinbera milli ólíkra búsetuforma og stuðla að því að heimili eigi val milli leigu-, búseturéttar- og eignaríbúða. Almennar húsnæðisbætur eiga að jafna húsnæðisstuðning heimila að teknu tilliti til fjölda fullorðinna og fjölda barna á heimili, tekna heimilis, eignastöðu heimilis umfram hæfilegt húsnæði og húsnæðisútgjalda. Einnig skal miða við að húsnæðisbætur verði samþímagreiðslur líkt og húsaleigubætur og óháðar búsetuformi.*“ Ólafur Darri Andrason tók sæti Hennýjar í vinnuhópnum þegar hún fór í fæðingarorlof. Á fundum velferðarnefndarinnar var gerð grein fyrir framvindu starfs vinnuhópsins og komu nefndarmenn með athugasemdir og ábendingar varðandi starf vinnuhópsins sem skiluðu sér inn í vinnu hópsins. Góð sátt var í velferðarnefndinni um niðurstöður og tillögur vinnuhóps velferðarráðherra.

Formaður velferðarnefndar á sæti í stýrihópi Velferðarvaktar ríkisstjórnarinnar sem hefur það hlutverk að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum hrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Formaðurinn hefur með reglulegum hætti upplýst velferðarnefnd ASÍ um störf Velferðarvaktarinnar og þá vinnu sem þar fer fram og miðlað sjónarmiðum ASÍ inn í starf Velferðarvaktarinnar.



Lífeyrismál

Lífeyrissjóðir landsmanna, sem undanfarin ár hafa glímt við afleiðingar efnahagshruns og gjaldmiðlakreppu, hafa nú smám saman tekið að rétta úr kútnum í kjölfar mikilla áfalla á árunum 2008 og 2009. Samkvæmt niðurstöðum Fjármálaeftirlitsins um stöðu Lífeyrissjóðanna á árinu 2011 var raunávöxtun samtryggingadeilda Lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðenda (sem eru lífeyrissjóðir launafólks á almennum vinnumarkaði) 2,3% og tryggingafræðileg staða þessara sömu sjóða var neikvæð um 121 milljarð króna um sl. áramót. Til samanburðar var meðaltalsraunávöxtun þessara sjóða 2,49% á árinu 2010 og neikvæð tryggingafræðileg staða um 145 milljarðar króna.

Hjá sjóðum með launagreiðendaábyrgð, sem einkum eru sjóðir opinberra starfsmanna, var hrein raunávöxtun samtryggingadeilda sömuleiðis 2,3% á árinu 2011 samanborið við 2,05% raunávöxtun á árinu 2010. Heildartryggingafræðileg staða sjóða með launagreiðendaábyrgð var neikvæð um tæplega 547 milljarða króna í árslok 2011 samanborið við 506 milljarða árið áður.

Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði úr ríflega 1.909 milljörðum í árslok 2010 í tæplega 2.098 milljarða í árslok 2011 sem er raunhækkun um 4,4%. Heildareignir Lífeyrissjóðanna námu í árslok 2011 um 137% af landsframleiðslu þess árs.

Í tölum Fjármálaeftirlitsins kemur fram að almennir lífeyrissjóðir hafi í kjölfar bankahrunsins þurft að skerða réttindi sjóðfélaga sinna um a.m.k. 130 milljarða króna til að rétta af tryggingafræðilega stöðu sína. Réttindi í sjóðum með launagreiðendaábyrgð standa hins vegar óhöggðu þrátt fyrir áföll og hefur staða þeirra haldið áfram að versna og skuldbindingar, sem tryggðar eru með skattfé, vaxið mikið.

Alþýðusambandið lagði í kjarasamningum í maí 2011 ríka áherslu á áralanga kröfu sína um jöfn lífeyrisréttindi fyrir alla landsmenn. Misvægið milli lífeyrissjóða launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði og gríðarleg skuldásöfnun í sjóðum opinberra starfsmanna er óviðundandi. Þær byrðar, sem lagðar eru á sjóði ríkis og sveitarfélaga í nútíð og framtíð, eru slíkar að þær ógna getu hins opinbera til að standa að velferðarkerfinu í náninni framtíð. Útgangspunktur ASÍ í vinnu liðins árs hefur verið að nú sé nauðsynlegt að byggja af ábyrgð upp eitt sameiginlegt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem sé sjálfbært og réttlátt og tryggi sátt um framtíðarfyrirkomulag lífeyrismála.

Eftirfylgni kjarasamninga

Í kjarasamningum aðila vinnumarkaðarins í maí 2011 var samið um að stíga á næstu árum markviss skref í jöfnun lífeyrisréttinda á öllum vinnumarkaðnum. Þetta verði gert með auknum framlögum til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði en jafnframt skyldi fyrir árslok 2012 komin niðurstaða í viðræður um nýtt, samræmt, sjálfbært lífeyriskerfi alls launafólks á vinnumarkaði. Þá fékkst viðurkenning á því að í kjölfar fjármálahruns er nauðsynlegt að ríkið komi að því að jafna þann mismun sem er á réttindum í lífeyrissjóðum launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði. Fjallað var um lífeyrismál í sérstakri yfirlýsingu í kjarasamningi aðildarsamtaka ASÍ og SA frá 5. maí 2011 og í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við samningana.

Samkvæmt yfirlýsingu stjórnvalda skyldu viðræður um samræmt lífeyriskerfi halda áfram í starfshópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins sem upphaflega var skipaður í tengslum við stöðugleikasáttmálann árið 2009 og var honum gert að skila niðurstöðum fyrir 1. september 2011. Fyrir hönd ASÍ sitja í hópnum Gylfi Arnbjörnsson og Þorbjörn Guðmundsson. Starfið í vinnuhópnunum hefur tafist m.a. vegna kröfu fulltrúa opinberra starfsmanna um að ekki verði hróflað við réttindum opinberra starfsmanna í bæði A- og B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR). Haustið 2011 náðist samkomulag um að ljúka vinnu við mótun framtíðarfyrirkomulags samræmdra lífeyrisréttinda fyrir alla landsmenn og var vinna við skýrslu komin vel á veg þegar fulltrúar opinberra starfsmanna stöðvuðu hana aftur vegna deilna við fjármálaráðherra. Óvissa er nú um hvert framhald vinnunnar verður.

Samningsaðilar voru í samningunum í maí 2011 sammála um að hækka

þurfi iðgjöld til lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði úr 12% í 15,5% á árunum 2014–2020. Stefnit skuli að því að fyrir árlök 2012 liggi fyrir niðurstaða um nýtt samræmt lífeyriskerfi á sjálfbærum grunni og samhliða því með hvaða hætti hækkun iðgjalda verði framkvæmd. Þessi þáttur komi svo til umræðu við endurskoðun kjarasamninga í ársbyrjun 2013. Ljóst er að framkvæmdastjórn SA setur þá fyrirvara að fyrst verði leyst úr vanda bæði A- og B-deildar LSR. Töf á vinnu vinnuhóps um samræmt lífeyriskerfi veldur því mikilli óvissu um niðurstöðu við endurskoðun kjarasamninga í ársbyrjun 2013.

Vinnuhópur, sem gera átti tillögu um aðkomu ríkisins að jöfnun lífeyrisréttinda, var skipaður í kjölfar kjarasamninga í maí 2011 og eiga í honum sæti fulltrúar ASÍ, SA og fjármálaráðherra. Fyrir hönd ASÍ situr Gylfi Arnbjörnsson í hópnum. Aðeins einn fundur hefur verið haldinn í þessum vinnuhópi þar sem Benedikt Jóhannesson, stærðfræðingur hjá Talmakönnun, lagði fram útreikninga sem hann taldi staðfesta að þegar tillit væri tekið til almannatryggingakerfisins væri meintur munur á milli lífeyrisréttinda launafólks á almennum og opinberum vinnumarkaði innan við 7%. Fulltrúi ASÍ gerði athugasemdir við þessa útreikninga og óskaði eftir því að Talmakönnun myndi endurskoða þessa útreikninga og taka mið af umfangi réttinda og þróun réttinda í B-deildinni í stað A-deildarinnar, þar sem viðfangsefni þessa starfshóps var að finna leiðir til að jafna áunnin réttindi fremur en að fjalla um réttindi í framtíðinni. Ljóst er að fyrirkomulag og jöfnun lífeyrisréttinda í framtíðinni er til umfjöllunar í annarri nefnd og ASÍ og SA hafa náð saman um leið til jöfnunar sem þó er háð þeim fyrirvara að ljóst sé að hverju er jafnað. Jafnframt kom fram hjá fulltrúa ASÍ að ljóst sé að langstærstur hluti áunninna réttinda opinberra starfsmanna sé hins vegar í B-deildinni ef miðað er við þá sem komnir eru á lífeyri eða fast að töku lífeyris og verulegur munur á þeim réttindum og þeirra félagsmanna ASÍ sem komnir séu á eftirlaun. Það sé því mikilvægt að fá þessar upplýsingar sem allra fyrst.

Jafnframt lagði fulltrúi ASÍ til að framkvæmd yrði sérkeyrsla á skattagögn-um þannig að hægt verði að fá upplýsingar um samsetningu tekna einstaklinga frá 60 ára aldri og til 100 ára skipt eftir greiðslum úr lífeyrissjóðum með ábyrgð hins opinbera annars vegar og hins vegar lífeyrissjóða, sem ekki eru með slíka ábyrgð, ásamt greiðslum almannatrygginga og launatekna. Lagt var til að þetta yrði keyrt fyrir sl. 5 ár til að sjá áhrif fjármálakreppunnar. Slíkar upplýsingar myndu hjálpa til við að skýra betur viðfangsefni þessa starfshóps heldur en skýrsla Talmakönnunar sem fjallar að mestu um A-deildina og tímabundin áhrif núverandi ofurtekjutengingar gagnvart almannatryggingum. Ekki hefur verið orðið við þessari beiðni og enginn fundur verið haldinn í starfshópnum.

Rannsóknarskýrsla um starfsemi lífeyrissjóðanna

Í febrúar 2011 skilaði óháð rannsóknarnefnd, sem ríkissáttasemjari skipaði

að ósk Landssamtaka lífeyrissjóða (LL), úttekt sinni á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda hrunsins 2008. Nefndina skipuðu Hrafn Bragason, fyrrverandi hæstaréttardómari, en hann var formaður nefndarinnar, Guðmundur Heiðar Frímannsson prófessor og Héðinn Eyjólfsson viðskiptafræðingur. Aðdraganda þessa má m.a. rekja til umræða og ályktunar á ársfundi ASÍ árið 2009 um mikilvægi þess að ráðist verði í slíka rannsókn með það að markmiði að gera hreint fyrir dyrum gagnvart félagsmönnum ASÍ og sjóðsfélögum. Miðstjórn ASÍ ákvað síðan í kjölfarið að óska eftir samstarfi við Samtök atvinnulífsins um málið og lögðu samtökin sameiginlega til við ársfund Landssambands lífeyrissjóða vorið 2010 að landssambandið stæði fyrir slíkri úttekt. Var það samþykkt samhljóða og liggur sú skýrsla nú fyrir. Lífeyris- og veikindaréttarnefnd ASÍ tók skýrslu úttektarnefndarinnar til ítarlegrar skoðunar og taldi mikilvægt að ASÍ brygðist við niðurstöðum hennar með markvissum og ákveðnum hætti. Í þeirri vinnu fékk lífeyrisnefnd m.a. Hrafn Bragason, formann úttektarnefndarinnar, á sinn fund til að fara yfir og ræða ýmis álitamál í skýrslunni. Efni úttektarskýrslunnar snýr að mörgum þáttum, bæði er varða lífeyriskerfið í heild, lagaumhverfið, fjárfestingar og innri málefni sjóðanna. Afstaða lífeyrisnefndar var sú að rétt væri að ASÍ einbeitti sér í þeim málum er lúta að kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál og nauðsynlegum lagabreytingum.

Sem viðbrögð við skýrslu úttektarnefndar LL ritaði forseti ASÍ grein á vef sambandsins þann 6. febrúar 2012 þar sem hann fagnaði útgáfu skýrslunnar, benti á mikilvægi þess að tekið verði mið af niðurstöðum nefndarinnar og hafin vinna við að endurskoða kerfið og berjja í brestina þar sem þá er að finna.

Rannsóknarskýrslan um starfsemi lífeyrissjóðanna

Á föstudaginn skilaði sérstök óháð rannsóknarnefnd sem Ríkissáttasemjari skipaði að ósk Landssambands lífeyrissjóða niðurstöðu sinni á úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda hrunsins 2008. Segja má að aðdragandi þessa máls hafi verið umræða og ályktun á ársfundi ASÍ árið 2009 um mikilvægi þess að ráðist verði í slíka rannsókn, með það að markmiði að gera hreint fyrir dyrum gagnvart félagsmönnum okkar og sjóðsfélögum. Miðstjórn ASÍ ákvað síðan í kjölfarið að óska eftir samstarfi við Samtök atvinnulífsins um málið og lögðu samtökin sameiginlega til við ársfund Landssambands lífeyrissjóða vorið 2010 að landssambandið stæði fyrir slíkri úttekt. Var það samþykkt samhljóða og liggur sú skýrsla nú fyrir.

Útkoma skýrslunnar er fagnaðarefni og mikilvægt að efni hennar fái nauðsynlega kynningu og umfjöllun bæði innan verkalyðsfélaganna og í fulltrúaráðum og stjórnnum lífeyrissjóðanna ásamt sjóðsfélagafundum einstakra lífeyrissjóða. Þrátt fyrir þá tilhneigingu fjölmiðla að draga fram eins dökka mynd af þessu og hægt er, eru efnistösk skýrslunnar að mínu mati fagleg og vönduð og víða komið við, bæði í greiningu á starfsemi sjóðanna og verklagsreglum en ekki síður settar fram margar ábendingar um bætt vinnubrögð sem mikilvægt er að taka tillit til. Ég tel að samningsaðilum á vinnumarkaði beri skylda til þess að taka þessa skýrslu rannsóknarnefndarinnar mjög alvarlega og

setja í gang vinnu í samstarfi við Landssamband lífeyrissjóða og stjórnvöld við endurskoðun kerfisins og berja í brestina. Nefndin leggur mjög margt gott til í því efni sem mikilvægt er að taka mið af.

Rannsóknarnefndin gagnrýnir ýmislegt í starfi lífeyrissjóðanna og þá lagalegu umgjörð sem um þá gildir, þó hún telji „að skipulag lífeyrissjóða eftir lögnum sé að mörgu leiti traustvekjandi“ (I, bls. 67). Einkum beinir rannsóknarnefndin sjónum sínum að stöðugum breytingum á fjárfestingarkafla laganna undanfarin ár sem leitt hefur til mótsagnakenndra atriða þannig að óljóst er hvernig beri að túlka það svigrúm sem sjóðirnir hafa. Jafnframt gagnrýnir nefndin Fjármálaeftirlitið (FME) fyrir veikburða eftirlit og telur mikilvægt að skýra betur hlutverk og stöðu ytri endurskoðenda. Einnig veltir nefndin upp þeirri spurningu hvort ekki sé ástæða til þess að breyta tryggingafræðilegu mati á skuldbindingum sjóðanna og taka upp varfærnari uppgjörsaðferðir sem koma í veg fyrir skammtímasveiflur bæði upp á við og niður á við. Slíkt gæti og dregið úr þeirri viðleitni að horft sé um of á skammtímalausnir við vörslu fjármuna til mjög langs tíma.

Varðandi innri starfsemi sjóðanna gagnrýnir nefndin vinnubrögð við mati á gæðum fjárfestinga, áhættuþáttum og eftirliti með þeim og telur þessu víða ábótavant. Telur nefndin þannig mikilvægt að lífeyrissjóðirnir taki upp formlegri vinnubrögð hvað þetta varðar og skjalfesti eftirlitsferla og áhættumat sem geri allt eftirlit skilvirkara og nákvæmara. Alvarlegust er gagnrýnin á veika skilmála í skuldbréfum fyrirtækja þar sem í ljós kom að lífeyrissjóðirnir voru varnarlausir gagnvart því að stjórnendur og eigendur færðu allar eignir úr félögnum. Að sama skapi er gagnrýnt að of mikið hafi verið fjárfest í tengdum fyrirtækjum. Allt er þetta rétt og mikilvægt að draga af þessu lærdóm, bæði í innri starfsemi lífeyrissjóðanna en ekki síður í eftirlitskerfinu með fjármálamarkaðinum því flest þessara atriða eru nú til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara og ákærur farnar að birtast. Eins hafa skilanefndir og þrotabú hafið málaferli vegna þessara þátta. Ljóst má vera að stjórnir og stjórnendur lífeyrissjóðanna vissu jafnlítið um þessa gjörninga og ríkisstjórn, fagráðherrar, Seðlabanki, FME, þingnefndir og almenningur.

Í umfjöllun nefndarinnar um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna, sem er býsna ólíkt eftir því hvort um kjarasamningsbundna sjóði er að ræða, sjóði sem verið hafa nátengdir bönkunum eða svokallaða frjálsa lífeyrissjóði. Niðurstaða nefndarinnar er að engin sjáanleg tengsl sé á milli afkomu eða taps sjóðanna og hvernig kosið er í stjórnir sjóðanna. Í kafla 5.2.2 er hins vegar ágætlega farið yfir rökinn með og á móti því fyrirkomulagi sem verið hefur í kjarasamningstengdu lífeyrissjóðunum, en þeir eru órjúfanlegur hluti af kjarasamningi milli samtaka launafólks og atvinnurekenda. Í allri stefnumörkun um lífeyrismál innan raða ASÍ hefur ekki verið vilji til þess að breyta þessu fyrirkomulagi einfaldlega vegna þess að talið er mikilvægt að tengja saman umfjöllun um lífeyrisréttindi og kjarasamninga hverju sinni. Hefur það skilað okkur mikilvægum réttindum s.l. áratugi með hækkun á framlagi atvinnurekenda. Að sama skapi hefur verið talið mikilvægt að verkalýðshreyfingin og samtök atvinnurekenda mynda traust bakland fyrir lífeyriskerfið sem sameiginlega hafa axlað ábyrgð á langtímahagsmunum launafólks og sjóðsfélaga – nóg er af framboði þeirra sem nota vilja þennan sparnað til annarra hluta en að standa undir lífeyrisréttindum launafólks.

Í umfjöllun nefndarinnar er farið hörðum orðum um gjaldmiðlavarnir lífeyrissjóðanna og fullyrt að um sé að ræða brot á lögum um starfsemi lífeyrissjóðanna þó dregið sé fram að skoðanir séu mjög skiptar á málinu og mörg álitæfni. Í skýrslunni er áhætta sjóðanna af þessum viðskiptum talin meiri en þeir hafa miðað við í sínum uppgjörum, þrátt fyrir að hluti þessara samninga hafi þegar verið gerður upp á sömu forsendum og sjóðirnir nota. Afstaða nefndarinnar er nokkuð athyglisverð, því að á þessum árum var engin í vafa um að í fjárfestingarkafla laganna væri sjóðunum heimilað að gera

afleiðusamninga til að draga úr áhættu í eignasafni og óhjákvæmilega munu slíkir samningar ýmist vera í plús eða mínus – það er eðli jöfnunarinnar. Aðal atriðið er að þessir samningar voru ávallt slúg á borðum og lutu eftirliti FME og voru kynntir í ársreikningum, en að sama skapi eru miklar efasemdir um áreiðanleika þeirrar ráðgjafar sem sjóðirnir fengu frá bönkunum og víst að til dómsmála muni koma varðandi uppgjör þeirra. Hafa verður í huga að nokkrum árum áður voru sjóðirnir gagnrýndir fyrir hið gagnstæða þegar íslenska krónan var að styrkjast og verðmæti erlendra eigna rýrnaði.

Ljóst er að í opinberri umræðu um málefni lífeyrissjóðanna hafa stjórnarmenn og stjórnendur þeirra mátt þola harða og oft á tíðum ómaklega gagnrýni og ásakanir um óeðlileg tengsl og samskipti við banka og fjármálastofnanir þegar teknar eru ákvarðanir um fjárfestingar. Nefndin skoðaði þetta sérstaklega, enda mikilvægt að fá það fram í dagsljósið hvort svo hafi verið. Í meginniðurstöðum nefndarinnar (I, bls. 22) kemur fram að „Úttektarnefndin merkti ekki tengsl af því tagi að stjórnarmenn hefðu á úttektarárunum freistast til að hafa áhrif á fjárfestingar þannig að þær beindust að fyrirtækjum sem þeir störfuðu hjá eða áttu í eða fyrirtækjum þeim tengdum. Stjórnarmenn sem áttu einhverra hagsmuna að gæta við ákvörðun viku almennt af fundi undir viðkomandi dagskrárlíð.“

Gagnrýnt hefur verið að rannsóknarnefndin hafi ekki farið betur í saumana á svokölluðum boðs- og gjafaferðum. Formaður nefndarinnar hefur gert grein fyrir því að það uppgjör hafi þegar farið fram og kynnt á ársfundum viðkomandi sjóða. Alþýðusambandið setti fram þegar vorið 2009 tillögur um innri starfs- og siðareglur í þessu sambandi og hvatti til þess að sjóðirnir upplýstu bæði stjórn og ársfundi um skipan þessara mála. Þetta gerðu sjóðirnir og kemur það m.a. fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar að undantekningarlaust væri búið að setja slíkar reglur.

Í skýrslunni er lagt mat á samþykktir sjóðanna varðandi samfélagslega ábyrgar fjárfestingar, m.a. viðmiðunarreglur SP og OECD um þetta efni, en Lífeyris- og trygginganefnd ASÍ hefur einmitt unnið með Landssambandi lífeyrissjóða að mótun tillagna í þessum efnum. Í skýrslunni er lagt til að sjóðirnir móti sér stefnu á fleiri sviðum samfélagsmála eins og launajöfnuði og jafnrétti kynjanna. Jafnframt leggur nefndin til að þessar viðmiðunarreglur verði einnig útfærðar í fjárfestingarstefnunni þannig að starfsmenn sjóðanna hafi praktískari leiðbeiningar um það hvað við er átt. Ég fagna þessum ábendingum og tel mjög mikilvægt að við tökum mið af þessu og við leyfa mér að bæta við málefnum eins og vinnuvernd og forvarnarstarfi gagnvart álagi og streytu eða einelti á vinnustað. Allt eru þetta atriði sem varða heilsu okkar félagsmanna og sjóðsfélaga lífeyrissjóðanna og því eðlilegt að þeir beiti stjórnendur aðhaldi að þessu leyti því það hefur bein áhrif á útgjöld þeirra til örorkubóta og þar með getu þeirra til að greiða lífeyri.

Þrátt fyrir uppbyggilega gagnrýni nefndarinnar á ýmsa þætti starfseminnar sem nefndin telur að dregið hefði úr áfalli þeirra, bendir hún jafnframt fram á, að ekki er unnt að ætla að stjórnendur lífeyrissjóðanna „hafi átt að gera sér grein fyrir því hversu höllum fæti bankarnir stóðu, enda er það fyrst eftir fall bankanna sem smá saman er að koma í ljós hvernig stjórn þeirra var háttað og eignarhaldi þeirra misbeitt.“ (II, bls. 150)

Í mati á því hvaða kröfur hefði mátt gera til stjórnendanna dregur nefndin hins vegar fram, að þess „verður að gæta ... hvaða andi ríkti í íslensku fjármálalífi á þessum tíma, sem stjórnadist af áhrifum fjárfestinga- og viðskiptabankanna, viðhorfum stjórnmalaleiðtoga, máttleysi eftirlitsstofnana og þeirri stefnu Seðlabanka Íslands að halda gengi krónunnar uppi meðan stætt var án þess að tryggt væri að aðrir kraftar efnahagslífsins væru því samstiga. Í þessu sambandi má nefna að þessi andi hneig miklu

frekar að því að efla útrás íslensku bankanna en að draga úr henni. Nægir að nefna þá staðreynd að stjórnvöld skipuðu á árunum fyrir hrun nefndir formennsku þáverandi stjórnarformanns KB banka, sem hafði það hlutverk að kortleggja möguleika Íslands á að verða alþjóðleg fjármálamiðstöð.“

Eins og áður sagði hefur skýrslan að geyma margvíslegar upplýsingar og tillögur sem mikilvægt er að leggjast yfir. Það gildir um samningaaðila á vinnumarkaði, stjórnir og stjórnendur lífeyrissjóðanna og stjórnvöld, til að færa bæði lagaramma, kjarasamninga, verklagsreglur og alla framkvæmd til betra horfs út frá þeirri meginreglu að öll starfsemi sjóðanna á að miðast við hagsmuni sjóðsfélaganna.

Yfirlit yfir heildartap lífeyrissjóðanna

Ég verð að viðurkenna að þegar ég las kafla 5.3 í I. bindi skýrslunnar brá mér nokkuð. Í inngangi þessa kafla segir: „Hér á eftir verður farið yfir heildartap lífeyrissjóðanna árin 2008 – 2010 og hvernig það skiptist niður á einstaka sjóði. Þá verður jafnframt gerð grein fyrir í hvaða verðbréfaflokkum tapið liggur og hver var mótaðillinn. *Ekki er talin ástæða til að fjalla sérstaklega um þau eignasöfn sjóðanna sem skilað hafa þeim jafnri og góðri ávöxtun í gegnum árin.* Má í því sambandi nefna verðbréf með ábyrgð ríkissjóðs, skuldabréf sveitarfélaga, innlán í bönkum og sparissjóðum og lán til sjóðfélaga.“ (Leturbreyting höfundar). Þó ég sé alveg sammála því að kryfja það til mergjar hvernig og hvar tap sjóðanna hefur orðið – og eins og nefndin gerir að tengja saman mótaðillana til að gefa betri mynd af því hvernig þetta lítur út – hefði ég gjarnan viljað fá einnig heildarmat á áhrifum fjárfestingarstefnunnar. Þegar efnistökin eru afmörkuð aðeins við tapið er verði að gera að því skóna að lífeyrissjóðirnir hefðu getað komið sér undan áhrifum fjármálakreppunnar sem er auðvitað útilokað – þó benda meggi á eitt og annað sem betur mátti fara og sem dregið hefði úr tapinu. Það reynir fyrst í alvöru á þanþol fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða þegar að kreppir. Þá verða áföllin og þá skiptir máli hvort samsetning og dreifing eigna og eignarflokka stendur af sér álagið.

Fjölmíðlar hafa og gripið á lofti að lífeyrissjóðirnir hafi tapað 480 milljörðum króna árin 2008-2010 og er það vissulega skelfilega há tala. Frá upphafi lífeyriskerfisins hafa heimildir lífeyrissjóðanna til fjárfestinga hins vegar verið fremur íhaldssaman og varfærnar. Þannig var það ekki fyrr en með endurskoðun kjarasamninga ASÍ og VSÍ (nú SA) árið 1995 að heimilt var fyrir almennu lífeyrissjóðina að fjárfesta í hlutabréfum og erlendum skráðum verðbréfum. Þessi rammi var síðan tekin upp í lögin um starfsemi lífeyrissjóðanna árið 1997 og hefur eins og áður kom fram verið rýmkaður nokkuð síðan – um of að margra mati. Það breytir ekki þeirri staðreynd, eins og úttektarnefndin reyndar bendir á, að ramminn er traustur.

Eins og áður sagði töpuðu lífeyrissjóðirnir 480 milljörðum króna, mest vegna innlendra hlutabréfa, skuldabréfa á banka og sparissjóði og fyrirtækja ásamt gjaldmiðlavarnarsamningum. Eins og nefndin tekur fram, er hér dregið saman þau verðbréf sem sjóðirnir töpuðu á en hinu sem þeir högnuðust á sleppt. Ef maður rýnir í skýrslu nefndarinnar um einstaka lífeyrissjóði eru þar einnig birtar sundurliðaðar upplýsingar um bæði tekjur og gjöld sjóðanna vegna fjárfestinga. Ef maður dregur þær upplýsingar saman fyrir árin 2008 og 2009 (en tap sjóðanna vegna 2010 virðist ekki mikið) kemur upp nokkuð önnur mynd af stöðunni. Staðreyndin er að þrátt fyrir mikið tap sjóðanna á innlendum banka- og fyrirtækjamarkaði var stærsti hluti eignanna í tiltölulega öruggum og dreifðum eignum. Jafnframt höfðu sjóðirnir árin þar á undan flutt um þriðjung eigna sinna erlendis til þess að verja lífeyrisréttindi launafólks ef hér yrði meiri háttar samdráttur í atvinnulífnum. Vert er að minnast afdrifa einstakra sjóða hér fyrr á árum eins og Rafna eða Lífeyrissjóð Bolungavíkur þar sem stór hluti réttinda launafólks glataðist við fall fyrirtækjanna.

Ef allir sjóðirnir eru teknir saman voru heildarfjárfestingatekjur lífeyrissjóðanna árin 2008 og 2009 – þ.e. þegar bæði er horft til fyrrgreinds taps og teknanna af öðrum eignum –neikvæðar um 8,1 milljarð króna eða 0,5% af hreinni eign til greiðslu lífeyris í árslok 2007. Þetta þýðir að á móti 480 milljarða tapi sjóðanna (sem var um 28,3% af hreinni eign) högnuðust þeir um 472 milljarða króna af öðrum eignum sínum (sem var 27,8% af hreinni eign). Í myndum hér á eftir má sjá þetta fyrir þá sjóði sem starfa innan vébanda aðildarféлага ASÍ.

| Upphaf | Hreina eign ISÍ 2007 | Heildar tap eða væðingargæsla | Heildar þagningar eða samningsvæðing | Fjármunatekur 2008-9 Tap / % af eignum | Tap / % af þagningar eignum | Fjármunatekur / % af eignum | Nettóhlutf. |
|-------------------------------|-------------------------|----------------------------------|--|--|-----------------------------------|--------------------------------|----------------|
| Lífeyrissjóður Vesturlönga | 27.624 | -10.542 | 7.642 | -3.769 | -17,0% | 21,7% | -30,2% (N. 54) |
| Lífeyrissjóður | 81.152 | -29.429 | 19.244 | -9.619 | -19,0% | 29,0% | -6,8% (N. 121) |
| Rekja Lífeyrissjóður | 56.399 | -18.399 | 18.340 | -1.109 | -1,9% | 21,5% | -2,2% (N. 98) |
| Óháð Lífeyrissjóður | 194.232 | -75.340 | 94.430 | -23.428 | -11,7% | 22,8% | 8,2% (N. 124) |
| ÖSAP Lífeyrissjóður | 70.978 | -27.112 | 31.428 | -3.701 | -5,2% | 28,2% | 8,6% (N. 109) |
| Lífeyrissjóður vesturlönganna | 209.038 | -60.262 | 79.760 | -6.111 | -2,9% | 21,4% | -2,8% (N. 10) |
| Samningsvæð Lífeyrissjóðarnir | 86.319 | -25.419 | 29.121 | -1.898 | -2,2% | 29,4% | -1,8% (N. 100) |
| Lífeyrissjóður Rangárganga | 4.270 | -603 | 1.128 | 422 | 10,0% | 28,7% | 9,9% (N. 11) |
| Lífeyrissjóður Vesturlönganna | 29.170 | -1.940 | 7.651 | -3.711 | -12,7% | 21,7% | 11,9% (N. 81) |
| Samtals | 688.584 | -272.290 | 340.718 | -29.138 | -4,3% | 27,4% | 8,3% |

Þó ég vilji ekki gera lítið úr áfalli sjóðanna vegna fjármálahrunsins, og telji mjög mikilvægt að við drögum lærdóm af henni, er ljóst að í meginatriðum hafa þau ákvæði sem tekin voru upp í kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál árið 1995 og sem tekin voru inn í lögum um starfsemi lífeyrissjóðanna staðist þessa miklu raun og varið lífeyriskerfið fyrir því kerfishruni sem bankar og allar aðrar fjármálastofnanir ekki stóðust. Það er alveg ljóst í mínum huga að ef bankarnir hefðu starfað eftir sömu aðhaldssömu fjárfestingarstefnu – með sömu takmarkanir á áhættusækni – hefði 95% af bankakerfinu ekki lent í gjaldþroti heldur einungis þurft aukið eigið fé og lausafjárýrigræiðslu.

Samhliða því að fjármunatekjur lífeyrissjóðanna drógust saman um 0,5% á árunum 2008 og 2009 voru öll lífeyrisréttindi hækkuð um 25,9%, eða sem nam hækkun vísitölu neysluverðs. Það leiddi til þess að tryggingafræðilega áttu sjóðirnir ekki fyrir þessum réttindum og víða urðu stjórnrir þeirra að grípa til skerðinga á réttindum. Mest voru réttindi skert um 17% en víða einungis um 10-15% sem þýðir að bæði geymd réttindi okkar sem erum á vinnumarkaði og virk réttindi lífeyrisþeganna hækkuðu en sem nam launahækkunum á árunum 2008-2009. Þó það sé grafalvarlegt mál að þurfa að skerða réttindi vil ég leyfa mér að efast um að nokkurt annað lífeyriskerfi í heiminum hafi getað hækkað réttindi með ámóta hætti í einhverri alvarlegustu kreppu sem ríðið hefur yfir vesturlöndin í marga áratugi! Þó ekki væri vegna annars þá verðskuldar þessi staðreynd að málefni lífeyrissjóðanna verði skoðuð af yfirvegun og varfærni en engu að síður mikilli alvöru.

Lífeyris- og veikindaréttarnefnd ASÍ hóf vinnu við endurskoðun á stefnu ASÍ í lífeyrismálum og málefnum lífeyrissjóðanna snemma á árinu 2010 með viðtæku samráði meðal aðildarsamtaka sambandsins. Í apríl 2010 sendi ASÍ erindi til landssambandanna og félaga með beina aðild þar sem óskað var eftir viðbrögðum og athugasemdum við tillögum að endurskoðaðri stefnu ASÍ í lífeyrismálum og málefnum lífeyrissjóðanna með tilvísun í 16. gr. núgildandi samnings ASÍ og SA um lífeyrismál frá 1995. Jafnframt voru tillögur nefndarinnar sendar til umsagnar hjá öllum aðildarfélögum sambandsins og málið rætt á formannafundi ASÍ í maí sama ár. Í kjölfar þessa þótti rétt að bíða með frágang stefnumótunarinnar þar til skýrsla úttektarnefndarinnar lægi fyrir.

Lífeyrisnefnd ASÍ fjallaði ítarlega um skýrslu úttektarnefndar um fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna og fékk formann nefndarinnar til fundar við sig til þess að ræða frekar einstakar tillögur nefndarinnar að breytingum á bæði lögnum um starfsemi lífeyrissjóðanna og framkvæmd þeirra. Í minnisblaði til miðstjórnar ASÍ í apríl taldi lífeyrisnefndin mikilvægt að ASÍ brygðist við niðurstöðum úttektarnefndarinnar með markvissum og ákveðnum hætti. Sérstaklega var lögð áhersla á eftirfarandi:

- Undirbúnar verði nauðsynlegar breytingar á lögum um starfsemi lífeyrissjóðanna, einkum er varða fjárfestingar og skýrari heimildir og takmarkanir varðandi einstaka eignarflokka.
- Afstaða verði tekin til ávöxtunarviðmiðsins og hvort tímabært sé að gera á því breytingar. Mikilvægt er að rökstyðja bæði óbreytt ástand sem og ef ástæða er til breytinga. Draga þarf fram hvaða afleiðingar breytingar hafa fyrir fjárfestingarstefnuna og fyrir réttindaávinnslu ólíkra aldurshópa.
- Afstaða verði tekin til megináherslna í fjárfestingarstefnu – eigum við að færa okkur yfir í öruggari eignir þar sem ávöxtun sveiflast minna? Hvaða áhrif hefur það á ávöxtunarviðmiðið? Mikið vægi eignaflokka með breytilegum tekjum (m.a. hlutabréf) kallar á breytta nálgun í núvirðingu eigna og skulda.
- Afstaða verði tekin til bótaflokka – m.a. áfallatryggingar í formi fjölskyldu- og örorkutryggingar. Niðurstaðan af stefnumótunarþinginu var að vera áfram með örorkutryggingu en áhersla lögð á að efla starfsendurhæfingu og endurkomu til vinnu. Miðstjórn hefur lýst þeirri skoðun sinni að hefja eigi aftur umræðu um samræmingu á veikinda- og slysarétti og bótarétti í almannatryggingum og lífeyrissjóðum í samræmi við umræðuna um áfallatryggingarhugmyndina á sínum tíma.
- Afstaða verði tekin til aukinnar þekkingar og áhættustýringar innan sjóðanna sjálfra. Það kallar á aukinn rekstrarkostnað, hugsanlega samstarf um greiningardeildir, en mun jafnframt auka mikilvægi stærðarhagkvæmni. Mikilvægt er að settar verði skýrari verklagsreglur um fjárfestingarákvarð-

anir og áhættustýringu í formi eftirfylgni.

- Afstaða verði tekin til fjölda sjóða – ASÍ hefur í dag 9 virka sjóði innan sinna vébanda. Mikilvægt er að kalla eftir umræðu um sameiningu og fækkun sjóða til að mæta auknum rekstrarkostnaði og útskýra hvað það gæti skilað í réttindum.
- Afstaða verði tekin til breytinga á reglum miðstjórnar um innri starfsemi lífeyrissjóðanna m.t.t. þeirra starfskjara sem forstöðumenn njóta, einkum friðinda.
- Afstaða verði tekin til kjörs stjórna sjóðanna – mikilvægt er að tryggja bein tengsl lífeyrismála við gerð kjarasamninga en samhliða verður að gera breytingar á framkvæmd fulltrúalýðræðisins í þá veru að auka gegnsæi gagnvart félagsmönnum við val í bæði fulltrúaráð og stjórnir sjóðanna. Gera verður kröfu um að allir stjórnarmenn séu sjóðsfélagar í viðkomandi sjóði og að atvinnurekendur kjósi sína stjórnarmenn úr hópi stjórnenda þeirra fyrirtækja sem greiða í sjóðina.

Í framhaldi af þessu og í ljósi þeirrar niðurstöðu, sem náðist í kjarasamningum í maí 2011 varðandi jöfnun lífeyrisréttinda, var lokaskrefið í endurskoðun á stefnu ASÍ í lífeyrismálum tekið á vordögum 2012. Endurskoðuð stefnuþing voru send landssamböndum og félögum með beina aðild til umsagnar í maí 2012 og í framhaldinu afgreidd í miðstjórn ASÍ í júní 2012 skv. 16. gr. kjarasamnings um lífeyrismál frá 1995. Tekið var mið af niðurstöðum úttektarnefndarinnar varðandi veigamikla þætti í endurskoðaðri stefnu er varða m.a. ábyrgð stjórnarmanna, ákvæði um forsendur tryggingafræðilegs mats lífeyrissjóðanna, gagnsærri reglur sem tryggja að sjóðfélagar hafi tækifæri til að bjóða sig fram til ábyrgðarhlutverka, hámarksseturétt í stjórn, skilgreiningu á hæfi og faglegum hæfiskröfum til stjórnarmanna, ákvæði um langtímaávöxtun og dreifingu eignarsafnsins ásamt samskipta og siðareglum fyrir starfsmenn og stjórnendur.



Júní 2012

Drög að stefnu ASÍ í lífeyrismálum og málefnum lífeyrissjóðanna

Á ársfundi ASÍ í október 2009 var samþykkt ályktun um að fram færi heildarendurskoðun á stefnu ASÍ í lífeyrismálum og málefnum lífeyrissjóðanna. Sú vinna fór fram á árinu 2010 með viðtækri umræðu og samráði meðal aðildarsamtaka sambandsins sem tóku vikan þátt í stefnumótunarvinnunni, m.a. á fjölmennu lífeyrisþingi sem haldið var á Selfossi vorið 2010. Niðurstöður þessarar samræðu eru áherslur hreyfingarinnar í lífeyrismálum til komandi ára, bæði hvað varðar uppbyggingu lífeyriskerfisins í heild sem og helstu samningsmarkmið í viðræðum við samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Eftir að ársfundur ASÍ hafði frumkvæði að því að fram færi ítarleg úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda hrunsins 2008 ákvað Lífeyris- og veikindaréttarnefnd ASÍ að bíða með endanlegar tillögur þar til skýrslan liggur fyrir.

Mikill almennur vilji er til þess innan Alþýðusambands Íslands að lífeyrissjóðakerfið grundvallaðist á **skylduaðild, samtryggingu, sjóðasöfnun og sjálfbærni kynslóðanna**. Kerfið skuli sem fyrr byggja á **kjarasamningi** aðila vinnumarkaðarins sem fara sameiginlega með gæslu og ábyrgð á rekstri lífeyrisjóðanna. Fulltrúalýðræði ríkir í stjórnnum sjóðanna þar sem lögg er áhersla á að tryggja að sem flestir hagsmunahópar eigi fulltrúa sína bæði í fulltrúaráði og stjórnnum sjóðanna. Engu að síður er brýnt að **auka gagnsæi** í stjórnkerfi lífeyrissjóðanna og efla þarf alla upplýsingagjöf sjóðanna sem tryggir að sjóðfélagar hafi betri yfirsýn og þekkingu á lífeyrismálum og hafi þannig meiri möguleika til aðhalds með starfsemiinni hverju sinni. Einnig er nauðsynlegt að tryggja að **kynjahlutfall fulltrúaráðs og stjórna** sjóðanna endurspeglir betur sjóðfélagahópinn, þó ógerlegt sé að setja föst kynjahlutföll vegna mjög ólíkrar kynbundinnar samsetningar sjóðsfélaga.

Það er afdráttarlaust afstaða aðildarsamtaka Alþýðusambandsins að lífeyrissjóðirnir eiga að setja sér skýrar reglur um **siðferði og samfélagslega ábyrgð**, bæði hvað varðar fjárfestingar sínar og innri starfsemi. Jafnframt er nauðsynlegt að setja skýrar verklagsreglur í daglegri starfsemi sjóðanna sem tryggir að þessi stefna nái fram að ganga í einstaka ákvörðunum við fjárfestingar og eftirfylgni með fjárfestingum. Þetta er brýnt svo auka megi tiltrú kerfisins og tryggja að atburðir líkt og þeir sem áttu sér stað í samfélagi okkar á liðnum árum endurtaki sig ekki. Í ljósi þeirra áfalla sem sjóðirnir urðu fyrir í kjölfar efnahagshrunsins er einnig brýnt að

sjóðirnir setji sér skýra stefnu um það með hvaða hætti þeir hyggtast **fylgja fjárfestingum sínum eftir** og sömuleiðis verði **áhættudreifing** aukin.

Alþýðusambandið telur afar mikilvægt að **verkaskipting milli almannatrygginga og lífeyrissjóða** verði skýrð og það tryggt að launafólk hafi áþreifanlega betri hag af því á efri árum að hafa greitt iðgjöld til samtryggingarsjóða á starfsævinni. Sveigjanleiki í starfslokum er mikilvægur og til að auka hann telur Alþýðusambandið mikilvægt að viðhalda möguleika launafólks til að velja **séreignarsparnað** til að geta haft raunverulegt val um sveigjanleg starfslok. Þá er einnig horft til þess að auka þurfi verulega **áherslu á starfsendurhæfingu** þeirra sem missa starfsorku til þess að tryggja eins og kostur er áframhaldandi þátttöku á vinnumarkaði. Þetta verði gert með því að gera skýran greinarmun á afkomutryggingu á tilteknu endurhæfingartímabili byggt á fjölbættu mati á starfsgetu og rétti einstaklinga til varanlegra orörkubóta, sem komi einungis til álita að undangenginni starfsendurhæfingu.

Alþýðusambandið leggur þunga áherslu á að lífeyrisréttindi á almennum vinnumarkaði verði **jöfnuð á við réttindi opinberra starfsmanna** sem hafa, óháð ávöxtun sjóðanna á hverjum tíma, launagreiðendaábyrgð á lífeyrisréttindum sínum. Verulegur árangur náðist í þessa veru í kjarasamningunum í maí 2011, m.a. með samkomulags um hækkun framlaga atvinnurekenda í áföngum frá 2014-2021 í 11,5%. Samkomulag þetta er háð þeim fyrirvara af hálfu Samtaka atvinnulífsins að samkomulag náist milli samtaka opinberra starfsmanna og stjórnvalda um sjálfbærni A-deildar LSR m.v. 15,5% iðgjald. Af hálfu Alþýðusambandsins er lögð áhersla á að þessi krafa er enn meira aðkallandi nú þegar sjóðir launafólks á almennum markaði hafa þurft að skerða réttindi lífeyrisþega sinna til þess að rétta stöðu sína, á sama tíma og réttindi opinberra starfsmanna eru tryggð með skattfé og standa óhögguð.

Á undanföllum árum hefur komið í ljós að styrkleiki íslenska lífeyriskerfisins er mikill. Þannig taldi óháð rannsóknarnefnd um stöðu lífeyrissjóðanna í kjölfar efnahagshrunsins að þrátt fyrir mikið áfall **stæði lífeyriskerfið á traustum stoðum**. Ljóst er að á komandi áratugum mun fyrirkomulag lífeyrismála og styrkur lífeyriskerfa hafa afgerandi áhrif á efnahag einstakra þjóða, samkeppnisstöðu þeirra og líf skjör almennings. Breytingar á aldursamsetningu þjóða og lengri lífaldur gerir þá kröfu til núverandi kynslóða að horft verði með raunsæjum og ábyrgum augum marga áratugi fram í tímann. Byggja þarf upp **lífeyriskerfi sem tryggir trausta afkomu fyrir eldri kynslóðir** í nútíð og framtíð en jafnframt þarf að tryggja að kerfið sé fjármagnað með þeim hætti að ekki séu lagðar óhóflega þungar birgðar á vinnandi kynslóðum á hverjum tíma. Íslendingar njóta góðs af því að framsýnt forystufólk í verkalýðshreyfingunni barðist þegar upp úr miðri síðustu öld fyrir því að stofnaðir yrðu almennir lífeyrissjóða fyrir allt launafólk og var í kjarasamningi milli Alþýðusambands Íslands og samtaka atvinnurekenda í maí 1969 gert samkomulag um að frá 1. janúar 1970 skyldu starfræktir söfnunarlífeyrissjóðir á félagslegum grunni samtryggingar fyrir allt launafólk. Á framsýni þessa fólks hefur hér verið byggt upp eitt öflugasta lífeyriskerfi sem um getur. Margt hefur hins vegar breyst í áronna rás og umgjörð og umhverfi lífeyrissjóðanna tekið miklum breytingum sem nauðsynlegt er að taka tillit til og

aðlaga sig að. **Mikilvægt er að draga lærdóm** af þeirri reynslu sem var vegna áhrifa efnahagshrunsins 2008, m.a. á grundvelli skýrslu þeirrar nefndar sem ríkissáttasemjari skipaði að frumkvæði Alþýðusambands Íslands. Ábyrgð okkar liggur í því að viðhalda því sem vel hefur verið gert og gera **nauðsynlegar endurbætur og umbætur** á þeim sviðum þar sem þess er þörf. Markmiðið er hér eftir sem hingað til að tryggja sem best lífeyrisréttindi fyrir launafólk þessa lands í nútíð og framtíð. Í þeirri baráttu sem og öðrum baráttumálum fyrir bættum kjörum er grundvallarhugsjón okkar um að sameinað afl tryggi okkur ætíð betri árangur enn í fullu gildi.

Hér að neðan er að finna drög að nýrri stefnu Alþýðusambands Íslands í lífeyrismálum. Þar er að finna bæði þá þætti núverandi kerfis sem Alþýðusambandið telur mikilvægt að viðhalda og efla sem og nýjar áherslur og markmið til framtíðar. Stefnan skiptist í fjóra megin kafla sem eru; **Lífeyriskerfið, lífeyrisréttindi, stjórnkerfi og fjárfestingarstefna**. Afgreiðsla fór fram í miðstjórn ASÍ, skv. 16. gr. kjarasamningsins um lífeyrismál frá 1995, í júní 2012.

Drög

Stefna ASÍ í lífeyrismálum

Lífeyriskerfið

- **Skylduaðild / Samtrygging / Sjóðsöfnun / Sjálfbærni kynslóða**
- **Kjarasamningsbundið kerfi á forræði aðila vinnumarkaðarins**
 - Skylduaðild á stéttarfélagsgrunni
 - Heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins séu vörsluaðilar almenna lífeyriskerfisins (ASÍ og SA). Þau fjalli um málefni sjóðanna út frá heildarhagsmunum sjóðsfélaga og stöðu lífeyriskerfisins, en við það verði miðað að forseti ASÍ og formaður SA ásamt framkvæmdastjórum samtakanna taki ekki sæti í stjórnnum einstakra sjóða
 - Sett verði skýr ákvæði í kjarasamning ASÍ og SA frá 12. desember 1995 um lífeyrismál um ábyrgð stjórnna lífeyrissjóðanna á hlutverki við varðveislu fjár með langtíma ávöxtun þeirra að leiðarljósi
 - Aðal- og varamenn í stjórnnum lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ / SA hittist á árlegum samráðsfundi fyrir lok mars ár hvert til að fara yfir stöðu kerfisins og ræða nauðsynlegar úrbætur í kjarasamningum og eftir atvikum samþykktum sjóðanna.
- **Tryggingafræðilegar forsendur og réttindi sjóðsfélaga**
 - Nauðsynlegt er að miða tryggingafræðilegt mat á stöðu lífeyriskerfisins m.v. bestu fánlegu upplýsingar um bæði samfélags- og lýðfræðilegar forsendur sem og efnahagslegar forsendur kerfisins
 - Lögð verði áhersla á að miða ávinnslu réttinda við langtíma ávöxtunarviðmið, sem taki mið af veginni niðurstöðu af sögulegri ávöxtun einstakra eignaflokka og sett sé krafa um að verulegar líkur sé á því að sjóðurinn nái slíkri ávöxtun
 - Skilgreina þarf betur í kjarasamningi og lögum hvaða skilyrðum þurfi að uppfylla til að hægt sé að breyta réttindum til hækkunar eða lækkunar, m.a. með hliðsjón af langtíma þróun væntrar ávöxtunar
- **Skýrari verkaskipting milli TR og lífeyrissjóðanna**
 - **Ellilífeyrir.** Tryggja þarf að sjóðfélagar hafi hag af því að greiða í lífeyrissjóð. Þetta verður best gert með því að draga verulega úr tekjutengingum í almannatryggingakerfinu.

- Horfið verði frá tekjutengingum milli heilbrigðiskerfisins og lífeyristekna í gjaldtöku á dvalar – og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða en skilgreind verði almennur húsnæðis- og fæðiskostnaður en hjúkrunarkostnaður verði á vegum opinberra aðila
- **Örorka: Tekið verði upp fjölþætt starfsgetumat sem liggja til grundvallar endurhæfingarlífeyri og réttur til varanlegra örorkubóta verði fyrst til eftir 3ja til 5 ára endurhæfingartímabil**
 - Mikilvægt er að leggja áherslu á bætur fyrir endurhæfingu: Forsenda endurhæfingarlífeyris verði þátttaka í starfsendurhæfingu
 - Samþætta þarf kerfi starfsendurhæfingar hjá VIRK, með skilgreindum réttindum einstaklinga, við rétt til bóta
 - Tekjutenging örorkubóta verði aflagðar, en bótaréttur skilgreindur m.v. starfsgetumat. Tekjuviðmið í örorkubótarétti lífeyrissjóðanna verði eingöngu gagnvart atvinnutekjum en ekki gagnvart greiðslum frá TR
 - Jafna verður örorkubyrði lífeyrissjóðanna með opinberum framlögum, m.a. til að mismunandi byrði af réttindaávinnslu ungs fólks sem lendir í örorku eftir takmarkaða atvinnusögu verði mætt með sanngjörnum hætti
- **Séreignasparnaður verði valkvæður**
 - Mikilvægt er að tryggja með kjarasamningi að launafólk geti greitt iðgjald og atvinnurekandi mótframlag í séreignasjóð til að auðvelda launafólki að flýta starfslokum
- **Jöfnun lífeyrisréttinda**
 - Gera verður samkomulag allra aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um jöfnun lífeyrisréttinda á grundvelli þeirrar viðmiðunar að lífeyrir verði um 76% af meðaltekjum á starfsævinni m.v. 15,5% iðgjald í samtryggingasjóði
 - Mikilvægt er að samtök opinberra starfsmanna og stjórnvöld nái samkomulagi um tryggingafræðilega stöðu A-deildar LSR á grundvelli 15,5% iðgjalds
 - Gera þarf upp bakábyrgð ríkisins á B-deild LSR með löngu skuldabréfi, afnema framvirka tengingu lífeyris við laun eftirmanns og afnema ríkis- og launagreiðendaábyrgðina
 - Tryggja þarf jafnræði sjóðanna til að takast á við ytri áföll

Lífeyrisréttindi

- **Samræmdan réttindagrunn fyrir alla sjóðina**
- **Ellilífeyrir**
 - Réttur til eftirlauna taki mið af 76% meðalævitekna viðkomandi á grundvelli 15,5% iðgjalds
 - Réttindakerfið verði aldurstengt sem tryggir sjálfbærni kynslóðanna
 - Eftirlaunaaldur miðist við 67 ár en breytist með breytingum á meðalævi landsmanna, þó þannig að fyrir liggji með 5-10 ára fyrirvara hver eftirlaunaaldurinn er hjá viðkomandi sjóðsfélaga
 - Aukinn sveigjanleiki verði til töku eftirlauna bæði hjá TR og lífeyrissjóðunum
 - Möguleiki á að hefja aftur greiðslur inn í kerfið eftir að taka lífeyris hefst
 - Mikilvægt er að standa vörð um loforð um áframhaldandi rétt í stigadeildum m.v. tiltekið viðmiðunariðgjald við yfirfærslu milli starfstengdra lífeyrissjóða
- **Örorkulífeyrir**
 - Áhersla á starfsendurhæfingu verði aukin
 - Stefna að því að áfallalífeyrir/ endurhæfingarlífeyrir í 3-5 ár eftir áfall verði meginregla og að umsjón með þessum lífeyri á einni hendi
 - Mikilvægt er að samið verði um kostnaðarskiptingu milli atvinnurekenda / sjúkrasjóða / TR / lífeyrissjóða
 - Réttur til varanlegs örorkulífeyris verði fyrst að loknu endurhæfingartímabili
 - Örorkulífeyrir miði áfram við framreikning réttinda en áhersla á endurhæfingu á fyrstu árum örorku verði aukin til muna
 - Endurskoða þarf forsendur fyrir framreikningi réttinda, m.a. með hliðsjón af mati á starfsgetu og verkaskiptingu milli einstakra lífeyrissjóða þegar um skipt réttindi er að ræða
 - Mikilvægt er að endurskoða tryggingarfræðilegt mat m.t.t. greiðslna lífeyrissjóðanna til starfsendurhæfingarsjóða taki mið að væntum ávinningi sjóðanna af minni örorkubyrði til lengri tíma.
- **Fjölskyldulífeyrir, maka- og barnalífeyrir**
 - Byggja áfram á fjölskyldutryggingu
 - Reglur um skiptingu lífeyrisréttinda milli hjóna verði endurskoðaðar með það að markmiði að sameign hjóna verði meginreglan í kynlausu kerfi

- **Upplýsingar og kynning**

- Auka frumkvæði og skyldu sjóðanna í upplýsingagjöf um réttindi og áhrif af flutningi milli starfa (sjóða) á réttindi sjóðfélaga
- Stéttarfélög stuðli að aukinni upplýsingagjöf fyrir félagsmenn um lífeyriskerfið í samráði við viðkomandi lífeyrissjóði

Stjórnkerfi

- **Jafnræði aðila vinnumarkaðarins í stjórnnum lífeyrissjóðanna – lífeyrismál eru hluti umsaminna kjarar**
- **Settar séu gagnsærri reglur um kjör fulltrúaráðs og stjórna lífeyrissjóðanna þannig að tryggt sé að félagsmenn og sjóðsfélagar hafi tækifæri til þess að bjóða sig fram til ábyrgðarhlutverka**

Reglur um kjör fulltrúaráðs og hlutverk þess

- Kjör fulltrúaráðs:
 - Fulltrúar séu sjóðfélagar eða greiðendur í sjóðinn. Framboð til fulltrúaráðs sé auglýst hjá stéttarfélagi og kjör fari fram skv. reglugerð ASÍ um framkvæmd kosninga
 - Kynjahlutfall í stjórnnum sjóðanna endurspegli kynjasamsetningu sjóðfélagahópsins
- Hlutverk fulltrúaráðs:
 - Kosning stjórnar lífeyrissjóðs
 - Umfjöllun um og afgreiðsla samþykka sjóðsins, m.a. útfærsla einstakra þátta á grundvelli ákvæða kjarasamninga ASÍ og SA
 - Eftirlit og aðhald með stjórn sjóðsins – skipun innri endurskoðenda og eftirlit með framvindu fjárfestingarstefnu sjóðsins
 - Fulltrúaráð komi saman a.m.k. 2-3 á ári
 - Haustfundir: Staða og undirbúningur að breytingum á samþykktum vegna ársfunda
 - Vetrarfundir (febrúar): Lykiltölur úr afkomu og framvinda fjárfestingarstefnu
 - Vorfundir: Haldnir í aðdraganda ársfunda lífeyrissjóðanna. Kynntar breytingar á samþykktum og stjórnarkjör
- Hlutverk heildarsamtakanna og Landssambands lífeyrissjóða á fræðslu fyrir fulltrúa í fulltrúaráði:
 - Tryggja almenna þekkingu fulltrúa á málefnum sjóðanna
 - Þekking á forsendum tryggingafræðilegs mats

- Þekking á valkostum í ávöxtun og áhættustýringu

Reglur um kjör stjórna og hlutverk þeirra

- Stjórnarkjör:
 - Fulltrúaráð kjósi alla fulltrúa í stjórn lífeyrissjóðs á vorfundum sínum
 - Fulltrúar stéttarfélag kjósi stjórnarmenn sem eru fulltrúar launafólks og fulltrúar atvinnurekenda kjósi stjórnarmenn sem eru fulltrúar atvinnurekenda
 - Ef fyrir liggur samkomulag milli einstakra starfsgreina um skiptingu stjórnarsæta sé það tilgreint í samþykktum sjóðsins
 - Allir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum skulu greiða í viðkomandi lífeyrissjóð eða vera fulltrúar fyrirtækja sem greiða í sjóðinn
 - Settar verði almennar reglur um að hámark á samfelldan seturétt í stjórn lífeyrissjóðs verði 8 ár
 - Stjórnarmenn eru fulltrúar hagsmuna
 - Skilgreina þarf viðeigandi hæfisreglur fyrir stjórnarmenn og leiðbeiningar um hvernig þeir uppfylli þær
 - Stjórnarmenn og starfsmenn upplýsi um verðbréfaeign og – viðskipti sín
 - Settir verði regluverðir sem haldi utan um upplýsingar um stjórnarsetu og verðbréfaeign
 - Skilgreina þarf faglegt hæfi stjórnarmanna og hvernig þeir geti öðlast það þannig að tryggt sé að þeir hafi næga þekkingu til að gegna starfinu
 -
- Hlutverk stjórna:
 - Stefnumótun í málefnum viðkomandi sjóðs og þátttaka á vettvangi heildarsamtakanna
 - Eftirlit með rekstri sjóðsins
 - Aðhald með fjárfestingum og áhættustýringu
 - Leggur tillögur fyrir fulltrúaráð um mótun réttinda, m.a. á grundvelli kjarasamnings ASÍ og SA og lögum um starfsemi lífeyrissjóða
- **Ársfundir**
 - Atkvæði fulltrúaráðsmanna á ársfundi verði ekki framseljanlegt
 - Einn maður- eitt atkvæði
 - Við breytingu á samþykktum er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og launafólks greiði atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta atkvæða í hvorum hópi fyrir sig svo að samþykkt sé lögmæt

Fjárfestingarstefna

- **Hámörkun ávöxtunar og dreifð eignasamsetning**
 - Beint samband er milli langtíma ávöxtunarviðmiðs og fjárfestingarstefnu sjóðanna. Til að ná væntri 3,5% langtímaávöxtun er óhjákvæmilegt að lífeyrissjóðirnir fjárfesti í ríkari mæli í eignum með breytilegum tekjum – hlutabréfum og víkjandi lánum – og því er mikilvægt að lífeyrissjóðirnir hugi að dreifðri eignasamsetningu og áhættustýringu
 - Eðlilegt er að lífeyrissjóðirnir nýti sér reynslu Norska olíusjóðsins (lífeyrissjóðsins) á alþjóðamarkaði, m.a. í tengslum við siðferði og samfélagslega ábyrgð, og markmiða um eignastýringu og samsetningu eigna eftir eignaflokkum og mörkuðum/löndum
- **Siðferði og samfélagsleg ábyrgð**
 - Sjóðirnir taki upp / setji sér
 - Reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (Global compact)
 - Vegvísi OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki (Guidelines for Multinational Enterprises) og ábyrgar stjórnunar (Guidelines on Corporate Governance)
 - Samskipta og siðareglur fyrir starfsmenn og stjórnarmenn þ.m.t. reglur um þátttöku í boðsferðum, gjafir og risnu, takmörkun á samhliða fjárfestingum og þátttöku í atvinnurekstri
 - Siðanefnd lífeyrissjóðanna komið á fót á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða
- **Lífeyrissjóðirnir séu ábyrgir hluthafar sem fylgja fjárfestingum sínum eftir**
 - Sjóðirnir setji sér hluthafastefnu um hvernig þeir hyggjast beita sér sem fjárfestar og fylgja eignum sínum eftir
 - Sjóðirnir setji sér skýrar reglur um launagreiðslur stjórnar og stjórnenda þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í með það að markmiði að koma í veg fyrir óeðlileg ofurlaun
 - Sjóðirnir skipi fulltrúa sína í stjórnir hlutafélaga sem þeir eiga hlut í sé þess kostur og skoði í þeim efnum möguleika á að beita sér sameiginlega með öðrum sjóðum
 - Stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóðs skulu ekki sitji í stjórnnum hlutafélaga í umboði hans
- **Aukin áhættudreifing**
 - Mikilvægt er að auka aftur hlutdeild erlendra eigna í eignasafni lífeyrissjóðanna þannig að þeir hafi heimild til að fjárfesta allt að helming eigna sinna í erlendum eignum. Til að ná markmiðum lífeyriskerfisins um langtíma ávöxtun er mikilvægt

að heimila að hlutdeild hlutabréfa verði allt að 60%, þó þannig að innlend hlutabréf verði að hámarki fimmtungur af því Til að örfa nýsköpun og atvinnusköpun er mikilvægt að lífeyrissjóðir geti ráðstafað allt að 5% í slíkum kostum með þátttöku í sérstökum sérhæfðum áhættufjárfestingarsjóðum.

Mikilvægt er að dreifa áhættu í fjárfestingum í ljósi smæðar íslenska hagkerfisins

- Fjárfestingar lífeyrissjóða í íbúðarhúsnæði verði á grundvelli sérstakra rekstrarfélaga
 - Hámarks eignahlutur hjá einum aðila sé 2,5% af eignasafni
 - Mikilvægt er að auka gagnsæi í eignasamsetningu lífeyrissjóðanna m.a. með því að settar verði reglur um að endurskoðendur meti gæði fjárfestinga og eignasamsetningar. Lífeyrissjóðirnir vinni sameiginlega að því að þróa stefnu varðandi áhættustýringu og greiningu sem geti dregið úr fjárfestingaráhættu sjóðanna. Skipuð verði sérstök sérfræðinganefnd á vegum Lands sambands lífeyrissjóða sem móti skilmála og kröfur af hálfu lífeyrissjóðanna er varðar ýmsa fyrirvara í skuldabréfum
- **Kynning og upplýsingagjöf**
 - Kynning til sjóðfélaga á fjárfestingarstefnu, valkostum og eignasafni, verði efld

Mat Fjármálaeftirlitsins á hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða

Fjármálaeftirlitið (FME) hóf um mitt ár 2011 mat á hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða með hlidsjón af lagaákvæði sem sett var inn í lífeyrissjóðalögin árið 2008 og kveður á um að stjórnarmenn lífeyrissjóða skuli *búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt*. Mat eftirlitsins byggir á ítarlegu viðtali ráðgjafarnefndar FME við stjórnarmenn. Ráðgjafarnefndin er skipuð þremur sérfróðum aðilum og hefur það hlutverk að stuðla að bættu og hertu eftirliti með því að hæfisskilyrði stjórnarmanna séu uppfyllt og tryggja að stjórnarmenn séu vel meðvitaðir um hvaða þekkingar er krafist og hvaða ábyrgð fylgir störfum þeirra sem stjórnarmenn. Allt frá upphafi hefur ASÍ lagt sig í líma við að eiga samræður við eftirlitsaðilann um málið og fá hann til samráðs og samstarfs þannig að unnt sé að undirbúa stjórnarmenn með sem bestum hætti og tryggja að þeir hafi yfirsýn yfir þær kröfur sem til þeirra eru gerðar. Þetta hefur litlum árangri skilað. Afstaða ASÍ til málsins hefur alla tíð verið sú að í ljósi ríkra almannahagsmuna sé nauðsynlegt og sjálfsagt að gera miklar kröfur um hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða. Það megi hins vegar ekki leiða til þess að almennu launafólki sé gert ókleift að gæta eigin hagsmuna. FME hefur hvorki sjálft né í samráði við hagsmunaaðila séð ástæðu til þess að gefa út skilgreiningu á því hvað sé nægileg þekking og starfsreynsla að þeirra mati fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum en gengur hins vegar býsna langt inn á kjarasamningsbundinn rétt launafólks til að gæta eigin hagsmuna.

Af samtölum við þá stjórnarmenn, sem hafa undirgengist viðtal við ráðgjafarnefndina, kemur fram að skilgreina þarf þær efnislegu kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna í matinu og setja skýrari ramma um viðtalið. Núverandi fyrirkomulag vekur upp ýmsar spurningar um það hvert raunverulegt markmið matsins sé. Eins og málum er háttað er afar erfitt fyrir stjórnarmenn að undirbúa sig með fullnægjandi hætti og jafnvel fólki með talsverða reynslu og yfirsýn nægir ekki að leggja sig fram um að kynna sér helstu þætti er snúa að lögum og reglum til þess að teljast hæft til stjórnarsetu. Gera verður þá kröfu til löggjafans og eftirlitsaðila, þegar gripið er inn í kjarasamningsbundinn rétt launafólks með þeim hætti sem hér er gert, að fyrir liggi skýr skilgreining á þeim kröfum, sem gera á til kjörinna fulltrúa, og sömuleiðis að tryggð sé sú grundvallarregla að launafólki sé gert kleift að gæta eigin hagsmuna.

Ljóst er að núverandi fyrirkomulag FME við mat á hæfi stjórnarmanna lífeyrissjóða er mjög tímafrekt, kostnaðarsamt og veldur mikilli óvissu. Að óbreyttu mun það taka ráðgjafarnefndina mörg ár að meta hæfi allra stjórnarmanna. Frá því ráðgjafarnefndin hóf störf hafa einungis stjórnarmenn þriggja sjóða verið kallaðir fyrir nefndina og nú þegar hefur orðið breyting innan stjórna þessara sjóða sem kallar á mat á nýjum aðilum.

Þrátt fyrir að illa hafi gengið að eiga samstarf við FME ákvað Alþýðusambandið í samstarfi við BSRB, Samtök atvinnulífsins og Landssamtök lífeyris-sjóða á vordögum 2011 að skipuleggja undirbúningsnámskeið fyrir stjórnarmenn vegna hæfismatsins á vegum Félagsmálaskóla alþýðu. Námskeiðin hafa tekist vel og nú þegar hafa um 120 manns sótt þau.

Endurskoðun almannatrygginga

Velferðarráðherra skipaði starfshóp um endurskoðun almannatryggingalaga í apríl 2011 með fulltrúum stjórnmalaflokka, Landssambands eldri borgara, Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) og Þroskahjálpar. Aðilar vinnumarkaðarins áttu í upphafi ekki fulltrúa í nefndinni en velferðarráðherra ákvað síðar að fjölga í hópnum og þá tóku þar einnig sæti fulltrúar ASÍ, SA, BHM og BSRB. Fulltrúar ÖBÍ sögðu sig hins vegar frá starfi hópsins vegna óánægju með óbættar skerðingar ríkisstjórnarinnar á örorkubótum. Gylfi Arnbjörnsson og Guðmundur Gunnarsson hafa unnið með hópnum fyrir hönd ASÍ. Í erindisbréfi hópsins kemur fram að ríkisstjórnin leggi áherslu á að ljúka endurskoðun almannatrygginga sem hófst árið 2007. Gert er ráð fyrir að endurskoðunin fari fram á grundvelli núverandi tryggingakerfis, þ.e. tveggja stoða kerfis þar sem einstaklingar á vinnumarkaði greiða og safna upp réttindum í lífeyris-sjóði en almannatryggingar veiti til viðbótar lánmarkstryggingavernd. Markmið endurskoðunarinnar er að gera kerfið einfaldara og réttlátara og koma í veg fyrir víxlverkanir. Hópnum er gert að skila tillögum um einfaldari og skýrari löggjöf með það að leiðarljósi að almannatryggingar veiti áfram lágmarks-tryggingavernd vegna elli og örorku. Þá er gert ráð fyrir að í drögum að nýju frumvarpi, sem starfshópurinn vinni, verði nánar kveðið á um elli- og örorku-lífeyri almannatrygginga, svo og sérstakar greiðslur til að mæta þörfum eða útgjöldum í ákveðnum tilvikum eða til varnar fátækt. Jafnframt verði kveðið á um stuðning ríkisins við barnafjölskyldur. Við endurskoðunina verði markmið og tilgangur tryggingakerfisins skýrður nánar, kveðið á um réttindi og skyldur hinna tryggðu, málsmeðferð, stjórnsýslu og kæruleiðir. Einnig verði uppbygging laganna gerð skýrari, löggjöfin einfölduð og framsetningu breytt frá því sem nú er. Þá verði sett sérlög um slysatryggingar sem nú er kveðið á um í almannatryggingalögum.

Fyrsti áfangi í vinnu starfshópsins voru tillögur um breytingar á bótakerfi almannatrygginga vegna ellilífeyris sem samþykktar voru í júní 2012 og eru meginatriði þeirrar tillögu eftirfarandi:

„Í erindisbréfi starfshópsins er honum falið að endurskoða almannatryggingakerfið með það að markmiði að gera það einfaldara og réttlátara og koma í veg fyrir víxlverkanir. Núverandi bótakerfi ellilífeyrisþega stendur saman af fjórum bótaflokkum sem hver um sig er með mismunandi skerðingarhlutföll

gagnvart tekjum og mishá frítekjumörk. Réttindin, sem bótaflokkarnir mynda, eru afar ógagnsæ og einungis á færi sérfræðinga að skilja þau til fulls. Einföldun og aukid gagnsæi felst því í fækkun bótaflokka og skerðingarhlutfalla gagnvart tekjum. Mesta einföldunin og gagnsæið næst með því að sameina alla bótaflokka í einn, hafa eitt skerðingarhlutfall gagnvart tekjum og ekkert frítekjumark. Starfshópurinn gerir tillögu um að sú leið verði farin og hún komi til framkvæmda í áföngum á nokkrum árum með tilteknum sólarlagsákvæðum fyrir réttindi skv. eldra bótakerfi í ákveðnum tilvikum.

Bótaflokkurinn framfærsluuppbot, að hámarki 36.323 kr. á mánuði fyrir einstakling sem býr einn, skerðist krónu fyrir krónu gagnvart öllum tekjum. Svo hátt skerðingarhlutfall hefur í för með sér óæskileg áhrif, sérstaklega gagnvart greiðslum úr lífeyrissjóðum og veldur því að lífeyrisþegar sjá lítinn sem engan ávinning af þeim réttindum sem þeir hafa áunnið sér með áratuga-greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóði. Bótaflokkurinn, að viðbættum tekjuskerðingum annarra bótaflokka, vegur þannig að stóðum lífeyrissjóðakerfisins. Eins og nú háttar til hefur einhleypur ellilífeyrisþegi engan ávinning af greiðslu 73.000 kr. á mánuði úr lífeyrissjóði og fái hann 100.000 kr. greiðslu heldur hann einungis 11.000 kr. eftir. Af þessum ástæðum telur starfshópurinn brýnt að framfærsluuppbotin sameinist nýjum bótaflokki ellilífeyris en vegna mikils kostnaðar fyrir ríkissjóð verði það gert í áföngum.

Starfshópurinn leggur því til eftirfarandi:

Í fyrsta áfanga verði bótaflokkarnir ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbot sameinaðir í einn: ellilífeyri. Fjárhæð ellilífeyris verði 155.000 kr. á mánuði miðað við gildandi bótafjárhæðir og 45% tekna lífeyrisþega hafi áhrif á fjárhæð hans.

Nú eru ellilífeyrisþegum, sem búa einir, tryggðar að lágmarki 203.000 kr. á mánuði og þeim sem búa með öðrum 175.000 kr. á mánuði með framfærsluuppbotinni. Í fyrsta áfanga mun skerðing framfærsluuppbotar vegna tekna lækka úr 100% í 80%. Skerðingarhlutfallið verði síðan lækkað í áföngum uns 45% markinu verði náð.

Samkvæmt framansögðu munu fyrstu breytingarnar taki gildi 1. janúar 2013. Starfshópurinn gerir þá tillögu að skerðing vegna tekna við útreikning framfærsluuppbotar lækki í 70% 1. janúar 2014, í 60% 1. janúar 2015, í 50% 1. janúar 2016 og sameinist ellilífeyri 1. janúar 2017.

Með þessari sameiningu munu allar tegundir tekna hafa sömu áhrif á útreikning ellilífeyris almannatrygginga og engin frítekjumörk verða í gildi.

Vegna ófyrirséðra áhrifa þessara breytinga á hag einstakra ellilífeyrisþega leggur starfshópurinn til að á tímabilinu 1. janúar 2013–31. desember

2015 verði gerður samanburður á útreikningi ellilífeyris, tekjutryggingar og heimilisuppbótar fyrir gildistöku nýrra laga og hins sameinaða ellilífeyris eftir gildistöku laganna. Ef samanburður leiðir til hærri bóta einstaklings samkvæmt eldri lögum greiðast hærri bæturnar á tímabilinu.“

Næstu skref í starfi hópsins felast í endurskoðun á fyrirkomulagi örorku-tryggingaréttinda hér á landi, tillögur liggja þegar fyrir um að hverfa frá mati á örorku og taka þess í stað upp starfsgetumat en ekki liggja hins vegar fyrir tillögur um það hvernig byggja má upp bótakerfið samhliða slíkri breytingu.

Ráðstefna um framtíð lífeyrismála á Íslandi

Í maí 2012 stóð Alþýðusambandið í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, Landssamtök lífeyrissjóða og Öldrunarráð Íslands fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni Framtíð lífeyrismála á Íslandi. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, hélt erindi á ráðstefnunni um lífeyrismál frá sjónarhorni vinnumarkaðarins. Gylfi fjallaði m.a. um það viðfangsefni sem aðilar vinnumarkaðarins standa nú frammi fyrir við að jafna lífeyrisréttindi milli almenna vinnumarkaðarins og þess opinbera og nauðsyn þess að finna varanlega lausn á miklum halla opinberu sjóðanna og jafna byrðar sjóðanna vegna fjármálahrunsins. Aðrir framsögumenn á ráðstefnunni voru Pétur Magnússon, formaður Öldrunarráðs Íslands, sem setti ráðstefnuna, Þórey Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, sem fjallaði um uppbyggingu íslenska lífeyrissjóðakerfisins, Árni Gunnarsson, formaður nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins, Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins og Ásmundur Stefánsson, fyrrverandi forseti ASÍ.



Félags- og vinnumarkaðsmál

Félags- og vinnumarkaðsmálin eru eðli málsins samkvæmt mikilvægur hluti af kjarnastarfsemi Alþýðusambandsins og starfsmanna þess. Þetta gildir bæði um viðfangsefni, sem Alþýðusambandið stendur eitt að, og samstarf við aðra aðila, s.s. samtök atvinnurekenda og stjórnvöld. Með aðild sinni að stjórnnum Vinnumálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs, Ábyrgðasjóðs launa, Vinnueftirlitsins og Jafnréttisráði, auk fjölmargra nefnda á sviði félags- og vinnumarkaðsmála, taka fulltrúar ASÍ einnig virkan þátt í að móta og framkvæma stefnu stjórnvalda á þessu sviði.

Samdráttur og erfiðleikar á vinnumarkaði í kjölfar hrunsins haustið 2008 settu sem fyrr mark sitt á stöðu mála og úrlausnarefnin. Gagnvart stofnunum vinnumarkaðarins birtist þessi erfiða staða með gleggstum hætti í aðgerðum til að takast á við afleiðingar atvinnuleysisins og uppbyggingu á því sviði.

Starf ASÍ að þessum málaflökki hefur mjög mótast af framangreindum aðstæðum. Þó er starfið að jafnréttismálum ánægjuleg undantekning frá því. Sama gildir um aðgerðir sem beinast að baráttunni gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum starfsháttum í atvinnulífinu. Þá voru iðnaðarlögin og starfsréttindi iðnaðarmanna til umfjöllunar á tímabilinu.

Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir nokkrum helstu málaflokkum á sviði félags- og vinnumarkaðsmála sem unnið var að á vettvangi ASÍ frá hausti 2011 til hausts 2012. Í fjölmörgum tilfellum var jafnframt um að ræða eftirfylgni með kjarasamningunum, sem gerðir voru í maí 2011, og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í tengslum við þá.

Jafnréttismál

Verkalýðshreyfingin hefur ætíð barist fyrir jöfnum rétti kvenna og karla til starfa, áhrifa og sömu launa fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Sambandið hefur sett sér skýr jafnréttismarkmið meðal annars með sérstakri jafnréttisbókun sem samþykkt var í kjarasamningum 2008 og endurskoðuð 2011.

ASÍ hefur tekið virkan þátt í allri þeirri vinnu sem aðilar vinnumarkaðarins leggja áherslu á og tengist jöfnum rétti kynja, jöfnum möguleikum kvenna og karla til starfa, starfsþróunar og launa. Einnig hefur ASÍ lagt ríka áherslu á að aðilar vinnumarkaðarins vinni að samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Í jafnréttisbókun ASÍ og SA er áhersla á fjölskylduvæna vinnuþróingu og aðgerðir til að móta fjölskyldustefnu í fyrirtækjum.

Jafnréttis- og fjölskyldunefnd


Nefndinni er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumótun og aðgerðum á sviði jafnréttis- og fjölskyldumála og að vera vettvangur fyrir upplýsingar til aðildarfélaga ASÍ. Jafnréttis- og fjölskyldunefnd kemur saman 2–4 sinnum á ári og nefndarmenn hafa nýtt sér tölvutæknina til samskipta í auknum mæli. Nefndin er mikilvægt bakland fyrir jafnréttisfulltrúa ASÍ og þá

með sér fulltrúa sambandsins sem sitja í nefndum, ráðum og vinnuhópum sem fjalla um jafnrétti á vinnumarkaði.

Kynjabókhald ASÍ

Allt frá árinu 2006 hefur ASÍ tekið saman tölur um kynjahlutfall í nefndum, stjórnnum og ráðum meðal aðildarfélaga sambandsins og lagt fram á ársfundum hreyfingarinnar. Kynjabókhald var einnig lagt fram fyrir formannafundi ASÍ í október 2011. Markmið kynjabókhaldsins er meðal annars að upplýsa um stöðuna, eins og hún er á hverjum tíma, og að nýta upplýsingarnar í vinnu við að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í stefnumótun verkalýðshreyfingarinnar.

Þar sem kynjabókhaldið hefur verið unnið á sama hátt frá upphafi er áhuga-vert að rýna í mismunandi samtölur kynjabókhaldsins á tímabilinu 2006–2011. Ágætt dæmi er þegar skoðað er hlutfall kvenna í miðstjórn. Þá kemur í ljós að hlutfallið sveiflast innan ákveðins ramma. Árið 2006 er hlutfall kvenna í mið-



stjórn 33%, hlutfallið fer upp í 40% á árunum 2008 og 2009, aftur niður í 33% árið 2010 en er komið upp í 40% árið 2011.

Kynjabókhald ASÍ hefur frá upphafi verið gefið út í sérstöku hefti og einnig sett fram rafrænt á heimasíðu ASÍ. Nú er sú breyting höfð á að kynjabókhaldið er einnig sett inn í skýrslu forseta. Í efnisyfirliti kemur fram hvar kynjabókhald 2012 er að finna.

Staðall um jafnlaunakerfi

Eitt af umfangsmestu verkefnum jafnréttisfulltrúa ASÍ starfsárið 2011–2012 var að þróa ferli vegna vottunar á framkvæmd stefnu um launajafnrétti.

Í jafnréttislögum frá árinu 2008 er ákvæði til bráðabirgða sem segir að velferðarráðherra skuli sjá til þess að þróað verði sérstakt vottunarkerfi til að votta framkvæmd stefnu um launajafnrétti og framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir í samvinnu við samtök aðila vinnumarkaðarins. Sama ár gerðu ASÍ og SA samkomulag um þróun slíks vottunarferils auk þess að þróa staðal sem jafnar möguleika kynjanna til starfa og starfsþróunar.

Staðallinn byggir á þessum samþykktum, þ.e. annars vegar Alþingis og hins vegar aðila vinnumarkaðarins. Óskað var eftir því að Staðlaráð Íslands hefði umsjón með verkefninu sem Staðlaráð samþykkti. Í framhaldi af því var skipuð tækninefnd um jafnlaunakerfi þar sem að koma fulltrúar velferðarráðuneytisins, aðila vinnumarkaðarins, Jafnréttisstofu, fjármálaráðuneytisins, BSRB, BHM, Félags kvenna í atvinnurekstri, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Orkuveitu Reykjavíkur og ParX/Norcon. Tækninefnd skipaði síðan sérstakan vinnuhóp, sem í sátu fulltrúar frá ASÍ, SA og velferðarráðuneytinu sem samdi drög að texta staðalsins og naut til þess aðstoðar ýmissa sérfræðinga.

Ákveðið var að brjóta verkefnið upp og horfa fyrst einungis til launajafnréttis kynja. Staðall um framkvæmd stefnu um jafnrétti við ráðningar og uppsagnir og jafna möguleika kynja til starfa og starfsþróunar verður sérstakur staðall.

Þá var einnig ákveðið að byggja staðalinn upp með sama hætti og alþjóðlegir stjórnunarstaðlar eru byggðir upp. Rökin voru þau að ýmsir þessara staðla eru þekktir hjá fyrirtækjum; þar með er uppbyggingin og orðalag síður framandi.

Frumvarp að staðli var lagt fram 19. júní sl. og er það afrakstur mikillar vinnu og langra umræðna. Ríflega 60 fundir frá því í nóvember 2008 voru haldnir en um efni frumvarpsins og framsetningu þess ríkti sátt meðal þeirra sem að vinnunni komu.

Það er metnaðarfullt verkefni að ráðast í gerð staðals um launajafnrétti. Ekki er kunnugt um að slíkur staðall hafi verið gerður annars staðar sem endurspeglast í vinnu hópsins þar sem vinnan var lærdómsferli fyrir alla þá sem að verkefninu komu. Staðallinn á að nýtast jafnt opinberum stofnunum sem og fyrirtækjum á almenna vinnumarkaðinum. Staðall um jafnlaunakerfi þarf að vera þannig úr garði gerður að hann víkki út hefðbundna túlkun á réttindum til launajafnréttis og leiðbeini aðilum vinnumarkaðarins um hvernig markmiðum jafnlaunaákvæðis jafnréttis laga verði náð.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Verkalýðshreyfingin hefur lagt ríka áherslu á að öllum séu sköpuð skilyrði til að samræma atvinnuþátttöku, einkalíf og fjölskylduábyrgð með styttri vinnutíma og áherslu á fjölskylduvæna vinnuþátttöku.

Fulltrúi ASÍ í jafnréttisráði hefur beitt sér fyrir því að ráðið sjái til þess að markvisst verði unnið að því að kanna leiðir til að hægt sé að samþætta fjölskyldu- og atvinnulíf.

Vinnuhópur var skipaður af velferðarráðherra í júní síðastliðnum í samræmi við áherslur jafnréttisráðs til að kanna leiðir sem ætlað er að auðvelda virkum þátttakendum á vinnumarkaði að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf og efla fræðslu til atvinnurekenda. Vinnuhópurinn hóf störf í september og á jafnréttisfulltrúi ASÍ sæti í honum. Áætlað er að vinnuhópurinn ljúki vinnu sinni eigi síðar en í apríl 2013 og skili greinargerð um framkvæmd verkefna og aðgerðir.

Þessi vinna er í samræmi við jafnréttisbókun ASÍ og SA frá því í maí 2011 en þar eru eftirfarandi verkefni talin upp:

„Gerð sameiginlegs kynningar- og fræðsluefnis fyrir launafólk og fyrirtæki um jafnrétti á vinnumarkaði á samningstímanum.“

„Að hvetja stjórnendur fyrirtækja til að huga að mótun fjölskyldustefnu

innan fyrirtækja með það að markmiðið að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs.“

8. mars – alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Alþýðusambandið hefur í meira en áratug í samstarfi við helstu samtök launafólks og stofnanir, sem láta sig jafnrétti kvenna og karla varða, staðið að baráttufundi í hádeginu á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars. Að fundinum í ár stóðu ásamt ASÍ: BHM, BSRB, KÍ, SSF, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð.

Yfirskrift fundarins í ár var *Starfslok – Endastöð eða nýtt upphaf? Konur á barmi starfsloka*. Þessi yfirskrift endurspeglar að barátta verkalýðshreyfingarinnar fyrir jafnrétti kvenna er ekki eingöngu tengd þeim konum sem eru starfandi á vinnumarkaði. Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er ein sú mesta í þeim löndum sem við miðum okkur við og því lýkur stór hópur kvenna á hverju ári störfum eða eru að nálgast stafslok. Það er mikilvægt og nauðsynlegt innlegg í umræðuna að samtök launafólks fjalli um starfslok út frá sjónarhóli kvenna.

Fundurinn var vel sóttur líkt og undanfarin ár. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara, hélt erindi sem hún nefndi „*Starfslok engin endastöð og alls ekki hjá konum*“. Steinunn Rögnvaldsdóttir, MA-nemi í kynjafræðum, fjallaði um lífeyrismál og bar hennar erindi yfirskriftina „*Fáar njóta eldanna sem fyrstar kveikja þá: Lífeyrismál út frá kynjasjónarmiði*“. Að lokum flutti Þórunn Sveinbjörnsdóttir, fyrrverandi 1. varaformaður Eflingar-stéttarfélags, erindið: „*Dagurinn dugir aldrei*“. Stefanía Magnúsdóttir, fyrrverandi varaformaður VR, var fundarstjóri .

ETUC-skýrsla

Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC hefur gert kannanir frá árinu 2008 meðal aðildarfélaga sinna á stéttarfélagspátttöku kvenna og á þátttöku kvenna í forystusveit verkalýðshreyfingarinnar. ASÍ hefur tekið þátt í könnuninni frá upphafi og niðurstöðurnar, sem koma út í skýrsluformi 8. mars ár hvert, sýna að konur eru í miklum minnihluta í forystusveitinni í öllum þátttökulöndunum. Fram kemur að konur eru frekar í sæti varaformanns en um leið er hlutfall karla í sömu stöðu tvöfalt herra.

Þó svo að hlutfall kvenna í stéttarfélögum sé almennt að hækka í flestum þeim löndum sem þátt taka í könnuninni þá hefur hlutfall kvenna í forystusveitinni að sama skapi ekki hækkað. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður kynjabókhalds ASI sem sýnir að verkalýðshreyfingin almennt þarf að setja sér skýr jafnréttismarkmið. Hægt er að nálgast skýrslurnar á vefssvæði ETUC undir heitinu „*8th March Survey*“.

Fræðsla og upplýsingar

Fræðsla og upplýsingar um jafnrétti kynjanna fyrir kjörna fulltrúa verkafélagsmanna og annarra félagsmanna er forsenda þess að samþætting jafnréttissjónarmiða öðlist það vægi sem nauðsynlegt er í allri ákvarðanatöku og starfsemi aðildarféлага ASÍ. Einnig er mikilvægt að kynna aðildarfélagum nýjustu strauma og stefnur í málaflökknum. Á síðasta starfsári var boðið upp á námskeið um jafnrétti á vinnumarkaði, kynjaða fjárlagagerð og fjölmenningu í fræðslu trúnaðararmanna og í almennu fræðsluframboði MFA. Auk þess voru haldnir sérstakir kynningarfundir fyrir fulltrúa landssambanda og féлага með beina aðild innan ASÍ um staðal um framkvæmd á stefnu um launajafnrétti.

Fæðingar- og foreldraorlof

Fæðingar- og foreldraorlofslögin og framkvæmd þeirra er viðvarandi viðfangsefni á skrifstofu ASÍ.

Töluvert er um að leitað sé til Alþýðusambandsins með fyrirspurnir og ábendingar um efni laganna og framkvæmd þeirra. Vandamálin, sem upp koma um þessar mundir, tengjast mjög breyttu atvinnuástandi og samdrætti og áhrifum þessara þátta á töku og réttindi fólks til fæðingarorlofs.

Sú staðreynd, að réttindi foreldra í fæðingarorlofi hafa verið skert ítrekað á síðustu árum, þýðir að réttindakerfið nú er aðeins svipur hjá sjón miðað við það sem lagt var upp með. Afleiðingin er m.a. sú að foreldrar – og fedur sérstaklega – eru hættilir að taka orlofið í sama mæli og áður með alvarlegum afleiðingum. Alþýðusambandið leggur áherslu á mikilvægi þess að snúa við öfugþróun síðustu ára og byggja upp réttindi að nýju þannig að fæðingarorlofskerfið þjóni þeim tilgangi, sem að var stefnt, gagnvart börnunum og foreldrum þeirra. Eini jákvæði þátturinn í þessum efnum er að á síðasta þingi var lögunum breytt og tilskipun Evrópusambandsins um foreldraorlof þess efnis að það lengist úr 13 vikum í 4 mánuði fyrir hvort foreldri vegna hvers barns lögfest. En einnig er gert ráð fyrir að fyrstu skrefin til að auka réttindin í fæðingarorlofinu að nýju verði tekin í byrjun árs 2013.

Mótun vinnumarkaðsstefnu

Í maí 2012 skipaði forsætisráðherra samráðshóp um mótun vinnumarkaðsstefnu með aðild fulltrúa stjórnvalda, stjórn málaflökkanna og aðila vinnumarkaðarins. Fram kom að verkefni hópsins væri að móta tillögu að heildstæðri vinnumarkaðsstefnu fyrir Ísland fram til 2020 sem taki mið af stefnumótun ríkisstjórnarinnar, Ísland 2020. Stefnan verður tvískipt: Annars vegar stefnuskjalið sjálft með almennri umfjöllun um viðfangsefnið og rannsóknir því tengdu, tímasettum, hlutlægum markmiðum og grein gerð fyrir mælikvörðum. Auk þess verður gerð grein fyrir tengslum við aðrar stefnur og áætlanir ríkisins í

stefnuskjalinu. Þar verður að auki kafla um kostnaðar- og árangursmat. Hins vegar fylgir stefnunni aðgerðaáætlun þar sem aðgerðirnar verða settar upp lið fyrir lið með tilgreindum ábyrgðar- og framkvæmdaðilum, kostnaði, útfærslu og tengslum við markmið stefnunnar. Hver aðgerð verður svo unnin út frá vinnulagi verkefnisstjórnunar. Gert er ráð fyrir að fullbúin afurð liggja fyrir 1. nóvember nk. og að stefnan taki gildi 1. janúar 2013. Fulltrúar ASÍ hafa tekið virkan þátt í þessu starfi.

Ákveðið var að skipta vinnunni niður á nokkra undirhóps sem fjalla um:

- Hækkað menntunartig á vinnumarkaði samkvæmt 2020-markmiðum ríkisstjórnarinnar.
- Bætta stöðu ungs fólks á vinnumarkaði.
- Virkan stuðning við erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði.
- Útrýmingu á kynbundnum launamun og skertum aðgangi kvenna að stjórnunarstörfum á vinnumarkaði.
- Stöðu eldra fólks á vinnumarkaði.

Einnig er sérstaklega til skoðunar hvað er hægt að gera sérstaklega varðandi svæði sem eru veik í atvinnulegu tilliti og þurfa sérstakan stuðning.

Vinna undirhópanna er mislangt á veg komin þegar þetta er ritað í fyrri hluta septembermánaðar og því ekki ljóst hvað kemur út úr þessu starfi og hvort það tekst að ljúka því á tilsettum tíma.

Vinnuvernd

Skipulag vinnunnar og vinnuvernd hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir launafólk, velferð þess á vinnustað og öryggi og heilbrigði almennt. Þá hafa áherslur á þessu sviði tekið miklum breytingum með aukinni þekkingu og breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Mikill árangur hefur náðst gagnvart mörgum þeirra úrlausnarefna sem varða öryggi við vinnu og aðbúnað á vinnustöðum. Samhliða hefur athyglin á undanförunum árum í vaxandi mæli beinst að öðrum þáttum vinnuverndar eins og ýmsum sálrænum og félagslegum þáttum tengdum vinnunni, skipulagi hennar og samskiptum fólks á vinnustað. Þá hefur áherslan í stöðugt meiri mæli beinst að því að efla innra vinnuverndarstarf í fyrirtækjum með því að styrkja innviði þessa starfs á vinnustöðunum og með betri upplýsingum og meiri fræðslu.

Lykillinn að starfi verkalyðshreyfingarinnar í vinnuverndarmálum er að-koma hennar að stjórn Vinnueftirlits ríkisins og samstarfi við Vinnueftirlitið á fjölmörgum sviðum, varðandi vinnuverndarstarfið almennt, fræðslu til trúnaðarmanna og launafólks almennt og samstarf um vinnuverndarmál á Evrópu-vísu. Vinnueftirlitið starfar eftir stefnu sem stjórn þess setti stofnuninni fyrir tímabilið 2009–2013. Þar voru í fyrsta sinn sett fram af hálfu stofnunarinnar mælanleg markmið fyrir vinnuverndarstarfið í landinu.

Síðustu ár hefur ítrekað komið upp umræða um nauðsyn á endurskoðun vinnuverndarlaganna. Bent hefur verið á að ýmsir þættir, m.a. varðandi ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda, séu ekki nægilega skýrir og að lögin endurspegli ekki þær miklu breytingar sem orðið hafa á síðustu árum varðandi hugmyndir um vinnuvernd og framkvæmd hennar. Hins vegar hefur ítrekað komið upp umræða um stjórnskipulag vinnuverndarmála, mögulega sameiningu stofnana á sviði vinnumarkaðsmála og verkaskiptingu stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Ljóst er að þessi mál munu áfram verða í umræðunni og heildarendurskoðun vinnuverndarlaganna koma á dagskrá innan tíðar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir nokkrum verkefnum sem voru á dagskrá vinnuverndarstarfsins á tímabilinu. En auk þess sem þar kemur fram má geta þess að unnið hefur verið að endurskoðun á reglum nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir við byggingarframkvæmdir og aðra mannvirkjagerð. Einnig hefur á tímabilinu verið gefinn út nokkur fjöldi tæknilegra vinnuverndarreglna. Þá má geta þess að ákveðið var á tímabilinu að setja á fót sérstakan bakhóp fulltrúa landssambanda og félaga með beina aðild að ASÍ til að vera fulltrúum sambandsins í vinnuverndarmálum til ráðgjafar og aðstoðar.

Tilkynning og skráning atvinnusjúkdóma

Eins og gerð er grein fyrir í síðustu skýrslu forseta ASÍ var í maí 2011 gefin út reglugerð nr. 540/2011 um tilkynningu og skráningu atvinnusjúkdóma og náðist þannig mikilvægur áfangi í baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir viðurkenningu á tilvist atvinnusjúkdóma á íslenskum vinnumarkaði. Í 1. gr. segir um gildissvið og markmið reglugerðarinnar:

„Reglugerð þessi gildir um skyldu atvinnurekenda til að skrá atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma sem og skyldu lækna til að tilkynna um slíka sjúkdóma til Vinnueftirlits ríkisins. Þær skráningar sem og tilkynningar eru óháðar því hvort atvinnusjúkdómar eða atvinnutengdir sjúkdómar teljast leiða til bótaskyldu atvinnurekanda eða annarra aðila samkvæmt almennum reglum þar um.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að atvinnurekendur haldi skrá um atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma og að læknar tilkynni um atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma til Vinnueftirlits ríkisins sem skráir þá í heilsuverndar- og forvarnarskyni.“

Af hálfu verkalýðshreyfingarinnar er tilgangurinn með reglugerðinni tvíþættur. Annars vegar að efla forvarnir og koma eins og kostur er í veg fyrir atvinnusjúkdóma og alvarlegar afleiðingar þeirra; hins vegar að fá viðurkenningu á atvinnusjúkdómum og treysta bótarétt þeirra sem fyrir þeim verða. Á vettvangi stjórnar Vinnueftirlitsins hefur Alþýðusambandið lagt áherslu á mikilvægi þess að Vinnueftirlitið fylgi reglugerðinni eftir af festu í framkvæmd

til að tryggja að upplýsingum sé safnað um atvinnusjúkdóma og atvinnutengda sjúkdóma og úr þeim unnið í forvarnarskyni. Næsta skrefið er síðan að fylgja reglugerðinni eftir með því að bótaskylda vegna atvinnusjúkdóma verði treyst, m.a. með breytingum á viðeigandi lögum og reglugerð.

Endurskoðun á reglugerð um einelti

Í lok árs 2009 óskaði stjórn Vinnueftirlitsins – að frumkvæði fulltrúa ASÍ – eftir því við félags- og tryggingamálaráðuneytið að reglugerð um aðgerðir gegn einelti á vinnustöðum nr. 1000/2004 yrði endurskoðuð hið fyrsta. Við endurskoðun reglugerðarinnar yrði m.a. samningur aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um einelti og ofbeldi á vinnustað frá 2006 innleiddur hér á landi. Evrópusamningurinn tekur ekki eingöngu til eineltis heldur einnig ofbeldis. Þá er í Evrópusamningnum tilvísun í viðbrögð og varnir vegna utanaðkomandi ofbeldis (t.d. viðskiptavina eða þjónustuþega). Loks má benda á að bæði samningurinn og ábendingar, sem borist hafa til Vinnueftirlitsins, kalla á breytingar á hugtökum og skilgreiningum og einnig virkari aðgerðum þegar einelti og ofbeldi koma upp á vinnustað.

Það tók langan tíma að fá stjórnvöld til að bregðast við óskum um endurskoðun á reglugerðinni og það var ekki fyrr en komið var fram á árið 2011 sem loksins var skipuð nefnd fulltrúa stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins til að fara í þessa vinnu. Vinna við endurskoðunina hófst í lok september 2011 og hefur staðið með hléum síðan. Þess er vænst að henni ljúki nú á haustmánuðum.

Reglur um viðurkennda þjónustuaðila

Í 66. gr. vinnuverndarlaganna segir m.a. í a-lið:

„Þegar gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði á vinnustað, þar á meðal mat á áhættu og áætlun um heilsuvernd, krefst færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafa ekki yfir að ráða skal atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra þjónustuaðila sem hafa hlotið viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins til þeirra starfa.

Þjónustuaðili skal hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins áður en hann hefur starfsemi. Vinnueftirlit ríkisins skal viðurkenna þjónustuaðila sem uppfylla skilyrði ákvæðis þessa og reglugerðar sem sett er skv. 6. mgr. Fullnægi þjónustuaðili ekki settum skilyrðum síðar er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að afturkalla viðurkenninguna í heild eða að hluta þannig að hún takmarkist við ákveðna tegund starfsemi.“

Þá segir síðar í 6. mgr.:

„Ráðherra skal setja reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um nánari skilyrði sem þjónustuaðilar skulu fullnægja áður en þeir

hefja starfsemi sína og um þá hæfni sem starfsmenn atvinnurekanda, er sinna öryggi og heilbrigði á vinnustað, skulu fullnægja.“

Reglugerð, sem vísað er til hér að framan, var loks gefin út í júlí 2012 (reglugerð nr. 730/2012) eftir að ítrekað hafði verið ýtt á eftir útgáfu hennar af hálfu ASÍ og fleiri aðila til þess að skapa festu og skýrleika varðandi framkvæmd viðurkenningar þjónustuaðila á sviði öryggis og heilbrigðis á vinnustöðum.

Um markmiðið segir í reglugerðinni: „Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að því að viðurkenndir þjónustuaðilar og viðurkenndir sérfræðingar hafi nauðsynlega fjærni til að sinna starfi sínu á grundvelli laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, í því skyni að tryggja eins og frekast er unnt gæði þeirrar þjónustu sem þeir veita atvinnurekendum.“ Þá er í reglugerðinni að finna skilgreiningar á hugtökum, kafla um skilyrði viðurkenningar þjónustuaðila og viðurkenningar sérfræðinga og um skyldur viðurkenndra þjónustuaðila, viðurkenndra sérfræðinga og atvinnurekenda.

Evrópsk vinnuverndarvika

Vinnuverndarvikan, sem skipulögð er af Evrópsku vinnuverndarstofnuninni, verður haldin 22.–26. október 2012. Yfirskrift vinnuverndarvikunnar að þessu sinni er „Vinnuvernd – allir vinna“. Eins og síðast er um að ræða sérstakt átak sem standa mun yfir í rúmt ár, þannig að sama yfirskrift verður einnig á vinnuverndarvikunni 2013.

Í kynningu fyrir vinnuverndarvikuna segir m.a.: „Endanleg ábyrgð á stjórn áhættuþátta í störfum er hjá atvinnurekendum og yfirstjórnendum en viðleitni þeirra er dæmd til að mistakast ef þeir hafa ekki starfsmenn með í ráðum. Af þessum sökum leggur þessi herferð sérstaka áherslu á mikilvægi forystu yfirstjórnenda og að tvinnuð sé saman virkri þátttöku starfsmanna í þessari vinnu.“

Til þess að koma þessum grunnboðskap á framfæri eru eftirfarandi markmið hluti af herferðinni Vinnuvernd – allir vinna 2012–2013;

- að efla boðskap um að starfsmenn og stjórnendur þurfi að vinna saman til að koma í veg fyrir hættur af siðferðilegum, hagnýtum, lagalegum og hagræðilegum ástæðum;
- að veita atvinnurekendum skýrar og einfaldar leiðbeiningar um hvernig eigi að hafa stjórn á tilteknum starfstengdum áhættum, í samstarfi við starfsmenn og fulltrúa þeirra;
- að veita hagnýtar leiðbeiningar, upplýsingar og verkfæri til að efla öryggis-
menningu um áhættumat og forvarnir, sérstaklega innan smárra og meðal-
stórra fyrirtækja;
- að stuðla að því að vinnuvernd sé hluti af stefnu fyrirtækisins um sam-
félagslega ábyrgð;

- leggja grunninn að sjálfbærri menningu um áhættumat og forvarnir í Evrópu.

Aðild að Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuvernd og Vinnuverndarstofnun Evrópu

Eins og kom fram í skýrslu forseta fyrir árið 2011 hefur Ísland fengið áheyrnaraðild að stjórn Vinnuverndarstofnunar Evrópu sem staðsett er í Bilbao á Spáni. Þarna er um mikilvæg tímamót að ræða þar sem fyrir liggur að helsta þróun á sviði vinnuverndar á sér stað á vettvangi Evrópusambandsins og að með aðild að Bilbao-stofnuninni getur Ísland orðið virkari þátttakandi í vinnuverndarstarfi á Evrópuvísu en áður. Þátttaka Íslands í stjórninni er með þeim hætti að einn fulltrúi er tilnefndur af stjórnvöldum, einn af samtökum launafólks og einn af samtökum atvinnurekenda. Fulltrúi af hálfu samtaka launafólks er Björn Ágúst Sigurjónsson en hann er jafnframt fulltrúi í Ráðgjafarnefnd ESB um vinnuverndarmál.

Í kaflanum um erlent samstarf er gerð frekari grein fyrir Evrópusamvinnunni á sviði vinnuverndarmála.

Framkvæmd atvinnuleysistrygginga, vinnumiðlunar og vinnumarkaðsaðgerða

Mikið atvinnuleysi í framhaldi af hruninu í október 2008 og vaxandi fjöldi langtímaatvinnulausra hefur kallað á miklar og róttækar aðgerðir af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, samtaka atvinnurekenda, stjórnvalda og samfélagsins í heild. Ýmislegt var gert af hálfu stjórnvalda og Vinnumálastofnunar fljótlega í kjölfarið, s.s. með átakanu „Ungt fólk til athafna“ og „ÞOR“, og af hálfu fullorðinsfræðslustofnana sem sveigðu starfsemi sína að þjónustu við atvinnuleitendur í miklum mæli með ráðgjöf, námskeiðahaldi og tilboði um raunfærnimat. Þá má nefna tímabundnar lagaheimildir sem ætlað var að auðvelda fyrirtækjum og einstaklingum að halda ráðningarsambandi þrátt fyrir samdrátt og mjög auknar heimildir til fyrirtækja og einstaklinga til að gera starfsþjálfunar- og reynsluráðningarsamninga og vegna frumkvöðlastarfs. Þessi úrræði hafa töluvert verið nýtt. Það kom þó fljótt í ljós að þetta dugði ekki nærri til. Því hefur stöðugt verið leitað nýrra úrræða og aðgerða til að bæta þjónustu við atvinnulausa, efla vinnumarkaðsúrræði og vinnumiðlun. Þar hefur Alþýðusambandið tekið ákveðið frumkvæði í góðu samstarfi við Samtök atvinnulífsins og oft einnig stjórnvöld.

Þá hafa löggin um atvinnuleysistryggingar verið ítrekað til skoðunar, ekki síst það sem snýr að bráðabirgðaákvæðum laganna um lengingu bótatímabilsins og hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli.

Lög um atvinnuleysistryggingar

Þegar fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2012 var lagt fram kom í ljós að stjórnvöld ætluðu sér ekki að framlengja bráðabirgðaákvæðið um hlutabætur og að gera átti verulegar breytingar varðandi bráðabirgðaákvæðið um lengingu bóta-tímabilsins og taka upp 3ja mánaða bótaalaust tímabil til að spara útgjöld úr ríkissjóði. Þá átti ekki að hækka atvinnuleysisbætur í samræmi við ákvæði kjarasamninga í byrjun árs 2012.

Framangreind ákvæði fjárlagafrumvarpsins voru til umfjöllunar í miðstjórn og á formannafundi sambandsins í lok október. Þar var sérstaklega ályktað um stöðu og réttindi atvinnuleitenda. Í ályktuninni sagði m.a. eftir að fjallað hefur verið um það sem áunnist hefur í baráttunni fyrir bættum hag atvinnuleitenda:

„Eftir það sem þó hefur áunnist er sú sýn, sem birtist í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar, einkar dapurleg. Úrræðin, sem ríkisstjórnin sjálf hefur fram að færa, eru svikin loforð og sveltistefna. Atvinnuleysisbætur eiga ekki að hækka í samræmi við það sem um var samið í vor og í reynd lækka þær að raungildi. Nema á úr gildi bráðabirgðaákvæði um lengingu bótatímabils og setja atvinnuleitendum, sem hafa verið án atvinnu í þrjú ár, tímabundið afarkosti með því að taka af þeim bótaréttinn og vísa á takmarkaðan framfærsluþvingning sveitarfélaganna þótt ljóst sé að aðeins hluti þeirra eigi þar einhvern rétt. Um þessa sveltistefnu ríkisstjórnarinnar getur aldrei orðið sátt.

Gegn svikum og uppgjöf stjórnvalda, eins og þau birtast í fjárlagafrumvarpinu, áréttar ASÍ að takast verður á við vandann af framsýni. Læra þarf af reynslunni, þróa og nýta þau úrræði sem gagnast hafa best.

Alþýðusamband Íslands krefst þess að stjórnvöld standi við hækkun atvinnuleysisbóta og lengingu bótatímabils sem lofað var í kjarasamningunum í maí sl. Jafnframt verði gerðar nauðsynlegar lagfæringar á lögnum til að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og heimildir vegna úrræða fyrir atvinnuleitendur.“

Vegna baráttu Alþýðusambandsins tókst að hrinda áformun stjórnvalda varðandi lengingu bótatímabilsins og var bráðabirgðaákvæðið framlengt til ársloka 2012. Varðandi hlutabæturnar á móti skertu starfshlutfalli setti ASÍ fram kröfuna um að bráðabirgðaákvæðið yrði framlengt inn á árið 2012 og jafnframt að inn í lögum um atvinnuleysistryggingar yrði sett varanlegt ákvæði um viðbrögð við alvarlegum áföllum í rekstri fyrirtækja. Í því fælist að sú hugsun, sem er að finna í bráðabirgðaákvæðinu um hlutabætur á móti skertu starfshlutfalli, verði felld varanlega inn í lögum um atvinnuleysistryggingar sem hluti af almennum mótvægisáðgerðum þegar fyrirtæki verða fyrir samdrætti og alvarlegum tímabundnum áföllum í rekstri. Markmiðið er að viðhalda ráðningasambandi milli fyrirtækisins og starfsmanna, sem að öðrum kosti stæðu frammi fyrir uppsögnum, með sem minnstum óþægindum og skaða fyrir starfsmenn-

ina og að fyrirtæki glati ekki verðmætri þekkingu og reynslu starfsmanna sem að öðrum kosti þyrfti að segja upp. Af hálfu velferðarráðuneytisins var tekið vel í að skoða hugmyndina um nýtt ákvæði í lögum; hins vegar varð ekkert af efndum í því sambandi og bráðabirgðaákvæðið féll úr gildi í ársbyrjun 2012. Loks varð stjórnvöldum ekki haggð varðandi hækkun atvinnuleysisbótanna og tók bara almennu hækkuninni skv. kjarasamningum, en ekki sömu hækkun og lágmarkslaunin.

Snemma á árinu 2012 benti Alþýðusambandið á galla í lögum um atvinnuleysisstryggingar sem lýsti sér í því að atvinnuleitendur gátu orðið fyrir hreinu tekjutapi með því að taka hlutastörf. Var gerð krafa um að þetta yrði leiðrétt og voru af hálfu stjórnvalda höfð uppi góð orð um það. Efndir hafa hins vegar engar orðið.

Í byrjun september hófst á vettvangi Alþýðusambandsins umræða um með hvaða hætti ætti að bregðast við yfirlýsingum stjórnarþingmanna um að bráðabirgðaákvæðið um lengingu bóatímabilsins falli einfaldlega niður um áramótin. Jafnframt voru önnur álitamál og lagfæringar á lögnum um atvinnuleysisstryggingar til umræðu. Á fundi miðstjórnar 6. september 2011 var samþykkt umboð til starfsmanna Alþýðusambandsins í þeim efnum. Þar kom eftirfarandi m.a. fram:

- 4 ára bóatímabil – bráðabirgðaákvæðið:

Samkvæmt lögum um atvinnuleysisstryggingar fellur bráðabirgðaákvæðið um 12 mánaða framlengingu bóatímabils þeirra sem skráðir voru atvinnulausir eftir 1. mars 2008, þ.e. 4. árið, úr gildi um næstu áramót. Að óbreyttu getur það þýtt að allt að 1.600 einstaklingar falli af atvinnuleysisbótum 1. janúar nk. og síðan annar eins fjöldi á árinu 2012.

Bráðabirgðaákvæðið verði framlengt um sex mánuði og framlög til vinnu-miðlunar, ráðgjafar og úrræða aukin verulega þannig að sett verði skýr og ákveðin krafa um virkni gagnvart öllum einstaklingum sem lokið hafa 3ja ára bóatímabilinu. Því fylgir jafnframt að þeim verði boðið úrræði við hæfi og sveitarfélögin taki á sig ríka ábyrgð í þeim efnum. Það mætti til dæmis gera með því að þau mundu skuldbinda sig til að útvega öllum sem þess þyrftu á að halda og eru í reynd vinnufærir starf á sínum vegum. Þá yrðu önnur úrræði eins og starfsendurhæfing og starf með stuðningi nýtt með markvissari hætti en nú er. Væntanlega þyrfti einhvern aðlögunartíma til að koma þessari leið að fullu til framkvæmda en hugsa mætti sér að það yrði að fullu komið til framkvæmda um mitt ár 2013. Síðan væri eðlilegt að meta fyrir árslok 2013 hvort þörf væri á frekari framlengingu þessara sex mánaða eða hvort 3 árin dugi ekki til að ná sama árangri.

Þessi nálgun hefur þann ótvíræða kost umfram annað sem rætt hefur verið að með henni er tryggt að einstaklingarnir halda tengslum við vinnumarkaðinn og

eru virkir en fá ekki að „týnast“, annað hvort á atvinnuleysisbótum eða óvirkum greiðslum sveitarfélaganna. Ef allt gengur eftir mundi hún síðan fela í sér að kostnaður við greiðslu atvinnuleysisbóta til lengri tíma litið yrði minni en ella.

- Staða einstaklinga sem fengu hlutabætur á móti hlutastarfi – bráðabirgða-ákvæðið:

Áréttuð er krafa ASÍ, sem alltaf hefur legið fyrir, að gera þarf upp með sanna-gjörnum hætti bótatímabil þeirra einstaklinga sem nutu réttar skv. bráðabirgða-ákvæðinu en gildandi lög kveða á um að telja skuli dag á móti degi, óháð því hvort viðkomandi hafi fengið 10%, 20% eða hærri bætur samkvæmt ákvæðinu. Þetta væri sérstaklega ósanngjarnt í ljósi þess að einstaklingarnir voru að mæta þörfum fyrirtækjanna og atvinnulífsins og færa ákveðnar fórnir. Krafa ASÍ er að búin verði til einföld sanngjörn hlutfallsregla þannig að t.d. bótahlutfall upp að 50% mundi ekki telja meira en ½ dag til frádráttar á bótatímabilinu.

- Staða einstaklinga, sem taka hlutastörf – geta skaðast fjárhagslega:

Breyta þarf lögnum um atvinnuleysisstryggingar til að koma í veg fyrir að einstaklingar geta skaðast fjárhagslega á því að taka hlutastörf.

- Atvinnuleysisstryggingar og alvarleg áföll í rekstri fyrirtækja:

Áréttáðar eru tillögur sem Alþýðusambandið setti fram við endurskoðun laganna um atvinnuleysisstryggingar haustið 2011 um almenn ákvæði í lögum er varða alvarleg áföll í rekstri fyrirtækja.

Þetta þetta er ritað hefur engin alvarleg umræða farið fram við stjórnvöld eða samtök atvinnurekenda um tillögur Alþýðusambandsins.

Í nám – Til vinnu

Í skýrslu forseta ASÍ fyrir árið 2011 er gerð ítarleg grein fyrir tillögum samráðshóps fulltrúa stjórnvalda, stjórnmalaflokkanna og aðila vinnumarkaðarins sem skilaði af sér í lok mars 2011. Tillögurnar, sem báru yfirskriftina „Í NÁM-TIL VINNU“, voru í aðalatriðum tvíþættar og var ætlað að skapa um 1.500 atvinnuleitendum tækifæri til starfstengdra úrræða og um 1.000 tækifæri til náms. Þar var einnig að finna ýmsar fleiri hugmyndir. Fulltrúar ASÍ tóku virkan þátt í starfi hópsins og tillögugerð.

Í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði 5. maí 2011 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu þar sem m.a. var að finna skuldbindingu varðandi menntamál og vinnumarkaðsúrræði. Yfirlýsingin var afrakstur samræðu og samkomulags stjórnvalda, ASÍ og SA um inntak, fjármögnun og framkvæmd. Þar var í meginatriðum stuðst við tillögur samráðshóps um vinnumarkaðsmál sem getið er hér að framan.

Eins og fram kemur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru verkefni í grunninn tvíþætt. Annars vegar er um að ræða sérstakt átak í menntunarmálum gagnvart ungu fólki og atvinnuleitendum. Hins vegar átak sem lýtur að því að efla

vinnumarkaðsaðgerðir og vinnumarkaðstengd úrræði fyrir atvinnuleitendur. Þá eru ýmis fleiri atriði tiltekin í yfirlýsingunni, s.s. um fjármagn til þróunar- sjóðs til eflingar starfstengdu námi, endurskoðun námslánakerfisins og vottun, gæðakerfi og sveigjanleg skil innan menntakerfisins.

Til að undirbúa verkefnið og fylgja þeim eftir var ákveðið að setja á fót sérstakan aðgerðahóp sem ASÍ á aðild að.

„Nám er vinnandi vegur“

Þegar áður en kjarasamningarnir í maí voru undirritaðir var hafin vinna við þann þátt verkefnisins sem laut að bráðaaðgerðum í menntamállum:

- a) Annars vegar að tryggja öllum yngri en 25 ára, sem eftir leita og uppfylla inntökuskilyrði, nám við hæfi í framhaldsskólum strax haustið 2011. Sama gilti um þá sem lokið hefðu raunfærnimati vorið 2011.
- b) Hins vegar að skapa ný námstækifæri fyrir allt að 1.000 atvinnuleitendur haustið 2011 og næstu 2 ár þar á eftir í framhaldsskólum, frumgreinadeildum, háskólum og í framhaldsfræðslu.

Ákveðið var að beina vinnunni í upphafi að því að undirbúa og gera framhaldsskólunum og skólakerfinu í heild kleift að taka við öllum þeim sem þangað vildu leita og ættu erindi, enda ljóst að til að ná markmiðunum um innritun og nám strax haustið 2011 þyrfti að halda vel á spöðunum. Framhaldsfræðslu-kerfið er hins vegar sveigjanlegra og því lá ekki jafn mikið á innritun í það.

Þá var samþykkt að Atvinnuleysisstryggingasjóður greiði kostnaðinn af námsplássum atvinnuleitenda til ársloka 2011 en þá tekur ríkissjóður við með hefðbundnum hætti; einnig að þeir atvinnuleitendur, sem gera námssamning, fái greiddar atvinnuleysisbætur á haustönn 2011 enda uppfylli þeir skilyrði varðandi virkni í námi og ástundun; og loks að þeir atvinnuleitendur, sem fara í annað en lánshæft nám, fái tryggða framfærslu meðan átakið stendur yfir eða í allt að þrjú ár (en aðrir fá framfærslu í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna). Rúmlega 200 einstaklingar voru með slíka framfærslu vorið 2012.

Segja má að fyrsti áfangi verkefnisins „Nám er vinnandi vegur“ hafi gengið eftir eins og að var stefnt. Það tókst að tryggja nánast öllum þeim sem sóttu um nám í framhaldsskóla og uppfylltu skilyrði námspláss haustið 2011 og liggur fyrir að þeir sem átakið nær til sóttu mun frekar í verk- og starfsnám. Tæplega 1.100 atvinnuleitendur hófu nám á grundvelli átaksins og um 1.040 ungmenni yngri en 25 ára skráðu sig í framhaldsskóla.

Alls hófu 1.042 atvinnuleitendur nám haustið 2011. Í framhaldsskólum hófu 527 nám, 320 háskólanám, 103 í frumgreinadeildum og menntastoðum.

Ekki hefur tekist að fylgjast nægilega vel með þeim einstaklingum, sem skráðu sig í háskólanám og frumgreinadeildir, þar sem skráningu þeirra var ábótavant. Þó gefa þær upplýsingar, sem aflað hefur verið, til kynna að til-

tölulega lítið brotthvarf hafi verið í frumgreinadeildunum og menntastöðunum. Minna er vitað um háskólanámið. Hins vegar hefur verið fylgst mjög vel með þeim hópi sem skráði sig til náms í framhaldsskólunum.

Tæplega 1.500 nemendur innrituðust í nám á framhaldsskólastigi haustið 2011 undir formerkjum átaksins „Nám er vinnandi vegur“. Nemendahópur átaksins er tvískiptur, annars vegar hópur atvinnuleitenda, sem innritaðist í nám samhliða því að þiggja bætur hjá Vinnumálastofnun, og hins vegar hópur nemenda sem framhaldsskólarnir innrituðu til viðbótar við hefðbundna ársnemendur og eru á aldrinum 18–24 ára. Talsvert brotthvarf varð úr nemendahópnum á haustönn eða 21,4%. Þar var sláandi munur á hópum þar sem brotthvarfið var mun minna hjá atvinnuleitendunum.

Samhliða átakinu var eflid náms- og starfsráðgjöf í þeim framhaldsskólum sem innrituðu nemendur vegna átaksins og var þessum nemendahópi fylgt eftir sérstaklega með það fyrir augum að sporna gegn brotthvarfi. Árangurinn hefur komið í ljós því verulega dró úr brotthvarfi meðal nemenda á vorönn og var það um 11,5%. Það hafði því lækkað um tæplega 10% og var því nánast helmingi minna en á haustönn.

Aðrar jákvæðar niðurstöður eru að alls hafa 7,83% nemenda átaksins lokið námi sínu en 116 nemendur brautskráðust á skólaárinu 2011–2012 ýmist af starfsnáms- eða bóknámsbrautum.

Af hálfu stýrihópsins, sem leiðir „Nám er vinnandi vegur“, hefur verið lögð mikil áhersla á að fylgja verkefninu eftir, auka stuðning við nemendurna og greina ástæður að baki brotthvarfi úr námi. Þannig hafa verið tekin viðtöl við alla þá einstaklinga, sem horfið hafa frá námi, og þeir spurðir um ástæður þess. Fram hefur komið að ástæðurnar eru margvíslegar, m.a. að sumir hafa fengið vinnu. Ástæðurnar, sem oftast hafa verið nefndar, eru fjárhagsástæður og andleg veikindi.

Loks má geta þess að af þeim atvinnuleitendum, sem hófu eitt hvert nám á grundvelli verkefnisins haustið 2011, eru 130 á atvinnuleysisbótum í dag.

Vorið 2012 lá fyrir að um 400 námspláss væru laus vegna verkefnisins og var ákveðið að auglýsa þau meðal atvinnuleitenda þar sem sérstök áhersla var lögð á þann hóp sem hefur minnsta menntun og að beina þeim í undirbúningsnám og nám í verk- og tæknigreinum á framhaldsskólastigi.

Vinnandi vegur

„Aðgengi atvinnuleitenda og fyrirtækja að starfstengdum úrræðum verði bætt og umsýslukerfi einfaldað. Þá verði starfstengdum úrræðum fyrir atvinnuleitendur fjölgað um allt að 1.500 árið 2011 þannig að heildarfjöldi þeirra einstaklinga, sem njóta slíkra úrræða, tvöfaldist.“

(Úr yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 5. maí 2011)

Nokkrar tafir urðu á því að verkefninu yrði hrint í framkvæmd og réði þar mestu að undirbúningurinn tók lengri tíma en gert var ráð fyrir í upphafi. Þann 16. desember 2011 var loks undirrituð samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnarinnar, samtaka sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um öflugar tímabundnar aðgerðir sem áttu að tryggja allt að 1.500 atvinnuleitendum störf eða starfstengd úrræði. Verkefnið fékk yfirskriftina „VINNANDI VEGUR“. Fram kom að aðgerðir í þágu langtímaatvinnulausra hefðu forgang í þessu tímabundna átaki. Þá var tekið fram að sérstaklega yrði gætt að því að aðgerðirnar leiði ekki til samkeppnisröskunar eða misnotkunar af hálfu fyrirtækja eða einstaklinga.

Markmið átaksins voru skilgreind á eftirfarandi veg:

1. Að örva nýráðningar og fjölga störfum.
2. Að einfalda ráðningarferli atvinnurekenda gagnvart starfstengdum úrræðum eins og hægt er.
3. Að auka hagkvæmni þess fyrir atvinnurekendur að ráða langtímaatvinnulausa og auka með slíku líkur á ráðningu þeirra.
4. Að styrkja stöðu þeirra sem eru að klára rétt sinn innan atvinnuleysis-tryggingakerfisins og auka líkur á ráðningu þeirra.

Sett voru eftirfarandi skilyrði:

1. Að ráðning viðkomandi atvinnuleitanda feli í sér fjölgun starfsmanna.
2. Að fyrir sé að minnsta kosti einn starfsmaður á launaskrá.
3. Að síðastliðna sex mánuði hafi ekki verið sagt upp starfsmönnum sem gegnt höfðu störfum sem fyrirhugað er að ráða atvinnuleitendur til að gegna.
4. Að ráðning viðkomandi atvinnuleitanda feli ekki í sér verulega röskun á samkeppni innan atvinnugreinarinnar á því svæði sem um ræðir hverju sinni.
5. Að staðfesting á launagreiðslu til viðkomandi atvinnuleitanda fylgi með reikningi hlutaðeigandi fyrirtækis eða stofnunar til Vinnumálastofnunar.

Gert var ráð fyrir að sveitarfélögin mundu skapa um helming þeirra starfa sem yrðu til með áttakinu en fyrirtæki á almennum markaði hinn helminginn. Þá var liður í aðgerðunum að gert yrði samkomulag um samstarf Vinnumálastofnunar og VIRK – starfsendurhæfingarsjóðs um þjónustu VIRK við þá atvinnuleitendur sem hafa skerta starfsgetu.

Mikilvægur þáttur í áttakinu var að Atvinnuleysisstryggingasjóður greiddi hluta stofnkostnaðar við ný störf fyrir atvinnuleitendur, þ.e. grunnatvinnuleysisbætur auk 8% framlags í lífeyrissjóð. Áskilið var hins vegar að ráðningarkjör yrðu í samræmi við kjarasamninga. Tímalengd slíks styrks gat mest orðið tólf mánuðir þegar langtímaatvinnulausir væru ráðnir í ný störf.



Þann 8. mars var síðan haldin sérstök atvinnumessa þar sem allir atvinnuleitendur voru boðaðir til að kynna þeim átakið.

Niðurstaðan úr áttakinu var sú að gerðir voru um 1.400 ráðningarsamningar. Af þeim voru 898 á almennum vinnumarkaði, 413 hjá sveitarfélögum og 73 hjá félagasamtökum.

Almennt má segja að átakið hafi skilað því sem að var stefnt þótt enn eigi eftir að koma í ljós að hve miklu leyti um framtíðarstörf er að ræða og hversu stór hópur atvinnuleitenda muni missa vinnuna þegar áttakinu lýkur. Einnig má geta þess að nokkur óánægja kom fram meðal stéttarfélaganna með framkvæmdina og þá helst með að atvinnurekendur misnotuðu átakið með því að greiða ekki tilskilin laun og hlunnfari starfsmenn með öðrum hætti.

Virkari aðkoma aðila vinnumarkaðarins að málefnum atvinnuleitenda

Þegar leið á árið 2009 varð Vinnumálastofnun fyrir vaxandi gagnrýni fyrir að sinna mjög takmarkað þeim mikilvæga þætti sem lýtur að almennri ráðgjöf til atvinnuleitenda, virkum vinnumarkaðsaðgerðum og vinnumiðlun. Jafnframt var bent á að nálægð stéttarfélaganna við atvinnuleitendur og samstarf við samtök atvinnurekenda ættu að geta skilað betri þjónustu og virkari vinnumiðlun. Í endurskoðun stöðugleikasáttmálans haustið 2009 lýsti ríkisstjórnin, að kröfu ASÍ og SA, sig reiðubúna til að hefja viðræður um breytt fyrirkomulag á þjónustu við atvinnulausa þar sem aðilar vinnumarkaðarins axli verulega ábyrgð á framkvæmd kerfisins en ekkert gerðist.

Í tengslum við kjarasamningaviðræðurnar á fyrri hluta ársins 2011 var þetta mál enn til umfjöllunar í samskiptum við stjórnvöld. Í viðræðunum kynntu ASÍ og SA 21. mars sameiginlega sýn á verkefnið þar sem sagði m.a.:

Inntak þróunarverkefnisins er að láta reyna á hvernig það kemur út að aðilar vinnumarkaðarins annist framkvæmd framangreindra þátta. Því er miðað við að umfang verkefnisins verði nægilega mikið þannig að reyni á

meginhugmyndir SA/ASÍ í framkvæmd. Umfang sem svarar til 25% af atvinnuleysistryggingunum er viðmiðun sem SA/ASÍ hafa lagt fram sem hugmynd.

Með samkomulagi við SA um seinkun á lækun atvinnutryggingagjalds og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 5. maí 2011 var í mikilvægum atriðum komið til móts við áherslur Alþýðusambandsins og samstarfsaðila.

Þá var af hálfu stjórnvalda gefin yfirlýsing um sérstakt tilraunaverkefni vegna þjónustu við atvinnuleitendur. Í yfirlýsingunni segir m.a. að stjórnvöld séu „reiðubúin til þess að vinna með aðilum vinnumarkaðarins að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Sem hluta af þeirri vinnu verður ráðist í sérstakt tilraunarverkefni um þjónustu við atvinnuleitendur í því skyni að stuðla m.a. að virkari vinnumarkaðsaðgerðum og vinnumiðlun sem að umfangi nái til alls fjórðungi atvinnuleitenda“. Þá segir að verkefnið verði skipulagt „með hliðsjón af framkomnum hugmyndum aðila vinnumarkaðarins á almennum vinnumarkaði ...“

Þegar kom fram á haust 2011 hafði ekkert gerst í málinu og ljóst var að stjórnvöld drögu mjög fæturna í málinu. Í því ljósi ályktaði formannafundur ASÍ um málið í lok október, þar sem sagið m.a.:

„Það er krafa Alþýðusambandsins að nú þegar verði hrint af stað tilraunaverkefni sem miðar að því að stéttarfélagin taki í ríkari mæli að sér framkvæmd atvinnuleysistrygginga, vinnumiðlunar og virkra vinnumarkaðsaðgerða líkt og gert hefur verið með góðum árangri í menntun á vinnumarkaði og starfsendurhæfingu.“

Í tengslum við endurskoðun kjarasamninga þann 20. janúar 2011 var samkomulag loks handsalað á milli aðila og var það afgreitt í ríkisstjórninni 31. janúar 2012.

Helstu efnisatriði samkomulagsins eru eftirfarandi:

Öflugri vinnumiðlun og ráðgjöf: Ekki verður dregið úr fjárframlögum til Vinnumálastofnunar sem þýðir að tilraunaverkefnið kemur til viðbótar þeim fjárframlögum sem þegar er veitt í vinnumiðlun og ráðgjöf við atvinnuleitendur. Þannig á verkefnið að stuðla að því að Vinnumálastofnun geti aukið þjónustu sína við þá atvinnuleitendur sem áfram verða undir henni. Markmið verkefnisins er þannig að efla vinnumiðlun en einnig að stuðla að virkari vinnumarkaðsaðgerðum sem auki líkurnar á að atvinnuleitendur fái störf að nýju á vinnumarkaði.

Starf

Félag í eigu ASÍ og SA, STARF, vinnumiðlun og ráðgjöf, annast faglega stýringu tilraunaverkefnisins af þeirra hálfu. Félagið hefur yfirumsjón með vinnumiðlun og ráðgjöf hvað varðar vinnumarkaðsaðgerðir til félagsmanna þeirra stéttarféлага sem taka þátt í verkefninu.

Afmörkun verkefnisins: Verkefnið tekur til atvinnuleitenda sem hér segir:

Austurland: Félagsmenn aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands á Austurlandi;

Suðurnes: Félagsmenn Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, Verkalýðsfélags Grindavíkur, Sjómanna- og vélstjórafélags Grindavíkur, Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis og FIT – Félags iðn- og tæknigreina;

Höfuðborgarsvæðið: Félagsmenn VR, FIT – Félags iðn- og tæknigreina og Fagfélagsins.

Samstarf um verkefnið: STARF tekur að sér að veita félagsmönnum í framangreindum stéttarfélögum, sem eru án atvinnu, þjónustu og ráðgjöf í tengslum við vinnumiðlun og vinnumarkaðsaðgerðir. Félagið gerir þjónustusamninga við stéttarfélög hvað þetta varðar. Jafnframt er miðað við að félögin geti aðstoðað atvinnuleitendur við umsóknir um atvinnuleysisbætur, svo sem í tengslum við öflun og frágang gagna, auk þess að koma staðfestum umsóknum ásamt gögnum til Vinnumálastofnunar sem sér um endanlega skráningu.

Verkefnisstjórn: Komið verður á fót verkefnisstjórn sem í sitja þrír fulltrúar frá velferðarráðuneytinu og Vinnumálastofnun og þrír fulltrúar frá ASÍ/SA. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er að fylgja eftir framkvæmd verkefnisins, gera tillögur að breytingum á tilhögun þess, eftir því sem ástæða er til, og fjalla um vafamál og álitæfni sem upp kunna að koma í tengslum við verkefnið. Verkefnisstjórnin skal jafnframt tryggja jafnan aðgang allra atvinnuleitenda að virkum vinnumarkaðsaðgerðum og einnig fjalla um hugmyndir um framkvæmd nýrra vinnumarkaðsúræða.

Verkefninu lýkur formlega 30. apríl 2015 og verður þá tekin ákvörðun um framhaldið ef það hefur ekki þegar verið gert.

Samkomulagið var staðfest í miðstjórn ASÍ í febrúar 2012, en þó var gagnrýnt að ekki væru ætlaðir nægilegir fjármunir til tilraunaverkefnisins.

Þegar samkomulagið lá fyrir var sameiginlegt félag ASÍ og SA, STARF, vinnumiðlun og ráðgjöf, stofnað formlega og viðræður hafnar við stjórnvöld um nánari úrfærslu samstarfsins á milli þessara aðila, aðgang að upplýsingakerfi Vinnumálastofnunar og skráningu upplýsinga. Jafnframt var unnið að því að ganga frá þjónustusamningum við þau stéttarfélög sem tóku að sér að veita þjónustuna við atvinnuleitendur. Fljótt kom í ljós að sú andstaða, sem var við tilraunaverkefnið í stjórnsýslunni og var áberandi meðan unnið var að samkomulaginu, hafði frekar eflst ef eitthvað var og tafði það mjög fyrir öllum undirbúningi þess að hrinda verkefninu í framkvæmd. Það varð til þess að það fór í reynd ekki af stað fyrr en í byrjun ágúst sl. og er því lítil reynsla komin á það enn sem komið er.

Upphaf þjónustunnar

Í júlí 2012 lauk samningagerð við Vinnumálastofnun, en þjónustan er lögbundið verkefni hennar og er VMST þar með að úthýsa hluta af sinni starfsemi til

STARF. Í byrjun ágúst hóf STARF að þjónusta fjórðung atvinnuleitenda í fjórum þjónustumiðstöðvum. Hjá VR í Kringlunni, sem er þeirra stærst, en önnur þjónustumiðstöð er staðsett hjá iðnfélögum í Borgartúni. Á Suðurnesjum sam- einast fimm stéttarfélög um þjónustumiðstöð sem er rekin á skrifstofu Verka- lýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Fjórða þjónustumiðstöðin er á Austurlandi og er staðsett á skrifstofu Afls – Starfsgreinafélags á Egilsstöðum og þjónustar félagi allra stéttarfélagi innan ASÍ á Austurlandi. Á vegum STARF vinna 11 atvinnuráðgjafar í þessum fjórum þjónustumiðstöðvum auk framkvæmdastjóra verkefnisins, Þorsteins Fr. Sigurðssonar, sem staðsettur er í Sætúni 1.

Fyrstu vikur verkefnisins hafa gengið vel. Vefsíða verkefnisins er komin í loftið (www.starfid.is) en fyrstu vikurnar fara í að þjálfa ráðgjafana, gefa þeim rými til að kynnast verklaginu og gagnagrunni VMST sem unnið er með, greina hóp umbjóðenda sinna, taka atvinnuleitendur í viðtöl og slípa viðtals- tækni sína og verkferla. Þar sem þjónustan byrjaði á haustdögum er erindi þeirra er óska eftir viðtali við ráðgjafa fyrst og fremst að óska eftir stuðningi til að sækja styttri og lengri námskeið til að auka hæfni sína og verða þar með betri umsækjendur um tilfallandi störf. Verkefnið er engan veginn einfalt, en ögrandi og smá saman mun áherslan færast meira yfir á vinnumiðlunarþáttinn með meginmarkmiðið í huga, að koma atvinnuleitendum aftur til starfa.

Vinnustaðaskírteini og vinnustaðaeftirlit

Eins og gerð er grein fyrir í skýrslu forseta ASÍ 2010 voru í maí 2010 að frumkvæði ASÍ og SA samþykkt lög nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Í framhaldinu var samkomulag ASÍ og SA um nánari útfærslu og framkvæmd laganna undirritað þann 15. júní 2010. Samkomulag ASÍ og SA um vinnustaðaskírteini og framkvæmd eftirlits á vinnustöðum er mikilvægur áfangi í baráttunni fyrir því að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Samkomulagið og löginn voru afrakstur af áralöngustarfi Alþýðusam- bandsins og aðildarsamtaka þess gegn félagslegum undirboðum á íslenskum vinnumarkaði. Til að byrja með voru það byggingastarfsemi, mannvirkjagerð, rekstur gististaða og veitingarekstur sem féllu undir gildissvið samkomulags- ins. Síðar var gert ráð fyrir að aðrar atvinnugreinar fylgi í kjölfarið. Opnaður var sérstakur vefur, www.skirteini.is, þar sem er að finna upplýsingar um sam- komulag ASÍ og SA, löginn og framkvæmdina. Þar eru einnig leiðbeiningar um gerð vinnustaðaskírteina.

Í aðdraganda kjarasamninganna, sem undirritaðir voru í maí 2011, var ákveðið að taka næsta skref varðandi útbreiðslu vinnustaðaskírteina. Sam- hliða gerð nýs kjarasamnings á milli aðildarsamtaka ASÍ og Samtaka atvinnu- lífsins var undirritað viðbótarsamkomulag um vinnustaðaskírteini og eftirlit á

vinnustöðum sem fól í sér að skyldan til að bera vinnustaðaskírteini náði til fleiri atvinnugreina en áður.

Í samkomulaginu frá 5. maí 2011 stendur meðal annars:

„Samningsaðilar hafa ákveðið að fela Staðlaráði Íslands gerð staðals um vinnustaðaskírteini. Stefnt skal að því að vinna við staðalinn ljúki fyrir lok árs 2011. Með staðlinum verður einnig gerð sú krafa að starfsheiti viðkomandi starfsmanns komi fram. SA munu beina því til atvinnurekenda að þeir hugi að því við gerð vinnustaðaskírteina að unnt sé síðar að bæta við upplýsingum um starfsheiti.“

Í framhaldi af gerð kjarasamningsins óskaði ASÍ og SA eftir því við Staðlaráð Íslands að það hefði umsjón með gerð og útgáfu staðals um vinnustaðaskírteini. Í framhaldinu var gerður samningur við Staðlaráð um framkvæmd verkefnisins þ.e. verkstjórn, tæknilega ráðgjöf og útgáfu á staðlinum.

Í nóvember 2011 var haldin stofnfundur Tækninefndar um vinnustaðaskírteini þar sem öllum sem hagsmuni höfðu af gerð staðalsins og útgáfu vinnustaðaskírteina var boðin þátttaka. Fulltrúar ASÍ í nefndinni voru Halldór Grönvold og Þorbjörn Guðmundsson og á stofnfundi nefndarinnar var Þorbjörn Guðmundsson kosinn formaður.

Tækninefndin hélt 11 formlega fundi en einnig störfuðu tveir undirhópar um sértæk verkefni, miðlæga skráningu og starfsheiti.

Við nánari skoðun á möguleika á miðlægri rafrænni skráningu sem kæmi í stað vinnustaðaskírteina kom í ljós að lög nr. 42/2010 (um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum) heimila það ekki, en í 3. gr. kemur skýrt fram að atvinnurekanda og starfsmönnum hans beri að hafa vinnustaðaskírteini á sér við störf. Starfshópurinn skilaði greinargerð sem ætti að nýtast til áframhaldandi vinnu ef áhugi er á að skoða frekari útfærslu á miðlægri skráningu en hún hefur marga kosti, m.a. er hún mun kostnaðarminni fyrir fyrirtæki.

Vinnuhópurinn um starfsheiti skoðaði með hvaða hætti starfsheiti ætti að birtast á vinnustaðaskírteininum. Hann lagði til að stuðst yrði við starfaskráningu Hagstofu Íslands, ÍSSTAF95, með sérstakri 6 stafa útfærslu.

Á fundi tækninefndarinnar um vinnustaðaskírteini 25. maí sl. var frumvarp að staðli fyrir útgáfu vinnustaðaskírteina samþykkt og Staðlaráði Íslands falið að senda frumvarpið til umsagnar. Öllum sem hafa hagsmuni af útgáfu vinnustaðaskírteina var gefinn kostur á að gefa umsögn og var umsagnarfrestur 2 mánuðir frá því að frumvarpið var sent út. Þegar þetta er skrifað í byrjun september er stefnt að því að staðallinn verði gefinn út fyrir lok mánaðarins.

Varðandi innhald frumvarpsins að staðlinum þá tekur það til þeirra upplýsinga sem eiga að koma fram á vinnustaðaskírteininum, samanber lög nr. 42/2010 og samkomulag ASÍ og SA dagsett 5. maí 2011.

Með tilkomu staðalsins verður sú breyting á útgáfu vinnustaðaskírteina að

starfsheiti eiga að vera sýnileg og einnig er skilgreint með hvaða hætti fyrirtækjum er heimilt að samnýta aðgangskort að fyrirtækjum og vinnustaðaskírteini. Tekið er skýrt fram að skírteinin skuli framleidd úr hörðu efni, s.s. plasti, sem tryggir að allar upplýsingar séu auðlesnar.

Það er von þeirra sem unnið hafa að staðlinum að útgáfa hans verði til þess að framkvæmd á útgáfu vinnustaðaskírteina verði skilvirkari og það gæti meira samræmis, auðveldi eftirlit og geri útgáfuna auðveldari fyrir fyrirtækin.

Það verkefni bíður síðan Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins að kynna staðalinn og fjalla samhlíða um framkvæmd laganna um vinnustaðaskírteini og hvernig megi bæta hana og skerpa. Þá fylgir útgáfu staðalsins að nýjar starfsgreinar munu bætast við þær sem í dag er skylt að bera vinnustaðaskírteini.

Aðgerðir gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum viðskiptaháttum

Í tengslum við kjarasamningaviðræðurnar á fyrri hluta ársins 2011 voru miklar umræður um baráttuna gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættum starfsháttum í atvinnulífinu að frumkvæði ASÍ og aðildarfélaga þess. Þessar viðræður skiludu sér með ferns konar hætti inn í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 5. maí s.á. Í fyrsta lagi var yfirlýsing um að sporna við svartri atvinnustarfsemi og í kjölfarið var gert samkomulag á milli ASÍ, SA, ríkisskattstjóra (RSK) og fjármálaráðherra um sérstakt átak sem bar yfirskriftina „Leggur þú þitt af mörkum?“. Í öðru lagi var fjallað um bætt viðskiptahætti með því að stemma stigu við misnotkun félaga með takmarkaða ábyrgð. Í byrjun árs 2012 var settur á stofn vinnuhópur til að fjalla um þennan þátt með aðild ASÍ. Í þriðja lagi var í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að finna kafla um framkvæmd útboðsmála. Unnið hefur verið að tillögugerð í því sambandi í vinnuhópi undir forystu fjármálaráðuneytisins. Í fjórða lagi féllust stjórnvöld á að leggja til breytingar á lögum um aðilaskipti sem fælu í sér bætt réttarstöðu starfsmanna gjaldþrota fyrirtækja sem eru endurreist. Með samþykkt laga nr. 103/2011 var framangreind breyting að lögum.

Hér á eftir er gerð frekari grein fyrir gangi mála varðandi þrjú fyrsttöldu atriðin.

Leggur þú þitt af mörkum?

Samstarf ASÍ, SA og ríkisskattstjóra um eflingu góðra atvinnuhátta:

Í skýrslu forseta fyrir árið 2011 er gerð ítarleg grein fyrir aðdraganda átaks og hvernig að því var staðið sumarið 2011. Í byrjun nóvember var átakið síðan gert upp með útgáfu viðamikillar skýrslu um framkvæmd þess og helstu niðurstöðum. Þar kom eftirfarandi m.a. fram:

Heimsótt voru yfir tvö þúsund lítil og meðalstór fyrirtæki í sumar og fengu 55% þeirra athugasemdir. Rætt var við sex þúsund starfsmenn og reyndust

12% þeirra vinna svart, flestir á Vestfjörðum. Tap þjóðarþúsins vegna svartrar atvinnustarfssemi nemur 13,8 milljörðum á ári.

Ákveðið var að afmarka átakið við lítil og meðalstór fyrirtæki með ársveltu undir 1 milljarði króna, skv. gögnum RSK. Þá var ákveðið að beina skoðuninni að því hvernig þeir aðilar, sem voru heimsóttir, uppfylltu kröfur er lúta að:

- a) Tekjuskráningu og skilum á virðisaukaskatti.
- b) Launa- og starfssambandi fyrirtækja og starfsmanna.
- c) Réttindum og skyldum fyrirtækja og starfsmanna.
- d) Vinnustaðaskírteinum þar sem við átti.

Af hálfu samstarfsaðilanna var jafnframt ákveðið að leggja sérstaka áherslu á þá þætti sem lúta að svartri vinnu og afleiðingum hennar og greina frekar þær upplýsingar sem átakið veitti um þann þátt. Rík áhersla var lögð á að nálgast viðfangsefnið með jákvæðum formerkjum þar sem meginmarkmiðið væri að kanna aðstæður, veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þætti.

Átakið hófst 15. júní 2011 og stóð formlega til loka ágústmánaðar en frekari eftirfylgni og úrvinnsla gagna hefur staðið yfir síðan. Meðan á áttakinu stóð voru 2.024 lögaðilar kannaðir með heimsóknum á 2.136 starfstöðvar um land allt. Þá voru skráðir 6.167 starfsmenn í þessum heimsóknum. Að jafnaði voru fjögur eftirlitsteymi að störfum, skipuð þremur til fjórum einstaklingum hvert, og reynt að hafa einn frá hverjum samstarfsaðilanna í hverju teymi.

Helstu niðurstöður:

Aberandi var hversu mikið þekkingarleysi er á markmiðum og innihaldi laga og reglugerða um tekjuskráningu, virðisaukaskatt og staðgreiðslu sem og á kjarasamningum. Þetta eru alvarlegir áhættuþættir sem líklegt er að leiði til rangrar meðferðar á sköttum, gjöldum og kjarasamningsbundnum réttindum. Reyndust vera einhver frávik frá réttri framkvæmd hjá yfir helmingi fyrirtækja sem heimsótt voru eða í 55,3% tilfella.

Niðurstöður átaksins benda til þess að vantaldir skattar, gjöld og tekjur, sem ekki skila sér til réttra aðila og tengjast svartri vinnu, séu á ársgrunni 13,8 milljarðar króna, eingöngu vegna fyrirtækja sem eru með veltu undir 1 milljarði króna á ári.

Svört vinna er 12% – Niðurstaðan var að 737 (12,0%) einstaklingar af 6.167 starfsmönnum, sem skráðir voru, reyndust vera í svartri vinnu. Þessir starfsmenn voru hjá 16,0% fyrirtækja sem heimsótt voru.

Hvar eru flestir í svartri vinnu? – Niðurstaða þessa verkefnis sýnir að svört vinna er yfirgnæfandi mest í rekstri með veltu undir 150 milljónum króna á ári. Þar er að finna 91% af þeirri svörtu vinnu sem mælist samkvæmt reiknilíkani ríkisskattstjóra eða samtals 12,6 milljarðar.

Töpuð réttindi – Ekki aðeins skila tekjur sér ekki í sameiginlega sjóði landsmanna heldur eru afleiðingarnar lakari kjör einstaklinga og töpuð réttindi á vinnumarkaði.

Skortur á úrræðum – Til þess að stærsti hlutinn af þeim 13,8 milljörðum skili sér þurfa eftirlitsaðilar virkari úrræði. Rannsóknarúrræði eru til staðar en þau henta illa í einföldum eftirlitsstörfum eins og þeim sem átakið beindist að. Skortur er á eftirlitsúrræðum sem beinast að einföldum brotum á lögbundnu verklagi við tekjuskráningu, skilum á virðisaukaskatti og launatengdum gjöldum. Þörf er lagabreytinga sem gætu skilað milljörðum á hverju ári í sameiginlega sjóði.

Þekkingarleysi – Áberandi er hve skortir á þekkingu á markmiðum og innihaldi laga og reglugerða um tekjuskráningu, virðisaukaskatt og staðgreiðslu, sem og á efni kjarasamninga.

Ákveðið var að fylgja átakinu eftir með frekari vinnustaðaheimsóknum veturinn 2011 til 2012. Eins og áður voru einkum heimsótt lítil og meðalstór fyrirtæki með ársveltu undir 1 milljarði skv. gögnum RSK. Að þessu sinni takmarkaðist átakið við heimsóknir í fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi. Þá beindist skoðunin að því hvernig þeir aðilar, sem voru heimsóttir, uppfylltu kröfur er lúta að:

- a) Tekjuskráningu og skilum á virðisaukaskatti.
- b) Launa- og starfssambandi fyrirtækja og starfsmanna.
- c) Réttindum og skyldum fyrirtækja og starfsmanna.

Sérstök áhersla var eins og áður lögð á svarta vinnu og afleiðingar hennar og að greina frekar þær upplýsingar sem átakið veitti um þann þátt.

Rík áhersla var eins og áður lögð á að nálgast viðfangsefnið með jákvæðum formerkjum, þar sem meginmarkmiðið væri að kanna aðstæður, veita ráðgjöf og fræðslu um viðeigandi reglur og lagaramma og hvetja bæði atvinnurekendur og launafólk til að gera nauðsynlegar úrbætur ef þurfa þykir.

Heimsóknirnar hófust 18. október 2011 og stóðu til 27. mars 2012. Að þessu sinni voru heimsótt 689 fyrirtæki með alls 2.022 starfsmenn. Meðalstarfsmannafjöldi hvers fyrirtækis voru því tæpir 3 starfsmenn.

Eftirlitsfulltrúar frá RSK skoðuðu þá þætti sem lúta að framkvæmd skattalaga á grundvelli þeirra heimilda sem þar er að finna á meðan eftirlitsfulltrúar ASÍ og SA byggðu sína skoðun á lögum um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum og heimildum í þeim lögum.

Það er sameiginlegt mat ríkisskattstjóra, Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins að samstarf þessara aðila hafi gagnast þeim öllum og að vel hafi tekist til við alla framkvæmd verkefnisins.

Vorið 2012 var ákveðið að halda samstarfinu áfram um sumarið. Verkefnið var þó mun minna í sniðum en áður og auk þess var verklaginu breytt nokkuð. Ákveð-

ið var að beina eftirlitinu einkum að ferðaþjónustufyrirtækjum og bygginga- og mannvirkjagerð og var átakið að mestu bundið við suðvesturhorn landsins.

Þegar þetta er skrifað hafa ekki enn birst formlegar niðurstöður úr átakinu. Þó benda fyrstu upplýsingar til þess að svört vinna sé umtalsverð í þessum greinum, auk þess sem aðrir þættir, sem skoðaðir voru, sýna að mörgu er ábótavant varðandi rekstur og tekjuskráningu.

Af hálfu ASÍ, SA og RSK hefur komið fram áhugi á að halda samstarfinu áfram og setja það jafnframt í fastari búning með rammksamkomulagi til lengri tíma. Þess er vænst að vinna við slíkt samkomulag geti hafist nú á haustmánuðum.

Bættir viðskiptahættir – kennitöluflack

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011 sagði m.a.:

„Bættir viðskiptahættir

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir breytingum á lögum um félög til að stemma stigu við misnotkun félaga með takmarkaða ábyrgð og fyrir breytingum á lögum um skráningu félaga í því skyni að koma í veg fyrir starfsemi aðila sem hafa ítrekað, af ásetningi eða vanrækslu, rekið félög í þrot. Skoðað verður með hvaða hætti megi takmarka möguleika þeirra aðila sem ítrekað hafa stjórnað félögum sem orðið hafa gjaldþrota með tilheyrandi vanskilum við launþega, stéttarfélög og ríkissjóð, til þess að stofna og sitja í stjórn félaga með takmarkaða ábyrgð. Með virku eftirliti og lagaúrræðum, t.a.m. með frekari skilyrðum fyrir stjórnarsetu og skráningu félaga, ber að stemma stigu við því að sömu aðilar stofni ítrekað félög sem síðan verða gjaldþrota með tilheyrandi samfélagslegu tjóni.

Sérstaklega skulu tekin til skoðunar núgildandi hæfisskilyrði forsvarsmanna félaga með takmarkaða ábyrgð og hvort unnt sé að takmarka enn frekar möguleika þeirra sem ítrekað stjórna félögum sem hafa gerst brotleg við lög til þess að koma að rekstri félaga með takmarkaða ábyrgð. Einnig, hvort unnt sé að leiða í lög heimildir til þess að forsvarsmenn félaga, sem vanrækja alvarlega þær skyldur sem á slíkum félögum hvíla, verði gerðir ábyrgir fyrir skuldbindingum félaganna.“

Þegar ljóst var í lok árs 2011 að ekkert hefði verið gert af hálfu stjórnvalda til að efna yfirlýsinguna knúði ASÍ á um að settur yrði á fót sérstakur starfsþópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Hópurinn hittist í fyrsta skipti 18. janúar 2012 og fundaði reglulega fram á sumar, þar sem farið var yfir viðfangsefni hópsins auk þess sem aflað var upplýsinga frá fjölmörgum aðilum um stöðu mála og möguleg úrræði.

Á fundi hópsins 11. september sl. lögðu fulltrúar Alþýðusambandsins fram minnisblað með áherslum sínum og tillögum að breytingum á löggjöf og fram-

kvæmd til að stemma stigu við kennitölufлакki. Þar sagði m.a. um nálgun og áherslur ASÍ:

„Forsenda aðkomu Alþýðusambands Íslands að umfjöllun um kennitöluf-lakk byggir á því að heimildinni/réttinum til þess að stofna félag með takmark-aðri ábyrgð eigi að fylgja ríkar skyldur. Félög með takmarkaða ábyrgð og fyrisvarsmenn þeirra njóta mikilvægra réttinda og gegna auk þess mikilvægu hlutverki sem innheimtu- og vörsluaðilar á opinberu fé og iðgjöldum sem veita launafólki margvísleg réttindi.

Kennitöluflack og misnotkun á félögum með takmarkaða ábyrgð hefur alvarleg og viðtæk áhrif á samfélagið allt, atvinnulífið og launafólk og veldur þannig miklu samfélagslegu tjóni:

- *Kennitöluflack og umfangsmikil undanskot á opinberu vörslufé, sem gjarn-an fylgja, hefur á undanförunum árum þýtt að sameiginlegir sjóðir lands-manna hafa orðið af tekjum sem skipta a.m.k. tugum milljarða á hverju ári. Afleiðingin af slíku getur aðeins orðið sú að leggja þarf auknar álögur á heidarlegt fólk og fyrirtæki og/eða niðurskurð í mikilvægri samfélags-þjónustu, s.s. heilbrigðis- mennta- og velferðarmálum.*
- *Kennitöluflack og eðli þess skekkir samkeppnisstöðu heidarlegra fyrir-tækja sem standa skil á sínu gagnvart samfélaginu og hefur þannig bein og óbein áhrif á starfsmenn þeirra. Þá snertir það með beinum hætti hag þeirra birgja sem ekki fá greitt fyrir sína vöru og þjónustu.*
- *Kennitöluflack og afleiðingar skerða kjör og réttindi þess launafólks, sem hjá slíkum fyrirtækjum starfa, með beinum og óbeinum hætti. Það gildir um laun og önnur starfskjör og ýmis félagsleg réttindi. Fyrirtæki, sem stunda kennitöluflack, hafa einnig skadleg og oft þungbær fjárhagsleg áhrif á einstaklinga sem eiga við þau viðskipti.*

Auk þess sem að framan greinir fylgja kennitölufлакki gjarnan margs konar önnur brot sem varða þá hagsmuni sem að framan greinir.“

Í minnisblaðinu er síðan að finna fjölmargar beinar tillögur og hugmyndir sem stuðlað geta að bættum viðskiptaháttum tengt félögum með takmarkaða ábyrgð. Þær varða heimildir til stofnsetningar slíkra félaga, rekstur og slit.

Tillögur ASÍ eru nú til meðferðar í starfshópnum og leggur Alþýðusambandið áherslu á að vinnan skili lagafrumvarpi sem lagt verður fram á Alþingi fyrir áramót.

Framkvæmd útboðsmála

Fulltrúar ASÍ og aðildarsamtaka þess og Samtaka atvinnulífsins sammæltust um tillögur er vörðuðu opinber innkaup og tengda þætti í tengslum við kjara-samningana í maí 2011. Mikil vinna var lögð í sérstaka bókun um efnið og tvö fylgiskjöl um hæfi bjóðenda og breytingar á lögum um opinber innkaup. Þessu var síðan fylgt eftir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 5. maí 2011:

„Framkvæmd útbodsmála

Stjórnvöld og aðilar vinnuamarkaðarins eru sammála um mikilvægi þess að heilbrigð samkeppni ríki þegar verklegar framkvæmdir og þjónusta eru boðnar út.

Stjórnvöld munu beita sér fyrir breytingum á lögum um opinber innkaup til þess að tryggja betur eðlilegt samkeppnisumhverfi og réttindi launafólks. Leitað verður leiða til að tryggja betur að í útbodslýsingum sé að finna skýr ákvæði um hæfi bjóðenda, um val á tilboðum og um skil á greiðslum til þeirra sem að tilboðsverkum koma. Vanda þarf mat verkkaupa á hæfi bjóðenda í útbodum opinberra aðila. Æskilegt er að slíkt mat nái jafnt til aðal- og undirverktaka og verði meginreglan að starfsmenn séu í föstu ráðningarsambandi. Aðilar hafa komið sér saman um drög að samræmdu mati á hæfi bjóðenda og er lögð áhersla á að þau fái viðurkennda stöðu í lögum eða reglugerð. Ennfremur er aðkallandi að kveða með skýrum hætti á um gerð útbodsgagna, um skil á launagreiðslum og samábyrgð verktaka og undirverktaka. Tryggja þarf að ákvæði um vinnutillögum og mælingar á vinnuþáttum verði hluti af útbodsskilmálum í opinberum þjónustuinnkaupum.

Skodað verður hvaða breytingar gera þarf á lögum um opinber innkaup, og eftir atvikum öðrum lögum, til þess að styrkja stöðu og réttindi launafólks sem starfa fyrir fyrirtæki á verktakamarkaði og jafna á sama tíma samkeppnistöðu fyrirtækja. Stefnt skal að því að starfshópur stjórnvalda, með aðild fulltrúa sveitarfélaga, ASÍ og SA, skili tillögum um framangreind atriði eigi síðar en í september 2011 og að hægt verði að leggja fyrir Alþingi tillögur um æskilegar lagabreytingar í byrjun haustþings. Stjórnvöld munu jafnframt, þar sem það á við, innleiða niðurstöður starfshópsins í eigendastefnu ríkisins.

Jafnframt lýsa stjórnvöld yfir vilja til að útvíkka gildissvið laga um opinber innkaup þannig að þau nái jafnframt til innkaupa sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum.“

Það tók mikinn tíma að koma vinnunni í gang. Segja má að eiginlegar viðræður hafi ekki hafist fyrr en í janúar 2012 eftir að ASÍ hafði útrekað kvartað yfir seinaganginum. Frá þeim tíma hefur verið unnið skipulega í máluunum og ýmislegt þokast áfram þótt það hafi tekið lengri tíma en vænst var.

Hér á eftir er gerð stuttlega grein fyrir stöðunni eins og hún var í september 2012:

a. Breytingar á lögum um opinber innkaup

Þetta er eini þátturinn sem vinnu er lokið við. Í mars sl. var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp með tillögum að breytingum á lögnum, sem sátt náðist um í viðræðunum, auk ýmissa annarra breytinga sem eru að frumkvæði ráðuneytisins. Að mati ASÍ er niðurstaðan ágætlega ásætlanleg m.v. það sem

lagt var upp með, þ.e. að treysta stöðu launafólks og koma í veg fyrir undirboð, m.a. með gerviverktöku. Vegna óreiðunnar á Alþingi náðist ekki að afgreiða málið og verður það lagt fram óbreytt á haustþingi.

b. Útboð sveitarfélaganna

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir: „*Jafnframt lýsa stjórnvöld yfir vilja til að útvíkka gildissvið laga um opinber innkaup þannig að þau nái jafnframt til innkaupa sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum.*“. Efnid er komið til þar sem bæði ASÍ og SA hafa lengi gagnrýnt hvernig staðið er að útboðsmálum sveitarfélaganna.

Viðræðurnar hafa leitt í ljós andstöðu sveitarfélaganna við að þau verði felld undir lögum með þeim hætti sem yfirlýsingin gerir ráð fyrir. Hafa þau fært fram ýmis sjónarmið og rök í því sambandi. Í minnisblaði, dags. 5. mars 2012, lögðu sveitarfélögin til að um sinn yrði miðað við óbreytta framkvæmd en að samhliða breytingum á lögum um opinber innkaup verði boðað *að unnið verði að nýskipan og styrkingu kærunefndarinnar á næstu tveimur árum. Úttekt verði gerð á sama tímabili varðandi framkvæmd sveitarfélaga á innkaupa-reglum sínum, í samráði við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Jafnframt verði skoðað hvort ástæða sé til hækkunar á innlendum viðmiðunarfjárhæðum vegna ríkisaðila. Sú hækkun myndi hins vegar ekki hafa almenn áhrif á afstöðu sveitarfélaga þar sem flækjustig opinberra innkaupa undir viðmiðunarfjárhæðum er að mestu leyti hið sama og opinberra innkaupa yfir viðmiðunarfjárhæðum.*“

Að mati fulltrúa ASÍ og SA voru tillögur sveitarfélaganna óásættanlegar og aðeins til þess fallnar að fresta og tefja málið. Í stað þess var lagt til að skoðuð yrði sú leið að setja sérstakar reglur um útboð sveitarfélaganna þar sem tekið yrði á öllum helstu álitamálum og gagnrýni sem komið hefur fram á framgöngu þeirra en jafnframt reynt að tryggja að reglurnar og stjórnsýslan verði einfaldari en í lögnum um opinber innkaup. Sú tillaga er nú til frekari skoðunar.

Enn er ágreiningur um málið og ekki útséð með hvernig því lýkur.

c. Hæfi bjóðenda

Yfirlýsingu ASÍ og SA frá 5. maí 2011 fylgdi tillaga að reglum um hæfi bjóðenda sem unnin hafði verið m.a. í samstarfi við fulltrúa stærstu aðila sem koma að opinberum innkaupum.

Þegar viðræðurnar hófust síðan um framkvæmd yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar komu fram efasemdir um að slíkar samræmdar reglur samræmdust samkeppnisreglum á Evrópska efnahagssvæðinu. Til að bregðast við þessu var ákveðið að leita eftir áliti sérfræðings í samkeppnisrétti á þessu máli. Í umræðunum kom fram að hvorki ríkið eða sveitarfélögin gerðu efnislegan ágreining

eða athugasemdir við fyrirliggjandi drög að samræmdu mati opinberra verkaupa á hæfi bjóðenda. Spurningin væri einvörðungu um hvort heimilt væri formlega að hafa slíkt samræmt mat, eða hvort fara þarf aðrar leiðir til að hrinda því í framkvæmd.

Niðurstaða lá fyrir í mars um að ekkert mæli gegn slíkum reglum. Hins vegar var bent á nokkur atriði sem betur mættu fara varðandi hæfi bjóðenda og var ákveðið að endurskoða reglurnar í því ljósi.

Ef allt gengur að óskum ætti vinnunni við reglurnar sjálfar að ljúka fyrir lok september. Síðan á eftir að ákveða hvaða formlegu stöðu þær fá. En á það höfum við lagt mikla áherslu.

d. Útboðsskilmálar og opinber þjónustuinnkaup

Af hálfu ASÍ hefur aðallega verið bent á ófullnægjandi framkvæmd varðandi útboð á ræstingum og fleiri þjónustubáttum. Aðilar eru sammála um að mikilvægt sé að greina sameiginlega í hverju vandinn liggur og hvernig megi taka á honum.

Ákveðið var að setja sérstakan starfshóp í verkefnið með fulltrúum ASÍ, SA, fjármálaráðuneytisins og sveitarfélaganna og hóf hann störf í mars.

Í minnisblaði frá hópnum kemur fram að hann er sammála um mikilvægi þess að greinargóð lýsing á umfangi verks þurfi að vera til staðar í útboðum á þjónustuinnkaupum. Aðilar voru sammála um að nauðsynlegt væri að kostnaðarmat fyrir verk lægi fyrir þar sem því væri við komið. Við mat á óeðlilega lágum tilboðum verði litið til 73. gr. laga um opinber innkaup og bjóðendum skylt að gera nánari grein fyrir launa- og starfskjörum starfsmanna. Þessi atriði verða tryggð ef fyrirhugaðar lagabreytingar á lögum um opinber innkaup verða samþykktar á Alþingi. Farið var yfir kröfur um hæfi bjóðenda í innkaupa-reglum Reykjavíkurborgar og mikilvægi þess að vandað sé til vals á tilboðum. Sú hugmynd var rædd hvort taka ætti tillit til samfélagslegrar ábyrgðar fyrir-tækja o.fl. við val á tilboðum. Einnig var rætt samræmt mat opinberra verkaupa á hæfi bjóðenda í útboðum á verklegum framkvæmdum. Fundarmenn voru sammála um að fylgjast þyrfti með því hvernig þróun á notkun á slíku samræmdu mati muni reynast. Loks var farið yfir fyrirkomulag í Danmörku þar sem fulltrúar launafólks koma sem áheyrnarfulltrúar að gerð/undirbúningi opinberra útboða og geta þar með bent á það sem betur mætti fara út frá forsendum kjarasamninga.

Útfærsla á þessu fyrirkomulagi, sem gæti hentað hér á landi, er að hvetja verkalýðsfélög til að nálgast útboðsgögn og leggja fram spurningar á fyrir-spurnartíma útboða er varða forsendur kjarasamninga við gerð tilboða í verkið. Þessar spurningar og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnum sem öllum tilboðsgjöfum ber að horfa til við gerð tilboða. Þá lýstu fulltrúar útboðsaðila

(Ríkiskaup, Reykjavíkurborg) sig reiðubúna til þess að kalla eftir staðfestingu af hálfu þjóðanda eftir hvaða kjarasamningi verk yrðu unnin. Þeim upplýsingum yrði miðlað áfram til stéttafélaga.

Þegar þetta er skrifað er beðið eftir viðbrögðum frá Samtökum atvinnulífsins við efni minnisblaðsins og hvernig því verður síðan fylgt eftir.

e. Keðjuábyrgð/samábyrgð á verktakamarkaði

Eitt af þeim atriðum, sem Alþýðusambandið hefur lagt áherslu á varðandi opinber innkaup og verktakastarfsemi almennt, er keðjuábyrgð/samábyrgð (e. joint liability/client liability). Keðjuábyrgð/samábyrgð getur verið útfærð með margvíslegum hætti. Í grunninn felst hún í því að aðilar, sem eru tengdir á beinan eða óbeinan hátt með samningssambandi, bera sameiginlega (sólídaríska) ábyrgð á réttum samfélagslegum efdum hvor annars, nánar tiltekið á greiðslum samningsaðilans í sameiginlega sjóði annars vegar (skattar lífeyrisgreiðslur o.s.frv.) og launagreiðslum til starfsmanna hins vegar. Fyrirkomulag af þessu tagi er þekkt í nokkrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum.

Umræðan um þetta efni er stutt á veg komin og ljóst að hún mætir andstöðu af hálfu SA.

Iðnlöggjöfin og iðnréttindi

Með erindi, dagsettu 14. júlí 2011, var af hálfu nefndar á vegum iðnaðarráðuneytisins óskað eftir skriflegri umsögn Alþýðusambands Íslands vegna endurskoðunar iðnaðarlaga nr. 42/1978 og reglugerðar um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.

Umsögn ASÍ var send ráðuneytinu í september s.á. Þar sem spurningum nefndarinnar var svarað og ábendingar settar fram:

„1. Forsendur löggildingar iðngreina, með tilliti til þess hvort rökstyðja megi að almannahagsmunir réttlæti þá takmörkun á atvinnufrelsi sem í löggildingunni felst.

Iðnaðarlögunum og þar með löggildingunni iðngreina er ætlað að tryggja gæði þeirrar þjónustu/vöru sem boðin er. Jafnframt er oft um mikilvæga öryggis- og heilbrigðishagsmuni að ræða. Að mati ASÍ má því rökstyðja þá takmörkun á atvinnufrelsi sem felst í iðnaðarlögunum á grundvelli almannahagsmuna.

Þörfin fyrir löggjöf, sem ætlað er að tryggja gæði vöru og þjónustu og öryggi og heilbrigði, hefur orðið enn þá ljósari með tilkomu alþjóðavæðingarinnar og aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, aukins hreyfanleika og frelsis erlendra fyrirtækja og einstaklinga til að veita margvíslega þjónustu og stunda atvinnustarfsemi hér á landi.

Í þessu sambandi leggur Alþýðusambandið einnig ríka áherslu á mikilvægi

þess að tryggja öfluga endur- og eftirmenntun í löggiltum iðngreinum. Þá verði raunfærnimat vegna löggiltra iðngreina eftl þannig að það nái til sem flestra greina og að einstaklingum, sem starfað hafa í eða í tengslum við viðkomandi greinar sem aðstoðarmenn, verði auðveldað að fá slíkt mat og sækja sér í framhaldinu þá menntun sem nauðsynleg er til að öðlast löggilt starfsréttindi.

2. Er rétt að fækka þeim iðngreinum, sem taldar eru upp í reglugerð nr. 940/1999, í ljósi þess að sumar þeirra eru ekki kenndar hér á landi og mjög fáir sveinar eða jafnvel engir starfa í sumum iðngreinanna?

Að mati ASÍ er eðlilegt að skoðað verði hvort rétt er að fella út úr reglugerðinni þær iðngreinar sem sannanlega eru ekki lengur til staðar í atvinnulífinu eða hafa tekið slíkum breytingum að ekki eru lengur forsendur fyrir löggildingu þeirra. Sama gildir varðandi ákvörðun um upptöku nýrra löggiltra iðngreina.

Mikilvægt er að áður en slík ákvörðun er tekin sé haft víðtækt samráð við þá aðila, sem málið kann að varða, eftir því sem kostur er, þ.e. starfsmenn og fyrirtæki í viðkomandi grein, eða tengdum greinum. Má í því sambandi vísa til lista sem ráðuneytið hefur tekið saman yfir helstu hagsmuna-/umsagnaraðila, að teknu tilliti til breytinga og leiðréttinga sem gera þarf á honum og m.a. ASÍ hefur bent á með erindi sínu í ágúst sl.

3. Er rétt að finna iðnlöggjöfinni stað í einum lagabálki í stað þess að telja löggiltar iðngreinar upp í reglugerð?

Að mati ASÍ er bæði eðlilegt og skynsamlegt að upptalning á löggiltum iðngreinum sé í reglugerð. Það veitir eðlilegan og nauðsynlegan sveigjanleika til að bregðast við breytingum í atvinnulífinu.

4. Annað sem varðar endurskoðun laganna.

a. Öflugra eftirlit og stjórnsýsla:

Mikilvægt er að auka eftirlit og efla stjórnsýslu varðandi framkvæmd laganna. Þar ber sérstaklega að líta til þess að stjórnsýslustofnunum, sem tengjast viðkomandi iðngreinum, verði falið það hlutverk.

Nánar er fjallað um þennan þátt í umsögn samtaka iðnaðarmanna sem áður er vísað til.

b. Nýjar iðngreinar: stóriðja o.fl.:

Við framkvæmd laganna verði áfram byggt á þeim hefðum sem skapast hafa í ýmsum nýjum starfs- og atvinnugreinum sem orðið hafa til í íslensku atvinnulífi á síðustu árum og áratugum, s.s. í áliðnaði og víðar, þar sem réttur sérhæfðra starfsmanna til starfa hefur verið viðurkenndur.

Í því sambandi er lögð áhersla á frekari uppbyggingu og þróun menntunar fyrir starfsmenn sem starfa við iðnað sem ekki fellur undir löggiltar iðngreinar, auk þess sem þróuð verði menntun í fleiri greinum en nú er og aðgengi og möguleikar verkafólks til að sækja sér slíka menntun auknir.

c. *Miðlægur gagnagrunnur vegna löggiltra iðngreina:*

Mikilvægt er að byggður verði upp miðlægur gagnagrunnur með upplýsingum um þá einstaklinga sem hafa viðurkennd starfsréttindi til starfa í löggiltum iðngreinum. Þetta gildi bæði um þá einstaklinga, sem fengið hafa réttindi til starfa í löggiltum iðngreinum með námi og starfi hér á landi, og útlendinga sem fá viðurkennd starfsréttindi á grundvelli laga um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi nr. 26/2010.“

Nefnd iðnaðarráðuneytisins skilaði af sér skýrslu og tilögum í febrúar 2012.

Í byrjun september barst ASÍ erindi frá atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu, áður iðnaðarráðuneytinu, þar sem fram kom að hafin væri vinna við frumvarp til breytinga á iðnaðarlögum. Jafnframt kom fram að frumvarpið verði unnið með hliðsjón af niðurstöðum og tillögum nefndar um endurskoðun iðnaðarlaga sem skilaði af sér í febrúar. Jafnframt bíður ráðuneytið upp á samráð varðandi framhaldið. Einnig er tekið fram að í samræmi við tillögur nefndarinnar verði í frumvarpinu lagt til að löggiltar iðngreinar verði taldar upp í lögunum í stað reglugerðar nr. 940/1990 um löggiltar iðngreinar. Einnig er bent á að nefndin lagði til að við mat á því hvort iðngreinar verði löggiltar verði lagt mat á hvort rétt sé að: a) löggilda iðngreinina og einkarétt til starfa í greininni, b) löggilda eingöngu notkun á starfsheiti, eða c) hvorugt. Í því sambandi mælti nefndin með að aðeins þær greinar, sem telja verður nauðsynlegt að veita lögverndun á grundvelli ríkra almannahagsmuna, verði framvegis felldar undir flokk löggiltra iðngreina.

Ljóst er að hér eru gerðar tillögur um róttækar breytingar sem ganga í veigamiklum atriðum gegn núverandi fyrirkomulagi varðandi löggiltar iðngreinar. Þegar þetta er skrifað hefur ekkert samráð farið fram um þá vinnu sem framundan er.

Framkvæmd EES-samningsins og Evrópusamvinnan

Starf Alþýðusambands Íslands, sem tengist Evrópusamvinnunni og samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er mikilvægur þáttur í starfsemi ASÍ. Áhrifin eru bæði bein og óbein. Þau birtast með skýrustum hætti í þeim þætti starfsins sem snýr að undirbúningi, gildistöku og eftirfylgni með framkvæmd tilskipana, samninga og reglna Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðs- og félagsmála hér á landi. Jafnframt liggur fyrir að reglur á íslenskum vinnumarkaði og réttindi launafólks byggja í stöðugt ríkari mæli á þróuninni í Evrópu á þessu sviði. Þessi þróun er í samræmi við það sem stefnt var að með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Fyrir liggur að fullgilda nokkrar tilskipanir Evrópusambandsins á sviði vinnumarkaðsmála og því tengdu. Hér má nefna tilskipun um starfsmannaleigur, tilskipun um breytingar á reglum um Evrópsk samstarfsráð en þessar

tilskipanir þarf að innleiða hér á landi sem fyrst. Þá er nú í gangi vinna við að innleiða svokallaðar mismunartilskipanir ESB í íslensk lög.

Í júní 2011 féll dómur hjá EFTA-dómstólnum þar sem innleiðing hér á landi á tilskipun ESB um útsenda starfsmenn var dæmd ólögmat þar sem hún gegni að mati dómsins of langt í að tryggja réttindi útsendra starfsmanna hér á landi á kostnað frjálsra þjónustuviðskipta. Frumvarp var lagt fyrir Alþingi sl. vor til að mæta þeirri niðurstöðu en náði ekki fram að ganga.

Nánar er gerð grein fyrir stöðu mála varðandi framangreindar tilskipanir hér á eftir.

Breytingar á lögum um starfsmannaleigur

Tilskipun um starfsmannaleigur (104/2008/EC) var samþykkt á vettvangi Evrópusambandsins í árslok 2008 og átti hún að taka gildi hér á landi í síðasta lagi 5. desember 2011.

Tilskipun er sett til að skapa ramma um kjör og réttindi starfsmannaleigu-starfsmanna sem ekki valdi mismunun, eins og segir m.a. í aðfararorðum tilskipunarinnar. Þá segir að grundvallarréttindi og kjör starfsmannaleigu-starfsmanna skuli ekki vera lakari en þeirra sem eru í föstu ráðningarsambandi við notendafyrirtæki; og einnig að fast ráðningarsamband sé meginreglan á vinnumarkaði.

Málið var til umfjöllunar í tengslum við gerð kjarasamninganna í maí 2011 og var þá gerð eftirfarandi bókun af hálfu ASÍ og SA:

„Starfsmannaleigur

Aðilar eru sammála um að við innleiðingu starfsmannaleigutalskipunarinnar verði áréttað að á íslenskum vinnumarkaði er meginreglan sú að starfsmenn eru ráðnir ótímabundið beint til vinnuveitanda enda ríkir hér ákveðinn sveigjanleiki í ráðningum sem ætlað er að auðvelda fyrirtækjum að bregðast við sveiflum í starfsemi þeirra.

Einnig, að samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 ákveða kjarasamningar lágmarkskjör. Þá verði meginregla tilskipunarinnar um jafna meðhöndlun lögfest og miðað við að ráðningarkjör starfsmanna starfsmannaleigna skuli á þeim tíma sem um ræðir vera a.m.k. þau sem hefðu gilt ef þeir hefðu verið ráðnir beint til viðkomandi fyrirtækis til að sinna sama starfi. Þar verði vísað til raunverulegra launakjara hjá notendafyrirtækinu hvernig sem þau eru ákvörðuð og hvernig sem þau eru greidd.“

Af hálfu velferðarráðuneytisins og í samráði við ASÍ og SA var unnið frumvarp um málið sem lagt var fyrir Alþingi sl. vetur en náðist ekki að afgreiða. Um er að ræða ákveðna málamiðlun á milli aðila um efni innleiðingar tilskipunar Evrópusambandsins (2008/104/EC) um vinnu á vegum starfsmannaleigu í íslensk lög – þó þannig að ASÍ telur að með henni sé tekið

á þeim grundvallarþáttum sem mestu skipta, þ.e. að starfsmaður starfsmanna-
leigu njóti sömu eða sambærilegra kjara og ef hann hefði verið ráðinn beint til
notendafyrirtækisins. Á þetta hefur skort í núgildandi lögum og í framkvæmd.
Í frumvarpinu segir um þetta efni: „*Starfsmaður starfsmannaleigu skal á þeim
tíma, sem hann sinnir störfum fyrir notendafyrirtæki, að lágmarki njóta sömu
launa og annarra starfskjara og hann hefði notið hefði hann verið ráðinn
beint til notendafyrirtækisins til að gegna sama starfi, sbr. einnig 1. gr. laga
nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með
síðari breytingum.*“

Af hálfu ASÍ er lögð áhersla á að frumvarpið verði óbreytt að lögum sem
fyrst.

Innleiðing mismunatilskipana ESB

Þegar Ísland gekk til samninga um myndun Evrópska efnahagssvæðisins
ætlðu menn ekki að félli undir þann samning að taka upp allar gerðir Evrópu-
sambandsins sem líta myndu dagsins ljós eftir undirritun og sem m.a. gátu
varðað félagsleg- og borgaraleg mannréttindi sem þær gerðir ýmist sköpuðu
eða verðu.

Þegar tilskipanir ESB 2000/78 og 2000/43 um bann við mismunun á vinnu-
markaði á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna, trúar eða lífsskoðunar,
skertrar starfsgetu, aldurs eða kynhneigðar litu dagsins ljós var það mat ís-
lenskra stjórnvalda að þær væru að verulegu leyti þegar í gildi auk þess ekki
þyrfti að taka þær í gildi hér með vísan til EES-samningsins. Noregur lagði
hins vegar til að tilskipun 2000/78 yrði viðurkennd sem hluti af EES-samn-
ingnum. Lagatæknilega var EFTA-EES-ríkjunum hins vegar ekki talið skylt að
innleiða þessar tilskipanir sem hluta EES-samningsins og varð niðurstaðan sú
að tilskipunin væri ekki hluti EES.

ASÍ tók þegar í upphafi þá afstöðu, bæði innan samráðsnefndar um EES og
opinberlega, að jafnvel þótt lögfræðileg sjónarmið leiddu til þess að ekki þyrfti
að gildistaka tilskipanir þessar þá ætti engu að síður að gera það með sérstakri
lagasetningu.

Rök sambandsins voru aðallega eftirfarandi:

- Öll lönd, sem við berum okkur saman við, hafa sett eða hyggjast setja lög-
gjöf um þetta efni, byggða á tilskipunum ESB.
- Noregur ætlar að uppfylla öll skilyrði tilskipunar 2000/78 og ríki Evrópu-
sambandsins eru skuldbundin til að gera það og eru sett undir agavald ESB
í þeim efnunum.
- Tilskipanirnar séu í reynd hluti af reglum á vinnumarkaði Evrópu (EES).
Löggjöf, sem byggði á þeim og með tilvísun í hana, ætti að tryggja sam-
leitni á vinnumarkaði Evrópska efnahagssvæðisins.

- Mikilvægt væri fyrir rekstur og þróun EES-samningsins og stöðu Íslands í Evrópusamvinnunni að tilskipanirnar verði hluti af réttindakerfi á íslenskum vinnumarkaði.

Í ágúst 2004 lagði ASÍ til að ný lög yrðu sett sem tryggðu nauðsynlegar heimildir til að fylgja markmiðum tilskipananna. Kveðið yrði á um málsmeðferð og sönnun, þegar einstaklingar telja að á þeim hafi verið brotið, og úrræði sköpuð til að koma í veg fyrir að einstaklingar missi starf sitt eða þeim sé með öðrum hætti refsað fyrir að nýta sér rétt sinn. Kveðið yrði á um söfnun og úrvinnslu upplýsinga er varða markmið og framkvæmd laganna, sett á laggirnar samráð stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka hlutaðeigandi hópa varðandi markmið og framkvæmd laganna og að lokum að bætur og viðurlög skv. þeim væru fullnægjandi.

Þessi stefna var ítrekuð og henni fylgt eftir í þeim starfshóp sem Árni Magnússon, þáverandi félagsmálaráðherra, ýtti úr vör síðla árs 2005 og sem Helgi Hjörvar alþingismaður stýrði til lands í lok árs 2008. ASÍ taldi niðurstöður þessa starfshóps viðunandi í ljósi þeirra markmiða, sem sambandið lagði upp með, og lýsti sérstakri ánægju sinni með þá sátt sem að lokum tókst um niðurstöður. En verkið var ekki fullunnið og mikið starf fyrir höndum því lagasmíðin sjálf var eftir. Hún hófst haustið 2011 og hefur ASÍ tekið virkan þátt í undirbúningi hennar.

Frumvarpsdrög liggja nú fyrir og er stefnt að framlagningu frumvarps á haustmánuðum 2012. Í drögum að frumvarpi er gert ráð fyrir að allar meginreglur og ákvæði tilskipananna verði innleiddar í íslenskan rétt. Jafnframt er lagt til að hlutverk Jafnréttisstofu á grundvelli ákvæða frumvarpsins verði sambærilegt því hlutverki sem stofnunin gegnir á grundvelli gildandi laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, þar á meðal hvað varðar eftirlitshlutverk hennar. Enn fremur er gert ráð fyrir að heimilt verði að kæra ætluð brot á grundvelli ákvæða frumvarpsins til kærunefndar jafnréttismála á sama hátt og heimilt er að gera hvað varðar brot á grundvelli ákvæða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Niðurstöður kærunefndar verði leiðbeinandi en ekki bindandi líkt og við á um niðurstöður hennar í jafnréttismálum.

Heimildir til að beita tímabundnum takmörkunum á frjálsri för launafólks frá Rúmeníu og Búlgaríu

Aðild Búlgaríu og Rúmeníu að Evrópusambandinu varð að veruleika 1. janúar 2007. Í samningnum og viðaukum hans um aðild Búlgaríu og Rúmeníu eru ákvæði sem kveða á um nánari skilmála fyrir inngöngu þessara ríkja. Þar er meðal annars ákvæði sem heimilar aðildarríkjum Evrópusambandsins að beita tímabundnum takmörkunum á frjálsri för launafólks frá nýju aðildarríkjunum. Samkvæmt því var gert ráð fyrir að löggjöf einstakra aðildarríkja Evrópusam-

bandsins um atvinnuréttindi launafólks frá nýju aðildarríkjunum yrði áfram í gildi næstu tvö árin frá og með þeim degi sem Búlgarí og Rúmenía fengu fulla aðild að Evrópusambandinu eða til 1. janúar 2009. Enn fremur var aðildarríkjunum heimilt að framlengja þennan aðlögunartíma um þrjú ár til viðbótar eða til 1. janúar 2012. Þetta eru hliðstæð ákvæði og sett voru í samninga við aðild 10 ríkja gömlu Austur-Evrópu og Miðjarðarhafsríkja árið 2004.

Með samningi, sem undirritaður var 14. maí 2007, urðu Rúmenía og Búlgarí síðan hluti af Evrópska efnahagssvæðinu. Sama aðlögun var gerð í aðildarsamningnum að Evrópska efnahagssvæðinu og gagnvart ESB og hafa EES-EFTA-ríkin því sömu heimildir til aðlögunar á þessu sviði. Við beitingu þessara heimilda verður að líta til sameiginlegrar yfirlýsingar EFTA-ríkjanna um frelsi launafólks til flutninga, sem fylgir með lokagerð aðildarsamnings EES, þar sem EES-EFTA-ríkin lýstu þeim vilja sínum að veita ríkisborgurum nýju aðildarríkjanna greiðan aðgang að vinnumarkaði sínum og flýta fyrir því að sömu reglur gildi um frjálssa för launafólks á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Með lögum nr. 106/2007 var nýtt heimild af hálfu Íslands til að fresta gildistöku EES-samningsins um frjálssa för launafólks, hvað varðar þessi tvö ríki, til 1. janúar 2009.

Með lögum nr. 154/2008 var ákveðið að nýta heimild af hálfu Íslands til að framlengja aðlögunartímann í þrjú ár til viðbótar, eða til 1. janúar 2012. Þar með hefur Ísland beitt tímabundnum takmörkunum á frjálstri för launafólks frá nýju aðildarríkjunum í fimm ár.

Í aðildarsamningnum vegna Búlgaríu og Rúmeníu segir að í tilvikum, þar sem sýnt verður fram á alvarlega röskun á vinnumarkaði að fimm árum liðnum frá gildistöku aðildarsamnings EES, sé hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að beita áfram tímabundnum takmörkunum á frjálstri för launafólks frá nýju aðildarríkjunum í tvö ár til viðbótar eða til 1. janúar 2014. Eftir að aðildarríki hefur tekið upp hinar sameiginlegu Evrópureglur um frjálssa för launafólks er því ekki heimilt að taka síðar upp strangari takmarkanir um aðgengi að vinnumarkaði sínum.

Málið var til umfjöllunar í miðstjórn Alþýðusambandsins í lok árs 2011. Þar kom m.a. fram að önnur norræn ríki hefðu ákveðið að nýta sér ekki frekari frestun og einnig að lítil ásókn hefði verið í atvinnuleyfi frá Rúmeníu og Búlgaríu hér á landi. Hins vegar væri eitthvað um starfsmannaleigustarfsmenn frá þessum löndum. Síðan sagði m.a. í minnisblaði sem lá fyrir fundinum:

„Þá hefur einnig verið bent á að meiri vandi geti skapast/hafi skapast á vinnumarkaði vegna íbúa frá þessum ríkjum sem komið hafa til starfa á Norðurlöndum í gegnum starfsmannaleigur en frestun á frjálstri för launafólks frestar því ekki.

Af framangreindum upplýsingum verður ekki séð hvernig rökstyðja ætti kröfu um framlengingu á frestun frjálsrar farar launafólks frá Rúmeníu og Búlgaríu enda verður ekki með nokkru móti sýnt fram á „alvarlega röskun á vinnumarkaði“ hvað það fólk varðar.

Hins vegar er fullt tilefni fyrir Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess að fylgjast betur með núverandi starfsemi starfsmannaleigna hér á landi og þróun hennar í framtíðinni; enda kennir reynslan okkur að erfiðara er að fylgjast með og tryggja kjör og hagsmuni erlendra starfsmanna, sem starfa hjá starfsmannaleigum, en beint hjá notendafyrirtækjunum.“

Niðurstaða miðstjórnar var að óska ekki eftir að frekari fresti af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði

Málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði eru eitt að þeim viðfangsefnum sem ítrekað koma upp í starfi Alþýðusambandsins. Af hálfu sambandsins hefur verið lögð rík áhersla á að útlendingar, sem hér starfa, hvort sem um er að ræða EES-borgara eða einstaklinga utan EES, njóti kjara og réttinda í samræmi við það sem almennt gildir á íslenskum vinnumarkaði. Einnig hefur komið fram að útlendingar á vinnumarkaði hafa með ýmsum hætti farið verr út úr hruninu en Íslendingar og þeim sem misstu vinnuna hefur reynst mun erfiðara að fá atvinnu að nýju.

Í júlí 2011 setti innanríkisráðherra á fót starfshóp sem fjalla skyldi um málefni útlendinga utan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Verkefni starfshópsins var „að móta heildstæða stefnu íslenskra stjórnvalda í málefnum útlendinga utan EFTA og EES“. Samkvæmt skipunarbréfi til nefndarmanna skyldi rannsókn starfshópsins taka til veitinga dvalarleyfa sem atvinnuleyfa og eftir atvikum annarra lagafyrirmæla sem beinlínis varða málefni útlendinga utan EES, óháð því hvar viðkomandi verkefni væri vistað í stjórnsýslunni. Rétt er að taka fram að hvorki fulltrúi samtaka launafólks eða atvinnurekenda var í hópnum né heldur aðili sem hafði sérstaka reynslu eða þekkingu af vinnumarkaði eða lögum um atvinnuréttindi útlendinga og framkvæmd þeirra.

Starfshópurinn skilaði í júní 2012 af sér skýrslu og tillögum þar sem lagðar eru til viðamiklar breytingar á löggjöf um útlendinga, þ.m.t. um möguleika til að koma til starfa hér á landi og atvinnuréttindi. Það er ljóst að markmiðið með tillögum starfshópsins er tvíþætt: Að greiða fyrir aðgengi útlendinga að íslenskum vinnumarkaði frá því sem nú er og að draga úr áhrifum verkalýðshreyfingarinnar varðandi málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Í framhaldi af útgáfu skýrslunnar hófst vinna við frumvarpsgerð í innanríkisráðuneytinu á grunni hennar.

Af framangreindu tilefni fjallaði miðstjórn Alþýðusambandsins um málið á fundi í sínum í byrjun desember. Í minnisblaði sem lá fyrir fundinum sagði m.a. almennt um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði:

„Alþýðusambandið hefur litið þannig á að lögin um atvinnuréttindi útlendinga séu fyrst og fremst vinnumarkaðsmál og að veiting atvinnuleyfa eigi almennt að vera á þeim grundvelli. Þetta sé meginregla þótt aðrir þættir komi til, s.s. er varða flóttamenn og hælisleitendur.

Þá hefur Alþýðusambandið bent á að íslenskur vinnumarkaðurinn sé vel skipulagður og í öllum meginatriðum sátt um það fyrirkomulag, sem hér ríkir, og að því er fast fylgt eftir af stéttarfélögunum að réttindi allra sem hér starfa séu virt. Áhersla hefur jafnframt verið lögð á að mikilvægt sé að vera útlendinga á íslenskum vinnumarkaði raski ekki því fyrirkomulagi sem fyrir er eða leiði til félagslegra undirboða:

o Það eru hagsmunir þeirra sem fyrir eru á vinnumarkaði.

o Það eru hagsmunir þeirra útlendinga sem hingað koma til starfa.

Hvorir tveggja eru félagsmenn stéttarfélaganna sem við gætum hagsmuna fyrir.

Allir sem hingað koma til starfa eiga að njóta fullra réttinda og vera fullgildir á vinnumarkaði. Þessu hefur okkur tekist að ná í öllum aðalatriðum, í þenslunni/bólunni á síðasta áratug – og samdrættinum nú. Það hefur hins vegar kostað mikla vinnu.

Tryggja verður að þeir útlendingar, sem hér starfa, njóti allra réttinda sem þeim ber, séu vel upplýstir um stöðu sína og réttindi og geti leitað réttar síns með einföldum og skilvirkum hætti. Það hlýtur að vera sameiginlegt úrlausnarefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins (þar sem stéttarfélögin eru helsti samskiptaadilinn).

Þá er vert að benda á stöðuna á íslenskum vinnumarkaði þar sem við glímum enn við mikið atvinnuleysi og ekki er útséð með hver þróunin verður á næstu misserum og árum. Við þessar aðstæður hefur hlutfall útlendinga meðal atvinnuleitenda farið vaxandi og staða þeirra er um margt erfiðari og flóknari en Íslendinga. Hætta er á að slíkt ástandi auki hættu á félagslegum undirboðum og misnotkun.

Einnig er mikilvægt að læra af reynslu/mistöfum annarra þjóða og koma með öllum ráðum í veg fyrir að hér skjóti útlendingaandúð rótum. Margt bendir til að staðan hér á landi, hvað það varðar, sé viðkvæm nú um stundir.

Um leið hefur ASÍ lagt áherslu á að mikilvægt sé að kerfið sé skilvirkt og aðgengilegt gagnvart þeim útlendingum sem hafa leyfi til starfa hér á landi og uppfylla skilyrði. Þannig hefur ASÍ tekið undir að mikilvægt sé að útlendingar geti leitað til eins aðila varðandi leyfisveitingar og endurnýjun, hann veiti upplýsingar og afgreiðir leyfin („One stop shop“).“

Einnig sagði um aðkomu verkalýðshreyfingarinnar að málefnum útlendinga á vinnumarkaði:

„Um löggjöf um atvinnuréttindi útlendinga, breytingar á henni og framkvæmd hefur jafnan verið haft mikið og gott samráð við verkalýðshreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins, óháð því hverjir setið hafa í ríkisstjórn á hverjum tíma. Rík áhersla hefur verið á að sátt væri um niðurstöðuna sem falið hefur í sér að lögð hefur verið áhersla á málamiðlun ólíkra sjónarmiða. Þetta er einkar mikilvægt þar sem löggjöfin og framkvæmdin varða mjög starfsemi og hagsmuni launafólks og atvinnurekenda og samtaka þeirra. Síðasta dæmi um framangreint er „Skýrsla starfshóps um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði“ frá apríl 2007 og frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuréttindi frá nóvember 2007 (nr. 78/2008).

Í þessu starfi hefur verið litið á löggjöfina og framkvæmd hennar sem vinnumarkaðsmál fyrst og fremst. Þannig hefur virk aðkoma stéttarfélaganna og aðila vinnumarkaðarins ekki aðeins verið að lagasetningunni sjálfri heldur einnig að framkvæmdinni, þar sem þeir hafa gengt mikilvægu, formlegu hlutverki.“

Síðan er bent á að ákvörðunin um að taka málið á dagskrá var tekin án nokkurs samráðs við samtök launafólks. Sama gilti um þá stefnumörkun sem þar bjó að baki. Alþýðusambandið og samtök launafólks áttu engan fulltrúa í starfshópnum og í honum var enginn aðili með sérstaka þekkingu á vinnumarkaðsmálum eða framkvæmd laga um atvinnuréttindi útlendinga. Samkvæmt tillögum starfshópsins, sem liggja eiga til grundvallar heildstæðri löggjöf um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, er ekki gert ráð fyrir aðkomu samtaka launafólks að framkvæmd laganna, varðandi ákvarðanir um útgáfu dvalarleyfa (áður atvinnuleyfa).

Þannig er ljóst að með tillögum starfshópsins og stefnumörkun innanríkisráðherra er verið að ganga gegn áratugasátt um þennan málaflokk með ófyrirséðum afleiðingum fyrir vinnumarkaðinn og samskipti samtaka launafólks á vinnumarkaði og stjórnvalda.

Forseta ASÍ var falið að koma sjónarmiðum Alþýðusambandsins á framfæri við stjórnvöld með kröfu um að staðið yrði að málum með þeim hætti sem almenn sátt hefur verið um fram að þessu. Jafnframt kom fram að taka bæri undir að nauðsynlegt væri að taka á ýmsum hnökrum í framkvæmd varðandi málefni útlendinga, er leiða af lögunum, og einnig hvað varðar málefni hælisleitenda og meðferð þeirra.



Fræðslu- og menntamáll

Alþýðusamband og stofnanir þess ásamt aðildarfélögum taka virkan þátt í menntastarfi hér á landi, bæði með stefnumótun og þátttöku í framkvæmd á fjölmörgum sviðum. Það á við bæði um formlega menntakerfið og það óformlega. Þá standa MFA – fræðsludeild ASÍ og Mímir-símenntun, sem er í eigu ASÍ, fyrir öflugu fræðslustarfi. Einnig á Alþýðusambandið aðild að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og stjórn Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB, Íslands auk þess að tilnefna í starfsgreinaráðin á framhaldsskólastigi.

Aukinni áherslu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar á menntun og mikilvægi hennar, bæði góðrar grunnmenntunar og símenntunar, hefur fylgt mjög aukið starf á þessu sviði hjá samtökunum og vænta má þess að sú þróun haldi áfram.

Eins og efni þessa kafla í skýrslu forseta ASÍ ber með sér hefur starf ASÍ og tengdra stofnana að menntamállum aldrei verið umfangsmeira en nú og ekkert bendir til annars en að það mikla starf haldi áfram í fyrirsjáanlegri framtíð. Sem dæmi má nefna félagslega fræðslu á vegum ASÍ og Félagsmálaskólans og frumkvæði ASÍ varðandi umsókn til þróunarverkefnis á sviði starfsmenntunar í sjóði Evrópusambandsins. Þá ber að geta starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Mímis-símenntunar sem aldrei hafa verið umfangsmeiri eða mikilvægari en nú.

Alþýðusambandið hefur tekið virkan þátt í innleiðingu og framkvæmd laga um framhaldsskóla og framhaldsfræðslu í beinum samskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið og í gegnum aðild sína að starfsgreinaráðum, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fræðslusjóði. Þá hefur Alþýðusambandið haft frumkvæði að umfangsmiklum verkefnum á sviði menntunar fyrir ungt fólk og atvinnuleitendur og framkvæmd þeirra, sem fjallað er um á öðrum stað í þessari skýrslu. Loks hefur Alþýðusambandið í samstarfi við SA og stjórnvöld hafið vinnu við að draga lærdóma af verkefnum á Evrópuvísu er lúta að því að spá fyrir um færni- og þekkingarkröfur atvinnulífsins til starfsmanna og hvernig má samþætta stefnumótun og aðgerðir í atvinnumálum og vinnumarkaðsmálum og framboð á menntun.

Þá tók fulltrúi Alþýðusambandsins þátt í úthlutun úr þróunarsjóði menntunar sem ákveðið var að stofna til þriggja ára í tengslum við gerð kjarasamninga í maí 2011.

Menntanefnd ASÍ hefur tekið virkan þátt í umræðu og stefnumótun á þeim sviðum sem nefnd eru hér að framan. Einnig hafa iðnaðarlögin og mögulegar breytingar á þeim verið til umfjöllunar í nefndinni.

Hér á eftir verður fjallað nánar um nokkur viðfangsefni á sviði menntamála á tímabilinu hjá Alþýðusambandinu og stofnunum þess eða þar sem ASÍ hefur komið að með virkum hætti.

Framhaldsskólinn og framhaldsfræðslan

Á vettvangi Alþýðusambandsins var á tímabilinu fjallað um frumvarp til laga um vinnustaðanámssjóð. Fram kom í umsögn ASÍ að lengi hafi legið fyrir nauðsyn þess að stuðla að og skapa fjárhagslega hvata til að mæta kostnaði fyrirtækja og stofnana af nemahaldi og jafnframt auka möguleika nemenda á að ljúka starfsnámi sínu á eðlilegum tíma. Þannig má efla og styrkja verk- og tæknimenntun sem er eitt brýnasta verkefni í menntamálum hér á landi. Jafnframt er mikilvægt að benda á að skapa þarf nauðsynleg skilyrði til að sjóðurinn fái nægilega fjármuni til að ná þeim markmiðum sem lýst er hér að framan. Enn er langt í land með að svo sé. Þá var fjallað um væntanlegar breytingar á lögum um framhaldsskóla varðandi nemaleyfisnefndir.

Hvað varðar framhaldsfræðsluna hefur starf Alþýðusambandsins fyrst og fremst beinst að því að efla og styðja starf Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fræðslusjóðs.

Félagsleg fræðsla

MFA fræðsludeild ASÍ

Fræðsludeild ASÍ hefur það að markmiði að bjóða uppá fræðslu og námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn verkálýðshreyfingarinnar. Lögð er áhersla á að styrkja talsmenn og trúnaðarmenn í starfi svo þeir séu betur í stakk búnir að takast á við auknar kröfur sem gerðar eru til þeirra í sífbreytilegu samfélagi. Boðið er upp á námskeið sem taka á málefnum hvers tíma og miðað er við að námsframboðið taki til þarfa og aðstæðna félaga hverju sinni. Þá býður Fræðsludeildin einnig upp á ráðgjöf og þarfagreiningu fyrir einstök félög og geta stéttarfélögin þannig nýtt sér námskeið og fræðslu til að móta starf og stefnu. Í samráði við þarfir félaga er hægt að þróa námskeið og námsefni. Menntanefnd ASÍ er stjórn MFA Fræðsludeildar.

Félagsmálaskóli alþýðu

Félagsmálaskóli alþýðu er rekinn af MFA og er deildarstjóri fræðsludeildar jafnframt skólastjóri Félagsmálaskólans. Skólanefnd Félagsmálaskóla alþýðu ber ábyrgð á rekstri skólans ásamt skólastjóra. Félagsmálaskólinn fær framlag úr ríkissjóði til reksturs skólans og gerir skólastjóri fjárhagsáætlanir fyrir hann. Talsmenn BSRB hafa einnig aðgang að Félagsmálaskólanum. Félagsmálaskólinn hefur verið að mestu fjármagnaður af framlagi frá ríkissjóði. Framlagið var um 14 milljónir á ári síðustu tvö ár.

Starfsmenn skólans eru fjórir, þar af þrír í fullu starfi og einn í hálfu starfi.

Í samstarfi við skólanefnd Félagsmálaskólans, menntanefnd og starfsmenn skólans mótar deildarstjóri heildarsýn fræðslustarfsins og stefnu fyrir hverja önn. Þarfagreining og stefnumótun fléttast inn í daglegt starf starfsmanna skólans og eru tengsl við talsmenn stéttarfélaga mikilvægur þáttur í starfi þeirra.

Þjónusta fræðsludeildar og Félagsmálaskóla alþýðu

Trúnaðarmannanámskeið

Fræðsludeildin er með námskeið fyrir trúnaðarmenn og talsmenn stéttarfélaganna. Stéttarfélögin panta trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskólanum og í samráði við starfsmenn hans eru gerð drög að dagskrá.

Við skipulag trúnaðarmannanámskeiða er unnið út frá námskránum *Trúnaðarmannafræðsla I og II* sem gefnar hafa verið út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Um er að ræða samtals 142 kennslustundir. Samningur er við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að fá trúnaðarmannnámið metið til eininga á framhaldsskólastigi. Markmiðið með formlegu mati er að efla trúnaðarmanna-

fræðsluna, fjölga námsþáttum og gera trúnaðarmönnum kleift að nýta sér námskeiðin ef þeir vilja halda áfram námi. Þá hefur skólinn fengið aðgang að sameiginlegu nemendabókhaldi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og nú hafa allir sem setið hafa á trúnaðarmannanámskeiðum verið skráðir í þetta sameiginlega nemendabókhald.

Trúnaðarmannanámskeiðin voru með hefðbundnum hætti á árunum 2011–2012. Alls voru 46 trúnaðarmannanámskeið haldin og stóðu þau í allt frá tveimur dögum til fimm. Alls sóttu 592 trúnaðarmenn námskeiðin sem er sambærilegur fjöldi miðað við undanfarin ár.

Sameiginleg námskeið fyrir trúnaðarmenn stéttarfélagi ASÍ og BSRB

Mikilvægt er að félagsleg fræðsla trúnaðarmanna sé sem allra best og allir trúnaðarmenn fái tækifæri til að sækja trúnaðarmannanámskeið. Á síðasta misseri var boðið upp á sameiginleg trúnaðarmannanámskeið fyrir öll stéttarfélög í ASÍ og BSRB á öllu landinu. Mæltist það vel fyrir og voru þau vel sótt. Boðið var upp á þrep 1 úr námskránni, Trúnaðarmannanámskeið I, og á haustönninni 2012 verður boðið upp á þrep 2 úr sömu námskrá. Alls voru haldin 7 námskeið víðs vegar á landinu og þátttakendur voru í heild 98 talsins. Fyrirhugað er að halda áfram að bjóða upp á sameiginleg námskeið þar sem aðsókn og áhugi er mikill.

Almenn námskeið

Almenn námskeið sem eru í boði fyrir stéttarfélög og gefinn hefur verið út heildarþækklingur með öllum þeim námskeiðum sem Félagsmálaskólinn býður upp á, en þau eru alls 42. Sú breyting hefur orðið að nú eru ekki haldin námskeið á fyrir fram ákveðnum dögum eins og undanfarin misseri heldur eru þau pöntuð sérstaklega af einstökum félögum. Reynslan sýnir að meiri aðsókn þátttakenda er á þau námskeið sem pöntuð eru sérstaklega.

Alls sóttu 118 talsmenn almennu námskeiðin skólaárið 2011–2012. Námskeiðin voru þessi: Samningatækni, Starfslok, Samlestur kjarasamninga og Undirbúningsnám fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða vegna hæfismats FME.

Samstarf um fræðslu

Félagsmálaskóli alþýðu er í margvíslegu samstarfi við hina ýmsu fræðsluaðila. Mikið og gott samstarf hefur verið í gegnum tíðina við Mími-símenntun og hefur það, nú sem fyrr, verið með sama hætti. Auk þess er samstarf við símenntunarstöðvar landsins að aukast.

Samstarf við Háskóla

Fræðsludeild ASÍ, í samvinnu við Háskólann í Reykjavík, hélt námskeið

fyrir fulltrúa í stjórnun lífeyrissjóða og lífeyrisnefnda á vegum ASÍ. Markmið námsins var að efla árangur, ábyrgð og trúverðugleika lífeyrissjóða með því að treysta faglegan grunn stjórnarmanna, m.a. á sviði lagalegra, rekstrarlegra, fjárhagslegra og siðferðilegra viðfangsefna. Mikilvægt er bæði að efla þekkingu og hæfni þessara fulltrúa til þess að sinna hlutverki sínu í stjórnun sjóðanna sem og að tryggja að þessir fulltrúar uppfylli þær kröfur sem gerðar eru skv. lögum og reglum. Námsleiðin mun nýtast þátttakendum sem einn liður af mörgum við mat Fjármálaeftirlitsins á faglegu hæfi þeirra. Námskeiðið var haldið tvisvar.

Fræðsludeildin skipulagði einnig þriggja daga námskeið um ESB í samstarfi við Háskólann í Reykjavík sem ætlað var þeim sem starfa fyrir hönd ASÍ að mótun áhersluatriða í aðildarviðræðum við ESB. Námskeiðið var haldið tvisvar.

Þá var samið við tvo meistaranema við Háskóla Íslands um tvö verkefni undir leiðsögn Gylfa Dalmanns Aðalsteinssonar. Þar var um að ræða verkefni um hvernig efla megi starf trúnaðarmanna, mikilvægi þess og sýnileika. Verkefni þessu er nú (í september 2012) lokið og ber heitið: Fræðsla trúnaðarmanna í stéttarfélagum innan Alþýðusambands Íslands. Hitt verkefnið snýst um að útbúa handbók fyrir stéttarfélög. Það er enn í vinnslu.

Samstarf við Landssamband lífeyrissjóða og Samtök atvinnulífsins

Félagsmálaskóli alþýðu hefur haldið námskeið fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóða í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Landssamtök lífeyrissjóða til að undirbúa stjórnarmenn undir hæfismat FME. FME kallar alla stjórnarmenn til viðtals við sérstaka ráðgjafanefnd sem metur hæfi stjórnarmanna. Námskeiðinu var ætlað að tryggja að stjórnarmenn uppfylltu skilyrði sem kveðið er á um í lagaákvæði frá árinu 2008 sem bætt var í lífeyrissjóðalög nr. 129/1997 en þar er farið fram á að stjórnarmenn búi yfir „nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt“. Mat FME á faglegu hæfi stjórnarmanna byggir m.a. á þessu lagaákvæði. Námskeiðið tók mið af þeim efnisþáttum sem hafðir voru til hliðsjónar í viðtali við ráðgjafanefndina og höfðu allir leiðbeinendur yfirgripsmikla þekkingu á starfsemi og stjórnun lífeyrissjóða. Fyrirhugað er að halda áfram að bjóða upp á þessi námskeið.

Samstarf við Fræðslusetrið Starfsmennt

Til að mæta auknum kröfum, sem gerðar eru til forystu og starfsfólks í samtökunum, hefur verið búin til námsleiðin Forystufræðsla fyrir stjórnir og starfsfólk stéttarféлага. Þessari námsleið er ætlað að mæta fræðsluþörfum starfsmanna stéttarfélaganna hvort sem um er að ræða formenn, stjórnendur eða starfsfólk. Tilgangur forystufræðslunnar er að styrkja alla þessa aðila til

að uppfylla kröfur og væntingar, sem gerðar eru til þeirra, og útvega þeim tæki og þekkingu til að mæta flóknara umhverfi á vinnumarkaði og á vinnustað. Fræðslunni er jafnframt ætlað að styrkja líðsheild, efla samstöðu, greiða fyrir flæði upplýsinga innan heildarsamtakanna ASÍ og BSRB og aðildarfélaga þeirra ásamt því að samstarf heildarsamtakanna verði öflugra.

Forystufræðslan er heildstæð námsleið sem skiptist í 9 námsþemu með 30 námskeiðum sem spanna alls yfir 192 klukkustundir. Ýmist verða í boði styttri námskeið eða stærri námslotur sem byggðar verða upp í kringum skyld viðfangsefni. Í ljósi þess að hópurnir hefur fjölbreyttar fræðsluþarfir og mismunandi starfsreynslu þá eru námskeiðin valfrjál. Kennsluáferðir verða í formi fyrirlestra, hópumræðna, vinnusmiðja og verkefna og námsmat verður í formi virkrar þátttöku, verkefna, umræðna og sjálfsmats. Lögð verður áhersla á að þátttakendur miðli áfram þeirri þekkingu, sem þeir afla sér á námskeiðunum, m.a. með umræðum á vinnustað, og tryggi þannig að góðar hugmyndir og verklag komist í framkvæmd. Boðið verður upp á nokkur námskeið á hverju misseri, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Jafnframt er stefnt að því að bjóða upp á fjarnám þegar kostur er. Félagsmálaskólinn heldur utan um kennsluna en skráningarkerfi Fræðslusetursins Starfsmenntar verður notað og þannig tryggt samræmt utanumhald náms. Þar má nálgast þátttökuskjöl, þjónustukönnun og mat á námi ásamt því að hafa yfirlit yfir námsframvindu.

Samstarf við námsráðgjafa framhaldsskóla

Fræðsludeild Alþýðusambandsins hefur boðið framhaldsskólum upp á fræðsluerindi um vinnumarkaðinn og kjarasamninga. Færst hefur í aukana að námsráðgjafar framhaldsskólanna og kennarar hafi samband og biðji um þessa fræðslu fyrir nemendur sína. Því var sett af stað skipulagt kynningarátak þar sem fræðsludeildin setti sig í samband við skólana og bauð markvisst upp á þessi fræðsluerindi. Því var vel tekið og hafa þessar heimsóknir mælst vel fyrir og nemendur spurt margra spurninga. Þetta hafa verið stutt erindi í kennslustundum, m.a. í lífsleikni og félagsfræði. Fyrst og fremst hefur verið lögð áhersla á grunnþætti er varða réttindi og skyldur á vinnumarkaði, svo sem vinnutíma, ráðningarsamninga, veikindarétt, uppsagnarfrest og launaútreikninga. Þörfin hefur verið brýn að fræða ungmenni um vinnumarkaðinn þar sem margir nemendur á framhaldsskólastigi eru farnir að vinna með skóla en eru lítt meðvitaðir um réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningum og lögum.

Genfarskólinn

Norræni Lýðháskólinn í Genf, Genfarskólinn, er haldinn samhliða Alþjóðavinnu- og atvinnuáhrifunni í Genf. Nemendur kynnast þinghaldinu og Alþjóðavinnu- og atvinnuáhrifunni í Genf. Stofnunin starfar að vinnuáhrifum á vegum Sameinuðu

þjóðanna. Fulltrúar á ILO-þinginu eru frá stjórnvöldum, atvinnurekendum og samtökum launafólks um allan heim. Þátttakendur kynnast norrænu samstarfi á vettvangi ILO og geta kynnt sér ýmis alþjóðasamtök verkalýðshreyfingarinnar sem starfa í tengslum við ILO. Námið fer fram í formi fjarnáms, fyrirlestra og hópstarfs og þátttakendur fylgjast með fundum Alþjóðavinnuálagingsins og nefndastarfi þess. Fornámskeið eru haldin í upphafi í Svíþjóð, oftast í mars ár hvert. Að því loknu tekur við fjarnám sem stendur þar til þátttakendur fara utan til Genfar í lok maí. Skólinn er ætlaður virkum félagsmönnum í stéttarfélagunum. Gert er ráð fyrir að umsækjendur hafi áhuga á alþjóðamálum verkalýðshreyfingarinnar. Æskilegt er að þeir hafi sótt fræðslustarf verkalýðshreyfingarinnar og þekki til starfsemi stéttarfélaganna og samtaka þeirra hér á landi. Aðild að Genfarskólanum eiga MFA-samböndin í Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. Íslensku þátttakendurnir í Genfarskólanum hafa verið tveir undanfarin ár. Þeir hafa sótt kynningarfundir hér á landi sem haldnir hafa verið til undirbúnings þátttöku í skólanum. Á kynningarfundir hitta þátttakendur fulltrúa Íslands sem sækja ILO þingið, ásamt þátttakendum síðasta árs.

Deildarstjóri fræðsludeildar situr í stjórn Genfarskólans. Síðastliðin fjögur ár hefur Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ, verið verkefnastjóri og yfirmaður Genfarskólans.

Útgáfa

Á vegum fræðsludeildar er bæði gefið út efni í prentuðu formi og rafrænu. Til að auðvelda trúnaðarmönnum og félagsmönnum aðgengi að upplýsingum er nú í notkun á heimsíðu skólans upplýsingaveita sem kallast Vefnám trúnaðarmannsins. Vefnámið gerir fólki kleift að sækja sér upplýsingar um störf trúnaðarmanna hvar og hvenær sem því hentar. Þá er einnig efni á heimasíðu Félagsmálaskólans um einelti sem trúnaðarmenn og talsmenn, sem og aðrir, geta nýtt sér.

Handbók trúnaðarmannsins

Handbók trúnaðarmannsins kom fyrst út vorið 2004 og hefur selst í 3516 eintökum. Mörg félög hafa keypt handbókina fyrir alla trúnaðarmenn sína. Handbókin er í stöðugri endurskoðun. Þá hafa fimm kaflar verið þýddir á sex tungumál: ensku, pólsku, portúgölsku, tagalog, rússnesku og þýsku. Allt efni hennar er aðgengilegt á netinu, á slóðinni: www.felagsmalaskoli.is.

Skipulag hópfunda

Fræðsludeild hefur í auknum mæli aðstoðað félögin við að skipuleggja hóp- og vinnufundi með aðferð er kallast Miðlunaraðferðin. Það er gagnleg aðferð

til að vinna með hópum, hvort sem það er á fundum eða við kennslu. Aðferðin byggir á því besta sem þekktist úr kennslufræði og námssálarfræði. Þá hefur þessi aðferð verið notuð á ársfundum ASÍ og hefur fræðsludeildin séð um þá vinnu.

Samþætting mennta- og atvinnustefnu

Starfshópur um menntun og atvinnusköpun ungs fólks hefur starfað frá því í september 2011. Hópurinn var settur á laggirnar á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var á Alþingi í júní sama ár. Formaður hópsins er Skúli Helgason alþingismaður og fyrsti flutningsmaður fyrrnefndrar þingsályktunartillögu en með hópnum hafa starfað sérfræðingar í forsætisráðuneytinu ásamt aðilum frá Alþýðusambandinu, Háskólanum í Reykjavík, Samtökum atvinnulífsins, Háskóla Íslands, Tækniskólanum, Vinnumálastofnun, Landssambandi æskulýðsfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu, efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, velferðarráðuneytinu og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Í skipunarbréfi starfshópsins kemur fram að hlutverk hans sé að móta aðgerðaáætlun sem skuli samþætta áherslur í mennta- og atvinnustefnu. Nú er unnið að mótun atvinnustefnu á vegum ráðuneyta á grundvelli stefnumörkunarinnar Ísland 2020 sem ríkisstjórnin hefur samþykkt. Starfshópurinn hefur haldið yfir 30 fundi og hefur fengið til sín marga gesti ásamt því að meðlimir hópsins hafa lagt fram kynningarefni og minnisblöð til umræðu. Einnig stóð hópurinn fyrir Hugmyndaþingi 30. mars 2012 um breyttar áherslur í menntamállum, samþættingu menntastefnu og atvinnustefnu og eflingu verk- og tæknináms í íslensku skólakerfi. Á þingið voru boðaðir fulltrúar ráðuneyta, menntastofnana, hagsmunasamtaka úr atvinnulífinu, almennir notendur þjónustunnar og forráðamenn þeirra. Niðurstöður Hugmyndaþingsins voru nýttar í tillögugerð starfshópsins. Vinnan við tillögugerðina mun ljúka á haustdögum 2012.

Menntun og færni- og hæfnikröfur atvinnulífsins – Evrópusamstarf

Að frumkvæði Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins og í ágætu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur nú um nokkurra missera skeið verið í undirbúningi aðild Íslands að verkefni á vegum CEDEFOP (starfsmenntastofnunar Evrópu) um samþættingu mennta-, vinnumarkaðs- og atvinnustefnu undir heitinu „Ný færni og störf“. Meginþáttur verkefnisins snýr að því að gera spálíkan um framboð og eftirspurn eftir hæfni á vinnumarkaði til næstu ára (2020). Spálíkanið byggir á gögnum um vinnumarkað einstakra ríkja; einkum er stuðst við vinnumarkaðsrannsóknir í gegnum gagnabanka Evrópsku hagstofunnar (Eurostat) en einnig skattagrunn (staðgreiðslugögn), E3ME-módel/gagnasafn, mannfjöldaspár, launakannanir o.fl.

Það sem hefur knúið Alþýðusambandið og aðra þá sem sýnt hafa verkefninu áhuga er sannfæringin um mikilvægi þess að dýpka með kerfisbundnum hætti þekkingu á vinnumarkaðinum og atvinnulífínu; að byggja upp þekkingu og færni hér á landi á aðferðum til að segja fyrir um þörf atvinnulífsins fyrir hæfni og færni og tileinka okkur aðferðir til að spá fyrir um þróun atvinnulífsins og ný störf og kröfur sem þau gera til hæfni starfsmanna, einkum á nýjum sviðum. ASÍ telur mikilvægt að tengja saman framangreinda þætti og þróun og framboð á menntun og starfsþjálfun í íslensku menntakerfi og á vinnumarkaði.

Að mati ASÍ er nálgun eins og sú sem að framan greinir mikilvæg forsenda markvissari uppbyggingar og framboðs á menntun, eflingar íslenska fyrirtækja og atvinnulífs til framtíðar og þess að bregðast megi við því misgengi sem er í dag á milli þarfa atvinnulífsins og menntunar þeirra sem eru á vinnumarkaði. Þessi nálgun er þannig um leið mikilvægur liður í að draga úr atvinnuleysi og skapa góð störf.

Til að kynnast betur verkefninu eins og það er lagt upp af hálfu CEDEFOP, þeim möguleikum, sem það býður upp á, og þeirri vinnu, sem þarf að fara fram hér á landi til að geta tekið þátt í verkefninu og haft af því full not, fór fulltrúi Íslands á fundi sérfræðingahóps verkefnisins síðla árs 2011. Þá var í mars sl. haldinn fundur með fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðarins og stjórnvöldum hér á landi, þ.m.t. ASÍ og sérfræðingum CEDEFOP, þar sem þeir gerðu grein fyrir hugmyndafræðinni að baki verkefninu, hvernig það er unnið og hvernig megi nýta það við stefnumótun og framkvæmd á sviði menntunar. Þá kynntu fulltrúar CEDEFOP drög að greiningu á stöðunni og framtíðarþróun hér á landi sem unnin voru af stofnuninni á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Jafnframt var tekið fram að hér væri aðeins um drög að ræða þar sem mikilvæg gögn vantaði í þann grunn, sem greiningin/spáin byggði á, og einnig að enginn sérfræðingur með góða þekkingu á íslenskum aðstæðum hefði farið yfir og unnið að spánni. Þá er rétt að geta þess að Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) vinnur einnig að sambærilegum verkefnum undir heitinu „Meiri færni, betri störf og betra líf. Ljóst er að þau verkefni, sem CEDEFOP og OECD vinna að, munu bæta hvert annað upp og gera starfið enn markvissara en ella.

Það er samdóma álit þeirra aðila, sem komið hafa að undirbúningi málsins hér á landi, að þarna sé að finna mjög mikilvæg og gagnleg tæki við mótun mennta-, atvinnu- og vinnumarkaðsstefnu fyrir Ísland og síðan þarf að fylgja eftir í framkvæmd. Jafnframt liggur fyrir að á þeim grunni má þróa enn betra verkfæri sem byggir á frekari gagnasöfnun og greiningu á íslenskum aðstæðum. Nú er unnið að því að greina frekar hvernig best er að vinna áfram að verkefninu hér á landi, hvar á að staðsetja það og hverjir eiga að koma að því og bera á því ábyrgð.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)

Árið 2012 er 10. starfsár FA og annað ár starfseminnar byggt á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Reglugerð nr. 63/2011 með lögunum kom út í lok árs 2011. Unnið hefur verið að innleiðingu laganna og reglugerðarinnar eftir því sem mögulegt hefur verið.

Á árinu var unnið að verkefnalýsingu vegna aðlögunarstyrkja Evrópusambandsins og skrifað var undir samning um styrk að upphæð 1.875.000 EUR um mitt ár 2012. Byrjunardagur verkefnisins, sem ber heitið „Þróun raunfærnimats til að efla starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun“, er þann 1. september. Fjóla María Lárusdóttir hefur verið ráðin verkefnastjóri. Fræðslusjóður hefur tryggt verkefninu 25% mótframlag á móti 75%. styrk Evrópusambandsins Helstu þættir verkefnisins varða uppbyggingu raunfærnimatskerfis og upplýsingagáttar um nám og störf. Jafnframt verður byggt á greiningum á þörfum vinnumarkaðar fyrir þekkingu og í lok verkefnisins verður efnt til kynninga á afurðum þess.

Stjórn

Stjórnarmenn í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2011–2012 voru fyrir hönd ASÍ: Halldór Grönvold, Finnbjörn A. Hermannsson og Atli Lýðsson; fyrir hönd SA: Guðrún Eyjólfsdóttir, María Guðmundsdóttir og Torfi Pálsson; fyrir hönd fjármálaráðuneytisins: Guðmundur H. Guðmundsson og fyrir hönd BSRB: Árni Stefán Jónsson. Varamenn í stjórn voru: Eyrún Ingadóttir fyrir hönd ASÍ, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir fyrir hönd SA, Guðfinna Harðardóttir fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Arna Jakobína Björnsdóttir fyrir hönd BSRB. Stjórnin hélt 10 stjórnarfundir á árinu 2011 og fram til 1. september 2012 voru haldnir 7 stjórnarfundir og aðalfundur þann 21. júní 2012.

Starfsmenn

Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 2010–2011 voru: Ingibjörg E. Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri, Ásmundur Hilmarsson, Björgvin Þór Björgvinsson, Björn Garðarsson, Fjóla María Lárusdóttir, Guðmunda Kristinsdóttir, Guðrún Reykdal, Halla Valgeirsdóttir, Haukur Harðarson, Jórunn Magnúsdóttir, Lena Hulda Nilsen, Sigríður Jóhannsdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Sigrún Kristín Magnúsdóttir og Steinunn Þórdís Júlíusdóttir. Jórunn Magnúsdóttir hætti störfum þegar Halla Valgeirsdóttir kom úr barneignarfríi í byrjun ágúst 2012. Lena Hulda Nilsen fór í fæðingarorlof um mitt ár 2011 og hætti störfum þegar barneignarfríi lauk. Guðrún Reykdal hætti störfum í ágúst 2012. Stöðugildi voru 12,6 á árinu. Haldnir voru 22 starfsmannafundir frá 1. september 2011 til 31. ágúst 2012.

Þjónustusamningur og starfsáætlun FA árið 2012

Allir þjónustusamningarnir, sem gerðir hafa verið við mennta- og menningarmálaráðuneytið, eiga það sammerkt að markhópar starfseminnar er fólk á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, innflytjendur og aðrir sambærilegir hópar. FA er ekki ætlað að sinna markhópum sínum beint heldur í gegnum samstarfsaðila sína sem eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar innan KVASIS (samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva), í iðngreinum og á vegum opinberra vinnumarkaðarins. Alls eru þetta 14 fræðsluaðilar.

Starfsáætlun FA 2012 (<http://frae.is/um-fa/starfsaaetlun/>) byggir á þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. FA vinnur einnig að nokkrum stórum verkefnum, sem hafa samlegðaráhrif í starfinu en eru fjármögnuð með öðrum hætti.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu verkefnum FA á sl. ári:

Námskrár og námslýsingar

Fjórar námskrár voru lagðar fyrir matsnefnd 17. nóvember 2011. Tvær þeirra voru valdar og unnar í samráði við Starfsmennt á síðasta ári. Þetta eru námskrárnar Starfsnám stuðningsfulltrúa grunnám (162 kennslustundir (kest.)) og Starfsnám stuðningsfulltrúa framhald (84 kest.). Námið er ætlað starfsfólki í þjónustu við fatlaða, aldraða og sjúka. Matsnefnd gerði tillögu um að grunnnámið yrði metið til allt að 13 eininga en framhaldsnámið metið til allt að 7 eininga. Námskrá um Landnemaskóla II (120 kest.) var skrifuð á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi en yfirfarin af FA. Námskráin lýsir námi sem er ætlað innflytjendum sem hafa lokið Landnemaskóla. Matsnefnd samþykkti að meta mætti Landnemaskóla II til allt að 10 eininga. Fjórða námskráin var Tæknistudd námstækni (60 kest.). Hún fjallar um notkun hugbúnaðar sem hentar þeim sem kljást við læsisvanda. Framsetning námslýsinganna er liður í tilraunum til að ná tókum á og móta framsetningu námslýsinga í anda færnimarkmiða og lærdómsmarkmiða „learning outcome“. Matsnefnd samþykkti að meta mætti Tæknistudda námstækni til allt að 5 eininga til tilraunakennslu.

Í bréfi, dagsettu 29. febrúar 2012, kom fram að mennta- og menningarmálaráðuneytið vottaði ekki námskrárnar vegna þess að gæðaviðmið skv. reglugerð um framhaldsfræðslu liggja ekki fyrir. Þó er heimiluð tilraunakennsla á þremur af fjórum ofangreindum námsleiðum. Farið skal að sömu reglum um fjármögnun, framkvæmd og einingamat sem gilda um nám samkvæmt fyrirliggjandi námskrám í framhaldsfræðslu sem ráðuneytið hefur samþykkt og birtar eru á vef FA. Þessar námsskrár hafa verið í tilraunakennslu á árinu 2012, nema námsleiðin Tæknistudd námstækni sem var tilraunametin með bréfi mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 18. júní 2012.

Í desember sl. heimilaði FA samstarfsaðilum að auglýsa nám samkvæmt námslýsingum fyrir svokallaðar Opnar smiðjur en sú námskrá var tilraunametin til eins árs í bréfi, dagsettu 14. júlí 2011. Námslýsingarnar eru fyrir 80 klukkustunda (120 kest.) nám. Framsetning námslýsinganna er liður í tilraunum til að ná tökum á og móta framsetningu námslýsinga í anda færnimarkmiða og lærdómsmarkmiða „learning outcome“. Um er að ræða eftirfarandi námslýsingar:

Umhverfissmiðja, námslýsingar fyrir garðyrkju og hellu- og steinlög्न í tilraunakennslu.

Margmiðlunarsmiðja, námslýsingar fyrir grafíska hönnunarsmiðju í tilraunakennslu.

Margmiðlunarsmiðja, námslýsingar fyrir kvikmyndasmiðju í tilraunakennslu.

Margmiðlunarsmiðja, námslýsingar fyrir hljóðsmiðju í tilraunakennslu.

Smiðja í hönnun og handverki, námslýsingar fyrir tilraunakennslu.

Handverkssmiðja, námslýsingar fyrir tilraunakennslu.

Hönnunar- og frumkvöðlasmiðja, námslýsingar fyrir tilraunakennslu.

Skrifuð var handbók fyrir leiðbeinendur í smiðjum. Handbókin er viðleitni til að útskýra hugtök og hugmyndafræði að baki smiðju.

Tvær námskrár, sem unnið var að á síðasta ári í samstarfi við Starfsmennt, hafa ekki verið vottaðar en eru í yfirllestri hjá Starfsmennt:

Námsskrá f. starfsfólk í stjórnunareiningum lýsir 60 kennslustunda námi fyrir þá sem starfa náíð með stjórnendum eða hafa hug á slíku starfi.

Námsskráin „Talsmenn breytinga“ lýsir 80 kennslustunda námi fyrir þá starfsmenn sem vilja koma að innleiðingu breytinga og hvatningu til náms á vinnustað

Tvær námsskrár sem hafa verið unnar á árinu í samvinnu við Starfsmennt hafa ekki verið vottaðar, en eru í yfirllestri hjá Starfsmennt:

Námsskráin „Þróttur“ (142 kest.). Námið er ætlað fólki á vinnumarkaði sem er 20 ára eða eldra og hefur litla formlega menntun. Markmið námsleiðarinnar er að efla starfsfólk íþróttamannvirkja í starfi, auka faglega þekkingu þess og þekkingu á verkferlum ásamt því að mæta auknum kröfum sem gerðar eru til þessa hóps hvað varðar móttöku ólíkra hópa viðskiptavina.

Námsskráin „Nýr vettvangur“ (84 kest.). Námið er fyrir atvinnuleitendur og þá sem eru að huga að nýjum starfsvettvangi eða takast á við breytingar í núverandi starfi. Námið hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína almennt á vinnumarkaði með því að auka sjálfsþekkingu, starfshæfni og þátttöku í símenntun.

Á haustfundi Kvasis í október 2011 var ákveðið að setja á fót hóp sérfræðinga sem fjalla ætti um vottaðar námsleiðir FA með tilliti til endurskoð-

unar og hugmynda að nýjum námsleiðum. Hópurinn sendi út spurningalista til allra fræðslu- og símenntunarmiðstöðva innan Kvasis þar sem spurt var um hvaða námsleiðir væri mikilvægast að endurskoða og hvort einhverjar námsleiðir á vegum FA vantaði. Út frá niðurstöðum könnunarinnar er lagt til að Grunnenntaskólinn verði endurskoðaður með það að markmiði að gera hann að upprifjun úr grunnfögum grunnskólans. Jafnframt var bent á að ýmsir þættir Grunnenntaskólans þarfnist endurskoðunar bæði varðandi innihald og tímalengd. Einnig var bent á að þörf væri á að endurskoða námskrár FA með það í huga að samræma innihald og tímalengd einstakra námsþátta. Í ljósi niðurstöðu könnunar Kvasis hefur verið ákveðið að taka Grunnenntaskólan til endurskoðunar í heild sinni.

Unnið er að endurskoðun Grunnenntaskólans. Einnig er unnið að breytingum á framsetningu og skipulagi námskráa og námslýsinga með hliðsjón af evrópskum/íslenskum viðmiðaramma. Þar sem gæðaviðmið skv. reglugerð um framhaldsfræðslu eru ekki tilbúin og niðurstöður rannsóknar Kvasis sýna að þörf er á að samræma námsþætti mismunandi námskráa er unnið að endurskoðun nokkurra námsþátta á þrepi 1 og 2 í viðmiðaramma um námsárangur (National Qualifications Framework (NQF)).

Nokkur óvissa var með vottun námskráa á árinu vegna þess að gæðaviðmið höfðu ekki verið sett skv. reglugerð og mennta- og menningarmálaráðuneytið hugðist ekki votta námskrár fyrr en þau lægju fyrir. Með bréfi frá ráðuneytinu 2. júlí 2012 var tilhögun vottunarmála sett í farveg meðan gæðaviðmið hafa ekki verið útbúin. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sendir námskrár til ráðuneytisins sem fer yfir þær, staðfestir einingamat samkvæmt eldra kerfi og veitir leyfi til tilraunakennslu í eitt ár í senn. Að ári loknu sendir FA inn greinargerð og umsókn um nýtt leyfi til tilraunakennslu svo fremi námskráin sé ekki komin í nýtt vottunarferli. Í þessu ferli er ekki gert ráð fyrir aðkomu sérstakrar matsnefndar og er hún lögð niður.

Fræðslusjóður

Stjórn Fræðslusjóðs hélt 9 fundi frá 1. sept. 2011 til 31. ágúst 2012. FA þjónustar stjórn sjóðsins og hefur umsýslu með honum samkvæmt þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Stjórn Fræðslusjóðs er skipuð eftirtöldum fulltrúum: Jón Torfi Jónasson, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður stjórnar, Kristín Njálisdóttir skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra án tilnefningar sem varaformaður stjórnar. Tilnefnd af ASÍ í stjórn eru Atli Lýðsson og Halldór Grönvold, til vara eru Ástríður Valbjörnsdóttir og Guðmundur Gunnarsson. Tilnefnd af SA í stjórn eru Guðrún Eyjólfsdóttir og Álfheiður Mjöll Sívertsen og til vara Friðrik Friðriksson og Katrín Dóra Þor-

steinsdóttir. Tilnefnd af BSRB í stjórn er Garðar Hilmarsson og til vara Kristín Á. Guðmundsdóttir. Tilnefnd sameiginlega af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneyti er Guðfinna Harðardóttir og til vara Guðmundur H. Guðmundsson. Tilnefnd af félags- og tryggingarmálaráðuneyti er Anna Kristín Gunnarsdóttir og til vara Bjarnheiður Gautadóttir. Tilnefnd af Félagi íslenskra framhaldsskóla er Olga Lísu Garðarsdóttir og til vara Þór Pálsson.

FA boðar fundi í samráði við formann stjórnar, ritar fundargerðir, annast fjármál, m.a. gerð fjárhagsáætlana á grundvelli ákvarðana stjórnar sjóðsins, annast bókhald og eftirfylgni með fjármunum og notkun þeirra.

FA gerir samninga við fræðsluaðila fyrir hönd stjórnar Fræðslusjóðs, safnar upplýsingum um framgang verkefna og safnar inn tölfraðilegum upplýsingum um árangur í starfinu og miðlar þeim til stjórnarinnar.

FA tekur á mótum umsóknum vegna úthlutana úr Fræðslusjóði og veitir sérfræðiráðgjöf eftir því sem stjórn sjóðsins óskar eftir. Á þessu ári hefur sú ráðgjöf fyrst og fremst falist í því að fara yfir umsóknir um vottaðar námsleiðir, raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf

Eftir stefnumótum stjórnar Fræðslusjóðs á miðju sumri sl. ár var hafist handa við endurskoðun skilmála og úthlutunarreglna. Erindi var sent mennta- og menningarmálaráðuneytinu 15. nóvember með beiðni um staðfestingu á skilmálum og úthlutunarreglum og barst hún 4. janúar 2012. Úthlutanir úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu fóru fram á vormánuðum.

Söfnun, varðveisla og miðlun upplýsinga

Markmið þessa málaflokks er að fylgjast með þróun og framvindu starfsins hjá fræðsluaðilum, túlka upplýsingar og gera skýrslu fyrir stjórnir Fræðslusjóðs og FA ásamt því að miðla þessum upplýsingum áfram innanlands og utan eftir því sem tilefni gefst til.

Greiðslur til fræðslu- og símenntunarmiðstöðva vegna vottaðra námsleiða, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar komu fyrst inn í samninga FA árið 2006 og hafa því verið framkvæmdar í á 7. ár með sama hætti. Á grundvelli laga um framhaldsfræðslu færðust þessar greiðslur yfir til Fræðslusjóðs frá og með árinu 2011. Tvisvar sinnum á ári (janúar og ágúst) er árangurinn í vottuðum námsleiðum, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati tekinn saman og unnin skýrsla upp úr þeim tölum. Í ráðgjöfinni er upplýsingum safnað saman fjórum sinnum á árinu (janúar, apríl, ágúst og október). Niðurstöður þessarar upplýsingasöfnunar má sjá hér aftar í kaflanum undir fyrirsögninni Tölur úr starfinu.

Öflun upplýsinga fyrir markhóp

Fylgst var með upplýsingum frá Hagstofu Íslands á vefnum www.hagstofa.is.

is. Tölur frá Hagstofunni um þátttöku í símenntun voru greindar og túlkaðar í apríl 2012.

Fylgst var reglulega með völdum upplýsingum frá OECD. Nýjar glærur með upplýsingum frá OECD voru unnar til að nota í kynningarefni á vegum FA.

Fylgst var með upplýsingum frá CEDEFOP. Eins og áður er aukin áhersla lögð á þýðingu verk- og starfsmenntunar fyrir atvinnulífið. Mikilvægi framtíðarsýnar og samkomulags hagsmunaaðila á vinnumarkaði og opinberra framlaga fyrir verk- og starfsmenntun er áréttað. Mikið atvinnuleysi ungs fólks og samkeppnisfærni evrópsks vinnumarkaðar eru sérstök viðfangsefni.

Fylgst hefur verið með starfi Cedefop við að gera spá um framtíðarþarfir vinnumarkaðarins fyrir hæfni starfsfólks. Á fundi í Brussel í mars kynnti Cedefop niðurstöður sínar fyrir hópi hagsmunaaðila frá Íslandi. Niðurstöður þessarar greiningar verða ekki birtar opinberlega þar sem enn vantar á að þær séu metnar og staðreyndar innanlands. En í stórum dráttum féll Ísland ágætlega að líkani Cedefop og eigum við von á að fá upplýsingar á næstu árum og samanburð við önnur Evrópulönd.

Reglulega er fylgst með upplýsingum frá VMST um þróun atvinnuleysis á Íslandi. Upplýsingar eru sóttar á vef VMST en þar að auki fengust þaðan nánari upplýsingar um atvinnuleysi í markhópi FA sem voru notaðar vegna greinar sem birtist 2011 í Gátt, ársriti FA. Þar var gerð grein fyrir þróun atvinnuleysis m.t.t. menntunar þar sem sérstaklega var skoðaður hópurinn sem hefur einungis lokið grunmenntun en sá hópur er markhópur FA.

Skilgreining á menntunarbörfum markhóps

Stefnt er að nýju heildarskipulagi náms í framhaldsfræðslu sem einkennist af heildarsýn, gegnsæi, sveigjanleika og virkri atvinnulífstengingu. Unnið er að tengingu námsframboðs FA við viðmiðaramma um ævinám og skoðaðir kostir þess að innan framhaldsfræðslunnar eigi að vera til skilgreind námslok á tilteknu þrepi. Einnig er unnið að því að þróa verklag við starfa- og færni-greiningar og efla tengsl við starfsgreinahópa til að fá yfirsýn yfir þau störf sem unnin eru af markhópi FA.

Til að ná þessum markmiðum hefur verið fylgst með vinnu á vegum Evrópusambandsins við þróun og innleiðingu á viðmiðarömmum með því að lesa skýrslur og fréttabréf um efnið. Starfsmenn FA hafa kynnt sér hvernig þessum málum er háttað í öðrum Evrópulöndum aðallega með því að skoða erlendar vefsíður með lýsingum á námsskipulagi og með þátttöku í ráðstefnum og námsheimsóknum.

Starfsmaður FA fór á CEDEFOP-námsferð til Írlands sem hafði yfirskriftina „NQF and EQF, frameworks for lifelong learning“ en EQF stendur

fyrir European Qualifications framework). Þá má nefna stutta fundi í desember með Tormod Skjerve, sérfræðingi í gæðakerfum menntamála hjá CEDEFOP, og Tony Donahue, fræðslustjóra IBEC (Irish Business and Employers Confederation) í febrúar.

Í tilraunaverkefni í ferðaþjónustu er verið að prófa nýjar hugmyndir og leiðir bæði hvað varðar aðferðir og skipulag. Niðurstöðunni er ætlað að vera innlegg í mörkun stefnu um hvaða leið skuli farin til að aðlagast nýjum lögum og tengingu við viðmiðarammann.

Námshönnun hófst í september 2011 og er í höndum starfshóps skipuðum fulltrúum frá Samtökum ferðaþjónustunnar, Starfsgreinasambands Íslands, Menntaskólanum í Kópavogi og starfsgreinaráðs matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina auk FA. Hópurinn skilaði fyrstu drögum að tillögu um skipan náms í ferðaþjónustu innan framhaldsfræðslunnar í nóvember 2011 til umræðu í baklandi aðila hópsins. Þar er gert ráð fyrir að innihald námsins byggji á færniviðmiðum úr undanfarandi færnigreiningu og geti leitt til námsloka á öðru þrepi íslenska viðmiðarammans með áframhaldandi námi í Menntaskólanum í Kópavogi. Lagt er til nýtt skipulag sem byggir á minni námseiningum (módúlum) til að auka sveigjanleika.

Viðbrögð starfsgreinaráðs matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina voru neikvæð og niðurstöður úr færnigreiningu tortryggðar. Starfshópurinn ákvað að fara þá í frekari upplýsingasöfnun um samsetningu þess vinnuafis sem sinnir almennum störfum á gisti- og veitingahúsum. Styrkur fékkst frá Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til að gera slíka könnun. Eftir öflun tilboða var Maskínu ehf. falið verkið. Niðurstöður úr fjarumræðuborði og spurningakönnun munu liggja fyrir 12. nóvember 2012.

Sem lið í að efla tengsl við fleiri starfsgreinahópa og fá gleggri upplýsingar um þau störf sem unnin eru af markhópi FA var sótt um styrk til eflingar starfsmenntunar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna 7 verkefna í tengslum við átakið „Nám er vinnandi vegur“. Allar þessar styrkumsóknir byggja á samstarfi við aðila í atvinnulífinu, s.s. í matvælaíðnaði, skógrækt, sjómennsku og verslun og á samstarfi við aðra fræðsluaðila. Verði veittir styrkir til þessara verkefna mun það efla áframhaldandi samstarf þessara aðila en umrædd verkefni felast í starfagreiningum, færnigreiningum, könnun á stöðu og samsetningu vinnuafis og námskráritun.

Þróun aðferða í framhaldsfræðslu

Frá árinu 2003 hefur FA byggt upp og þróað 17 námskeið fyrir fræðslustarfsmenn, kennara og leiðbeinendur á sviði fullorðinsfræðslu sem nefnast Stíklur. Starfið hefur frá upphafi falist í þróunarvinnu, námskeiðahaldi, fræðslufundum og ráðgjöf. Þessi námskeið eru á mismunandi sviðum með

þarfir markhóps FA að leiðarljósi og í samræmi við óskir og ábendingar samstarfsaðilanna. Einnig hefur verið byggt upp gagnasafn um framhaldsfræðslu (u.þ.b. 600 bækur og önnur gögn) og mótaðar ýmsar aðferðir og mælistikur fyrir kennsluskipulag og námsefnisgerð. Frá árinu 2004 hafa alls verið haldin um 60 mislög kennslufræðinámskeið og fræðslufundir fyrir fræðslustarfsmenn og leiðbeinendur, samtals 9.186 nemendastundir.

Eftirtalin Stiklunámskeið voru haldin á tímabilinu:

- Stiklur 1 – Fræðslustarfsmaðurinn og kröfurnar í nútímasamfélagi – þróað áfram með efni um viðmiðaramma um þrepaskiptingu EQF/NQF, haldið í Reykjavík fyrir Mími-símenntun (16 þátttakendur) í september.
- Stiklur 2 – Fullorðnir nemendur og forsendur þeirra – haldið í Reykjavík fyrir Mími-símenntun (16 þátttakendur) í september, og í Reykjanesbæ fyrir Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (22 þátttakendur) í desember.
- Stiklur 1-2 var haldið hjá Símei á Akureyri (27 þátttakendur) í febrúar.
- Stiklur 9 um fjárfundakennslu var haldið með fjárfundi (11 þátttakendur) í apríl.
- Stiklur 1–3 var haldið hjá FA (20 þátttakendur) í janúar, Ísafirði (26 þátttakendur) í ágúst og fyrir Fjölmennt í Reykjavík (15 þátttakendur) í ágúst.

Unnið hefur verið að þróun og tilraunakennslu nokkurra nýrra Stiklunámskeiða:

- Stiklur 16 – Um gerð námslýsinga í samræmi við þrepaskiptingu náms og lykilmælinið – var tilraunakennt í Reykjavík (21 þátttakandi) í janúar.
- Stiklur 13, stærðfræðikennsla fyrir markhópinn „Víst geturðu lært stærðfræði“ – var tilraunakennt í samstarfi við Mími-símenntun (11 þátttakendur) í maí.
- Stiklur 14, um þjálfun skapandi hugsunar í allri kennslu – var tilraunakennt hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (22 þátttakendur) í júní.
- Stiklur 15, um kennslu fatlaðra – var tilraunakennt í samstarfi við Fjölmennt í Reykjavík (14 þátttakendur) í ágúst.

Lögð voru drög að tilraunanámskeiði með áherslu á kennslufræði verkennslu í samstarfi við starfsmenn Mímis-símenntunar. Notuð var „coaching“-aðferðafræði (10 þátttakendur) í febrúar og mars.

Haldið var tilraunanámskeið fyrir starfsþjálfara í frystihúsum í samstarfi við Visku, Vestmannaeyjum (17 þátttakendur) í júní.

Sótt var um erlent samstarfsverkefni um „coaching“-aðferðafræði ásamt belgískum, þýskum, eistneskum, ítölskum og sænskum samstarfsaðilum. Styrkur fékkst og hefst verkefnavinnan nú á haustmánuðum.

Á árinu 2012 hefur áfram verið unnið að því að bæta gagnasafn FA auk þess sem keypt var spjaldtölva til að auðvelda kaup og notkun rafrænna gagna.

Raunfærnimat

Frá 2004 hefur verið unnið að þróun raunfærnimats. Frá 2006 hefur ríkið fjármagnað raunfærnimat hjá fræðslumiðstöðvum iðngreina og unnið hefur verið að útbreiðslu þess til símenntunarmiðstöðva ásamt þróun nýrra verkefna hjá símenntunarmiðstöðvum frá 2009. FA hefur haldið utan um þróun aðferðafræði og tækja og þjálfað fagfólk í raunfærnimati, ásamt því að virkja hagsmunaaðila til þátttöku í verkefnum til að tryggja réttmæti þeirra og áreiðanleika.

Unnið var að því á árinu 2012 að þróa raunfærnimat í fleiri greinum, bæði með hliðsjón af námskrám og viðmiðum atvinnulífsins. Þar var lögð áhersla á að tryggja gæði og að aðferðafræði sé fylgt í þeim starfsgreinum þar sem raunfærnimat er þegar í gangi auk þess að stýra innleiðingu í nýjum greinum. Áhersla hefur verið lögð á aðkomu hagsmunaaðila og á réttindi þeirra sem fara í raunfærnimat ásamt því að halda áfram að þjálfva fagfólk í raunfærnimati. Þá var sérstaklega horft til gæða við undirbúning raunfærnimatsverkefna, mótun gátlista og vinnu við innleiðingu reglugerðar um framhaldsfræðslu.

FA hefur annast ráðgjöf til framkvæmdaraðila í raunfærnimati og síðustu misserin hefur áherslan verið á að raunfærnimeta í fleiri greinum en löggiltum iðngreinum. Fjöldmörg raunfærnimatsverkefni utan iðngreina fóru í gang 2011–2012 en þau helstu voru þessi:

- Skrifstofubraut – verkefni II – lauk vor 2012
- Verslunarfagnám – lauk vor 2012
- Félagssliðar – lauk vor 2012
- Leikskólabrú – lauk vor 2012
- Hljóðvinnsla – verkefni II – lauk vor 2012
- Viðburðalýsing – hófst haust 2011

Alls voru haldin fjögur námskeið í raunfærnimati á árinu 2011, samtals 53 kest. með 32 þátttakendum en nemendastundir voru 445. Á árinu 2012 hafa verið haldin tvö námskeið í þjálfun matsaðila (25 einstaklingar og 375 nemendastundir) og eitt námskeið er fyrirhugað í september.

Reglugerð um framhaldsfræðslu kom út 30. nóvember 2011. Unnið var að innleiðingu reglugerðar vegna framhaldsfræðslulaga m.a. með vinnudegi verkefnastjóra í raunfærnimati í maí 2012 (26 einstaklingar og 234 nemendastundir). Þá var áður útgefið efni aðlagð að reglugerð um framhaldsfræðslu.

Unnið var að því að kynna raunfærnimat sem möguleika fyrir hagsmunaaðila, m.a. með erindi á lokarárðstefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um verkmenntun í apríl 2012, fyrir starfsgreinaráði í verslun og þjónustu og deildarstjórum og kennurum í Menntaskólanum í Kópavogi.

Markvisst hefur verið unnið að því að samhæfa hagsmunaaðila í upp-

hafi raunfærnimatsverkefna m.a. með því að samræma skilagreinar, uppfæra gátlista og setja nýtt efni á vef FA. Þá átti fulltrúi frá FA sæti í stýrihópi nýrra verkefna fyrir skipstjórnar- og lagerstarfsmenn.

Á árinu 2012 hefur reglulega verið fylgst með þróun raunfærnimats erlendis og þeim niðurstöðum reglulega verið miðlað inn í starfsemi FA og til samstarfsaðila. Þetta var m.a. gert með þátttöku í Norrænu tenglsaneti um nám fullorðinna (Nordisk Nätverk för Vuxnas Lärande (NVL)) og ráðstefnu á vegum Evrópusambandsins um raunfærnimat í Ósló í mars 2012 og með loka-skýrslu og vefsíðu fyrir REVOW-verkefnið.

REVOW (Viðurkenning á gildi starfa) er evrópskt samstarfsverkefni (þátttakendur eru Ísland, Danmörk, Írland og Grikkland). Meginmarkmið verkefnisins er að skapa ramma fyrir viðurkenningu á færni sem þróast í störfum. Um er að ræða ákveðið ferli sem þróað var í gegnum VOW-verkefnið og er nú yfirfært á nýjar greinar ásamt því að tenging við NQF/EQF er mynduð. FA stýrði verkefninu sem lauk í febrúar 2012.

Fulltrúar frá FA tóku þátt í Nordplus-verkefni í vinnuhópum NVL vegna raunfærnimats á Norðurlöndunum og sóttu m.a. vinnufund í Kaupmannahöfn í október 2011 og tóku þátt í vinnuhópum og lokaráðstefnu í apríl 2012.

Unnið var að verkefnalýsingu og umsókn vegna styrkja gegnum IPA-styrkjaáætlun Evrópusambandsins. Um er að ræða lýsingu á umfangsmiklu verkefni í raunfærnimati; 40 námskrár innan framhaldsskólans, 6 verkefni með hliðsjón af viðmiðum í atvinnulífinu og 6 hópar vegna raunfærnimats á grunnleikni ásamt starfsreynslu. Stór hluti af verkefninu, sem sótt er um styrk í, snýr að raunfærnimati. Verkefnið hefst þann 1. september 2012.

Náms- og starfsráðgjöf

Frá 2004 hefur FA þróað aðferðir í náms- og starfsráðgjöf og leitað eftir upplýsingum um þarfir markhópa í gegnum náms- og starfsráðgjöfina. Frá 2006 hefur náms- og starfsráðgjöf verið fjármögnuð af opinberu fé hjá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum og er nú framkvæmd hjá 13 aðilum. Samtals sinna nú verkefninu 26 ráðgjafar um land allt, í mismiklu starfshlutfalli. Þeir sinna m.a. kynningarfundum á þjónustunni á vinnustöðum og öðrum vettvangi þar sem markhóp FA er að finna, veita einstaklingsviðtöl, hópráðgjöf, taka þátt í virkniaðgerðum fyrir atvinnuleitendur, hafa umsjón með verkefnum í raunfærnimati og þróun aðferðafræði og gæðamála í samstarfi við FA.

FA heldur utan um samstarfsnet náms- og starfsráðgjafa (svokallað ráðgjafanet) með það að markmiði að auka sérfræðipækkingu í náms- og starfsráðgjöf innan framhaldsfræðslunnar. Haldnir eru 3-4 samráðsfundir á ári hverju þar sem unnið er sameiginlega að verkefnum sem stuðla að auknum gæðum og árangri þjónustunnar í þágu markhópsins.

Á tímabilinu 1. september 2011 til 31. ágúst 2012 voru haldnir þrír fræðslufundir:

Akureyri, 20.–21. október (26 þátttakendur)

Reykjavík, 2. mars (26 þátttakendur)

Reykjavík, 25. maí (23 þátttakendur)

Á fræðslufundunum var m.a. farið yfir niðurstöður rýnihópa, unnið var að gæðaviðmiðun fyrir ráðgjöfina og þá voru hugmyndir að nýju kynningarefni fyrir náms- og starfsráðgjöfina útfærðar. Einnig var upplýsingum frá náms- og starfsráðgjöfum símenntunarmiðstöðva um þarfir markhópsins safnað saman og helstu niðurstöður ræddar á fundum.

Á árinu 2012 hefur verið unnið að gerð þjónustukannana fyrir notendur í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar. Þjónustukannanirnar verða lagðar fyrir notendur á árinu og unnið úr þeim til að móta ráðgjöfina í takt við þarfir þeirra.

Gæðaviðmið hafa verið unnin og skráð í svokölluð EQM matseyðublöð (sjá nánar næsta kafla) í samráði við gæðahóp (sem samanstendur af umsjónarmanni og fulltrúum úr ráðgjafahópnum) og ráðgjafanetið á öðrum fundi ársins. Gæðaviðmiðin verða yfirfarin með ráðgjafahópnum á fræðslufundi ráðgjafa í september nk.

FA hefur í gegnum árin verið í samstarfi við náms- og starfsráðgjöf félags- og mannvísindadeildar HÍ um miðlun upplýsinga í náminu og komu m.a. tveir nemar úr HÍ í starfsþjálfun hjá FA í janúar og von er á tveimur nú í september 2012. Þá má nefna að FA er samstarfsaðili HÍ í Nordplus-verkefni (VALA) sem fer af stað haustið 2012 og fjallar um þjálfun ráðgjafa sem sinna fullorðnum.

Starfsmaður FA hefur átt í miklu samstarfi við erlenda faghópa vegna þróunar ráðgjafar (NVL-net um námsráðgjöf og raunfærnimat) og sótti hann fund í Danmörku í febrúar 2012 og fund í Færeyjum í maí 2012. Í NVL-ráðgjafanetinu var unnið að skipulagi og framkvæmd funda um fjölmenningarlega ráðgjöf, ráðstefnu um ráðgjöf fyrir fullorðna, sem haldin var í Færeyjum, og að undirbúningi ráðstefnu um færni ráðgjafans sem haldin verður í Svíþjóð í september 2012.

Á tímabilinu 2011–2012 var einnig unnið að verkefnalýsingu vegna IPA-styrkjaáætlunar Evrópusambandsins. Þar er að finna lýsingu á uppbyggingu gagnagrunns um nám og störf ásamt gagnvirkum tækjum til að auka áhuga og hvatningu og skipulag vefráðgjafar með ráðgjöfum símenntunarmiðstöðva. Í verkefninu er m.a. áætlað að lýsa 500 störfum, hæfnikröfum þeirra og námsframboði til að mæta hæfnikröfum.

Gæði fræðslustarfs og ráðgjafar hjá vottuðum fræðslu- aðilum

FA hefur frá upphafi unnið að því að efla gæði hjá fræðsluaðilum með námskeiðahaldi fyrir kennara og með þróun gæðaviðmiða sem unnin voru í samstarfi og samráði við samstarfsaðila. Fræðsluaðilar hafa haft aðgang að þessum gæðaviðmiðum frá 2006. Jafnframt hefur verið unnið að mótun kerfis til viðurkenningar fræðsluaðila í evrópsku samstarfi undir heitinu EQM. Þann 17. nóvember 2011 skrifaði FA undir tilboð frá BSI á Íslandi um úttektir hjá fræðsluaðilum á grundvelli EQM-gæðakerfisins. Samningurinn er til þriggja ára. Fundir voru haldnir með BSI til að innleiða EQM-verklag og móta vinnubrögð. Tilraunaúttekt var framkvæmd hjá Mími-símenntun á haustmánuðum.

Á árinu var unnið að kynningum á EQM-gæðastjórnunarkerfinu fyrir samstarfsaðilum FA: 1. desember 2011 fór fram kynning á EQM-gæðakerfinu og stöðu viðurkenningarferlisins fyrir framkvæmdastjórum fræðsluaðila; á fundi með gæðafulltrúum fræðsluaðila 8. desember var kynnt tilraunaúttekt, sem BSI á Íslandi hafði framkvæmt hjá einum fræðsluaðila, og greint frá hvað væri fram undan varðandi úttektir með hliðsjón af kröfum EQM hjá fræðsluaðilum. Kynning á EQM fór einnig fram á ráðstefnu 9. desember og 11. október á námskeiði fyrir nýja verkefnisstjóra samstarfsverkefna sem styrkt eru af Leonardo starfsmenntaáætluninni.

Tilkynnt hafði verið á fundinum 8. desember 2011 að árgjald vottunar yrði 190.000 kr. en stjórn FA ákvað að bjóða fræðsluaðilum lægra gjald fyrsta árið, þ.e. 150.000 kr., ef tilkynnt yrði um þátttöku fyrir ákveðinn tíma. Allir samstarfsaðilar FA utan einn tilkynntu þátttöku sína.

Á vormánuðum fóru tveir fræðsluaðilar í gegnum vottunarferlið og hlutu viðurkenningu skv. EQM-gæðakerfinu en þeir eru IDAN fræðslusetur og Þekkingarsetur Þingeyinga. Úttekt er hafin hjá 4 aðilum til viðbótar.

Á árinu hefur verið unnið að gæðaviðmiðum í náms- og starfsráðgjöf, en markmiðið er að fljótlega verði hægt að taka náms- og starfsráðgjöf samstarfsaðila út skv. EQM-gæðakerfinu. Fram undan er einnig að aðlaga gæði í raunfærnimati að þessu kerfi en það verður gert í IPA-verkefni FA.

Menntaáætlun ESB veitti samstarfsverkefninu „European Quality Mark for non-formal learning providers – further development“ styrk úr Leonardo-hluta áætlunarinnar. FA stýrir verkefninu. Samstarfsaðilar eru frá Noregi, Litháen, Ítalíu, Eistlandi, Tyrklandi og Íslandi (FA og Landsmennt). Markmiðið með verkefninu er að kanna grundvöll fyrir því að EQM verði evrópskt gæðakerfi. Fyrsti fundur var haldinn dagana 13.–14. desember 2011 í Reykjavík. Annar fundur verkefnisins var haldinn í Ósló 14.–17. maí 2012. Á báðum þessum fundum var gerð grein fyrir þróuninni í EQM-gæðakerfinu á Íslandi.

Starfsmaður FA sótti ráðstefnu á vegum Quality Assurance in Lifelong Learning (QUALL) í Berlín 28. nóvember en sú stofnun vinnur að því að bæta gæðakerfi í fullorðinsfræðslu; þar fór fram kynning á EQM-gæðakerfinu.

Nemendabókhald

Nemendabókhald er byggt inn í Námsnetið „MySchool“ sem er í eigu Stúdíu. Námsnetið inniheldur einnig kennslukerfi sem er hægt að nota m.a. til samskipta kennara og nemenda. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins greiðir mánaðargjald fyrir notkun Nemendabókhaldsins sem er hluti af Námsnetinu. FA greiðir einnig kostnað af aðlögun þess að starfsemi FA, símenntunarmiðstöðva og annarra samstarfsaðila.

Nemendabókhaldið nota nú 10 símenntunarmiðstöðvar og Félagsmálaskóli alþýðu. IÐAN, fræðslusetur og Fræðsluskrifstofa rafíðnaðarins munu nota það í tengslum við skráningu á náms- og starfsráðgjöf.

Inn í nemendabókhaldið eru færðar upplýsingar um námsmenn sem á vegum símenntunarmiðstöðva sækja nám í stökum námskeiðum (óformlegt nám), þá sem stunda nám samkvæmt metnum námskrám FA og þá sem fá náms- og starfsráðgjöf.

Skinna er gagnagrunnur sem menntamálaráðuneytið fyrirhugar til að geyma upplýsingar um nám einstaklinga.

Á árinu 2012 var unnið að minniháttar lagfæringum á eftirfarandi kerfum:

Stök námskeið – sækir nú upplýsingar um nemandann, t.d. netfang, þótt þær vanti í umsókn.

Bekkir – Lagfærðir svo auðveldara sé að nota þá og hafa yfirsýn yfir bekkinn: stundatafla, valmyndir á kladda og stundatöflulistum, innritun nemanda þróuð og bætt við upplýsingadálki.

Viðveruskráningar – Lítilsháttar lagfæring.

Raunfærnimat – Forritun lokið.

Skinna – Gagnagrunnur ekki tilbúinn. Fyrirhuguð færsla úr Nemendabókhaldi í Skinnu en bíður þess að Skinna verði tilbúin.

Miðlun upplýsinga um það starf sem fer fram á vettvangi framhaldsfræðslu

Ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Gátt, er gefið út á hverju ári í tengslum við ársfund félagsins. Útgáfa ársritsins er liður í kynningarstarfi FA og eina ritið á Íslandi sem helgað er umfjöllun um nám fullorðinna. Þema Gáttar 2011 var „Nýjungar og nýsköpun“ og var útgáfan í samstarfi við Norræna tengslanetið um nám fullorðinna, NVL. Ársritið var að þessu sinni 110 síður að lengd, greinar og pistlar 25 talsins. Ritið er sent víða, m.a. til símenntunarmiðstöðva, framhaldsskóla og bókasafna. Gátt er notað til kennslu

í þremur háskólum, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Listaháskóla Íslands. Ársritið var prentað í þúsund eintökum og er þar að auki aðgengilegt á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, www.frae.is. Vinna við útgáfu Gáttar 2012 hófst í maí og er greinasöfnun nánast lokið. Gert er ráð fyrir að ársritið komi út í lok nóvember.

Ársfundur FA var haldinn 2. desember 2011 á Hótel Reykjavík Natura. Fundurinn bar yfirskriftina „Ný viðhorf til náms“ en rúmlega eitt hundrað manns sóttu fundinn. Fjögur erindi voru flutt auk þess sem fyrirmyndir í námi fullorðinna voru kynntar. Glærur fyrirlesara eru aðgengilegar á vefsíðu FA, www.frae.is.

Vefur FA, www.frae.is, er uppfærður reglulega sem og vefurinn Menntatorg, www.menntatorg.is, en FA annast vefinn.

Upplýsingum er miðlað með ýmsum hætti, m.a. með kynningarbæklingum, útgáfu námskráa og dreifingu þeirra, þátttöku í ráðstefnum og móttöku gesta, bæði innlendra og erlendra. Í nóvember 2011 var gefinn út nýr almennur kynningarbæklingur um FA en ensk þýðing á bæklingnum er á lokastigi. Nýr kynningarbæklingur um námsleiðina Menntastöðir var gefinn út í október 2011. Í tengslum við Evrópuverkefnið REVOW var gefinn út bæklingurinn Viðurkenning á færni til starfa en þar er fjallað um notkun aðferðafræði raunfærnimats í ákveðnum störfum.

Á tímabilinu september 2011 til ágúst 2012 tók FA í samstarfi við NVL þátt í nokkrum ráðstefnum og vinnufundum, sjá nánar í kaflanum um Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL).

Starfsemi FA var kynnt fyrir rúmlega 600 manns á ýmsum kynningarfundum og ráðstefnum á fyrra hluta ársins 2012. Meðal málefna var tilrauna-verkefni í ferðaþjónustu, IPA-verkefnið, HRSG-kerfið, raunfærnimat og tölfræðilegar upplýsingar úr starfinu.

Námsefnisgerð

Í þjónustusamningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið er gert ráð fyrir að FA stuðli að námsefnisgerð í framhaldsfræðslu og veiti höfundum námefnis ráð við gerð þess eftir því sem tók eru á.

Unnið var að sérstöku námskeiði, Stiklum 3B, um gerð námsefnis þar sem notað var líkan sem starfsmenn FA hafa þróað um gerð og mat á námsefni. Líkanið nefnist Mælistika um námsefni. Einnig var unnið að því að skoða nýjungar í námsefnisgerð með aðstoð tækni og máta þær við líkanið.

FA tók þátt í samstarfsverkefninu „Mobile“. Um er að ræða samstarfsverkefni Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), Samtaka verslunar og þjónustu (SVÞ), Eflingar-stéttarfélag, FA og starfsmenntasjóðanna Starfsafis, Landsmenntar og SVS. SAF hlaut styrk úr Þróunarsjóði framhaldsfræðslu til verkefnisins,

sem var úrfært af fyrirtækjunum BEST í Austurríki og Tribal-tæknilausnum í Bretlandi. Á haustmánuðum voru haldnir fimm fundir í samstarfsverkefninu. Starfsmenn hjá Kynniserðum tóku þátt í tilraunakennslu í verkefninu, en því lauk á vormánuðum. Reynsla af „Mobile“-verkefninu nýtist í hugmyndir um hvernig hægt er að halda utan um nám og námsefni.

Próunarsjóður framhaldsfræðslu leitaði eftir tilboðum frá fræðsluaðilum í framhaldsfræðslu til að yfirfara og skima styrkveitingar Starfsmenntaráðs á árunum 2004-2010. Mímír-símenntun hófst handa við verkefnið á árinu og skilaði niðurstöðu á vormánuðum. Framundan er frekari vinna við gæðamat og vistun námsfni sem var unnið með styrk Starfsmenntaráðs og hefur Fræðslusjóður falið FA að skoða með hvaða hætti það verði best gert.

FA fékk styrk frá landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu til að deila út til fræðsluaðila vegna framkvæmdar grunnnámskeiða fyrir fiskvinnslufólk á árinu 2011. Þessi námskeið færðust síðan til Fræðslusjóðs árið 2012. FA hefur annast utanumhald og dreifingu á námsefni vegna námskeiðanna.

Nýir hópar í framhaldsfræðslu

Í áðurnefndum þjónustusamningi FA er gert ráð fyrir að undirbúa aðkomu nýrra hópa að framhaldsfræðslu. Þeir hópar, sem einkum er horft til, eru: fatlaðir, aldraðir, öryrkjar, innflytjendur utan vinnumarkaðar og þeir sem þiggja bætur í félagslega kerfinu. Ekki er um stóra hópa að ræða, vegna þess að nú tilheyrir allur þorri fólks á vinnumarkaði, sem ekki hefur lokið framhaldsskóla, svo og atvinnuleitendur, markhópi FA.

Undir þessum lið þjónustusamningsins var tekið upp samstarf við Fjölmennt og hófst það með fundi 16. september 2011 þar sem fjallað var um námskrár fyrir markhóp Fjölmenntar. Ákveðið var að vinna að námsbraut um heilsuefningu. Starfið var innleitt á fundi starfsmanna FA með fulltrúum Fjölmenntar þann 23. september, þar sem lögð var áhersla á þá þætti sem einkenna námskrár í framhaldsfræðslu og þær breytingar sem eru í sjónmáli varðandi þrepaskiptingu náms. Þegar fyrstu drög lágu fyrir af hálfu Fjölmenntar var haldinn fundur 28. nóvember þar sem veitt var ráðgjöf og leiðbeiningar gefnar um áframhaldandi þróun námsleiðarinnar. Stefnt er að vottun hennar á árinu 2012 ef gæðaviðmið skv. reglugerð um framhaldsfræðslu verða tilbúin.

Þann 10. nóvember 2011 var haldinn fundur um mótun kennslufræðinámsskeiðs Stiklu fyrir leiðbeinendur á námskeiðum fyrir fatlaða námsmenn. Starfið var innleitt með því að kynna aðrar Stiklur, kennsluáætlanir og önnur gögn. Þann 18. nóvember hittist hópurinn aftur og fór yfir drög að útfærslu námskeiðsins af hálfu Fjölmenntar. Námskeiðið var kennt í tilraunaskyni í ágúst 2012 og sóttu 16 manns námskeiðið.

Þriðji fundurinn var skipulagður til að fjalla um tilraun til þess að

kenna Grunnmenntaskólann fyrir skjólstæðinga Fjölmenntar á Vestfjörðum. Fræðslumiðstöð Vestfjarða skilaði skýrslu um tilraunakennsluna á haustmánuðum og fundur var haldinn þann 17. janúar 2012 hjá FA, þar sem farið var yfir stöðu verkefnisins. Helstu atriði, sem fram komu í tilrauninni, voru eftirfarandi: Litlar breytingar þurfti að gera á námskránni til að mæta þörfum þessa nýja markhóps. Námið var ekki auglýst opinberlega en leitað til aðila sem gátu kynnt þennan möguleika fyrir markhópnum. Námið var kynnt undir nafninu „Grunnmenntaskólinn Grunnur“. Námið hófu 7 einstaklingar á aldrinum 18–49 ára en alls tóku 9 manns þátt, 4 karlar og 5 konur. Í heildina tók námið eitt ár en kennt var á þremur önum. Einungis þrjár konur úr hópnum luku náminu en fjórir nemendur fengu afhent viðurkenningskírteini ásamt umsögn. Verkefnastjóri telur að námskráin Grunnmenntaskóli hafi hentað vel til kennslu og aðlögunar að þörfum þessa markhóps. Breytingar á innihaldi eru litlar en það er álit verkefnastjóra að æskilegt sé að breyta skipulaginu. Kröfu um 80% mætingu var erfitt að mæta og fáir stóðust hana. Eftirfylgni við nemendahópinn var mjög mikilvæg bæði vegna fyrri skólareynslu, sem var neikvæð, en einnig komu ýmsir ótengdir þættir fram, sem m.a. vörðuðu heilsufar nemenda og þurfti að taka þá með inn í heildarmyndina. Það sem helst þarf að vinna með áfram er krafan um mætingarskyldu og hvernig skírteini er skrifað fyrir þátttakendur. Aðra þætti, sem fram komu, virðist vera hægt að vinna skipulagslega hjá viðkomandi fræðsluaðila.

Erindi frá Fjölmennt barst FA og Fræðslusjóði þann 23. janúar 2012 þar sem óskað er viðræðna um hugsanlega kosti skipulagðs samstarfs þessara aðila. Fundir voru haldnir með fulltrúum stjórna um frekara samstarf. Framkvæmdastjórar FA og Fjölmenntar gerðu minnisblað og lögðu fyrir stjórnir Fjölmenntar, FA og Fræðslusjóðs um frekara samstarf. Skv. ósk frá Fjölmennt er málið í biðstöðu núna.

Mikill velvilji hefur verið í samstarfinu af hálfu beggja aðila og metnaður í að ljúka við verkefni á starfsáætlun ársins.

Norrænt tengslanet um nám fullorðinna (NVL)

NVL (Norrænt tengslanet um nám fullorðinna) er starfrækt á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Samningur um að hýsa verkefnið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með Sigrúnu Kristínu Magnúsdóttur sem fulltrúa Íslendinga var endurnýjaður 1. júlí 2009.

Á tímabilinu hefur fulltrúi Íslands verið ábyrgur fyrir starfsemi Distansfjarkennslunetsins. Netið hefur tileinkað árin 2011 og 2012 vinnu um hvernig hægt er að nýta upplýsingatækni í námi og kennslu sem lið í byggðaðþróun. Á tímabilinu september 2011–ágúst 2012 skipulagði Distans fjögur málþing um hlutverk tæknistuddrar kennslu við byggðaðþróun:

- September 2011, Þórshöfn í Færeyjum (70 þátttakendur)
- Nóvember 2011, Mikkelí í Finnlandi (70 þátttakendur)
- Febrúar 2012, Kiruna í Norður-Svíþjóð (29 þátttakendur)
- Maí 2012, Húsavík á Íslandi (35 þátttakendur)

Distans-netið hélt einnig röð fjögurra vefstofa á vormánuðum 2012. Þemað var nýsköpun í námi og kennslu. Vefstofurnar voru haldnar 13. febrúar, 13. mars, 13.apríl og 14. maí.

Fulltrúi Íslands hefur enn fremur borið ábyrgð á færniþróunarverkefni NVL 2009—2012. Tveir norrænir hópar hafa komið að verkefninu, annars vegar norrænn hópur sem markaði stefnu og skipulagði framkvæmd verkefnisins og hins vegar hópur fræðimanna sem vann við greiningu og skýrslugerð. Dagana 8. og 9. september 2011 var haldin ráðstefna í Lundi í Svíþjóð þar sem fræðimennirnir lögðu fram greiningu sína til umfjöllunar og fengu gagnlegar athugasemdir. Í maí komu út tvær skýrslur á vegum verkefnisins: Hefti um atriðin átta, sem einkenna góð menntaverkefni, sem er á sænsku og ber heitið: „8 Fremgáangsfaktor“; skýrsla fræðimanna á ensku undir enska heitinu „Analyses of Nordic Educational Projects designed to meet challenges in society: Defining the Success Factors“.Hægt er að nálgast báðar skýrslurnar á vef NVL á slóðinni: <http://www.nordvux.net/page/1140/kompetensutveckling.htm>.

Þann 3. nóvember 2011 stóð NVL fyrir fundi um kynningu á skýrslunni ”Voice of Users” og niðurstöðum hennar. Yfirskrift fundarins var: Hlustum við á þau? Um viðhorf fullorðinna til náms- og starfsráðgjafar. Á fundinum voru 33 þátttakendur og hann var haldinn í samstarfi við FA og Sérfræðisetur í ævilangri náms- og starfsráðgjöf (SÆNS). Að morgni sama dags var viðtal við aðstandendur skýrslunnar í þættinum Samfélagið í nærmynd á RÚV, rás 1.

Þann 9. desember 2011 hélt NVL morgunverðarfund um gæði í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu. Fundur þessi var haldinn í samstarfi við landsskrifstofu menntaáætlunar Leonardo da Vinci, FA, Euroguidance, Quall – Quality Assurance in Lifelong Learning og CEDEFOP Refernet og fór fram á Hótel Reykjavík Natura og mættu 112 þátttakendur. Aðalfyrirlesari var Tormod Skjerve, frá VIRK í Noregi og fyrrverandi sérfræðingur í gæðum á sviði menntunar hjá ESB (CEDEFOP).

Þann 12. janúar 2012 var haldin ráðstefna á hótelinu Nordica Hilton í Reykjavík undir heitinu „Hvað þarf fullorðinsfræðarinn að kunna“ en ráðstefna þessi var samstarfsverkefni FA, NVL og Háskóla Íslands. Á ráðstefnunni voru 100 þátttakendur.

FA miðlar reglulega upplýsingum til fagaðila á Íslandi og erlendis, m.a. með fréttum. Fulltrúi Íslendinga í NVL skilaði fréttum um fullorðinsfræðslu á Íslandi sem birtar voru í fréttabréfi NVL og sent er út til næstum 2.000 árskrif-

enda. Fréttabréfið kemur út í þremur útgáfum, finnskri, íslenskri og danskri/norskri/sænskri 11 sinnum á ári, einu sinni í mánuði nema júlí. Í DialogWeb, sem er rafrænt tímarit NVL, ritaði fulltrúi Íslands í ritstjórninni, Sigrún Kristín Magnúsdóttir, 7 greinar og viðtöl.

Fulltrúi Íslendinga kynnti vinnu fræðimanna á ráðstefnu EAEA, (European Association for the Education of Adults, eaea.org) og NVL í Brussel 17. og 18. nóvember ásamt Öntru Carlsen, framkvæmdastjóra NVL.

NVL hefur haldið 5 sameiginlega fundi og fulltrúi Íslands sótt þá, nánar tiltekið dagana 10. og 11. október í Ósló, 12. og 13. desember í Kaupmannahöfn en þar tók hún einnig þátt í fundi ritstjórnar Dialog. Á árinu 2012 hefur NVL fundað í Ósló 16. og 17. febrúar, í Stokkhólmi 23. apríl og 27. og 28. ágúst í Haiko í Finnlandi.

Þá tók fulltrúinn virkan þátt í undirbúningi, skipulagningu og framkvæmd ráðstefnu NVL um nýsköpun sem fór fram í Ósló 4. og 5. júní 2012.

Fulltrúinn á einnig sæti í ritstjórn NVL fyrir tímaritið Dialog og sótti fund ritstjórnarinnar í Stokkhólmi þann 16. mars. Fulltrúinn hefur skrifað 6 greinar og viðtöl í ritið á árinu 2012 og sú sjöunda fer í loftið í byrjun september.

Fagráð verslunar- og þjónustugreina

Í samningi milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og Fagráðs verslunar- og þjónustugreina (FVP) er Fræðslumiðstöð atvinnulífsins falið að framkvæma tiltekin viðfangsefni á sviði fræðslumála. Að FVP standa Landssamband íslenskra verslunarmanna (LIV), VR og Samtök atvinnulífsins (SA). Helstu verkefni, sem unnið hefur verið að, eru eftirfarandi:

Raunfærnimat í verslunarfagnámi: Í samstarfi við Mími-símenntun hefur verið lokið raunfærnimati í verslunarfagnámi. Á tímabilinu 1. september 2011–31.ágúst 2012 tók 51 einstaklingur þátt í raunfærnimatinu, 9 í Vestmannaeyjum, 27 á Akureyri og 15 í Reykjavík.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks hefur undanfarin ár stutt fyrirtæki í að fá til sín fræðslustjóra að láni. Verkefnið miðar að því að aðstoða fyrirtæki til að meta þörf fyrir fræðslu til starfsmanna og greina hvar þörfin er brýnust. Byggt á greiningunni útbýr fræðslustjórinn fræðsluáætlun sem er sérsniðin að hverju fyrirtæki fyrir sig. FVP hefur séð um kynningu á verkefninu meðal fyrirtækja, samningagerð fyrir hönd sjóðsins og fylgst með framkvæmd þess. Gott samstarf hefur verið við fræðslusjóðina Landsmennt og Starfsafl í þessu verkefni og hafa mörg verkefni verið unnin af þeim sameiginlega á þessu sviði.

Verkefnið ValidAid er styrkt af menntaáætlun Evrópusambandsins og miðar að því að þróa og prófa leiðir í raunfærnimati. Verkefnið hófst árið 2010 og lýkur haustið 2012. Samstarfsaðilar í verkefninu koma frá sex Evr-

óþulöndum: Búlgaríu (sem stýra verkinu), Austurríki, Frakklandi, Portúgal, Litháen og Íslandi. Á tímabilinu voru haldnir tveir fundir, þ.e. í Frakklandi og Litháen. Í samstarfi við Mími-símenntun var leitað til nokkurra þátttakenda í raunfærnimati í verslunarfagnámi og þeir fengnir til að prófa rafræna skimun og sjálfsmat. Þátttakendurnir höfðu áður farið hefðbundna leið gegnum skimun og sjálfsmat og töldu þeir það betri leið og líklegri til að skila þeim áfram í raunfærnimatið heldur en rafrænt mat, sérstaklega ef ekki væri til staðar sá stuðningur sem er í ferlinu í dag.

Á árinu kom út skýrsla sem fagráðið vann í samstarfi við Rannsóknarsetur verslunarinnar. Þar er fjallað um stöðu starfsmenntunar fyrir verslunarfólk hér á landi, hvað hefur verið gert í þeim efnunum og hvernig hefur tekist til. Var meðal annars kannað hvort raunhæft væri að koma upp svokallaðri þjálfunarmiðstöð þar sem hægt væri, í raunumhverfi, að þjálfa verslunarfólk í þeim verkefnum sem unnin eru í versluninni.

Stafsmanni fagráðsins var í byrjun sumar boðið af CEDEFOP á ráðstefnu í Grikklandi þar sem m.a. var rætt um stöðu ýmissa minnihlutahópa og aðgengi þeirra að og þátttöku á vinnumarkaði.

Þá var á árinu aftur tekið upp samstarf fagráðsins og Starfsgreinaráðs skrifstofu- og verslunargreina. Starfsmaður fagráðsins hefur mætt þar á fundi og tekið virkan þátt í starfsemi þess. Hefur það samstarf verið mjög gott og augljós ávinningur af því, bæði hvað varðar miðlun upplýsinga og leiða, nú þegar miklar breytingar eiga sér stað í starfnámi, bæði innan og utan hins formlega skólakerfis.


Vottaðar námsleiðir

Á árinu 2011 greiddi Fræðslusjóður rúmlega 403 milljónir til framkvæmdar á vottuðum námsleiðum hjá samstarfsaðilunum. Þar að auki úthlutaði FA um 5 milljónum til framkvæmdar á átta fiskvinnslunámskeiðum. Tölur, sem sýna umfang vottaðra námsleiða í þessum kafla, gera grein fyrir þeim námsleiðum sem voru framkvæmdar fyrir fjármagn beggja aðila, þ.e. Fræðslusjóðs og FA.

Samstarfsaðilar Fræðslusjóðs í þessu verkefni á árinu 2011 voru 11 símenntunarmiðstöðvar. Vottað nám er skilgreint sem nám samkvæmt námsleiðum sem hafa verið sérhannaðar fyrir fólk á vinnumarkaði sem ekki hefur lokið framhaldsskóla og metnar hafa verið til eininga á framhaldsskólastigi.

Þátttakendur á árinu 2011 í vottuðum námsleiðum, sem Fræðslusjóður og FA fjármagna, voru 2.486 talsins í 203 námsleiðum. Um 62% þátttakenda eru af landsbyggðinni en 38% sóttu námið á höfuðborgarsvæðinu. Þátttakendum hjá sex símenntunarmiðstöðvum fjölgar á milli ára á meðan það er fækkun hjá fjórum en í heildina fjölgaði þátttakendum á milli áranna 2010 og 2011 úr 2.398 í 2.486.


**Þátttakendur í námstilboðum símenntunarmiðstöðva 2011
(Vottað nám, fjármagnað af Fræðslusjóði og FA)**



Mun fleiri konur en karlar eru þátttakendur í vottuðum námsleiðum en á síðustu árum hefur hlutfall karla hækkað mikið og var komið í 35% árið 2011 en þess má geta að hlutfall karla var aðeins 20% árið 2008. Loknum einingum á milli árunna 2010 og 2011 fjölgaði um 1.080 einingar eða um rúmlega 4%.

Þegar bornar eru saman tölur árunna 2010 og 2011 sést að vottað nám, greitt af Fræðslusjóði og FA, eykst um rúmlega 9.900 nemendastundir á meðan vottað nám greitt af öðrum dróst saman um tæplega 23 þúsund nemendastundir. Samanlagt dregst því vottað nám fyrir markhóp FA samtals saman um tæplega 13 þúsund nemendastundir eins og næsta mynd sýnir.

Nemendastundir - allt vottað nám fyrir markhópinn



Allt vottað nám fyrir markhóp FA nær rúmlega 426 þúsund nemendastundum á árinu 2011 á meðan allt annað nám fyrir markhópin á vegum símenntunarmiðstöðvanna telur tæplega 256 þúsund nemendastundir (var um 166 þúsund nemendastundir 2010). Heildarfjöldi nemendastunda fyrir markhóp FA á árinu 2011 telur því tæplega 683 þúsund nemendastundir. Þessa miklu aukningu í öðru námi fyrir markhóp FA má að stærstum hluta rekja til innkomu Starfsmenntar og Framvegis inn í samstarfsnet FA og mikla fjölgun námsleiða hjá Mími-símenntun fyrir atvinnuleitendur, þ.e. annað nám en vottaðar námsleiðir FA.

Á árinu 2011 voru atvinnuleitendur í vottuðum námsleiðum FA með fjármagni frá Fræðslusjóði og FA samtals 972 talsins og var skiptingin eftir kynjum þannig að karlar voru 429 (44%) en konur 543 (56%). Næsta tafla sýnir fjölda atvinnuleitenda eftir kynjum í vottuðum námsleiðum eftir fræðsluaðilum:

| Fræðsluaðilar | Alls luku námi | Atvinnuleitendur | Hlutfall atvinnuleitenda | Atvinnuleitendur | |
|------------------------------------|----------------|------------------|--------------------------|------------------|------------|
| | | | | Karlar | Konur |
| Mímir-símenntun | 878 | 454 | 52% | 213 | 241 |
| Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum | 298 | 143 | 48% | 54 | 89 |
| Símey | 441 | 107 | 24% | 48 | 59 |
| Fræðslumiðstöð Vestfjarða | 175 | 65 | 37% | 34 | 31 |
| Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi | 95 | 67 | 71% | 25 | 42 |
| Fræðslunet Suðurlands | 148 | 36 | 24% | 19 | 17 |
| Þekkingarnet Austurlands | 232 | 58 | 25% | 18 | 40 |
| Farskólinn | 87 | 22 | 25% | 9 | 13 |
| Þekkingarnet Þingeyinga | 40 | 13 | 33% | 7 | 6 |
| Viska | 73 | 6 | 8% | 2 | 4 |
| Framvegis | 19 | 1 | 5% | | 1 |
| Samtals | 2.486 | 972 | 39% | 429 | 543 |

Þegar atvinnuleitendur eru skoðaðir m.t.t. námsleiða (sjá töfluna hér á eftir) má sjá að flestir atvinnuleitendur stunduðu nám í Grunnenntaskólanum (172) en næstflestir sóttu námsleiðið Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum (141). Þegar hlutfall atvinnuleitenda af fjölda þeirra sem tóku þátt í hverri námsleið er skoðað er áberandi hve hátt hlutfall atvinnuleitenda stundaði nám í tveimur námsleiðum í ferðaþjónustu, Færni í ferðaþjónustu I og II..


| Námsleiðir | Alls luku | Atvinnu- | Hlutfall | Atvinnuleitendur | |
|---------------------------------------|--------------|------------|-----------------|------------------|------------|
| | námi | leitendur | atvinnuleitenda | Karlar | Konur |
| Aftur í nám | 159 | 102 | 64% | 65 | 37 |
| Byggingarleiðar - Grunnám | 11 | 11 | 100% | 11 | 0 |
| Fagnámskeið starfsm. í heilbrigðis... | 180 | 46 | 26% | 5 | 41 |
| Félagsliðabrá | 166 | 58 | 35% | 7 | 51 |
| Fiskur og ferðabjónusta | 10 | 10 | 100% | 6 | 4 |
| Fjölverkjar | 49 | 16 | 33% | 7 | 9 |
| Færni í ferðabjónustu I | 74 | 71 | 96% | 36 | 35 |
| Færni í ferðabjónustu II | 67 | 62 | 93% | 34 | 28 |
| Grunnámskeið fyrir fiskvinnslufólk | 140 | 12 | 9% | 1 | 11 |
| Grunnmenntaskólinn | 449 | 172 | 38% | 74 | 98 |
| Landnemaskólinn | 105 | 59 | 56% | 21 | 38 |
| Leikskólabrá | 121 | 13 | 11% | 1 | 12 |
| Meðferð matvæla | 18 | 18 | 100% | 13 | 5 |
| Nám og þjálfun í alm. bóklegum gr. | 440 | 141 | 32% | 63 | 78 |
| Opin smíðja - Umhverfissmíðja | 12 | 12 | 100% | 12 | 0 |
| Skrifstofuskólinn | 185 | 45 | 24% | 12 | 33 |
| Sterkari starfsmaður | 127 | 97 | 76% | 53 | 44 |
| Þjónustuliðar | 21 | 15 | 71% | 0 | 15 |
| Aðrar námsleiðir | 152 | 12 | 8% | 8 | 4 |
| Samtals | 2.486 | 972 | 39% | 429 | 543 |

Náms- og starfsráðgjöf

Á árinu 2011 úthlutaði Fræðslusjóður tæplega 148 milljónum króna í náms- og starfsráðgjöf.

Allar fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni ásamt Mími-símenntun, Starfsmennt, IDUNNI fræðslusetri og Fræðsluskrifstofu rafíðnaðarins fengu úthlutað fjármagni úr Fræðslusjóði til náms- og starfsráðgjafar.

Árið 2011 héldu 8 af 14 fræðsluaðilum samtals 180 kynningarfundum í náms- og starfsráðgjöf en þar af fóru 106 kynningar fram á vinnustöðum eða 59% en aðrar kynningar voru 74 eða 41%. Alls sóttu 2.020 manns kynningar náms- og starfsráðgjafa á árinu 2011 og komu 440 í viðtal hjá ráðgjafa í framhaldi af þeim eða 22%.



Árið 2011 voru ráðgjafaviðtöl hjá símenntunarmiðstöðvunum og fræðslumiðstöðvum iðngreina alls 10.868. Allir fræðsluaðilar náðu árangursmarkmiðum fyrir árið 2011 í ráðgjafaviðtölum í náms- og starfsráðgjöf þegar tekið hefur verið tillit til endurgreiðslna. Átta miðstöðvar skila lægri viðtalafjölda miðað við síðasta ár á meðan fimm bæta við sig, sumar umtalsvert. Viðtöl í hópráðgjöf árið 2011 voru 2.375 (22% af öllum ráðgjafaviðtölunum) á móti 2.028 (19%) árið 2010.

Ráðgjafaviðtöl hjá símenntunarmiðstöðvunum og fræðslumiðstöðvum iðngreina árið 2011 voru 10.868 talsins á móti 10.799 árið 2010 sem er aukning um 69 viðtöl eða 0,6%, sjá næstu töflu.

| Fræðsluaðilar | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
|-----------------------------|--------------|--------------|---------------|---------------|
| Símenntunarmiðstöðvar | 2.799 | 5.469 | 8.552 | 8.316 |
| Fræðslumiðstöðvar iðngreina | 858 | 1.298 | 2.247 | 2.552 |
| Samtals | 3.657 | 6.767 | 10.799 | 10.868 |

Af þessum 10.868 viðtölum flokkast 63% sem hefðbundin viðtöl, 22% voru í hópráðgjöf, 10% fólust í rafrænni ráðgjöf og símaráðgjöf, 3% voru hvatningarviðtöl og 2% flokkast undir færnimöppugerð í raunfærnimati.

Kynjaskipting einstaklinga í ráðgjöfinni hefur breyst töluvert með árununum. Árið 2007 voru karlarnir 39% ráðþega og konur 61%, næstu ár óx hlutfall karla jafnt og þétt og árið 2011 var hlutfall karla komið í 59%.


Aldurssamsetning í ráðgjöfinni fyrir árið 2011 sýnir að langflestir í ráðþegahópnum eru á aldrinum 26–40 ára (48%), þó er einnig stór hluti á aldrinum 41–55 ára (28%). Mjög litlar breytingar hafa orðið á aldurssamsetningu ráðþega síðustu árin.

Þegar ráðgjafaviðtölin árið 2011 eru skoðuð eftir skólastigi ráðþega sést að rúmlega 66% hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi, þ.e. aðeins lokið grunnskóla eða hafið nám í framhaldsskóla og ekki lokið. Hlutfall þeirra, sem hefur lokið iðn- eða starfsmenntun, var 19%.

Þegar niðurstöður ráðgjafaviðtala eru bornar saman á milli áranna 2011 og 2010 er helsta breytingin sú að hlutfall ráðþega, sem leita eftir aðstoð við ferilskrá og starfsleit, lækkar mjög mikið eða úr 28% ráðþega í 17%.

Síðustu ár hefur starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa hjá símenntunarmiðstöðvunum breyst mikið. Þjónusta við atvinnuleitendur hefur meira vægi í starfi ráðgjafanna á meðan ráðgjöf við einstaklinga í starfi hefur dregist saman. Eftir mikla aukningu viðtala náms- og starfsráðgjafa símenntunarmiðstöðvanna við atvinnuleitendur síðustu ár fækkaði þeim á milli 2010 (6.121) og 2011 (5.088) en hlutfall atvinnuleitenda lækkaði úr 59% árið 2010 í 48% árið 2011.

Ráðgjafaviðtöl 2008-2011, staða á vinnumarkaði



Viðtöl við atvinnuleitendur árið 2011 voru 5.088 en þar af voru flest viðtölin hjá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (1.495) og Mími-símenntun (1.442). Þessar tvær símenntunarmiðstöðvar voru með um 58% af öllum viðtölum við atvinnuleitendur árið 2011. Næsta tafla sýnir viðtöl ráðgjafa símenntunarmiðstöðvanna við atvinnuleitendur 2008–2011.

| Fræðsluaðilar | 2008 | % | 2009 | % | 2010 | % | 2011 | % |
|---------------------------------|------------|-------------|--------------|-------------|--------------|-------------|--------------|-------------|
| Farskólinn á Norðurlandi vestra | 2 | 1% | 28 | 1% | 51 | 1% | 31 | 1% |
| Fræðslumiðstöð Vestfjarða | 14 | 6% | 59 | 2% | 286 | 5% | 259 | 5% |
| Fræðslunet Suðurlands | 16 | 7% | 242 | 9% | 228 | 4% | 222 | 4% |
| Fræðslusetrið Starfsmennt | 0 | 0% | 0 | 0% | 125 | 2% | 123 | 2% |
| Fræðsluskrifstofa rafíðnaðarins | 0 | 0% | 0 | 0% | 54 | 1% | 20 | 0% |
| ÍÐAN fræðslusetur | 1 | 0% | 155 | 6% | 774 | 13% | 491 | 10% |
| Miðstöð símenntunar á Suðurn. | 55 | 25% | 1.204 | 44% | 1.831 | 30% | 1.495 | 29% |
| Mímir-símenntun | 61 | 27% | 625 | 23% | 1.502 | 25% | 1.442 | 28% |
| Símenntunarmiðstöðin á Vesturl. | 42 | 19% | 150 | 5% | 582 | 10% | 466 | 9% |
| Símey | 19 | 9% | 153 | 6% | 203 | 3% | 190 | 4% |
| Viska | 0 | 0% | 28 | 1% | 43 | 1% | 29 | 1% |
| Þekkingarnet Austurlands | 7 | 3% | 35 | 1% | 344 | 6% | 172 | 3% |
| Þekkingarnet Þingeyinga | 6 | 3% | 64 | 2% | 98 | 2% | 148 | 3% |
| Samtals | 223 | 100% | 2.743 | 100% | 6.121 | 100% | 5.088 | 100% |

Raunfærnimat

Á árinu 2011 var úthlutað úr Fræðslusjóði samtals um 88 milljónum til raunfærnimats.

Raunfærnimat í löggiltum iðngreinum

Árið 2011 veitti Fræðslusjóður tæplega 61 milljón til framkvæmdar á raunfærnimati í löggiltum iðngreinum. Þegar um er að ræða raunfærnimatsverkefni

Í löggiltum iðngreinum á landsbyggðinni eru símenntunarmiðstöðvar á viðkomandi svæði fengnar til samstarfs við fræðslumiðstöðvar iðngreina vegna framkvæmdar. Þeirra þáttur felst í að kynna verkefnið, útvega þátttakendur og sinna tengslavinnu. Á árinu 2011 var veitt tæplega 3 milljónum til símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni. Skipting fjármuna til símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni var þessi:

- Fræðslunet Suðurlands: 468.800 kr. (húsasmíði)
- Þekkingarnet Austurlands: 1.129.515 kr. (húsasmíði, bílgreinar og matartækni)
- Þekkingarnet Þingeyinga: 805.750 kr. (matartækni, matreiðsla, stálsmíði og vélvirkjun)
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða: 512.750 kr. (löggiltar iðngreinar)

Á árinu 2011 fóru 266 einstaklingar í raunfærnimat í löggiltum iðngreinum, 234 hjá IÐUNNI fræðslusetri og 32 hjá Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Fjöldi staðinna eininga á árinu 2011 var 7.626 á móti 8.085 árið 2010 sem er 5% samdráttur á milli ára.

| Fræðsluaðili | Fjöldi einstak. | Fjöldi eininga í mati | Fjöldi staðinna eininga | Árangursviðmið | Fjármagn | Kostn. án ráðgjafar |
|---------------------------------|-----------------|-----------------------|-------------------------|----------------|-------------------|---------------------|
| Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins | 32 | 334 | 234 | 506 | 1.778.400 | 7.600 |
| IÐAN fræðslusetur | 234 | 9.771 | 7.392 | 7.383 | 59.026.415 | 7.985 |
| Samtals | 266 | 10.105 | 7.626 | 7.889 | 60.804.815 | 7.973 |

Meðaltal staðinna eininga í raunfærnimati, sem fer fram á móti námskrám árið 2011, er 28,7 fyrir hvern einstakling. Staðnar einingar voru allt frá 7,3 einingum í rafvirkjun til 80 eininga í kjötskurði, sjá næstu töflu.

| Starfsgrein | Fjöldi einstaklinga | Fjöldi matsamtala | Fjöldi eininga í mati | Fjöldi staðinna eininga |
|--------------------------|---------------------|-------------------|-----------------------|-------------------------|
| Bílgreinar | 49 | 147 | 1.986 | 1.330 |
| Framleiðsla | 5 | 17 | 172 | 49 |
| Framleiðsla – vinnust.þ. | 5 | 17 | 372 | 224 |
| Húsasmíði | 56 | 165 | 2.501 | 1.983 |
| Húsasmíði – vinnust.þ. | 7 | 28 | 504 | 504 |
| Kjötskurður – vinnust.þ. | 7 | 21 | 560 | 560 |
| Matartækni | 4 | 10 | 117 | 88 |
| Matreiðsla | 1 | 2 | 39 | 3 |
| Málaraiðn | 17 | 42 | 508 | 308 |
| Múraraíðn | 13 | 26 | 584 | 461 |
| Pípulögn | 33 | 97 | 694 | 486 |
| Rafvirkjun | 32 | 132 | 334 | 234 |
| Stálsmiði | 10 | 47 | 530 | 439 |
| Vélstjórn | 9 | 36 | 233 | 141 |
| Vélvirkjun | 18 | 90 | 971 | 816 |
| Samtals | 266 | 877 | 10.105 | 7.626 |

Mikilvægt er að hlutfall staðinna eininga sé hátt því mikill kostnaður felst í því að einstaklingar fari í gegnum raunfærnimatsferlið án þess að standast viðmið. Auk þess hefur það neikvæð áhrif á sjálfsmynd viðkomandi.

| Ártal | Einingar til mats | Staðnar einingar | Hlutfall staðinna eininga |
|-------|-------------------|------------------|---------------------------|
| 2007 | 4.224 | 2.469 | 58% |
| 2008 | 7.281 | 4.774 | 64% |
| 2009 | 7.994 | 6.671 | 83% |
| 2010 | 11.921 | 8.085 | 68% |
| 2011 | 10.105 | 7.626 | 75% |

Annað raunfærnimat í umsjón símenntunarmiðstöðva

Á árinu 2011 stýrðu sex símenntunarmiðstöðvar raunfærnimatsverkefnum utan iðngreina. Fjármagn til þessa liðar hefur aukist um rúmlega 18 milljónir

milli ára. Árið 2011 var veitt rúmlega 27 milljónum til símenntunarmiðstöðva til framkvæmdar á raunfærnimati utan iðngreina en þess má geta að árið 2010 var sú upphæð rúmlega 9 milljónir Hér fyrir neðan má sjá þau raunfærnimats-verkefni sem lokið var við á tímabilinu:

- Verslunarfagnám: var haldið hjá þremur símenntunarmiðstöðvum á tímabilinu; Símei (27 þátttakendur), Mími-símenntun (15 þátttakendur) og Visku í Vestmannaeyjum (9 þátttakendur)
- Skrifstofubraut: Raunfærnimat í skrifstofugreinum fór fram hjá tveimur símenntunarmiðstöðvum á vorönn 2012: Mími-símenntun (23 þátttakendur) og Fræðsluneti Suðurlands (13 þátttakendur)
- Leikskólaláttur: Verkefni hjá Mími-símenntun, lauk vorið 2012 en þátttakendur voru 12
- Hljóðvinnsla: Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins stýrði tveimur verkefnum í hljóðvinnslu á tímabilinu. Hljóðvinnsla 2 lauk haustið 2011 en þátttakendur voru 11, 6 luku námi á stigi EQF4, 3 á stigi EQF3 og einn stóðst ekki matið. Á vorönn 2012 luku 16 þátttakendur námi, 9 í Reykjavík og 7 á Akureyri.
- Raunfærnimat fyrir félags- og leikskólaliða fór fram hjá Símei. Verkefninu lauk í desember 2011 en 29 luku matinu.

Mímir-Símenntun

Árið 2011 einkenndist af því að enn þá er þjóðfélagið að berjast við efnahagskreppuna sem birtist okkur í atvinnuleysi, meira og lengra en áður hefur sést á Íslandi í seinni tíð. Hins vegar hefur verið ánægjulegt að fylgjast með jákvæðum breytingum á nemendum okkar frá því að þeir koma í nám, stundum með vantrú á sjálfum sér og stundum tilneyddir, sjá hvernig sjálfsöryggi þeirra og gleðin við að mennta sig vex jafnt og þétt. Við horfum á eftir fólki sem oftast en ekki hefur sett sér markviss framtíðaráform um frekari menntun. Bros nemendanna, þakklætið og eftirvænting þeirra eftir að takast á við nýjar áskoranir eru mikilvægasta uppskera okkar í framhaldsfræðslunni. Þessi umbun veitir okkur gleði og styrk til að þróast áfram sem öflugur fræðsluaðili. Þannig getum við mætt þörfum einstaklinga í leit að öðru tækifæri til náms. Stór hluti nemenda Mímis-símenntunar hefur þörf fyrir umtalsverðan stuðning í námi sínu. Mímir hefur leitast við að mæta þeim þörfum með markvissri náms- og starfsráðgjöf, með skimun fyrir lesblindu og sértækum stuðningshópum fyrir nemendur sem stríða við stærðfræðiotta. Hjá Mími-símenntun hefur í gegnum þetta fjölþætta starf skapast mikil sérfræðiþekking við að styðja og styrkja fólk með stutta formlega menntun.

Innflytjendur á íslenskum vinnumarkaði búa oft við lakari aðstæður á vinnumarkaði en heimamenn. Oftar en ekki fær þetta fólk ekki menntun sína frá heimalandi metna og sinnir því gjarnan störfum sem ekki krefjast sérmenntunar. Margir hafa ekki fengið tækifæri eða ekki haft sig upp í að læra íslensku sem skyldi og standa af þeim sökum verr en innfæddir þegar kemur að því að fá krefjandi störf.

Starfsfólk Mímis hefur lagt metnað sinn í að sinna erlendu fólki á vinnumarkaði, bæði atvinnuleitendum sem og starfandi einstaklingum. Nemendastundum vegna íslenskunáms fyrir útlendinga hefur fjölgað um 10% milli ára og er það meira en við höfum séð síðastliðin ár.

Kostnaður nemenda vegna íslenskunáms hefur aukist umtalsvert á síðustu árum árum vegna niðurskurðar mennta- og menningarmálaráðuneytisins á styrkjum til kennslunnar. Þrátt fyrir að stéttarfélög styðji félagsmenn sína getur kostnaðurinn hindrað fólk í að sækja námskeið. Hér er þörf víðtækrar stefnumörkunar.


Nemendur Mímis sækja í auknum mæli í almennt nám og margir stefna áfram í nám á framhalds- og háskólastigi. Nemendastundum í almennu námi fjölgaði um 5,4% árið 2011. Sérstaklega hefur námið Menntastöðir, sem er vottuð námsleið, verið fjölsótt. Námið er krefjandi og hefur skilað öflugu fólki frá Mími inn í fornámsdeildir háskólanna.

Árið 2011 var þungt ár í rekstri Mímis en þrátt fyrir aukna ásókn í nám er verulegur taprekstur hjá félaginu. Í kjölfar ákvörðunar stjórnvalda um niðurskurð til Fræðslusjóðs á fjárlögum 2011 ákvað Fræðslusjóður að skera niður greiðslur og nemendagjöld til fræðsluaðila um 7%. Viðsnúningur milli árána 2010 og 2011 er tæpar 60 m. kr. sem er erfitt fyrir reksturinn enda hækkuðu laun og öll aðföng meðan tekjur drógust saman.

Áfram verður lögð áhersla á gæði í öllu starfi Mímis og væntum við þess að fá viðurkenningu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu á árinu 2012 sem formlegur fræðsluaðili.

Stjórn og starfsfólk Mímis hefur í vetur unnið að stefnumótun fyrirtækisins og hafa allir starfsmenn tekið virkan þátt í því starfi, m.a. í umbótahópum sem hafa skilað gagnlegum hugmyndum og ábendingum.

Það er ómetanlegt fyrir fræðslufyrirtæki að hafa yfir að ráða starfsfólki sem hefur metnað til að vinna af fagmennsku og vilja til að gera stöðugt betur. Fyrir það ber að þakka.



Nám fyrir atvinnulífið

Í deild Mímis-símenntunar, Nám fyrir atvinnulífið, eru m.a. kenndar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, auk annarra námsleiða sem þróaðar hafa verið í deildinni fyrir tiltekna hópa eða vegna sérstakra aðstæðna. Þar störfuðu 7 einstaklingar í 6,4 stöðugildum á árinu 2011. Þessir einstaklingar búa yfir breiðri þekkingu og margvíslegri reynslu sem gerir þá vel í stakk búna til þess að þjónusta fjölbreytt samfélag og bregðast fljótt og vel við aðstæðum hverju sinni. Starfsmennirnir veita mikilvæga aðstoð og stuðning sem iðulega skiptir sköpum um árangur og vellíðan nemenda.

Þróun og umbætur

Nokkrar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hafa verið vinsælli en aðrar. Má þar nefna Aftur í nám, ætlað einstaklingum sem kljást við lestrar- og/eða skriftarvanda en alls hafa verið haldin hátt á fimmta tug slíkra námskeiða frá því árið 2003. Athygli vekur að karlmenn eru 64% nemendahópsins. Það kemur m.a. vel heim og saman við reynslu úr raunfærnimati meðal iðnverkamanna en þar hefur komið í ljós að lesblinda er algeng í hópi þeirra sem ekki hafa lokið námi í viðkomandi grein. Draga má þá ályktun að lestrar- og/eða skriftarvandi hafi staðið þar í veginum.

Annað vinsælt nám er Grunnmenntaskólinn, ætlað þeim sem vilja taka upp

þráðinn eftir námshlé og Þjónusta við ferðamenn (Færni í ferðapjónustu I og II). Á síðustu árum hafa nokkrir tugir námshópa lokið hvorri þessara námsleiða hjá Mími. Umsagnir nemenda ásamt reynslunni sem þessu fylgir hafa gefið okkur einstaklega gott tækifæri til þess að meta hvar vel hefur til tekist með innihald og framkvæmd og hvað má betur fara. Í kjölfarið hefur verið unnið þróunar- og endurbótastarf, einkum á námsleiðinni Þjónustu við ferðamenn, en þar hefur átt sér stað samþætting námsgreina, vettvangsnám hefur verið aukið og hvatt er til samvinnu kennara. Fyrir vikið er námið lifandi og minni hætta á endurtekningu og skörun. Námskeiðið Þjónusta við ferðamenn (Færni í ferðapjónustu) var aðlagð að pólskumælandi nemendum og kennt á pólsku og ensku, auk íslensku.

Menntastoðir er lengsta námið á ársgrundvelli, eða 660 kennslustundir, og gerir mestar kröfur til nemenda. Standist nemendur kröfur sem þar eru gerðar öðlast þeir rétt til innritunar í undirbúningsdeildir háskóla. Stöðug aðsókn hefur verið í Menntastoðir frá því kennsla hófst árið 2009 en alls hafa 116 nemendur brautskráðst úr Menntastoðum hjá Mími.

Skráning á tiltæku námsefni hjá Mími hófst árið 2011. Unnið hefur verið að samræmingu námsmarkmiða, námsáætlana og námsmats og hefur m.a. verið leitað viðbragða framhaldsskóla hvað það varðar. Markmiðið er að greiða þeim nemendum, sem hug hafa á, leið inn í formlega skólakerfið með markvissu námsmati og framsetningu þess. Þessari vinnu verður fram haldið.

Almenna skólakerfið hefur ekki komið vel til móts við þarfir einstaklinga sem hafa íslensku sem annað mál og er hlutfall þeirra sem hafa lokið framhaldsskóla mun lægra í þeim hópi en meðal annarra Íslendinga. Starfsmenn Mímis munu leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að mæta þörfum þessa fólks og er undirbúningur að þróunarverkefni hafinn.

Aukning hefur verið í starfslokanámskeiðum en auk þess að kenna mörg námskeið í Reykjavík hefur verkefnastjóri Mímis ferðast um langa vegu út á landsbyggðina til þess að auðvelda tímamót þeirra sem eru að ljúka starfsævinni.


Mikilvægur stuðningur við nemendur

Stuðningur við nemendur er mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis og hefur aldrei verið víðtækari og mikilvægari en á erfiðleikatímum síðustu ára. Efa-laust hefðu fleiri helst úr lestinni en raun ber vitni ef ekki væri fyrir stuðning verkefnastjóra, náms- og starfsráðgjafa og annarra starfsmanna sem leggja sig fram við að leiðbeina nemendum, stappa í þá stálinu og hjálpa þeim yfir erfiða hjalla.

Tölvuforrit og vefir, sem geta auðveldað nám, eru meðal þess sem nemendur Mímis fengu aðgang að á síðasta ári. Sem dæmi má nefna tölvuforrit,

sem les texta fyrir lesblinda, og vef sem býður upp á námskeið í grunnfögunum íslensku, ensku, dönsku, stærðfræði og tölvum.

Aðbúnaður starfsfólks og nemenda varð enn betri við flutning í glæsilegt húsnæði að Ofanleiti 2. Starfsemin er kraftmikil og alltaf gleðilegt að sjá nemendur vinna hvern sigurinn á fætur öðrum og kveðja upplitsdjarfari og sterkari en í upphafi náms.



Fjölmenning og frístundir

Námskeið fyrir erlenda atvinnuleitendur voru umfangsmikill hluti starfsemi deildarinnar Fjölmenningar og frístunda árið 2011. Námsúrræði voru í sífelldri þróun með það í huga að styrkja atvinnuleitendur á vinnumarkaði, bæta við þekkingu þeirra og efla persónulegan styrk.

Aukning varð einnig í fjölda tungumála- og frístundanámskeiða en þau sækir fólk á öllum aldri með mismunandi bakgrunn og væntingar til námsins.

Í deildinni Fjölmenning og frístundir eru m.a. haldin íslenskunámskeið fyrir útlendinga, námskeið fyrir erlenda atvinnuleitendur, frístunda- og tungumálanámskeið og námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Að auki tilheyrir símsvörun og móttaka fyrir Mími starfi deildarinnar. Þar störfuðu sex einstaklingar á árinu 2011. Lögðust allir starfsmenn á eitt um að þjónusta nemendur og viðskiptavinum Mímis-símenntunar sem best á árinu.

Erlendir atvinnuleitendur – Pólverjar stærsti hlutinn

Námskeið fyrir erlenda atvinnuleitendur tvöfölduðust milli árána 2010 og 2011. Í samvinnu við Vinnumálastofnun var haldið 31 námskeið fyrir fólk af erlendum uppruna en stærsti hluti atvinnuleitenda, sem sótti námið, var Pólverjar. Meirihluti þeirra voru karlmenn, eða rúmlega 62%, og höfðu flestir starfað áður í byggingariðnaði á Íslandi.

Á námskeiðunum fengust nemendur þó ekki einvörðungu við íslenskunám heldur var til að mynda starfsleit, tölvunám, heimsóknir á vinnustaði og útivist hluti af náminu.

Til að veita nemendunum tækifæri til góðrar menntunar, sem nýtist þeim, hefur Mímir-símenntun leitast við að kenna jafnt á pólsku og íslensku. Í því skyni hefur verið nýttur mannauður pólskra innflytjenda á Íslandi sem hafa menntun og reynslu á sviði kennslu, svo sem kennarar, námsráðgjafar, sálfræðingar eða fólk með tölvumenntun.

Sérstök stutt starfsleitarnámskeið voru einnig haldin í samstarfi við Vinnumálastofnun fyrir erlenda atvinnuleitendur á haustönn. Alls voru haldin fimm námskeið fyrir Víetnama, Pólverja og rússnesku- og enskumælandi þátttakendur. Á námskeiðunum unnu nemendur m.a. ferilskrá á íslensku, sóttu um störf rafrænt og unnu verkefni tengd atvinnuleit.

Úrræðin hafa verið í sífelldri þróun hvað varðar kennsluhætti, námsgreinar og námsefni síðan þau hófust árið 2010, og er nú komin mikil þekking og reynsla af slíkum námshópum. Reynslan sýnir að flestir eru ánægðir og vilja halda áfram að læra íslensku en einnig að þörf er á verklegu námi sem tengist störfum á vinnumarkaði í bland við íslensku og aðra námsþætti.

Landnemaskólinn – Fjölmeningin blómstrar

Segja má að fjölmeningin blómstri í Landnemaskólanum en nemendur eru alla jafna af ólíkum uppruna og með mismunandi bakgrunn. Í Landnemaskólanum fást nemendur við fjölbreytt verkefni sem reyna á frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og samvinnu. Reynir þar á kennara að koma til móts við mismunandi þarfir og getu þátttakenda. Námið er dýrmæt upplifun fyrir marga nemendur þar sem þeir fá tækifæri til að kynnast fólki frá öllum heimshornum og deila reynslu sinni og þekkingu. Alls voru haldnir fimm Landnemaskólar á árinu. Flestir þátttakenda voru atvinnuleitendur sem hafa jafnvel búið á Íslandi árum saman.

Íslenskunámskeið fyrir alla

Almennum íslenskunámskeiðum fækkaði árið 2011 samanborið við árið 2010 eða um tæp 6%. Alls voru haldin 65 almenn íslenskunámskeið á árinu á stigum 1 til 4 auk sérstakra námskeiða í talþjálfun og ritun. Morgunnámskeið voru

vinsæl, en töluverður hluti atvinnuleitenda sækir þau. Íslenskunámskeið fyrir Kínverja var haldið aftur eftir nokkurt hlé og er það ánægjuleg viðbót við fjölbreytta flóru íslenskunámskeiða fyrir sérstaka hópa eins og Víetnama, Pólverja og rússneskumælandi nemendur. Í þeim hópum talar kennarinn tungumál hópsins en á öðrum námskeiðum er stuðst lítillega við ensku. Á öllum námskeiðunum er þó megináhersla lögð á að nota íslensku sem allra mest.

Nemendur, sem sækja íslenskunámskeið, sækja oft á tíðum einnig félagskap og samfélagslegar upplýsingar til skólans en félagsleg einangrun getur oft verið fylgifiskur þess að flytja til nýs lands. Meirihluti nemenda á almennum íslenskunámskeiðum var konur.

Tungumál og frístundir


Fjölbreytt tungumála- og frístundanámskeið eru hluti af starfi Mímis-símenntunar. Alls voru haldin 166 frístundanámskeið á árinu á móti 141 námskeiði árið 2010.

Tungumálanámskeið hafa sótt á og jókst aðsókn á árinu til að mynda í ítölsku-, spænsku- og þýskunámskeið. Norskunámskeiðin höfðu þó enn vinn-inginn en 23 norskunámskeið voru haldin á árinu og er það aukning um 23% frá fyrra ári. Einkatímar í tungumálum, og þá sérstaklega í ensku, eru ávallt vel sóttir en nemendastundir í einkatímum voru 187 á árinu. Námskeið í myndlist og kökuskreytingum voru vinsæl auk ýmissa lífsstílnámskeiða.

Fagnámskeið og félagsliðabré

Á árinu voru haldin fjögur fagnámskeið I og þrjú fagnámskeið II fyrir starfsmenn í félags- og heilbrigðisþjónustu. Nemendur í þessum hópum koma víðs vegar að úr heiminum en hluti af náminu á fagnámskeiði II er fjölmenningsfræðsla og nýtist það öllum nemendum bæði í námi og starfi. Alls fjórir hópar stunduðu nám í félagsliðabré á hvorri önn fyrir sig og á síðasta ári útskrifuðust frá Mími 34 félagsliðar. Á árinu stundaði einnig einn hópur félagsliða framhaldsnám í fötlunarfræðum. Það er ánægjulegt að sjá hve vel bæði fagnámskeiðin og félagsliðabré eru sótt af starfsfólki í heilbrigðisstétt og til marks um þörf fyrir menntun, kraft og þor fólks á vinnumarkaði að svo margir komi í nám.

Fjölmenning og frístundir – Nemendastundir 2007–2011



Náms- og starfsráðgjöf

Með lögum um framhaldsfræðslu hefur náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu fest sig enn frekar í sessi. Það er fagnaðarefni því reynsla náms- og starfsráðgjafa Mímis er að þessi hópur þurfi mikinn stuðning og aðstoð til að efla starfshæfni sína og finna námstækifæri við hæfi. Það hefur tekið tíma að markaðssetja þjónustuna en viðtölum hefur fjölgað jafnt og þétt og aldrei verið fleiri en árið 2011. Ráðþegum, sem koma að eigin frumkvæði, fjölgar stöðugt og í fyrsta sinn var kynjahlutfall þeirra sem komu í ráðgjöf jafnt.

Sex fastráðnir náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í verkefninu ýmist allt árið eða hluta úr árinu auk þess sem fleiri ráðgjafar komu inn í tímabundin verkefni. Verkefni náms- og starfsráðgjafa hafa verið mjög krefjandi á þessum tímum mikilla breytinga en það er jafnframt gefandi að geta aðstoðað einstaklinga við að takast á við nýjar áskoranir. Í deildinni starfar hópur náms- og starfsráðgjafa sem hefur mikinn áhuga á starfinu og leggur sig fram við að vinna faglega. Mikil þekking og reynsla hefur verið byggð upp í vinnu með markhópin og stöðug þróun á sér stað. Starfsmenn Mímis-símenntunar eru afar stoltir yfir því.

Stuðningur við einstaklinga sem hefja nám á ný

Margir nemendur hjá Mími eru að hefja nám eftir langt hlé og glíma við náms- tengdan og persónulegan vanda. Hluti þeirra hefur leitað reglulega eftir aðstoð náms- og starfsráðgjafa. Gerð var tilraun með opna viðtalstíma í hádeginu fyrir nemendur í námsleiðum Mímis til að auka aðgengi nemenda að ráðgjöfinni. Þetta fyrirkomulag hefur mælst vel fyrir meðal nemenda og verður haldið áfram. Þá var einnig boðið upp á hópráðgjöf og stuðning við nemendur með lesblindu og prófkvíða.

Margir einstaklingar með stutta skólagöngu, sem vilja hefja nám á ný, hafa þörf fyrir að styrkja kunnáttu sína í almennum greinum eins og íslensku, ensku, stærðfræði auk tölvufærni. Námsleiðir eins og Grunnenntaskóli og Almennar bóklegar greinar, sem ætlaðar eru til að brúa bilið yfir í formlega skólakerfið, henta mörgum vel og hafa mjög jákvæð áhrif á sjálfstraust nemenda gagnvart námi. Nám í vottuðum námsleiðum má meta til eininga í framhaldsskóla en það er í höndum framhaldsskólanna hvort og hvað hver einstaklingur fær metið. Þetta veldur oft misskilningi og áhyggjum hjá nemendum. Mikilvægt er að efla samstarf um matið milli framhaldsfræðslunnar og framhaldsskólanna.

Efling lykilmæna er mikilvæg


Formlegt samstarf við Vinnumálastofnun um náms- og starfsráðgjöf, sem hófst í lok ársins 2009, hefur gengið vel og þau tengsl og traust sem hefur myndast með þessu samstarfi auðveldar úrvinnslu ýmissa mála með hag atvinnuleitenda í huga. Ráðgjafar verða áþreifanlega varir við að marga atvinnuleitendur skortir þá lykilmæna og frumkvæði sem starfsleit og atvinnulíf í dag krefst. Náms- og starfsráðgjafar hafa veitt stuðning og ráðgjöf á starfsleitarnámskeiðum og einnig tekið þátt í að útbúa efni og stuðningsgögn við ferilskrágerð og starfsleit sem hefur verið þýtt á pólsku, rússnesku og ensku. Ráðgjafar hafa einnig aðstoðað atvinnuleitendur við að uppfæra *Mímar síður* hjá Vinnumálastofnun (VMST) en ófullnægjandi skráning þar getur meðal annars leitt til þess að fólk fær ekki tilkynningar um laus störf. Náms- og starfsráðgjafar Mímis ganga í mörgum tilvikum frá námssamningum í umboði VMST sem veitir tækifæri til að kynna væntanlegum nemendum, kynna betur það námstilboð, sem viðkomandi er skráður í, og ganga úr skugga um að það sé við hæfi; einnig að kynna þann stuðning og aðstoð sem Mímir býður upp á fyrir nemendur.

Raunfærnimat er mikil hvatning til frekari starfsþróunar

Raunfærnimat er í mikilli þróun hér á landi og tóku náms- og starfsráðgjafar þátt í ýmiss konar verkefnum og þróunarvinnu tengdri raunfærnimati. Raunfærnimat er leið til að fá fyrra nám og reynslu metna að verðleikum og hefur jákvæð áhrif á sjálfstraust og áframhaldandi starfsþróun þeirra sem taka þátt.

Tveir hópar fóru í raunfærnimat í skrifstofugreinum á námskrá skrifstofu-
brautar 1 í Menntaskólanum í Kópavogi og hefur stór hluti þeirra haldið áfram
námi á brautinni. Þá fór hópur í raunfærnimat tengt leikskólalíðabraut og undirbún-
ingur undir raunfærnimat í verslun og þjónustu hófst. Ráðgjafar tóku einnig þátt í
tveimur verkefnum í raunfærnimati fyrir hljóðmenn í samstarfi við Fræðslumið-
stöð atvinnulífsins og Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins. Það hefur reynt tímafrekt
að afla þátttakenda í raunfærnimatsverkefni hjá ákveðnum starfshópum. Hugtakið
raunfærnimat og hvað það ferli felur í sér er mörgum enn framandi. Það er mat
náms- og starfsráðgjafa hjá Mími að átaks sé þörf í kynningu á raunfærnimati.

Á árinu 2012 verður áframhaldandi áskorun fyrir náms- og starfsráðgjafa
Mímis að ná til þeirra sem þurfa mest á hvatningu að halda til að vera sam-
keppnisfærir á vinnumarkaði. Reynsln hefur sýnt að einstaklingsmiðuð nálg-
un skilar bestum árangri og er upplifun ráðþega vel lýst með eftirfarandi tölvu-
skeyti sem ráðgjafi fékk sent: „Viðtalið við þig var eiginlega það sem gerði
útslagið í þessu máli og má eiginlega segja að þú hafir svolítið sparkað í mig
til að taka ákvörðun og ég er nú fullviss um að ég hafi tekið rétta ákvörðun.“



Þróunarverkefni

Mímir-símenntun er virkur þátttakandi í þróunarverkefnum á sviði fullorðins-
fræðslu. Flest verkefni eru samstarfsverkefni styrkt af þróunar- og starfs-
menntasjóðum. Unnið var að eftirfarandi verkefnum á árinu:

Lestrarþjálfun fyrir innflytjendur

Námskeiðið Lestrarþjálfun fyrir innflytjendur var haldið með ellefu þátttakendum frá fimm þjóðlöndum. Áhersla var lögð á að þróa leiðir í lestrar- og skriftarþjálfun fyrir fólk af erlendum uppruna, sem hefur ekki lært latneskt letur, auk þess að efla sjálfstraust og persónulega færni nemenda. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.

Evrópumerkið – viðurkenning

Mímir-símenntun og Efling-stéttarfélag hlutu viðurkenningu Evrópumerkisins (European Language Label) fyrir nýbreytniverkefni á sviði tungumálanáms og kennslu. Viðurkenningin var fyrir verkefnið Yrkja. Námskeiðið var 200 stundir og sérstaklega ætlað pólskum konum. Það var styrkt af verkefninu Evrópuár gegn fátækt og félagslegri einangrun.

Döfmenntaskólinn

Mímir fékk styrk úr Próunarsjóði framhaldsfræðslu árið 2011 til að þróa grunn-nám fyrir heyrnarlausu. Samstarfsaðilar verkefnisins voru Efling-stéttarfélag, Félag heyrnarlausra og Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarkertra. Byggt var á námskrá Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fyrir Grunnenntaskólann og námsefni þróað og aðlagð fyrir heyrnarlausu. Aðlögun fólst meðal annars í að taka námsefni á táknmáli upp á myndband.

Víst getur þú lært stærðfræði

Haustið 2010 fékk Mímir-símenntun styrk til að þróa leiðir til að brjóta niður hindranir í stærðfræðinámi fullorðins fólks. Stærðfræðingur og náms- og starfsráðgjafi unnu verkefnið í samvinnu við starfsfólk Mímis-símenntunar. Aðferðir og námsefni voru þróuð með tilliti til hæfni fullorðins fólks með stutta menntun og kennt var á 60 stunda námskeiði vorið 2011. Námskeiðið tókst vel og hefur í framhaldi af því farið af stað samvinna við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þar sem aðferðafræðin er kynnt fyrir stærðfræðikennurum.

Þjónusta við ferðamenn á pólsku

Á árinu 2011 var Þjónusta við ferðamenn (Færni í ferðaþjónustu I og II) aðlagð að pólskumælandi nemendum og er nýlokið námskeiði þar sem kennsla fór fram á pólsku og ensku, auk íslensku.

Erlent samstarf

Ný tækifæri í nýju landi

Í maí 2011 tóku fjórir starfsmenn Mímis ásamt fulltrúa frá Eflingu-stéttar-

félagi og Vinnumálastofnun þátt í Leonardo-mannaskiptaverkefni milli Belgíu og Íslands. Í heimsókninni kynntust þátttakendur fjölbreyttum náms- og starfsúræðum fyrir atvinnuleitendur, innflytjendur og ungt fólk með stutta formlega skólagöngu. Í júní kom hópur Belga og sótti Mími-símenntun heim og fékk hópurinn m.a. innsýn í samskonar mál á Íslandi.

Námsferð nemenda í Félagsliðabré

Nemendur á síðustu önn í Félagsliðabré hjá Mími ásamt kennurum og varaformanni Eflingar-stéttarfélags fóru í námsferð til Danmerkur sl. haust. Heimsóknin var styrkt af Nordplus Voxen-menntaáætluninni. Kynntust nemendur dönsku skólakerfi, hjúkrunarheimilum og möguleikum á starfsþróun. Allir þátttakendur voru af erlendum uppruna og deildu þeir reynslu sinni með slíkum nemendum í skólunum sem voru heimsóttir. Einnig kynntust nemendurnir nýjungum sem tengjast fagi þeirra og starfi. Námsferðin styrkti nemendur faglega og félagslega og hvatti þá til áframhaldandi náms- og starfsþróunar.

Nýjar aðferðir í tungumálakennslu innflytjenda

Á árinu tók Mímir þátt í Nordplus-verkefni er nefnist á ensku „New Approaches in Immigrant Language Learning“. Þetta er samstarfsverkefni fjögurra landa þar sem áhersla er lögð á að deila góðri reynslu og hagnýtum aðferðum í tungumálakennslu innflytjenda.

Nordplus-undirbúningsheimsókn til að skoða fræðslumöguleika fyrir fullorðna innflytjendur

Markmið verkefnisins var að skoða námsframboð, námsráðgjöf, námsaðstoð, kennsluáferðir og kennsluefni í almennum greinum fyrir fullorðna innflytjendur með stutta formlega menntun sem eru í boði í Danmörku og Noregi, bera það saman við tækifærin á Íslandi og fá innblástur fyrir alþjóðlegt norrænt verkefni. Farið var í tvær heimsóknir haustið 2011 til fyrirtækja í fullorðinsfræðslu í Kaupmannahöfn og Ósló. Vinna er þegar hafin við aðlögun námsefnis að þörfum fólks með íslensku sem annað mál í Grunnmenntaskóla ásamt innleiðingu nýrra kennsluáferða sem kynntar voru erlendis.

ABF i Norden

Framkvæmdastjóri Mímis situr í stjórn norrænna systursamtaka, ABF Norden, en markmið þeirra er m.a. að styrkja og þróa samfélags- og menningarleg gildi og einnig að efla alþýðufræðslu sem byggir á samstöðu og sameiginlegri ábyrgð til þátttöku í samfélaginu. Deildarstjórar náms fyrir atvinnulífið og náms- og starfsráðgjafar fóru á ABF-fund í Ósló vorið 2011. Þar var fjallað um nám og eflingu lykilhæfni á vinnustöðum fyrir þá sem minnstu menntunina hafa.

Almennt um rekstur Mímis-símenntunar

Meðal verkefna Mímis-símenntunar er að annast fræðslu fullorðinna á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. Mennta- og menningar-málaráðherra skal veita þeim sem annast slíka fræðslu viðurkenningu á að starfsemin uppfylli þau skilyrði sem sett eru í lögnum. Skilyrðin innihalda meðal annars ákvæði um miðlun og varðveislu upplýsinga. Stjórnvöld leggja aukna áherslu á upplýsingagjöf frá þeim aðilum sem starfa fyrir opinbert fé. Það er enn mikilvægara en áður að halda þannig um reksturinn að auðvelt sé að sækja upplýsingar hvort sem um er að ræða fjármál, tölfraði eða aðra þætti starfseminnar.

Úttekt á gæðakerfi

Á árinu var lokið vinnu við gæðakerfi sem tengir saman alla þætti rekstrarins, svokallað EQM (European Quality Mark). EQM er gagnsætt matsferli fyrir fyrirtæki í fullorðinsfræðslu utan hins formlega skólakerfis til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. Á árinu framkvæmdi BSI-vottunarskrifstofan tilraunaúttekt hjá Mími-símenntun í þeim tilgangi að kanna virkni EQM-staðalsins til úttekta. Áætlað er að formlegri úttekt ljúki árið 2012.

Tekjur skertar

Umskipti urðu í rekstrarafkomu Mímis-símenntunar milli árána 2010 og 2011. Rekstur á árinu 2010 var einstaklega hagstæður og afkoman jákvæð um 10,6%. Umskipti urðu árið 2011 eða neikvæð afkoma um 4,4%. Meginástæðan var 7% verðlækkun á töxtum í þjónustusamningum Fræðslusjóðs atvinnulífsins og símenntunarmiðstöðva. Þegar við bætist verðbólga má gera ráð fyrir að raunlækkun á verði hafi numið um 11%.

Veigamestu rekstrargjöld starfseminnar eru laun starfsmanna, sem eru kjarasamningsbundin, og húsaleiga sem fylgir verðlagi. Verðlag á öðrum rekstrarþáttum hefur hækkað í svipuðum mæli. Við þær kringumstæður er erfitt að koma auga á svigrúm til að lækka kostnað. Mímir-símenntun tekur ekki arð út úr rekstri sínum heldur notar góða rekstrarafkomu eins og árið 2010 til að bæta þjónustu við umþjóðendur sína. Fyrirtækið átti inneign á eiginfjárreikningi til að mæta rekstrartapi ársins 2011. Samt er augljóst að ekki er hægt að búa við slíka skerðingu til lengdar án þess að einnig komi til skerðing á þjónustunni.

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar

Minningarsjóður Eðvarðs Sigurðssonar var stofnaður samkvæmt ákvörðun

miðstjórnar ASÍ 21. júlí 1983. Var skipulagsskrá sjóðsins staðfest af forseta Íslands og gefin út 11. desember 1984.

Stofnfé sjóðsins var kr. 1.000.000 en tekjur sjóðsins hafa einkum verið vaxtatekjur auk þess sem eitthvað var um sölu minningarkorta á fyrstu árunum.

Úthlutað var úr Minningarsjóði Eðvarðs Sigurðssonar vegna fræðimannaverkefna fyrir árið 2012. Styrkirnir eru ætlaðir til verkefna er varða íslenskt samfélag og málefni launafólks og til að efla rannsóknir og útgáfu á verkum sem varða sérstaklega íslenskt samfélag, vinnumarkaðinn, hagsmuni launafólks og starfsemi verkalýðshreyfingarinnar.

Alls bárust 5 gildar umsóknir. Styrk að þessu sinni hlutu tvö verkefni:

1. Guðbjört Guðjónsdóttir vegna verkefnisins „Rannsókn á reynslu Íslendinga sem flust hafa til Noregs eftir efnahagshrun“. Styrkurinn er að fjárhæð 500.000 kr.

Um er að ræða doktorsverkefni í mannfræði. Í rannsókninni er leitast við að skoða reynslu Íslendinga, sem flust hafa til Noregs í leit að vinnu í kjölfar hrunsins, og bera reynslu þeirra saman við reynslu Íslendinga sem fluttust til Noregs fyrir 2008.

Hér er að mati stjórnar sjóðsins um mjög áhugavert verkefni að ræða þar sem leitað er samtímaupplýsinga og skýringa einstaklinganna sjálfra á ástæðum flutninganna eftir hrunið 2008 og reynslu þeirra í nýju landi.

2. Höfundar vegna útgáfu bókarinnar „Á rauðum sokkum“ sem kom út í desember 2011. Styrkurinn er að fjárhæð 300.000 kr.

Verkið er að mati stjórnar sjóðsins mikilvægt framlag til sögu og skilnings á réttindabaráttu kvenna hér á landi, einkum á 8. áratug síðustu aldar. Rauðsokkahreyfingin og starf hennar er í forgrunni umfjöllunarinnar en jafnframt er gerð grein fyrir samstarfi hreyfingarinnar við konur innan verkalýðshreyfingarinnar og hvernig starf þeirra og barátta fyrir jafnrétti á vinnumarkaði fléttuðust saman.



Umsókn um aðild að Evrópusambandinu

Í skýrslu forseta fyrir árið 2009 var fjallað ítarlega um stefnumótun Alþýðusambandsins í Evrópumálum og þá sérstaklega á ársfundi sambandsins í október 2008. Þá var í skýrslunni einnig gerð grein fyrir áherslum ASÍ og samningsmarkmiðum í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið. Um þann þátt sagði í skýrslunni:

„Nú þegar Ísland hefur sótt um aðild að ESB leggur ASÍ ríka áherslu á mikilvægi þess að skilgreina með skýrum hætti samningsmarkmið fyrir aðildarviðræður við Evrópusambandið sem formlega munu væntanlega hefjast í byrjun árs 2010. Við skilgreiningu á samningsmarkmiðum þarf að gæta sérstakra hagsmuna Íslendinga og íslensks launafólks. Alþýðusamband Íslands hefur um árabil lagt grunninn að slíku starfi og stefnir að því að leggja fram áherslur sínar í öllum helstu málaflokkum er varða aðildarviðræðurnar við ESB og hagsmuni launafólks.

Á aukaársfundi ASÍ 25. mars 2009 var stigið mikilvægt skref í þá átt. Í þeim kafla skýrslu forseta, sem fjallar um aukaársfundinn, eru samþykktir hans birtar, auk þess sem gögn, sem undirbúin voru fyrir umræðuna á fundinum, eru birt sem viðauki aftan við þessa skýrslu.“

Í skýrslu forseta fyrir árið 2010 var síðan gerð ítarleg grein fyrir undirbúningi ASÍ undir þátttöku í aðildarviðræðunum og verklagi sem ákveðið var að viðhafa af hálfu ASÍ. Alþýðusambandið á fulltrúa í öllum níu samningahópunum sem fjalla um önnur mál en lagaleg málefni í aðildarviðræðunum, a.m.k. einn í hverjum hópi.

Staðan í aðildarviðræðunum og afstaða ASÍ

Í nóvember 2010 hófust viðræður við ESB til undirbúnings eiginlegum samningaviðræðum. Þær fóru fram á svokölluðum rýnifundum þar sem Evrópusambandið gerði grein fyrir sinni löggjöf í viðkomandi málaflokki. Samningamenn af hálfu Íslands gerðu jafnfram grein fyrir sinni rýnivinnu og þar með þeim álitaeftum sem þeir töldu vera uppi í viðkomandi málaflokki og þörfnuðust frekari skoðunar og umfjöllunar í eiginlegum samningaviðræðum þegar þær hæfust. Þetta ferli stóð fram í júní 2011. Þann 27. júní s.á. hófust síðan hinar eiginlegu samningaviðræður með því að fjórir samningskaflar voru opnaðir til umræðu á milli aðila.

Í byrjun september 2012 var staðan í viðræðunum sem hér segir:

Viðræðum lokið í 10 málaflokkum:

félagaréttur, fyrirtækja- og iðnstefna, flutningastarfsemi, frjáls för vinnuafis, hugverkaréttur, menntun og menning, neytenda- og heilsuvernd, réttarvarsla og grundvallarréttindi, samevrópskt net, utanríkis-, öryggis- og varnarmál og loks vísindi og rannsóknir.

Viðræður hafnar í 8 málaflokkum:

félags- og vinnumál, fjárhagslegt eftirlit, framlagsmál, opinber innkaup, orkumál, samkeppnismál og loks upplýsingasamfélagið og fjölmiðlar.

Samningsafstaða Íslands afhent í 10 málum:

byggðastefna og samræming uppbyggingarsjóða, dóms- og innanríkismál, efnahags- og peningamál, fjármálaþjónusta, frjálsir vöruflutningar, hagtölur, skattamál, tollabandalag, umhverfismál og utanríkistengsl.

Samningsafstaða er enn í vinnslu í 5 málaflokkum:

frjálsir fjármagnsflutningar, matvælaöryggi og dýra- og plöntuheilbrigði, landbúnaður og dreifbýlisþróun, sjávarútvegur svo og staðfesturéttur og þjónustufrelsi.

Alltaf hefur legið fyrir að mótun samningsafstöðu og samningar um einstaka efnisþætti yrðu mjög misflókin úrlausnarefni – allt frá því að lítið sem ekkert ber á milli, eins og gildir um þá þætti sem eru hluti af EES-samningnum, upp í að verulega ber á milli, bæði varðandi löggjöf, reglur og pólitísk viðhorf. Þá hefur ágreiningur í ríkisstjórninni um samningaferlið og framgang þess tafið fyrir og flækt allan undirbúning og nú viðræðurnar sjálfar. Hvað

varðar einstaka málaflökka liggur fyrir að sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, byggðastefnan og samræming uppbyggingarsjóða og umhverfismál yrðu flók-in úrlausnar. Sama gildir um gjaldmiðilsmálin.

Af hálfu ASÍ hefur verið lögð áhersla á að taka virkan þátt í öllum undir-búningi og stefnumótun í viðræðunum. Þannig hafa fulltrúar sambandsins meðal annars sett fram sjónarmið sambandsins, eftir því sem þörf hefur verið á, í álitafnum er varða m.a. vinnumarkaðinn og félagsmál, dóms- og innan-rikismál, sjávarútvegsmál, byggða- og sveitarstjórnarmál og landbúnaðarmál. Þar hafa fulltrúar ASÍ stuðst við stefnumótun sambandsins m.a. á aukaársfundi ASÍ í mars 2009.

Þá hefur Alþýðusambandið nokkrum sinnum fengið aðalsamningamann Íslands á fund með fulltrúum ASÍ í samningahópunum og alþjóðanefnd ASÍ til að fara yfir stöðu mála og eiga skoðanaskipti um þá þætti sem Alþýðusam-bandið hefur viljað leggja áherslu á.

Ástæða er til að vekja sérstaka athygli á almennri yfirlýsingu sem er að finna í samningsafstöðu Íslands vegna 19. kafla um félags- og vinnumál sem er svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

„Ísland er öflugur málsvari hins norræna velferðarlíkans og hefur byggt upp velferðarkerfi á grundvelli sanngirni, jafnréttis og félagslegrar sam-heldni. Í stefnumarkandi yfirlýsingu, Ísland 2020, koma fram samfélagsleg markmið íslenskra stjórnvalda um að viðhalda öfluglu samfélagi velferðar, þekkingar og sjálfbærni. Ísland leggur áherslu á mikilvægi þess að hafa þróað vinnumarkaðskerfi og þrífliða viðræður stjórnvalda og aðila vinnu-markaðarins. Þetta felur í sér rétt aðila vinnumarkaðarins til þess að semja sín á milli í kjarasamningum, rétt aðila vinnumarkaðarins á því að samráð sé haft við þá og að koma að ákvarðanatöku um málefni vinnumarkaðarins og önnur efnahags- og félagsmál, sem og grundvallarréttindi, s.s. réttinn til þess að efna til verkfalls og grípa til sameiginlegra aðgerða. Ísland leggur enn fremur áherslu á mikilvægi þess að þær reglur, sem gilda á vinnumark-aði, komi í veg fyrir félagsleg undirboð og stuðli að félagslegri vernd með videigandi ráðstöfunum sem miða að því að vernda réttindi starfsmanna innanlands og útsendra starfsmanna og viðhalda góðum aðbúnaði á vinnu-stöðum. Þess háttar ráðstafanir geta meðal annars falið í sér almennt gildi kjarasamninga og sameiginlegrar ábyrgðar aðal- og undirverktaka til þess að tryggja að réttindi starfsmanna verði virt.

Ísland hefur lagað sig í ríkum mæli að regluverki ESB á sviði félagsmála; enn eru þó til staðar krefjandi verkefni sem þarf að takast á við, bæði til skemmri og lengri tíma lítið. Ein megináskorunin felst í því að Ísland er eyja sem liggur fjarri öðrum ríkjum með fáa íbúa í dreifðum byggðum. Að teknu tilliti til þessara aðstæðna er það tiltölulega kostnaðarsamt að veita

félagslega grunnþjónustu og viðhalda félagslegu velferðarkerfi. Efnahagsþrengingarnar árið 2008 juku á suma þessara veikleika, sem og leiddu til annarra, svo sem langtímaatvinnuleysis. Í stefnumarkandi yfirlýsingu, Ísland 2020, er tekið á þeim helstu áskorunum sem takast þarf á við svo ná megi samfélagslegum markmiðum íslenskra stjórnvalda. Mun verða fjallað um þær á viðeigandi stöðum hér að aftan.“

Að mati ASÍ er hér um mikilvæga stefnuyfirlýsingu stjórnvalda og samninganefndar Íslands að ræða, bæði hvað varðar sýn á vinnumarkaðinn og málafni hans almennt og sérstaklega er varðar baráttuna gegn félagslegum undirboðum og fyrir félagslegum réttindum á vinnumarkaði.

Þróunarverkefni og tæknileg aðstoð

Eins og kemur fram í skýrslu forseta 2011 hafði ASÍ með fleirum frumkvæði að því að sækja um sérstakan stuðning í gegnum sjóði ESB vegna menntaverkefnis sem ætlað er að gagnast sérstaklega fólki á vinnumarkaði með litla formlega menntun. Í reynd er stuðningurinn tvíþættur, bæði faglegur og fjárhagslegur. Málinu lyktaði þannig að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins tók málið að sér, lauk umsóknarferlinu og tók verkefnið að öðru leyti yfir. Verkefnið ber enska heitið „Creation of a recognition system of non-formal and informal learning on upper secondary level“, sem útleiggst á íslensku: Sköpun kerfis til að veita námi utan skólakerfisins og öðru óformlegu námi viðurkenningu sem námi á framhaldsskólastigi. Verkefni þetta var samþykkt og formlega gengið frá því á þessu ári Undirbúningur verkefnisins er nú kominn vel á veg.

Í byrjun septembermánaðar var auglýst eftir umsóknum vegna svokallaðra IPA-styrkja fyrir 2013 og 2014 og hefur ASÍ þegar leitað eftir samstarfi við ýmsa aðila um að sækja um styrk til verkefna á sviði vinnumarkaðsmála. M.a hefur verið kynnt ákveðin hugmynd að verkefni sem svo er lýst:

„Verkefnið felur í sér að dýpka með kerfisbundnum hætt þekkingu á vinnumarkaðinum og atvinnulífinu í gegnum hagskýrslugerð og kannanir. Byggja upp þekkingu og færni hér á landi á aðferðum til að segja fyrir um þörf atvinnulífsins fyrir starfsleikni. Tileinka okkur aðferðir til að spá fyrir um þróun atvinnulífsins og sköpun starfa og hæfnikröfur þeirra, einkum á nýjum sviðum. Tengja saman framangreinda þætti og þróun og framboð á menntun og starfsþjálfun í íslensku menntakerfi og á vinnumarkaði sem byggð hafa verið upp á Evrópuvísu menntastofnunar Evrópu (CEDEFOP) undir yfirskriftinni „New Skills for New Jobs“. Í því felst jafnframt að nýta þekkingu og byggja á gögnum og aðferðum sem þróaðar hafa verið undir forystu þeirrar stjórnarskrifstofu ESB sem fer með atvinnu- og félagsmál (DG EMPL).“

Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins og Íslands

Í byrjun árs 2012 varð að samkomulagi að setja á stofn sérstaka ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins og Íslands í tengslum við aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu en sambærilegar nefndir hafa verið stofnaðar vegna þeirra ríkja sem sótt hafa um aðild að ESB nokkur undanfarin ár.

Í ráðgjafarnefndinni eru 12 menn, 6 frá hvorum samningsaðila fyrir sig. Af hálfu Íslands sitja fulltrúar Íslands í ráðgjafarnefnd EFTA í nefndinni, þ.m.t. einn frá ASÍ, auk eins fulltrúa til viðbótar. Þá hefur m.a. fulltrúum umhverfissamtaka og neytendasamtakanna verið boðið að fylgjast með og taka þátt í starfinu. Af hálfu Evrópusambandsins sitja í nefndinni fulltrúar frá efnahags- og félagsmálanefnd ESB. Um hlutverk nefndarinnar segir m.a.: „Með myndun ráðgjafarnefndar Íslands og ESB fá aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar ýmissa félagasamtaka tækifæri til þess að fylgjast með og koma að samningaviðræðunum með skipulögðum hætti og styðja þannig við formlegt hlutverk stofnana ESB og Íslands í samningaviðræðunum. Komið er á formlegu skipulagi sem gerir félagasamtökum kleift að fylgjast með þróuninni í samningaviðræðunum og greiða fyrir samningsmarkmiðum Íslands út frá sjónarmiðum þeirra. Þar að auki skapast grundvöllur til þess að koma á framfæri upplýsingum bæði innan ESB og á Íslandi og að eiga skoðanaskipti um hin ýmsu hagsmunamál á sama tíma og uppbyggileg samfélagsumræða er eflid.“

Ráðgjafarnefndin fundaði í fyrsta skipti í Reykjavík 13. júlí sl.. Á fundinum gerðu fulltrúar samninganefndar Íslands og Evrópusambandsins grein fyrir stöðu aðildarviðræðna Íslands að ESB. Þá ræddu fundarmenn stöðu aðildarviðræðna og beindu sjónum sérstaklega að nýlega opnuðum kafla 15 um orkumál. Í því sambandi var athyglinni sérstaklega beint að því hvernig best væri að viðhalda og bæta samkeppni, birgðaöryggi og sjálfbærni á sviði orkunýtingar. Í tengslum við fundinn var Helligheidarvirkjun heimsótt.

Fram kom að ráðgjafarnefndin metur mikils viðleitni íslenskra stjórnvalda til að virkja aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa ýmissa félagasamtaka í aðildarviðræðuferlinu og hvetur til þess að ferlið verði áfram eins opið (og gagnsætt) og mögulegt er. Að sama skapi gerir ráðgjafarnefndin sér grein fyrir mikilvægi framlags aðila vinnumarkaðarins í aðildarferlinu. Þá samþykkti ráðgjafarnefndin verklagsreglur og verkáætlun næstu tveggja ára.



Erlend samskipti

Alþýðusamband Íslands er virkur þátttakandi í alþjóðastarfi bæði á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar og alþjóðastofnana. Þátttaka ASÍ endurspeglar hvort tveggja, alþjóðlegan uppruna samtaka launafólks og vaxandi mikilvægi alþjóðastarfs fyrir verkalýðshreyfinguna og félagsmenn hennar.

Hnattvæðingunni með auknum viðskiptum og samskiptum á öllum sviðum fylgja ný úrlausnarefni, hættur en einnig tækifæri fyrir samtök launafólks. Aukið samstarf Evrópuríkja og þátttaka Íslands í EES með sameiginlegum vinnumarkaði Evrópuríkja og löggjöf og samstarf á fjölmörgum sviðum er mikilvægur þáttur í þessari þróun. Með þátttöku sinni á alþjóðavettvangi tekur ASÍ þátt í umræðu, stefnumótun og ákvarðanatöku á alþjóðavísu, nýtir þekkingu og reynslu úr alþjóðlegu starfi og árangur alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar fyrir íslenskt launafólk, leggur sitt af mörkum til að efla alþjóðlega samstöðu launafólks og styður uppbyggingarstarf og réttindabaráttu í þróunarríkjunum.

Norræna verkalýðssambandið – NFS

Stjórn Norræna verkalýðssambandsins (NFS) kemur saman tvisvar á ári og er hún skipuð forystumönnum allra heildarsamtaka á Norðurlöndunum. Forseti ASÍ situr þessa fundi fyrir hönd ASÍ. Starf NFS hefur á undanförmum

árum í vaxandi mæli snúist um samstarf Norðurlandanna á alþjóðlegum vettvangi.

Á árinu 2012 hefur mikil vinna hefur verið lögð í að samstillta málflutning norrænu samtakanna á vettvangi Evrópusamtakanna, einkum er varðar umræðuna um setningu laga og reglna innan ESB um lögbundin lágmarks-laun. Áfram hefur verið unnið að því að koma á evrópsku félagsdómskerfi þar sem deilur um gildissvið kjarasamninga á Evrópuvísu yrðu leiddar til lykta í partískum dómstóli fremur en Evrópudómstólnum. Að frumkvæði norrænu alþýðusambandanna var ákveðið setja á laggirnar vinnuhóp sem fengi það hlutverk, í samstarfi við FAFO (rannsóknarstofnun um vinnumarkaðsmál í Noregi) að kortleggja samningakerfi þessara landa, umfang kjarasamninga, þátttöku í stéttarfélögum og helstu launataxta. Jafnframt var ákveðið að freista þess að skilgreina hvort og hvernig þessi samtök geti fundið einhverja leið sem gæti verið málamiðlun í þessu erfiða máli sem gengi ekki gegn grundvallar þáttum norræna vinnumarkaðarins. Skilaði vinnuhópurinn niðurstöðu í nóvember og var hún kynnt í í stjórn ETUC í byrjun desember og síðan rædd á formannafundi í febrúar á þessu ári. Gekk málamiðlunin út á að sameinast um það sem meginhlutverk verkalýðshreyfingarinnar að tryggja að sem flestir á vinnumarkaði njóti eðlilegra lágmarkskjara. Í því viðfangsefni gæti lögbinding verið ein leið, almennt gildi kjarasamninga önnur og víðtæk þátttaka í stéttarfélögum sú þriðja.

Á fundi stjórnar NFS í nóvember 2010 var skýrsla svokallaðar framtíðarnefndar um verkefni og hlutverk NFS í framtíðinni tekin til umfjöllunar, en forseti ASÍ og varaformaður BSRB tóku þátt í þeirri umræðu. Í kjölfar þessarar stefnumörkunnar voru lög NFS endurskoðuð frá grunni og þau færð til nútímalegs horfs og var mikill einhugur að baki þessari umræðu og voru ný lög samþykkt á vorkundi NFS 2012.

Eftir endurskoðun á verkefni og hlutverki NFS, samþykktum, ráðningu nýs framkvæmdastjóra og endurskoðun á skipulagi og verkefnaskiptingu á skrifstofu NFS eru samtökin betur í stakk búin til að mæta hlutverki sínu. Þegar á fyrsta ári þessara breytinga má merkja verulega breytingu á ásýnd og verkefnaskilum samtakanna, einkum á norrænum og evrópskum vettvangi og er það ánægjulegt.

Samstarf norrænu alþýðusambandanna um samningamál

Einu sinni á ári hafa fulltrúar norrænu alþýðusambandanna þingað um þróun kjaramála og borið saman bækur sínar um helstu málefni á norrænum og evrópskum vettvangi. Í sumar var farið skipulega í gegnum umræðu um félagsleg undirboð og viðbrögð við þeim, þ.m.t. áhrifa almenns gildis kjarasamninga með lögum líkt og hér gildir.

NFJS – Fundur lögfræðinga heildarsamtaka launafólks á Norðurlöndunum

Fundir þessir eru árlegir samráðs- og upplýsingafundir þeirra lögfræðinga sem starfa fyrir þau samtök launafólks sem eru innan NFS. Flutt eru fræðileg erindi og skipst á skoðunum um lögfræðileg álitæfni. Að þessi sinni var fundurinn haldinn í Stokkhólmi og var hann sóttur af lögfræðingi ASÍ. Meginefni fundarins var réttarstaða útsendra starfsmanna og starfsmenn starfsmannaleigna. Af Íslands hálfu var gerð grein fyrir þeim frumvörpum, sem lögð hafa verið fram á Alþingi til breytinga á lögum um útsenda starfsmenn (laun skv. kjarasamningum), og lögum um starfsmannaleigur (sömu laun). Frumvörpin voru ekki afgreidd á vorþingi en gert er ráð fyrir samþykkt á haustþingi 2012. Nái þessi lög fram að ganga mun réttarstaða útsendra starfsmanna og starfsmanna starfsmannaleigna verða mun betri en gengur og gerist á annars staðar á Norðurlöndum.

SAMAK

Þing SAMAK var haldið í Stokkhólmi í janúar, en vegna anna við endurskoðun kjarasamninga sótti forseti ASÍ ekki fundinn.

Verkalýðshreyfingin í Norður Atlantshafi (VN)

Samstarf okkar við grænlenku og færeysku verkalýðshreyfinguna innan vébanda Vest norræna sambandsins hefur verið á lágum nótum undanfarin ár, en er engu að síður mikilvægur vettvangur skoðanaskipta og tengsla ef til átaka kæmi í sjávarútvegi vegna skyldleika og nálægðar. Formaður Samtak – heildarsamtaka launafólks í Færeyjum – hefur haft það verkefni að stofna sérstaka heimasíðu VN samtakanna þar sem stefnt er að því að miðla upplýsingum um réttindi launafólks sem flytur sig á milli þessara landa í leit að vinnu. Ársfundur samtakanna var að þessu sinni haldinn í Þórshöfn í Færeyjum. Á fundinum var jafnframt ákveðið að framlengja ákvæði um að rukka ekki félagsgjöld á árinu 2012.

Evrópusamband verkalýðsfélaga – ETUC

Starfsáætlun aðila vinnumarkaðarins í Evrópu 2012–2014

Í byrjun árs 2012 náðist samkomulag á milli aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2012–2014.

Í inngangi og rökstuðningi með starfsáætluninni kemur fram að hún er gerð við aðstæður þegar Evrópusambandið er að ganga í gegnum verstu kreppu í

sögu þess. Lönd Evrópu eiga í miklum erfiðleikum við að setja fram efnahagsstefnu, þróa úrræði og nauðsynlegar umbætur sem stuðla að vexti og aukinni atvinnu, tryggja sjálfbæra fjármögnun hins opinbera og velferðarkerfið. Bent er á að þær áskoranir, sem Evrópa stendur frammi fyrir á næstu árum, séu risavaxnar. Með 23,5 milljónir án atvinnu í ESB er atvinnuleysi í ESB meira en nokkru sinni frá því í byrjun 10. áratugar síðustu aldar. Til að ná markmiðinu um 75% atvinnuþátttöku, sem sett er fram í áætluninni Evrópa 2020, þarf að skapa 17,6 milljónir nýrra starfa. Áhersla er lögð á að forsenda þess að Evrópa sigrist á vandanum er að rekin verði traust efnahagsstefna. Samhliða verður að auka fjárfestingar með áherslu á sjálfbæran vöxt. Til að skapa fleiri og betri störf þarf Evrópa virkan vinnumarkað og að launafólk búi yfir nauðsynlegri hæfni og færni til að takast á við ný verkefni og breytingar á vinnumarkaði. Markmiðið er atvinnutækifæri fyrir allt launafólk sem felur í sér aðlögun að vinnumarkaði og þróunarmöguleika.

Við þessar sérstöku aðstæður reynir á aðila vinnumarkaðarins í Evrópu. Verk þeirra verða metin að verðleikum miðað við hvernig þeir takast á við viðfangsefnið og hvað þeir leggja af mörkum við að efla atvinnulífið, stuðla að atvinnu og félagslegri samleitni í samfélaginu. Bent er á að samskipti aðila vinnumarkaðarins og þátttaka á vettvangi einstakra ríkja og svæða leiki mikilvægt hlutverk við að yfirvinna þá efnahagslegu örðugleika og takast á við þær áskoranir sem fyrirtæki og starfsmenn þeirra standa frammi fyrir. Á sama hátt eiga samskipti og samstarf aðila vinnumarkaðarins í Evrópu að geta byggt á framangreindu starfi og tekist á við þau erfiðu úrlausnarefni sem þar er við að etja.

Þær aðgerðir, sem aðilar ætla að beita sér fyrir til næstu þriggja ára, frá 2012 til 2014, felast í eftirfarandi:

1. Atvinna fyrir ungt fólk

Atvinnuleysi á meðal ungs fólks er nú meira en 22%. Forgangsbætur er að bæta úr þessum óásættanlegu aðstæðum. Til að svo megi verða ber að leggja áherslu á samhengið á milli menntunar, væntinga ungs fólks og þarfa vinnumarkaðarins. Mikilvægt er að aukin atvinnuþátttaka ungs fólks verði ekki á kostnað annarra heldur verði til að auka atvinnuþátttöku almennt.

Aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu leggja fram ákveðnar tillögur til aðildarríkjanna og stofnana Evrópusambandsins í þessum efnum, m.a. byggðar á *aðstæðum sem ríkja á vinnumarkaðinum*, sbr. lið 2 hér að neðan. Þeir munu einnig leggja fram tillögur í áætlun G20-ríkjanna um atvinnu fyrir ungt fólk.

2. Umfangsmikil greining á atvinnumálum og vinnumarkaðinum

Aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu munu framkvæma greiningu á

evrópska vinnumarkaðinum sem byggir á sameiginlegri greiningu árið 2007 og þeim forsendum sem þar varð samkomulag um. Þessi greining mun bæði ná til skammtímaúrlausnarefna vegna kreppunnar en einnig kerfislægra þátta sem bæta þarf úr til framtíðar. Jafnframt er mikilvægt að öðlast skilning á ástæðum þess að sumum ríkjum hefur farnast betur að takast á við kreppuna og með mun skilvirkari hætti en öðrum, hvað varðar atvinnustigið, og að mæta þörfum vinnumarkaðarins fyrir aukna færni.

Á þessum grunni munu aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu setja fram ákveðnar tillögur til aðildarríkjanna og stofnana ESB sem þessir aðilar munu síðan fylgja eftir á Evrópuvísu og í einstökum ríkjum.

3. Jafnrétti kynjanna

Aðilar vinnumarkaðarins eru sammála um að frekari aðgerða er þörf til að takast á við kynjamisréttið, þar með talinn launamun kynjanna. Með þetta að markmiði munu aðilar áfram vinna á grunni þeirra forgangsatriða sem sett voru fram í aðgerðaáætlun frá 2005 um kynjajafnrétti. Byggt verður á þeim góðu fordæmum og reynslu sem fengist hefur.

4. Menntun og nám sem æviverk

Áframhaldandi starf, sem miðar að því að þróa færni og auka hæfni einstaklinga, eru sameiginlegir hagsmunir og á sameiginlega ábyrgð launafólks, fyrirtækja og stjórnvalda. Fyrir fyrirtækin er aðgangur að hæfu starfsfólki og frekari þróun þess ein forsenda nýsköpunar og samkeppnishæfni þeirra. Fyrir launafólk er menntun og færni og möguleikinn á að þróa stöðugt og uppfæra þekkingu sína, hæfni og færni alla starfsævina vísasti vegurinn til að fá vinnu og vera virkt á vinnumarkaði.

Árið 2002 settu aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu fram aðgerðaáætlun um þróun færni og hæfni alla ævina. Þessi aðgerðaáætlun er enn í fullu gildi og sama gildir um þau fjögur forgangsatriði sem þar voru sett fram. Tvennt hefur þó komið til eftir 2002 sem taka ber tilliti til: 1) hæfnikröfur sem fylgja græna hagkerfinu; 2) uppfærsla og endurnýjun á færni eldri starfsmanna. Sérstaklega verður tekið á þessum tveimur þáttum til viðbótar við forgangsatriðin fjögur.

5. Hreyfanleiki og innflytjendamál

Í samræmi við það sem aðilar ákváðu í aðgerðaáætluninni 2009–2010 verður áfram unnið að málum er varða hreyfanleika og málefni innflytjenda með það að markmiði að aðlaga aðflutt launafólk að vinnumarkaði og vinnustaðnum.

6. Betri framkvæmd og áhrif samskipta á vinnumarkaði

Sameiginlegt mat aðila á áhrifum samskipta á vinnumarkaði og áskorunum í þeim efnum, sem unnið var 2011, sýnir að þorri aðila vinnumarkaðarins

í Evrópulöndunum hefur jákvæð viðhorf til árangursins af innleiðingu kjarasamninga á Evrópuvísu. Hins vegar hafa aðilar vinnumarkaðarins á Evrópuvísu komist að því að áhrif og innleiðingu álfkra verkfæra verður að bæta, einkum í sumum löndum. Í samræmi við fyrri aðgerðaáætlanir aðila munu þeir áfram vinna að því að bæta framkvæmdina á þessu sviði um alla Evrópu.

7. Möguleikar samtaka á vinnumarkaði

Samskipti á vinnumarkaði þarfnast sterkra samtaka aðila vinnumarkaðarins ef árangur á að nást. Unnið verður áfram að því að efla samtök á vinnumarkaði í aðildarríkjunum, byggt á fyrri reynslu og möguleikum sem til staðar eru. Þá verður sérstaklega horft til þess að aðstoða og efla samtök aðila vinnumarkaðarins við sunnanvert Miðjarðarhaf, einkum þar sem stjórnarskipti hafa orðið í framhaldi af „arabíska vorinu“.

8. Efnahagslegir og félagslegir stjórnunarhættir á vettvangi ESB

Efnahagslegir stjórnunarhættir ESB varða verkefni aðila vinnumarkarins, m.a. hvað varðar málefni eins og kjaramál, lífeyriskjör og kostnað við vinnuafli sem eru grundvöllur vinnumarkaðskerfisins í aðildarríkjunum. Í því ljósi verður unnið að því að móta sameiginlega sýn til þeirrar umræðu sem nú á sér stað um efnahagslega stjórnunarhætti og áhrif á samskipti aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu og í einstökublöndum. Jafnframt er markmiðið að móta sameiginlegar tillögur hvað þetta varðar á viðeigandi stigum.

Framkvæmdastjórn ETUC

Framkvæmdastjórn ETUC kemur saman fjórum sinnum á ári í Brussel og á ASÍ einn stjórnarmann. Hefur forseti ASÍ sótt þessa fundi sem fulltrúi sambandsins. Starf innan ETUC hefur mótast verulega af alþjóðlegri fjármálakreppu og kröfu samtakanna um samræmd viðbrögð framkvæmdastjórnar og aðildarríkja ESB til að draga úr aukningu atvinnuleysis og verja velferðarkerfið. Einnig hafa samtökin átt í viðræðum við Framkvæmdastjórn ESB og Evrópuþingið um leiðir til þess að styrkja stöðu kjarasamninga og kjarasamningabundinna réttinda gagnvart samkeppnisákvæðum innri markaðarins. Í kjölfar þings ETUC í Aþenu í maí 2011 hefur mikil umræða verið um setningu laga eða reglna um lágmarkslaun innan ESB og hefur það valdið nokkrum deilum. Norðurlöndin ásamt Þýskalandi og Ítalíu hafa staðið gegn þessum tillögum, en á þingi DGB (þýska alþýðusambandið) 2010 var samþykkt ályktun um að krefjast lágmarkslauna á tilteknun sviðum. Svo virtist sem Norðurlöndin og Ítalía myndu einangrast í þessari umræðu, en að frumkvæði aðildarsamtaka NFS tókst að sameinast um málamiðlun sem afgreidd var á formannafundi í Kaupmannahöfn í janúar 2012.

NETLEX – Network of legal experts

Árleg ráðstefna lögfræðinga aðildarsamtaka ETUC var haldin í nóvember 2011 og sótti lögfræðingur ASÍ hana. Ítarlega var rætt um viðbrögð stjórnvalda í kjölfar kreppunnar og fram komu miklar áhyggjur vegna tillagna ESB, t.d. á Grikklandi, þar sem embættismenn eru að leggja til vinnustaðauppbyggingu hreyfingarinnar í stað starfs- eða atvinnugreina. Jafnframt er lagt á ráðin um breytingar á umhverfi kjarasamninga t.d. að kjarasamningagerð verði færð inn í fyrirtækin, meiri „sveigjaleiki“ verði í tengslum við ráðningar, t.d. með að lengja tímabundnar ráðningar, uppsagnarreglur verði breyttar, styttri uppsagnarfrestir og auðveldari hópuppsagnir. Einnig kom fram á fundinum að ekki sé nóg að horfa bara til Evrópu heldur þurfi að horfa á allan heiminn. Staðreynd sé að störfum fjölgar samhliða launahækkunum þrátt fyrir það sem haldið er fram. Hætta sé á djúpri kreppu og núverandi bati hafi ekki skapað störf. Atvinnuleysi muni verða talsvert um næstu árum. Víða verði því sótt að. Alþjóðasáttmálar munu að einhverju leyti aðstoða með því að setja hömlur á kröfur Alþjóðagjaldeyrissjóðins.

Hugmyndir eru einnig uppi um breytingar á vinnutímatilskipun ESB. ETUC vill fara varlega í sakirnar. Þann 15. nóvember 2011 var tilkynnt að viðræður muni hefjast en þær verða erfiðar. Hingað til hefur tekið 5 ár að ná engri niðurstöðu. Af 27 ríkjum hafa 25 ekki fullgilt tilskipanir um vinnutíma með réttum hætti. Mikilvægt að verkalýðshreyfingin í einstökum ríkjum eigi frumkvæði að því að höfða mál. Framkvæmdastjórn ESB hefur mestar áhyggjur af því að leyft er að velja sig frá tilteknum ákvæðum sem stjórnin telur andstætt meginreglum Evrópuréttar. Bretar hafa bent á í því efni að Evrópudómstóllinn byggi á því að lög eigi að túlka rúmt og í samræmi við ESB-rétt. Þar af leiðir geti margar kærur til réttarins fallið dauðar vegna þess að ekki er látið reyna á að klára málið fyrir eigin dómstólum. Bent var á mikilvægi þess að nota samþykktir ILO í þessu efni. Fjallað var um túlkun Evrópudómstólsins á skyldunni til félagslegrar samræðu. ETUC hefur vakið athygli á því að dómstóllinn hefur aldrei leitað eftir áliti í málaferlum vegna tilskipana sem orðið hafa til á grundvelli Evrópu-kjarasamninga. Dómur C-149/10 er dæmi um það. Dómstóllinn hefur nú gefið yfirlýsingu þar sem hann lofar að leita álits í framtíðinni en óljóst er hvaða vægi álit okkar fái. Þetta þýðir aukið hlutverk fyrir Litigation network og reglur réttarins í þessu efni og öðrum eru í skoðun af Evrópuþinginu. Loks var gerð grein fyrir stöðu þeirra ríkja, sem verst virðast fara út úr kreppunni, en það eru Ungverjaland og Grikkland.

Fundur hagfræðinga hjá Alþýðusamböndum á Norðurlöndunum

Árlegur fundur hagfræðinga norrænu alþýðusambandanna var haldinn í Helsinki í Finnlandi dagana 7. til 8. júní 2012. Á dagskrá fundarins var almenn kynning á stöðu efnahags- og kjaramála í hverju landi fyrir sig auk almennra umræðna um áhrif niðursveiflunnar á þróun efnahagsmála, ríkisfjármála og lífskjör á Norðurlöndunum. Erfið staða margra Evrópulanda hefur haft áhrif á Norðurlöndunum sérstaklega í Danmörku. Viðsnúningurinn sem menn væntu í fyrra hefur látið á sér standa og útlit er fyrir að atvinnuástand verði áfram slæmt næstu misserin.

Evrópusambandið

Ráðgjafarnefnd um menntamál

Alþýðusamband Íslands á fulltrúa í ráðgjafarnefnd ESB um menntamál. Ráðgjafarnefndin er skipuð fulltrúum aðildarríkja ESB og EES, þremur fulltrúum frá hverju landi, frá stjórnvöldum, samtökum launafólks og atvinnurekendum. Ráðgjafarnefndin hittast að jafnaði tvisvar ári, í byrjun vetrar og síðla vors. Hlutverk ráðgjafarnefndarinnar er að vera framkvæmdastjórn og öðrum stofnunum Evrópusambandsins til ráðgjafar um menntamál.

Vegna annarra verkefna sótti fulltrúi ASÍ ekki fundi ráðgjafarnefndarinnar á tímabilinu.

Ráðstefna um menntamál í Kaupmannahöfn

Haldin var ráðstefna í Kaupmannahöfn á vegum danska forsætisins í Evrópusambandinu 24. og 25. apríl 2012 undir heitinu „Verk- og tæknimenntun VET – Samstarf við atvinnulífið – Að stuðla að nýrri færni, nýsköpun og vexti til framtíðar“.

Ráðstefnan sjálf stóð í einn og hálfan dag en áður bauðst þátttakendum að heimsækja starfsmenntaskóla og fyrirtæki á Kaupmannahafnarvæðinu.

Fram kom þörfin fyrir að endurhugsa „human capital“-kenningar út frá hnattvæðingunni og þeim breytingum sem hún hefur leitt og mun leiða til. Þá kom skýrt fram hjá þeim sem tjáðu sig um efnið að mikilvægt er að Evrópa leggi áherslu á að verja og efla framleiðsluinaðinn samhliða þróun þjónustugreina og annarra þátta. Allt hangi þetta saman og styðji hvert annað.

Almennt má segja að umræðan úti í Evrópu sé lítið frábrugðin því sem er á Íslandi sem í sjálfu sér ætti ekki að koma á óvart. Jafnframt er ljóst að ýmislegt má læra af þessari umræðu og það sem Evrópusambandið og önnur Evrópuríki eru að gera, s.s. varðandi framkvæmd og þróun aðferða við að meta og spá fyrir um hæfni- og færnikröfur í atvinnulífinu til styttri og lengri

tíma. Þar með er talin umræðan um misgengið á milli þarfa atvinnulífsins og færni fólks á vinnumarkaði („skills gap“). Fram kom að auk þeirrar vinnu, sem Starfsmenntastofnun Evrópu (CEDEFOP) innir af hendi í þessum efnum mun OECD í júní kynna stórt verkefni um hliðstætt efni undir heitinu „Skills Strategy“. Því verkefni verður síðan fylgt eftir með mikilli greiningarvinnu og stóru gagnasafni sem kynnt verður haustið 2013.

Ráðstefna Starfsmenntastofnunar Evrópu (CEDEFOP)

Dagana 23. og 24. nóvember 2011 var haldin í Brussel ráðstefna um „Hlutverk aðila vinnumarkaðarins við innleiðingu evrópskra verkfæra og meginreglna“.

Hvað varðar innleiðingu og notkun einstakra verkfæra, sem þróuð hafa verið á Evrópuvísu, er ljóst að aðildarríkin eru mjög misjafnlega á vegi stöðd, bæði almennt og varðandi einstök verkfæri. Þannig er ljóst að hinn svokallaði Evrópski viðmiðarammi – European Qualification Framework (EQF) er almennt lengst kominn af þeim verkfærum sem voru til umræðu. Sums staðar er innleiðingarferlið í gangi og langt komið meðan annar staðar er lengra í innleiðinguna þótt almennt sé stefnt að því að það gerist í síðasta lagi á næsta ári. Hvað varðar „European Credits VET (ECVET)“ og „European Quality Assessment for VET (EQAVET)“ eru löndin allt frá því að vera nánast í byrjunarfasa (t.d. Þýskaland) yfir í að vera komin vel af stað (t.d. Frakkland). Varðandi viðurkenningu á óformlegu og formlausu námi, sem nú er komið á dagskrá á Evrópuvísu, gildir það sama, þ.e. að löndin eru misjafnlega á vegi stöðd. Loks má nefna „Europass“ sem er þróaðast evrópskra verkfæra en hefur ekki fengið mikla almenna útbreiðslu, a.m.k. enn sem komið er.

Í þessu ljósi má segja að Ísland skeri sig ekkert sérstaklega úr, á hvorn veginn sem er. EQF er í þróunarferli og reiknað með að það verði tilbúið á næsta ári. ECVET er ekki komið á byrjunarstig og það sama gildir um EQAVET eftir því sem best verður séð, þótt þáttur eins og evrópska gæðakerfið fyrir fræðsluáðila (EQM), sem er í innleiðingarferli, ætti að vera hluti af slíku kerfi. Varðandi mati á óformlegu og formlausu námi (raunfærnimatið) eru Íslendingar komnir vel af stað og fyrirsjáanleg hröð þróun í þeim efnum á næstu árum. Þá erum við aðilar að „Europass“, þótt það fyrirkomulag hafi ekki fengið mikla útbreiðslu, a.m.k. hvað varðar fólk á vinnumarkaði.

Vinnuvernd á Evrópuvísu

-Bilbao stofnunin og ráðgjafarnefnd um vinnuvernd

Í borginni Bilbao á norður Spáni er Vinnuverndarstofnun Evrópusambandsins. Auk Evrópusambandsins hafa EFTA löndin verið þátttakendur í starfi stofnunninnar frá árinu 2010.

Hlutverk Vinnuverndarstofnunarinnar (EU-OSHA) er þrenns konar. Í fyrsta lagi að sjá til að löndin fylgi reglum um vinnuvernd launafólks. Í öðru lagi að standa fyrir verkefnum sem ætlað er að vekja áhuga og auka skilning á mikilvægi vinnuverndar. Núverandi verkefni er ætlað að sýna fram á að vinnuvernd borgi sig, að þeir fjármunir sem lagðir eru í vinnuvernd komi til baka og yfirleitt margfalt. Í þriðja lagi er hlutverk stofnunarinnar að taka saman skýrslur sem sýna hvernig löndum gengur að verja launafólk fyrir slysum og dauða í vinnu.

Stofnunin samþykkir markmið um hvað gera skuli á næstu árum. Stjórn stofnunarinnar er skipuð 3 fulltrúum frá öllum þeim löndum sem eru aðilar að henni, einum fulltrúa launafólks, einum fulltrúa atvinnurekenda og einum frá stjórnvöldum. EFTA löndin hafa stjórnarmenn, en geta ekki kosið um fjármál og mannráðningar. Að öðru leyti erum við fullgildir þátttakendur í störfum stjórnarinnar.

Ráðgjafarnefnd Evrópusambandsins um vinnuverndarmál (Advisory Committee of Health and Safety) starfar í Luxemborg og er til ráðgjafar um öll málefni á vettvangi ESB sem varða vinnuvernd. Nefndin starfar samkvæmt stefnumótun sem nú er verið að endurnýja og er ætlað að taka yfir árin 2013 til 2020. Í nefndinni eru þrjár fulltrúar hvers lands starfa. Nefndin kemur saman 2 á ári. Fulltrúi ASÍ situr fyrir hönd íslensks launafólks á báðum stöðum.

EFTA – EES

Ráðgjafarnefnd EFTA er samstarfsvettvangur aðila vinnumarkaðarins í EFTA-löndunum. Nefndin hittist að jafnaði fjórum sinnum á ári. Síðla vetrar er í tengslum við fund nefndarinnar haldinn fundur með stjórnarnefnd EFTA („Standing Committee“). Að vori eru í tengslum við fund nefndarinnar haldnir fundir með ráðherrum EFTA-ríkjanna og þingmannanefnd EFTA. Að hausti heldur nefndin vinnufund þar sem farið er yfir þau mál sem eru efst á baugi hverju sinni. Undir lok árs er haldinn fundur með þeim ráðherra EFTA-EES-ríkjanna sem hefur forystu fyrir EFTA hverju sinni. Þá fundar Ráðgjafarnefndin einu sinni á ári með fulltrúum frá Efnahags- og félagsmálanefnd ESB (EESC). Í Ráðgjafarnefndinni sitja 16 fulltrúar samtaka launafólks og atvinnurekenda: sex frá Noregi, fjórir frá Íslandi og Sviss og tveir frá Lichtenstein. Auk þess starfa fulltrúar frá skrifstofu EFTA með nefndinni og sérfræðingar frá aðildarsamtökunum í einstaka málum.

Halldór Grönvold tók við formennsku í Ráðgjafarnefndinni seinni hluta árs 2010 til tveggja ára. Hann er jafnframt formaður Ráðgjafarnefndar EES ásamt einum fulltrúa frá EESC.

Helstu verkefni Ráðgjafarnefndarinnar

Eins og áður fjallaði Ráðgjafarnefndin um fjölmörg mál á tímabilinu. Hún fjallaði ítrekað um innri markaðinn og ályktaði um það efni auk þess að halda vinnufund með Innrimarkaðsnefnd Efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu. Þá var úttekt nefndar, sem norsk stjórnvöld settu á laggirnar til að meta reynsluna af EES-samstarfinu og skilaði af sér í byrjun árs 2012, til ítarlegrar umfjöllunar með áherslu á vinnumarkaðsþáttinn. Einnig hafa ýmsir þættir „Evrópa 2020“-áætlunar Evrópusambandsins og aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verið ítrekað til umfjöllunar á fundum Ráðgjafarnefndarinnar. Loks má nefna samskipti og samninga EFTA-ríkjanna við þriðju ríki og gerð viðskiptasamninga.

Ráðgjafarnefnd EES

Ráðgjafarnefnd EES er skipuð fulltrúum úr ráðgjafarnefnd EFTA (annarra en Svisslendinga) og fulltrúa Efnahags- og félagsmálanefndar ESB, á grundvelli EES-samningsins. Ráðgjafarnefndin fundar einu sinni á ári.

Fundur var haldinn í nefndinni á Akureyri, dagana 2.–4. maí 2012. Á fundinum var fjallað um innri markað EES og greinargerðina sem norsk stjórnvöld létu taka saman um EES-samstarfið og var ályktað um þau efni. Þá var fjallað um þróunina á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins og stöðu aðildarviðræðna Íslands við Evrópusambandið. Loks voru fluttir fyrirlestrar og umræður undir heitinu „Ójöfnuður og félagslegt réttlæti – hvaða lærdóma má draga af reynslunni í Norður Evrópu“.

Alþjóðavinnuumálastofnunin – ILO

101. þing ILO 2012

Í sendinefndinni sátu af hálfu stjórnvalda Kristinn Árnason, sendiherra í Genf, og ásamt honum Gylfi Kristinsson frá velferðarráðuneytinu auk starfsmanna fastanefndarinnar í Genf. Af hálfu samtaka verkafólks sóttu þingið Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og varamaður hans Marianna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum hjá ASÍ og skólastjóri Genfarskólans. Af hálfu atvinnurekenda sátu þingið lögfræðingar SA, þau Hrafnhildur Stefánsdóttir og Álfheiður Sivertsen. Genfarskólann sóttu að þessu sinni þau Björn Eysteinnsson frá RSÍ og Guðrún Halldóra Sveinsdóttir frá SFR.

Meginmálefni

1. Félagsleg lágmarksvernd (Social Protection Floors). Setning leiðbeinandi tilmæla á grundvelli einnar umræðu í stað tveggja, byggð á niðurstöðum 100. þings ILO 2011 og yfirlýsingar ILO 2008 um „Félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu“.

2. Atvinnuleysi ungs fólks.
3. Skýrsla um framkvæmd samþykktu um grundvallarréttindi í atvinnulífínu.
4. Framkvæmd alþjóðasamþykktu.
5. Fjármál.

Kosning framkvæmdastjóra ILO

Daginn fyrir upphaf þingsins í vor kom stjórnin (Governing Body) saman til að kjósa nýjan framkvæmdastjóra en Juan Somavia tilkynnti sl. haust að hann hygðist láta af störfum nk. september, tveimur árum áður en kjörtímabili hans lýkur. Ákveðið var að auglýsa stöðuna lausa og var allt ráðningarferlið einkar gagnsætt og opið. Átta sóttu um stöðuna og var þeim öllum boðið að koma á fund stjórnar í mars og kynna sig og áherslur sínar varðandi framtíð ILO, bæði skriflega og munnlega. Þann 28. maí 2012 var síðan gengið til kosninga í stjórn en til að verða ráðinn þarf a.m.k. meirihluta þeirra 56 fulltrúa sem sitja í stjórn. ASÍ, í samstarfi við norrænu verkalýðshreyfinguna, studdi Guy Ryder með virkum hætti í embætti framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) en Guy var áður leiðtogi Alþjóðasamtaka verkalýðsfélaga (ITUC). Skemmst er frá því að segja að Guy Ryder hlaut örugga kosningu með 30 atkvæði af 56 eftir 5 umferðir. Hann mun taka við embættinu í október nk. af Juan Somavia sem hefur verið framkvæmdastjóri í 13 ár og mun Ryder gegna því næstu fimm árin hið minnsta. Ryder hefur áunnið sér mikið traust bæði innan raða verkalýðshreyfingarinnar en ekki síður meðal stjórnvalda og atvinnurekenda vegna yfirgripsmikillar þekkingar á málefnum vinnumarkaðarins, Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og faglegum vinnubrögðum í nálgun sinni á þeim vandamálum og neikvæðu afleiðingum sem alþjóðavæðingin hefur haft í för með sér. Þess má geta að þetta er í fyrsta sinn sem fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar sest í sæti framkvæmdastjóra Alþjóðavinnuálastofnunarinnar frá stofnun hennar árið 1919 og því miklar væntingar bundnar við kjör Guys. Í ávarpi hans til fulltrúa verkalýðsfélaganna á þinginu þakkaði Guy fyrir þann mikla stuðning sem hann hefur fengið af hálfu allra þeirra sambanda sem hann leitaði til. Jafnframt óskaði hann eftir því að allir hefðu fullan skilning á því að hann yrði að vera framkvæmdastjóri allra þriggja aðilanna að stofnuninni og því þyrfti hann ákveðið svigrúm til þess að geta sinnt öllum skyldum sínum.

Nefnd um lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar (Social Protection Floors)

Gylfi Arnbjörnsson sat í þessari nefnd. Vinnulag nefndarinnar var þannig að fyrir þinginu lá niðurstaða umræðunnar á 100. þingi ILO 2011. Til grundvallar starfi nefndarinnar lá einnig ýtarleg skýrsla skrifstofunnar frá 2011, skýrsla og umræðuniðurstöður nefndar um framkvæmd samþykktu sem sérstaklega hafði

fjallað um framkvæmd ILO S-102 (lágmark félagslegs öryggis – fullgilt hér á landi) og S-168 (aukin atvinna og vernd gegn atvinnuleysi – ófullgilt) auk tilmæla ILO T-67 (viðhald félagslegra réttinda – ófullgilt) og T-69 (stefna í atvinnumálum – ófullgilt). Ákveðið hafði verið að á þessu þingi ILO yrði gengið frá nýjum leiðbeinandi tilmælum til aðildarríkjanna með einni umræðu í stað tveggja. Ljóst er að fjöldamargar alþjóðlegar stofnanir hafa kallað eftir því að ILO takist á við það verkefni að móta lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar en í dag búa 80% jarðarbúa við litla eða enga slíka vernd. Engin önnur stofnun á vegum Sameinuðu þjóðanna hefur haft umboð til setningar slíkra viðmiðana en vegna þríhliða samstarfs stjórnvalda, verkalýðshreyfingar og atvinnurekenda auk aðkomu ýmissa alþjóðlegra félagasamtaka var ILO falið þetta verkefni vegna þess að nauðsynlegt þykir að samræma störf þessara stofnana. Svo virðist sem að um verkefnið ríki nokkur sátt en á 100. þingi ILO tóku fulltrúar WHO (Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar), UNICEF (Barnasáttmáli SP), ISSA (Alþjóðasamtök félagsþjónustuaðila), UNDP (Þróunarstofnun SP), IMF (Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn) og WB (Alþjóðabankinn) þátt í störfum nefndarinnar. Fram kom í umræðum að óásættanlegt væri að ráðleggingar stofnana eins og IMF og WB ynnu gegn markmiðum annarra alþjóðastofnana. Jafnframt ávarpaði Micelle Barcellet, fyrrverandi forseti Síle og formaður UN-Women, fund nefndarinnar en hún fer fyrir sérstakri samræmingarnefnd Sameinuðu þjóðanna um félagslega lágmarksvernd. Það verkefni er samvinnuverkefni þar sem ILO og WHO eru ábyrgðaraðilar en ILO, FAO, IMF, OHCHR, UN Regional Commissions, UNAIDS, UNDP, UNDESA, UNESCO, UNFPA, UNICEF, UNHABITAT, UNHCR, UNODC, UNRWA, WFP, WMO og World Bank eiga einnig aðild að verkefninu. Starfið fór þannig fram að eftir almenna umræðu um þær tillögur, sem lágu fyrir þinginu, var öllum gefið færi á því að leggja fram skriflegar breytingartillögur og fengu hóparnir því rúmlega einn dag til þess að fara yfir innganginn og fyrsta kafla tillögunnar. Í hópi launafólks voru um 80 aðalfulltrúar og svipaður fjöldi varafulltrúa og var Hellen Kelly, forseti Nýsjálenska alþýðusambandsins, kosin talsmaður hópsins og annar tveggja varaformanna þríhliðanefndarinnar. Sendiherra Lúxemborgar, J. Feyder, var kosin formaður þríhliðanefndarinnar og K. De Meester frá atvinnurekendasambandinu í Belgíu var talsmaður atvinnurekenda og hinn varaformaður þríhliðanefndarinnar. Alls bárust um 170 breytingartillögur við þær 23 málsgreinar auk inngangs sem voru í drögum að leiðbeinandi tilmælum um lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar. Í umræðunum var textanum varpað á stórt tjald og hver málsgrein tekin fyrir og tillögum raðað í samræmi við almenn fundarsköp. Í umræðum komu fulltrúar launafólks og atvinnurekenda fram sem einn aðili hvor fyrir sig en fulltrúar ríkisstjórna ýmist hver fyrir sig eða í svæðisbundnum hópum (ESB, Afríka, Suður-Ameríka o.s.frv.). Til

að afgreiða tillögu þurfti meirihluta sem getur orðið til við að fulltrúar vinnu- markaðarins verði sammála og einhver hluti fulltrúa ríkisstjórna. Ef fulltrúar vinnu- markaðarins voru ósammála þurfti meirihluta atkvæða ríkisstjórna til að mynda meirihluta með öðrum hvorum þeirra. Ef ekki náðist samkomulag var hægt að setja fram breytingartillögur og breytingar við breytingartillögur og þær þá afgreiddar í rétttri röð.

Það var aðdáunarvert að fylgjast með þessu vinnulagi, hversu fagleg og yfirveguð umræðan var og hvernig flestir þátttakendur lögðu sig fram um að ná samkomulagi um textann en verja í leiðinni kjarnann í innihaldinu. Eftir næstum tveggja vikna samningaviðræður, bæði í sal, í hópunum og þvert á hópa, til að láta reyna á málamiðlanir tókst að ná samkomulagi sem að mati fulltrúa ASÍ hefur tekið jákvæðum breytingum frá því uppleggi sem lá fyrir fundinum. Í endanlegri útgáfu af leiðbeinandi tilmælum varðandi lágmarksrétt til félagslegrar verndar og velferðar tókst samkomulag milli fulltrúa vinnu- markaðarins með stuðningi ESB-ríkja og ríkja Suður- Ameríku um að styrkja ákvæði varðandi virkar vinnu- markaðsaðgerðir, starfs- og endurmenntun auk grunnmenntunar með áherslu á læsi. Í samþykktinni voru eftirfarandi lykilatriði höfð í fyrirrími: viðurkenning á því að félagsleg velferð er hluti mannréttinda; skuldbinding um að skilgreina bæði lágmarksrétt til félagslegrar velferðar og vinna að því að treysta og bæta þennan rétt fyrir alla; nauðsyn þess að setja altæk lágmark sem skref í þá átt að koma á alhliða félagslegri velferð; að það sé á ábyrgð ríkisins að tryggja altæka félagslega velferð; nauðsyn þess að draga úr óformlega hagkerfinu og ótryggum ráðningum; mikilvægi þess að félagsleg velferð sé fjárfesting í fólki og þróun; nauðsyn ábyrgðar fjármögnunar sem byggir á samtryggingu; viðurkenning á því að starfslok sé hluti af eðlilegu lífsferli; mikilvægi gagnsæis, ábyrgðar og skilvirkar stjórnsýslu; nauðsyn efnislegrar þrífliða samræðu og samstarfs; þörfin fyrir tímaramma fyrir einstök ríki til að innleiða lágmarksrétt til félagslegrar velferðar; og mikilvægi lágmarksréttar til félagslegrar velferðar við að tryggja réttláta hlutdeild allra í þeim ávöxtum sem framþróunin leggur grunn að. Frumvarpið að leiðbeinandi tilmælum var lagt fyrir þingið 13. júní og voru atkvæði greidd um það fimmtudaginn 14. júní. Það styrkir óneitanlega stöðu þessara leiðbeinandi tilmæla að þau voru samþykkt með góðum meirihluta atkvæða.

Nefnd um atvinnuleysi ungs fólks

Ísland átti ekki fulltrúa í þessari nefnd en fulltrúi SA fylgdist með umræðum seinni hluta þingsins. Fyrir þinginu lá ítarleg skýrsla skrifstofu ILO um stöðu atvinnu- mála ungs fólks í aðildarríkjum ILO. Í skýrslunni er atvinnuleysi ungs fólks greint, bæði hvað varðar fjölda og samsetningu í einstökum heimsálfum og löndum þar sem fjallað er um ágengar áskoranir eins og menntun og

vaxandi rötleysi ungs fólks á vinnumarkaði. Einnig er reynt að greina eðli stefnu og aðgerða stjórnvalda víða um heim, m.a. frá síðustu umræðu um atvinnuleysi ungs fólks árið 2005. Farið er yfir breitt svið aðgerða eins og efnahagsaðgerðir, virkar vinnumarkaðsaðgerðir, frumkvöðlaverkefni, réttindi og stofnanir vinnumarkaðarins, félagslega vernd og fleira sem hefur áhrif á framboð og eftirspurn, magn og gæði þeirra starfa sem eru í boði. Einnig er farið stuttlega yfir aðgerðir og stuðning ILO við aðildarríkin, hvernig þeim er skipt og fjallað um lykilsamstarfsaðila með áherslu á atvinnuleysi ungs fólks. Að lokum er reynt að draga saman niðurstöður af þessari greiningu og sett fram atriði til umræðu um leiðir og úrræði. Nokkuð var tekist á um áherslur í nefndinni þar sem fulltrúar atvinnurekenda og ýmissa ríkisstjórna vildu leggja áherslu á sveigjanleika og óhefðbundin ráðningarform, þar sem verulega yrði dregið úr réttindum og kjörum ungs fólks með þeim rökum að þá yrðu fyrirtæki viljugri til að ráða það til vinnu. Að lokum tókst að ná niðurstöðu sem sæmileg sátt var um og var hún afgreidd af þinginu þann 13. júní.

Nefnd um endurtekna umræðu um grundvallarsamþykktir ILO

Ísland átti ekki fulltrúa í þessari nefnd en verkefni hennar var að fjalla um mikilvægi grundvallarsamþykktar ILO í sambengi við umboð stofnunarinnar. Með þessu starfi gafst upplagt tækifæri til þess að fara yfir hlutverk, þarfir og forgangsröðun stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins varðandi stefnu ILO og leggja þannig grunn að starfi og umboði skrifstofunnar á næstu misserum. Fulltrúi framkvæmdastjóra ILO, Guys Ryder, lagði áherslu á að þetta væri í fyrsta sinn sem þessi vinna færi fram varðandi grundvallarsamþykktir ILO þar sem tvær mikilvægustu yfirlýsingar ILO lögju til grundvallar: Yfirlýsing ILO varðandi grundvallarreglur og réttindi á vinnustað frá 1998 og Yfirlýsing ILO varðandi félagslegt réttlæti og sanngjarna hnattvæðingu frá 2008 í framhaldi af umræðum um atvinnu og félagslega vernd. Fyrir þinginu lá skýrsla skrifstofunnar um stöðu grundvallarsamþykktar ILO og þróun þeirra frá upphafi. Starfið í nefndinni var að mati fulltrúa launafólks gott og lögðu bæði atvinnurekendur og stjórnvöld sig fram um að ná sameiginlegri niðurstöðu og tókst það.

Nefnd um framkvæmd Alþjóðasamþykktar

Mikill ágreiningur varð í nefndinni um framkvæmd alþjóðasamþykktar eftir að fulltrúi atvinnurekenda setti fram alvarlega gagnrýni á bæði stöðu og hlutleysi skrifstofunnar og eins á sjálfstæði sérfræðinganevndarinnar sem fullyrt var að gengi erinda skrifstofunnar. Jafnframt tóku atvinnurekendur upp áratugagamla deilu um gildi álits sérfræðinganevndarinnar, sem þeir töldu oftúlkað, og lögðu fram tillögu um að framvegis yrði settur fram texti fremst í skýrsluna um að hún væri einungis niðurstaða þessara einstaklinga en að opinbert álit ILO væri að finna í niðurstöðu þinga ILO um álit þessarar nefndar. Sérstaklega voru atvinnu-

rekendur ósáttir við að sérfræðinganefndin hefði túlkað samþykkt ILO nr. 87 um rétt til þess að stofna stéttarfélög og gera kjarasamninga á þann hátt að þessi samþykkt tryggði stéttarfélögum einnig réttinn til þess að fara í verkföll. Þetta kæmi hvergi fram í samþykktinni og það væri óþolandi að sérfræðinganefndin gæfi samþykktum meira innihald en samið hefði verið um á þingum ILO. Þessu mótmæltu fulltrúar launafólks og allmargra ríkisstjórna því löng hefð væri fyrir sjálfstæði sérfræðinganefndarinnar og jafnframt hefði þessi skilningur sérfræðinganefndarinnar þegar verið staðfestur m.a. af Evrópudómstólum og Mannréttindadómstól Evrópu í Strassborg. Atvinnurekendur lýstu því yfir að þeir væru ekki tilbúnir til þess að setja saman lista yfir þau mál sem rædd yrðu á þinginu en löng hefð er fyrir því að fulltrúar vinnuarkaðarins veldu þau 25 mál sem rædd yrðu á þinginu án afskipta ríkisstjórna. Ástæða þessa er að málin eru í reynd kærur á stjórnvöld og þau því vanhæf til þess að taka þátt í ákvörðun um þennan lista. Þessi hótun atvinnurekenda var því í reynd neitunarvald sem þeir beittu til að þvinga fram ákveðna niðurstöðu varðandi bæði umboð og hlutverk skrifstofunnar og sérfræðinganefndarinnar. Gekk þetta svo langt að þeir gengu út af fundi sem aldrei hefur gerst áður í samskiptum ríkisstjórna, verkalýðshreyfingar og samtaka atvinnurekenda á vettvangi ILO. Af hálfu fulltrúa launafólks var því haldið fram að nefndin hefði ekkert umboð til þess að fjalla um þessi álitamál sem atvinnurekendur legðu fram; það væri í verkahring stjórnarinnar að fjalla um slíkt og hún kæmi ekki saman fyrr en í nóvember. Eftir margra daga þóf og þras tókst að fá flestar ríkisstjórnir til þess að samþykkja þessa málsmeðferð og þegar það lá fyrir féllust atvinnurekendur einnig á niðurstöðuna enda meirihluti tryggður. Þegar hér var komið sögu var langt liðið á þingið og ljóst að enginn umræða yrði í þríhliðanefndinni um kærur vegna brota á samþykktum ILO. Með þessu upphlaupi hafa alþjóleg samtök atvinnurekenda í reynd slegið skjaldborg um þau ríki og atvinnurekendur sem ganga hvað harðast fram gegn launafólki. Á stöðum eins og Dóminíska lýðveldinu, Kólumbíu, Gvatemala, Fídjí, Máritaníu og Senegal sæta verkalýðsforingjar og trúnaðarmenn gjarnan barsmíðum eða þeir eru myrtir fyrir að tala máli félaga sinna. Sharan Burrows, framkvæmdastjóri Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC), fór hörðum orðum um afstöðu atvinnurekenda í viðtali á heimasíðu ITUC. „Atvinnurekendur hér á þinginu reyna að breiða yfir það ofbeldi sem margir af okkar félagsmönnum búa við og þeir gera allt til að komast hjá alþjóðlegri rannsókn á ástandinu en það er einmitt leiðin sem gæti bjargað mannlífum og fækkað brotum á launafólki og réttindum þess. Á síðasta ári voru 29 félagsmenn í verkalýðsfélögum drepnir í Kólumbíu en atvinnurekendum finnst engin ástæða til að ræða það né öldu skelfilegra ofbeldisverka á hendur okkar félagsmönnum í Gvatemala og Swazílandi“, segir Sharon Burrows og bætir við. „ILO er byggt á hugsjóninni um félagslegt réttlæti til handa launafólki um allan heim og virðingu fyrir lögum

sem snúa að launafólki. Það er því afar dapurlegt að horfa upp á atvinnurekendur taka umræðu um þessi mál í gíslingu á þessu þingi, sérstaklega þar sem verkfallsrétturinn er mjög víða varinn í lögum, stjórnarskrám og Evrópudómstóllinn og Mannréttindadómstóllinn í Strassborg hafi staðfest hann.“ Niðurstaðan var að nefndin óskaði eftir því að framkvæmdastjóri ILO gerði stjórn ILO grein fyrir þessari umræðu og stöðu og að stjórnin eftir þríhliða viðræður á næstu vikum tæki málið fyrir á fundi sínum í nóvember.

Fjárlög ILO

Hefðbundin fjárlög voru samþykkt án raunhækkunar, þ.e. fjárlagaliðir voru hækkaðir m.v. verðbólgu frá síðasta þingi. Þetta felur í sér talsverðar kröfur um sparnað en var engu að síður umdeilt þar sem stærstu skattgreiðendur til stofnunarinnar börðust hart fyrir því að sambærileg niðurstaða yrði fengin eins og í síðustu áætlun sem felur í sér mjög mikinn niðurskurð. Á þessu þingi var farið yfir framvinduna og stöðu innheimtu ásamt endurskoðun á álgögðum gjöldum.

Forseti ASÍ ávarpar Aung San Suu Kyi

Á lokadegi þingsins ávarpaði Aung San Suu Kyi þingið þar sem hún þakkaði ILO fyrir framlag samtakanna við að koma á lýðræði og mannréttindum í Myanmar eða Burma, en ILO hefur verið mikill gerandi í beinum viðræðum Sameinuðu þjóðanna við herforingjastjórnina í landinu sl. 20–25 ár. Af hálfu norrænu sambandanna hefur þessi barátta í Burma verið ofarlega á baugi og hafa norrænar ríkisstjórnir einnig látið að sér kveða. Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, hafði þann heiður að ávarpa Aung San Suu Kyi fyrir hönd norrænu sambandanna þegar hún heimsótti fulltrúa verkalýðsfélaganna eftir að hún hafði flutt ávarp sitt. Hann sagði m.a.:

„Það er mér mikill heiður að fá að ávarpa þig fyrir hönd Norrænu verkalýðshreyfingarinnar og þakka þér þannig fyrir langa og friðsamlega baráttu fyrir friði og lýðræði í Myanmar og þá áherslu sem þú hefur lagt á mannréttindi, þar með talin réttindi launafólks.

Okkur langar einnig að óska þér til hamingju með þær mikilsverðu breytingar sem barátta þín hefur skilað í heimalandi þínu Myanmar, en þær breytingar sem þar hafa orðið til batnaðar eru ekki síst þinni baráttu að þakka. Á sama tíma teljum við nauðsynlegt að umbótaferlið haldi áfram og þá undir eftirliti alþjóðastofnanna. Norræn verkalýðshreyfing fagnar einnig tryggingu sem gefin hefur verið fyrir því að forystumenn í verkalýðshreyfingu Búrma fái að snúa heim aftur án afskipta stjórnvalda.

Eins og þú hefur vafalaust tekið eftir hefur Norræna verkalýðshreyfingin stutt af alefli það starf sem Alþjóðavinnuálastofnunin (ILO) hefur

lagt í til lausnar málum Myanmar auk þess að styðja Samband verkalýðsfélaga í Búrma.

Okkur langar einnig að þakka þér af heilum hug fyrir þann baráttustíl sem þú hefur tileinkað þér í friðsamlegri vinnu þinni fyrir grundvallarmannréttindum og lýðræði í Myanmar. Við þökkum fyrir þá reisn sem þú hefur sýnt, einbeiti og einörðu staðfestu. Það sem þú hefur gert minnir okkur öll á að mannréttindabarátta er ekki einkamál nokkurra heldur eitthvað sem á að snertir okkur öll. Þar skiptir úthald, seigla og einbeiting miklu máli því það eru verkfæri sem geta leitt okkur til sigurs. Félagar okkar um allan heim treysta á verkalýðshreyfinguna þegar kemur að réttindabaráttu og þar hefur þú svo sannarlega verið okkur öllum góð fyrirmynd.

Það er sérstakt ánægjuefni fyrir okkur í norrænu verkalýðshreyfingunni að verða vitni að því eftir 21 árs bið að þú fái loksins afhent friðarverðlaun Nóbels sem þú átt svo sannarlega skilið fyrir þína friðsamlegu mannréttindabaráttu.

Frú Aung San Suu Kyi – ég vil ítreka enn og aftur hollustu okkar og samstöðu þegar kemur að baráttu fyrir grundvallar mannréttindum og lýðræði verkafólks og annara íbúa Mynamar og í raun hvar sem er í heiminum þar sem bræður okkar og systur þurfa að berjast fyrir réttindum sínum sem einstaklingar og launamenn.

Þakka þér.

Einnig tók forseti ASÍ þátt í sérstakri móttöku fyrir hönd norrænu samtakanna til heiðurs Aung San Suu Kyi af hálfu fulltrúa ríkisstjórna, samtaka atvinnurekenda og launafólks.

Genfarskólinn

Genfarskólinn starfaði að venju með miklum krafti og er núverandi skólastjóri Marianna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum hjá ASÍ. Genfarskólinn er skóli á vegum norrænu verkalýðshreyfingarinnar sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuárástofnunarinnar. Íslensku þátttakendurnir, þau Björn Eysteinnsson frá RSÍ og Guðrún Halldóra Sveinsdóttir frá SFR, tóku virkan þátt í starfi skólans ásamt 32 öðrum nemendum frá öðrum norrænum löndum. Nemendur fylgdust með störfum mismunandi nefnda þingsins, fengu fyrirlestra um starfsemi ILO og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Unnið var í ákveðnum málefnaþópum og í lok þingsins skilaði hver hópur skýrslu um þann málaflokk sem hann valdi að fylgja eftir á meðan á þinginu stóð.

Mat o.fl.

Gylfi Arnbjörnsson var fulltrúi launafólks á þinginu og tók þátt í starfi nefndarinnar um leiðbeinandi tilmæli um lágmarksrétt til félagslegrar verndar

og velferðar. Mikil vinna var við samninga um orðalag og því ekki tækifæri til að taka þátt í öðrum nefndum. Því miður er sendinefnd Íslands það fámenn að ekki er hægt að manna nefndir en æskilegt væri að geta mannað a.m.k. 2 helstu nefndir hvers þings. Gylfi Kristinsson, fulltrúi stjórnvalda á þinginu, var lykilmáður fyrir alla íslensku sendinefndina í samstarfi Norðurlandanna á þinginu en það er talsvert. Löng hefð er fyrir því að Norðurlöndin eigi 3 af 56 fulltrúum í stjórn, einn frá launafólki, einn frá atvinnurekendum og einn frá ríkisstjórnunum. Nú á danska ríkisstjórnin þar sæti, danskur atvinnurekandi og fyrsti varaformaður LO í Noregi. Að sögn Gylfa stendur Íslandi til boða að skipa fulltrúa í stjórn ILO f.h. ríkisstjórna næst þegar kostið verður árið 2014. Ísland þarf að axla meiri ábyrgð í þessu starfi, bæði með þátttöku í stjórn stofnunarinnar, eins og kostur er, og einnig með því að stjórnvöld geri okkur kleift að senda fleiri fulltrúa á þingin en ekki eins og nú er með lágmarkspátttöku og lágmarkskostnaði. Þingið var starfsamt og dagskrá þétt og er það í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á fyrirkomulagi þess eins og áður hefur verið gerð grein fyrir.

Þríhliða nefnd ILO á Íslandi

Á síðasta starfsári voru hins vegar haldnir fjórir fundir. Staðan varðandi staðfestingu og umræðu um nýjar samþykktir og tilmæli er óbreytt frá síðustu skýrslu sem þýðir að engin samþykkt hefur verið staðfest af Íslands hálfu frá því Samþykkt nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlaugar aðgerðir til að afnema hana var staðfest á árinu 2000. Vinnu er lokið hvað varðar samþykktir um farmenn, fiskimenn og persónuskilríki sjómanna svo og rammisamþykkt um aðbúnað og hollustuhætti en engu að síður hafa þessar samþykktir ekki verið staðfestar. Frágangi og þýðingu viðbóta við Félagsmálasáttmála Evrópu hefur ekkert miðað.

Norræna ILO-samstarfið

Fulltrúar norrænu verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum hittust þrisvar á síðasta starfsári. Á þessum fundum er afstaða til einstakra dagskrármála í stjórnarnefnd ILO rædd auk þess sem ILO-þingin eru undirbúin og verkum og ábyrgð skipt vegna þeirra. Af hálfu ASÍ voru 2 þessara funda sóttir.



Stjórn ASÍ-UNG 2012-2014.

Lagabreytingar og skipulagsmál

Laganefnd

Laganefnd kom saman á fimm fundum á starfsárinu og afgreiddi á þeim fundum sínum umsagnir og tillögur til miðstjórnar um breytingar á lögum 13 aðildarféлага og eins sambands. Í flestum tilvikum var um einfaldar lagabreytingar að ræða sem ekki varða lög ASÍ. Í tilviki Verkalýðs- og sjómannafélags Sandgerðis var breyting frá aðalfundi félagsins þann 21. maí 2012 varðandi skilyrði um lögheimili stjórnarmanna ekki staðfest og jafnframt gerð krafa um að öll skilyrði þess efnis yrðu felld úr lögum félagsins á næsta aðalfundi þess.

Skipulags- og starfsháttanefnd

Skipulags- og starfsháttanefnd kom saman á 2 fundum á starfsárinu. Á síðari fundi nefndarinnar var fjallað um úthlutun þingfulltrúa á 40. þing ASÍ og á þeim fyrri gerð eftirfarandi samþykkt um breytingar á lögum og reglugerðum ASÍ og hún lögð fyrir miðstjórn:

1. Breytingar á 2. mgr. 5. gr. laga ASÍ

2. mgr. hljóðar svo:

„Í lögum þessum merkir hugtakið aðildarsamtök öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild. Hugtakið aðildarfélög merkir öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild.“

Tillaga að nýrri 2. mgr.:

„Í lögum þessum merkir hugtakið aðildarsamtök **landssambönd**, öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild. Hugtakið aðildarfélög merkir öll félög einstakra sambanda og félög með beina aðild.“

Greinargerð:

Við frágang laga ASÍ hefur orðið landssambönd fallið niður. Þetta sést glögglega þegar löggin eru lesin.

Afstaða skipulags- og starfsháttanefndar: Tillagan samþykkt.

2. Breytingar á 2. mgr. 19. gr.

2. mgr. hljóðar svo:

„Um starfsemi skrifstofunnar gildir reglugerð sem samþykkt er af sambandsþingi.“

Tillaga að nýrri 2. mgr.:

„Um starfsemi skrifstofunnar gildir reglugerð sem samþykkt er af **sambandsþingi miðstjórn**.“

Greinargerð:

Í 1. mgr. segir:

„Alþýðusambandið hefur aðsetur og skrifstofu sína í Reykjavík. ASÍ er stjórnad af miðstjórn sem kosin er á þann hátt sem lýst er í 33. gr.“

Með því að miðstjórn er falið það hlutverk að bera ábyrgð á skrifstofu ASÍ og þar með daglegri starfsemi sambandsins verður að telja eðlilegt að ákvarðanir um skipulag starfsemi skrifstofunnar séu einnig á valdi miðstjórnar. Þar við bætist að þegar sambandsþing á tveggja ára fresti hafa tekið við af ársfundum getur bið eftir samþykki þingsins hamlað eðlilegum breytingum og framþróun í starfsemi skrifstofunnar.

Afstaða skipulags- og starfsháttanefndar: Tillagan samþykkt. Í umræðunum kom fram að eðlilegt og rétt væri að kynna framkomna tillögu að breyttri reglugerð um starfsemi skrifstofu ASÍ á sambandsþinginu í haust og gefa þingfulltrúum tækifæri til að taka afstöðu til hennar óháð því hvort þessi tillaga verður samþykkt.

3. Breytingar á heiti V. kafla og afleiddar breytingar

Núverandi heiti:

„Þing og starfsemi ASÍ-UL“

Tillaga að nýju heiti:

„Þing og starfsemi ASÍ-UNG“

Jafnframt verði lögum ASÍ breytt þannig að þar sem nú stendur „ASÍ-UL“ í lögnum komi í staðinn „ASÍ-UNG“.

Greinargerð:

Tillaga um nýtt heiti á ungliðasamtökum ASÍ er sett fram að tillögu stjórnar ASÍ-UL.

Afstaða skipulags- og starfsháttanefndar: Tillagan samþykkt.

4. Breytingar á 2. mgr. 39. gr.

2. mgr. hljóðar svo:

„Til þess að tillaga teljist samþykkt á formannafundi þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða skv. 1. mgr. og atkvæði meirihluta þeirra formanna sem fundinn sækja.“

Tillaga að nýrri 2. mgr.:

„Til þess að tillaga teljist samþykkt á formannafundi þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða skv. 1. mgr. og atkvæði meirihluta þeirra formanna sem fundinn sækja.“

Greinargerð:

Í 1. mgr. segir:

„Formenn aðildarfélaga og deilda sambandanna fara með atkvæðisrétt á formannafundum í samræmi við útlutadán fjölda fulltrúa hvers um sig á næstliðnu sambandsþingi. Í fjarveru þeirra fara varaformenn aðildarfélaga og deilda sambandanna með atkvæðisrétt á formannafundum. Miðstjórnarmenn (aðal- og varamenn), sem ekki eru jafnframt formenn aðildarfélaga eða deilda sambanda fara með eitt atkvæði hver sem og formaður ASÍ-UL.“

Þá segir í 5. mgr. 29. gr.:

„Formaður ASÍ-UL á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum.“

Af framanskráðu má vera ljóst að það er ekki ætluð að einskorða atkvæðaréttinn við þá formenn, sem sækja fundinn, en ekki aðra svo sem varaformenn sem sækja fundinn í þeirra stað, formann ASÍ-UL eða miðstjórnarmenn. Í því ljósi er lagt til að orðið „formanna“ verði fellt út úr 2. mgr. 39. gr.

Afstaða skipulags- og starfsháttanefndar: Tillagan samþykkt.

5. Tillaga að nýrri 4. mgr. 49. gr.

3. mgr. hljóðar nú svo:

„Um skil og gerð ársreikninga fer skv. 47. gr. laga þessara. Fimmta hvert ár að minnsta kosti skal stjórn sjúkrasjóðsins fá tryggingafræðing eða löggiltan endurskoðanda til þess að meta framtíðarstöðu sjóðsins og semja skýrslu til stjórnar um athugun sína. Stjórn sjóðsins skal skila skrifstofu ASÍ úttekt þessari með ársreikningi viðkomandi árs.“

Tillaga að nýrri 4. mgr. (aðrar málsgreinar færast aftar):

„Miðstjórn ASÍ getur með sérstakri reglugerð óskað eftir frekari upplýsingum frá stjórnnum sjúkrasjóðanna um starfsemi þeirra og greiðslur bóta í þeim tilgangi að geta hagsmuni sjóðsfélaga og styðja þá, s.s. á sviði starfsendurhæfingar.“

Greinargerð:

Í 3. mgr. 49. gr. er fjallað um skyldu til að skila ársreikningum til ASÍ, sbr. 47. gr. laganna. Þar er jafnframt kveðið á um skyldu stjórna sjúkrasjóða aðildarsamtakanna til að skila úttekt löggilts endurskoðanda á framtíðarstöðu þeirra.

Eftir stofnun VIRK hefur samspil trygginga launafólks (veikindaréttur / slysaréttur / almannatryggingar / VIRK o.fl.) aukist. Styrkja þarf upplýsingagjöf sjúkrasjóðanna og vinna frekar úr ársreikningum, tryggingafræðilegum niðurstöðum og ópersónugreinanlegum upplýsingum mögulega til þess að ná utan um þetta samspil og til þess að geta brugðist við með videigandi hætti. Með nýrri 4. gr. er hugmyndin að mæta framangreindum þörfum.

Verði 4. mgr. samþykkt færast aðrar málsgreinar aftar; þannig verður núverandi 4. mgr. að 5. mgr. o.s.frv.

Afstaða skipulags- og starfsháttanefndar: Nefndin fellst ekki á þessa tilögu. Helstu sjónarmið sem komu fram í umræðunni voru eftirfarandi:

Eðlilegt er að Alþýðusambandið leggi áherslu á að fylgja eftir nógildandi ákvæðum laganna um að sjúkrasjóðir láti framkvæma og skili inn tryggingafræðilegri úttekt á framtíðarstöðu sjóðanna, sem misbrestur er á, áður en farið er að gera ríkari kröfur um upplýsingaskil.

Óljóst er hvaða upplýsingar það eru sem óska á eftir, hvernig á að nota þær og til hvers. Greinargerðin hjálpar þar lítið.

Það er ekkert sem hindrar að ASÍ sendi út óskir til sjúkrasjóðanna ef og þegar liggur fyrir hvaða upplýsinga er óskað eftir og til hvers eigi að nota þær.

Tengt þessar umræðu varð hins vegar mikil umræða um stöðu sjúkrasjóðanna og versnandi afkomu margra þeirra, bæði vegna aukinnar ásóknar (þar sem aðilar eins og TR, tryggingafélögin og lífeyrissjóðirnir gera í vaxandi mæli kröfu til þess að einstaklingar byrji á að fullnýta rétt sinn í sjúkrasjóðunum) og minnkandi tekna. Þetta hefði leitt til þess að margir sjóðir hefðu þurft að draga úr réttindum niður að lágmarkum skv. lögum ASÍ, sem jafnvel væri ekki nóg.

Fram kom sú ábending varðandi verðtryggingu dagpeninga að eðlilegt sé að taka viðmiðið til skoðunar þar sem kjarasamningsbundnar launahækkningar hafa og eru mismunandi eftir starfshópum.

6. Breytingar á reglugerð fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ

Lagt er til að reglugerð fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ verði svohljóðandi:

Reglugerð fyrir starfsemi skrifstofu ASÍ

1. gr.

Skrifstofa Alþýðusambands Íslands skal undirbúa og hrinda í framkvæmd

ákvörðunum **sambandsþinga** ársfunda ASÍ og kjörinnar forystu sambandsins, miðstjórnar og forseta.

2. gr.

Miðstjórn samþykkir starfs- og fjárhagsáætlun fyrir skrifstofu ASÍ fyrir hvert starfsár.

Miðstjórn skipar starfsnefndir sem vinna með skrifstofunni að undirbúningi og framkvæmd stefnu Alþýðusambands Íslands á milli **sambandsþinga** ársfunda. Miðstjórn skipar fulltrúa úr sínum hópi til að starfa með nefndunum í samræmi við nánari reglur sem miðstjórn setur.

Við skipan í nefndir og ráðningu starfsmanna á skrifstofu skal leitast við að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

3. gr.

Forseti er fulltrúi miðstjórnar á skrifstofu ASÍ og starfar í umboði hennar. Varaforseti er staðgengill forseta.

4. gr.

Stjórnun á daglegri starfsemi skrifstofu ASÍ skal vera í höndum forseta og framkvæmdastjóra í umboði miðstjórnar.

Forseti kemur fram fyrir hönd Alþýðusambandsins innan og utan hreyfingarinnar í stærri málum.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegri starfsemi skrifstofunnar sem byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem samþykkt er af miðstjórn.

5. gr.

Ramminn fyrir skipulag starfsemi skrifstofu ASÍ skal vera með þeim hætti sem sýnt er á eftirfarandi skipuriti.



6. gr.

*Miðstjórn setur nánari reglur um skipulag og starfsemi skrifstofu ASÍ.
Þannig samþykkt með áorðnum breytingum á þingi ASÍ 2012.*

Greinargerð:

Breytingarnar, sem lagðar eru til, eru tvíþættar. Annars vegar kemur „sambandsþinga“, þar sem nú stendur „ársfunda“. Hins vegar er lagt til nýtt skipurit, sbr. 5. gr., í stað þess sem er í núgildandi reglugerð:

Nýtt skipurit skv. tillögunni endurspeglar mun betur starfsemina á skrifstofu ASÍ, eins og hún hefur þróast, en það eldra.

Afstaða skipulags- og starfsháttanefndar: Tillagan samþykkt. Áhersla á að kynna breytingartillöguna á þinginu í haust og ræða hana óháð því hvor breytingin á 19. gr. verði samþykkt.

7. Breytingar á reglugerð fyrir Listasafn ASÍ

Lagt er til að reglugerð fyrir Listasafn ASÍ verði svohljóðandi:

Reglugerð fyrir Listasafn ASÍ

1. grein

Safnið heitir Listasafn Alþýðusambands Íslands (Listasafn ASÍ). **Safnið er eign Alþýðusambands Íslands og fer miðstjórn ASÍ með yfirstjórn þess.**

2. grein

Safnið er eign Alþýðusambands Íslands. Safnið er stofnað samkvæmt ósk og að frumkvæði Ragnars Jónssonar forstjóra til minningar um Erlend Guðmundsson í Unuhúsi. **Miðstjórn ASÍ fer með yfirstjórn þess.**

3. grein

Aðalhlutverk safnsins skal vera

- a) að varðveita og hafa til sýnis fyrir almenning listaverk þau, sem Ragnar Jónsson gaf ASÍ til eignar hinn 17. júní 1961, svo og önnur listaverk sem safnið á og kann að eignast;
- b) að koma íslenskri myndlist á framfæri við almenning;
- c) að reka sýningarsal og skylda starfsemi.

Safnið skal í hvívetna stuðla að því að íslensk myndlist nái til almennings með sýningum sem víðast og því er heimilt að eiga samvinnu við aðra aðila í því sambandi.

Safnið starfar samkvæmt gildandi safnalögum og fylgir siðareglum Alþjóðaráðs safna, International Council of Museums (ICOM).

4. grein

Starfsfé safnsins eru skatttekjur frá verkalýðsfélögum innan ASÍ eins og þær

eru ákveðnar í lögum ASÍ, framlög til safnsins af hálfu hins opinbera og eigin sjálfsafletekjur.

Allur arður af starfseminni rennur til safnsins sjálfs.

Reikningar safnsins skulu gerðir upp árlega miðað við almanaksárið og endurskoðaðir af kjörnum endurskoðendum ASÍ og löggiltum endurskoðanda þess.

Reikningar safnsins skulu ásamt fjárhagsáætlun næsta árs lagðir fyrir miðstjórn og ársfund ASÍ. Ársreikningarnir skulu lagðir fyrir sambandsþing ASÍ til fullnaðarafgreiðslu.

5. grein

Daglega stjórn safnsins í umboði miðstjórnar annast rekstrarstjórn. Hún skal skipuð þrem mönnum sem miðstjórn kys til tveggja ára í senn.

Miðstjórn ræður forstöðumann safnsins. Rekstrarstjórn hefur umsjón með daglegum rekstri og ber ábyrgð á fjármálum þess gagnvart miðstjórn og tekur endanlegar ákvarðanir í umboði hennar um allan rekstur safnsins. Fyrir lok nóvember ár hvert skal rekstrarstjórn leggja nákvæma rekstraráætlun fyrir miðstjórn sem hún skal afgreiða.

Allar ákvarðanir, sem fela í sér miklar breytingar á starfsemi safnsins, skulu þó bornar undir miðstjórn til samþykktar eða synjunar.

6. grein

Við safnið skal starfa þriggja manna listráð. Forstöðumaður safnsins skal eiga sæti í ráðinu og vera formaður þess. Auk þess skipar miðstjórn tvo listfræðinga til setu í ráðinu til tveggja ára í senn.

Miðstjórn ASÍ skal ákveða þóknun til listfræðinganna fyrir setu í ráðinu.

Listráðið skal vera rekstrarstjórn og miðstjórn til ráðuneytis um allt sem lýtur að listfræðilegum málum. Allar umsóknir um afnot af sýningarsal safnsins skulu lagðar fyrir listráðið. Þá skal listráðið fjalla um sýningar, sem efnt er til á vegum safnsins, hvort sem er í sýningarsal þess eða annars staðar. Ef til greina kemur að safnið þiggi listaverk að gjöf eða kaupi listaverk skal slíkt lagt fyrir listráðið.

7. grein

Safnið skal starfrækja fræðslu- og kynningarsýningar um íslenska myndlist utan safnsins, á vinnustöðum, í húsakynnum verkalýðsfélaga eða opinberra stofnana.

Rekstrarstjórn skal ákveða gjaldskrá fyrir þessa þjónustu.

8. grein

Komi til þess að safnið verði lagt niður skal safnkosturinn renna til sambærilegrar stofnunar.

Breytingar á reglugerð þessari verða aðeins gerðar af ársfundi Alþýðusambands Íslands

9. grein

Breytingar á reglugerð þessari verða aðeins gerðar af þingi Alþýðusambands Íslands og taka þær gildi þegar við samþykkt.

Þannig samþykkt með áorðnum breytingum á þingi ASÍ 2012. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð:

Breytingarnar, sem lagðar eru til á reglugerðinni, eru tvíþættar. Annars vegar eru lagðar til smávægilegar breytingar varðandi skipan texta og vegna breytingarinnar úr ársfundum í sambandsþing. Hins vegar eru lagðar til efnisbreytingar í 3., 4. og 8. gr. til að mæta kröfum sem gerðar eru af Safnasjóði vegna styrkveitinga úr sjóðnum. Jafnframt eru þessar breytingar taldar eðlilegar í ljósi stöðu og starfsemi Listasafns ASÍ.

Afstaða skipulags- og starfsháttanefndar: Tillagan samþykkt.

8. Tillaga VM- Félags vélstjóra og málmþæknimanna um breytingar á 16. gr. laga ASÍ

Greinin er nú svohljóðandi:

„Heimilt skal aðildarfélagi að ákveða kjörtímabil stjórnar sinnar og trúnaðarmannaráðs tvö ár, en aðalfund skal halda árlega og þar flutt skýrsla stjórnar og lagðir fram og afgreiddir reikningar félagsins áritaðir aflöggiltum endurskoðanda.

Aðalfundur skal haldinn innan 5 mánaða frá því að reikningsári lýkur. Hann skal boðaður með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.“

Tillaga að nýrri 16. gr. er svohljóðandi:

„Heimilt skal aðildarfélagi að ákveða kjörtímabil stjórnar sinnar, þ.e. formanns til allt að fjögurra ára og annarra stjórnarmanna og trúnaðarmannaráðs til tveggja ára, en aðalfund skal halda árlega og þar flutt skýrsla stjórnar og lagðir fram og afgreiddir reikningar félagsins áritaðir aflöggiltum endurskoðanda.

Aðalfundur skal haldinn innan 5 mánaða frá því að reikningsári lýkur. Hann skal boðaður með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.“

Í greinargerð sem fylgir tillögunni segir:

Frá stofnun VM – Félags vélstjóra og málmæknimanna hefur félagið haldið því fram að eðlilegt væri að kjörtímabil stjórnar og trúnaðarráðs gæti verið allt að fjórum árum og hefði þ.a.l. val um það hvort kosið væri til stjórnar til eins árs eða lengur en þó ekki lengur en til fjögurra ára og til marks um það var gert ráð fyrir því í lögum VM við stofnun þess.

VM vill vekja athygli á að í samböndum innan ASÍ er heimilt að kjósa forystu sambandanna til allt að fjögurra ára.

Afstaða skipulags- og starfsháttanefndar:

Tillaga að breytingu á 16. gr. laga ASÍ:

*„Heimilt skal aðildarfélagi að ákveða kjörtímabil stjórnar sinnar og trúnaðarmannaráðs **allt að fjögur** tvö ár en aðalfund skal halda árlega og þar flutt skýrsla stjórnar og lagðir fram og afgreiddir reikningar félagsins, áritaðir af löggiltum endurskoðanda.*

Aðalfundur skal haldinn innan 5 mánaða frá því að reikningsári lýkur. Hann skal boðaður með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara.“

Í umræðunum kom fram að eðlilegt væri að ákvörðun um kjörtímabil stjórnar og trúnaðarráðs væri á valdi aðildarfélaganna innan eðlilegra marka. Bent var á í því sambandi að kjörtímabil t.d. til alþingis og sveitarstjórna væri fjögur ár og engin umræða væri um að það væri ólýðræðislegt. Einnig kom fram að fundarmenn ættu ekki von á að aðildarfélögin færu í einhverjum mæli að breyta kjörtímabili stjórna og trúnaðarmannaráða frá því sem nú er þrátt fyrir að lögum ASÍ yrði breytt með þeim hætti sem hér er lagt til.

Hvað varðar tillögu VM kom fram að það væri óheppilegt að í lögum ASÍ væri sérstaklega tiltekið að kjörtímabil formanns gæti verið lengra en annarra stjórnarmanna. Slíkt gæti skapað neikvæða umræðu um að verið væri að meðhöndla formenn með sérstökum hætti. Þá var einnig rætt um hvort tilgreina ætti sérstaklega styttra kjörtímabil fyrir trúnaðarmannaráð og var því hafnað á hliðstæðum forsendum, þ.e. að í lögum ASÍ væri ekki rétt að greina á milli stjórna og trúnaðarmannaráða. Jafnframt kom fram að engar líkur væru til þess að aðildarfélögin breyttu kjörtímabili trúnaðarmannaráða í ljósi reynslunnar.

(Vegna umræðu sem varð á fundinum um fullyrðingu í greinargerð, sem fylgdi tillögu VM, var kannað hvaða ákvæði lög landssambandanna hefðu að geyma um kjörtímabil stjórnar. Niðurstaðan skv. vefnum er:

2 ár: SGS, LÍV og SSÍ. 3 ár: Samiðn. 4 ár: RSÍ.)

9. Túlkun á 1. mgr. 29. gr. laga ASÍ

Vegna hugleiðinga sem komið hafa fram um hvernig beri að túlka 1. mgr. 29. gr. laga ASÍ þar sem segir:

„Í tengslum við reglulegt þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launa-
fólks í aðildarfélögum ASÍ (ASÍ-UL).“

Skal áréttað að túlka þetta orðalag rúmt þannig að það feli í sér að þing ASÍ-UL (ASÍ-UNG) skuli haldin annað hvert ár og þá þannig að þau séu í eðlilegu samhengi við regluleg þing ASÍ. Þannig sé tryggt að þing ASÍ-UL geti fjallað um þau mál, sem undirbúin hafa verið til umfjöllunar á sambandsþingi ASÍ eftir því sem kostur er, og jafnframt að þing ASÍ-UL getir komið á framfæri tillögum sínum og ábendingum um þau efni sem eru viðfangsefni reglulegra sambandsþinga ASÍ hverju sinni.

Afstaða skipulags- og starfsháttanefndar: Tillagan samþykkt.

10. Frekari tillögur um lagabreytingar?

Á vettvangi stjórnar ASÍ-UL hafa verið til umræðu frekari breytingar á lögum ASÍ er varða starfsemi ungliðahreyfingarinnar, sbr. 29. gr. laga ASÍ.

Þar hefur tvennt einkum verið til umræðu: Annars vegar breytingar varðandi fyrirkomulag kosninga til stjórnar ASÍ-UL (beint kjör formanns o.fl.); hins vegar breytingar á aldursmörkum þeirra sem geta setið þing ASÍ-UL, og þá til lækkunar.

Vænta má að tillögur þessa efnis berist á næstunni og verða þær þá teknar til umfjöllunar á vettvangi skipulags- og starfsháttanefndar.

Afstaða skipulags- og starfsháttanefndar: Framangreindar upplýsingar voru kynntar og ræddar á fundinum. Fram kom m.a. að eðlilegt væri að kjósa formann ASÍ-UNG sérstaklega. Formleg afstaða var hins vegar ekki tekin til framangreindra hugmynda.

ASÍ-UNG

Stofnþing ASÍ-UNG var haldið 27. maí 2011. Á þinginu var gengið frá samþykktum og þingsköpum fyrir ASÍ-UNG, ályktanir samþykktar og fyrsta stjórn ASÍ-UNG var kjörin. Hana skipuðu Guðni Gunnarson (VM), Guðfinna Alda Ólafsdóttir (VR), Helgi Einarsson (FNIR), Friðrik Guðni Óskarsson (FIT), Elín Jóhanna Bjarnadóttir (Félag málm. Akureyri), Einar Hannes Harðarson (Sjóm. og vélstj.félag Grindavíkur), Elín G. Tómasdóttir (StéttVest), Ása Margrét Birgisdóttir (Eining-Iðja), Sverrir Kristján Einarsson (AFL).

Stjórnin skipti með sér verkum og kaus Helga Einarsson fyrsta formann ASÍ-UNG, Sverri Einarsson varaformann og Elínu Jóhönnu Bjarnadóttur ritara.

Gísli Jósep Hreggviðsson (Mjólkurfræðingafélag Íslands) og Hrefna G. Björnsdóttir (Aldan) komu fljótlega inn í stjórnina úr varastjórn við forföll aðalmanna.

Töluverð umræða fór fram um það á fundum hvernig hægt væri að glæða áhuga ungs fólks á verkalýðsmálum. Voru ýmsar hugmyndir ræddar í því samhengi. Mikilvægi góðrar vefsíðu var þar ofarlega á blaði og hófst vinna við vefsíðu á árinu 2012. Vefsíðan með lélinu www.asiung.is fór svo í loftið 14. september 2012 eða sama dag og 2. þing ASÍ-UNG var haldið. Var henni fylgt eftir með auglýsingum í blöðum og útvarpi. Áður hafði stjórnin samþykkt tillögur auglýsingastofunnar Ennemm um merki félagsins sem hér má sjá.



Á fundi sínum í 8. desember 2011 ályktaði stjórn ASÍ-UNG um fjárlögin sem samþykkt voru daginn áður á Alþingi. Ályktunin er svohljóðandi:

Ályktun ASÍ-UNG vegna fjárlaga 2012

Stjórn ASÍ-UNG harmar að Fæðingarorlofssjóði sé ekki tryggt nægilegt fjármagn til þess að sjóðurinn geti staðið undir hlutverki sínu. Hámarks-greiðslur úr sjóðnum hafa verið skertar um tæp 45% frá árinu 2008 og hefur niðurskurðurinn hvergi verið meiri í velferðarkerfinu. Afleiðingin er sú að færri fedur fara nú í fæðingarorlof. Stjórnin bendir á að sjóðnum er ætlað að tryggja foreldrum sem besta möguleika til samveru með börnum sínum á fyrstu æviárum þeirra. Sjóðurinn hefur reynst vel við að draga úr kynbundnum launamun. Verði skerðingar liðinna missera ekki dregnar til baka er hætta á því að sjóðurinn glati hlutverki sínu.

Stjórn ASÍ-UNG fagnar áttakinu Nám er vinnandi vegur sem tryggja á öllum undir 25 ára aldri og um 1.000 atvinnuleitendum skólavist. Þetta er mikilvægt samstarfsverkefni stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins og mun ef vel tekst til gjörbreyta stöðu margra ungra atvinnuleitenda. Stjórn ASÍ-UNG fagnar því einnig að framfærslulán LÍN hækki.

Stjórn ASÍ-UNG lýsir yfir þungum áhyggjum af vaxandi fjölda ungs fólks sem er án atvinnu en á ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Þessi hópur lendir oft á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna. Þetta er óviðunandi ástand og grípa þarf til aðgerða sem í senn tryggja framfærslu þessa hóps og virkni hans í samfélaginu. Stjórn ASÍ-UNG mótmælir harðlega þeim áformum að fella einstaklinga tímabundið af atvinnuleysisbótum í þrjá mánuði.

Stjórn ASÍ-UNG bendir á að húsaleigubætur hafa ekki hækkað þrátt fyrir

að húsaleiga hafi hækkað mikið. Á sama tíma hafa vaxtabætur og annar stuðningur við þá sem eru að kaupa húsnæði hækkað verulega. Auka þarf framboð á leiguhúsnæði fyrir ungt fólk og draga úr tekjutengingu til að tryggja ungu launafólki ásættanlegan húsnæðisstuðning.

2. þing ASÍ-UNG haldið 14. september 2012

Annað þing ASÍ-UNG var sett í sal Rafiðnaðarskólans kl. 10 þann 14. september 2012.

24 fulltrúar sátu þingið auk gesta sem voru viðstaddir setningu þingsins. Gestir voru fulltrúar í miðstjórn ASÍ.

1. Setning annars þings ASÍ-UNG og ávarp forseta ASÍ (kl. 10:00):

Helgi Einarsson fráfarandi formaður ASÍ-UNG setti þingið:

„Forseti, þingfulltrúar og aðrir gestir.

Starfsár þetta sem nú er á enda hefur verið tilkomumikið og áhugavert í flesta staði. Hugmynd sem leit vel út á blaði hefur verið starfandi í rúmt ár, þó ekki hnökralaust. Stjórnarmenn hafa komið og farið eða alls ekki komið yfir höfuð. Starfsmenn ASÍ-UNG hafa einnig komið og farið og sumir oftar en einusinni.

Í Stefnu ASÍ í málefnum ungs fólks frá árinu 2008 kemur fram að „*Framtíð verkalýðshreyfingarinnar byggir á því að ungt fólk taki þátt í starfi hennar og stefnumótun.*“ Án unga fólksins stendur verkalýðshreyfingin höllum fæti, einsleitar hugmyndir miðaldra einstaklinga sem hafa mismunandi skoðanir á svipuðum málum. Við unga fólkið þurfum öflugan málsvara sem situr ekki á skoðunum sínum. Sem segir það sem allir eru að hugsa. Til þess að geta verið rödd sem hlustað er á þarf kjark og þor. ASÍ-UNG er vettvangur unga fólksins, vettvangur sem gefur manni kjarkinn til að segja skoðun sína. Skoðun sem skiptir máli, skoðun sem verður að heyrast.

Alþýðusamband Íslands er rótgróin stofnun sem er framalega í kjara-baráttu, framalega í réttindabaráttu kynjanna, framalega í baráttu hins almenna launamanns sem er í leit að betra lífi. En hvernig stendur ASÍ sig í stykkinu við að hlúa að ungafólkinu?

Jú, ASÍ-UNG er orðið rúmlega eins árs, en betur má ef duga skal. Eftir höfðinu dansa limirnir, en hvað ef búkinn vantar? Stoðgrindin í Alþýðusambandinu eru félögin og það eru félagsmennirnir sem eru félögin. Einungis eitt landsfélag sem samanstendur af 8 félögum innan ASÍ er komið með ungliðahreyfingu og þar er fimm manna stjórn. Styrkur ASÍ-UNG verður að vera meiri en eitt landsfélag og skora ég á ykkur þingfulltrúar að ýta á ykkar formenn að gera eitthvað í málunum.

En hvernig fólk gefur kost á sér í þrotlausa vinnu til þess eins að verja réttindi sín og annara? Jú, fólk eins og við, fólk sem skiptir máli. Einstaklingar sem að taka sig ekki of hátíðlega og gera hlutina.

Þegar ég var hér á stofnfundi ASÍ-UNG fyrir rúmu ári, taldi ég þetta vera frábæran vettvang fyrir mig til að gera gagn, að skila einhverju til baka til þjóðfélagsins, læra eitthvað nýtt, kynnsat nýju fólki og koma ASÍ-UNG vel af stað. Mér til mikillar mæðu komst ég að því að ég var með teikningar í höndunum að stóru einbýlishúsi og fyrir framan mig var vinnuhópur sem var tilbúinn að vinna en það var ekki búið að fjármagna framkvæmdina, rétt svo búið að stika út grunninn. Þó að fjármagnið hafi komið og grunnurinn lagður þá er mikið eftir. Veggir, þak, málning, gólfefni og mublur og margt annað sem á eftir að tína til, minningar sem hengja má upp á veggina, skrautstytta í garðinn og það sem skiptir einstaklinginn mestu máli, að geta sagt ég hjálpaði til við að byggja þetta hús. Til þess að ASÍ-UNG verði stabílt og að hefðir myndist þá þarf fjármagn, fjármagn sem er eyrnamerkt ungliða hreyfingunni. Til uppbyggingar.

En hér erum við komin til að taka slaginn. Slag sem er ekki auðunninn. Því að þjóðfélagið sem við búum í er veikt, sýkt af stefnuleysi gagnvart ungu fólki sem er að stíga sín fyrstu skref út í lífið. Úr foreldrahúsum og inn á leigumarkað eða í sína fyrstu íbúð. Og kannski komin örlítið lengra, búið að vera á markaðinum í nokkur ár. Jú svarið er einfalt ef þú ert ekki að fara í háskóla eða að vinna þar sem er verbúð þá fer maður bara til Noregs. Nei þetta er bara ekki svona auðvelt. Maður sem er með allt lífið fyrir framan sig vill búa hér á þessu annars ágætis landi. Hoppar ekki bara til Noregs einn, tveir og þrír.

Á stofnþingi ASÍ-UNG kom fram tillaga :

„ASÍ-UNG krefst þess að valkostum á húsnæðismarkaði sé fjölgað t.d með auknu framboði á leigu- og kaupleiguhúsnæði. ASÍ-UNG telur það vera grundvallaratriði að allir hafi möguleika á öruggu búsetuformi sem hentar á viðráðanlegum kjörum.“

Sem hentar á viðráðanlegum kjörum ... Búsetuformið hjá ungu fólki í dag er varla ásættanlegt. Hjá stórum hluta einstaklinga á aldrinum 18-35 ára er búsetukostur ekki til staðar nema að viðkomandi sé þeim mun heppnari og vinni alltaf í lottó fjóra rétta og bónus á 4 vikna fresti svo að viðkomandi hafi í sig og á. Oft heyrir maður af því að fólk hópist saman og leigi íbúð jafnvel þrír, fjórir, fimm saman og hver og einn er að borga um 60 þúsund kr. á mánuði. Hvað er vitið í því.

Stjórnvöld í landinu eru ekki að standa sig í stykkinu, húsnæðismál ungs fólks eru í lamasessi. Kóko-puffs kynslóðin er að breytast í kommúnu kynslóð.

Skortur á leiguhúsnæði er gífurlegur og þá er aðallega verið að tala um einstaklingsíbúðir og minni íbúðir. Við fyrstu kaup lendir einstaklingur í bobba. Ef viðkomandi á ekki sparifé uppá nokkrar milljónir og fjársterka aðstandendur þá er viðkomandi ekki í góðum málum.

Tökum dæmi: íbúð sem kostar 20 milljónir, lána stofnanir allt að 80% eða í þessu tilviki 16 milljónir og þá standa 4 milljónir út af borðinu. Hægt er að brúa bilið með lífeyrirsjóðsláni, sem verður aldrei hagstætt. Eða yfir-drætti, og hver er glóran í því .

Einstaklingurinn þarf þó ekki að borga stimpilgjöld, því frá júlí 2008 voru þau afdnuminn af fyrstu kaupum. Þegar einstaklingurinn hefur borgað af íbúðinni út lánstímann, þá er hann búinn að borga íbúðina rúmlega tvisvar eða um 50 milljónir, það þarf enga guggu sem smíðar eldflaugar til að sjá að þetta kerfi er ekki að gera sig.

Munið að húsnæði er mannréttindi ekki forréttindi.“

Því næst ávarpaði **Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ** þingið.

Gylfi hóf ræðu sína á því að óska ASÍ-UNG til hamingju með glæsilega heimasíðu sem sett var í loftið í dag. Hann sagði stöðu ungs fólks lengi hafa verið í umræðunni innan ASÍ en frá 2005 hefur verið stefnt að því að stofna sjálfstæðan vettvang fyrir ungt fólk innan ASÍ. Það gerðist svo á síðasta ári. Gylfi sagði fyrstu stjórn ASÍ-UNG hafa verið að ryðja ákveðna braut og þakkaði forsetinn kærlega fyrir það. Stofnun ASÍ-UNG er upphafið að nýrri vegferð, sagði Gylfi. „Þið eruð að búa til vettvang fyrir ungt fólk. Það þarf að sýna elju og þolinmæði við það starf. Í þessu felast líka mikil tækifæri til að láta rödd ungs fólks hljóma hærra.“

Gylfi sagði að fyrsta starfsárið hafi farið ágætlega af stað sem sýnir sig í opnun heimasíðunnar og auglýsingaherferð sem fer af stað í dag þar sem ASÍ-UNG brýnir ungt fólk að vera meðvitað um rétt sinn á vinnumarkaði. Hann sagði að það væru vissulega vonbrigði að 21 félag af 51 hafi ekki getað sent fulltrúa á þetta þing. Þar hefur forysta ASÍ verk að vinna. Gylfi sagðist hlakka til að sjá niðurstöður þessa 2. þings ASÍ-UNG þar sem húsnæðismál ungs fólks eru í brennidepli.

2. Kosning starfsmanna þingsins (kl. 10:20)

Helgi Einarsson fráfarandi formaður ASÍ-UNG sté í pontu til að hlutast til um kosningu starfsmanna þingsins.

Helgi lagði til Rúnar Sigurð Sigurjónsson sem fundarstjóra og var það samþykkt einróma. Tók Rúnar við fundarstjórninni.

Fundarstjóri gerði tillögu um Halldór Oddsson starfsmann ASÍ sem vara-fundarstjóra og var það samþykkt einróma.

Fundarstjóri gerði tillögu um Elínu Jóhönnu Bjarnadóttur sem fundarritara og var það samþykkt einróma.

Fundarstjóri gerði tillögu um Sverri Kristján Einarsson sem varafundarritara og var það samþykkt einróma.

3. Lagabreytingar – fyrri umræða (kl. 10:25):

Hrefna G. Björnsdóttir mælti f.h. stjórnar fyrir eftirfarandi tillögum að breytingum á samþykktum ASÍ-UNG:

1. Breyting á 4. grein

Greinin hljóðar svo:

„Þing ungs launafólks skal halda degi áður en reglulegt þing ASÍ er sett. Aðildarfélög ASÍ eiga einn fulltrúa hvert á þingi ASÍ-UNG.“

Tillaga að nýrri 4. grein.

„Þing ungs launafólks skal halda a.m.k. einum mánuði fyrir degi áður en reglulegt þing ASÍ er sett. Aðildarfélög ASÍ hafa rétt til að senda eiga einn fulltrúa hvert með full réttindi á þingið. ASÍ-UNG. Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið.

Aukafulltrúar eru með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.“

Greinargerð:

*Stjórn ASÍ-UNG telur það vera mikilvægt að ASÍ-UNG geti lagt fram tillögur og mál fyrir þing ASÍ, þar af leiðandi þarf að halda þing ASÍ-UNG rúmlega mánuði fyrir þing ASÍ. Frestur til að senda mál og tillögur til miðstjórnar ASÍ er einn mánuður fyrir sambandsþing ASÍ.

*Einnig er mikilvægt fyrir nýkjörna stjórn ASÍ-UNG að ná að stilla saman strengi áður en stjórnin mætir á sambandsþing ASÍ.

*Stjórn ASÍ-UNG telur það vera mikilvægt að gefa aðildarfélögum kost á að senda fleiri fulltrúa en einn á þingið, m.a. til að gefa ungum virkum félagsmönnum tækifæri til að sitja þingið, til að efla tengslanet milli ungs launafólks og til að auka þekkingu á málefnum vinnumarkaðarins.

2. Breyting á 6. grein

Greinin hljóðar svo:

„Boða skal til þings ASÍ-UNG bréflaga þegar boðað hefur verið til sambandsþings ASÍ.“

Tillaga að nýrri 6. grein.

„Boda skal til þings ASÍ-UNG með minnst tveggja mánaða fyrirvara. bréflaga þegar boðað hefur verið til sambandsþings ASÍ.“

3. Breyting á 10. grein og afleiddar breytingar

Greinin hljóðar svo:

„Kjörgengir á þing ASÍ-UNG eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ á aldrinum

18–35 ára miðað við fæðingarár. Aðildarfélögum ASÍ er skylt að láta fara fram kosningu fulltrúa og varafultrúa á þing ASÍ-UNG úr hópi félaga sinna 18-35 ára. Atkvæðisrétt hafa eingöngu félagsmenn á aldrinum 18-35 ára.

Varamaður hefur ekki setu- eða atkvæðisrétt á þingi ASÍ-UNG nema aðal- maður forfallist. Stjórn ASÍ-UNG ákveður við hvaða dagsetningu lokaskil á nöfnum aðal- og varafultrúa skulu hafa átt sér stað.

Aðildarfélögin hafa ekki rétt til að senda fulltrúa til þings ASÍ-UNG umfram það sem að framan greinir. Atkvæðisréttur fulltrúa, sem ekki eru til- nefndir eða mæta ekki til þingsins, fellur niður.

Hvert aðildarfélag ber sjálft allan kostnað af fulltrúa sínum á þing ASÍ-UNG en ASÍ skal þó standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferða- kostnaðar, sem einstök aðildarfélög verða fyrir, samkvæmt reglugerð sem sett er af sambandsþingi ASÍ. “

Tillaga að nýrri 10 grein: Greinin hljóða svo:

„Kjörgengir á þing ASÍ-UNG eru allir fullgildir félagsmenn í aðildarfélögum ASÍ á aldrinum

168–35 ára miðað við fæðingarár. Aðildarfélögum ASÍ er skylt að láta fara fram kosningu fulltrúa, og vara- og aukafulltrúa á þing ASÍ-UNG úr hópi félaga sinna 168-35 ára. Atkvæðisrétt hafa eingöngu félagsmenn á aldrinum 168-35 ára.

Varamaður hefur ekki setu- eða atkvæðisrétt á þingi ASÍ-UNG nema aðal- maður forfallist. Stjórn ASÍ-UNG ákveður við hvaða dagsetningu lokaskil á nöfnum aðal- og vara- og

aukafulltrúa skulu hafa átt sér stað.

Aðildarfélögin hafa ekki rétt til að senda fulltrúa til þings ASÍ-UNG umfram það sem að framan greinir. Atkvæðisréttur fulltrúa, sem ekki eru til- nefndir eða mæta ekki til þingsins, fellur niður.

Hvert aðildarfélag ber sjálft allan kostnað af fulltrúa sínum á þing ASÍ-UNG en ASÍ skal þó standa straum af lágmarksendurgreiðslu vegna ferða- kostnaðar, sem einstök aðildarfélög verða fyrir, samkvæmt reglugerð sem sett er af sambandsþingi ASÍ. “

Jafnframt verði samþykkt ASÍ-UNG breytt þannig að þar sem nú stendur „18-35 ára“ í samþykktinni komi í staðinn „16-35 ára“, nema í 15. gr.

Greinagerð:

*Stjórn ASÍ-UNG vill vekja athygli á því að í mörgum aðildarfélögum ASÍ geta einstaklingar sem náð hafa 16 ára aldri orðið fullgildir félagsmenn í stéttarfélögum þeirra, og þ.a.l. telur stjórnin eðlilegt að aldursmarkið varðandi seturétt á þinginu skuli miðast við 16 ára en ekki 18 ára. Hins vegar varðandi kjörgengis til setu í stjórn eða sem formaður þarf einstaklingurinn að hafa náð 18 ára aldri. (sbr. 15. gr.)

4. Breyting á 15. grein

Greinin hljóðar svo:

„Þing ASÍ-UNG kys nú manna stjórn til tveggja ára í senn. Auk þess skal kjósa nú varamenn.

Kjörgengir í stjórn ASÍ-UNG eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ á aldrinum 18-35 ára. Við aldur skal miðað við fæðingarár.

Kjörnefnd gerir tillögu um nú einstaklinga til stjórnar og jafnmarga til vara. Tillaga kjörnefndar skal liggja fyrir í upphafi þings ASÍ-UNG.

Þegar tillaga kjörnefndar liggur fyrir er öðrum þingfulltrúum heimilt að lýsa yfir framboði til stjórnar eða varastjórnar innan þess frests sem fundarstjóri veitir. Berist ekki önnur framboð er sjálfkjörið til stjórnar og/eða varastjórnar.

Berist fleiri framboð fer fram kosning um öll sæti í stjórn ASÍ-UNG. Þeir nú einstaklingar, sem flest atkvæði fá, teljast rétt kjörnir í stjórn ASÍ-UNG. Með sambærilegum hætti er kosið vegna varamanna til stjórnar.

Við kjör stjórnar ASÍ-UNG skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og landsvæða og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í stjórn eða varastjórn ASÍ-UNG nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.“

Tillaga að nýrri 15. grein.

„Þing ASÍ-UNG kys formann ASÍ-UNG og átta nú manna stjórn til tveggja ára. í ~~senn~~. Auk þess skal kjósa nú varamenn til sama tíma.

Kjörgengir sem formaður og í stjórn ASÍ-UNG eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ á aldrinum 18-35 ára. Við aldur skal miðað við fæðingarár.

Kjörnefnd gerir tillögu um formann og átta nú einstaklinga til stjórnar og jafnmarga nú til vara. Tillaga kjörnefndar skal liggja fyrir í upphafi þings ASÍ-UNG.

Þegar tillaga kjörnefndar liggur fyrir er öðrum þingfulltrúum heimilt að

lýsa yfir framboði til formanns, stjórnar eða varastjórnar innan þess frests sem fundarstjóri veitir. Berist ekki önnur framboð er sjálfkjörið til embættis formanns, stjórnar og/eða varastjórnar.

Berist fleiri framboð fer fram kosning um embætti formanns og/eða um öll sæti í stjórn ASÍ- UNG. Sá einstaklingur sem flest atkvæði fær telst rétt kjörinn sem formaður ASÍ-UNG og þeir átta nít einstaklingar, sem flest atkvæði fá, teljast rétt kjörnir í stjórn ASÍ-UNG. Með sambærilegum hætti er kosið vegna varamanna til stjórnar.

Við kjör stjórnar ASÍ-UNG skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og landsvæða og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í stjórn eða varastjórn ASÍ-UNG nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.“

Greinargerð:

*Stjórn ASÍ-UNG telur mikilvægt að formaður ASÍ-UNG sé kosinn sérstaklega á þinginu. Formaður þarf að vera með gott bakland og mikilvægt er fyrir hann að fá stuðning þingsins. Það að stjórn sé kosin og síðan skiptir stjórnin með sér störfum, er ekki eins sterkt út á við og því leggur stjórn ASÍ-UNG þessa tillögu fram.

5. Breyting á 1. mgr. 16. gr.

1. mgr. hljóðar svo:

„Stjórn ASÍ-UNG skiptir með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar eftir kjör hennar á þingi ASÍ- UNG. Kjósa skal formann, varaformann og ritara úr hópi stjórnarmanna.“

Tillaga að nýrri 1. mgr.

„Á fyrsta fundi stjórnar ASÍ-UNG, eftir kjör hennar á þingi er kosinn varaformaður stjórnar.“ ~~Stjórn ASÍ-UNG skiptir með sér verkum á fyrsta fundi stjórnar eftir kjör hennar á þingi~~

~~ASÍ-UNG. Kjósa skal formann, varaformann og ritara úr hópi stjórnarmanna.~~

Greinargerð:

*Formaður mun verða kosinn sérstaklega á þingi ASÍ-UNG.

*Starfsmaður stjórnar ASI-UNG hefur séð um að rita fundargerð stjórnar.“

Hrefna mælti að því loknu fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar ASÍ-UNG að breytingu á 29. gr. í lögum ASÍ:

Breyting á 29. gr.

Greinin hljóðar svo:

„Í tengslum við reglulegt þing ASÍ komi saman sérstakt þing ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ (ASÍ-UL).

Rétt til setu eigi einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 18-35 ára.

Þingið kys sér nú manna stjórn sem skiptir sjálf með sér verkum, stýrir þingum ASÍ-UL og samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ á milli þinga.

Stjórn ASÍ-UL á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum. Formaður ASÍ-UL á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum.

ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UL með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ.“

Tillaga að nýrri 29. gr.:

„ASÍ-UNG er samráðsvettvangur ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ.

Í tengslum við reglulegt þing ASÍ komi kemur saman sérstakt þing ASÍ-UNG ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ (ASÍ-UL).

Rétt til setu á þingi ASÍ-UNG með full réttindi, á eigi einn fulltrúi hvers aðildarfélags ASÍ á aldrinum 16-35 ára. Aðildarfélögum er heimilt að senda einn aukafulltrúa á þingið. Aukafulltrúi er með tillögu- og málfrelsisrétt en ekki atkvæðisrétt.

Þingið kys sér formann og átta nítu manna í stjórn sem skiptir sjálf með sér verkum, stýrir þingum ASÍ-UL og samræmir störf ungs launafólks í aðildarfélögum ASÍ og stýrir öðrum störfum ASÍ-UNG á milli þinga. Kjör-gengir til formanns og í stjórn eru fullgildir félagar aðildarfélaga ASÍ sem náð hafa 18 ára aldri.

Stjórn ASÍ-UNG á rétt til setu á sambandsþingi ASÍ með fullum réttindum. Formaður ASÍ-UNG á seturétt á formannafundum ASÍ með fullum réttindum.

ASÍ ber kostnað af þingum ASÍ-UNG með sama hætti og það ber kostnað af sambandsþingum ASÍ.“

Greinargerð stjórnar ASÍ-UNG:

*Stjórn ASÍ-UNG vill vekja athygli á því að í mörgum aðildarfélögum ASÍ geta einstaklingar sem náð hafa 16 ára aldri sótt um formlega inngöngu í stéttarfélagin, og þ.a.l. telur stjórn ASÍ-UNG eðlilegt að aldursmarkið sé miðað við 16 ára til að sitja á þinginu. Hins vegar þarf einstaklingurinn að hafa náð 18 ára aldri til að geta tekið að sér stjórnarsetu eða formannssætið.

*Stjórn ASÍ-UNG finnst mikilvægt að gefa aðildarfélögum kost á að senda fleiri fulltrúa en einn á þingið. M.a. til að gefa ungum virkum félags-

mönnum tækifæri til að sitja þingið, til að efla tengslanet milli ungs launafólks og til að auka þekkingu á málefnum vinnumarkaðarins.

*Stjórn ASÍ-UNG telur mikilvægt að formaður ASÍ-UNG sé kosinn sérstaklega á þinginu. Formaður þarf að vera með gott bakland og mikilvægt er að hafa stuðning þingsins. Það að stjórn skiptir með sér störfum, er ekki eins sterkt út á við og því leggur stjórn ASÍ-UNG þessa tillögu fram.

Að kynningu Hrefnu á lagabreytingunum var tillögunum vísað til umfjöllunar laganeftar.

4. Fræðsluerindi og umræður (kl. 10:50):

Halldór Grönvold aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ tók fyrst til máls og bar erindi hans yfirskriftina „*Skiptir verkalýðsbaráttan einhverju máli?*“

Yfirferð Halldórs var að miklu leyti söguleg og tengdi hann þau álitamál sem eru í brennidepli hjá ungu fólki í dag, við þau baráttumál sem ASÍ hefur lagt áherslu á í gegnum tíðina. Halldór fjallaði um hugtakið „norrænt velferðarsamfélag“ og leitaðist við að skilgreina það í samhengi við helstu baráttumál verkalýðshreyfingarinnar. Halldór setti fram áleitnar spurningar um fyrirmyndasamfélag fólks og hvatti þingfulltrúa til þess að leiða hugann að því hver séu markmið ungs fólks í dag um stefnumörkun samfélagsins.

Því næst fór Halldór í ítarlega sögulega yfirferð um þær félagslegu úrbætur og framfaraskref sem urðu á 20. öldinni, og hefðu átt sér stað að mestu fyrir tilstuðlan verkalýðshreyfingarinnar. Tiltók hann sérstaklega félagslegar úrbætur s.s. atvinnuleysistryggingar og réttinn til fæðingarorlofs sem ungt fólk taki sem sjálfsgöðum í dag en verkalýðshreyfingin hafi þurft að berjast fyrir með kjafti og klóm á sínum tíma. Jafnframt fór hann sérstaklega yfir úrbætur í húsnæðismálum, í ljósi yfirskriftar fundarins, sem verkalýðshreyfingin hafi stuðlað að með beinum hætti s.s. verkamannabústaðakerfið sem hafi verið bylting á sínum tíma.

Að lokum minnti Halldór Grönvold þingfulltrúa á að helsti lærdómur sem hægt væri að draga af sögunni væri sá að allir helstu sigrar hvað varðar félagslegar úrbætur væru fyrir tilverknað verkalýðshreyfingarinnar og jafnframt hefði sýnt sig að þar sem pólitíska kerfið hafi ráðið ferðinni hefði víða hallað undan fæti.

Næst tók til máls **Ólafur Darri Andrason deildarstjóri hagdeildar ASÍ** og kynnti hugmyndir um breytt húsnæðisbótakerfi.

Ólafur Darri sagði að meginniðurstöður vinnuhóps sem hafi fjallað um núverandi húsnæðisbótakerfi væri sú að kerfið gætti ekki jafnræðis á milli búsetu-

forma (leigjenda og eigenda). Nánar tiltekið væri fjárhæðir útgreiddra húsaleigubóta í engu samhengi við veittar vaxtabætur skv. núverandi fyrirkomulagi húsnæðisbóta. Nefnd hafi verið sett á laggirnar til að fjalla um kerfið og mögulegar úrbætur og niðurstöður nefndarinnar hafi verið að eitt kerfi húsnæðisbóta væri til staðar sem mismunaði ekki eftir búsetuformi. Jafnframt þyrfti stuðningur innan kerfisins að miðast við fjölda heimilsfólks en ekki fjölskyldugerð eða barnafjölda. Á móti kæmi að allar tekjur heimilis myndu skerða bætur enda myndi kerfið byggja á einfaldri tekjuskerðingu til að sem mestrar sanngirni yrði gætt.

Því næst skýrði Ólafur Darri út hinar nýjar hugmyndir með fjölda dæma og hvernig nýtt kerfi myndi snerta á hinum ýmsum tekjuhópum og fjölskyldugerðum.

Að lokum rakti Ólafur Darri þá stöðu sem málið væri í í dag og tiltók sérstaklega að þrátt fyrir að fjárlagafrumvarp fyrir 2013 gerði ekki ráð fyrir nýju húsnæðisbótakerfi í samræmi við grunnhugmyndir umtalaðrar nefndar, væru einhver teikn á lofti í nefndu fjárlagafrumvarpi að stíga ætti lítið skref í átt að tillögum nefndarinnar.

Að lokum steig **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingkona Samfylkingarinnar** í ræðustól og fjallaði með almennum hætti um húsnæðismál í samfélaginu.

Sigríður Ingibjörg tók undir með Halldóri Grönvold um að húsnæðismál væru grundvallarvelferðarmál í samfélaginu en bætti því við að þau væru líka stórt efnahagsmál enda hefði skipan húsnæðismála áhrif á allt efnahagskerfi samfélagsins.

Sigríður Ingibjörg gagnrýndi mjög stefnuleysi sveitarfélaga og stjórnvalda í húsnæðismálum enda hafi sýnt sig hér í þenslunni fyrir hrun að rangar tegundir íbúða hafi verið byggðar á röngum stöðum. Mikill skortur væri á minni íbúðum miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og jafnframt væri einsleitni að einhverju leyti vandamál enda ætti íbúðabygging að vera fjölbreytileg og tryggja félagslega samheldni.

Því næst gagnrýndi Sigríður Ingibjörg mjög þá séreignastefnu sem hefði verið við líði í íslensku samfélagi í húsnæðismálum, en þó ætti hún sér að einhverju leyti sögulegar ástæður í ljósi óðaverðbólgu 20. aldarinnar. Séreignastefna ýtti ungu fólki út í áhættusamar lántökur og langa skuldbindingu sem minnki mjög sveigjanleika. Skortur á sveigjanleika í húsnæðismálum væri svo til þess að auka kostnað fólks sem þarf að flytja búferlum vegna atvinnu og/eða breyttra fjölskylduaðstæðna.

Að endingu lýsti Sigríður Ingibjörg þeirri skoðun sinni að styrkja þyrfti rekstrarumhverfi stórra leigufélaga og jafnframt að styrkja réttarstöðu leigjenda til langtímaleigu. Öflugur leigumarkaður sem horfðist í augu við nauðsyn

sveigjanleika á húsnæðismarkaði væri markmiðið og að stjórnvöld væru meðvituð um þetta og vinna við réttarbætur væri að einhverju leyti farin í gang.

Þær breytingar urðu frá auglýstri dagskrá að Elfa Arnardóttir sem átti að segja „reynslusögu ungs íbúðarkaupanda af fyrstu kaupum“, forfallaðist vegna veikinda. Að fræðsluerindum og umræðum loknum var gert hádegishlé á störfum þingsins.

5. *Vinnuhópar um húsnæðismál – fyrri hluti (kl. 12:45):*

Smávægileg breyting varð á auglýstri dagskrá. Í stað þess að kjörnefnd kynnti tillögur sínar strax að loknu hádegishlé var farið beint í vinnuhópastarfið og ákveðið að kjörnefnd myndi kynna tillögur sínar í hléi hópastarfsins um kl. 13:45. Henný Hinz starfsmaður ASÍ kynnti fyrirkomulag hópavinnunnar en hún hafði jafnframt yfirumsjón með því starfi.

Þingfulltrúum var skipt í tvo hópa sem ræddu sitt í hvoru lagi um tvö málafni og svo var skipt. Aðferðarfræðin var skv. svokallaðri miðlunaraðferð þar sem fulltrúar skrifuðu stikkorð á miða og flokkuðu og greiddu atkvæði um þá í samræmi við vilja. Málefnið sem hóparnir áttu að leitast við að finna svör við voru:

- Hvernig gerum við leigumarkaðinn að álitlegum kosti? (hópstjóri: Halldór Oddsson)
- Hvernig er hægt að koma til móts við þá sem ætla að kaupa sínu fyrstu íbúð? (hópstjóri Róbert Farestveit)

6. *Kynning á tillögum kjörnefndar (kl. 13:45)*

Guðfinna Alda Ólafsdóttir kynnti tillögur kjörnefndar um skipan stjórnar, varastjórnar og kjörnefndar fyrir tímabilið 2012 – 2014.

Hvatti Guðfinna jafnframt alla áhugasama um að gefa kost á sér í embætti og að frestur til þess rynni ekki út fyrir en skömmu fyrir kosningar, ef til þeirra þyrfti að grípa.

7. *Vinnuhópar um húsnæðismál – seinni hluti (kl. 14:00)*

Að lokinni kynningu kjörnefndar var farið í seinni hluta vinnunnar um húsnæðismál. Var umræðuefnum á milli hópa víxlað en annars sama fyrirkomulag viðhaft.

Að vinnunni lokinni var skipuð ritnefnd sem tók að sér að setja saman ályktun úr því efni sem miðlunarhóparnir skiludu frá sér. Í nefndina voru valdir af miðlunarhópunum Guðni Gunnarsson, Friðrik Guðni Óskarsson, Ingólfur Jónsson og Svanborg Hilmarsdóttir. Henný Hinz starfsmaður ASÍ starfaði með ritnefndinni.

8. *Niðurstöður laganefndar kynntar – atkvæðagreiðsla um breytingu á samþykktum ASÍ-UNG – seinni umferð lagabreytingarumræðu (kl. 14:55)*

Halldór Oddsson starfsmaður ASÍ og starfsmaður laganefndar þingsins kynnti breytingartillögur laganefndar og bar tillögurnar, auk framkomnar tillögur stjórnar ASÍ-UNG, undir atkvæði þingsins.

Laganefnd lagði til að tillögur stjórnar ASÍ-UNG að breytingum á 4. og 6. gr. yrðu samþykktar í óbreyttri mynd.

Hvað varðar 10. gr. þá lagði laganefnd til að í 2. mgr. kæmi inn orðið „aðal“ í stað „fulltrúa“. Að öðru leyti lagði laganefnd til að tillögur stjórnar ASÍ-UNG að breytingum á 10. gr. samþykktanna ásamt afleiddum breytingum yrði samþykkt óbreytt. Með vísan í framangreinda breytingartillögu laganefndar yrði því 2. mgr. 10. gr. svohljóðandi:

„Aðildarfélögum er skylt að láta fara fram kosningu aðal-, vara og auka-fulltrúa á þing ASÍ-UNG úr hópi félaga sinna 16-35 ára. Atkvæðisrétt hafa eingöngu félagsmenn á aldrinum 16-35 ára.“

Hvað varðar tillögur stjórnar ASÍ-UNG að breytingu á kjöri til stjórnar, sbr. tillögur varðandi 15. gr. samþykktanna, þá lagði laganefnd til að í 5. mgr. 15. gr. yrði bætt inn orðinu „leynileg“ í samræmi við þingsköp ASÍ-UNG um leynilegar kosningar. Þá lagði laganefnd jafnframt til að inn kæmi ný málsgrein í 15. gr. sem yrði þá sú áttunda. Í samræmi við framangreint taldi laganefnd nauðsynlegt að breyta jafnframt 9. gr. til samræmis og lagði til að 6. mgr. 9. gr. í núverandi mynd yrði felld á brott og inn í staðinn kæmi ný 6. mgr. sem kvæði á um að stjórnarkjör færi alfarið fram skv. 15. gr. samþykta ASÍ-UNG. Að öðru leyti lagði laganefnd til að tillögur stjórnar ASÍ-UNG að breytingum á 15. gr. yrðu samþykktar.

Með vísan í allt framangreint gerði laganefnd því að tillögu sinni að 9. og 15. gr. yrðu svohljóðandi:

„15. gr.

Þing ASÍ-UNG kýs formann ASÍ-UNG og átta manna stjórn til tveggja ára. Auk þess skal kjósa níu varamenn til sama tíma.

Kjörgengir sem formaður og í stjórn ASÍ-UNG eru fullgildir félagsmenn aðildarfélaga ASÍ á aldrinum 18-35 ára. Við aldur skal miða við fæðingarár.

Kjörnefnd gerir tillögu um formann og átta einstaklinga til stjórnar og níu til vara. Tillaga kjörnefndar skal liggja fyrir í upphafi þings ASÍ-UNG.

Þegar tillaga kjörnefndar liggur fyrir er öðrum þingfulltrúum heimilt að lýsa yfir framboði til formanns, stjórnar eða varastjórnar innan þess frests sem fundarstjóri veitir. Berist ekki önnur framboð er sjálfkjörið til embættis formanns stjórnar og/eða varastjórnar.

Berist fleiri framboð fer fram kosning um embætti formanns og/eða um öll sæti í stjórn ASÍ-UNG. Sá einstaklingur sem flest atkvæði fær telst rétt kjörinn sem formaður ASÍ-UNG og þeir átta einstaklingar sem flest atkvæði fá teljast rétt kjörnir í stjórn ASÍ-UNG. Með sambærilegum hætti er kosið vegna varamanna til stjórnar.

Við kjör stjórnar ASÍ-UNG skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og landssvæða og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í stjórn eða varastjórn ASÍ-UNG, nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.

Fulltrúar aðilarfélaga fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlutaða fjölda fulltrúa aðildarfélaga á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 16-35 ára“

„9. Gr.

Í öllum málum ræður einfaldur meirihluti, sbr. þó ákvæði 3. mgr. 9. gr.

Stjórn eða minnst 5 fulltrúar, geta krafist leynilegrar atkvæðagreiðslu um mál.

Stjórn ASÍ-UNG eða minnst 5 fulltrúar geta krafist atkvæðagreiðslu þar sem eftirfarandi regla, sbr. 4. og 5. mgr. 9. gr., gildir til að tillaga teljist samþykkt.

Fulltrúar aðilarfélaga fara með atkvæðisrétt í samræmi við þann úthlutaða fjölda fulltrúa aðildarfélaga á næsta sambandsþingi ASÍ sem aðildarfélag hefði hlotið sé miðað við félagsmenn á aldrinum 16-35 ára.

Til þess að tillaga teljist samþykkt þarf hún að hljóta einfaldan meirihluta atkvæða skv. 4. mgr. og atkvæði meirihluta þeirra fulltrúa sem fundinn sækja.

Um kosningu stjórnar og annarra embætta fer skv. 15. gr.“

Að lokum lagði laganefnd til að tillögur stjórnar ASÍ-UNG að breytingum á 16.gr. yrðu samþykktar í óbreyttri mynd.

Þingfulltrúar samþykktu einróma allar tillögur stjórnar ASÍ sem og breytingartillögur laganefndar að samþykktum ASÍ-UNG.

Tillaga stjórnar ASÍ-UNG að breytingu á 29. gr. í lögum Alþýðusambands Íslands var jafnframt borin undir atkvæði þingfulltrúa og var hún samþykkt einróma (þingskjal nr. 5).

Að lokinni atkvæðagreiðslu var tekið stutt kaffihlé.

9. Afgreiðsla ályktana og umræðna (kl. 15:25)

Því næst tók Guðni Gunnarsson að sér f.h. ritnefndar miðlunarhópanna að kynna drög að ályktun þingsins um húsnæðismál ungs fólks sem unnin var upp úr afrakstri miðlunarhópana. Lögð var til atkvæðagreiðslu eftirfarandi ályktun með yfirskriftinni „**Húsnæði – mannréttindi ekki forréttindi**“:

„Þing ASÍ-UNG áréttar að íbúðarhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sé grundvallaratriði svo ungt fólk geti komið undir sig fótum og skapað fjölskyldum sínum góð líffsskilyrði. Aðgangur að öruggu íbúðarhúsnæði eru mannréttindi ekki forréttindi. Mikilvægt er að ungt fólk hafi raunhæft val um búsetuform og fái húsnæðisstuðning óháð því hvort það velji að leigja eða eiga húsnæði.

Gera þarf leigu að raunhæfum valkosti á húsnæðismarkaði. Til þess þarf að stuðla að stofnun stórra leigufélaga sem tryggja öruggt langtíma leigu- húsnæði fyrir ungt fólk á viðráðanlegum kjörum. Þetta má m.a. gera með því að koma ónýttum íbúðum lánastofnanna í útleigu í stað þess að láta þær standa auðar. Auka þarf stuðning við leigjendur með því að hrinta sem fyrst í framkvæmd hugmyndum um eitt húsnæðisbótakerfi sem stuðlar að jafnræði milli búsetuforma. Tryggja þarf að tekjuskerðingar í húsnæðisbótakerfinu séu hóflegar svo það gagnist ungu fólki. Núverandi húsaleigubótakerfi styður ekki við ungt launafólk sem er með öllu óásætlanlegt.

ASÍ ung telur mikilvægt að greiðslumat vegna íbúðakaupa sé raunhæft og taki aukið mið af stöðu hvers og eins og geri þannig ungu fólki kleift að festa kaup á húsnæði. Hvetja þarf ungt fólk til húsnæðissparnaðar og koma þarf til móts við unga kaupendur með skatta ívilnun sem tryggir hraðari eignamyndun.”

Að loknum þó nokkrum umræðum var ályktunin samþykkt af þingfulltrúum.

10. Skipun aðal- og varafulltrúa í stjórn ASÍ-UNG og skipun kjörnefndar fyrir komandi starfstímabil (kl. 16:00)

Að lokinn afgreiðslu þingsins á ályktun um húsnæðismál var komið að því að velja fulltrúa í aðal- og varastjórn sem og kjörnefnd fyrir komandi starfstímabili 2012-2014.

Í kjöri til stjórnar voru þeir fulltrúar sem kjörnefnd hafði gert tillögu að í kjölfar breytinga, nánar tiltekið: Einar Ingi Jóhannsson (Vlf. Hlíf); Friðrik Guðni Óskarsson (Félag iðn- og tæknigreina); Gísli Jósep Hreggviðsson (Mjólkurfræðingafélag Íslands); Guðfinna Ólafsdóttir (VR); Guðni Gunnarsson (VM); Hrefna Gerður Björnsdóttir (Aldan); Hrönn Jónsdóttir (Félag bókagerðarmanna); Ingólfur Björgvin Jónsson (Efling stéttarfélag); Sverrir Kristján Einarsson (AFL starfgreinafélag). Því til viðbótar bauð sig fram til

stjórnarsetu Valur G. Sigurgeirsson (FMA). Fór því fram leynileg kosning skv. 9. gr. sbr. 15. gr. samþykktu ASÍ-UNG. Róbert Farestveit og Halldór Oddsson starfsmenn ASÍ tóku að sér dreifingu á kjörseðlum og talningu atkvæða þeirra 24 þingfulltrúa sem höfðu rétt til að kjósa. Auk þess voru þau Jón Ægir Ingólfsson og Eva Dögg Hjaltadóttir fengin úr hópi þingfulltrúa til að votta atkvæðatalninguna.

Niðurstæða kosningar voru sú að stjórn ASÍ-UNG fyrir starfsárið 2012-2014 skyldi skipuð eftirtöldum fulltrúum: Friðrik Guðni Óskarsson (Félag iðn- og tæknigreina); Gísli Jósep Hreggviðsson (Mjólkurfræðingafélag Íslands); Guðfinna Ólafsdóttir (VR); Guðni Gunnarsson (VM); Hrefna Gerður Björnsdóttir (Aldan); Hrönn Jónsdóttir (Félag bókagerðarmanna); Ingólfur Björgvin Jónsson (Efling stéttarfélag); Sverrir Kristján Einarsson (AFL starfsgreinafélag); Valur Sigurgeirsson (Félag mámiðnaðarmanna Akureyri).

Því næst var tilkynnt að til viðbótar við þá níu einstaklinga sem kjörnefnd hafði gert tillögu um til setu í varastjórn, hefði Björn Ingi Björnsson (FTR) boðið sig fram til setu í varastjórn. Samhliða því steig Helgi Einarsson (RSÍ) til hliðar.

Með vísan í framangreint voru því eftirtaldir fulltrúar sjálfkjörnir vara-fulltrúar í stjórn ASÍ-UNG fyrir starfsárið 2012-2014: Bjarki Þór Aðalsteinsson (Vif. Akraness); Björn Ingi Björnsson (FTR); Elín Guðrún Tómasdóttir (Stéttarfélag Vesturlands); Elín Jóhanna Bjarnadóttir (FMA); Eva Dögg Hjaltadóttir (Báran); Hörður Bragason (FRV); Kári Kristjánsson (Framsýn); Lárus Arnar Sölvason (Félag hársnyrtisveina); Lilja Sigurðardóttir (Verslunarmannafélagi Skagafjarðar)

Því næst var tilkynnt að til viðbótar við þá þrjá einstaklinga sem kjörnefnd hafði í kjölfar breytinga á þinginu tilnefnt til setu í kjörnefnd, hefði Helgi Einarsson (RSÍ) boðið sig fram til setu í kjörnefnd. Samhliða því steig Hrönn Jónsdóttir (FBM) til hliðar.

Með vísan í framangreint voru því eftirtaldir fulltrúar sjálfkjörnir í kjörnefnd ASÍ-Ung fyrir starfsárið 2012-2014: Helgi Einarsson (RSÍ); Ingólfur Jónsson (Efling); og Svanborg Hilmarsdóttir (FÍR).

11. Þingslit (kl. 16:45)

Að loknu kjöri nýrra fulltrúa í öll embætti ASÍ-UNG sté fundarstjóri í pontu. Hann þakkaði öllum þingfulltrúum fyrir árangursríkt og gott þing ASÍ-UNG og sleit þinginu við lófatak þingfulltrúa.

Fulltrúar á þingi ASÍ-UNG 2012

Guðni Gunnarsson, VM

Lárus Arnar Sölvason, Félag hársnyrtisveina

Gísli Jósep Hreggviðsson, Mjólkurfræðingafélag Íslands

Guðfinna Alda Ólafsdóttir, VR

Lilja Sigurðardóttir, Verslunarmannafélag Skagafjarðar

Jónas Þór Sveinsson, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri

Kristín Hlíf Ríkharðsdóttir, Verslunarmannafélag Suðurlands

Svanborg Hilmarsdóttir, Félag íslenskra rafvirkja

Hörður Bragason, Félag rafeindavirkja

Björn Ingi Björnsson, Félag tæknifólks í rafiðnaði

Andri Sveinn Jónsson, BYGGIÐN

Friðrik Guðni Óskarsson, Félag iðn- og tæknigreina

Valur Sigurgeirsson, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri

Ingólfur Björgvin Jónsson, Efling stéttarfélag

Harpa Sif Sigurjónsdóttir, Vlf. Hlíf

Þórsteina Sigurjónsdóttir, Vl. og sjóm.félag Sandgerðis

Bjarki Þór Aðalsteinsson, Vlf. Akraness

Friðbjörn Steinar Ottósson, Verk Vest

Jón Ægir Ingólfsson, Aldan stéttarfélag

Birgitta Sif Jónsdóttir, Eining – Iðja

Kári Kristjánsson, Framsýn stéttarfélag

María Valgerður Jónsdóttir, Vlf. Þórshafnar

Sverrir Kristján Einarsson, AFL Starfsgreinafélag

Eva Dögg Hjaltadóttir, Báran stéttarfélag



Starfssemi og skipulag á skrifstofu ASÍ

Starfssemi á skrifstofu ASÍ byggir á starfs- og fjárhagsáætlun sem unnin er af forseta og fjármálastjóra ASÍ í samráði við Starfs- og fjárhagsnefnd og síðan samþykkt af miðstjórn ASÍ. Starfs- og fjárhagsáætlun var lögð fyrir miðstjórn í byrjun desember, þar sem línur voru lagðar fyrir starfssemi skrifstofunnar fyrir árið 2012 og hún síðan samþykkt á fundi miðstjórnar í janúar 2012. Mikil óvissa hefur verið um tekjuþróun ASÍ vegna áhrifa efnahagsþrenginganna á tekjur aðildarfélaganna og var ákveðið að ráða ekki í stöðu framkvæmdastjóra að sinni, en að Ólafur Darri Andrason, deildarstjóri hagdeildar ASÍ, gegndi áfram hlutverki fjármálastjóra og Eyrún Björk Valsdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ/MFA, gegndi hlutverki starfsmannastjóra. Starfsemin á skrifstofu ASÍ markaðist á tímabilinu einkum af þeim viðfangsefnum sem fjallað er um í þessari skýrslu og ber þar hæst umsagnir um ýmis þingmál og eftirfylgni með kjarasamningum. Fjöldmörg mál koma til kasta Alþýðusambandsins og starfsfólks þess. Þar má nefna margvísleg mál er tengjast túlkun kjarasamninga, útreikninga og lög, auk hagfræðilegra úrlausnarefna af ýmsu tagi. Margvísleg upplýsingagjöf er mikill og vaxandi þáttur í starfseminni. Hrun fjármálakerfisins og sá gríðarlegi efnahagslegi samdráttur og félagslegu

erfiðleikar sem félagsmenn okkar hafa lent í, hefur sett mark sitt á starf ASÍ undanfarin ár.

Starfsmenn á skrifstofu ASÍ 1. október 2012

Starfsmenn Alþýðusambands Íslands voru þann 1. október síðast liðinn sem hér segir: Ása Jónsdóttir, gjaldkeri, Ástríður Andrésdóttir, fulltrúi, Halldór Oddsson, lögfræðingur, Eyrún Björk Valsdóttir, fræðslufulltrúi og deildarstjóri MFA fræðsludeildar ASÍ, Guðmundur Hilmarsson, sérfræðingur, Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri og deildarstjóri félagsmáladeildar, Henný Hinz, hagfræðingur, Ingibjörg Björnsdóttir, matráðskona, Ingunn S. Þorsteinsdóttir, hagfræðingur, Kristjana Birgisdóttir, verkefnisstjóri verðalagseftirlits, Magnús Norðdahl, lögfræðingur og deildarstjóri lögfræðideildar, María Haraldsdóttir, bókarí, Maríanna Traustadóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum, Róbert Farestveit, hagfræðingur, Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur og deildarstjóri hagdeildar ASÍ, Snorri Már Skúlason, deildarstjóri upplýsinga- og kynningardeildar, Sif Ólafsdóttir, fulltrúi, Signý Jóhannsdóttir, varaforseti ASÍ og Sigurlaug Gröndal, verkefnisstjóri Félagsmálaskólans.

Allnokkrar breytingar hafa orðið á starfsmannahaldi hjá ASÍ frá síðasta ári, en Dalla Ólafsdóttir, lögfræðingur, og Matthías Kjeld, hagfræðingur, létu að eigin ósk af störfum á starfsárinu og voru Halldór Oddson og Róbert Farestveit ráðnir í þeirra stað.



VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður hefur staðið fyrir uppbyggingu á þjónustu á sviði starfsendurhæfingar í um fjögur ár. Uppbyggingin hefur verið hröð og eftirspurn eftir þjónustunni er mikil. Á aðeins þremur árum hafa um 3700 einstaklingar sótt þjónustu til ráðgjafa VIRK og í dag starfa um fimmtíu manns sem sérfræðingar eða ráðgjafar hjá VIRK. Til viðbótar kemur að þjónustunni mikill fjöldi annarra sérfræðinga og úrræðaaðila sem eru mjög mikilvægir vegna uppbyggingar og þróunar þjónustunnar. Þjónusta VIRK er dreifð og reynt er eftir fremsta megni að tryggja gott aðgengi að henni um allt land.

Til ráðgjafa VIRK kemur fólk sem býr við skerta vinnugetu vegna heilsuþrengis og þarf aðstoð til að geta tekið aftur virkan þátt á vinnumarkaði. Þessir einstaklingar kljást oft á tíðum við fjölbættan og flókinn vanda sem kallar á einstaklingsbundna nálgun í þjónustu og aðstoð. Þjónustan skilar góðum árangri þar sem mikill meirihluti þeirra sem ljúka þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK (þ.e. þiggur þjónustuna til enda) hefur fulla vinnugetu og fer annað hvort beint í launað starf á vinnumarkaði eða í virka atvinnuleit.

Hjá VIRK hefur undarfarið ár einkennst af miklum vexti og frekari þróun vinnuferla og verkefna ásamt auknu samstarfi við aðra aðila innan velferðarþjónustunnar. Mikil áhersla hefur verið á samhæfingu og þróun vinnuferla og uppbyggingu á þekkingu og reynslu. Starfsemi VIRK er flókin og krefst mikillar þekkingar, reynslu og samstarfs ólíkra fagaðila. Mikil þróunarvinna er í gangi hjá VIRK og fjárfest hefur verið í þekkingaröflun og fjölbreyttum þróunarverkefnum sem munu án efa skila miklum ávinningi til lengri tíma.

Starfsmenn og ráðgjafar VIRK

Í september 2012 störfuðu á skrifstofu VIRK 18 starfsmenn í um 15 stöðugildum. Um er að ræða fjölbreyttan hóp sérfræðinga á mismunandi fagsviðum auk starfsmanna á skrifstofu og við bókhald og umsýslu fjármála.

Ráðgjafar VIRK hjá stéttarfélögum um allt land voru í byrjun september 2012 um 36 talsins í 32 stöðugildum.

Í heild starfa því ríflega 50 manns á vegum VIRK annað hvort sem starfsmenn eða ráðgjafar hjá stéttarfélögum um allt land. Umfangið hefur því vaxið mikið og kallað á breytta skipulagningu á ábyrgðarsviðum og verkefnum starfsmanna. Þjónusta VIRK skiptist í tvö meginvið, annars vegar Starfsendurhæfingarsvið, sem ber ábyrgð á starfsendurhæfingarþjónustu gagnvart einstaklingum, og hins vegar Fyrirtækjasvið sem ber ábyrgð á þjónustu við stjórnendur og fyrirtæki og heldur utan um þróunarverkefnið „Virkur vinnustaður“.

Ráðgjafar VIRK eru ráðnir til starfa af stéttarfélögum um allt land með aðstoð sérfræðinga VIRK. Gerðar eru miklar kröfur bæði til menntunar og reynslu ráðgjafa og eru þeir langflestir með háskólamenntun. Meirihluti þeirra hefur jafnframt meistraráðu í sínu fagi. Þeir fá auk þessa mikla fræðslu og þjálfun bæði hjá sérfræðingum VIRK og öðrum fagaðilum. Sem dæmi um menntun ráðgjafa má nefna sjúkraþjálfun, hjúkrunarfræði, iðjuþjálfun, félagsráðgjöf, náms- og starfsráðgjöf, sálfræði og margt fleira. Hlutverk ráðgjafa er fyrst og fremst að hvetja einstaklinga og aðstoða þá við að endurheimta og efla starfsgetu til aukinnar þátttöku á vinnumarkaði.

Allir ráðgjafar vinna í samræmi við vinnuferla og verklagsreglur VIRK, þeir njóta allir stuðnings fjölbreytts hóps sérfræðinga VIRK og geta auk þess leitað til þverfaglegs teymis sem kemur að sérhæfðu mati á getu og möguleikum einstaklinga. Til viðbótar við þetta eru ráðgjafar í samstarfi við mikinn fjölda úrræðaaðila og sérfræðinga sem veita sérhæfða þjónustu á sviði starfsendurhæfingar.

Allir ráðgjafar skrá upplýsingar inn í upplýsingakerfi VIRK og þess er gætt að farið sé að lögum og reglum um persónuvernd. Hjá VIRK er í uppbyggingu gæðakerfi þar sem reglulega er fylgst með framgangi og árangri í störfum ráðgjafa og þess gætt að þeir vinni í samræmi við verklags- og vinnureglur.


Samstarfsaðilar

Framlag starfsmanna og ráðgjafa VIRK í þjónustu við einstaklinga er mikilvægt en þó er óhætt að fullyrða að framlag annarra samstarfsaðila og sérfræðinga í starfsendurhæfingu sé ekki síður mikilvægt í þessari þjónustu og þeirra framlag fer sífellt vaxandi. Það er ekki hlutverk ráðgjafa að koma að meðferð eða taka á sérhæfðum vandamálum einstaklinga. Ráðgjafar vísa hins vegar einstaklingum til viðeigandi aðila ef þörf er á frekari aðkomu sérfræðinga og úrræðaaðila að þeirra málum.

VIRK er þannig með samninga við um 70 sálfræðinga um allt land, marga

sérhæfða starfsendurhæfingaraðila, símenntunaraðila og aðra fagaðila sem taka með markvissum hætti þátt í þjónustunni. Auk þessa eru á þriðja tug sérfræðinga í sérhæfðum matsteymum VIRK sem staðsett eru á Höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri og á Austurlandi.

Á sama hátt og sérfræðingar VIRK fylgjast með þjónustu og frammistöðu ráðgjafanna um allt land hafa þeir einnig eftirlit með utanaðkomandi sérfræðingum og þjónustuaðilum. Í hvert skipti, sem pöntuð er þjónusta frá utanaðkomandi aðila, er sett fram markmið með kaupunum af hálfu ráðgjafa og viðkomandi einstaklings. Í lok þjónustunnar meta síðan ráðgjafinn og viðkomandi einstaklingur hvort markmiðið hafi náðst og niðurstaðan er skráð í upplýsingakerfi VIRK. Á hverjum tíma er síðan hægt að skrifa út skýrslur fyrir hvern og einn þjónustuaðila um árangur í samanburði við aðra. Til framtíðar verða þessi gögn notuð til að velja árangursrík úrræði og þjónustuaðila. Sérfræðingar VIRK fylgjast auk þess með öllum samningum, sem gerðir hafa verið, og eru í reglulegu sambandi við viðkomandi þjónustuaðila. Hægt er að fullyrða að bæði einstaklingar í þjónustu og ráðgjafar VIRK séu almennt sáttir við árangur úrræðaaðila. Þetta má meðal annars sjá á mynd 1 en hún inniheldur upplýsingar um það hlutfall úrræðabeiðna í mismunandi úrræðaflokkum þar sem þátttakendur hafa metið að skili miklum eða talsverðum árangri. Þannig meta til dæmis 76% þátttakenda að sálfræðiþjónusta hafi skilað þeim miklum eða talsverðum árangri. Hins vegar er árangur misjafn milli einstakra úrræðaaðila innan sama flokks og þær upplýsingar verða nýttar við val á úrræðaaðilum til framtíðar.




Mynd 1:

Sérfræðingar innan heilbrigðis- og félagskerfisins eru einnig mikilvægir samstarfsaðilar ráðgjafa VIRK og ráðgjafar VIRK hafa þannig yfirleitt samráð við heilsugæslulækni eða meðhöndlandi lækni viðkomandi einstaklings. Unnið er að því á vegum VIRK og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins að byggja upp nánara samstarf milli aðila, meðal annars með reglulegum fundum og upplýsingagjöf.

Í þessu samhengi er mikilvægt að áréttu að VIRK fjármagnar ekki heilbrigðisþjónustu eða aðra þjónustu, sem veitt er innan hins opinbera velferðarkerfis, en leggur áherslu á að eiga gott samstarf við þá sem þar starfa – samstarf um að finna árangursríkar leiðir fyrir viðkomandi einstakling.

Fjöldi einstaklinga sem þiggja þjónustu

Frá því að VIRK hóf að veita þjónustu haustið 2009 og fram til 1. september 2012 hafa um 3700 einstaklingar leitað til ráðgjafa, 64% konur og 36% karlar. Á mynd 2 er að finna upplýsingar um aldursskiptingu þátttakenda. Í töflu 1 eru upplýsingar um fjölda nýrra þátttakenda á árunum 2009–2011 og í töflu 2 er að finna nánari upplýsingar um heildarfjölda einstaklinga sem leitað hafa til ráðgjafa VIRK miðað við stöðuna 1. september 2012.



Mynd 2:

Fjöldi nýrra einstaklinga 2009–2011:

| | |
|-------------------|-------|
| 2009 (sept.-des.) | 383 |
| 2010 | 1.158 |
| 2011 | 1.309 |

Tafla 1:

Heildarfjöldi miðað við byrjun september 2012:

| | |
|--|-------------|
| Heildarfjöldi sem hefur leitað til VIRK frá upphafi | 3690 |
| Fjöldi sem hefur lokið þjónustu | 1335 |
| Fjöldi í reglulegum viðtölum | 1016 |
| Fjöldi í eftirfylgd | 542 |
| Fjöldi sem hefur hætt þjónustu | 797 |


Tafla 2:

Þeir sem hafa hætt þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK hafa annað hvort ekki átt erindi í þjónustuna til dæmis vegna þess að vinnugeta þeirra var ekki skert vegna heilsubrests, þeir voru of veikir eða þeir voru ekki tilbúnir til að taka þátt í þjónustunni með það að markmiði að stefna aftur út á vinnumarkað. Aðgengi að ráðgjöfum VIRK hefur verið mjög opið og það veldur því að til þeirra sækja einstaklingar sem síðan kemur í ljós að ekki eiga erindi í þessa tegund þjónustu á þeim tímapunkti sem þeir leita til ráðgjafa.

Framfærsla og aðstæður einstaklinga


Til að einstaklingur geti komið til VIRK og þegið þjónustu þarf að vera til staðar heilsubrestur sem veldur því að viðkomandi getur ekki sinnt launuðu starfi, hann þarf að stefna markvisst aftur að þátttöku á vinnumarkaði og einnig þarf fólk, sem leitar til VIRK, að hafa bæði vilja og getu til að taka á markvissan hátt þátt í eigin starfsendurhæfingu. Ekki þarf sérstaka tilvísun til að panta tíma hjá ráðgjafa VIRK en fólk þarf hins vegar að uppfylla áðurnefnd skilyrði og ráðgjafi byggir síðan upp áætlun í nánu samstarfi við lækni viðkomandi einstaklings og aðra fagaðila eftir aðstæðum.

Mynd 3 inniheldur upplýsingar um framfærslustöðu þeirra einstaklinga sem leitað hafa til VIRK – þ.e. hvaðan þeir hafa framfærslu í upphafi þjónustunnar. Eins og sjá má er meirihluti einstaklinganna annaðhvort á launum í veikindum eða á dagpeningum hjá sjúkrasjóðum stéttarfélagi – eða rétt tæplega 60% af heildarfjöldanum. Þetta er eðlilegt í ljósi þess að VIRK leggur áherslu á að koma snemma að málum og starfar í nánú samstarfi við sjúkrasjóði stéttarfélagi um allt land. VIRK hefur einnig lagt áherslu á að kynna þjónustuna á vinnustöðum, meðal annars með fræðslu fyrir trúnaðarmenn og stjórnendur. Um 8% einstaklinga eru á atvinnuleysisbótum við komu til ráðgjafa, 7% á endurhæfingarlífeyri, 9% á örorkulífeyri, 5% á framfærslu hjá sveitarfélagi og 9% hafa enga framfærslu og eru þá gjarnan á milli framfærslukerfa við komu til ráðgjafa VIRK.




Mynd 3:

Stór hópur þeirra sem leita eftir þjónustu glímir við geðræn vandamál eða stoðkerfisvandamál. Einnig er algengt að einstaklingar, sem koma til VIRK séu að takast á fjölpættan vanda, þ.e. bæði heilsubrest, sem og aðra erfiðleika sem geta verið bæði af félagslegum og fjárhagslegum toga. Staðan er því oft nokkuð flókin og alvarleg og finna þarf leiðir sem hæfa hverjum og einum. Á mynd 4 má sjá upplýsingar um það hvernig einstaklingar, sem koma til ráðgjafa VIRK, flokka ástæður fyrir skertri starfsgetu og fjarveru frá vinnumarkaði. Hafa skal í huga að einstaklingar geta glímt við heilsubrest sem tilheyrir fleiri en einum flokki sjúkdóma.




Mynd 4:

Á mynd 5 eru settar fram upplýsingar sem gefa hugmynd um aðstæður og líðan þeirra einstaklinga sem leituðu til VIRK á árinu 2011. Þessar upplýsingar voru skráðar við komu til ráðgjafa. Þarna má sjá að um 60% einstaklinga fannst starfið, sem þeir voru í, líkamlega erfitt og um 57% einstaklingana fannst það vera andlega erfitt. Alls segja 78% að veikindin hafi haft áhrif á fjárhaginn og mikill meirihluti er í reglulegu sambandi við lækni. Um tveir þriðju hlutar einstaklinganna telja andlega streitu, depurð og kvíða hafa áhrif á starfshæfni sína og 67% einstaklinganna kvíða því að veikindi versni við endurkomu til vinnu.



Mynd 5:


Þeir sem koma til ráðgjafa VIRK hafa bakgrunn og reynslu frá öllum greinum atvinnulífsins. Þetta má sjá á mynd 6 en þar eru upplýsingar um hvernig þeir einstaklingar, sem leitað hafa til ráðgjafa VIRK, skiptast hlutfallslega niður á helstu atvinnugreinar samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar.



Mynd 6:

Hvert fara einstaklingarnir?

Þann 1. september 2012 höfðu 1335 einstaklingar lokið þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK. Meirihluti þeirra fór aftur á vinnumarkaðinn og hefur þar fulla vinnugetu. Þannig höfðu um 72% skjólstaðinga VIRK fulla vinnugetu við útskrift og voru þá annað hvort í vinnu, í atvinnuleit eða í lánshæfu námi. Nánari upplýsingar um framfærslustöðu við lok þjónustu má finna á mynd 7. Um 18% einstaklinga sem ljúka þjónustu hjá VIRK fara á örorkulífeyri. Í flestum tilfellum er hér um að ræða einstaklinga sem ekki eiga afturkvæmt á vinnumarkað að svo stöddu vegna veikinda eða afleiðinga þeirra.



Mynd 7:

Það skiptir miklu máli hver staða einstaklinganna er þegar þeir koma til ráðgjafa VIRK. Bestur árangur næst þegar fólk kemur snemma og er enn með vinnusamband við komu til ráðgjafa. Þetta má sjá í töflu 3. Í henni eru teknar saman upplýsingar um þá sem hafa lokið þjónustu hjá ráðgjöfum VIRK – í hvaða stöðu þeir eru þegar þeir koma til ráðgjafa og hversu stórt hlutfall þeirra útskrifast með vinnugetu – þ.e. fer annaðhvort í launaða vinnu, í atvinnuleit eða í lánshæft nám. Þessar tölur eru teknar saman sem stöðugildi þannig að ráðgjafar skrá framfærsluhlutfall viðkomandi einstaklinga og breytingar á því. Hver og einn einstaklingur er skráður sem eitt stöðugildi. Um 94% stöðugilda

einstaklinga sem eru ennþá á launum í veikindum hjá atvinnurekanda við komu til ráðgjafa útskrifast með vinnugetu. Hlutfallið lækkar síðan eftir því sem virkni og framfærsla færast fjær vinnumarkaðnum og um 30% af stöðugildum örorkulífeyrisþega er með vinnugetu í lok þjónustu. Af þessu má sjá hversu mikilvægt það er að koma snemma að málum og eru þessar tölur einnig í takt við bæði rannsóknir og reynslu annarra aðila héraðs og erlendis á þessu sviði. Það er einnig ánægjulegt að bera þessar tölur saman við sambærilegar tölur fyrir einu ári þar sem þessar tölur eru nokkuð hærri sem gefur til kynna að árangur þjónustunnar sé heldur að aukast. Þannig voru um 17% stöðugilda örorkulífeyrisþega með vinnugetu í lok þjónustu fyrir ári en nú eru það um 30% og hlutfallið hjá þeim sem voru með laun á vinnumarkaði hefur hækkað úr 90% í 94%.

| Staða við komu til ráðgjafa | Hlutfall stöðugilda við lok ráðgjafar: | | | |
|-----------------------------------|--|---------------|--------------|---------------------|
| | Í launaðri vinnu | Í atvinnuleit | Á námslánnum | Samt. með vinnugetu |
| Laun á vinnumarkaði | 85% | 7% | 2% | 94% |
| Sjúkrasjóður stéttarfélags | 50% | 20% | 4% | 74% |
| Endurhæfingarlífeyrir | 36% | 14% | 3% | 53% |
| Örorkulífeyrir | 26% | 4% | 0% | 30% |

Tafla 3:

Gæði og árangur

Starfsemi VIRK er flókin, margþætt og viðkvæm og hún krefst mikils utanumhalds og stöðugs innra eftirlits. Það er einnig mikilvægt að þróa skýra árangursmælikvarða til að fylgjast með þróun og árangri til framtíðar. Að þessu hefur verið unnið hjá VIRK frá upphafi. Þessi vinna er komin vel á veg en henni er ekki lokið enda er uppbyggingu VIRK hvergi nærri lokið.

Vinnuferlar ráðgjafa hafa verið skilgreindir á formlegan máta, bæði með formlegum lýsingum og í uppbyggingu á upplýsingakerfi með samræmdri skráningu. Á fræðslufundum með ráðgjöfum er reglulega farið yfir þessa ferla og þeir eru aðlagðir og bættir í samræmi við þróun þjónustunnar á hverjum tíma. Sérfræðingar á skrifstofu VIRK hafa síðan eftirlit með störfum ráðgjafa ásamt því að veita þeim stuðning. Við eftirlitið eru bæði notuð töluleg gögn sem og skilgreindir þættir sem sérfræðingar taka út reglulega og fara yfir á fundum með ráðgjöfum.

VIRK hefur frá upphafi lagt á það áherslu að skráning og meðferð upplýsinga sé í samræmi við lög og reglur um persónuvernd og hefur í því samhengi fengið aðstoð frá sérfræðingum í persónuverndarmálum við uppbyggingu og framkvæmd upplýsingaöryggisstefnu. VIRK stefnir einnig að því að fá formlega vottun á upplýsingaöryggi sínu samkvæmt staðlinum ISO 27001.

Unnið hefur verið að skilgreiningu á árangursmælikvörðum fyrir starfsemi en mikilvægt er í svona flókinni starfsemi að nálgast þær mælingar út frá mörgum þáttum. Það sem skiptir auðvitað mestu máli er hvort einstaklingar fari aftur til þátttöku á vinnumarkaði í kjölfar þjónustunnar. Framfærslustaða einstaklinga er því skráð bæði við upphaf, lok og einnig í tiltekinn tíma, eftir að þjónusta er lokið, til að mæla varanlegan árangur. Einnig eru aðrir mælikvarðar á líðan og getu einstaklingana í notkun og þróun. Til viðbótar við þetta eru allir þátttakendur beðnir um að svara þjónustukönnun við lok þjónustu og sú könnun gefur einnig mikilvægar upplýsingar um viðhorf og líðan þeirra einstaklinga sem lokið hafa þjónustu hjá VIRK.

Starfsgetumat

Hjá VIRK hefur verið lögð gríðarlega mikil vinna í þróun og uppbyggingu á starfsgetumati. Um er að ræða uppbyggingarstarf sem getur bæði nýst innan VIRK sem og hjá öðrum aðilum hér á landi sem vinna við starfsendurhæfingu.

Starfsgetumat er heildrænt mat sem metur færni einstaklingsins til að taka virkan þátt í samfélaginu út frá líkamlegum, andlegum og félagslegum forsendum. Það metur styrkleika og hindranir einstaklingsins með tilliti til atvinnuþátttöku og getu hans til að afla sér tekna. Lögð er áhersla á að virkja einstaklinginn, bjóða honum fljótt einstaklingsmiðaða starfsendurhæfingu og fjarlægja vinnuletjandi hindranir. Litið er á starfsgetumat sem eitt órofa ferli mats annars vegar og virkniaukandi aðgerða og/eða starfsendurhæfingar og meðferðar hins vegar.

ICF (Alþjóðlega flokkunarkerfið um færni, fötlun og heilsu) er nýtt sem hugmyndafræðilegur rammi utan um starfsgetumatið. Það gefur möguleika á stöðluðu samræmdu tungutaki yfir heilsu og heilsutengt ástand þar sem horft er á ástand einstaklings út frá heilsu og færni. Færni einstaklingsins í því samfélagi, sem hann býr í, er mæld án tillits til hvað olli skerðingunni.

Alls hafa um 60 fagaðilar hér á landi tekið þátt í uppbyggingu og þróun þessa mats. Einnig hafa erlendir sérfræðingar komið að þróun á einstökum hlutum þess. Sem dæmi um það má nefna samstarf við endurhæfingarstofnunina Rauland í Noregi en sú stofnun hefur sýnt þessu mati sérstakan áhuga og vinnur nú að rannsóknarverkefni þar sem starfsgetumatið er notað og árangur þess metinn og mældur.

Þróun atvinnutengdra úrræða

Mikilvægt er að auka og efla samstarf við atvinnurekendur á vinnumarkaði um starfsendurhæfingu hér á landi. Þegar einstaklingur veikist eða slasast þá er mikilvægt að standa vörð um vinnusamband hans og gæta þess eftir fremsta megni að það rofni ekki. Það er líka mikilvægt að gefa einstaklingum, sem hafa verið í lengri tíma frá vinnumarkaði, tækifæri til að prófa vinnugetu sína, annaðhvort í tilbúnum aðstæðum eða við raunveruleg störf á vinnumarkaði. Úrræði með beina tengingu við atvinnulífið hafa verið af skornum skammti hér á landi en VIRK hefur á síðasta ári veitt styrki til nokkurra starfsendurhæfingaraðila sem vinna nú að því að þróa ný úrræði þar sem sérstök áhersla er lögð á vinnuþrófanir og meiri tengingu við vinnumarkaðinn. Sérfræðingar VIRK hafa einnig viðað að sér þekkingu á þessu sviði og verið í sambandi við aðila erlendis sem hafa sérhæft sig í úrræðum sem þessum.

Virkur vinnustaður

Til að ná varanlegum árangri í að draga úr nýgengi örorku er nauðsynlegt að vinna með atvinnurekendum að því að byggja upp forvarnir og finna færar leiðir til að tryggja farsæla endurkomu einstaklinga til starfa eftir veikindi og slys, ásamt því að auka atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu. Um þetta var rætt á sérstakri vinnustofu með aðilum vinnumarkaðarins í febrúar 2011. Í kjölfar hennar ákvað stjórn VIRK að fara af stað með sérstakt þriggja ára þróunarverkefni í samvinnu við atvinnurekendur og meta árangur þess við lok tímabilsins. Verkefnið hófst formlega haustið 2011 og áætlað er að því ljúki innan þriggja ára.

Meginmarkmið verkefnisins eru að:

- Stuðla að því að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með fyrirsjáanlegum hætti.
- Á vinnustöðum sé til yfirlýst stefna og markvissar leiðir sem stuðla að forvörnum og skapa aðstæður til árangursríkrar endurkomu til vinnu eftir veikindi eða slys.
- Auka þekkingu stjórnenda og starfsmanna um þá þætti í vinnuumhverfinu sem hafa áhrif á heilsu og draga úr fjarvistum.
- Gert sé ráð fyrir að allir hafi hlutverk í atvinnulífinu þrátt fyrir skerta starfsgetu af ólíkum ástæðum.

Stjórnendur og starfsmenn fá fræðslu og aðstoð við að móta og innleiða stefnu um velferð og fjarvistir. Áhersla er lögð á jákvæða og heilsusamlega nálgun með þátttöku stjórnenda og starfsmanna við þarfagreiningu vinnustaðarins og útfærslu á stefnu og leiðum eftir því sem best hentar hverri starfsemi.

Í verkefninu eru skoðaðar og prófaðar leiðir til að auka vellíðan starfmannna, minnka fjarvistir og auka stuðning og sveigjanleika við endurkomu til starfa eftir langvinn veikindi. Þátttakendur í verkefninu er 12 fyrirtæki og stofnanir eða um 35 vinnustaðir innan mismunandi starfsgreina, s.s. verslunar, þjónustu, fræðslu- og heilbrigðisstarfsemi, framleiðslustarfsemi og fiskveiða.

Til framtíðar

Takist vel til getur starfsendurhæfing skilað gríðarlegum ávinningi – bæði fjárhagslegum og ekki síður í formi aukinna lífsgæða og betra og fjölbreyttara samfélags með auknum möguleikum til þátttöku. VIRK fékk Talnakönnun til að reikna nokkur dæmi um fjárhagslegan ávinning af árangursríkri starfsendurhæfingu miðað við tilteknar forsendur og ljóst er að það er til mikils að vinna eða að allt að 100 milljónum króna fyrir einn einstakling sem fer á vinnumarkað í stað örorku.

Starfsendurhæfing er hins vegar flókið verkefni sem krefst samstarfs margra mismunandi aðila, bæði fagaðila í starfsendurhæfingu, fagaðila innan hins opinbera heilbrigðis- og velferðarkerfis og þeirra aðila sem bera ábyrgð á launa- og bótagreiðslum til einstaklinga sem ekki hafa fulla vinnugetu. Til að árangur náist til framtíðar þarf að eiga sér stað samvinna og samspil milli þessara aðila sem hvetur til ábyrgðar í öllu ferlinu. Fagaðilar – hvar sem þeir eru staðsettir innan kerfisins – þurfa að vinna saman með hagsmuni einstaklingsins í huga. Framfærsluaðilar bera ábyrgð á því að fyrirkomulag og kerfi framfærslugreiðslna styðji við og hvetji til atvinnuþátttöku og hver og einn einstaklingur þarf að bera ábyrgð á því að leggja sig fram um að ná árangri og nýta sér þá aðstoð sem honum stendur til boða.

Í dag er þetta kerfi um margt brotakernt og erfitt er að fá yfirsýn yfir möguleika, leiðir og þá þætti sem hvetja og letja einstaklinga til dáða. Þannig getur uppbygging bótakerfisins haft mjög letjandi áhrif á áhuga fólks til þátttöku á vinnumarkaði þar sem einstaklingar sjá sér ekki hag í því fjárhagslega að vinna til dæmis að hluta til þrátt fyrir að hafa til þess nægjanlega getu. Einnig getur verið erfitt fyrir marga geira vinnumarkaðarins að keppa við ráðstöfunartekjur örorkulífeyrisþega ef hann er til dæmis með nokkur börn á framfæri. Hér finnast hins vegar engar einfaldar lausnir því sú staðreynd liggur líka fyrir að samfélagið ætlar mörgum þeim einstaklingum, sem enga möguleika hafa til atvinnuþátttöku, að lifa af þessum bóttum ævina á enda. Það er þó ljóst að við getum gert betur og það er brýnt að finna nýjar og betri leiðir í þessum efnum ef við ætlum okkur að ná árangri með starfsendurhæfingu til framtíðar.

Einnig er mikilvægt að fagaðilar og þjónustuaðilar innan velferðarkerfisins eigi með sér aukið samstarf. Í dag eru mörg dæmi þess að einstaklingar fara á milli ólíkra þjónustuaðila, sem ekki „tala saman“, þannig að heildarþjónustan

verður bæði dýr og ómarkviss. Það er í sjálfu sér gott og jákvætt að til staðar séu margir mismunandi aðilar með ólíkar áherslur því aðstæður hvers og eins eru ólíkar og engir tveir einstaklingar þurfa nákvæmlega sömu nálgun í þjónustu. Fjölbreytni er þannig bæði nauðsynleg á þessu sviði og af hinu góða. Það er hins vegar mikilvægt að allir aðilar finni leiðir til að vinna saman. VIRK hefur lagt mikla áherslu á samstarf af þessum toga og mun til framtíðar leggja sitt af mörkum til að auka það með hagsmuni einstaklinga og samfélags að leiðarljósi.



Umsagnir um þingmál

Þingsályktunartillag um staðgöngumæðrun, 4. mál

ASÍ vísar í umsögn sína, dags. 15. febrúar 2011, þar sem fjallað er um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun og hefur afstaða sambandsins til málsins ekki breyst frá þeim tíma. Þar kemur fram m.a. að ASÍ telur að ekki hafi verið með fullnægjandi hætti tekið á siðferðilegum, lagalegum og læknisfræðilegum spurningum varðandi staðgöngumæðrun. Er þar vísað í álit vinnuhóps heilbrigðisráðherra um staðgöngumæðrun frá 5. febrúar 2010 og 7. júlí 2010.

ASÍ bendir á að málið getur varðað skuldbindingu og afstöðu Íslands til núverandi og væntanlegra alþjóðareglna á sviði mannréttinda, þ.m.t. barna, kvenna og foreldra, og á þeim vettvangi er umræðu ekki lokið. Einnig telur ASÍ að frekari umræða þurfi að eiga sér stað áður en farið er í undirbúning lagafrumvarps sem heimilar staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni.

Þingsályktunartillaga um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál

Alþýðusamband Íslands fagnar tillögu til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi. Þær tillögur nefndar Alþingis um eflingu græna hagkerfisins, sem fjalla um atvinnu- og orkumál, eru í samræmi við atvinnumála-

stefnu ASÍ þar sem áhersla er lögð á sjálfbæran orkubúskap, hreina náttúru og umhverfisvæna framleiðsluferla.

Mikilvægt er að undirstrika að umhverfisvernd og atvinnusköpun geta farið saman en eru ekki endilega andstæður eins og lögð er áhersla á í hugmyndafræði græns hagkerfis. Ísland hefur sérstaklega mikla möguleika á að ná langt í þessum málaflokki í alþjóðlegum samanburði. Hér er mikið af vannýttum orkuauðlindum og óþrjótandi tækifæri felast í bættri orkunýtingu innanlands bæði hjá fyrirtækjum og heimilum.

ASÍ telur að auðvelt sé að fjölga grænum störfum og um leið efla hagvöxt hér á landi. Í ljósi stöðu efnahagsmála í dag þurfum við að auka verðmæta-sköpun þjóðarbúsins til að endurheimta megi fyrri lífskjör. Þetta er hægt að gera m.a. með því að auka fullvinnslu sjávar- og landbúnaðarafurða. Þrátt fyrir að fullvinnsla hafi aukist töluvert í sjávarútvegi er of mikið um hráefnaútlutning og stór hluti af útlutningi á landbúnaðarafurðum er óunnar afurðir. Í dag er útlutningur þessara afurða með miklum takmörkunum og því er lykिलatriði að bæta aðgengi Íslands að mörkuðum með fullunnar sjávar- og landbúnaðarafurðir.

ASÍ telur jafnframt að umhverfisvænar fjárfestingar gætu lyft sögulega lágu fjárfestingar-hlutfalli Íslands og fjölgað störfum á tímum mikils atvinnuleysis. Einnig er skynsamlegt að byggja græna hagkerfið á hagrænum hvötum og fræðslu til að efla þátttöku almennings í uppbyggingu græns hagkerfis á Íslandi.

Að lokum leggur ASÍ áherslu á mikilvægi samstarfs aðila vinnumarkaðarins og ríkisvalds í þeirri vinnu sem framundan er varðandi uppbyggingu græns hagkerfis á Íslandi.

Þingsályktunartillaga um úttekt á neytendavernd á fjármálamarkaði, 12. mál

Alþýðusambandið fagnar framlagningu þessarar þingsályktunartillögu og telur það vera tímabært að gerð verði heildstæð úttekt á réttarstöðu neytenda á fjármálamarkaði og skilgreint hvernig neytendavernd verði best fyrir komið.

Frá hrúni þriggja stærstu bankanna haustið 2008 hafa komið í ljós ýmsir ágallar á neytendavernd á fjármálamarkaði sem endurspeglast í fjölda dómsmála í kjölfar bankahrunsins. Þrátt fyrir að nokkrar bætur hafi verið gerðar á löggjöf sem lúta að neytendavernd á fjármálamarkaði á umliðnum árum hafa þær að mestu beinst að því að bregðast við vandamálum sem komið hafa upp í kjölfar falls bankanna. Það er því rétt að staldra við og skoða núverandi laga-umhverfi með það í huga að styrkja stöðu neytenda.

Í greinargerðinni, sem fylgir með þingsályktunartillögunni, er lagt til að forsætisráðherra skipi formann nefndarinnar en efnahags- og viðskiptaráð-

herra, innanríkisráðherra og velferðaráðherra skipi hver sinn fulltrúa í nefndina. Auk þess tilnefni Neytendasamtökin og samtök fjármálafyrirtækja fulltrúa í nefndina. Í greinargerðinni er ekki gert ráð fyrir að ASÍ eigi fulltrúa í nefndinni en í stað þess er lagt til að nefndin eigi gott samstarf við hagsmunasamtök á borð við ASÍ, BSRB, BHM og Hagsmunasamtök heimilanna.

Alþýðusambandið hefur um árabíll látið neytendamál og neytendavernd til sín taka og gott dæmi um það er öflugt starf á sviði verðlagseftirlits. Auk þessa er Alþýðusambandið fjölmennustu heildarsamtök launafólks á landinu. Alþýðusambandið leggur því til að sambandinu verði gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa í nefndina. Að öðru leyti tekur ASÍ undir þingsályktunartillöguna og hvetur til þess að hún verði samþykkt.

Þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðlögunar- og viðræðuferli Íslands og Evrópusambandsins, 39. mál.

Á ársfundi Alþýðusambands Íslands 23. og 24. október 2008 var samþykkt ályktun þar sem segir m.a.:

„Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu.“

Þessi afstaða var áréttuð á aukaársfundi ASÍ í mars 2009.

Á grunni framangreindrar afstöðu taka fulltrúar Alþýðusambandsins virkan þátt í starfi þeirra samningahópa sem undirbúið hafa aðildarviðræðurnar við Evrópusambandið og unnið hafa að því að móta samningsmarkmið Íslands í aðildarviðræðunum á grundvelli samþykktar Alþingis frá 19. júlí 2009 og nefndarálits meirihluta utanríkismálanefndar sem henni fylgdi. Það er markmið Alþýðusambandsins með þátttöku í starfi samningahópanna og annars staðar þar sem aðildarviðræðurnar við ESB eru á dagskrá að ná sem bestum samningi fyrir Ísland og íslenskt launafólk. Það verður síðan íslensku þjóðarinnar að ákveða í þjóðaratkvæðagreiðslu hvort hún vill ganga í Evrópusambandið á grundvelli þess samnings sem gerður verður.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusamband Íslands til að þingsályktunartillagan verði felld.

Frumvarp til laga um tekjuskatt (skuldaeftirgjafir), 41. mál

Alþýðusamband Íslands styður samþykkt þessa máls, m.a. á þeim forsendum sem fram koma í greinargerð um nauðsyn gegnsæis og skýrleika. ASÍ vekur jafnframt athygli á því að skv. meginreglu skattalaga eru allar tekjur, gjafir, arfur og annað það sem veruleg áhrif hefur á framfærslu manns og eignir, framtalsskylt óháð skattskyldu. Eftirgjöf skulda fellur skýlaust í þann hóp.

Það væri því eðlilegt að ekki væri um tímabundið bráðabirgðaákvæði í skattalögum að ræða heldur varanlega breytingu.

Frumvarp til laga um skattaívilnanir í þágu tilgreindra félagasamtaka, 107. mál

Alþýðusamband Íslands leggst ekki gegn frumvarpi þessu en leggur til að upp í greinargerð frumvarpsins verði tekin skýring sem tryggi að samtök launafólks, sem eru stærstu frjálsu félagasamtök á Íslandi, sem starfa í þágu almennings, sem og sjóðir þeirra sem notaðir eru til sömu verkefna og þeir málaflokkar sem 16. gr. reglugerðar nr. 483/1994 lýtur að, séu án vafa í hópi þeirra sem lögín og reglugerðin taka til.

Frumvarp til laga um íslenskan ríkisborgararétt (biðtími vegna refsinga o.fl.), 135. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við einstakar greinar. ASÍ tekur undir athugasemdir Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, Mannréttindastofu Íslands og Fjölmenningsseturs við flutning málsins á síðasta þingi varðandi nauðsynlegar breytingar til þess að koma til móts við útlendinga hér á landi sem t.d. eru ekki læsir á eigið tungumál eða ólæsir á latneskt letur. Jafnframt er vakin athygli á því að svipaðir erfiðleikar geta mætt fötluðum einstaklingum, fólki sem komið er yfir miðjan aldur og þeim sem glíma við námsörðugleika, m.a. vegna áfalla.

Frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög, 191. mál

Alþýðusamband Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Þingsályktunartillaga um stefnu um beina erlenda fjárfestingu, 385. mál

Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að unnið sé með markvissum hætti að því að auka erlenda fjárfestingu. Þá telur sambandið mikilvægt – í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur í þjóðfélaginu um erlenda fjárfestingu – að afstaða Alþingis til erlendra fjárfestinga sé skýr. ASÍ mælir því með samþykkt tillögunnar.

Frumvarp til laga um virðisaukaskatt (barnaföt o.fl.), 490. mál

ASÍ telur mikilvægt að auka stuðning við barnafjölskyldur en bendir á að lækkun virðisaukaskatts á barnaföt og nauðsynjavörur tengdar barnauppeldi er ekki skilvirkasta leiðin til þess. Einfaldari og skilvirkari leið til þess að koma til móts við barnafjölskyldur er að hækka barnabætur.

Frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum (úthlutun tollkvóta), 508. mál

ASÍ hefur gagnrýnt fyrirkomulag og framkvæmd úthlutunar tollkvóta. ASÍ telur því mikilvægt að stjórnvöld bregðist við athugasemdum Umboðsmanns Alþingis varðandi úthlutun tollkvóta.

ASÍ telur að með frumvarpinu sé stigið jákvætt skref enda segir í greinargerð þess: „Helstu breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu eru þessar: Í fyrsta lagi er lagt til að miða skuli við magntolla við úthlutun á tollkvótum samkvæmt viðaukum IIIA og B en ekki verðtolla. Í framangreindum viðaukum eru tilgreindir tollkvótar samkvæmt skuldbindingum Íslands í samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sbr. 1. mgr. 12. gr. tollalaga, sem skylt er að úthluta árlega. Í öðru lagi er lagt til að skilgreint verði nánar í lögum hvaða staða þurfi að vera uppi á innanlandsmarkaði sem verður til þess að tollkvótum sé úthlutað samkvæmt viðaukum IVA og B. Einnig er lagt til að nánar verði skýrt hvernig tollur skuli ákveðinn við úthlutun tollkvóta og lögfest hlutlæg skilyrði fyrir þeirri ákvörðun. Með þessum breytingum er leitast við að koma til móts við athugasemdir Umboðsmanns Alþingis þar sem sett eru fram skýr og hlutlæg skilyrði fyrir ákvörðun um úthlutun tollkvóta og ákvörðun tolla á þær vörur sem úthlutað er samkvæmt slíkum kvótum.“

ASÍ telur mikilvægt að tryggja að á innanlandsmarkaði sé ávallt til staðar nægilegt framboð af landbúnaðarvörum til að tryggja verðsamkeppni og eðlilega samkeppni í vöruframboði. Þá telur ASÍ mikilvægt að tryggja að ávallt séu fáanlegar vörur frá fleiri en einum framleiðanda til þess að sem eðlilegust verðmyndun geti átt sér stað á markaði fyrir landbúnaðarafurðir. Greinargerð frumvarpsins tekur undir þessi sjónarmið eða eins og segir í greinargerðinni: „Skilyrðin sem sett eru fram í frumvarpinu miða að því að nægjanlegt magn af landbúnaðarvörum sé til staðar á innanlandsmarkaði á hverjum tíma þannig að þörfum neytenda sé fullnægt. Þá er stefnt að því að tryggja ákveðna verðsamkeppni á markaði með því að tryggja að vara sé ávallt fáanleg frá fleirum en einum framleiðanda, neytendum til hagsbóta.“

ASÍ telur því frumvarpið til bóta.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 657. mál og um frumvarp til laga um veiðigjöld, 658. mál

Vegna þess hve frumvörpin um stjórn fiskveiða og veiðigjöld eru ná tengd sendir Alþýðusamband Íslands sameiginlega umsögn um bæði frumvörpin.

Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem verið hefur í sjávarútvegi vegna boðaðra breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Jafnframt telur ASÍ mikilvægt að sköpuð verði aukin sátt um sjávarútveginn með nýjum lögum.

Afstöðu sína til frumvarpanna byggir ASÍ á stefnu sambandsins í atvinnu- málum en í henni segir m.a:

„Til náttúruauðlinda í eigu þjóðarinnar teljast m.a. nytjastofnar á Íslands- miðum, auðlindir á /í /eða undir hafsbotninum (utan netalaga) svo og náttúru- auðlindir í þjóðlendum. Á grundvelli stefnu um nýtingu og verndun náttúru- auðlinda geta stjórnvöld veitt heimild til nýtingar á auðlindum, sem eru í eigu þjóðarinnar, gegn gjaldi að því tilskildu að nýtingarrétturinn sé tímabundinn eða að honum megi breyta. Við útgáfu nýtingarleyfa á auðlindum, sem eru í eigu þjóðarinnar, skal m.a. hafa eftirfarandi að leiðarljósi:

- *Leyfin skulu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerð eru opinber í auglýsingum.*
- *Setja skal ströng skilyrði fyrir veitingu leyfanna, m.a. um að áætlanir um rannsóknir og nýtingu séu í samræmi við stefnu um nýtingu og vernd auðlinda, að þær uppfylli kröfur um umhverfismat og skipulag og gangi ekki gegn reglum um réttindi launafólks, laun og vinnuvernd.*
- *Gegn leyfum komi endurgjald; í fyrsta lagi vegna kostnaðar ríkisins af rannsóknum og eftirliti með nýtingu auðlinda (þjónustugjald); í öðru lagi til að tryggja þjóðinni hlutdeild í umframardi sem nýting auðlinda í þjóðareign skapar (auðlindagjald); og í þriðja lagi, þar sem það á við, til að tryggja hagkvæma nýtingu (umhverfisskattur).*
- *Gæta ber höfs við beitingu eignarnámsheimilda og tryggt verður að vera að efnisleg skilyrði um almannahörf sem og öll formleg skilyrði séu uppfyllt.“*

Síðar í stefnunni er fjallað um aðlögun að breytingum í atvinnulífinu en um slíkar breytingar segir:

„Þróun í atvinnulífinu getur haft í för með sér tímabundna erfiðleika fyrir einstök heimili, fyrirtæki eða byggðarlög. Til að gæta réttlætis og stuðla að viðtækri sátt þarf að gefa öllum tækifæri á að laga sig að breytingum. Í þessu tilliti er einkar mikilvægt að tryggja virka upplýsingamiðlun svo og samráð og samningaviðræður á öllum stigum breytinga, hvort sem um er að ræða skipulagsbreytingar eða tækninnleiðingu. Styrki vegna aðlögunar á helst að útfæra með almennum aðgerðum, t.d. gegnum skatta- og velferðarkerfið. Ef þörf er á sértækum aðgerðum eiga þær að vera tímabundnar, gagnsæjar, óframleiðslutengdar, miða að atvinnusköpun, vera árangursríkar með tilliti til kostnaðar og samræmdar að hinu almenna velferðarkerfi.“

Um sjávarútveginn segir í stefnunni:

„Núverandi afskipti af sjávarútvegi (kvótakerfið) stuðlar í meginatriðum að hagkvæmri sókn í leyfulegan heildarkvóta. Stjórnvöld fara með eignar-

réttinn yfir auðlindinni í umboði þjóðarinnar. Þetta þýðir m.a. að þeim ber að ákveða heildarkvóta út frá vísindalegum niðurstöðum um afkomu stofna.“

Eftirfarandi eru helstu markmið frumvarpanna og falla þau vel að framan- greindri stefnu ASÍ í atvinnumálum:

- „Að stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu fiskistofna við Ísland.
- Að stuðla að farsælli samfélagsþróun með hagsmunum komandi kynslóða að leiðarljósi.
- Að treysta atvinnu og byggð í landinu.
- Að hámarka þjóðhagslegan ávinning af sjávarauðlindinni og tryggja þjóðinni eðlilega auðlindarentu.
- Að sjávarútvegurinn sé arðsamur og búi við hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi.
- Að kostnaði ríkissjóðs við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með veiðum og vinnslu sé mætt með almennu veiðigjaldi.
- Að tryggja að þjóðin í heild fái hlutdeild í þeim arði, sem nýting sjávarauðlindarinnar skapar, með sérstöku veiðigjaldi.“

Þó að markmið frumvarpanna falli ágætlega að stefnu ASÍ í atvinnumálum þá er ýmislegt sem sambandið telur að færa þurfi til betri vegar í frumvörpunum áður en þau verða að lögum.

Helstu veikleikar frumvarpanna eru að verið er að veikja rekstargrunn greinarinnar. Sérstaklega þarf að hafa þetta í huga þegar horft er til þess að einnig er verið að leggja til að greinin greiði hluta af umframhagnaði til ríkisins í formi sérstaks veiðigjalds. ASÍ telur mikilvægt að lög um stjórn fiskveiða séu ávallt þannig úr garði gerð að þau stuðli að því að sjávarútvegurinn geti verið arðsöm atvinnugrein og búi við stöðugt rekstrarumhverfi þannig að greinin geti gegnt mikilvægu samfélagslegu hlutverki sínu í atvinnuháttum á landsbyggðinni.

Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, 657. mál

ASÍ telur að of langt sé gengið í frumvarpinu í sértækum aðgerðum sem veikja rekstargrundvöll sjávarútvegsins. Að mati ASÍ eru helstu veikleikar frumvarpsins:

- Mikil skammsýni felst í því að banna með öllu framsal að 20 árum liðnum. Varanlegt framsal hefur skipt miklu máli varðandi aðlögun sjávarútvegs að langtímaskilyrðum í greininni. Ljóst má vera að það er óskynsamlegt að afnema þennan aðlögunarhæfileika með öllu.
- Of stór hluti aflahlutdeilda fer í flokk 2 en það er sá hluti kerfisins þar sem hagkvæmni er minnst. Aukningin á flokki 2 er með beinum eða óbeinum hætti tekin af flokki 1. Slík tilfærsla dregur úr atvinnuöryggi þeirra sem

starfa við sjómennsku og fiskvinnslu að aðalstarfi og veikir getu greinarinnar til að greiða sérstakt veiðigjald sem tryggi þjóðinni eðlilega hlutdeild í þeim arði sem nýting sjávarauðlindarinnar getur skapað.

- ASÍ telur með öllu óásættanlegt að 40% af aukningu aflahlutdeilda umfram ákveðin mörk í ákveðnum tegundum renni í flokk 2. Verði þetta lögfest þá getur flokkur 2 stækkað mjög mikið á skömmum tíma. Sem dæmi má nefna að takist að byggja upp þorsstofninn þannig að heimilaðar veiðar færu í 230 þúsund tonn, rynnu um 11 þúsund tonn í flokk 2 sem jafngilti um þriðjungs aukningu. Slík aukning kallar á mikla offjárfestingu í smábátum sem aðeins eru nýttir hluta úr ári.
- Óheppilegt er að 3% af þeim aflahlutdeildum, sem framseldar eru, renni í flokk 2.
- Gert er ráð fyrir að áfram verði stundaðar strandveiðar með sama hætti og áður. Þessar veiðar eru óhagkvæmar og rökin að baki þeim eru orðin enn veikari eftir að hluta aflamarks verður ráðstafað í gegnum kvótaþing.
- Erfitt er að sjá að sá hluti aflahlutdeilda, sem ráðherra getur ráðstafað í gegnum kvótaþing (leigukvóti), geti að óbreyttu ýtt undir nýliðun í greininni þar sem um ársleigu á aflamarki er að ræða. Nýir aðilar munu eiga erfitt með nauðsynlegar fjárfestingar þegar fullkomin óvissa ríkir um það hvaða aflamark útgerðin hefur að einu ári liðnu.
- Ekki eru skýrar reglur um það hvernig staðið verður að leigu aflamarks á kvótaþingi.
- Búið er að fella brott ákvæði um að kjarasamningur sé skilyrði fyrir úthlutun í bæði flokki 1 og 2 en þess í stað er vísað með almennum orðum í lögum um stéttarfélag og vinnudeilur.

Tillögur til úrbóta

- ASÍ leggur til að fallið verði frá því að fyrstu 4.500 tonninn af mögulegri aflaukningu í þorski umfram 177.00 tonn renni í flokk 2.
- ASÍ leggur til að fallið verði frá að 40% af aukningu aflahlutdeilda umfram ákveðið mark í ákveðnum tegundum renni í flokk 2. Þess í stað verði flokkur 2 til framtíðar ákveðið hlutfall af heildaraflahlutdeild í viðkomandi tegundum.
- ASÍ leggur til að strandveiðipottur í núverandi mynd verði aflagður og þeirri aflahlutdeild, sem sett hefur verið í strandveiðipottinn, verði ráðstafað í gegnum kvótaþing. Slík ráðstöfun er eðlileg þar sem ná má þeim markmiðum, sem sett voru með strandveiðipottinum, í gegnum kvótaþing. Að auki auðveldar það eðlilega verðmyndun á kvótaþingi.
- ASÍ leggur til að þannig verði gengið frá reglum um leigu aflamarks á kvótaþingi að hægt verði að leigja aflamark til lengri tíma en eins árs til að auðvelda fjárfestingar og þar með nýliðun í greininni. Slíkt gæti til að

mynda gerst með því að tryggja nýliðum ákveðinn forleigurétt til ákveðinna ára eða bjóða ákveðið magn heimilda út til fleiri ára og þannig gefið færi á að auka framleiðni yfir tíma.

- Fallið verði frá því að 3% af þeim aflaheimildum, sem framseldar verða, fari í flokk 2. Þess í stað má skattleggja sérstaklega þær tekjur sem fást við slíkt framsal.
- Sett verði inn skýrt ákvæði um að eitt af skilyrðunum fyrir úthlutun sé að í gildi sé kjarasamningur.

Frumvarp til laga um veiðileyfagjald, 658. mál

ASÍ telur skynsamlegt að sérstaka veiðileyfagjaldið verði skilgreint sem hlutdeild í „umframhagnaði“ greinarinnar þar sem gengið sé út frá framlegðinni að frádreginni árgreiðslu sem dugi til að tryggja bæði eðlilega endurfjárfestingu og ávöxtun á eigið fé. Slík nálgun er í senn skynsamleg og sanngjörn. Mikilvægt er að útfærsla sérstaka veiðigjaldsins hafi ekki áhrif á laun og tekjur sjómanna og fiskverkfólks. Meðfylgjandi er greinargerð sem ASÍ tók saman um veiðaleyfagjaldið.

Þrátt fyrir að ASÍ taki undir þá aðferðafræði, sem lögð er til varðandi veiðigjaldið, þá eru að mati sambandsins nokkrir alvarlegir veikleikar í frumvarpinu sem nauðsynlegt er að sníða af:

- Upplýsingar um afkomu og framlegð, sem liggja til grundvallar útreikningi á fiskveiðirentunni, byggja á allt að tveggja ára gömlum gögnum. (Veiðigjald 2012-13 byggir á upplýsingum frá 2010). Frumvarpið gerir ráð fyrir að framreikna tekjur með verðlagsvísitölu sjávarútvegs frá ársmeðaltali til aprílmánaðar tæpum tveimur árum síðar, útgjöld með vísitölu neysluverðs og rekstrarfjármuni með byggingarvísitölu. Að stórum hluta endurspeglar t.d. verðlagsvísitala sjávarútvegs útgjöld útgerðar og vinnslu vegna þess hve laun sjómanna eru tengd afurðaverði. Niðurstaða framreiknings getur því orðið talsvert á skjön við raunveruleikann.
- Nauðsynlegt er að meta frekar áhrif veiðigjalda á gengi krónunnar og afkomu útgerðar. Það er auðvelt í framkvæmd því að veiðigjaldið tekur gildi í áföngum á tveimur árum. Samkvæmt frumvarpinu byrjar sérstaka veiðigjaldið í 60% af reiknaðri rentu, fer í 65% á ári tvö og verður eftir það 70%. Eðlilegt er að nota tímenn til að fá sérfræðinga til að meta áhrifin á gengið til lengri tíma.
- Óeðlilegt er að ýta undir óhagkvæmar veiðar með afslætti af veiðigjaldi:
 - Af fyrstu 30 þorsgildistonnum greiðist ekkert gjald.
 - Af næstu 70 þorsgildistonnum greiðist hálf gjald.
- Rækja og hörpuðiskur eru felld undir botnfiskveiðar og vinnslu. Eðlilegra er að halda því aðskildu.

Tillögur til úrbóta

- ASÍ leggur til að reglum um framreikning tekna og gjalda við ákvörðun veiðileyfagjaldsins verði breytt þannig að reikna veiðigjaldið m.v. það ár sem rekstarreikningur er gerður, t.d. 2010 og framreikna það m.v. samsetta vísi-tölu m.v. vægi rekstrarliða til apríl 2012 til að ákvarða veiðigjald fyrir fiskveiðiárið 2012/2013. Til álita kemur að skilgreina slíkt gjald sem grundvöll að fyrirframgreiðslu sem leiðrétt verði eftir á m.v. uppgjör Hagstofunnar á afkomu greinarinnar. Slíkt getur þá bæði leitt til endurgreiðslu eða frekari innheimtu sem byggð verður á raunverulegri framlegð og afkomu.
- ASÍ leggur til að farin verði ákveðin varúðarleið við útreikning sérstaka veiðigjaldsins. Lagt er til að sérstaka veiðigjaldið byrji í 50% af fiskveiðirentunni í upphafi, 55% á öðru ári og 60% á þriðja ári. Skipaður verði hópur sérfræðinga til að meta áhrif veiðigjaldsins á greinina og á gengið til langframa áður en ákvörðun verði tekin að ganga alla leið með 70% hlutdeild. Miða þarf við að sérfræðingarnir skili hlutaniðurstöðum í mars 2013 og 2014 þannig að taka megi tillit til þeirra við ákvörðun veiðigjaldsins í apríl 2013 fyrir fiskveiðiárið 2013/2014.
- ASÍ leggur til að veiðigjald verði greitt af öllum heimildum þannig að fallið verði frá því að undanskilja fyrstu 30 þorskígildistonnin veiðigjaldi og því að af næstu 70 þorskígildistönum greiðist aðeins hálf gjald.

ASÍ telur að verði tekið tillit til framangreindra tillagna um breytingar á frumvörpunum geti þau orðið grunnur að góðri sátt um sjávarútveginn og er afstaða ASÍ til þessara frumvarpa háð fyrirvara um framgang þessara tillagna. Jafnframt ítrekar ASÍ mikilvægi þess að sátt náist um skipan sjávarútvegsmála, sátt sem byggir á því að nýliðun í greininn hafi verið auðvelduð, hagsmunir sjómanna, landverkafólks og hinna dreifðu byggða hafi verið styrktir, tryggt hefur verið að þjóðin fái notið hlutdeildar í þeim arði, sem sjávarútvegurinn skapar, og grunnur lagður að því að sjávarútvegurinn geti áfram verið sterk og arðsöm atvinnugrein.

Greinagerð með umsögn ASÍ um frumvarp um veiðigjöld í sjávarútvegi

Framlegð og veiðigjöld í sjávarútvegi

Við skoðun á frumvarpinu um veiðigjöld hefur Alþýðusambandið lagt áherslu á að leita svara við eftirfarandi spurningum:

- Hvaða áhrif hefur frumvarpið á launahlutfall í fiskvinnslu og útgerð og þar með stöðu launafólks í sjávarútvegi?
- Hvaða áhrif hefur frumvarpið á stöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna og getu þeirra til þess að eflast og þróast sem framsækin atvinnugrein?
- Hvaða áhrif hefur sérstaka veiðigjaldið á þróun gengis og verðlags?

Mun þjóðin fá sanngjarnan hlut í afrakstri þessarar mikilvægu þjóðareignar? Ljóst má vera að ekki verður hægt að mæta kröfunni um að þjóðin fái sanngjarnt endurgjald fyrir afnot af auðlindinni án þess að það hafi einhver áhrif á greinina. Jafnframt skiptir það afar miklu máli við útfærslu veiðigjaldsins að það gangi ekki gegn langtímastöðugleika og uppbyggingu í þessari mikilvægu stustu atvinnugrein landsmanna og þeim miklu atvinnuhagsmunum sem bæði fiskverkafólk og sjómenn hafa ásamt athafnalífi á landsbyggðinni. Jafnframt er rétt að áréttá þá skoðun Alþýðusambandsins að launahlutfallið í sjávarútvegi við núverandi aðstæður er lægra en við verði unað og í engu samræmi við langtímajafnvægi í greininni. Að sama skapi er afkoma greinarinnar, hvort sem litið er til framlegðar eða hreins hagnaðar, í sögulegu hámarki. Því er það ljóst að rými fyrir auðlindagjald verður tekið af hlutdeild fjármagns en ekki launa.

Nokkrar forsendur sem vert er að hafa í huga

Launahlutfall í sjávarútvegi: Í greinargerðinni með frumvarpinu á bls. 8 er bent á að ríkið sem fulltrúi eiganda auðlindarinnar fái afar lítið í sinn hlut, eða 1% af vinnsluvirði, en að launafólk hafi fengið 59% að meðaltali og að hlutdeild fjármagns sé um 40%. Mikilvægt er að benda á þá staðreynd að hér er um 10 ára meðaltöl að ræða og í litlu samhengi við sögulega þróun eða langtímajafnvægi í greininni. Sögulega séð hefur hlutur launafólks í fiskvinnslu og útgerð legið á bilinu 65–67% og hlutdeild fjármagns 33–35%. Á þensluárunum 2004 til 2007 var raungengi krónunnar hins vegar sögulega hátt og í engu samræmi við langtímajafnvægi í utanríkisviðskiptum. Á þessum árum fór launahlutfallið nokkuð yfir 70% en eftir hrun krónunnar 2008 lækkaði launahlutfallið í fiskvinnslu niður undir 40%.

Hlutfallið lækkaði minna í útgerðinni vegna aflahlutdeildarkerfisins og fór niður að 60%. Því má ljóst vera að núverandi hlutföll milli launa og fjármagns eru mjög bjöguð og í engu samræmi við sögulegar viðmiðanir. Miklar væntingar og beinlínis krafa er um það meðal launafólks í sjávarútvegi að endurreisa hlutföllin í greininni. Um þetta var fjallað við gerð síðustu kjarasamninga því fiskverkafólk hafði mátt búa við það í tveimur undangengnum kjarasamningum (2006 og 2008) að gefa eftir kaupauka á móti hækkunum á launatöxtum þannig að heildarlaunahækkun þeirra þá var minni en almennt. Í maí 2011 náðist sátt um að ná þessu með tvíþættum hætti, annars vegar var samkomulag um að nýta góða afkomu greinarinnar og skila aftur þeirri lækkun á kaupaukunum sem varð á fyrrgreindum árum þannig að laun hækki meiri í fiskvinnslu en öðrum greinum. Hins vegar byggja kjarasamningar á þeirri forsendu að gengi íslensku krónunnar styrkist um allt að 20% á þessum samningstíma í árslok 2013. Gangi þetta eftir eru allar líkur á því að launahlutfallið í bæði veiðum og vinnslu verði komið í 65–67% í lok samningstímans.

Áhrif styrkingar krónunnar: Við hrun krónunnar árið 2008 féll raungengi hennar langt undir það stig sem samræmist langtíma jafnvægi og stöðugleika í verðlagi. Reynt hefur verið að leggja mat á við hvaða nafngengi slíkt jafnvægi verði endurreist en engir einhlítir mælikvarðar eru á hvar það liggur. AGS reyndi að meta þetta í skýrslu sinni haustið 2009 m.v. mismunandi mælikvarða og gaf sú mæling til kynna að raungengi krónunnar væri ýmist nærri jafnvægi m.v. greiðsluf læði milli landa eða allt að 20% sterkara en sögulegt meðaltal. Greiðsluf læðismælikvarðinn miðar við að halda genginu nægilega veiku til að skapa nægan afgang á vöru- og þjónustujöfnuði til að endurgreiða erlendum kröfuhöfum inneignir þeirra í íslenskum krónum. Litlar líkur er á því að þjóðin muni una því að kaupmætti verði hér haldið veikum til að erlendir áhættufjárfestar fái fjármuni sína með ríkulegri ávöxtun. Takist ekki að hækka raungengið með hækkun á nafngengi krónunnar á markaði er líklegt að hér fari í gang víxlverkun launa og verðlags sem leiða mun til þess að raungengi krónunnar hækkar samanborið við samkeppnislönd okkar. Þetta ferli er þegar hafið því bæði laun og verðlag hefur hækkað meira hér en erlendis og raungengið er því þegar byrjað að hækka – þótt krónan hafi vissulega gefið eftir. Eins og áður sagði hafa samningsaðilar á vinnumarkaði sett allt að 20% raungengishækkun sem forsendu fyrir þeim kjarasamningum sem gerðir voru í maí 2011. Fyrst eftir gerð kjarasamninga hóf krónan ákveðið styrkingarferli en það snerist við í nóvember og hefur krónan verið að veikjast samfellt síðan. Ólíklegt er að markmið kjarasamninga um að gengisvísitalan verði komin í 190 í lok þessa árs gangi eftir og verða þá kjarasamningar í uppnámi.

Hvor leiðin sem verður ofan á, er löng reynsla fyrir því að mikið ójafnvægi í stöðu krónunnar, sem endurspeglast í veiku raungengi, fáist staðist til lengdar. Á endanum mun hagkerfið leita jafnvægis. Ef krónan styrkist um 20% og laun hækka í veiðum og vinnslu, mun framlegð í sjávarútvegi lækka úr ríflega 60 milljörðum króna í um 40 milljarða. Að mestu mun þetta koma fram í sterkari kaupmætti almennings og betri rekstarforsendum annarra atvinnugreina og að hluta til í bættum kjörum fiskverkafólks með hækkun launa umfram almennar hækkunar. Í umfjöllun um afstöðu Alþýðusambandsins til sérstaka veiðigjaldsins mun þessi staða verða höfð til hliðsjónar því ef útfærsla gjaldsins kemur í veg fyrir þessa þróun væri verið að leggja þetta gjald á almenning og aðrar atvinnugreinar en ekki sjávarútveginn.

Útfærsla sérstaka veiðigjaldsins

Auðlindarentan er í frumvarpinu skilgreind framlegð (EBITDA) þar sem frá tekjum í veiðum og vinnslu vegna sölu afurða og leigu kvóta er dreginn allur beinn rekstrarkostnaður og afskriftir af kvótakaupum en að frátöldum afskriftum, fjármagnskostnaði, hagnaði og sköttum. Frá framlegðinni dregst

síðan svokölluð árgreiðsla sem reiknuð er af þeim rekstrarfjármunum sem bundnir eru í sjávarútvegi (8% í veiðum og 10% í vinnslu). Hugmyndafræðin að baki þessari nálgun er að skilgreina þann hluta af hagnaði greinarinnar sem er umfram þann „eðlilega“ hagnað sem þarf að vera til að tryggja endurnýjun og viðgang greinarinnar. Sá hagnaður, sem er umfram þessa viðmiðun, er þá sá hluti sem myndar þátt auðlindarinnar sjálfrar og því sá stofn sem sérstaka veiðigjaldið er reiknað af. Gjaldið er síðan reiknað sem 70% af þessum stofni.

Afar skynsamlegt er að nálgast úrlausn þessa viðkvæma máls á þennan máta og má færa fyrir því ýmis rök. Í fyrsta lagi er alveg ljóst að þau verðmæti, sem til verða í greininni, felast á endanum í þeirri framlegð sem til verður og við það að miða við raunverulegar útflutningstekjur greinarinnar að frá-dregnum raunverulegum rekstrarkostnaði fær greinin sjálfkrafa viðurkenningu, ekki bara á raunkostnaði heldur felst einnig í því viðurkenning á áhrifum af hlutfallslegum breytingum á launum, gengi og verðlagi. Slíkar breytingar geta bæði leitt til hærri eða lægri framlegðar en aðalatriðið er að ef staða greinarinnar versnar – sem Alþýðusambandið telur einsýnt að muni gerast vegna fyrirsjáanlegrar hækkunar á raungenginu – mun það að mestu skila sér í lækkun á gjaldstofni sérstaka veiðigjaldsins en ekki sjálfbærni greinarinnar.

Í öðru lagi er í frumvarpinu viðurkennt að kvótakaup einstakra útgerða er staðreynd sem liggur orðið í grunnforsendum í afkomu greinarinnar og óhjákvæmilegt að horfast í augu við það við ákvörðun sérstaka veiðigjaldsins. Þetta er gert með því að draga afskrift varanlegra heimilda frá EBITDA, áður en til útreiknings auðlindarentunnar kemur, en jafnframt að bæta kvótasölu við sem tekjum. Hér er reyndar gengið lengra og sérstakt frumvarp boðað þar sem heimilt verður að fyrna kvótakaup á móti skatti sem ekki hefur verið heimilt hingað til. Þar með er bæði komið til móts við greinina og viðurkennt að þeir sem fengu að fényta kvótann með því að selja hann hafa þegar tekið hluta af auðlindarentunni út úr greininni, a.m.k. tímabundið, og nauðsynlegt að jafna það á næstu árum. Með því að heimila afskrift kvótakaupa gagnvart skatti er jafnframt verið að auðvelda þessum útgerðum að takast á við auðlindarentuna og sérstaka veiðigjaldið. Í lok gildistíma frumvarpsins ætti ekki að þurfa að deila frekar um þá staðreynd að auðlindin er sameign þjóðarinnar og gamlar leifar af óhefta framsalinu endanlega komnar út úr myndinni.

Í þriðja lagi er hér miðað við talsvert hærri árgreiðslu en áður hefur verið miðað við. Á árum áður, þegar gengi íslensku krónunnar var stillt af m.v. afkomu sjávarútvegs, var stuðst við árgreiðslu m.v. 6% af fastafjármunum þegar staða greinarinnar var metin. Tilvist þessarar aðferðar við að meta afkomu sjávarútvegs má rekja til deilna um eiginlega afkomu greinarinnar í ljósi þess að afskriftareglur skattalaganna eru sveigjanlegar og stjórnendur fyrirtækja eiga auðvelt með að færa afkomu milli ára við gerð ársreikninga. Sérfræðingar

Þjóðhagsstofnunar lögðu því til að tekið yrði mið af framlegðinni í greininni að frádreginni þessari 6% árgreiðslu. Þá var vöxtum af afurðalánum, sem veðsett voru jöfnum höndum, bætt við. Með því að hækka þessa viðmiðun úr 6% í 8% af veiðum og 10% af vinnslu að viðbættu 20% álagi á rekstarfjármuni í veiðum vegna veiðarfæra og búnaðar og birgðum í vinnslunni er í reynd verið að hækka viðmiðið um „eðlilegan hagnað“ um 6–8 milljarða króna á ári. Miðað við uppgjör Hagstofunnar á afkomu sjávarútvegs nemur þetta um fjórðungi af framlegðinni í greininni og tvöföldun á hreinum hagnaði í venjulegu ári! Ljóst má vera að svona tilfærsla hefði aldrei komið til álita hér á árum áður þegar þessi aðgerð var notuð við ákvörðun gengisins. Spurningin nú er hvort hækkan þessarar viðmiðunar sé rökrétt m.v. aðstæður bæði í greininni og á fjármála-markaði. Miðað við að fjárbinding í veiðum sé um 60% og 40% í vinnslu má ætla að vegið meðaltal þessarar viðmiðunar sé 8,8%. Í umfjöllun Íslandsbanka um veiðigjöldin er bent á „að mikilvægt er að skilgreina þennan kostnað rétt meðal annars með tilliti til lánskjara, áhættu í rekstri og seljanleika eigna. Líklega er þessi kostnaður vanáætlaður.“ Fyrri parturinn er í sjálfu sér rökréttur en bankinn gerir hins vegar enga tilraun til þess að rökstyðja niðurstöðuna um vanáætlunina. Í umfjöllun Deloitte um frumvarpið virðist þetta endurskoðunar-fyrirtæki algerlega misskilja hvað felist í árgreiðsluaðferðinni en í henni er beinlínis gert ráð fyrir endurheimt allra fjármuna, þ.m.t. eigin fjár. Deloitte gengur út frá 5,5% vöxtum af vaxtaberandi skuldum sem endurskoðunar-fyrirtækið telur vanáætlað sem ástæða er að furða sig á þar sem hér er um 10–20 ára raunvaxtaviðmiðun að ræða og afar líklegt að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki njóti hagstæðari lánskjara til langs tíma. Miðað við þessa vexti á vaxtaberandi skuldir og 25% eiginfjárhlutfall í greininni endurspeglar 8–10% árgreiðsluaðferð um 16–24% raunávöxtun eigin fjár og 19% að meðaltali.

Það er einnig athyglisvert að skoða úrskurð Póst- og fjarskiptastofnunar um heildsöluverð fyrir aðgang að almennu talsímaneti fyrir heimili og fyrirtæki hjá Símanum hf. Hér er verið að fjalla um verðlagningu á takmarkaðri auðlind og var úrskurðurinn byggður á kostnaðargreiningu þar sem unnið var með svipaða aðferðafræði. Í umfjöllun um þá kostnaðargreiningu, sem Síminn hf. hafði fengið ráðgjafarfyrirtækið Analysis Mason til að gera, gerði PFS þá breytingu að „kostnaðargreining miðast við að meðalkostnaður fjármagns (WACC) fyrir Símann árið 2008 sé 8,61% sem er í samræmi við úrskurð PFS í fyrri kostnaðargreiningum“. Þetta er heldur lægri meðalkostnaður fjármagns en sjávarútvegsráðherra leggur til í frumvarpinu og ekki annað að sjá en að það sé ágætlega rökstutt.

Ef lítið er á hlutfall framlegðar í skráðum fyrirtækjum í iðnaði í Bandaríkjunum og það borið saman við líklega framlegð í sjávarútvegi eftir styrkingu krónunnar og áhrifa sérstaka veiðigjaldsins m.v. þá stöðu er ljóst að framlegð

í sjávarútvegi verður um fjórðungi hærri eftir breytingu. Ef vaxtaforsenda árgreiðsluadferðarinnar, sem endurspeglar veginn meðalkostnað fjármagns í greininni, er ljóst að 8,8% meðalkrafa er mun hærri en þekkt meðal þessara skráðu iðnfyrirtækja, sérstaklega ef tekið er tillit til þess að eiginfjárlutfall skráðra fyrirtækja á markaði er um 80%. Að hluta til er það eðlilegt í ljósi þess að sveiflur eru meiri í afkomu sjávarútvegs en flestra þeirra greina, sem um ræðir, sem bæði hefur áhrif á framlegðina og veldur því að líklega gera lánveitendur hærri ávöxtunarkröfu á lánsfé en almennt gerist.

Því telur Alþýðusambandið að tillaga ráðherrans um að miða árgreiðsluna við 8–10% í stað 6% áður eðlilega við þessar aðstæður og að þessi hækkun ætti að tryggja eðlilega endurnýjun framleiðslutækja í greininni.

Í fjórða lagi er það skoðun Alþýðusambandsins að afar skynsamlegt sé að skilgreina auðlindarentuna í ljósi bæði veiða og vinnslu sjávarafurða. Ástæða þessa er að þrátt fyrir allt hefur sú stefna, sem tekin var upp með nútímavæðingu sjávarútvegsins upp úr 1970 um að byggja hér upp öflugar landvinnslur sem hefðu aðgang að stöðugu hráefni með skuttogaravæðingunni, skilað sér í að Ísland er í fremstu röð í framleiðslu og sölu á fiskafurðum. Borið saman við uppbyggingu og framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu í formi vinnsluvirðis í öðrum löndum stöndum við mun framar. Hér hafa orðið til fleiri varanleg ársstörf í sjávarútvegi en almennt gerist. Augljós vandi við þessa tengingu er verðmyndun sjávarafla en hin blönduðu fyrirtæki geta meira og minna ákveðið hvar þau taka út hagnaðinn með því að ákveða fiskverð. Lengi framan var þetta ákveðið í verðlagsráði og tengdist ákvörðun stjórnvalda um gengi krónunnar eins og áður hefur verið vikið að, en undanfarna áratugi hefur um þetta verið samið milli sjómanna og útgerðarmanna. Tilvist blandaðra fyrirtækja í veiðum og vinnslu veldur því að óhjákvæmilegt er líta á greinina í heild. Þau fyrirtæki í fiskvinnslu, sem ekki reka útgerð en kaupa sinn fisk á mörkuðum eða í beinum viðskiptum, greiða mun hærra fiskverð en hin blönduðu. Þessi fyrirtæki leggja því lítið sem ekkert til auðlindarentunnar á meðan þær útgerðir, sem selja allan sinn fisk á markaði, leggja hlutfallslega meira til auðlindarentunnar. Af þessum ástæðum er ekki líklegt að tilkoma þessa sérstaka veiðigjalds leiði til hækkunar á fiskverði á mörkuðum.

Til að meta sveigjanleika auðlindarentunnar hefur einnig verið áætlað hvernig framlegðin í sjávarútvegi hefði þróast ef krónan hefði verið 20% sterkari en hún í reynd var og áhrif þess metin á útgjöld greinarinnar. Einnig var launaliðurinn í landi hækkaður í samræmi við ákvæði kjarasamninganna frá því í maí 2011 til að meta áhrifin á greinina. Í fyrsta lagi má sjá að munurinn á framlegð með og án veiðigjalds er að jafnaði á bilinu 3–5 milljarðar króna eða um fimmtungur af framlegðinni. Frá þessari meginreglu er hins vegar mikilvæg frávik og það er þau ár sem íslenska krónan fellur umtalsvert eins og árin 2001,

2006 og síðan 2008–2010. Sá umframhagnaður, sem verður í sjávarútvegi við gengisfallið, er yfirleitt umfram það sem kalla mætti „eðlileg framlegð“ og fer því í auðlindarentuna og sérstaka veiðigjaldið.

Ef einstaka greinar eru skoðaðar kemur í ljós að stærri hluti auðlindarentunnar verður til í veiðum fremur en vinnslu nema þegar krónan fellur því þá aukast tekjur vinnslunnar hraðar vegna beinni tengsla við erlenda markaði.

Það er einnig mikilvægt að skoða hver framlegðin yrði í sjávarútvegi með því að breyta hlutfallslegu verðlagi m.v. laun, gengi og verðlag. Hér er eins og áður hefur komið fram miðað við 20% sterkari krónu (með afleiddum áhrifum á hráefnisverð í vinnslu, aflahlutdeild sjómanna, olíuverð og verðlag) og hækkun launa í samræmi við kjarasamninganna frá því í maí 2011. Þrátt fyrir svo mikla raungengis- og launahækkun mun framlegðin vera næstum helmingi hærri en fyrir fall krónunnar – enda var raungengi krónunnar lengst af allt of hátt fyrir útflutningsgreinarnar. Ef tekið er tillit til auðlindarentunnar og sérstaka veiðigjaldsins út frá þessari stöðu mun framlegðin í sjávarútvegi samt verða um og yfir 50% hærri en árin fyrir fall krónunnar.

Nú er það ljóst af þessum gögnum að sú útfærsla, sem sjávarútvegsráðherra leggur til við útreikning auðlindarentunnar og í framhaldi af því sérstaka veiðigjaldinu, kemur ekki í veg fyrir að eðlileg launahlutföll leiðréttist né að gengi krónunnar geti hækkað umtalsvert. Það mun hafa meiri áhrif á núverandi afkomu sjávarútvegs en sérstaka veiðigjaldið enda engar forsendur til þess að gera ráð fyrir því að núverandi ástand sé sjálfbært. Að sama skapi er það ljóst að ef raungengi krónunnar fellur í kjölfar mikilla gengisfellinga mun stór hluti þess „viðbótahagnaðar“, sem myndast við gengisfellinguna, renna til ríkis-sjóðs en ekki eigenda sjávarútflutningsfyrirtækjanna. Í ljósi þess að gengisfallið kemur fram sem launalækkun og eignarýrnun almennings og annarra atvinnugreina er ekki hægt að segja annað en að slík skipan mála sé réttlát út frá almannahagsmunum.

Nú getur ávallt verið varasamt að fjalla um verðmæti milli ára í krónum og aurum vegna þess hversu óstöðugur gjaldmiðill krónan okkar er sem brenglar verðmætaskyn og gerir allan samanburð erfiðan. Því er rétt að skoða hreinan hagnað í sjávarútvegi m.v. árgreiðsluáðferðina bæði fyrir og eftir greiðslu sérstaka veiðigjaldsins. Hér er talið rétt að miða við að reikna hreina hagnaðinn m.v. 6% árgreiðsluregluna þó að veiðigjaldið sé reiknað miðað við 8–10% árgreiðslu því hækkunin á að endurspegla rýmkun á hagnaði en ekki hærri vexti eða afskriftir. Hagnaður í sjávarútvegi var 40–45 milljarðar króna árin 2009 og 2010 eða sem svarar til 14–16% af veltu. Ef afkoman er skoðuð þau ár sem krónan er ekki í frjálsum falli var hreinn hagnaður á bilinu 6–10 milljarðar króna eða á bilinu 6–8%. Leiða má líkum að því að með veiðigjaldi og styrkingu krónunnar lækki þetta hlutfall niður í 4–5% af veltu. Setja má fram efasemdir

um það hvort slík afkoma sé viðunandi til lengdar, hvort gengið sé of langt í sérstaka veiðigjaldinu.

Gyða Þórðardóttir, sem var sérfræðingur hjá Þjóðhagsstofnun, hélt erindi á ársfundi LÍÚ þann 1. nóvember 2001. Í þessu erindi kom fram að með gerð þjóðarsáttarsamninganna árið 1990 þokaðist afkoma greinanna upp fyrir 0-ið og var lengst af á bilinu 2,5–4% en með þeim samningum var fastgengis-stefnunni stillt af m.v. viðunandi samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna. Séð í þessu langa samhengi yrði um 4–5% hrein afkoma greinarinnar ekki út úr korti. Engu að síður er það áleitin spurning hvort ekki ætti að innleiða kerfið með hægari skrefum þannig að lagt verði af stað með lægra hlutfall og meta síðan stöðuna að þremur árum liðnum. Ef sérstaka veiðigjaldið sem hlutfall af auðlindarentunni yrði lækkað í 60% og það innleitt í áföngum m.v. 50, 55 og síðan 60%, myndi afkoma sjávarútvegs hækka í 5–6% af veltu sem telja verður viðunandi.

Vandamál við útfærslu sérstaka veiðigjaldsins: Í frumvarpinu eru ýmis ákvæði sem tilefni er til að lýsa áhyggjum yfir. Í fyrsta lagi verður ákveðið tímasetningarvandamál við að byggja auðlindarentuna og sérstaka veiðigjaldið á framlegðinni. Ástæðan er að ekki er hægt að byggja gjaldið á samtímaupplýsingum heldur verður að bíða eftir því að Hagstofan safni ársreikningum fyrirtækjanna (en það ætti að gera að forsendu fyrir úthlutun kvóta að viðkomandi fyrirtæki skili ársreikningi) og vinna síðan úr þeim nauðsynlegar upplýsingar. Allt tekur þetta tíma þannig að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að miða við upplýsingar úr ársreikningum á þar síðasta rekstrarári. Þrátt fyrir kosti þess að skilgreina sérstaka veiðigjaldið m.v. afkomu í greininni, í stað þess að hækka almenna gjaldið verulega, mun slík aðferð ávallt fela í sér ýmsa þá ókosti sem eftirálagning felur í sér, einkum ef afkoman er sveiflukenn. Í frumvarpinu er reynt að bregðast við þessu á þann máta að framreikna tekjur greinarinnar m.v. meðalgildi viðkomandi rekstrarárs til aprílildis það árið sem leggja skal gjaldið á. Hér er verðviðmiðunin rökrétt m.v. líklega þróun greinarinnar en spurning hvort ekki verði að taka tillit til breytinga á aflaúthlutun árið eftir viðkomandi rekstrarár því heildartekjur ráðast auðvitað einnig af heildarafla í þorskígildum talið. Rekstrargjöld greinarinnar eru framreiknuð m.v. neyslúvísitölu Hagstofunnar sem ástæða er til að gera athugasemdir við. Ljóst má vera að í veiðum ræðst þróun kostnaðar annars vegar af verðlagsvísitölunni vegna aflahlutakerfisins og af gengi vegna þess hversu hátt hlutfall erlend aðföng eins og olíuverð og veiðarfæri eru meira háð gengi en innlendu verðlagi. Í vinnslu er hráefnisverðið stærsti kostnaðarliðurinn, sem er háður verðlagsvísitölu sjávarafurða, þótt aðrir liðir geti endurspeglast af vísitölu neyslúverðs. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að rekstrarfjármunir verði færðir til núgildis m.v. byggingarvísitöluna. Þetta getur verið rökrétt

varðandi fiskvinnsluna en vandséð hvaða samband sé milli þessarar vísitölu og fiskiskipanna.

Ef þessi ákvæði frumvarpsins eru notuð á raunstærðir sl. 10 ára kemur í ljós að með því að framreikna þessar tekjur og gjöld frá meðalverði á rekstrarári (t_0) til aprílverðlags á álagningarári (t_2) hefði niðurstaðan orðið sú að auðlindarentan hefði orðið verulega hærrí en m.v. þá rentu sem verður til á viðkomandi rekstrarári. Ástæðan er að tekjur eru framreiknaðar m.v. hærrí stuðul en sjálf gjöldin og við það verður til tilbúin framlegð sem ekki á sér stoð í raunveruleikanum og því engin staða fyrir sjávarútveginn að standa undir slíku veiðigjaldi. Auðvitað gæti þetta einnig verið á hinn veginn. Hér væri mun skynsamlegra að reikna út rentuna og sérstaka veiðigjaldið til enda á viðkomandi rekstrarári m.v. tekjur, gjöld og afla á því ári og reikna það niður á hvert þorskígildiskíló. Þetta gjald á kíló má síðan framreikna með samsettri vísitölu þar sem verðlagsvísitala sjávarafurða er vegin niður með hækkun helstu kostnaðarliða eins og hráefnis, launa, olíu og verðlags. Slík aðferð er líklegri til að nálgast betur raunverulegar aðstæður í stað þess að nota framreikniaðferð sem leiðir til ógakenndrar niðurstöðu.

Í öðru lagi skýtur það skökku við að veita útgerðum í flokki 2 undanþágu frá sérstaka veiðigjaldinu fyrir fyrstu 100 tonninn, sérstaklega í ljósi þess að í frumvarpi sjávarútvegsráðherra um stjórn fiskveiða er gert ráð fyrir verulegri aukningu veiðiheimilda í þessum hluta. Með þessu eru stjórnvöld með beinum aðgerðum að hvetja til óhagkvæmari veiða en afleiðing þess mun koma niður á almenningi bæði með því að minni verðmæti verði til skiptanna og minni tekjur hjá ríkissjóði vegna lægi innheimtu á sérstöku veiðigjaldi. Það er skoðun Alþýðusambandsins að þetta sé í hrópandi andstöðu við markmið frumvarpsins.

Í þriðja lagi er óskynsamlegt að setja rækju- og hörpudiskveiðar og -vinnslu í sama flokk og botnfiskveiðar þar sem fyrrnefndu tegundirnar þróast með allt öðrum hætti en botnfisktegundirnar. Eðlilegra er að gera ráð fyrir þessum tegundum sérstaklega þó að gjaldið yrði ekkert á meðan engin veiði er. Innfjarðarrækjan hefur verið að sækja í sig veðrið og vonandi tekst að ná hörpudiskstofninum upp aftur.

Í fjórða lagi er eðlilegt að fá sérstaka sérfræðinganefnd til þess að fylgjast náið með umbreytingarferlinu á fyrstu þremur árunum bæði til þess að meta áhrif þess á raunverulega afkomu greinarinnar og áhrif sérstaka gjaldsins á gengi.

Tekjur ríkisins af sérstaka veiðigjaldinu ofmetnar

Eins og fram kom í upphafi eru þær forsendur, sem liggja til grundvallar útreikningi sjávarútvegsráðherra á líklegri afkomu ríkisins af sérstaka veiði-

gjaldinu, óraunhæfar. Raungengi krónunnar er í sögulegu lágmarki og einsýnt að það samrýmist ekki stöðugleika hvorki í atvinnulífinu né í verðlagsmálum almennt að viðhalda svo veiku gengi. Er raungengið þegar farið að styrkjast vegna hærri verðbólgu hér á landi en í okkar helstu viðskiptalöndum. Líklegt er að raungengið muni styrkjast um allt að 20% á næstu misserum og gerist það mun það draga verulega úr þeim „umframhagnaði“ sem nú er í öllum útflutningsgreinum, ekki bara sjávarútvegi. Slíkt mun bæði auka kaupmátt launa og bæta afkomu annarra greina þannig að líkur eru á meira jafnvægi milli einstakra greina og fjármagns og launa. Gangi það eftir er líklegt að sérstaka veiðigjaldið verði sem hér segir.

Tekjur ríkisins af veiðigjaldi

| Milljarðar kr. | Samkvæmt frumvarpinu | | | M.v. 20% sterkari króna | | |
|---------------------------------------|----------------------|---------------|---------------|-------------------------|--------------|--------------|
| | 2012/13 | 2013/14 | 2014/15 | 2012/13 | 2013/14 | 2014/15 |
| Almennt gjald | 4.000 | 4.000 | 4.000 | 4.000 | 4.000 | 4.000 |
| Sérstakt gjald | | | | | | |
| Botnfiskafli | 14.514 | 16.004 | 17.495 | 3.735 | 4.327 | 4.919 |
| Uppsjávarafli | 2.353 | 2.604 | 2.855 | 744 | 861 | 978 |
| Samtals | 20.866 | 22.608 | 24.349 | 8.479 | 9.189 | 9.898 |
| Afli í flokki 2 | 1.016 | 1.120 | 1.225 | 261 | 303 | 344 |
| Samtals að frátöldum flokki 2 | 19.850 | 21.487 | 23.124 | 8.218 | 8.886 | 9.553 |
| Núverandi gjald | 4.500 | 4.500 | 4.500 | 4.500 | 4.500 | 4.500 |
| Lækkun tekjuskatts | 3.070 | 3.397 | 3.725 | 744 | 877 | 1.011 |
| Nettóáhrif á tekjur ríkissjóðs | 12.28 | 13.590 | 14.900 | 2.974 | 3.509 | 4.043 |

Í stað þess að veiðigjaldið verði á bilinu 20–23 milljarðar króna og 12–15 milljarðar nettó er líklegra að það verði á bilinu 8–10 milljarðar og 3–4 milljarðar nettó.

Niðurstöður

Það að byggja auðlindarentuna upp sem hlutfall af framlegð að teknu tilliti til kostnaðar við fjárfestingar, þar sem viðurkennd er ásætlanleg ávöxtunarkrafa á eigið fé, viðheldur hvatanum til að þróa og efla greinina.

Það að skilgreina rýmri „ársgreiðslu“ en áður var gert endurspeglar raunhæft mat á vegnum meðalkostnaði fjármagns (WACC) og dregur úr neikvæðum áhrifum veiðigjaldanna á gengi og verðlag.

Ef gjaldmiðillinn fellur niður fyrir langtímajafnvægi vegna aðstæðna á fjármálamarkaði er ljóst að fyrirkomulag veiðigjalda veldur því að umframverðmætin fara í ríkari mæli til þjóðarinnar í formi hækkunar á sérstaka veiðigjaldinu en ekki til eigenda sjárvarútvegsfyrirtækjanna. Slíkt stuðlar að meira jafnvægi í þjóðarþúskapnum.

Ekki er líklegt að sérstaka veiðigjaldið hafi neikvæð áhrif gagnvart fisk-verkafólki og sjómönnum og mun ekki koma í veg fyrir að launahlutfallið hækki á næstu misserum.

Þrátt fyrir að eigendur sjávarútvegsfyrirtækjanna missi spón úr sínum aski með tilkomu sérstaka veiðigjaldsins mun afkoman í sjávarútvegi áfram vera góð og líkleg til þess að laða framtaksama atvinnurekendur að.

Ljóst er að afkoma og samkeppnisstaða sjávarútvegs kallar ekki á veikingu raungengisins þrátt fyrir tilkomu sérstaka veiðigjaldsins. Sami gjaldeyris kemur inn í þjóðarþúð og áður og viðunandi afkoma greinarinnar er tryggð.

Það að byggja sérstaka veiðigjaldið, auðlindagjaldið, sem hlutfall af framlegð tryggir þjóðinni réttmætan hlut í afrakstri auðlindarinnar en stjórnvöld ofmeta umfangið vegna tímabundins veikleika krónunnar.

Til lengri tíma litið má búast við að veiðigjaldið skili 7–8 milljörðum króna í ríkissjóð á ári m.v. að gengi íslensku krónunnar sé eðlilegt. Er það um 25% af því sem gjaldið gæfi af sér við núverandi aðstæður í sjávarútvegi og ójafnvægi í þjóðarþúskapnum.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegrí menntun og hæfi til starfa hér á landi, nr. 26/2010, 663. mál

Efni frumvarpsins fjallar um heimildir ráðherra, annarra en mennta- og menningarmálaráðherra, til að setja reglugerðir þar sem reynir á útgáfu leyfis eða löggildingar til ákveðinna starfa, eftir því sem við á.

Að mati Alþýðusambandsins er hér um að ræða nauðsynlega lagfæringu á núgildandi löggjöf og mæli því með samþykkt frumvarpsins.

Frumvarp til laga um heimild til handa ráðherra f.h. ríkissjóðs til að fjármagna gerð jarðganga undir Vaðlaheiði, 718. mál

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við gerð kjarasamninga árið 2011 segir m.a.:

„Það er sameiginlegt markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að vinna bug á atvinnuleysi og skapa fjölbreytt og vel launuð störf hér á landi. Til þess að ná því markmiði þarf að örva fjárfestingu og skapa hvata til nýsköpunar í atvinnulífi en jafnframt búa atvinnulífinu hagstæð starfsskilyrði með almennri efnahagsstefnu sem stuðlar að hagvexti. Stjórnvöld eru reiðubúin til samstarfs við samtök launafólks og atvinnurekenda um sókn í atvinnumálum, m.a. á forsendum áætlunarinnar um Ísland 2020. Markmið sóknar í atvinnumálum er að atvinnuleysi verði ekki hærra en 4–5% af vinnuafla í lok samningstímans. Til að það markmið náist þarf að auka hagvöxt umfram horfur að óbreyttu.

Við blasir að fjárfesting hefur verið of lítil á undanförunum árum og

aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf hljóta að beinast að því að auka arðbæra fjárfestingu hér á landi. Á síðasta ári var fjárfesting undir 200 milljörðum króna eða 13% af landsframleiðslu og hefur þetta hlutfall aldrei verið lægra. Það er markmið stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins að þetta hlutfall fari stighækkandi og verði ekki lægra en 20% í lok samningstímans en það jafngildir því að fjárfesting verði ekki lægri en 350 ma. kr. á ári.“

Í yfirlýsingunni er tekið fram að framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng myndu að forfallalausni hefjast haustið 2011.

Alþýðusamband Íslands telur mikilvægt að ráðist verði í gerð Vaðlaheiðarganga og þau kostuð með notendagjöldum. Almennur stuðningur er við göngin á svæðinu, þ.e. í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, og ekki ágreiningur um að þau verði fjármögnuð með veggjaldi. Vaðlaheiðargöng verða mikil samgöngubót og stytta leiðina frá Eyjafirði og austur um. Þá munu göngin leggja grunn að því að tengja saman Akureyri og Húsavík sem eitt atvinnusvæði. Göngin munu þannig styrkja grundvöll fyrirhugaðra orku- og stóriðjuframkvæmda í Þingeyjarsýslum og má telja að þau séu hluti af uppbyggingu innviða í tengslum við þær.

Það að göngin verða kostuð með veggjöldum er forsendan fyrir því að hægt sé að ráðast í gerð þeirra við núverandi aðstæður. Ljóst er að gerð jarðganga, sem kostuð verða með veggjöldum, hefur ekki áhrif á aðrar framkvæmdir sem ráðist verður í skv. vegaáætlun. Þannig er ljóst að Vaðlaheiðargöng, sem kostuð verða með veggjöldum, munu ekki seinka framkvæmdum sem eru á vegaáætlun og einnig er jafn ljóst að það að hætta við Vaðlaheiðargögn á forsendum veggjalda mun ekki flýta fyrir því að hægt verði að ráðast í aðrar framkvæmdir.

ASÍ bendir á að áhætta ríkisins af gerð ganganna er takmörkuð. Notendagjöldum er ætlað að standa undir kostnaði við gerð ganganna að fullu. Í fyllingu tímans munu göngin renna til ríkisins án sérstaks endurgjalds. Fari svo að forsendur arðsemisútreikninganna gangi ekki að fullu eftir felur það ekki endilega í sér að þá muni kostnaður falla á ríkið heldur verður einfaldlega að lengja þann tíma sem gjöldin verða innheimt. Að sama skapi má stytta tímann sem gjöldin verða innheimt ef til að mynda umferð um göngin verður meiri en gert er ráð fyrir þannig að styttri tíma taki að ná upp í kostnað en áætlanir gera ráð fyrir.

ASÍ mælir því með samþykkt frumvarpsins.

Þingsályktunartillaga um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál
Sjálfbær nýting auðlinda landsins er þjóðhagslega mikilvæg og er grunnur að samfélagslegri velferð og bættum lífsskilyrðum landsmanna sem verkalýðshreyfingin berst fyrir.

Í ljósi þessa lýsir ASÍ yfir ánægju með að ráðist hafi verið í gerð áætlunar um

vernd og orkunýtingu landsvæða. Það er mat sambandsins að þau drög að þingsályktunartillögu, sem send voru til umsagnar síðastliðið haust, hafi verið faglega unnin og vel rökstudd. ASÍ studdi að drögin yrðu lögð óbreytt fyrir þingið.

ASÍ gerir alvarlegar athugasemdir við þá tillögu til þingsályktunar sem hér er til umfjöllunar. Veigamiklar breytingar hafa verið gerðar á tillögunni frá þeim drögum sem kynnt voru sl. haust. Sex virkjanakostir: Hvammsvirkjun, Holtavirkjun, Urriðafossvirkjun, Skrokkalda, Hágönguvirkjun I og Hágönguvirkjun II, sem skv. drögum að þingsályktunartillögu flokkuðust í nýtingarflokk, eru nú flokkaðir í biðflokk. Í biðflokk er einungis gert ráð fyrir að setja þá virkjanakosti þar sem upplýsingar skortir til að hægt sé að ákvarða hvort setja eigi viðkomandi virkjunarkost í verndarflokk eða nýtingu.

Til að tryggja faglega umfjöllun lögðu faghópar mat á gæði þeirra gagna sem þeir byggðu mat sitt á. Var gæðamatinu skipt í fjóra flokka:

- A. Mjög góð gögn sem að mestu nægja fyrir umhverfisáhrifum.
- B. Góð gögn sem nægja fyrir mat rammaáætlunar.
- C. Sæmileg gögn sem tæpast nægja fyrir mat rammaáætlunar.
- D. Ónóg gögn fyrir mat.

Gögn þriggja virkjanakosta, þ.e. Hvammsvirkjunar, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar, sem nú er lagt til að fari í biðflokk, fengu fullt hús stiga (A) hjá öllum faghópunum. Þau rök, sem færð eru fyrir tilflutningi þessara virkjanakosta úr nýtingarflokki í biðflokk, eru því ótrúverðug og ekki byggð á faglegum vinnubrögðum.

Rökin fyrir því að færa Skrokköldu, Hágönguvirkjun I og Hágönguvirkjun II úr virkjanaflokki í biðflokk eru þau að í faglegrri vinnu við undirbúning rammaáætlunar hafi ekki verið tekið tillit til þeirra viðmiða sem stuðst var við þegar Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður. Það er sérkennilegt að breyta forsendum fyrir faglegu mati þegar það liggur fyrir og er að mati ASÍ ekki ásættanleg vinnubrögð.

ASÍ telur mikilvægt að Alþingi standi vörð um þau faglegu vinnubrögð sem einkennt hafa þá miklu og löngu undirbúningsvinnu sem að baki Rammaáætlunar liggur. Þá telur ASÍ mikilvægt að sú breiða sátt um fagleg vinnubrögð, sem einkennt hefur allt undirbúningsferlið, verði ekki rofin á lokametrum vinnunnar við áætlunina.

ASÍ mælist því til að umræddir sex virkjanakostir verði færðir úr biðflokki í nýtingarflokk í meðförum Alþingis.

Frumvarp um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, 739. mál

Alþýðusamband Íslands tekur undir þær athugasemdir sem Landssamband lögreglumanna gerir við efni þessa frumvarps að því er varðandi verkfallsrétt lögreglumanna.

Verkfallsréttur launafólks er hluti af grundvallarréttindum í öllum lýðræðisríkjum sem stjórnvöldum ber að viðurkenna og vernda. Lögreglumenn gegna mjög sérstökum og mikilvægum störfum til varnar borgurunum og stofnunum samfélagsins. Eðlilega getur verkfallsréttur þeirra takmarkast í framkvæmd, líkt og við getur átt um aðrar stéttir sem gegna lykilhlutverki hvað varðar öryggi og velferð borgaranna. Þær takmarkanir geta hins vegar ekki leitt til þess að verkfallsréttur allra lögreglumanna í öllum störfum sem undir kjarasamninga þeirra falla, takmarkist fyrirfram nema og þá því aðeins að sérstaklega sé um slíkt samið fyrirfram og með afturkallanlegum hætti.

Landssamband lögreglumanna hefur lagt áherslu á að lögreglumenn endurheimti verkfallsrétt sinn. Þá kröfu styður Alþýðusamband Íslands heilshugar.

Frumvarp til laga um vinnustaðanámssjóð, 765. mál

Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu átti ASÍ fulltrúa í þeirri nefnd sem vann að því.

Að mati ASÍ hefur lengi legið fyrir nauðsyn þess að stuðla að og skapa fjárhagslega hvata til að mæta kostnaði fyrirtækja og stofnana af nemahaldi og jafnframt auka möguleika nemenda á að ljúka starfsnámi sínu á eðlilegum tíma. Þannig má efla og styrkja verk- og tæknimenntun sem er eitt brýnasta verkefni í menntamálaum hér á landi. Það er einmitt markmiðið með þessu frumvarpi. Jafnframt er mikilvægt að benda á að skapa þarf nauðsynleg skilyrði til að sjóðurinn fái nægilega fjármuni til að ná þeim markmiðum sem lýst er hér að framan. Enn er langt í land með að svo sé.

Að lokum áréttar Alþýðusambandið þá gagnrýni sem fulltrúi sambandsins setti fram í starfi nefndarinnar á hlutföll og samsetningu í stjórn vinnustaðanámssjóðs. Af níu stjórnarmönnum kemur aðeins einn fulltrúi frá ASÍ sem eru samtök þorra launafólks á vinnumarkaði, bæði almennum og opinberum, og þar með þeirra sem sjóðurinn er ætlaður fyrir. Hér er um verulega skekkju og ósamræmi að ræða sem eðlilegt er að fjallað verði um á vettvangi Alþingis.



Fulltrúar ASÍ í nefndum, ráðum og á fundum

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Nefnd um verðlagseftirlit í landbúnaði

Tilnefning: 11. janúar 2006.

Henný Hinz. Til vara Róbert Farestveit.

Skipunartími: Ótímabundinn.

Verðlagsnefnd búvara – sexmannanefnd

Tilnefning: 27. ágúst 2012.

Björn Snæbjörnsson. Til vara Ólafur Darri Andrason.

Skipunartími: Ágúst 2013.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands – Ráðgjafarnefnd

Tilnefning 24. ágúst 2011.

Finnbjörn A. Hermannsson. Til vara Signý Jóhannesdóttir.

Skipunartími: Til 1. ágúst 2014.

Nýsköpunarsjóður

Tilnefning: 11. apríl 2012.

Finnbjörn A. Hermannsson. Til vara Signý Jóhannesdóttir.

Skipunartími: Til aðalfundar Nýsköpunarsjóðs 2013.

Starfshópur vegna kennintöluflakks

Skipaður í ársbyrjun 2012 í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí 2011.

Halldór Grönvold, Halldór Oddsson, Sigfurður Bessason og Þorbjörn Guðmundsson.

Skipunartími: Ótilgreindur.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Samráðshópur vegna endurskoðunar laga um opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi og laga um Seðlabanka Íslands

Tilnefning: 26. ágúst 2010.

Ólafur Darri Andrason. Til vara Ingunn Þorsteinsdóttir.

Skipunartími: 15. desember 2010.

Starfshópur um opinber innkaup

Skipaður 2011 í tengslum við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar 5. maí 2011.

Halldór Grönvold, Halldór Oddsson, Sigurður Bessason og Þorbjörn Guðmundsson.

Skipunartími: Ótilgreindur.

Forsætisráðuneytið

Íslenska upplýsingasamfélagið

Tilnefning: 30. janúar 2008.

Snorri Már Skúlason.

Skipunartími: Ótilgreindur.

Ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur

Tilnefning: 16. desember 2009.

Dalla Ólafsdóttir. Til vara Magnús M. Norðdahl.

Skipunartími: 3 ár.

Samráðshópur um einfaldara Ísland

Tilnefning: 24. september 2008.

Magnús M. Norðdahl.

Skipunartími: Ótilgreindur

Starfshópur um menntun og atvinnusköpun ungs fólks

Tilnefning: 24. ágúst 2011.

Halldór Grönvold.

Skipunartími: Ótilgreindur.

Vísinda- og tækniráð

Tilnefning 3. desember 2008 (breytt 24. ágúst 2011).

Pórunn S. Jónsdóttur.

Til vara: Finnbjörn A. Hermannsson og Atli Lýðsson.

Skipunartími: 1. júní 2012.

Hagstofan

Ráðgjafanefnd um vísitölu neysluverðs

Tilnefning: 28. ágúst 2002.

Ólafur Darri Andrason.

Skipunartími: Ótilgreindur.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Fræðslusjóður – stjórn

Tilnefning: 22. september 2010.

Atli Lýðsson og Halldór Grönvold.

Til vara: Guðmundur Gunnarsson og Ástríður Valbjörnsdóttir.

Skipunartími: 12. október 2014.

Höfundaréttarráð

Tilnefning: 8. október 2008.

Magnús M. Norðdahl.

Skipunartími: 1. febrúar 2013.

Starfsgreinaráð skv. lögum um framhaldsskóla

Tilnefningar Alþýðusambands Íslands í starfsgreinaráð skv. 24. laga um framhaldsskóla.

Starfsgreinaráð bygginga- og mannvirkjagreina:

Jón Ingi Ingimundarson

Guðmundur Ómar Guðmundsson

Ólafur Sævar Magnússon

Már Guðnason

Varamenn Jóns Inga, Guðmundar og Ólafs:

Finnbjörn A. Hermannsson
Heimir Þ. Kristinsson
Helgi Pálsson
Varamaður Más:
Kolbeinn Gunnarsson

Starfsgreinaráð samgöngu-, farartækja- og flutningsgreina:

Hilmar Harðarson
Þórarinn Sverrisson
Sævar Gunnarsson
Varamaður Hilmars:
Sveinn Ingason
Varamaður Þórarins:
Már Guðnason
Varamaður Sævars:
Hólmgæir Jónsson

Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina:

Atli Lýðsson
Varamaður Atla:
Sigurrós Kristinsdóttir

Starfsgreinaráð hönnunar- og handverksgreina:

Sveinn Guðnason
Þorbjörn Guðmundsson
Fjóra Pétursdóttir
Varamenn Sveins og Þorbjarnar:
Stefanía Jónsdóttir
Sigurður Björnsson
Varamaður Fjólu:
Halldóra Sveinsdóttir

Starfsgreinaráð matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina:

Niels Sigurður Olgeirsson
Arnar Erlingsson
Atli Lýðsson
Varamenn Níelsar og Arnars:
Þorsteinn Ó. Gunnarsson
Jón Karl Jónsson
Varamaður Atla:
Finnbogi Sveinbjörnsson

Starfsgreinaráð málm-, véltækni- og framleiðslugreina:

Vignir Eyþórsson
Halldór Arnar Guðmundsson
Elías K. Þorsteinsson
Kolbeinn Gunnarsson
Varamenn Vignis og Halldórs:
Sigurður Gunnar Kristinsson
Helga Kristín Haug Jónsdóttir
Varamaður Elíasar:
Einar Gunnarsson
Varamaður Kolbeins:
Sigurey Agata Ólafsdóttir

Starfsgreinaráð rafíðngreina:

Svanborg Hilmarsdóttir
Helgi B. Þorvaldsson
Sigurður Lúter Björgvinsson
Varamenn:
Þórunn Stefanía Jónsdóttir
Stefán Sveinsson
Jakob Tryggvason

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina:

Snæbjörn Sigurðarson og Teitur Lárusson
Varamenn:
Ástríður S. Valbjörnsdóttir
Herdís Magnúsdóttir

Starfsgreinaráð snyrtigreina:

Lilja K. Sæmundsdóttir
Varamaður Súsönnu:
Sigríður Hannesdóttir

Starfsgreinaráð umhverfis- og landbúnaðargreina:

Heimir Janusarson
Halldóra Sveinsdóttir
Varamaður Heimis:
Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir
Varamaður Halldóru:
Fjóla Pétursdóttir

Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina:

Georg Páll Skúlason
Kalman le Sage de Fontenay
Varamenn:
Hrafnhildur Ólafsdóttir
Hrefna Stefánsdóttir
Skipunartími: 31. desember 2013.

Stjórn Landsskrifstofu Menntaáætlunar Evrópusambandsins (2007–2013)

Tilnefning: 27. janúar 2010.
Eyrún Björk Valsdóttir. Til vara Halldór Grönvold.
Skipunartími: 31. desember 2013.

Stjórn vinnustaðanámssjóðs

Tilnefning: 12. september 2012.
Níels Sigurður Olgeirsson. Til vara Hilmar Harðarson.
Skipunartími: september 2016.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Úthlutunarnefnd vegna umhverfisviðurkenningar

Tilnefning: 26. janúar 2011.
Margrét Ingbórsdóttir.
Skipunartími: Fram yfir Dag umhverfisins 2011.

Útanríkisráðuneytið

Samningahópar vegna aðildarumsóknar að Evrópusambandinu

Tilnefning: 18. nóvember 2009.

Byggðamál og sveitastjórnarmál

Sverrir Albertsson
Guðbrandur Einarsson,
Varamaður Sverris: Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
Varamaður Guðbrands: Halldór Grönvold

Landbúnaðarmál

Níels S. Olgeirsson
Þráinn Hallgrímsson
Varamaður Níelsar: Halldóra Sveinsdóttir
Varamaður Þráins: Henný Hinz

EES I, vörur, orka, samkeppnismál o.fl.

Finnbjörn A. Hermannsson
Til vara: Sigurður Bessason

EES II, félagsmál, þjónusta, fjárfestingar, umhverfismál o.fl.

Halldór Grönvold
Til vara: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Maríanna Traustadóttir

Myntbandalag

Gylfi Arnbjörnsson
Til vara: Ólafur Darri Andrason

Fjárhagsmál

Ólafur Darri Andrason
Til vara: Ingunn S. Þorsteinsdóttir

Sjávarútvegsmál

Hólmgeir Jónsson
Guðmundur Þ. Ragnarsson
Signý Jóhannesdóttir
Guðmundur Gunnarsson
Varamaður Hólmgeirs:
Sævar Gunnarsson
Varamaður Guðmundar Þ. Ragnarssonar:
Halldór Arnar Guðmundsson
Varamaður Signýar:
Halldóra Sveinsdóttir
Varamaður Guðmundar Gunnarssonar:
Guðrún Erlingsdóttir

Dóms- og innanríkismál

Magnús M. Norðdahl
Til vara: Dalla Ólafsdóttir

Útanríkis- og öryggismál

Stefán Einar Stefánsson
Til vara: Gylfi Arnbjörnsson
Skipunartími: Ótilgreindur.

Samstarfsráð um þróunarsamvinnu

Tilnefning: 17. desember 2008.
Þorbjörn Guðmundsson.
Skipunartími: 31. desember 2012.

Samráðsnefnd utanríkisráðuneytisins um alþjóðaviðskipti

Tilnefning: 19. febrúar 2003.
Gylfi Arnbjörnsson.
Skipunartími: Ótilgreindur.

Velferðarráðuneytið

Tengiliður við velferðarráðuneytið

Tilnefning: 26. ágúst 2009.
Halldór Grönvold.
Skipunartími: Ótilgreindur.

101. þing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar 2012

Tilnefning: 11. apríl 2012.
Gylfi Arnbjörnsson. Til vara Maríanna Traustadóttir.
Skipunartími: Fram að ILO þingi 2013.

Atvinnuleysistryggingasjóður

Tilnefning: 16. júní 2010.
Guðbrandur Einarsson og Kolbeinn Gunnarsson.
Varamenn: Ísleifur Tómasson og Hilmar Harðarson.
Skipunartími: Ágúst 2014.

Ábyrgðasjóður launa

Tilnefning 27. ágúst 2007 (Endurtilnefning 25. janúar 2011).
Dalla Ólafsdóttir. Til vara Björn Snæbjörnsson.
Skipunartími: Október 2011.

Eftirlitsnefnd um framkvæmd laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins

Tilnefning: 24. febrúar 2011.
Magnús M. Norðdahl. Til vara Fjóla Jónsdóttir.
Skipunartími: 1. mars 2014.

Félagsdómur

Tilnefning 10. nóvember 2010.

Lára V. Júlíusdóttir. Til vara Bryndís Hlöðversdóttir.
Skipunartími: 1. nóvember 2013.

Félagsdómur iðngreinanna

Fulltrúar ASÍ í Félagsdóm á grundvelli 3. mgr. 39. gr. laga nr. 80, 11. júní 1938. með síðari breytingum, en þar er m.a. vísað í 2. mgr. 44. gr. laganna.

Raf- og tækniíðngreinar:

Rúnar Bachmann. Til vara: Haukur Ágústsson.

Málmiðnaður og vélstjórnargreinar:

Halldór Arnar Guðmundsson. Til vara: Hákon Hákonarson.

Matvælaíðnaður og framreiðsla:

Niels S Olgeirsson. Til vara: Þorsteinn Gunnarsson.

Bókagerðargreinar:

Tryggva Þór Agnarsson. Til vara: Hjörtur Guðnason.

Bílgreinar:

Helgi Ólafsson. Til vara: Erlendur K. Ólafsson.

Byggingariðnaður, garðyrkja, málun, pípulagnir, hársnyrting og aðrar iðngreinar sem falla undir iðnaðarlög og ekki eru nefndar hér að framan:

Halldór Jónasson. Til vara: Guðmundur Ingi Guðmundsson.

Skipunartími: 1. nóvember 2013.

Félagsmálaskóli alþýðu

Tilnefning: 5. október 2011.

Fulltrúi ASÍ í skólanefnd: Sigurrós Kristinsdóttir. Til vara Hilmar Harðarson.

